Guðbjörg Kristjánsdóttir	7605.00		
Guðbjörg Tómasdóttir	3802.00		
Guðfinna Þórðardóttir	1901.00		
Guðlaug Magnúsdóttir	12656.00		
Guðný Björnsdóttir	3792.00		
Guðríður Eiríksdóttir	3179.00		
Guðríður Helgadóttir	4329.00		
Guðríður Ólafsdóttir	3569.00		
Guðrún Arinbjarnar	5850.00		
Guðrún Egilson	12656.00		
Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	6338.00		
Guðrún S. Guðmundsdóttir	5652.00		
Guðrún Hálfdánardóttir	2261.00		
Guðrún Hermannsdóttir	2535.00		
Guðrún Jónsdóttir	7605.00		
Guðrún P. Jónsdóttir	7605.00		
Guðrún Oddgeirsdóttir	4522.00		
Guðrún Oddsdóttir	7348.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Benedikts Sveinssonar	20592.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Sigurgeirs Sigurðssonar	5652.00		
Guðrún Ragúels	1911.00		
Guðrún Sveinsdóttir	12192.00		
Guðrún Þorvarðsson	9609.00		
Halldóra Ólafsdóttir	11700.00		
Halldóra Þórðardóttir	3803.00		
Hansína Pálsdóttir	1695.00		
Harriet Jónsson	2847.00		
Hedvig Blöndal	1911.00		
Helga Finnsdóttir	13566.00		
Helga I. Stefánsdóttir	1911.00		
Hildur Björnsdóttir	5000.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Hlíf Böðvarsdóttir	4333.00		
Hlín Johnson	12908.00		
Hrefna Ingimarsdóttir	7605.00		
Hrefna Jóhannesdóttir	3803.00		
Hulda Þ. Björnæs	6000.00		
Ingibjörg Björnsdóttir	3956.00		
Ingibjörg Magnúsdóttir	4446.00		
Ingveldur Einarsdóttir	4446.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	1901.00		
Jakobína Sigr. Torfadóttir	2708.00		
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	3956.00		
Jóhanna Gunnarsdóttir	5373.00		
Jóhanna Jónsdóttir	5652.00		
Jóhanna Magnúsdóttir	4446.00		
Jóhanna Pálmadóttir	8996.00		
Jóhanna Thorlacius	1911.00		
Jóna Jakobsdóttir	3250.00		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	5460.00		
Júlíana M. Jónsdóttir	5144.00		
Karen Jónsson	6000.00		
Katrín Sveinsdóttir	3956.00		
Klara Helgadóttir	4522.00		
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertssonar	3000.00		
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	1901.00		
Kristín Pálsdóttir	3179.00		
Kristín Sigurðardóttir	3391.00		
Kristín Thorberg	2340.00		
Kristín Thoroddsen	2340.00		
Kristín Þórarinsdóttir	5652.00		
Kristólína Kragh	2535.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	4796.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Þorkelssonar	3956.00		
Lára Skúladóttir	3391.00		
Laufey Vilhjálmsdóttir	15093.00		
Lilja Eyþórsdóttir	9000.00		
Lilja Haraldsdóttir	3120.00		
Lovísa Sveinbjörnsson	19851.00		
Magdalena Ásgeirsdóttir	780.00		
Magnea Magnúsdóttir	9609.00		
Málfríður Jónsdóttir	5087.00		
Margrét Árnadóttir	5498.00		
Margrét Ásmundsdóttir	2535.00		
Margrét Blöndal	3956.00		
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	8290.00		
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	1911.00		
Margrét Lárusdóttir	5850.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	2535.00		
Margrét Þórðardóttir	3803.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Margrethe Kaldalóns	17941.00		
María Guðlaugsson	4680.00		
María J. Klemenz	1911.00		
María Thoroddsen	9750.00		
María Tómasdóttir	2826.00		
Nanna Jónsdóttir	5417.00		
Níelsína Ólafsdóttir	3803.00		
Oktavía Sigurðardóttir	5087.00		
Ólafía Einarsdóttir	6783.00		
Ólafía Finnbogadóttir	1268.00		
Ólafía Valdimarsdóttir	3391.00		
Olga E. Jónsson	5652.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	4446.00		
Ólína Þorsteinsdóttir	6338.00		
Ragnheiður Bjarnadóttir	6338.00		
Ragnheiður Straumfjörð	1911.00		
Ragnhildur Teitsdóttir	1809.00		
Ragnhildur Thorlacius	6783.00		
Ragnhildur Thoroddsen	7500.00		
Rannveig Tómasdóttir	3803.00		
Rigmor Ófeigsson	5070.00		
Rósa Jónsdóttir	1268.00		
Sigríður Arnljótsdóttir	6000.00		
Sigríður Bjarnason	10174.00		
Sigríður Einarsson	19500.00		
Sigríður Finnbogadóttir	5070.00		
Sigríður Fjeldsted	5087.00		
Sigríður Gísladóttir	1911.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	1911.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	9555.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	3179.00		
Sigríður Kjartansdóttir	7605.00		
Sigríður Pétursdóttir	5652.00		
Sigríður Snæbjörnsdóttir	3179.00		
Sigríður Snæbjörnssen	5087.00		
Sigríður Þorláksdóttir Arnórsson	19500.00		
Sigrún Bjarnason	6783.00		
Sigrún Guðbrandsdóttir	4522.00		
Sigurlaug G. Gröndal	2535.00		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	5652.00		
Sólveig Árnadóttir	1911.00		
Sólveig Eggerz	16704.00		
Sólveig Pétursdóttir	5652.00		
Stefanía Hjaltested	3179.00		
Stefanía Stefánsdóttir	6217.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	3369.00		
Steinunn Jóhannesdóttir	3803.00		
Steinunn Oddsdóttir	3179.00		
Súsanna Friðriksdóttir	5652.00		
Sylvía N. Guðmundsdóttir	5991.00		
Unnur Guðjónsdóttir	10000.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Unnur Skúladóttir	6338.00		
Valborg Einarsson	6338.00		
Valborg Haraldsdóttir	5417.00		
Valgerður Halldórsdóttir	9044.00		
Valgerður Ólafsdóttir	4522.00		
Vigdís G. Blöndal	3179.00		
Viktoría Bjarnadóttir	956.00		
Vilborg Bjarnadóttir	3617.00		
Vilborg Torfadóttir	1911.00		
Þóra L. Björnsson	6783.00		
Þóra Hjartar	2261.00		
Þóra Jónasdóttir	3250.00		
Þóra Sigurðardóttir	1911.00		
Þóra Skaftason	1911.00		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	6338.00		
Þórunn Hafstein	2535.00		
Þórunn Pálsdóttir	6338.00		
Þórunn Sigurðardóttir	1911.00		
Þórunn Þórðardóttir	1170.00		
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	3956.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	3120.00		
Þuríður Benediktsdóttir	6357.00		
Þuríður Bjarnadóttir	3250.00		
Þuríður Káradóttir	7348.00		
Þuríður Nielsdóttir	5417.00		
	1139125.00		
Verðlagsuppbót	945474.00		
		2 084 599	
c. Barnastyrkur:			
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1/7 1924, sjúklingur	1911.00		
Verðlagsuppbót	1586.00		
		3 497	
			5 184 091
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 64/1955 og 8. gr. l. 66/1955 (áætlað)			11 000 000
IV. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 65/1955			140 000
V. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940			34 000
VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri			4 000 000
Samtals ...		. . .	20 973 150

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til dýrtíðarráðstafana		105 000 000
2. Til óvissra útgjalda		3 000 000
Samtals ...	. . .	108 000 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn:		
I.	Fyrningar		1 850 000
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		500 000
	Samtals ...	. . .	2 450 000
	Út:		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán 11982503		
	b. Lán í dönskum bönkum 684600		
	c. Lán í Bandaríkjunum 94656		
		12 761 759	
	2. Lán ríkisstofnana:		
	Landssíminn (3. gr. A. 2)	2 000 000	
			14 761 759
II.	Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað) ..		20 000 000
III.	Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2) ...		7 880 000
IV.	Til bygginga á jörðum ríkisins		1 440 000
V.	Til ræktunar á jörðum ríkisins		135 000
VI.	Til byggingar skips vegna Vestmannaeyja og nálægra hafna, og verði leitað samkomulags við Vestmannaeyinga um stofnframlag og rekstur skipsins		1 800 000
VII.	Til sementsverksmiðju		1 000 000
VIII.	1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	4 140 000	
	2. Til byggingar fávitahælis	450 000	
			4 590 000
IX.	Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		1 700 000
X.	Til byggingar radiomiðunarstöðvar á Garðskaga, lokagreiðsla		120 000
XI.	Til flugvallagerðar		5 535 000
XII.	Til sjúkraflugvalla		518 000
XIII.	1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri	225 000	
	2. Til byggingar sjómannaskólans	396 000	
	3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	67 500	
	4. Til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík ..	1 200 000	
	5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	450 000	
	6. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	675 000	

20. gr.

		kr.	kr.
	7. Til bygginga vegna Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni	270 000	
	8. Til byggingar húsmæðrakennaraskóla	270 000	
			3 553 500
XIV.	Til bygginga á prestssetrum		1 700 000
XV.	Til greiðslu heimtaugargjalda á prestssetrum		144 000
XVI.	Til útihúsa á prestssetrum		720 000
XVII.	Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara		540 000
XVIII.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		900 000
XIX.	Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli		360 000
XX.	Til byggingar beitarhúsa á Hólum		35 000
XXI.	Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		405 000
XXII.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		360 000
XXIII.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Reykjum		90 000
XXIV.	Til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er ríkisstjórnin telur heppilegast, og má setja þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt		13 500 000
XXV.	Til byggingar stjórnarráðshúss		1 000 000
XXVI.	Til útihúsabyggingar að Staðarfelli		180 000
XXVII.	Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna		360 000
	Samtals ...	. . .	83 327 259

21. g

I. Rekstra

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		607 400 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		162 513 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		2 000 000
5. gr.	Óvissar tekjur		6 000 000
	Samtals ...	...	777 923 000

II. Sjóð

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	777 923 000
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	1 850 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	500 000
	Greiðsluhalli ...	71 455 676
	Samtals ...	851 828 676

firlit.

firlit. 21. gr.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		4 882 521
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		1 111 660
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		7 052 797
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		23 765 402
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	46 733 826	
— B.	Opinbert eftirlit	3 560 720	
— C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	20 643 977	
— D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	1 050 000	71 988 523
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		55 694 431
13. gr. A.	Vegamál	63 725 020	
— B.	Samgöngur	18 571 600	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	15 460 630	
— D.	Flugmál	6 059 257	103 816 507
14. gr. A.	Kirkjumál	13 361 566	
— B.	Kennslumál	116 802 676	130 164 242
15. gr. A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	9 562 471	
— B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	12 262 197	21 824 668
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	67 837 477	
— B.	Sjávarútvegsmál	11 545 683	
— C.	Iðnaðarmál	3 680 000	
— D.	Raforkumál	30 345 449	113 408 609
17. gr.	Til félagsmála		105 818 907
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		20 973 150
19. gr.	1. Til dýrtíðarráðstafana	105 000 000	
	2. Til óvissra útgjalda	3 000 000	108 000 000
	Rekstrarafgangur		9 421 583
	Samtals ...	. . .	777 923 000

rfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	768 501 417
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	83 327 259
	Samtals ...	851 828 676

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.

III. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

IV. Að verja allt að 25 þús. kr. í samráði við símamálastjórnina til þess að tryggja, að notendur talstöðva á afskekktum stöðum þurfi eigi að bera meiri útgjöld af slíkum tækjum en talsímanotendur, sem hafa notendasíma landssímans í sveitum.

V. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1957 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

VI. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveitufram-kvæmda Hveragerðishrepps.

VII. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VIII. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað og 15 þús. kr. til kvennaskólans á Blönduósi til tóvinnukennslu.

IX. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.

X. Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán, sem Fiskiðjuver Sauðárkróks h.f. hyggst að taka til stækkunar síldarverksmiðju sinnar á Sauðárkróki, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XI. Að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti nánari skilyrði um ábyrgðir þessar.

XII. Að ábyrgjast lán, sem tekið kann að verða til smíða á nýjum flóabát fyrir Eyjafjörð og nálægar hafnir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó ekki yfir ⅔ af kostnaðarverði skipsins. (Endurveiting.)

XIII. Að ábyrgjast með þeim skilyrðum, er hún setur, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, lán til útvegsmanna, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna þurrafúa í fiskiskipum, og mega lánin samtals nema allt að 4.8 millj. kr.

XIV. Að ábyrgjast, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, allt að 1 millj. kr. lán, er h/f Kol kann að taka til kolavinnslu á Skarðsströnd. (Endurveiting).

XV. Að gefa eftir aðflutningsgjald af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota.

XVI. Að endurgreiða aðflutningsgjald af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

XVII. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

XVIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti

sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.

XIX. Að ákveða, að ef rekstur flugmálanna verður hagkvæmari en gert er ráð fyrir á 13. gr. D., sé heimilt að nota þann mismun til flugvallagerðar á árinu 1959.

XX. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum. (Endurveiting.)

XXI. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á tilteknar vindlingategundir og greiða sjóðnum allt að 20 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins. Verðhækkun á vindlingum af þeim sökum skal undanþegin smásöluálagningu.

XXII. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

XXIII. Að taka allt að 5 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

XXIV. Að ábyrgjast fyrir Bæjarútgerð Akraness allt að 2 millj. kr. af kaupverði togarans Akureyjar gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar. (Endurveiting.)

XXV. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 10 aurum af hverjum stokki, er hún selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

XXVI. Að taka að sér, eftir því sem rannsókn leiðir í ljós að þurfa þyki, greiðslu á allt að 4.8 millj. kr. lánum, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir vegna þurrafúa í fiskiskipum.

XXVII. Að ábyrgjast fyrir Bæjarútgerð Neskaupstaðar til kaupa á togaranum Gerpi það, sem á vantar, að þegar veittar ábyrgðir nái 90% af endanlegu kostnaðarverði skipsins, þó svo að samanlögð ríkisábyrgðarlán á skipinu nemi eigi hærri fjárhæð en 11.5 millj. kr.

XXVIII. Að ábyrgjast fyrir Náttúrulækningafélag Íslands allt að 250 þús. kr. lán til heilsuhælisbyggingar í Hveragerði.

XXIX. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XXX. Að færa á nafn Bæjarútgerðar Neskaupstaðar skuld togarans Goðaness, að fjárhæð kr. 300 þús.

XXXI. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 7½ millj. króna lán fyrir Vopnafjarðarhrepp til að reisa Síldarverksmiðju á Vopnafirði.

XXXII. Að kaupa sanddæluskip, ef viðunandi samningar nást.

23. gr.

Á árinu 1958 skal greiða 30% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 30 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunaþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1957 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir kaupgjaldsvísitölu 183, en í gildandi fjárlögum er miðað við vísitölu 178.

Ríkistekjur hafa, það sem af er árinu, brugðizt verulega frá því, sem Alþingi áætlaði þær í fjárlögum þessa árs. Er því samkvæmt þessari reynslu sýnt, að ekki er hægt að áætla tekjur næsta árs jafnháar og gert er á gildandi fjárlögum.

Ríkisútgjöld samkv. gildandi lögum hækka árlega, og gripið hefur verið til aukinna niðurgreiðslna á vöruverði innanlands, til þess að halda verðlagi niðri. Ríkisútgjöld á fjárlagafrumvarpinu verða því óhjákvæmilega hærri en á gildandi fjárlögum, þótt nokkuð sé dregið úr fjárfestingarútgjöldum og staðið fast gegn útþenslu á starfrækslukostnaði ríkisins. Þessar ástæður valda því, að fjárlagafrumvarpið fyrir 1958 er nú lagt fram með miklum greiðsluhalla.

Samkvæmt stjórnarskrá ber að leggja fram fjárlagafrumvarpið í upphafi Alþingis.

Ríkisstjórnin telur sér engan veginn fært að ákveða það, án náins samstarfs við þingflokka þá, sem hana styðja, hvernig leysa skuli þann vanda, sem við blasir í efnahagsmálum landsins, þ. á. m. hvernig mæta skuli þeim mikla halla, sem fram kemur á fjárlagafrumvarpinu.

Ríkisstjórnin hefur ekkert tækifæri haft til þess að ráðgast við stuðningsflokka sína á Alþingi um fjárlagafrumvarpið né viðhorfið í efnahagsmálunum eins og það er nú eftir reynsluna á þessu ári.

Þess vegna er fjárlagafrumvarpið lagt fram með greiðsluhallanum, en ríkisstjórnin mun, í samráði við stuðningsflokka sína á Alþingi, taka ákvarðanir um það á hvern hátt tryggð verði afgreiðsla greiðsluhallalausra fjárlaga.

Niðurstöður frumvarpsins gefa á hinn bóginn glöggt til kynna, að slíkt er ekki auðvelt viðfangsefni.

Á meðan fjárlagafrumvarpið var í prentun tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að greiða niður þá verðhækkun, sem fram átti að koma á landbúnaðarafurðum í haust, a. m. k. fyrst um sinn á meðan athugað væri hvaða ráðstafanir verða gerðar í efnahagsmálunum.

Útgjöld í þessu skyni eru ekki með í fjárlagafrumvarpinu. Ætti að greiða þessa verðhækkun niður til frambúðar, yrði að hækka áætlun um dýrtíðarráðstafanir um fjárhæð eigi fjarri 20 millj. kr.

Um 2. gr.

1. og 2. Tekju- og eignarskattur svo og stríðsgróðaskattur eru áætlaðir 125 millj. króna eða 8 millj. kr. hærri en í fjárlögum nú. Er sú áætlun samkvæmt venju gerð með hliðsjón af álögðum sköttum á yfirstandandi ári.
3. Vörumagnstollur er áætlaður 35 millj. kr. eða 2 millj. lægri en á fjárlögum nú.
4. Verðtollur er áætlaður 170 millj. kr. eða 33 millj. lægri en í núgildandi fjárlögum. Stafar þessi mikla lækkun af því, að augljóst er að mikið vantar til að þessi tekjustofn nái áætlun fjárlaga í ár. Miðað við reynsluna það sem af er árinu virðist ekki hægt að áætla verðtoll hærra en hér er gert.
5. Innflutningsgjald af benzíni er áætlað óbreytt frá fjárlögum nú, 16 millj. króna.
6. Gjald af innlendum tollvörutegundum er áætlað óbreytt, kr. 11 millj.
7. Tekjur samkv. lögum um útflutningssjóð o. fl. eru í fjárlögum nú áætlaðar 108 millj. kr. Alveg er sýnilegt nú, að sú áætlun stenzt ekki, og hefur þessi tekjuliður með hliðsjón af því verið áætlaður 90 millj. kr. eða 18 millj. lægri en á yfirstandandi ári.
8. Lestagjald af skipum, óbreytt kr. 300 þús.
9. Bifreiðaskattur er áætlaður 0.5 millj. kr. hærri en í fjárlögum nú eða 12 millj. kr.
10. Aukatekjur eru miðaðar við reynslu, það, sem af er þessu ári. Áætlaðar 11.5 millj. kr., eða 1 millj. kr. hærri en í fjárlögum nú.

11. Líkur eru til að stimpilgjald reynist í ár nokkru hærra en fjárlög gera ráð fyrir. Með hliðsjón af því er það áætlað 17.0 millj. kr., eða 2 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.
12. Vitagjald er áætlað 1.7 millj. kr. Óbreytt frá fjárlögum nú.
13. Leyfisbréfagjald er áætlað óbreytt kr. 600 þús.
14. Útflutningsleyfagjöld eru áætluð 800 þús. í stað 700 þús. kr. í fjárlögum nú.
15. Söluskattur er áætlaður óbreyttur frá fjárlögum nú, 110 millj. kr.
16. Leyfisgjöld óbreytt kr. 6.5 millj.

Um 3. gr. A.

1. *Póstsjóður.* Rekstrarhalli póstsjóðs er áætlaður 1 100 þús. kr., eða 730 þús. kr .hærri en í fjárlögum nú. Tekjur eru nú áætlaðar 20 550 þús. kr., eða 1 650 þús. kr. hærri en í fjárlögum, sem stafar af því, að gjaldskrá sú, sem gekk í gildi 1. apríl s. l., gildir allt árið 1958. Gjöldin hækka um 2 380 þús. kr. frá fjárlögum, eru nú áætluð 21 650 þús. kr. Þessi hækkun stafar aðallega af eftirfarandi, auk vísitöluhækkunar: 1) vaxandi póstmagni og aukinni vinnu í sambandi við það, t. d. er óhjákvæmilegt talið, að bæta við 8 bréfberum í Reykjavík, 2) hækkun á greiðslum fyrir póstflutninga, 3) nýju leiguhúsnæði, 4) sumir útgjaldaliðir í fjárlögum nú eru of lágt áætlaðir.

2. *Landssíminn.* Áætlað er að greiðsluhalli landssímans verði á næsta ári 2 708 þús. kr. eða 1 242 þús. kr. lægri en í fjárlögum nú. Tekjur eru áætlaðar 82 857 þús. kr., og er það 10 537 þús. kr. hærra en í núgildandi fjárlögum, en gjaldskráin frá 1. apríl 1957 gildir væntanlega allt árið 1958. Gjöldin eru nú áætluð 75 685 þús. kr. á móti 65 820 þús. kr. í fjárlögum nú, eða 9 865 þús. kr. hærri. Meginorsakir hækkunar á rekstrarkostnaði eru vegna stækkunar sjálfvirkustöðvarinnar, vísitöluhækkunar, hækkunar á launum við símstöðvar úti á landi, sbr. nýja reglugerð um það efni, aukavinnu vegna lengdra sumarleyfa og aukinnar viðhaldsvinnu vegna stækkunar á kerfinu. Til eignabreytinga er nú áætlaðar 9 880 þús. kr., eða 570 þús. kr. lægra en í gildandi fjárlögum.

3. *Áfengisverzlun ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt, að öðru leyti en því, að forstjóri lyfjaverzlunarinnar tekur nú aðeins hálf laun, þar eð hann gegnir nú jafnframt prófessorsembætti við Háskólann. Kostnaður við áfengisútsölur hefur aukizt um 324 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður um 325 þús. kr. Hagnaður er áætlaður 90 millj. kr., og er það 5 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú.

4. *Tóbakseinkasala ríkisins.* Starfsfólki fækkar um einn bókara, og grunnlaun lækka um 23 750 kr. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 200 þús. kr. Hagnaður er nú áætlaður 66 millj., eða 5 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú.

5. *Ríkisútvarpið.* Afnotagjöld eru miðuð við 43 þúsund útvarpsnotendur og hækka um 400 þús. kr. frá fjárlögum. Aðrar tekjur útvarpsins eru áætlaðar 200 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú. Miðað er við óbreytt starfsmannahald, en aukavinna hækkar um 200 þús. kr. Til útvarpsefnis er áætlað 475 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1957. Skrifstofukostnaður hækkar um 50 þús. kr., húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 100 þús. kr. og til útvarpsstöðva um 100 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður til viðgerða o. fl. 300 þús. kr., sem mun hafa fallið niður af vangá í síðasta fjárlagafrumvarpi. Tekjuafgangur er áætlaður 1 425 569 kr., og er lagt til, að af þeirri fjárhæð renni 1 millj. kr. til framkvæmdasjóðs, en afgangurinn er eins og á gildandi fjárlögum færður sem aukið rekstrarfé ríkisútvarpsins.

6. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Hér er farið eftir tillögum forstjórans. Tekjuafgangur er áætlaður 500 þús. kr. eins og í núgildandi fjárlögum.

7. *Áburðarsala ríkisins.* Gert er ráð fyrir jöfnum tekjum og gjöldum eins og áður. Farið var eftir tillögum forstjórans.

8. *Landsmiðjan.* Tillögur forstjórans eru teknar hér óbreyttar. Gert er ráð fyrir 28 þús. kr. rekstarafgangi, sem færður er sem rekstrarfé eins og í núgildandi fjárlögum.

9. *Tunnuverksmiðjur ríkisins.* Áætlun verksmiðjustjórnarinnar hefur verið tekin óbreytt. Miðað er við smíði á 160 þús. tunnum, eða 30 þús. tunnum fleira en í ár. Tekjur og gjöld eru áætluð jafn há.

10. *Innkaupastofnun ríkisins.* Tillögur forstjórans eru teknar óbreyttar. Tekjur og gjöld standast á eins og áður.

11. *Ríkisbú.* Rekstrarhalli búsins á Bessastöðum eykst um 38 þús. kr., vegna nauðsynlegs viðhaldskostnaðar húseigna. Tekjuafgangur annarra ríkisbúa er áætlaður óbreyttur frá fjárlögum nú.

Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar jafnháar og í þessa árs fjárlögum.

Um 4. gr.

Áætlað er að tekjur samkv. þessari grein hækki úr 1 983 þús. kr. í 2 millj. kr. eða um 17 þús. kr.

Um 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 6 millj. kr. eða 250 þús. kr. hærri en í þessa árs fjárlögum.

Um 7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

1. Innlend lán	kr. 5 581 553		
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 765 500		
			kr. 4 816 053
2. Lán í dönskum krónum	kr. 38 940		
+ 16% yfirfærslugjald	— 6 230		
			— 45 170
3. Lán í £ (£ 62 836)	kr. 2 871 605		
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 2 871 605		
4. Lán í $ ($ 99 955)	— 1 631 265		
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 1 612 905		
	kr. 18 360		
+ 16% yfirfærslugjald	— 2 938		
			— 21 298
5. Lán hjá Alþjóðabankanum (£ 49 911 og $ 32 941)	kr. 2 818 529		
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 2 818 529		
			Kr. 4 882 521

Vextir og afborganir af föstum lánum sundurliðast þannig:

Innlend lán:

Vextir: 7. gr. 1. kr.	Afborganir: 20. gr. út, I, 1,a. kr.	
7 013	42 500	Innanríkislán 1938.
15 499	70 450	Innanríkislán 1940.
162 000	400 000	Innanríkislán 1941.
42 000	150 000	Innanríkislán 1944.
150	1 000	Lán vegna kaupa á Skálholti í Biskupstungum.
3 733	8 483	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
2 400	10 000	Lán vegna byggingar Þjóðminjasafnshúss.
56 124	374 160	Lán vegna eignakönnunar.

Vextir: 7. gr. 1. kr.	Afborganir: 20. gr. út, I, 1,a. kr.	
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (A-flokkur).
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (B-flokkur).
1 961	2 905	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur vegna Drápuhlíðar 4.
3 079	997	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna sakadómarabústaðar.
242 000	400 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins.
20 675	75 000	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna Þjóðleikhúss.
12 375	13 750	Lán hjá Útvegsbanka Íslands vegna jarðarinnar Drangsnes.
150 000	1 000 000	Lán vegna framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs.
275 010	1 112 275	Lán hjá Landsbanka Íslands til greiðslu yfirdráttarskulda í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Sviþjóðarbátum.
10 000	84 000	Lán vegna afurðatjóns bænda milli Héraðsvatna og Blöndu 1950.
130 707	2 178 450	Lán vegna afurðatjóns bænda 1953.
44 610		Lán vegna afurðatjónsbóta bænda 1954.
9 900	10 000	Lán vegna eignarnáms í Egilsstaðalandi.
9 000	37 500	Lán hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands vegna togarans Garðars Þorsteinssonar.
27 000	115 000	Handhafaskuldabréfalán vegna togarans Garðars Þorsteinssonar.
132 000	480 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skuldaskilasjóðs útvegsmanna.
17 400	58 000	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á Syðstabæjareigninni, Hrísey.
14 630	14 000	Lán hjá Brunabótafélagi Íslands vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
9 900	23 333	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar (3 skuldabréf).
20 800	26 667	Lán hjá Gjafasjóði Sigurgeirs Einarssonar vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
278 571	714 286	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna byggingar hjúkrunarkvennaskóla og fávitahælis í Kópavogi.
20 840	173 667	Lán vegna kaupa á Grafarholti.
2 297 096	2 343 976	Lán í Landsbanka Íslands vegna Húsnæðismálastjórnar.
65 000	125 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna viðbótarbyggingar við Landsspítalann.
5 581 553	12 013 503	
÷ 765 500	÷ 31 000	
4 816 053	11 982 503	

Til frádráttar þessari vaxtaskuld koma (á móti skuld við Landsbankann upphaflega kr. 24 565 000.00 vegna togara og Sviþjóðarbáta):

1. Vextir af stofnlánabréfum vegna togara kr. 177 613.00.
2. Vextir af skuldum, sem ríkissjóður hefur lánað vegna byggingarkostnaðar togara kr. 120 000.00.
3. Vextir af 8.7 millj. kr. stofnlánadeildarbréfum í eigu ríkissjóðs en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Sviþjóðarbáta kr. 94 108.00, samtals kr. 391 721.00.

Auk þess eiga að koma til frádráttar vextir innborgaðir af Siglufjarðarkaupstað vegna togarans Garðars Þorsteinssonar kr. 199 200.00 og endurgreiddir vextir vegna skuldaskilasjóðs kr. 147 299.00.

Enn fremur koma til frádráttar afborganir og vextir af lánum veittum vegna sölu byggingarsamvinnufélagshúsa á Seyðisfirði, afborganir kr. 31 000.00 og vextir kr. 27 280.00.

Frádráttur verður því samtals: Vextir kr. 765 500.00 og afborganir kr. 31 000.00.

Erlend lán.

1. Lán í Danmörku.

Vextir: 7. gr. 2. kr.	Afborganir: 20. gr. út, I. 1.a. kr.	
999	6 338	Forsörgelsesforeningen Bikuben, Kbh., 1909 til Vífilsstaðahælis.
7 738	121 677	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab Hafnia 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
7 738	121 677	Dansk Folkeforsikringsanstalt, Kbh., 1927 (til veðdeildarbréfakaupa.
16 475	249 692	danskar krónur eða
38 940	590 172	íslenzkar krónur.
6 230	94 428	+ 16% yfirfærslugjald.
45 170	684 600	

2. Lán í Bretlandi.

£ 62 836	£ 43 155	Togaralán 1949.
÷£ 62 836	÷£ 43 155	Sömu upphæðir til frádráttar (innborganir af togurum).

3. Lán í Bandaríkjunum.

$ 52 880	$ 82 142	Lán hjá Export-Import Bank, Washington 1948, til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl. $ 2 300 000.00.
÷$ 52 880	÷$ 82 142	Sama upphæð til frádráttar, innb. af skuldunautum.
$ 45 950	$ 72 000	Lán 1949—1950 til Laxár- og Sogsvirkjana $ 2 000 000.00.
÷$ 45 950	÷$ 72 000	Sama upphæð til frádráttar, innb. af virkjununum.
$ 1 125	$ 5 000	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á sendiherrabústað í Washington $ 50 000.00.
1 125	5 000	bandarískir dollarar, eða
18 360	81 600	íslenzkar krónur.
2 938	13 056	+ 16% yfirfærslugjald.
21 298	94 656	

4. Lán hjá Alþjóðabankanum.

£ 34 825	£ 37 000	Lán vegna Laxár- og Sogsvirkjana 1950 £ 875 000.0.0. (Laxárvirkjun £ 151 800.0.0). (Sogsvirkjun £ 727 200.0.0).
÷£ 34 825	÷£ 37 000	Sömu fjárhæðir til frádráttar, innb. af virkjununum.
£ 15 086	£ 15 000	Landbúnaðarlán 1951.
÷£ 15 086	÷£ 15 000	Sömu upphæðir til frádráttar, innb. af skuldunautum.
$ 32 941	$ 47 000	Lán vegna Áburðarverksmiðjunnar 1952.
÷$ 32 941	÷$ 47 000	Sömu upphæðir til frádráttar, innb. af Áburðarverksmiðjunni h.f.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við æðstu stjórn landsins hækki um 171 600 kr. Er það, auk visitöluhækkunar, einkum hækkun á bifreiðakostnaði, en þar er miðað við reynslu síðasta árs. Þá hækkar framlag til Bessastaðakirkju um 7 500 kr.

Um 9. gr.

Greinin í heild hækkar frá gildandi fjárlögum um 400 þús. kr.

Um 10. gr.

I. *Til ráðuneytanna.* Bætt er við einum sendli fyrir þrjú ráðuneytanna, atvinnumála-, samgöngumála- og viðskiptamálaráðuneytin, og ritara í dómsmálaráðuneytinu. Í fjármálaráðuneytinu fækkar um einn fulltrúa, en í stað hans kemur starfsmaður. Í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins fækkar um einn aðstoðarmann. Í félagsmálaráðuneytinu er gert ráð fyrir að einn fulltrúanna, sem aðeins hefur unnið hálfan daginn og tekið hálf laun, vinni nú allan daginn. Í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins fækkar um einn endurskoðanda, og grunnlaun lækka um 25 562 kr. Í utanríkisráðuneytinu lækka grunnlaun nokkuð, en þar fækkar um einn fulltrúa.

Símakostnaður og burðargjöld hækka um 155 þús. kr. og annar kostnaður ráðuneytanna um 400 þús. með hliðsjón af reynslu undanfarið. Ýmis kostnaður hækkar um 110 þús. kr. vegna útgáfu stjórnartíðindanna, en pappír hefur hækkað allmikið í verði.

II. *Hagstofan.* Starfsmannahald er óbreytt, en grunnlaun hækka lítillega vegna aldurshækkana. Aukaaðstoð hækkar um 2 þús. kr. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna hækkar um 32 þús. kr. og prentun eyðublaða um 2 þús. kr. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 12 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr. Aukaaðstoð við þjóðskrána hækkar um 20 þús. kr. Húsaleiga, hiti og ljós hækka um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 6 þús. kr. Tekjur hækka um 14 288 kr.

III. *Utanríkismál.*

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn.* Óhjákvæmilegt er talið að hækka laun sendiherra og starfsfólks um 5%, vegna vaxandi dýrtíðar í Danmörku. Laun sendiráðsritara hækka um 15%, vegna langs starfsaldurs. Alls nema þessar launahækkanir 26.900 kr. Annar kostnaður hækkar um 2 900 kr.

2. *Sendiráðið í Stokkhólmi.* Lagt er til að laun sendiherra og annars starfsfólks hækki um 6%, vegna almennra launahækkana í Svíþjóð. Nemur sú hækkun 33.900 kr. Annar kostnaður lækkar um 700 kr.

3. *Sendiráðið í London.* Starfsmönnum fjölgar um einn sendiráðsritara. Þá hefur verið fallizt á þá tillögu utanríkisráðuneytisins að hækka laun sendiráðunauts og sendiráðsritara nokkuð frá því, sem gert var ráð fyrir í núgildandi fjárlögum. Alls nema þessar hækkanir 132 800 kr. Annar kostnaður hækkar um 21 þús. kr.

4. *Sendiráðið í Washington.* Laun hækka um 23 700, vegna hækkunar á launum sendiráðsritara.

5. *Sendiráðið í París.* Laun hækka um 3 350 kr. Annar kostnaður lækkar hins vegar um 33 þús. kr.

6. *Sendiráðið í Oslo.* Laun ambassadors hækka um 22 100 frá fjárlögum nú. Stafar sú hækkun af því, að eigi þurfti að greiða laun ambassadors allt árið 1957.

7. *Sendiráðið í Bonn.* Laun starfsfólks lækka um 78 þús. kr. Fækkað hefur verið um einn sendiráðsritara. Annar kostnaður hækkar um 4 300 kr.

8. *Sendiráðið í Moskva.* Launagreiðslur lækka um 165 600 og annar kostnaður um 186 500. Á þessi lækkun fyrst og fremst rót sína að rekja til ferðamannagengisins á rúblunni, sem nú hefur verið tekið upp.

9. *Skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC.* Gert er ráð fyrir að

kostnaður við skrifstofuna hækki um 47 900 kr., vegna sívaxandi dýrtíðar í Frakklandi.

10. *Aðalræðismannsskrifstofan í New York.* Laun hækka um 4 900 kr., en annar kostnaður lækkar um 760 kr.

13. *Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins* lækkar um 38 þús. kr., og kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum lækkar um 70 þús. kr.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur:* Útgáfa hæstaréttardóma hækkar um 40 þús. kr., vegna hækkunar á pappír og prentkostnaði. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr. Fjárveiting til viðgerða á dómhúsinu fellur niður.

2. *Borgardómaraembættið í Reykjavík.* Bætt er við einum fulltrúa við embættið, en staða aðstoðarmanns, sem féll frá á árinu, fellur niður. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 10 þús. kr.

3. *Borgarfógetaembættið í Reykjavík.* Miðað er við óbreytt starfsmannahald.

4. *Sakadómaraembættið í Reykjavík.* Starfsmannahald er óbreytt, en grunnkaupshækkun stafar af aldurshækkunum. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 30 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. með hliðsjón af reynslu síðasta árs. Liðurinn til bifreiðakaupa fellur niður.

5. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík.* Fjöldi starfsmanna er óbreyttur, en aukavinna hækkar um 35 þús. kr. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr.

6. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli.* Fjöldi starfsmanna er óbreyttur. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 40 þús. kr.

7. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:*

a. Grunnlaun eru óbreytt.

b. Grunnlaun hækka um 132.559. Hér er um að ræða aldurshækkanir og að bætt hefur verið við tveim riturum við embættin í Árnessýslu og Keflavík. Annar kostnaður hækkar um 500 þús. kr. með tilliti til reynslu síðasta árs.

Endurgreiðsla frá Tryggingarstofnun ríkisins hækkar um 100 þús. kr.

9. *Lögreglukostnaður.*

a. *Ríkislögreglan í Reykjavík.* Hér er gert ráð fyrir að bætt verði við 5 nýjum lögreglumönnum. Grunnlaun hækka um 117 825 kr. Viðbót þessi er gerð með hliðsjón af heimild í 19. gr. núgildandi fjárlaga (sérstakur liður kr. 1 350 þús. kr. til aukinnar toll- og löggæzlu). Álag á næturvinnu hækkar um 66 400 kr. og einkennisfatnaður um 98 100 kr. Bifreiðakostnaður hækkar um 90 þús. kr.

b. *Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli.* Starfsmannafjöldi er óbreyttur. Álag á næturvinnu hækkar um 20 þús. kr. og einkennisfatnaður um 35 þús. kr. Bifreiðakostnaður hækkar um 30 þús. kr. og fæðisstyrkur lögreglumanna um 32 600 kr. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

c. *Ríkislögreglan utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Grunnlaun hækka hér um 61 950 vegna fjölgunar löggæzlumanna úti á landi, en menn þessir taka hálf laun hjá lögreglunni og hálf hjá tollgæzlunni, sbr. nánari greinargerð með tollgæzlu utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Einkennisföt og tryggingar hækka um 32 700 kr., en næturvinnuálag lækkar um 12 200 kr.

m. Ríkissjóði ber að greiða ⅙ af lögreglukostnaði í kaupstöðum. Áætlað er að hluti ríkissjóðs af þessum kostnaði í Reykjavík muni verða 2 200 þús. kr. eða 350 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú.

o. Ýmis annar lögreglukostnaður hækkar um 100 þús. kr. með hliðsjón af reynslu síðasta árs.

10. *Landhelgisgæzlan:* Lagt er til að kostnaður við landhelgisgæzluna hækki

um 1.6 millj. kr. og eru helztu ástæður þær, að hinir nýju kjarasamningar við yfirmenn á skipum hafa í för með sér aukinn rekstrarkostnað, sem áætlað er að nemi ca. 700 þús. kr., og að gert er ráð fyrir rekstri björgunar- og varðskipsins Alberts allt árið í stað 9 mánaða 1957, sem áætlað er að nemi 500 þús. kr. hækkun. Loks eru ýmsar smærri hækkanir á matvælum og öðrum rekstrarvörum, sem nema ca. 400 þús. kr.

11. a. *Hegningarhúsið í Reykjavík.* Starfsmannahald er óbreytt. Grunnlaun hækka lítillega vegna aldurshækkana. Næturvinnuálag hækkar um 5 673 kr. og annar kostnaður um 140 þús. kr. með hliðsjón af kostnaði síðastliðins árs.

b. *Vinnuhælið að Litla-Hrauni.* Dómsmálaráðuneytið telur alveg óhjákvæmilegt að bæta við tveim fangavörðum. Hækka því grunnlaun um 54 600. Annar kostnaður hækkar um 230 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 13 þús. kr. hærri en nú er.

c. *Vinnuhælið að Kvíabryggju.* Til reksturs vinnuhælisins eru áætlaðar 760 þús. kr. Þar frá dragast tekjur af búrekstri 35 þús. kr. Framlag ríkissjóðs hækkar því um 25 þús. kr.

13. *Kostnaður við sakamál og lögreglumál.* Áætlað er að liður þessi hækki um 100 þús. kr. með hliðsjón af reikningi síðastliðins árs.

16. *Laun sjó- og verzlunardómsmanna* hækka um 20 þús. kr.

18. *Kostnaður við félagsdóm.* Annar kostnaður lækkar um 6 þús. kr. Til útgáfu IV. bindis dóma félagsdóms er áætlað 20 þús. kr., en þessi liður er ekki í fjárlögum yfirstandandi árs.

Kostnaður við útgáfu lagasafns og til prentunar efnisyfirlits hæstaréttardóma, sem nemur í fjárlögum þessa árs 360 þús. kr., fellur nú niður.

Um 11. gr. B.

1. *Skipaskoðun ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum hækka um 8 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

2. *Öryggiseftirlit ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Þóknun til skoðunarmanna hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum eins og að undanförnu.

3. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Starfsmannafjöldi er óbreyttur frá fjárlögum nú. Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum.

4. *Löggildingarstofan.* Mannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr., en tekjur eru áætlaðar 20 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú.

5. *Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa.* Grunnlaun lækka lítillega, vegna mannaskipta. Ferðakostnaður hækkar um 5 þús. kr. Mælingarkostnaður hækkar um 15 þús. kr. Kostnaður við loftmyndatöku og útreikning eftir loftmyndum hækkar um 35 þús. kr., en myndataka úr lofti hefur þegar reynzt mjög gagnleg fyrir teiknistofu skipulagsins og ýmsa aðila aðra, svo sem póst og síma, raforkumálastjórnina o. fl. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.

6. *Matvælaeftirlitið.* Mannahald er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

7. *Kostnaður við mat á afurðum.*

a. *Fiskmat.* Starfsmannahald er óbreytt. Skrifstofukostnaður hækkar um 42 þús. kr. og ferðakostnaður um 22 480. Til afleysinga í sumarleyfum og forföllum 72 300 kr. er nýr liður en tekinn upp vegna reynslu undanfarið. Á árinu 1956 var greitt utan fjárlaga í þessu skyni 47 870 kr., sem nægði þó ekki til þess að starfsmenn fiskmatsins gætu fengið þau sumarleyfi, sem þeim ber lögum samkvæmt.

b. *Síldarmat.* Frá núgildandi fjárlögum verða þær breytingar, að liðurinn tímakaup matsmanna 220 200 kr. er tekinn upp sem sérstakur liður, en annar kostnaður lækkar um 128 þús. kr. Þá hækka tekjur um 100 þús. kr., með tilliti til þess, að skv. lögum frá síðasta Alþingi ber síldarsaltendum að greiða kaup matsmanna. Liðurinn í heild lækkar um 6 150 kr.

f. *Ferðakostnaður matsmanna* hækkar um 30 þús. kr. með tilliti til reiknings síðasta árs.

11. *Kostnaður við eftirlit á vegum.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

Um 11. gr. C

I. a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Á launaskrá er gert ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna, en grunnlaun hækka lítillega sökum aldurshækkana. Lausavinna hækkar um 357 þús. kr. Þessi hækkun stafar af því, að nú er gert ráð fyrir, að nokkrum starfsmönnum, sem starfa við embættið, verði greitt af þessum lið, en var áður greitt af liðnum annar kostnaður, en sá liður hefur reynzt of lágt áætlaður. Þá er þarna gert ráð fyrir auknum starfskröftum, vegna fyrirfram innheimtu skatta, sem ákveðin hefur verið. Húsnæði, ljós og hiti hækkar um 20 þús. kr. og símakostnaður og burðargjöld um 40 þús. kr. Annar kostnaður er áætlaður óbreyttur.

b. 1. *Tollgæzlan í Reykjavík.* Á síðastliðnum vetri ákvað fjármálaráðuneytið að gera verulegt átak til aukningar á tollgæzlu í landinu. Í þessu skyni hefur verið sérstök fjárveiting á 19. gr. fjárlaga í tvö ár, 1 350 þús. kr. hvort ár. Samkvæmt þessari heimild hafa þegar verið ráðnir allmargir tollgæzlumenn, bæði í Reykjavík og úti á landi. Í Reykjavík var bætt við 10 nýjum tollgæzlumönnum, og hækka því grunnlaun á þessum lið sem því nemur, eða um 252 þús. kr. Aðrar grunnlaunahækkanir eru vegna aldurshækkana. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 30 þús. kr., símakostnaður um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 160 þús. kr.

2. *Tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli.* Grunnlaun hækka um 20 700, en þar hefur verið bætt við einum tollgæzlumanni. Álag á næturvinnu hækkar um 15 þús. kr. Hiti og ljós hækkar um 2 þús. kr. og annar kostnaður um 27 500 kr.

Kostnaður við tolleftirlit á varnarstöðvum utan Keflavíkurflugvallar er nýr liður, 110 þús. kr. Fyrir þessum kostnaði hefur ekki verið gert ráð í fjárlögum undanfarið, en hann er óhjákvæmilegur.

3. *Tollgæzla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Grunnlaun hækka hér um 198 750. Bætt hefur verið við einum tollgæzlumanni, sem eingöngu annast tollgæzlu, og gert ráð fyrir 9 mönnum, sem annast bæði toll- og löggæzlu. 6 þessara manna hafa þegar tekið við starfi, en þrír eru óráðnir enn. Hefur verið stefnt að því í samræmi við þingsályktun frá 13. apríl 1955 að sameina þar sem fært þykir toll- og löggæzlu og hefur verið samvinna milli fjármálaráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins um þetta efni. Gert er ráð fyrir, að helmingur launa þessara manna komi á liðinn ríkislögregla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Annar kostnaður hækkar um 350 þús. kr.

II. a. *Ríkisskattanefnd.* Grunnlaunahækkun, kr. 4 800 stafar af aldurshækkunum og tilfærslu milli flokka. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.

b. *Skattstofan í Reykjavík.* Miðað er við óbreytt starfsmannahald, en grunnlaunahækkun kr. 13 100 stafar af aldurshækkunum og tilfærslu milli launaflokka. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 320 þús. kr. vegna nýs leiguhúsnæðis, sem tekið mun í notkun á þessu ári. Hefur sú húsnæðisaukning verið talin óhjákvæmileg til að bæta starfsskilyrði stofnunarinnar m. a. til aukinnar endurskoðunar framtala. Tímavinna hækkar um 350 þús. kr. með hliðsjón af reynslu undanfarinna ára og annar kostnaður hækkar um 140 þús. kr.

c. *Skattstofur utan Reykjavíkur.* Hækkun 200 þús. kr. með hliðsjón af reikningi síðasta árs.

e. *Yfirskattanefndir* hækka um 25 þús. kr.

f. *Millimatskostnaður* lækkar um 250 þús. kr.

Um 11. gr. D.

Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur hækkar um 150 þús. kr., vegna hækkunar á pappírsvörum.

Um 12. gr.

II. *Héraðslæknar.* Gert er ráð fyrir 54 héraðslæknum, 6 aðstoðarlæknum og 2 staðgenglum, og er það sama tala og í fjárlögum nú. Grunnlaun hækka um 44 250 vegna aldurshækkana. Símakostnaður og burðargjöld hækka um 10 þús. kr.

IV. *Ríkisspítalar.* Gert er ráð fyrir, að rekstrarhalli ríkisspítalanna hækki um 1 594 þús. kr.

A. *Landsspítalinn.* Ekki er talið unnt að komast hjá nokkurri fjölgun starfsmanna, og er lagt til, að bætt verði við einni rannsóknarkonu, einni hjúkrunarkonu til aðstoðar við svæfingar og einum ritara á lyflækningadeild, sem þegar hefur tekið við starfi. Laun svæfingalæknis voru áður talin að hálfu hjá Blóðbankanum, en eru nú flutt á þenna lið. Hins vegar eru laun varaforstöðukonu færð hér að ⅔ hlutum, í stað allra launa hennar áður, en ⅓ er færður á fæðingardeild Landsspítalans. Grunnlaun hækka um 111 500 kr.

Matvörur hækka um 35 þús. kr., og fjárveiting til Ljósmæðraskólans hækkar um 10 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 337 500 kr. Höfuðástæðurnar fyrir hækkun á þessum lið er aukning á lyfjakostnaði og hækkaður viðhaldskostnaður fasteigna og lausra muna. Er nú unnið að kostnaðarsömum endurbótum á 4 sjúkradeildum handlæknis- og lyflæknisdeildar. Verulegur hluti kostnaðarins kemur á næsta ár. Við gamla spítalann er lokið smíði viðbyggingar í svonefnt „skot“ á norðurhlið. Fær spítalinn þar til afnota 24 herbergi, dagstofu fyrir sjúklinga, varðstofur fyrir hjúkrunarkonur, skoðunarherbergi o. fl. Í þessa viðbyggingu þarf að kaupa húsgögn á næsta ári. Fleiri liðir, sem teljast til annars kostnaðar, hækka nokkuð.

Tekjuáætlun hækkar um 220 þús. kr. Hallinn hækkar um 590 þús. kr.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans.* Gert er ráð fyrir sömu launakjörum til yfirlæknis og yfirlæknir röntgendeildar hefur haft að undanförnu. Grunnlaun hækka um 49 800 kr.

Fæðiskostnaður hækkar um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 126 þús. kr. Hefur þessi liður sýnilega verið of lágt áætlaður í síðustu fjárlögum. Tekjur hækka um 300 þús. kr., þannig að hallinn er nær óbreyttur frá fjárlögum nú.

C. *Hjúkrunarkvennaskóli Íslands.* Starfsmannafjöldi er áætlaður óbreyttur frá fjárlögum fyrir árið 1957. Fæðiskostnaður lækkar um 5 þús. kr. Hlunnindafrádráttur hækkar um 54 300 kr. Halli hækkar um 30 800 kr.

D. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum.* Starfsmannahald er óbreytt frá fjárlögum fyrir árið 1957.

Þrátt fyrir fækkun sjúklinga á Vífilsstaðahæli, eru gjöldin hækkuð með hliðsjón af reikningi síðastliðins árs, sem sýndi, að gjöldin hafa verið of lágt áætluð.

Við undirbúning fjárlagafrumvarpsins var rætt ítarlega við framkvæmdastjóra ríkisspítalanna, hvort ekki væri mögulegt að fækka starfsfólki, þar sem sjúklingum fækkaði, en það er talið með öllu útilokað a. m. k. á næsta ári, hvað sem síðar kann að verða.

Tekjuáætlun er lækkuð um 420 þús. kr. vegna fækkunar sjúklinga. Er áætlað, að sjúklingum fækki úr 100 í 80 árið 1958, allt árið. Hallinn hækkar um 530 þús. kr.

E. *Heilsuhælið á Kristnesi.* Starfsmannahald er óbreytt frá fjárlögum fyrir árið 1957.

Matvörur hækka um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 50 þús. kr.

Tekjur eru áætlaðar 65 þús. kr. hærri en í fjárlögum fyrir árið 1957. Hallinn er 50 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú.

F. Geðveikrahælið á Kleppi. Starfsmannahald er óbreytt. Matvörur hækka um 100 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 286 þús. kr. Stafar hækkunin að verulegu leyti af hækkun á kostnaði við ljós og eldsneyti og auknum viðhaldskostnaði. Á næsta ári er talið óhjákvæmilegt að endurnýja minnst 30 sjúkrarúm, áætlað kostnaðarverð um 50 þús. kr.

Tekjuáætlun hækkar um 10 þús. kr. Hallinn hækkar um 400 þús. kr.

G. *Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.* Starfsmannahald er áætlað óbreytt. Önnur útgjöld hækka um 9 þús. kr.

H. *Fávitahælið í Kópavogi.* Starfsmannahald er áætlað óbreytt. Matvörur hækka um 45 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 53 500 kr.

Í fjárlögum fyrir árið 1957 var gert ráð fyrir að tekið yrði í notkun hús, sem undanfarið hefur verið í smíðum, og er ætlað fyrir deild handa stúlkum. Þessi deild er ekki enn tekin til starfa, en verður væntanlega seint á yfirstandandi ári. Útgjöld eru miðuð við reikning síðasta árs og þá fjölgun vistmanna, sem verður, þegar nýja húsið verður komið í notkun.

Þegar hið nýja hús fávitahælisins í Kópavogi verður tekið í notkun, er ætlunin að hætta starfrækslu fávitahælis á Kleppjárnsreykjum, og er áætlun um rekstur þess því ekki tekin í þetta fjárlagafrumvarp. Kostnaður við það nam 123 þús. kr. á þessa árs fjárlögum.

Rekstrarhalli fávitahælisins í Kópavogi hækkar um 149 500.

I. *Blóðbankinn.* Grunnlaun lækka um 17 391 kr., sem stafar af því að ½ laun sæfingarlæknis eru nú færð á Landsspítala þ. e. kr. 23 800.00. Mismunur er hækkun á launum aðstoðarstúlku.

Tekjuáætlun er lækkuð um 22 965.00 kr.

V. *Til berklavarna.* Styrkur til berklasjúklinga lækkar um 563 þús. kr., þar eð vistdögum fækkar úr 95 700 í 84 700. Til sýklarannsókna hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 145 þús. kr., þar sem gert er ráð fyrir að keypt verði ný bifreið til berklaskoðana.

VI. *Styrkur til sjúklinga samkv. lögum nr. 78/1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.* Liður þessi hækkar um 1 414 þús. kr. Sjúklingum með langvarandi sjúkdóma, sem ríkisframfærslan greiðir fyrir, fjölgar stöðugt. Eftir því sem sjúkrahúsum fjölgar fara fleiri slíkir sjúklingar á sjúkrahús, sem áður hafa dvalið í heimahúsum. Nú er gert ráð fyrir að heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins verði viðurkennt sem sjúkrahús, á næsta hausti, og vitað er um að hópur sjúklinga, einkum lamaðra, sem nú dvelja í heimahúsum, bíður eftir því að sjúkrahúsið verði viðurkennt svo að þeir geti farið þangað á vegum ríkisframfærslunnar. Þá fjölgar ellikramarsjúklingum, sem á sjúkrahúsum dvelja, stöðugt, og er nú gert ráð fyrir að vistdögum fjölgi úr 40 100 í 45 000.

VII. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkv. lögum.* Hækkar um 200 þús. kr. vegna fjölgunar legudaga.

IX. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum hækkar um 100 þús. kr. þar eð kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík fer eflaust eitthvað vaxandi.

XI. Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri lækkar um 275 þús. kr.

XVII. *Til ónæmisaðgerða.* Fjárveiting til bólusetningar gegn mænusótt 600 þús. kr. fellur niður, en upp er tekin 100 þús. kr. fjárveiting til bóluefnisframleiðslu.

XXX. *Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra* lækkar um 50 þús. kr. með hliðsjón af reikningi síðasta árs.

Um 13. gr. A.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi. Grunnkaup hækkar um 23 þús. kr. vegna aldurshækkana og hækkunar á grunnkaupi verkfræðinga. Ferðakostnaður verkfræðinga hækkar um 200 þús. kr. m. a. með hliðsjón af reynslu síðasta árs. Vegna skorts á verkfræðingum hefur orðið að ráða nokkra verkfræðinga til mælinga á sumrin, og er sá kostnaður greiddur af þessum lið. Annar kostnaður hækkar um 85 þús. kr.

II. *Til nýrra akvega* eru nú áætlaðar 12 millj. kr., og er það tæpri einni milljón kr. hærra en í frumvarpi 1957, en 3 980 þús. kr. lægra en í gildandi fjárlögum.

III. *Brúargerðir.* Þessi liður er nú áætlaður 7 millj. kr., og er það 500 þús. kr. hærra en í frumvarpi 1957, en 2 840 þús. kr. lægra en í núgildandi fjárlögum. Til endurbygginga gamalla stórbrúa er 150 þús. kr. lægra en í fjárlögum nú.

VII. *Til sýsluvega.* Tillög til akfærra sýsluvega lækka um 25 þús. kr. með hliðsjón af reikningi síðasta árs. Til sýsluvegasjóða hækkar um 250 þús. kr., vegna hins nýja fasteignamats, er tók gildi hinn 1. júní s. l., en samkvæmt lögum um sýsluvegasjóði miðast sýsluvegasjóðsgjaldið við fasteignamatsverð húseigna og jarðeigna.

XII. *Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum* er áætlaður 75 þús. kr., og er áætlað að 60 þús. kr. sé varið til viðhalds gistihúsa ríkisins í Fornahvammi og Bakkaseli, en 15 þús. kr. til Skíðaskálans í Hveradölum og er það 5 þús. kr. hærra en á fjárlögum nú.

XIV. *Iðgjöld til slysatrygginga* hækkar um 30 þús. með hliðsjón af reynslu síðustu ára.

XV. *Gjöld skv. lögum um orlof verkamanna* hækka um 200 þús. kr.

XVI. *Atvinnuleysistryggingagjöld* hækka um 60 þús. kr.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins.* Rekstrarhalli skipaútgerðarinnar er hér áætlaður 15.7 millj. kr. og er það 200 þús. kr. hærra en í núgildandi fjárlögum. Er þessi hækkun talin óhjákvæmileg einkum vegna hinna nýju samninga við yfirmenn á kaupskipaflotanum.

III. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Grunnlaun lækka um 16 500 vegna mannaskipta. Aukavinna hækkar um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 20 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála.* Starfsmannahald er óbreytt. Grunnlaun hækka um 21 928 kr. en aukavinna lækkar um 18 240 kr. Þessar breytingar stafa mest af nýjum kjarasamningum verkfræðinga. Skrifstofukostnaður hækkar um 10 þús. kr.

III. *Reksturskostnaður vitanna.* Vitaskipið hækkar um 200 þús., með tilliti til reiknings síðasta árs. Framlag til vitanna hækkar um 150 þús. kr., m. a. vegna fjölgunar vita.

IV. *Viðhald og endurbætur vitanna* hækkar um 50 þús. kr. vegna fjölgunar á vitum og með hliðsjón af reynslu síðasta árs.

V. *Sjómerki og viðhald sæluhúsa* hækkar um 55 þús. kr. með tilliti til kostnaðar síðasta árs.

VIII. *Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta* eru nú áætlaðar 7.3 millj. kr., og er það 540 þús. kr. hærra en í frumvarpi 1957 en 3.3 millj. kr. lægra en í núgildandi fjárlögum.

IX. *Til hafnarbótasjóðs* samkv. lögum hækkar um 45 þús. kr.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Starfsmannahald er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 72 þús. kr. Endurgreiðsla vegna alþjóðaflugþjónustu hækkar um 5 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur:*

2. *Slökkvideild.* Grunnlaun eru óbreytt en aukavinna hækkar um 15 þús. kr., álag á næturvinnu um 11 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr.

3. *Sjóflughöfn.* Starfsmannahald er óbreytt, en þær breytingar eru gerðar á þessum lið, að niður eru felldir tveir liðir í núgildandi fjárlögum, aukavinna og álag á næturvinnu samtals 58 þús. kr. og annar kostnaður lækkaður úr 45 þús.

kr. í 15 þús. kr. Sjóflughöfnin er mjög lítið notuð, en ekki mun af öryggisástæðum talið fært að leggja hana niður.

4. *Vélaverkstæði.* Í fjárlögum nú er gert ráð fyrir 66 750 kr. halla, en nú eru tekjur og gjöld áætluð jafn há.

5. *Trésmíðaverkstæði.* Tekjur og gjöld eru látin mætast nú, eins og á þessa árs fjárlögum.

6. *Viðhald og varðveizla mannvirkja.* Laun verkamanna eru áætluð 250 þús. kr. hærri en nú. Efni og aðkeypt vinna hækkar um 30 þús. kr.

7. *Rafmagnsdeild.* Grunnlaun lækka lítillega en annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

8. *Annar kostnaður* á Reykjavíkurflugvelli hækkar um 15 þús. kr.

III. *Keflavíkurflugvöllur:*

1. *Skrifstofukostnaður.* Bætt er við einum manni á skrifstofuna vegna aukinna starfa í sambandi við bókhald. Grunnlaun hækka því um 35 400 kr. Annar kostnaður á skrifstofu hækkar um 89 þús. kr. með hliðsjón af reynslu síðasta árs.

2. *Flugumsjón.* Fjölgað er um einn aðstoðarflugumsjónarmann og grunnl. hækka um 19 350. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 98 800 og annar kostnaður um 19 þús. kr.

3. *Flugvélaafgreiðsla.* Bætt er við einum starfsmanni og grunnl. hækka um 48 800 kr., þar í nokkrar aldurshækkanir, og álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 35 þús. kr. Laun afgreiðslumanna hækka um 372.800 kr., sem stafar af því að á fyrra ári er ekki gert ráð fyrir aukavinnu afgreiðslumanna í áætlun flugmálastjórnarinnar, sem þó hefur ætið verið greidd af öðrum kostnaði, og þá orðið umfram fjárlagaáætlun. Annar kostnaður hækkar um 9 800 kr. Endurgreiðsla skv. samningi, á þessa árs fjárlögum 840 þús. kr. er felld niður af þessum lið og reiknuð með öðrum tekjum af Keflavíkurflugvelli.

4. *Flugvirkjadeild.* Laun flugvirkja hækka um 300 þús. kr. vegna kjarasamninga við flugvirkja og vísitöluhækkunar. Efni og annar kostnaður hækkar um 42 þús. kr. Áætlaðar tekjur á þessa árs fjárlögum 658 þús. kr., eru taldar með öðrum tekjum vallarins.

5. *Tryggingargjöld.* Lækka um 20 þús. kr. með hliðsjón af reynslu síðasta árs, en viðhald húsa og rekstur rafstöðvar hækkar um 150 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 165 þús. kr. með hliðsjón af reikningi síðasta árs.

IV. *Aðrir flugvellir og sjóflughafnir.* Grunnlaun eru óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 260 þús. kr. vegna fjölgunar flugvalla.

V. *Flugöryggisþjónustan.*

B. 1. *Upplýsingaþjónustan.* Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn í Reykjavík.* Grunnlaun lækka um 13 400 kr. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 17 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

3. *Flugumferðarstjórn í Keflavík.* Grunnlaun lækka um 16 500 kr. og álag á næturvinnu og aukavinna um 26 400, en annar kostnaður hækkar um 145 500 og er það aðallega vegna radioviðgerða, en sú þjónusta er fengin frá Reykjavíkurflugvelli. Endurgreiðsla skv. samningi á þessa árs fjárlögum 1 300 þús. er ekki tekin með hér, heldur reiknuð með öðrum tekjum af Keflavíkurflugvelli.

4. *Flugumferðarstjórn á Akureyri.* Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.

5. *Flugumferðarstjórn í Vestmannaeyjum.* Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

C. *Flugfjarskiptistöðvar.* Ferðakostnaður og aukavinna hækkar um 10 þús. kr. og rekstur stöðvanna um 40 þús. kr.

VI. *Ferðakostnaður og mæling flugvalla* hækkar um 20 þús. kr.

VII. *Kostnaður við alþjóðaflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur.* Framlag til I.C.A.O. lækkar um 10 þús. kr., en ferðakostnaður hækkar um 15 þús. kr. 75 þús. kr. framlag í núgildandi fjárlögum til ráðstefnu flugmálastjóra Evrópu, fellur nú niður.

XI. *Alþjóðaflugþjónustan.*

1. *Flugumferðarstjórn* hækkar um 446 800 kr., vegna hækkaðs reksturskostnaðar m. a. vegna fjölgunar flugumferðarstjóra.

2. *Fjarskiptaþjónustan.* Hækkar um 2 265 þús. kr. samkvæmt áætlun póst- og símamálastjórnarinnar ,sem send hefur verið I.C.A.O., og sem hefur verið tekin óbreytt upp í frumvarpið.

3. *Veðurþjónustan.* Hækkar um 372 þús. kr. samkv. áætlun veðurstofustjóra, sem tekin hefur verið óbreytt.

Til endurgreiðslu kemur alþjóðatillag, sem hækkar um 2 550 þús. kr. Hlutur Íslands í kostnaðinum hækkar um 534 þús. kr. frá fjárlögum nú. Undir þennan lið kemur nú Loranstöðin á Reynisfjalli, sem framvegis fellur niður sem sérstakur liður.

XII. *Framlag til veðurathuganaskipa á Norður-Atlantshafi* hækkar um 155 þús. kr.

Tekjur af flugvöllum eru áætlaðar 1.8 millj. kr. hærri en nú og er þar um að ræða hækkun á Keflavíkurflugvelli um 1.2 millj. og 600 þús. kr. á öðrum flugvöllum. Athuga ber, að tekjur af Keflavíkurflugvelli í frumvarpi nú og fjárlögum yfirstandandi árs eru ekki sambærilegar, þar eð hér eru teknar með heildartekjur vallarins, þar með taldar ýmsar endurgreiðslur, sem áður voru færðar á einstaka liði.

Um 14. gr. A.

I. *Biskupsembættið.* Starfsmannahald er óbreytt. Ferðakostnaður biskups hækkar um 10 þús. kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.* Gert er ráð fyrir 119 prestum, 118 sóknarprestum og einum presti til forfallaþjónustu, sem er nýtt skv. lögum. Enn fremur er gert ráð fyrir, að 10 prestaköll njóti þjónustu nágrannapresta. Tekur sá, sem þjónar, hálf byrjunarlaun, en hinn helmingurinn greiðist í prestakallasjóð. Grunnlaun hækka um 76 726 kr. Síma- og frímerkjakostnaður presta hækkar um 35 þús. kr. Húsaleigustyrkur presta hækkar um 10 þús. kr. Til fyrningarsjóðs prestseturshúsa er nýr liður í fjárlögum, 30 þús. kr. Gjaldi þessu hefur að undanförnu verið ávísað á 17. gr. laga nr. 38/1947, en eðlilegra þykir að gera ráð fyrir því í fjárlögum.

VII. *Til Kirkjuþings* 100 þús. kr. er nýr liður. Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög nr. 43/1957, sem gera ráð fyrir að þessi kostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

XIII. *Til framkvæmda í Skálholti* lækkar úr 2 millj. kr. í 1 700 þús. kr.

Eftirtaldir liðir í núgildandi fjárlögum falla niður: XIV. Til kaupa á pípuorgeli í Hóladómkirkju 106 þús. kr. og XV. Til viðgerðar á Hvanneyrarkirkju 50 þús. kr.

Um 14. gr. B.

I. a. *Háskólinn.* Grunnlaun hækka úr 1 732 582 kr. í 1 983 082 kr. eða um 250 500.00 kr. Þessi hækkun stafar af stofnun nýs prófessorsembættis í lífeðlisfræði, stofnun dósentsembættis í lyfjafræði lyfsala, stofnun prófessorsembættis í lyfjafræði, stofnun prófessorsembættis í uppeldisfræðum og stofnun prófessorsembættis í eðlisfræði, en öll eru þessi embætti þegar stofnuð með lögum. Einnig færast þrír starfsmenn háskólans úr launaflokki dósenta í launaflokk prófessora. Þá eru taldir með í launaliðnum tveir sendikennarar frá Bandaríkjunum og Spáni. Í þessu sambandi ber að athuga eftirfarandi: 1) Hækkunin vegna prófessorsembættis í lífeðlisfræði er vegna ákvörðunar, sem tekin var fyrir tveim árum, en kemur nú til framkvæmda. 2) Laun dósents í lyfjafræði lyfsala er aukning á gjöldum háskólans frá því sem verið hefur, en tilsvarandi laun hafa verið greidd úr ríkissjóði vegna kennslu í lyfjafræðingaskóla Íslands, þannig að hér er um tilfærslu að ræða en ekki ný útgjöld fyrir ríkissjóð. 3) Fyrir kennslu í lyfjafræði hafa verið

greiddar kr. 23 700 í grunnlaun, en kennarinn að öðru leyti tekið laun sem forstöðumaður lyfjaverzlunar ríkisins. Nú er gert ráð fyrir, að hann taki prófessorslaun hjá háskólanum, en laun hans hjá lyfjaverzluninni lækki tilsvarandi, þannig að ekki á að verða kostnaðarauki vegna launa prófessorsins frá því sem er. 4) Nú þegar stofnað hefur verið prófessorsembætti í uppeldisfræðum, fellur niður fjárveiting í núgildandi fjárlögum á 14. gr. B XXXI, kr. 136 364, til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna. Í núgildandi fjárlögum eru veittar 40 þús. kr. til kennslu í kennslufræðum, en þar sem hinn nýi prófessor tekur við þessari kennslu, að mestu, lækkar þessi liður í 12 þús. kr. Ekki er því um kostnaðarauka að ræða við stofnun þessa embættis. 5) Laun prófessors í eðlisfræði eru með verðlagsuppbót 86 700 kr. Undanfarið hafa verið greiddar 33 þús. kr. fyrir stundakennslu í þessari grein. Ákveðið er í lögum, að prófessorinn skuli jafnframt vera forstöðumaður rannsóknarstofu til mælinga á geislavirkum efnum, en til þess er veitt 100 þús. kr. í núgildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir að ca. 25 þús. kr. af þeirri fjárveitingu gangi upp í laun prófessorsins, og það sem á vantar ca. 30 þús. kr. verði greitt af dánargjöf Aðalsteins Kristjánssonar.

Aðrir liðir breytast sem hér segir: Til tannlæknastofu hækkar um 13 þús. kr. og til rannsóknarstofu í líffeðlisfræði er nýr liður 7 þús. kr. Til stundakennslu og landmælinga lækkar um 15 þús. kr. og til kennslu í uppeldis- og kennslufræðum um 28 þús. kr. Til vísindastarfsemi 62 þús. kr. fellur niður, þar eð stofnaður hefur verið vísindasjóður. Til kennslutækja í eðlisfræði 7 þús. kr. er nýr liður. Til sendikennara frá Bandaríkjunum og Spáni fellur niður 30 þús. kr., sbr. það sem áður segir um launaliðinn. Ýmis gjöld hækka um 7 þús. kr. Til frádráttar er gert ráð fyrir 55 þús. kr. tekjum, sem er nýtt, en þar er um að ræða greiðslu frá rannsóknarstofnun á geislavirkum efnum og af dánargjöf Aðalsteins Kristjánssonar, sbr. það, sem áður er sagt.

b. *Tilraunastofa háskólans á Keldum.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi. Annar kostnaður hækkar um 165 þús. kr. með hliðsjón af reynslu síðasta árs. Tekjur hækka um 150 þús. kr.

IV. Menntaskólinn í Reykjavík. Grunnlaun lækka nokkuð vegna mannaskipta. Stundakennsla hækkar um 258 þús. kr., vegna fjölgunar bekkjadeilda, orlofs fastakennara og hækkunar á greiðslu fyrir heimavinnu við stíla skv. reglum um það efni frá 18. marz s. l. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 40 þús. kr. og til prófdómara um 7 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

V. *Menntaskólinn á Akureyri.* Fjöldi starfsmanna er óbreyttur. Stundakennsla hækkar um 95 þús. kr. aðallega vegna fjölgunar kennsludeilda. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 10 þús. kr. Til útgáfu á sögu Möðruvallaskóla í núgildandi fjárlögum, kr. 50 þús., fellur niður.

VI. *Menntaskólinn á Laugarvatni.* Stundakennsla hækkar um 5 þús. kr., húsnæði, ljós og ræsting um 5 þús. kr. og námsstyrkir um 2 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

VII. Kennaraskólinn. Grunnlaun hækka um 18 900 kr., sem eru hálf laun eins kennara. Stundakennsla hækkar um 2 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting lækkar um 10 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

VIII. *Stýrimannaskólinn.* Stundakennsla hækkar um 21 þús. kr., en nú er gert ráð fyrir deild við skólann fyrir hið minna fiskimannapróf samkv. nýjum breytingum á lögum um atvinnu við siglingar. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 15 þús. kr. og til námskeiða utan Reykjavíkur hækkar um 42 þús. kr., en áætlað er samkv. hinum nýju lögum um atvinnu við siglingar, að námskeið fyrir minna fiskimannapróf verði nú einnig haldið á tveim stöðum utan Reykjavíkur.

IX. *Vélstjóraskólinn.* Stundakennsla hækkar um 86 645 kr., þar eð nú er miðað við 45 mínútna kennslustund í stað 50 mínútna áður. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 10 þús. kr., en til greiðslu á dieselvél í núgildandi fjárlögum, 27 þús. kr., fellur niður.

X. *Sjómannaskólahúsið.* Annar kostnaður hækkar um 95 þús. kr., og tekjur hækka á móti um 97 þús. kr.

XI. *Búnaðarkennsla.*

1. *Bændaskólinn á Hólum.* Stundakennsla hækkar um 2 þús. kr., til verklegs náms um 5 þús. kr. og til tilrauna um 10 þús. kr. Til að minnast 75 ára afmælis skólans, 50 þús. kr. í núgildandi fjárlögum, fellur niður.

2. *Bændaskólinn á Hvanneyri.* Stundakennsla hækkar um 9 þús. kr., til verklegs náms um 10 þús. kr., til tilrauna um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

3.*Garðyrkjuskólinn á Reykjum.* Viðhald skólahúsa hækkar um 5 þús. kr.

XII. *Iðnfræðsla.* Grunnlaun hækka um 47 150, sem eru laun eins kennara og aldurshækkanir. Hluti ríkissjóðs af öðrum rekstrarkostnaði hækkar um 200 þús. kr., einkum vegna stundakennslu. Gætir hér enn áhrifa laga nr. 45/1955, en með þeim var ríkissjóði gert að standa undir iðnskólahaldi í landinu með svipuðum hætti og gagnfræða- og héraðsskóla.

XIV. *Almenn barnafræðsla.* Grunnlaun kennara í föstum skólum og farkennara hækka um 1 999 247 kr., sem stafar af að bætt er við 54 nýjum kennurum vegna aukins nemendafjölda, 6 nýjum kennurum vegna orlofs, og 3 kennurum vegna forfallakennslu. Grunnlaun þessara 63 nýju kennara eru 1 555 903. Þá hefur komið í ljós, að föst laun kennara á árinu 1957 hafa ekki verið áætluð nægilega há. Munar þar launum þriggja kennara og þeim áhrifum, sem lenging árlegs starfstíma einstakra kennara hefur á launin. Þessi hækkun nemur 262 735 kr. Í þriðja lagi eru aldurshækkanir á árinu 1958 áætlaðar 202 þús. kr. Allar þessar hækkanir, að frádregnum 21 391 kr., sem grunnlaun farkennara lækka um, gera heildargrunnlaunahækkunina 1 999 247 kr. Reglugerð menntamálaráðuneytisins frá 13. júlí 1956 um nemendafjölda fastra kennara, afslátt á kennsluskyldu vegna aldurs, aukastörf kennara o. fl., hefur í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, sem liggja í aðalatriðum í eftirfarandi: 1) afslætti á kennsluskyldu eldri kennara, sem virðist hafa verið of lágt áætluð á síðasta ári, 2) greiðslum fyrir aukastörf svo sem umsjón í heimavistarskólum, 3) þóknun til skólastjóra í tví- og þrískipuðum skólum. Í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar er tekinn upp nýr liður stundakennsla, umsjón, tví- og þrískipun kr. 895 þús., en áður var að nokkru leyti gert ráð fyrir þessum kostnaði undir liðnum „endurgreiðsla á ¼ rekstrarkostnaðar barnaskólanna".

Til framkvæmdar sundskyldunni í barnaskólunum hækkar um 140 þús. kr. Styrkur til bygginga barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra er nú áætlað 5.5 millj. kr., sem er 500 þús. kr. hærra en í frumvarpinu 1957 en 2 328 þús. kr. lægra en í fjárlögum. Grunnlaun ráðskvenna við heimavistarskóla hækkar um 85 450 kr. vegna fjölgunar á heimavistarskólum. Endurgreiðsla á ¼ rekstrarkostnaði barnaskólanna hækkar um tæpar 2 millj. kr., en þessi hækkun stafar af 1) ákvæðum laga nr. 41/1955 um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Er það einkum tvennt sem þar kemur til a) aukin þátttaka ríkissjóðs í viðhaldskostnaði skólahúsa, talin nema 4—500 þús. kr., b) aukin þátttaka ríkissjóðs í rekstri skólabifreiða, sem talin er nema álíka upphæð. 2) hækkun á rekstrarkostnaði um 550 þús. kr. vegna aukins nemenda- og kennarafjölda. 3) hækkun vegna vanáætlunar undanfarið.

Gjöld skv. 20. og 43. gr. laga um almannatryggingar hækka um 100 þús. kr. með hliðsjón af reynslu síðasta árs.

XV. Gagnfræðamenntun.

1.*Til alþýðuskólans á Eiðum.* Til verklegs náms og aukakennslu hækkar um 10 þús. kr. Til kennsluáhalda lækkar um 2500 kr. Til byggingar stíflugarðs við rafveitu er nýr liður, en tveir liðir í núgildandi fjárlögum, samtals 115 þús. kr., falla niður.

2. *Til héraðs- og gagnfræðaskóla.* Grunnlaun hækka um 2 105 540. Kennurum

fjölgar um 38 (vegna aukins nemendafjölda, orlofs, forfalla og afsláttar á kennsluskyldu). Þá hefur komið í ljós, að á fyrra ári hefur kennaratalan verið of lágt áætluð um 10.

Reglugerð menntamálaráðuneytisins, frá 13. júlí 1956, sem áður er getið, hefur einnig áhrif hér til hækkunar sem liggur í eftirfarandi: 1) afslætti á kennsluskyldu eldri kennara, 2) greiðslum fyrir aukastörf, 3) þóknun til skólastjóra í tví- og þrískipuðum skólum. Hefur í samræmi við þetta verið tekinn upp nýr liður í þetta fjárlagafrumvarp, stundakennsla, umsjón og þóknun vegna tví- og þrískipunar, 1 200 þús. kr., en áður hefur hluti af þessum kostnaði verið greiddur af liðnum „hluti ríkissjóðs af öðrum rekstrarkostnaði", en sá liður lækkar um 777 þús. kr.

Styrkur til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla er áætlaður 2.4 millj. kr., sem er 200 þús. kr. hærra en í frumvarpi 1957 en 1 292 þús. kr. lægra en í fjárlögum nú.

Til byggingar fjóss og hlöðu á Laugarvatni í núgildandi fjárlögum 200 þús. kr. fellur niður. Til handíðaskólans hækkar um 20 þús. kr.

XVII. *Húsmæðrafræðsla.* Grunnlaun hækka lítillega sökum aldurshækkana. Hluti ríkissjóðs af öðrum rekstrarkostnaði lækkar um 3 300 kr. Til byggingar húsmæðraskóla er 80 þús. kr. lægra en í fjárlögum. Til hitaveituframkvæmda á Löngumýri 60 þús. kr., fellur niður.

XVIII. Til íþróttamála.

1. *Til Íþróttakennaraskóla ríkisins.* Grunnlaun hækka um 9 þús. kr. vegna aldurshækkana. Stundakennsla hækkar um 2 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr. Hins vegar lækkar kostnaður vegna stofnunar heimavistar um 20 þús. kr.

Til íþróttasjóðs er nú áætlað 1.3 millj. kr., sem er 100 þús. kr. hærra en í frumvarpi 1957 en 300 þús. kr. lægra en í fjárlögum.

4. tl. í núgildandi fjárlögum, til Íþróttasambands Íslands vegna þátttöku í Evrópumeistaramóti, 40 þús. kr., fellur niður.

XIX. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja.* Fæðiskostnaður lækkar um 25 þús. kr., kaup starfsstúlkna lækkar einnig um 25 þús. kr. og til áhaldakaupa um 2 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 54 100 kr.

XX. *Til matsveina- og veitingaþjónaskóla* hækkar um 17 þús. kr.

XXXI. liður í núgildandi fjárlögum, til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna, alls kr. 136 364, fellur niður, þar eð þessum rannsóknum mun lokið að sinni.

XXXII. *Til styrktar íslenzkum námsmönnum í erlendum skólum* hækkar um 15 þús. kr.

XXXVII. *Fræðslufulltrúinn í Reykjavík.* Kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

XXXVIII. *Endurskoðun skólakostnaðar.* Annar kostnaður hækkar um 17 þús. kr.

Um 15. gr. A.

I. *Landsbókasafnið.* Starfsmannahald er óbreytt. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa og bókbands hækkar um 20 þús. kr. Til að semja og prenta skrá um handrit hækkar um 5 þús. kr. Til samningar og prentunar íslenzkrar bókaskrár hækkar um 10 þús. kr. Liðurinn til kaupa á bókbandsverkfærum, 50 þús. kr., fellur niður, en ýmis gjöld hækka um 10 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Liðurinn til skráningar Íslendinga til stuðnings mannfræði og ættfræðirannsóknum, kr. 55 730, fellur niður, en laun æviskrárritara eru tekin upp í launaliðinn, sbr. lög nr. 30/1956, og hækkar hann sem því nemur. Ýmisleg gjöld hækka um 3 þús. kr.

III. *Þjóðminjasafnið.* Til rannsókna og ferðakostnaðar hækkar um 10 þús. kr. Til viðhalds gamalla bygginga hækkar um 20 þús. kr. Veldur því varzla byggðasafns Þingeyinga að Grenjaðarstað, er opnað verður á næsta ári. Til rekstrar hússins hækkar um 5 þús. kr. en liðurinn til að gera kvikmyndaþætti af merkum mönnum og atburðum, 20 þús. kr., fellur niður.

IV. *Listasafn ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 6 þús. kr., en liðurinn til kaupa á erlendum listaverkum, kr. 15 þús., fellur niður.

V. *Náttúrugripasafnið.* Grunnlaun eru óbreytt. Til kaupa á safnhirzlum og áhöldum hækkar um 10 þús. kr. Rannsókna- og ferðakostnaður hækkar um 5 þús. kr. og ýmis útgjöld um 2 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður, kr. 12 000, til Finns Guðmundssonar til að sækja alþjóðaþing fuglafræðinga, sem haldið verður á næsta ári í Finnlandi.

IX. *Safnahúsið.* Til endurnýjunar á rafleiðslum og ljósaútbúnaði, kr. 200 þús., fellur niður.

X. a. *Framlög til bókasafna* hækka um 65 þús. kr., þar eð sveitabókasöfn og lestrarfélög nota sér í auknum mæli ákvæði 2. mgr. 13. gr. laganna um almenningsbókasöfn.

b) *Styrkir til bókasafna og lesstofa* lækkar um 100 þús. kr., þar eð á þessa árs fjárlögum var 100 þús. kr. stofnframlag til bókasafns Dagsbrúnar, sem nú fellur niður.

Til kennslukvikmyndasafns, 250 þús. kr., er nýr liður. Í lögum nr. 115/1951, um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 56/1927 um skemmtanaskatt og þjóðleikhús o. fl., var ákveðið að 4% skemmtanaskatts skyldi renna til kaupa á kennskukvikmyndum. Hinn 1. júlí s. l. kom til framkvæmda 2. gr. laga nr. 57/1957, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, þar sem mælt er fyrir um aðra skiptingu skemmtanaskatts, og kennslukvikmyndasafni ekki ætluð hlutdeild í honum. Samtímis var haft í huga að ætla kennslukvikmyndasafni svipaða fjárhæð í fjárlögum 1958 og það hefur fengið af skemmtanaskatti að undanförnu. Í stað þessa fellur niður af 22. gr. fjárlagaheimild til að greiða rekstrarhalla þjóðleikhússins, sem notuð hefur verið undanfarið. Þjóðleikhúsið fær nú skv. áðurgreindri lagabreytingu aukna hlutdeild í skemmtanaskatti.

XI. *Styrkir til bókaútgáfu.* Nokkrir liðir, sem eru í núgildandi fjárlögum, falla niður, en til Vísindafélags Íslendinga, til útgáfu rita, hækkar um 10 þús. kr. og inn kemur nýr liður til íslenzka stærðfræðifélagsins 2 500 kr. Liður þessi lækkar í heild um 71 500.

XX. *Til Benjamíns Sigvaldasonar* til ritstarfa hækkar um 3 þús. kr. Styrkur vegna norrænna myndlistarsýninga í Gautaborg, 50 þús. kr., fellur niður.

XXI. *Til Ólafs Þorvaldssonar þingvarðar,* til ritstarfa, er nýr liður, 8 þús. kr.

XXXVI. *Til leiklistarfstarfsemi* lækkar um 8 þús. kr. til Jóns Norðfjörð, og um framlag til Bandalags íslenzkra leikfélaga vegna norrænnar leikheimsóknar 50 þús. kr. Til leikfélags Seyðisfjarðar er nýr liður, 8 þús. kr., og til leikskóla á Akureyri 8 þús. kr.

XXXVIII. *Til tónlistarstarfsemi.* Til Mána Sigurjónssonar, til náms í orgelleik og söngstjórn, er nýr liður 8 þús. kr. 40 þús. kr. til Tónskáldafélagsins, vegna norrænnar tónlistarhátíðar, fellur niður. Sömuleiðis til Valgerðar Þórðardóttur frá Kolviðarhóli 15 þús. kr.

LIX. *Til listasafns Einars Jónssonar.* Þessi liður lækkar um 100 þús. kr. frá fjárlögum nú, þar eð niður fellur til að fullgera girðingu um lóð safnsins.

LXIII. *Til Steinunnar Ólafsdóttur* hækkar um 4 þús. kr.

Eftirtaldir liðir í núgildandi fjárlögum falla niður: LXXV til minnismerkis Þorsteins Erlingssonar, 10 þús. kr., LXXVIII til minnismerkis Jóns Arasonar á Grýtu, 25 þús. kr., og LXXIX til minnismerkis á klausturgrunninum í Þykkvabæ í Álftaveri, 5 þús. kr.

Um 15. gr. B.

I. *Atvinnudeild Háskólans.*

1. *Iðnaðardeild.* Starfsmannahald er óbreytt, en grunnlaun hækka lítillega vegna aldurshækkana. Tekjur af rannsóknum eru áætlaðar 5 þús. kr. hærri en nú er.

2. *Fiskideild.* Grunnlaun hækka um 44 990. Stafar það, auk aldurshækkana,

af því, að á yfirstandandi ári eru einum fiskifræðingi aðeins greidd laun í þrjá mánuði, en nú er gert ráð fyrir honum allt árið. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. með tilliti til reynslu síðasta árs.

3. *Búnaðardeild.* Grunnlaun hækka um 45 166, sem stafar af því, að á núgildandi fjárlögum er gert ráð fyrir launagreiðslum til tveggja búfræðikandidata aðeins hluta úr árinu, en nú allt árið. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr. Annar kostnaður við fjárræktarbúið á Hesti hækkar um 38 þús. kr. Hins vegar fellur niður liðurinn heimtaugargjald 60 þús. kr. Tekjur hækka um 15 þús. kr.

4. *Sameiginlegur kostnaður.* Grunnlaun hækka um 12 300 kr. vegna aldurshækkana. Húsaleiga lækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr. Tekjur frá Happdrætti Háskólans hækka um 100 þús. kr.

II. *Rannsóknarstofa Háskólans.* Grunnlaun hækka um 19 461 vegna aldurshækkana á laun starfsmanna. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr. Tekjur eru óbreyttar.

III. *Til rannsóknarráðs* er óbreytt að öðru leyti en því að við bætist nýr liður, til kjarnfræðinefndar til rannsókna á hagnýtingu kjarnorku, 100 þús. kr. Fjárveiting þessi er í samræmi við þingsályktun frá 8. febr. 1956, um rannsókn á hagnýtingu kjarnorku.

V. *Veðurstofa Íslands.*

1. *Almenn veðurþjónusta.*

A. *Yfirstjórn og skrifstofa.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.

B. *Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli.* Aukavinna hækkar um 41 þús. kr., að nokkru vegna aukavinnu í sumarleyfum. Einn veðurfræðingur tók ekki sumarfrí 1956, en mun gera það 1958. Hér við bætist næturálag aðstoðarmanna, sem ekki var samþykkt fyrr en snemma á þessu ári. Þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 30 þús. kr., vegna fjölgunar athugunarstöðva (Hellu og Búðardal) og fjölgunar næturathugana. Annar kostnaður hækkar um 110 þús. kr., að lang mestu leyti vegna hækkunar á síma- og skeytakostnaði, sem er verulegur kostnaðarliður hjá stofnuninni.

C. *Loftskeytadeild.* Aukavinna hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 9 200 kr.

D. *Veðurfarsdeild.* Annar kostnaður hækkar um 20 500 kr., aðallega vegna hækkunar á leigu á skýrsluvélum og vinnu í því sambandi.

E. *Áhaldadeild.* Annar kostnaður hækkar um 17 500 kr., m. a. vegna útgáfu svonefndrar skýjabókar.

F. *Jarðeðlisfræðideild.* Jarðskjálftamælingar utan Reykjavíkur hækka um 3 þús. kr. og annar kostnaður um 1 500 kr. Til kaupa á jarðskjálftamæli 30 þús. kr. er lokagreiðsla í þessu skyni, en fyrri greiðsla var í fjárlögum 1956.

2. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs.* Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra óbreytta í frumvarpið, þar eð hún er í samræmi við áætlun þá, er send er Alþjóðaflugmálastofnuninni.

VIII. *Til sjómælinga* er óbreytt, nema annar kostnaður, sem hækkar um 25 þús. kr.

IX. *Til húsameistara ríkisins.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi á launaskrá. Annar kostnaður hækkar um 90 þús. kr. og er þá gert ráð fyrir launagreiðslum af þeim lið til eins húsameistara, sem vinnur að teikningu Hallgrímskirkju. Tekjur eru áætlaðar 50 þús. kr. hærri en í núgildandi fjárlögum. Til bifreiðakaupa í núgildandi fjárlögum, 85 þús. kr., fellur niður.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands,* Liðurinn hækkar um 137 þús. kr., vegna þess að tveir ráðunautar, sem áður voru lausamenn, eru nú fastráðnir, og vísitöluhækkunar.

3. *Til greiðslu á kostnaði af starfsemi veiðistjóra.* Liður þessi hækkar um 88 500 kr. vegna nýrra laga um eyðingu refa og minka.

4. *Til búreikningaskrifstofu á vegum Búnaðarfélags Íslands.* Liðurinn hækkar um 12 þús. kr.

5. *Gjöld samkvæmt jarðræktarlögum.* Lögboðinn hluti af kaupi héraðsráðunauta hækkar um 70 þús. kr., sem stafar af fjölgun héraðsráðunauta auk vísitöluhækkunar. Framlög til jarðræktar hækka um 1 millj. kr. og til framræslu um 2.5 millj. kr. vegna vaxandi framkvæmda. Til stjórnar vélasjóðs hækkar um 5 þús. kr. Bætt er við nýjum lið *til kaupa á nýjum skurðgröfum* 350 þús. kr., og og kemur hann í stað 8. töluliðs *til vélasjóðs, til greiðslu skuldar vegna kaupa á skurðgröfum,* sem fellur niður.

9. *Til búfjárræktar samkv. lögum nr. 54/1957.* Á síðasta Alþingi voru samþykkt ný lög um þetta efni.

a. *Nautgriparækt:* Styrkur til nautgriparæktar hækkar um 150 þús. kr. Þar af munu ca. 130 þús. stafa af hinum nýju lögum, en einnig er um að ræða aukna starfsemi. Til verðlauna lækkar um 28 þús. kr. Þessi lækkun stafar af því að sýningar verða að þessu sinni á Vesturlandi, þar sem eru tiltölulega fáar kýr.

b. *Styrkur til sauðfjárkynbótabúa* hækkar um 3 þús. kr. og styrkur til sauðfjárræktarfélaga um 60 þús. kr., sem orsakast af mikilli fjölgun félaganna og af aukinni starfsemi hinna eldri félaga.

c. *Til hrossaræktarsambanda* hækkar um 25 þús. kr. vegna fjölgunar hrossaræktarsambanda. Verðlaunafé hækkar um 6 þús. kr. Til kynbótabúsins á Hólum kr. 12 þús., er aðeins í fjárlögum annað hvort ár. Tveir liðir falla niður, samtals 19 þús. kr.

d. *Til fóðurbirgðafélaga* lækkar um 20 þús. kr.

e. *Rekstrarstyrkur til sæðingarstöðva* hækkar um 125 þús. kr., vegna ákvæða í hinum nýju búfjárræktarlögum um að ríkissjóður greiði ⅓ af launum eins starfsmanns í hverri sæðingarstöð. Stofnstyrkur til sæðingarstöðvar á Suðurlandi, 105 þús. kr., er nýr liður, en sæðingarstöðvar njóta stofnstyrks samkv. hinum nýju lögum.

f. *Til héraðsráðunauta í búfjárrækt* hækkar um 70 þús. kr. vegna þeirra ákvæða hinna nýju laga, að ríkissjóður greiði ½ laun héraðsráðunauta í stað ⅖ hluta áður.

10. *Framlag til búfjártrygginga* lækkar um 40 þús. kr.

12. *Til jarðræktartilrauna:* Rekstrarkostnaður hækkar um 50 þús. kr. og útgáfustarfsemi um 10 þús. kr. Fjárveiting *til kaupa á landi til áveitutilrauna,* 46 þús. kr., fellur niður.

15. *Framlag samkv. lögum nr. 48/1957 um landnám, ræktun og byggingar í sveitum:* Framlag til túnræktar á jörðum, þar sem ræktun er skammt á veg komin hækkar um 1 millj. kr. samkv. 41. gr. laga nr. 48/1957. Hins vegar fellur fjárveiting vegna vangreidds framlags til landnáms, 1 millj. kr., niður.

21. *Til fyrirhleðslu í Steinavötnum* lækkar um 15 þús. kr.

Nokkrir liðir í núgildandi fjárlögum til fyrirhleðslna og sjóvarnargarða falla niður.

28. *Til sandgræðslu.* Miðað er við óbreytt starfsmannahald. Til sandgræðslustöðva hækkar um 100 þús. kr. og ýmis gjöld um 5 þús. kr.

31. *Til skógræktar.* Skrifstofukostnaður hækkar um 8 þús. kr. Að öðru leyti er þessi liður óbreyttur.

34. Veiðimálaskrifstofan. Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr. Þá er tekinn upp nýr liður, 20 þús. kr., til eldistilrauna lax og silungs.

49. tölul. í núgildandi fjárlögum til að *gera fiskveg í Laxá í Vindhælishreppi,* 84 þús. kr., fellur niður.

35. *Kostnaður við eyðingu refa og minka samkv. lögum nr. 52/1957* hækkar um 450 þús. kr. vegna breytinga, sem gerðar voru með hinum nýju lögum.

36. *Til dýralækna.* Liðurinn hækkar um 82 500 kr. vegna þess að gert er ráð fyrir að dýralæknum fjölgi um einn á næsta ári.

39. *Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir.* Liðurinn í heild lækkar um 2 705 þús. kr.

60. töluliður í núgildandi fjárlögum, framlag til Búnaðarfélags Íslands til kaupa á lóð, kr. 350 000, fellur niður. Nýr liður er: *Til ráðningarskrifstofu landbúnaðarins,* kr. 60 þús. Kostnaður við ráðningarskrifstofuna hefur jafnan verið greiddur af 19. gr. fjárlaga, en rétt þykir að taka nú upp fjárveitingu í þessu skyni.

Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags* hækkar um 105 þús. kr. Þar af eru 40 þús. kr. vegna vísitöluhækkunar, 25 þús. kr. vegna hækkunar á skrifstofukostnaði og 40 þús. kr. aukning á framlagi til að safna aflaskýrslum.

8. *Til að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir* hækkar um 200 þús. kr., en í undirbúningi er að gera tilraun með botnvörpuveiði síldar á togara með nýrri gerð síldarvörpu.

11. *Vextir af bráðabirgðalánum síldveiðideildar hlutatryggingarsjóðs* lækkar um 35 þús. kr.

Tveir liðir í núgildandi fjárlögum falla niður, samtals 160 þús. kr.

Um 16. gr. C.

Til iðnalánasjóðs er óbreytt frá fjárlögum nú.

Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík lækkar úr 1 millj. kr. í 900 þús. kr.

Til Baldvins Jónssonar, vegna uppfinningar á dúnhreinsunarvél, 50 þús. kr., fellur niður.

Um 16. gr. D.

Nokkrar smærri breytingar hafa verið gerðar á uppstillingu greinarinnar, og verða þær skýrðar hér á eftir.

I. *Stjórn raforkumála* er óbreytt að öðru leyti en því, að annar kostnaður hækkar um 2 þús. kr.

II. *Til undirbúnings rannsókna og áætlana um nýjar virkjanir.* Á þessa árs fjárlögum er gert ráð fyrir 115 381 kr. fjárveitingu umfram tekjur til þessarar deildar, en nú er lagt til að tekjur og gjöld standist á. Skrifstofukostnaður lækkar um 40 þús. kr. en mælingar og aðstoð hækkar um 1 190 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr. Tekjur hækka um 1 297 þús. kr. þannig að rekstrarhalli hverfur alveg.

III. *Rafmagnsveitur ríkisins.* Vegna fjölgunar veitna hækka gjöldin um 14 342 þús. kr. Tekjurnar hækka einnig um sömu upphæð, þannig að áætlað er, að veiturnar standi sjálfar undir rekstri sínum eins og að undanförnu.

IV. *Vatnamælingar.* Lagt er til að framlag til vatnamælinga hækki úr 160 þús. kr. í 370 þús. kr., en fjárveiting til þessarar starfsemi hefur haldizt óbreytt mörg undanfarin ár. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að kostnaðurinn við þær hefur verið um og yfir 300 þús. kr. Raunin hefur því orðið sú, að fjárveitingu umfram tekjur samkv. II. lið hefur verið varið til vatnamælinga. Er því lagt til, að þessi liður hækki um 210 þús. kr.

VI. *Til virkjunarrannsókna í stórám landsins* er lagt til að hækki um 100 þús. kr.

VIII. *Rafmagnseftirlit ríkisins.* Skrifstofukostnaður hækkar um 80 þús. kr. og ferðakostnaður um 60 þús. kr. Tekjur hækka að sama skapi og standast tekjur og gjöld á eins og áður.

XI. *Jarðboranir og gufuvirkjunarrannsóknir.* Skrifstofukostnaður lækkar um 57 þús. kr. Fjárveiting á núgildandi fjárlögum, rekstrarkostnaður bora 312 þús. kr., fellur niður, þar eð rafmagnsveitur ríkisins hafa nú tekið við þeirri starfsemi,

sem fjárveitingin hefur staðið undir. Einnig falla niður tekjur af þessari starfsemi undir þessum lið. Annar rannsóknarkostnaður hækkar um 175 þús. kr. Fjárveiting í núgildandi fjárlögum til kaupa á jarðbor 1.250 þús. kr. fellur nú niður, þar eð hér var um síðari greiðslu af tveim að ræða. Hins vegar hækkar rekstrarkostnaður jarðbors um 1 450 þús. kr. Gert er ráð fyrir rekstri borsins allt árið 1958, en hann er rekinn sameiginlega af ríki og Reykjavíkurbæ.

Til brennisteinsrannsókna og jarðborana vegna kolarannsókna á Skarðsströnd, í núgildandi fjárlögum 600 þús. kr., fellur niður.

Um 17. gr.

1. *Til bjargráðasjóðs* samkvæmt lögum, hækkar um 6 100 kr. Framlag til sjóðsins er miðað við 2 kr. á hvern mann í landinu.

2. *Til almannatrygginga* hækkar alls um 5.3 millj. kr., sem sundurliðast þannig:

a) *Framlag til lífeyristrygginga* hækkar samkv. áætlun félagsmálaráðuneytisins um 500 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir að heimild til hækkunar elli- og örorkulífeyris samkv. 23. gr. laganna um almannatryggingar verði nýtt að fullu árið 1958.

b) *Framlag til sjúkratrygginga* hækkar um 3.3 millj. kr., vegna hækkaðra iðgjalda, en ríkissjóði ber, skv. 58. gr. laga nr. 24/1956, um almannatryggingar, að greiða þriðjung greiddra iðgjalda til sjúkrasamlaganna. En með þeim lögum var sú breyting gerð, að framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaganna, sem var lögbundið við ákveðið hámark iðgjalda, eða kr. 90 að viðbættri vísitölu, skal nú ekki bundin við ákveðið hámark framvegis, heldur hækka með iðgjöldum, hversu há, sem þau verða.

c) *Framlag til atvinnuleysistrygginga* hækkar um 1.5 millj. kr. vegna vísitölu og fjölgunar fólks á starfsaldri.

3. *Hluti ríkissjóðs af kostnaði við vinnumiðlun samkv. lögum nr. 52/1956* hækkar um 100 þús. kr. Þar sem vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum er ýmist ný hafin eða í undirbúningi, telur félagsmálaráðuneytið ekki unnt að áætla þennan kostnað með neinni vissu, en óvarlegt þykir að áætla hann lægri en hér er gert.

7. *Gamalmennahæli.* Liður þessi er óbreyttur frá fjárlögum nú, að öðru leyti en því að 20 þús. kr. styrkur til vegagerðar til elliheimilisins í Skjaldarvík fellur niður.

9. *Til sambands íslenzkra berklasjúklinga.* Framlag til sambandsins er nú í einu lagi, en var í þessa árs fjárlögum í þrennu lagi. Framlagið í heild er óbreytt.

10. *Til sumardvalarheimila, dagheimila o. s. frv.* hækka um 50 þús. kr., þar eð Rauði Kross Íslands og Vorboðinn hafa stækkað dagheimili sín og einnig er vitað um ný dagheimili úti á landi.

14. *Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi.* Liður þessi lækkar um 3 þús. kr., þar eð styrkur til sambands íslenzkra berklasjúklinga er fluttur á 9. tl.

22. *Til Kvenfélagasambands Íslands* hækkar um 25 þús. kr.

25. *Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga* hækkar um 300 þús. kr., m. a. vegna skulda frá fyrra ári, sem fjárveiting hrökk eigi til að greiða.

26. *Til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna* hækkar um 50 þús. kr.

27. *Til greiðslu á kostnaði við húsnæðismálastofnun, sbr. lög nr. 42/1957,* lækkar um 133 þús. kr.

32. Greiðsla með börnum erlendra manna hækkar um 260 þús. kr. með hliðsjón af reynslu undanfarinna ára.

35. *Til International Labour Organization hækkar um 9 600 kr.*

Eftirtaldir liðir í núgildandi fjárlögum falla niður: Til framkvæmdanefndar alþjóðaskákmóts stúdenta 40 þús. kr. Til kvennaheimilisins Hallveigarstaða 75 þús. kr. Til dvalarheimilis aldraðra sjómanna 250 þús. kr. Til Náttúrulækninga-

félags Íslands 100 þús. kr. Til endurbóta á gufuböðum á Laugarvatni 20 þús. kr. Til Ungverjalandssöfnunar Rauða krossins 250 þús. kr. og til alþjóðaberklarannsókna 69 600 kr.

Um 18. gr.

Greinin í heild hækkar um 2 370 þús. kr., sem stafar af eftirfarandi: 1) hækkun á framlagi samkv. lögum nr. 64/1955 og 66/1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og barnakennara, um 1.7 millj. kr. Hækkun þessi virðist vera vegna of lágrar áætlunar á síðasta ári og einnig hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til breytinga á launalögunum til hækkunar. 2) 800 þús. kr. hækkun á framlagi ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri, og er hér einnig um of lága áætlun að ræða á fyrra ári. Nokkrir liðir til einstakra manna ýmist lækka eða falla niður.

Um 19. gr.

1. *Til dýrtíðarráðstafana.* Gert er ráð fyrir sama niðurgreiðslugrundvelli og nú, og er liðurinn áætlaður 105 millj. kr., en er í gildandi fjárlögum 84.1 millj. Hækkun er því 20.9 millj. kr. Um helmingur þessarar hækkunar stafar af því, að niðurgreiðslur á yfirstandandi ári verða líklega um 11 millj. kr. hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Veldur því bæði, að ríkisstjórnin hefur ákveðið auknar niðurgreiðslur á nokkrum vörum til að halda verðlagi niðri, svo og það, að niðurgreiðslur á kartöflum verða 4—5 millj. kr. hærri í ár en landbúnaðarráðuneytið áætlaði, er fjárlög voru samin. Um 10 millj. kr. af hækkuninni stafa svo aftur af tvennu: Annars vegar því, að niðurgreiðslur á kartöflum verða á næsta ári sýnilega meiri en nokkru sinni fyrr, eða um 13.5 millj. alls, en það er 4—5 millj. kr. hærra en á yfirstandandi ári, hins vegar verður svo þrátt fyrir óbreyttar niðurgreiðslur á einingu að gera ráð fyrir nokkuð aukinni neyzlu á næsta ári, að mestu vegna árlegrar fjölgunar fólks í landinu. Samkvæmt tillögum frá hlutaðeigandi ráðuneytum eru niðurgreiðslur á næsta ári áætlaðar á hverja vörutegund sem hér segir:

1. Mjólk og mjólkurvörur (aðrar en smjör)	46 686	þús.
2. Smjör	17 902	—
3. Kindakjöt	13 180	—
4. Smjörlíki	8 450	—
5. Fiskur	3 500	—
6. Kartöflur	13 500	—
	103 218	þús.
Ófyrirséð	1 782	—
	105 000	þús.

2. *Óviss útgjöld* eru hér áætluð 3 millj. kr. eða 500 þús. kr. hærri en í gildandi fjárlögum.

Um 20. gr.

Inn: Óbreytt frá gildandi fjárlögum.

Út:

I. *Afborganir af lánum ríkissjóðs* hækka um 2 708 þús. kr. og eru taldar nema 12 761 759 kr. Þessi fjárhæð er sundurliðuð á bls. 84—86. Afborganir af lánum landssímans hækka um 1 millj. kr.

II. *Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum.* Lagt er til að liðurinn hækki frá gildandi fjárlögum um 2 millj. kr., og verði 20 millj. kr.

III. *Til eignaaukningar landssímans* eru áætlaðar 7 880 þús. kr., sem er 1 570 þús. kr. lægra en í fjárlögum nú.

VII. *Til sementsverksmiðju* er óbreytt frá gildandi fjárlögum, 1 millj. kr.

IX. *Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða* er áætlað 1.7 millj. kr., sem er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

X. *Til byggingar radiomiðunarstöðvar á Garðskaga* er áætlað 120 þús. kr., og er það óbreytt frá fjárlögum nú.

XXV. *Til byggingar stjórnarráðshúss* lækkar úr 2 millj. kr. í 1 millj. kr.

XXVII. *Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna* er nýr liður, 360 þús. kr., í samræmi við ákvæði laga frá síðasta Alþingi um þetta efni, en þar er gert ráð fyrir, að ríkissjóður láti á næstu árum reisa nokkra embættisbústaði fyrir héraðsdýralækna.

Nokkrir liðir í gildandi fjárlögum falla nú niður, en aðrir, sem ekki er sérstaklega getið, lækka yfirleitt um 10%.

Um 22. gr.

XIII. Farið er fram á 4.8 millj. kr. ábyrgðarheimild. Þar er eingöngu um að ræða nauðsynlega heimild til að ljúka viðgerðum á þeim bátum, sem þegar hafa verið teknir fyrir, en ekki er gert ráð fyrir nýjum ábyrgðum. Verður að athuga þetta mál gaumgæfilega við meðferð frumvarpsins á Alþingi, og eftir hvaða leiðum telst fært að ríkissjóður hlaupi hér undir bagga framvegis.

XXXII. Ein hin allra mikilvægasta endurbót í framkvæmd hafnarmála, væri sú, að vitamálastjórnin eignaðist sanddæluskip. Bíða óleyst fjölmörg verkefni, sem ógerlegt er að leysa nema ráð séu á slíku skipi. Fyrir því er farið fram á heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa slíkt skip, ef viðunandi samningar nást.

Starfsmannaskrá ríkisins í frumvarpi til fjárlaga 1958.

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Póstmálaskrifstofan:**			
	Póst- og símamálastjóri (½ laun)	1	II.	kr. 27 600
	Skrifstofustjóri	1	V.	— 43 800
	Póstmálafulltrúi	1	VI.	— 36 831
	Aðalbókari	1	VII.	— 37 800
	Fulltrúar	4	VIII.—IX.	— 139 200
	Bókarar	2	X.	— 56 550
	Ritari	1	XIII.	— 22 200
		11		kr. 363 981
	Póststofan í Reykjavík:			
	Póstmeistari	1	VI.	kr. 40 200
	Deildarstjórar	3	VII.	— 113 400
	Aðalféhirðir	1	VI.	— 37 800
	Varðstjórar	3	VIII.	— 106 200
	Póstfulltrúar og póstafgreiðslumenn ...	52	IX.—X.	— 1 681 200
	Ritari	1	XIII.	— 23 700
	Bréfberar	42	XII.	— 1 065 900
	Húsvörður	1	XII.	— 26 100
	Bifreiðarstjórar	2	XI.	— 57 000
		106		kr. 3 151 500
	Póststofan á Akureyri:			
	Póstmeistari	1	VII.	kr. 37 800
	Fulltrúar	3	VIII.—IX.	— 101 400
	Póstafgreiðslumenn	2	IX.—X.	— 63 900
	Bréfberi	1	XII.	— 26 100
	Póstsendlar	2	U.	— 38 400
	Umsamin aukagr. póstm.			— 4 500
		9		kr. 272 100
	Póstafgreiðslan á Ísafirði:			
	Fulltrúi	1	VIII.	kr. 35 400
	Póstafgreiðslumenn	2	X.—XII.	— 55 200
	Bréfberi	1	XII.	— 26 100
		4		kr. 116 700
	Póstafgreiðslan á Seyðisfirði:			
	Póstafgreiðslumaður	1	XII.	kr. 26 100
	Bréfberi	1	U.	— 12 000
	Aukaaðstoð			— 13 125
		2		kr. 51 225

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Póstafgreiðslan á Siglufirði:**			
	Fulltrúi	1	VIII.	kr. 35 400
	Póstafgreiðslumenn	2	X.	— 61 800
	Bréfberi	1	XII.	— 22 500
		4		kr. 119 700
	Póstafgreiðslan í Vestmannaeyjum:			
	Póstfulltrúi	1	VIII.	kr. 35 400
	Afgreiðslumenn	2	XIV.	— 37 800
	Bréfberar	2	XII.	— 46 800
		5		kr. 120 000
	Landssíminn:			
	Aðalskrifstofan:			
	Póst- og símamálastjóri (½ laun)		II.	kr. 27 600
	Skrifstofustjóri	1	V.	— 43 800
	Aðalgjaldkeri	1	VII.	— 37 800
	Aðalbókari	1	VII.	— 37 800
	Yfirverkfræðingar	2	V.	— 87 600
	Verkfræðingar	5	U.	— 185 650
	Yfirteiknari	1	IX.	— 33 000
	Teiknarar	2	X.	— 61 800
	Fulltrúar	13	VIII.—IX.	— 450 600
	Bókarar	9	X.—XI.	— 273 300
	Ritarar	2	XIII.	— 47 400
	Sendlar	2	U.	— 23 700
		39		kr. 1 310 050
	Ritsímastöðin í Reykjavík:			
	Ritsímastjóri	1	VI.	kr. 40 200
	Varðstjórar	9	VIII.—XI.	— 293 400
	Fulltrúar	2	VIII.—IX.	— 68 400
	Símritarar	11	IX.—X.	— 351 600
	Bókarar	10	XI.	— 285 000
	Aðstoðarmenn	3	X.—XI.	— 83 700
	Skeytaskrásetjarar	2	XI.	— 57 000
	Ritarar	3	XIII.	— 65 800
	Talsímakonur	64	XII.—XIII.	— 1 450 200
	Sendimenn	10	XI.—XII.	— 261 900
	Sendisveinar	9	U.	— 94 200
	Aðstoðarnæturvarzla		U.	— 14 208
	Eftirlitsstúlkur	2	XI.	— 57 000
	Næturvörður	1	XI.	— 28 500
		127		kr. 3 151 108

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Bæjarsími Rvíkur og Hafnarfjarðar:**			
	Bæjarsímastjóri	1	VI.	kr. 40 200
	Verkfræðingur	1	U.	— 45 480
	Innheimtugjaldkeri	1	VIII.	— 35 400
	Umsjónarmaður	1	VII.	— 37 800
	Símafræðingur	1	VII.	— 37 800
	Símstjóri í Hafnarfirði	1	VIII.	— 35 400
	Fulltrúar	8	VIII.—IX.	— 278 400
	Verkstjórar	6	VIII.—IX.	— 208 800
	Símvirkjar og símv.stjórar	14	IX.—X.	— 437 775
	Bókarar	7	X.—XI.	— 204 300
	Iðnaðarmenn	2	X.	— 61 800
	Næturvörður	1	XI.	— 28 500
	Aðstoðarmenn	3	X.	— 90 300
	Teiknarar	2	X.	— 60 000
	Línuverkstjórar	2	X.	— 61 800
	Línumenn	26	XI.	— 741 000
	Ritarar	6	XIII.—XIV.	— 115 700
	Talsímakonur	5	XII.—XIII.	— 117 600
	Símvirkjanemar	7	U.	— 159 250
	Sendisveinar			— 14 400
	Næturvarzla og lausamenn		U.	— 47 520
		95		kr. 2 859 225
	Loftskeytastöðin í Reykjavík:			
	Varðstjóri	1	VIII.	kr. 35 400
	Loftskeytamenn	4	IX.	— 132 000
	Ritarar	2	XIII.	— 47 400
		7		kr. 214 800
	Stuttbylgjustöðin:			
	Fulltrúi (½ laun)	1	VII.	kr. 18 900
	Varðstjórar	2	VIII.	— 70 800
	Símvirkjar	3	IX.—X.	— 111 300
	Loftskeytamaður	1	X.	— 30 900
	Símritarar	2	IX.—X.	— 63 900
	Bókari	1	XI.	— 28 500
	Fjarritari	1	XIII.	— 23 700
		11		kr. 348 000
	Radíóverkstæðið:			
	Verkstjórar	2	VIII.—IX.	kr. 68 400
	Símvirkjar	12	X.	— 370 800
	Iðnaðarmenn	3	X.—XII.	— 87 900
	Fulltrúar	3	VIII.—IX.	— 101 400
	Bókari	1	X.	— 30 900
	Línumaður	1	X.	— 30 900
		22		kr. 690 300

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Radíóeftirlit Landssímans:**			
	Eftirlitsmaður	1	VIII.	kr. 35 400
	Fulltrúi	1	IX.	— 33 000
		2		kr. 68 400
	Birgðahúsið:			
	Birgðastjóri	1	VII.	kr. 37 800
	Efnisverðir	2	IX.—X.	— 63 900
	Bókari	1	X.	— 30 900
	Aðstoðarmaður	1	XI.	— 28 500
	Verkstjóri	1	X.	— 30 900
	Bílstjóri	1	XI.	— 28 500
	Línumaður	1	XI.	— 28 500
		8		kr. 249 000
	Viðhald símanna:			
	Símaverkfræðingur	1	VII.	kr. 37 800
	Fulltrúi	1	VIII.	— 35 400
	Línuverkstjórar	9	X.	— 278 100
	Bifreiðaeftirlitsmaður	1	X.	— 30 900
	Línumenn	11	XI.	— 313 500
	Bifreiðastjóri	1	XI.	— 28 500
	Aðstoðarmaður	1	X.	— 30 900
	Símritari	1	IX.	— 33 000
	Símvirkjaverkstjóri	1	VIII.	— 35 400
		27		kr. 823 500
	Viðbót og viðhald stöðva:			
	Símvirkjaverkstjóri	1	VIII.	kr. 35 400
	Símvirki	1	X.	— 30 900
		2		kr. 66 300
	Radíóflugþjónustan:			
	Fulltrúi (½ laun)		VII.	kr. 18 900
	Varðstjórar	5	VIII.	— 177 000
	Loftskeytamenn	15	X.	— 438 600
	Iðnaðarmenn	2	X.	— 61 800
	Símritarar	16	IX.—X.	— 512 250
	Fjarritarar	10	XIII.	— 208 800
		48		kr. 1 417 350
	Rjúpnahæðarstöðin:			
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	kr. 35 400
	Loftskeytamaður	1	X.	— 30 900
	Símvirkjar	9	IX.—X.	— 288 600
	Iðnaðarmenn	2	X.	— 61 800
		13		kr. 416 700

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Aðrar deildir:**			
	Fulltrúar	2	VIII.	kr. 70 800
	Iðnaðarmenn	3	X.	— 92 700
	Símvirkjar	4	IX.—X.	— 125 700
	Húsvörður	1	XII.	— 26 100
	Lyftuverðir	2	XIV.	— 40 200
	Línumenn	3	XI.	— 85 500
		15		kr. 441 000
	Loranstöðin í Vík:			
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	kr. 35 400
	Tímaverðir	4	XII.	— 104 400
	Vélgæzlumaður	1	X.	— 30 900
	Símvirkjar	4	IX.—X.	— 127 800
		10		kr. 298 500
	Símstöðin á Akureyri:			
	Umdæmisstjóri	1	VII.	kr. 37 800
	Varðstjórar	3	VIII.—XI.	— 92 400
	Fulltrúi	1	IX.	— 33 000
	Símvirkjar	2	IX.—X.	— 63 900
	Fjarritari	1	XIII.	— 23 700
	Símritari	1	IX.	— 33 000
	Talsímakonur	21	XII.—XIII.	— 483 200
	Næturvörður	1	XI.	— 28 500
	Sendisveinar	2	U.	— 30 900
		33		kr. 826 400
	Símastöðin í Hrútafirði:			
   Dagverðarnesvegur: Af þjóðveginum við Fábeinsá að Dagverðarnesi.
3. B. 73 orðist svo:
   Hjarðarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi innan Búðardals um Hjarðarholt, norðan Laxár í Dölum að Sámsstöðum.

Nd. 12. Frumvarp til laga [10. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Skógarkot í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Óskari Hjartarsyni á Grjóteyri í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðina Skógarkot í Andakílshreppi.

2. gr.

Verð jarðarinnar skal ákveðið af dómkvöddum mönnum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skógarkot er eyðijörð, húsalaust fylgikot með Hvanneyri. Halldór Vilhjálmsson skólastjóri notaði jörðina endrum og eins til beitar fyrir hross að sumri til, sem þó gengu aðallega á annarra landi. Runólfur Sveinsson skólastjóri mun hafa notað hana eitt sumar á sama hátt. Núverandi skólastjóri á Hvanneyri mun hins vegar aldrei hafa notfært sér land þetta. Skógarkot liggur sem tunga inn í Grjóteyrarland. Er það um 1600 m að lengd og um 400 m að breidd eða um 64 ha. Fasteignamat er kr. 1200.00. Landið er vegna stærðar og legu ónothæft fyrir aðra en Grjóteyrarbóndann og aðeins til beitar og því eðlilegast, að hann fái jörðina keypta.

Ed. 13. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Framan við a-lið 1. gr. bætist nýir stafliðir:

1. A. 21 orðist svo:
   Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Minni-Borg, um Sólheima, Kringlu og Bjarnastaði, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
2. Á eftir A. 30 koma tveir nýir liðir:
   a. *Skarðsvegur:* Af Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.
   b. *Laxárdalsvegur:* Af Gnúpverjavegi neðan Hamarsheiðar, hjá Mástungum og Skáldabúðum, að Laxárdal.

Nd. 14. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Upphaf 10. gr. laganna orðist svo (og breytist stafliðir greinarinnar í samræmi við það):

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Atvinnutekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar og ekki eru orlofsskyldar. Atvinnurekendum skal skylt að láta skattyfirvöldunum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna þeirra falli undir þetta ákvæði. Einnig skulu launþegar gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hvort einhver hluti tekna þeirra, og þá hvað mikill, eigi að falla undir þetta ákvæði.

Ráðherra ákveður í reglugerð til hverra starfa ákvæði þetta taki, og skal þá við það miðað, að einungis bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa heyri undir þetta ákvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta hefur verið flutt á undanförnum þingum, en ekki hlotið afgreiðslu til þessa.

Við flutningsmenn teljum, að hér sé um réttlætismál að ræða, sem öll rök hnígi að að samþykkt verði, og því er það enn flutt hér.

Það er alkunna, að þegar mikið berst að af sjávarafla, þá er unnið að verkun hans miklum mun lengur en venja er um aðra vinnu, en verðmæti aflans mundi spillast, ef menn miðuðu lengd vinnudagsins við það, sem þeim hætti hóflegt, en ekki við nauðsynina á því að forða verðmætum undan skemmdum. Það má auk þess segja að minnsta kosti um þann þátt fiskverkunarinnar, sem fram fer að vetrarlagi, að fæstir munu sækjast eftir þeirri atvinnu vikum saman svo lengi á degi hverjum, að jafngildi tveimur eða hálfum þriðja venjulegum vinnudegi, eins og oft tíðkast þó í aflahrotum.

Þjóðfélagið hlýtur að viðurkenna nauðsynina á því að fá notið þeirra verðmæta, sem við vinnu þessa eru sköpuð, ella hefðu Íslendingar vafalaust tekið upp þann hátt, sem víða tíðkast í öðrum menningarlöndum, að reisa með löggjöf skorður við hóflausri yfirvinnu, en það er nú víða talinn sjálfsagður liður í almennri heilsuvernd. Við okkar staðhætti hlyti slík takmörkun að minnka framleiðsluna eða spilla verðgildi hennar.

En þótt þegnar þessa þjóðfélags njóti ekki þeirrar verndar gegn óhóflega löngum vinnudegi, sem æskilegt væri, þá ætti þjóðfélagið að geta látið hjá líða að notfæra sér þann launaávinning, sem verkalýðshreyfingin hefur samið um fyrir slíka yfirvinnu, til hömlulausrar skattheimtu, og liggur þá beinast við að leysa launauppbót fyrir óhjákvæmilega yfirvinnu í þágu útflutningsframleiðslunnar undan skattlagningu.

Í frumvarpinu er ekki lagt til, að yfirvinnan verði að öllu leyst undan skattskyldu, heldur aðeins sá hluti kaupgreiðslunnar, sem er umfram venjulegt dagvinnukaup. Væri þá samræmi fengið milli orlofslaga og skattalaga að því er þessa vinnu varðar, því að ekki er skylt að greiða orlof á yfirvinnuna, nema sem dagvinna væri.

Afgreiðsla Alþingis á þessu máli er sýnu brýnni nú en áður, þar eð fyrirsjáanlegt er, að til þess hlýtur að koma, að verkalýðssamtökin hætta að leyfa takmarkalausa yfirvinnu, sem sökum skatts og útsvars aðeins hafnar lítið gjald fyrir hjá því fólki, sem leggur nótt með degi í það erfiði, sem þarf til að gera verðmæta vöru úr sjávaraflanum.

Sþ. 15. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um varnir gegn brunatjóni.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar fara fram ýtarlega rannsókn færustu manna á orsökum hinna tíðu eldsvoða, sem valdið hafa miklu tjóni á atvinnutækjum þjóðarinnar, og gera hverjar þær ráðstafanir sem þurfa þykir til að draga úr eldhættu í atvinnufyrirtækjum.

Greinargerð.

Það hefur vakið ugg landsmanna, hversu tíð brunatjón hafa orðið á ýmsum atvinnutækjum síðustu ár, sérstaklega á frystihúsum, netagerðum, mjölverksmiðjum og bifreiðaverkstæðum. Hver eldsvoðinn á fætur öðrum hefur eyðilagt nauðsynleg og dýr mannvirki og valdið milljónatjóni.

Samkvæmt upplýsingum, sem flutningsmaður hefur aflað sér, er áætlað, að íslenzk tryggingarfélög hafi á árinu 1956 greitt yfir 17 milljónir króna fyrir brunatjón ýmiss konar, og voru mörg hin stærstu á atvinnutækjum. Á líðandi ári verður þessi upphæð án efa verulega hærri, þar sem fjögur stór atvinnufyrirtæki, frystihús í Tálknafirði, á Akranesi og í Keflavík og nótastöð á Siglufirði, hafa brunnið, og er tjón á þessum fjórum stöðum einum áætlað 10—12 milljónir króna. Við þetta bætist að sjálfsögðu mikið vinnslutjón, og fara þar sennilega milljónaverðmæti forgörðum.

Flest þau verðmæti, sem brunnið hafa og brunnið geta, eru að vísu tryggð og að verulegu leyti endurtryggð erlendis. En þess ber að minnast, að iðgjöld trygginga hljóta að ákveðast eftir brunahættu og reynslu af tryggingum á hverjum stað. Hin mikla aukning, sem orðið hefur á brunatjóni hérlendis, hlýtur því, ef ekki verður spyrnt við fæti, að draga á eftir sér hærri endurtryggingaiðgjöld, sem aðeins er hægt að greiða með hærri brunatryggingaiðgjöldum innanlands. Þannig geta nokkrir eldsvoðar orðið til þess að auka rekstrarkotnað nálega allra atvinnutækja í landinu með hækkuðum tryggingakostnaði.

Það er að vísu erfitt að forðast eldinn, en með nútíma kunnáttu og tækni hlýtur að vera hægt að draga miklu meira úr eldhættu í atvinnufyrirtækjum en hér hefur enn verið gert. Það er von flutningsmanns, að ýtarleg rannsókn á þessu máli geti leitt til einhverra þeirra ráðstafana, er verulega dragi úr eldhættu í þeim atvinnufyrirtækjum, sem þjóðin byggir afkomu sína á.

Ed. 16. Frumvarp til laga [13. mál]

um refsingar fyrir landhelgisbrot.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5 18. maí 1920, og lögum um rétt til fiskveiða í landhelgi, nr. 33 19. júní 1922, með síðari breytingum, skal miða við gullkrónur og ákveða í dómnum eða sættinni jafngildi þeirra í íslenzkum krónum eftir gengi þann dag, sem sektin er ákveðin. Þá skal enn fremur við fyrsta brot gegn nefndum lögum og lögum nr. 45 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, með síðari breytingum, svipta skipstjóra réttindum til skipstjórnar á íslenzkum skipum um eins árs skeið, en verði hann aftur brotlegur, skal hann missa skipstjóraréttindi ævilangt.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4 frá 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá einu breytingu frá gildandi lögum, að auk sekta fyrir landhelgisbrot skuli svipta skipstjóra, sem sekur verður um landhelgisbrot, rétti til skipstjórnar á íslenzkum skipum um eins árs skeið við fyrsta brot, en ævilangt, ef um ítrekað brot er að ræða.

Hér eru svo stórfelldir hagsmunir í húfi fyrir alla íslenzku þjóðina, að ríkar ástæður eru til þess að taka hart á þeim mönnum, sem að yfirlögðu ráði brjóta landhelgislöggjöfina.

Verður að telja rétt, að þeir menn séu teknir úr umferð, sem gera sér það að féþúfu að stunda eins konar rányrkju og rýra með henni afkomumöguleika komandi kynslóða.

Sþ. 17. Fyrirspurn [14. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd skyldusparnaðar.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Hver er ástæða þess, að svo mjög hefur dregizt að setja reglugerð um skyldusparnað ungs fólks samkvæmt III. kafla laga nr. 42 frá 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.?

Nd. 18. Frumvarp til laga [15. mál]

um jarðhita.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

I. KAFLI

Um rétt landeiganda til umráða og hagnýtingar jarðhita.

1. gr.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum, sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hveri og laugar á landareign sinni eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, búrekstrar og annars, sbr. þó 4. gr. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli úr þeim í þessu skyni, hlaða bakka um þau, gera garða um þau og ræsa fram ofan jarðar og neðan, sbr. þó 54. gr. Landeiganda er rétt að bora á landareign sinni eftir jarðhita, þó eigi dýpra en 100 metra, sbr. 8. gr., né nær landamerkjum en 200 metra, sbr. 3. gr., og hagnýta sér á sama hátt jarðhita þann, sem fæst við þá borun.

3. gr.

Nú vill landeigandi bora eftir jarðhita í landareign sinni nær landamerkjum en 200 metra, og skal þá um þá borun og hagnýtingu jarðhitans fara samkvæmt ákvæðum 4. gr. um hver eða laug, sem liggur svo í landareign tveggja eða fleiri, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er.

4. gr.

Nú liggja landamerki um hvera- eða laugasvæði þannig, að einhver hluti hvera eða lauga liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, en annar eða einhver jarðeigenda vill hagnýta hvera- eða laugaorku, sem sameiginleg er, og skal hann þá bjóða hinum að vera með í mannvirkjagerð og nota hveraorkuna að réttri tiltölu. Nú verða þeir á þessa skipun sáttir, en skilur á um framkvæmd verksins, skiptingu kostnaðar eða orkunot, og skal þá skera úr með mati.

Nú vill annar eða einhver jarðeigenda ekki taka þátt í mannvirkjagerð til hagnýtingar hvera- eða laugaorku, sem er sameiginleg, og getur hinn eða hinir þá fengið leyfi ráðherra til að framkvæma verkið og nota hveraorkuna, en haga skal mann-

virkjum þannig, að þeim, sem ekki tekur þátt í verkinu, sé eigi um nauðsyn fram torveldað að hagnýta sér síðar þann hluta orkunnar, sem hann á tilkall til. Meðan hann notar ekki hveraorku þá, sem hann á tilkall til, má sá, er mannvirkin gerði, hagnýta sér hana án endurgjalds. Nú hagnýtir sá, er ekki tók þátt í mannvirkjagerð, sér síðar hveraorkuna og nýtir til þess mannvirkin að einhverju leyti, og skal hann þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldskostnaði eftir mati, nema um semjist.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir að öðru leyti um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

5. gr.

Leyfi til jarðborunar samkvæmt 3. og 4. gr. bindur ráðherra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, til varnar gegn því, að borun spilli hagnýtingu jarðhita, sem hafin er, eða skilyrðum til hagnýtingar jarðhita síðar meir, og synjar um leyfi, ef líkur eru til, að borun valdi verulegu tjóni.

Tjón, er verða kann af borun, sbr. 1. málsgr., er þeim, sem lætur bora, skylt að bæta eftir mati, nema um semjist.

6. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar hveraorku í jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför landseta að innleysa þau mannvirki, er ábúandi hefur gert til hagnýtingar hveraorku, önnur en þau, sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

7. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um kaup á slíkum réttindum fer sem um landkaup.

Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, þó þannig, að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt, að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

Nú hefur sveitarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur innan 5 ára frá því, er kaup voru gerð, og skal þá ríkissjóður eiga fyrsta forkaupsrétt, er svo stendur á.

II. KAFLI

Um rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita.

8. gr.

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr.

9. gr.

Engum er heimilt að bora eftir jarðhita niður fyrir 100 metra dýpi né ráðstafa eða hagnýta jarðhita, sem fæst við slíka borun, nema leyfi ráðherra komi til, sbr. III. kafla þessara laga.

10. gr.

Ríkið hefur rétt til að láta rannsaka jarðhita með borunum og á annan hátt, hvar sem er á landi hér.

11. gr.

Ríkið hefur rétt til að bora eftir jarðhita hvar sem er á landi hér og hagnýta þann jarðhita, sem fæst við slíka borun úr meira dýpi en 100 metra.

12. gr.

Ráðherra getur, að fullnægðum þeim skilyrðum, er segir í III. kafla laga þessara, veitt einstaklingum, félagssamtökum eða sveitarfélögum leyfi til að bora eftir jarðhita, sem eignarráð einstaklinga taka eigi til, sbr. I. kafla.

13. gr.

Nú notar ríki eða leyfishafi rétt sinn samkvæmt greinunum hér á undan, og er þá landeigendum og leiguliðum skylt að þola öll mannvirki, er af hagnýtingu jarðhitans leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hvers konar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna borunar og rannsóknar og vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og rekstrar, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

III. KAFLI

Um leyfi til jarðborunar og til hagnýtingar jarðhita úr borholum, sem dýpri eru en 100 metrar.

14. gr.

Sá, er tekið hefur jarðhita í notkun fyrir 1. janúar 1958, skal hafa rétt til notkunar þess jarðhita áfram, án sérstaks leyfis ráðherra. Jafnframt skal hann eiga forgangsrétt að leyfi til borunar eftir jarðhita og hagnýtingar hans til nauðsynlegrar endurnýjunar og aukningar þess fyrirtækis, sem hagnýtir jarðhitann, og skal í þeirri leyfisveitingu tekið tillit til framtíðarþarfa fyrirtækisins á þann hátt, er ráðherra, að fenginni umsögn jarðhitadeildar, telur við eiga. Um slík leyfi gilda að öðru leyti ákvæði þessara laga um önnur leyfi til hagnýtingar jarðhita, eins og við getur átt.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita, en ekki tekið hann í notkun fyrir 1. janúar 1958, á eigi forgangsrétt til framhaldsborunar eða til hagnýtingar jarðhitans, en sé umsókn hans um leyfi til þessa synjað, er ríkinu skylt að greiða honum kostnaðarverð borunarinnar, enda verður ríkið þá einnig eigandi að borholunum. Séu borholurnar eldri en 8 ára, þegar hann sækir um leyfið, er ríkinu þó ekki skylt að kaupa þær.

15. gr.

Hver sá, er óskar leyfis ráðherra til hagnýtingar jarðhita, skal senda umsókn sína um það til jarðhitadeildar og láta fylgja upplýsingar um þau atriði, er hér segir:

1. Nafn og heimili umsækjanda.
2. Skýrt frá því, til hvers umsækjandi hyggst nota jarðhitann.
3. Hvar hugsað er að taka jarðhitann og hve mikið magn, lýsing á aðstöðu og tilgreind stærð og mörk þess lands, sem óskað er leyfis til að bora á, ef um það er að ræða.
4. Lýsing á öllu fyrirtækinu, jarðborunum, jarðhitaveitu, iðjuverum, samgönguvirkjum o. fl., eftir því hvað gera á. Uppdrættir skulu fylgja, er sýni, hvar og hvernig hugsað er að reisa öll mannvirkin. Skýrt frá því, hversu mikillar gufu og heits vatns eða lofttegunda og annarra efna, er um það er að ræða, er þörf og hvernig hagnýtingu þeirra er háttað; hvort og þá hve mikið og hvenær hugsað er að stækka hagnýtingarmannvirkin síðar meir.
5. Lýst þeim landspildum, sem umsækjandi telur sig þurfa til afnota við hagnýtingarmannvirkin, þær sýndar á uppdrættinum og eigendur þeirra nefndir, ef aðrir eru en umsækjandi.
6. Hvenær umsækjandi telur sér fært að hafa til fullnaðaruppdrætti og fullnaðaráætlun.
7. Hvenær hann telur sér fært að byrja á mannvirkjunum og hvenær að hafa þau fullgerð.
8. Áætlun um það, hvað öll mannvirkin muni kosta.
9. Hvort umsækjandi hefur ráð á öllu því fé, sem með þarf; ef ekki, þá hvernig hann hyggst afla þess fjár, sem á vantar, og hverjar líkur eru til, að það muni takast.

10. Ef umsóknin er send fyrir hönd einhvers félags eða stofnunar, skal tilgreina nöfn stjórnenda og framkvæmdastjóra, heimilisfang félagsins og varnarþing og láta fylgja lög þess.

Ráðherra getur, ef þurfa þykir, heimtað af umsækjanda hvers konar nánari eða frekari upplýsingar.

Ráðherra er heimilt að veita umsækjanda undanþágu frá þeim ákvæðum þessarar greinar, sem mundu baka honum tiltölulega of mikinn kostnað og fyrirhöfn, ef varmaorka sú, sem leyft er að hagnýta, fer ekki fram úr 1000 kg°/sek., miðað við hitastig yfir 25° C.

16. gr.

Nú eru mælingar, frumdrættir og áætlanir umsækjanda ekki svo nákvæmar, að ráðherra telji gerlegt að ráða málinu til lykta, en ýtarlegri rannsókn jarðhitans og allra staðhátta, svo sem t. d. með jarðborunum, mundi baka umsækjanda mjög mikinn kostnað, og getur þá ráðherra veitt honum rannsóknar- og borunarleyfi, sem jafnframt veiti honum forgangsrétt, ef til kemur, að ráðherra veiti leyfi til þeirrar hagnýtingar jarðhitans, sem umsækjandi sótti um.

Slík rannsóknar- og borunarleyfi skal eigi veita til lengri tíma en 2 ára. Forgangsréttur til hagnýtingar fellur niður um leið og rannsóknarleyfi.

17. gr.

Nú óskar sveitarstjórn að taka jarðhita í notkun til hitaveitu til almenningsþarfa, og skal hún þá hafa forgangsrétt að leyfi til hagnýtingar jarðhita, er fullnægi almenningsþörfum í umdæmi hennar.

18. gr.

Áður en leyfi er veitt til jarðborunar, skal jarðhitadeild rannsaka og dæma um það, hvort og hve miklar líkur eru til þess, að hin fyrirhugaða borun kunni að spilla skilyrðum til hagnýtingar jarðhita, svo sem þannig, að dragi úr magni gufu eða heits vatns í borholum, sem þegar hafa verið boraðar, eða spilli hagnýtingu jarðhita, sem þegar er hafin, eða skilyrðum til hagnýtingar síðar meir.

Ef verulegar líkur eru til þess, að borunin muni spilla hagnýtingu jarðhita, sem þegar er hafin eða leyfð hefur verið, og verðmæti þeirrar hagnýtingar, sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu borun, er ekki til muna meira en tjón það, er af getur hlotizt, skal synja um leyfi til jarðborunarinnar. Leyfið skal ekki heldur veita, ef líkur eru til, að með hinni fyrirhuguðu borun sé spillt skilyrðum til hagnýtingar jarðhita síðar meir, þótt eigi sé hún hafin eða leyfi veitt til hennar, ef verðmæti þessarar hagnýtingar jarðhita er til muna meira en þeirrar, sem stefnt er að með boruninni.

19. gr.

Í leyfi til hagnýtingar jarðhita skal greina þessi atriði, eftir því sem við eiga:

1. Nafn og heimili umsækjanda.
2. Leyfistíminn tiltekinn, en hann má aldrei vera lengri en 50 ár.
3. Skilgreint, til hvers konar hagnýtingar jarðhitaleyfi er veitt.
4. Tiltekið, hversu mikið magn af gufu, heitu vatni eða lofttegundum og öðrum efnum leyfið veitir heimild til að hagnýta hið mesta.
5. Tekið fram, hvort í hagnýtingarleyfinu er fólgið leyfi til borunar eftir jarðhita þeim, er hagnýta skal, og þá að fullu gerð grein fyrir því, að hvaða landssvæði heimilt er að bora, en ella tilgreint, hvar taka megi gufu þá, heitt vatn eða lofttegundir og önnur efni, sem leyfið veitir heimild til að hagnýta.
6. Því lýst greinilega, hvar og hve stór þau mannvirki eru, sem leyfið heimilar að koma upp, halda við og hagnýta, og vísað til uppdrátta, landabréfa eða frumdrátta, sem ráðherra hefur samþykkt, þar sem sjá má legu og stærð virkjananna; má festa afrit af þeim við leyfisbréfið.

7. Tekið fram, hvernig ákveða á árgjald það, er greiða ber af leyfinu, sbr. 24. gr.
8. Hvenær leyfishafi skuli byrja á virkjunum í síðasta lagi, og skal sá frestur ekki vera lengri en 2 ár frá dagsetningu leyfis.
9. Hvenær öll virkin skulu fullgerð í síðasta lagi, og skal sá frestur aldrei vera lengri en 6 ár frá dagsetningu leyfis.
10. Önnur skilyrði, sem ráðherra telur nauðsynleg vegna almenningsheilla.

20. gr.

Jarðhitadeild hefur eftirlit með því, að öll mannvirki verði gerð í fullu samræmi við uppdrætti, lýsingar og áætlanir, er leyfisbréfinu fylgja, og öll þau skilyrði, sem leyfishafa ber að halda. Skal leyfishafi afhenda jarðhitadeild til athugunar í tæka tíð, áður en byrjað er á verkinu, fullnaðaruppdrætti og fullnaðaráætlun um gerð virkjanna og rekstur fyrirtækisins. Trúnaðarmenn jarðhitadeildar skulu hafa frjálsan aðgang að öllum virkjum leyfishafa, meðan þau eru í smíðum, til eftirlits. Ber leyfishafa að fara eftir fyrirsögn eftirlitsmanna, en getur þó, ef ágreiningur verður, skotið honum til úrskurðar ráðherra.

21. gr.

Nú kemur í ljós, að dómi jarðhitadeildar, að jarðborun, sem leyfð hefur verið, spillir skilyrðum til hagnýtingar jarðhita, svo sem um ræðir í 1. málsgr. 18. gr., og getur hún þá krafizt þess, að boruninni verði hætt þegar í stað, og er leyfishafa skylt að hlíta þeirri kröfu tafarlaust.

Ef ástæða er til að ætla, að tjón það, er jarðborunin hefur í för með sér (sbr. 1. málsgr.), sé meira en hagnaður sá, sem af henni verður, getur ráðherra, að fenginni umsögn jarðhitadeildar, afturkallað leyfi til frekari borunar, án þess að leyfishafi hljóti við það rétt til neinnar bótakröfu, en halda skal hann rétti þeim, er hann kann að hafa samkvæmt leyfinu, til hagnýtingar á þeim jarðhita, sem hann hefur þegar fengið við borunina. Ákvörðun um afturköllun borunarleyfis ber að tilkynna leyfishafa, áður en mánuður er liðinn frá því, að borun var stöðvuð samkvæmt 1. málsgr. Ágreining um það, hvort ætla má, að tjón af borun verði meira en hagnaður, skal útkljá með matsgerð. Komi til mats, má ekki bora, meðan matsgerð er ólokið.

Tjón, er jarðborun kann að valda öðrum, sbr. 1. og 2. málsgr., er borunarleyfishafa skylt að bæta, og skal bótaupphæðin ákveðin með mati, ef samkomulag næst ekki.

22. gr.

Nú kemur í ljós, að við borun eftir jarðhita í meira dýpi en 100 metra hefur dregið úr magni þess jarðhita, sem áður kom upp í hverum og laugum eða ná mátti með jarðborunum innan 100 metra dýpis, og er þá borunarleyfishafa eða ríkinu, ef það lætur bora, skylt að greiða landeiganda eða landeigendum bætur fyrir varmamissinn. Spilli borunin hagnýtingu slíks jarðhita, sem þegar var hafin, skal bæta það tjón, er af því hlýzt.

Bætur, sem greiða ber samkvæmt þessari grein, skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

23. gr.

Skylt er þeim, er borar eftir jarðhita í meira dýpi en 100 metra, að láta ábúanda eða ábúendum bújarða í næsta nágrenni borstaðar í té jarðvarma til heimilis- og búsþarfa, ef þeir óska þess, gegn hóflegu gjaldi, er ráðherra ákveður. Þó er eigi skylt að láta af hendi samkvæmt þessari grein meir en 2% samtals af þeim varma, sem upp hefur fengizt við borunina, né að láta neinu einstöku lögbýli í té meira en 50 kg°/sek., miðað við hitastig 25° C. Varmann má afhenda við borholuna.

Verði ágreiningur um afhendingu jarðhita samkvæmt þessari grein, sker ráðherra úr, að fenginni umsögn jarðhitadeildar.

24. gr.

Greiða skal árlega gjald af hverju leyfi til hagnýtingar jarðhita, og skal miða gjaldið bæði við magn þess jarðhita, sem leyfið veitir heimild til að hagnýta, og það magn, er leyfishafi hefur tekið í notkun á hverjum tíma.

Upphæð árgjaldsins skal vera 200 krónur á hverjar 100 kg°/sek., miðað við hitastig yfir 25° C, sem leyfið veitir heimild til að hagnýta, og að auki 300 krónur á hverjar 100 kg°/sek., sem teknar hafa verið í notkun.

Gjalddagi leyfisgjalda er 31. des. ár hvert.

Nemi magn jarðhita, sem leyft er að hagnýta, ekki meiru en 500 kg°/ sek., skal ekkert árgjald greiða.

25. gr.

Gjöld þau, er greidd eru samkvæmt 24. gr., skulu renna í sérstakan sjóð, er nefnist jarðhitasjóður, og skal honum varið til að kosta jarðhitarannsóknir og á annan hátt til að stuðla að hagnýtingu jarðhita hér á landi.

Úr jarðhitasjóði má verja fé til almennra vísindalegra rannsókna á eðli og uppruna jarðhita, til leitar að jarðhita með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðferðum, til rannsókna og tilrauna um hagnýtingu jarðhita o. fl. því líks.

Raforkumálastjóri hefur umsjón með jarðhitasjóði, varðveitir hann og annast fjárreiður hans og reikningshald. Jarðhitadeild gerir árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn og sendir ráðherra svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Greiðslur úr sjóðnum skal inna af hendi samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun, er ráðherra hefur samþykkt, eða að fenginni heimild ráðherra í hvert sinn. Um meðferð jarðhitasjóðs má setja nánari ákvæði í reglugerð.

26. gr.

Leyfi til borunar og til hagnýtingar jarðhita er leyfishafa óheimilt að framselja öðrum nema með leyfi ráðherra. Slíkt framsalsleyfi veitir ráðherra því aðeins, að skiptin fari ekki í bága við almenningshagsmuni. Ekki má leyfishafi taka borgun fyrir þau réttindi, sem honum hafa verið veitt með leyfinu. Sá, er tekur við leyfi, skal gangast undir alla skilmála framseljanda á þann hátt, er ráðherra tekur gilt, svo og þá skilmála, sem ráðherra kann að setja í framsalsleyfinu.

27. gr.

Brot á skilyrðum þeim, sem leyfi til borunar og til hagnýtingar jarðhita er bundið, varða sektum, sbr. 63. gr., eða leyfissviptingu, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

28. gr.

Að leyfistímanum liðnum hefur ríkið rétt til að leysa til sín borholur og öll hagnýtingarmannvirki gegn endurgjaldi, sem ákveðst með mati, ef samkomulag næst ekki. Ef metið er, skal miða matið við upphaflegt kostnaðarverð virkjanna að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir eðlilegu sliti og fyrningu.

Óski ríkið ekki að leysa til sín mannvirkin að leyfistíma loknum, skal leyfishafi eiga þess kost að fá leyfi framlengt, þó með þeim breytingum á skilyrðum, sem ráðherra kann að telja þörf fyrir.

IV. KAFLI

Um hitaveitur til almenningsþarfa.

29. gr.

Ráðherra er heimilt að veita bæjar- eða hreppsfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi, með þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, til þess að stofnsetja eða starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa.

Einkaleyfi þessi skulu þó ekki ná til samhitunarkerfa, sem hafa minna hámarksafl en 100 kg°/sek., miðað við hitastig yfir 25° C.

30. gr.

Einkaleyfi það, sem um ræðir í 29. gr., getur bæjar- og hreppsfélag, með samþykki ráðherra, framselt einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti um ákveðið tímabil í senn, með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæður þykja til.

31. gr.

Einkaleyfisumsókn samkvæmt 29. og 30. gr. skulu fylgja fullnaðaruppdrættir að fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun.

Einkaleyfi skal því aðeins veita, að ráðherra telji, að fengnu áliti jarðhitadeildar, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.

Nú hefur einkaleyfi verið veitt til þess að stofnsetja og starfrækja hitaveitu samkvæmt lögum þessum, og skal þá, áður en veitan tekur til starfa, setja henni gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimæðargjald.

Gjaldskrána ber að endurskoða eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

32. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán, er aðilar þeir, sem um ræðir í 29. og 30. gr., kunna að taka til að koma upp hitaveitu, samkvæmt fyrirmælum þessara laga. Má ábyrgðin þó aldrei fara fram úr 80% af heildarkostnaði hitaveitunnar. Í tryggingu fyrir ábyrgðinni getur ríkissjóður krafizt 1. veðréttar í hitaveitunni svo og árlegum tekjum hennar, ef aðrar tryggingar eru ekki fyrir hendi, er ríkisstjórnin metur gildar.

33. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem leiðslur hitaveitu bæjar- eða hreppsfélags verða lagðar, svo og lóðaeigendur og lóðaleigjendur í hlutaðeigandi umdæmi, eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem þarf til þess, að veita megi vatninu um veitusvæðið, þar með talið grjóttak, malartekja og torfrista, svo og mannvirki, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem bygging og rekstur hitaveitunnar kunna að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati.

34. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefur rétt til þess að löggilda menn, er hún telur hæfa, til þess að annast pípulagningarvinnu við veituna, og skulu þeir í starfi sínu fara eftir reglum, er sveitarstjórn setur.

Nú hefur sveitarfélag notfært sér framangreinda heimild, og mega þá engir aðrir en þeir, sem fengið hafa slíka löggildingu, taka að sér pípulagnir við hitaveituna.

35. gr.

Nú vill bæjar- eða hreppsfélag — eða samtök þeirra — koma upp hitaveitu samkvæmt 29. gr. og telur fjárhagslega afkomu fyrirtækisins ekki tryggða, nema öll hús innan veitusvæðisins verði hituð frá veitunni, og getur ráðherra þá, að fenginni umsögn jarðhitadeildar, ákveðið, að öll hús innan veitusvæðisins skuli hituð frá hitaveitunni, og einnig heimilað eignarnám á utanhússpípulögnum samhitunarkerfa, sem einkaleyfisheimild samkv. 29. gr. náði ekki til. Fer um eignarnám það að lögum. Nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum vegna tengingar við hitaveituna skulu kostaðar af húseigendum.

36. gr.

Nú hafa einstaklingar eða félög komið upp hitaveitu með leyfi hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, samkvæmt 30. gr., og getur ráðherra þá, við lok leyfistíma, heimilað eignarnám á eignum hitaveitunnar, ef sveitarstjórn óskar þess og ef ekki næst samkomulag um yfirtöku einkaleyfisins og eignanna. Fer um slíkt eignarnám að lögum.

37. gr.

Nú hefur fyrir gildistöku laga þessara félag komið á hitaveitu í þágu almenningsog annazt rekstur hennar, og hefur félagið þá sömu réttindi og skyldur samkvæmt þessum lögum sem bæjar- eða hreppsfélag væri.

Rétt á bæjarstjórn eða hreppsnefnd að kaupa slíka hitaveitu eftir mati, ef samkomulag næst ekki um verð mannvirkisins.

V. KAFLI
Um jarðboranir ríkisins.

38. gr.

Ríkisstjórnin lætur framkvæma jarðboranir eftir heitu vatni og gufu í rannsóknarskyni og til vinnslu víðs vegar um landið með hagnýtingu jarðhitans í hitaveitum til almenningsþarfa og til ræktunar og iðnaðar fyrir augum.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum frá jarðhitadeild, hvar borað er, en jafnan skal láta sitja í fyrirrúmi borun á þeim stað, eða þeim stöðum, þar sem vænta má, að verðmæti jarðhitans verði mest.

Fé til þessara jarðborana veitist árlega á fjárlögum.

39. gr.

Til þess að framkvæma jarðboranir samkvæmt 38. gr. heimilast ríkisstjórninni að kaupa nægilega marga jarðbora af hentugri stærð eða stærðum, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

40. gr.

Þann jarðhita, sem jarðboranir ríkisins vinna með borunum sínum, getur ríkið hagnýtt sjálft, samkvæmt nánari ákvæðum í lögum þessum, sbr. VI. kafla.

Ráðherra getur einnig selt eða leigt sveitarfélögum og einstaklingum, sem þess kunna að óska og hagnýtingarleyfi hljóta samkv. III. kafla þessara laga, afnotarétt af borholum jarðborana ríkisins gegn hæfilegu endurgjaldi, sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum jarðhitadeildar.

Þá getur ráðherra selt sveitarfélögum og einstaklingum, sem hagnýtingarleyfi hljóta, gufu og heitt vatn úr borholum jarðborana ríkisins til notkunar í hitaveitum til almenningsþarfa, í iðnaði eða til annarra þarfa. Er ráðherra heimilt að láta gera jarðhitaveitu til þess eftir þörfum og selja gufuna og heita vatnið með sérstökum samningi við hvern aðila eða samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. Rekstur slíkra jarðhitaveitna má fela jarðhitaiðjuverum ríkisins, er þau hafa verið stofnuð, og skal um undirbúning, byggingu og rekstur þeirra að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum VI. kafla um jarðhitaiðjuver ríkisins, eftir því sem við getur átt.

41. gr.

Með jarðborum ríkisins skulu einnig framkvæmdar jarðboranir fyrir sveitarfélög og einstaklinga, sem óska þess, eftir því sem því verður við komið og gegn hæfilegu endurgjaldi, sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum jarðhitadeildar.

42. gr.

Jarðhitadeild annast jarðboranir ríkisins. Hún getur þó, ef hún telur það heppilegra og að fengnu samþykki ráðherra, falið öðrum aðila framkvæmd borananna.

VI. KAFLI
Um jarðhitaiðjuver ríkisins.

43. gr.

Ríkisstjórnin lætur reisa og reka verksmiðjur og önnur mannvirki til hagnýtingar jarðhita, eftir því sem hagkvæmt þykir og til þjóðþrifa getur orðið og samkvæmt nánari ákvæðum í lögum þessum. Mannvirki þessi nefnast einu nafni: Jarðhitaiðjuver ríkisins. Þau skulu vera eign ríkisins og rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

Jarðhitadeild hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með jarðhitaiðjuverum ríkisins, rekstri þeirra og framkvæmdum.

Raforkuver, er nytja jarðhita og ríkið reisir, skulu þó falla undir rafmagnsveitur ríkisins.

44. gr.

Ráðherra ræður, að fengnum tillögum jarðhitadeildar, framkvæmdastjóra til að annast um daglega stjórn jarðhitaiðjuvera ríkisins og hafa umsjón með rekstri þeirra. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri jarðhitaiðjuvera ríkisins hefur prókúruumboð fyrir þau og skuldbindur þau samkvæmt reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið.

Um ráðningu og kjör annarra fastra starfsmanna fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ákvæðum reglugerðar.

45. gr.

Jarðhitadeild gerir tillögur til ráðherra um byggingu nýrra jarðhitaiðjuvera ríkisins og rekstur þeirra. Tillögum sínum til ráðherra lætur hún fylgja stofnkostnaðar- og rekstraráætlanir og greinargerð um framleiðsluhætti jarðhitaiðjuversins og markaðsskilyrði fyrir afurðir þess; enn fremur tillögur um útvegun fjár til að standa straum af stofnkostnaði þess svo og rekstrarfjár, ef þess er sérstaklega þörf.

46. gr.

Nú telur ráðherra, að fengnum tillögum jarðhitadeildar, rétt að reisa nýtt jarðhitaiðjuver, og leitar hann þá til þess samþykkis Alþingis og nauðsynlegra heimilda til fjárútvegunar.

47. gr.

Nú er ákveðið að reisa nýtt jarðhitaiðjuver, og annast þá framkvæmdastjóri jarðhitaiðjuvera ríkisins um þær framkvæmdir.

48. gr.

Framkvæmdastjóri jarðhitaiðjuvera ríkisins lætur jarðhitadeild í té, svo oft sem hún óskar þess, skýrslur um byggingu þeirra og rekstur og gerir árlega efnahags- og rekstrarreikning og heildarskýrslu um starfsemina.

49. gr.

Allur ágóði, er verða kann af rekstri jarðhitaiðjuvera ríkisins, skal renna í varasjóð þeirra og í sjóði til endurnýjunar og aukningar jarðhitaiðjuvera ríkisins.

VII. KAFLI
Um verndun jarðhitasvæða, varúðarráðstafanir og eftirlit.

50. gr.

Óheimilt er að spilla hverum eða laugum, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns, er hverinn

þeytir frá sér, eða afrennsli laugar, nema talið sé nauðsynlegt samkvæmt matsgerð til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar hvera og lauga, sem heimil er að lögum.

Eigi má með jarðborunum eða öðrum aðgerðum spilla í neinu skilyrðum til hagnýtingar jarðhita, nema sérstaklega sé heimilað að þessum eða öðrum lögum, og varðar sektum, samkv. 62. gr., ef út af er brugðið, en fullar bætur komi fyrir tjón, er af hlýzt.

51. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbækur, er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna og hve mikið, hitastig og hvað annað, sem reglugerð ákveður eða jarðhitadeild mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta jarðhitadeild í té afrit af dagbók, þegar hún óskar þess.

Ef jarðhitadeild mælir svo fyrir, er þeim, sem lætur bora, skylt að tilkynna henni þegar í stað, er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

52. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar hvera og lauga og jarðhita almennt skulu þannig úr garði gerð, að af þeim stafi ekki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

Skylt er umráðamanni að girða umhverfi hvera og lauga, ef sérstök hætta stafar af.

53. gr.

Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði til öryggis gegn hættu og tjóni af jarðhitasvæðum og jarðhitamannvirkjum og til varnar gegn spjöllum á laugum og jarðhita almennt.

Í reglugerð má meðal annars setja ákvæði um 1) gerð og frágang jarðhitamannvirkja til öryggis gegn hættu og tjóni, 2) skyldu til að gefa skýrslu um jarðboranir og jarðhitamannvirki, 3) eftirlit af hálfu ríkisins með jarðhitasvæðum, jarðborunum og jarðhitamannvirkjum og 4) eftirlitsgjald, er eigendum borhola og jarðhitamannvirkja sé skylt að greiða til að mæta kostnaði af eftirliti.

54. gr.

Jarðhitadeildin annast eftirlit af hálfu ríkisins með jarðhitasvæðum og jarðhitamannvirkjum, að því leyti sem slíkt eftirlit fellur ekki að öðrum lögum undir öryggismálastjóra eða aðra aðila.

VIII. KAFLI

Um stjórn jarðhitamála.

55. gr.

Hjá raforkumálastjóra og undir stjórn hans starfar sérstök deild, er fer með jarðhitamál og nefnist: jarðhitadeild. Hún skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í jarðhitamálum, annast jarðhitarannsóknir, hafa eftirlit með meðferð og notkun jarðhita og fara með önnur þau störf, sem henni eru ætluð í lögum þessum.

Jarðhitamál skulu jafnframt öll heyra undir raforkuráð eftir sömu reglum sem raforkumál, samkvæmt ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946, eftir því sem við getur átt.

56. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum raforkumálastjóra, yfirverkfræðing við jarðhitadeildina.

Ráðherra skipar og ræður aðra fasta starfsmenn við deildina eftir því, sem þörf krefur, og að fengnum tillögum raforkumálastjóra og yfirverkfræðings.

Laun yfirverkfræðings og annarra fastra starfsmanna jarðhitadeildar og annar kostnaður af störfum deildarinnar greiðist úr ríkissjóði. Launin ákveðast í launalögum.

57. gr.

Jarðhitadeild framkvæmir rannsóknir í því skyni að skýra uppruna og eðli jarðhita almennt, annast leit að jarðhita og rannsakar skilyrði til vinnslu og hagnýtingar jarðhita hér á landi og gerir tilraunir í því skyni.

58. gr.

Jarðhitadeild skal halda skrá yfir hveri og laugar á landinu, og skal í henni tilgreint hitastig, varmamagn og aðrar upplýsingar, sem máli skipta og eftir því sem kostur er. Hún skal einnig, eftir því sem við verður komið, fylgjast með breytingum, er verða kunna á hverum og laugum.

Jarðhitadeild heldur einnig skrá yfir jarðvarma, sem upp kemur úr borholum, og um þann jarðhita, er hagnýttur er.

59. gr.

Jarðhitadeild lætur sveitarfélögum og einstaklingum í té leiðbeiningar í jarðhitamálum, þegar þess er óskað og eftir því sem við verður komið, gegn hæfilegu endurgjaldi.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

60. gr.

Matsgerðir samkvæmt lögum þessum skulu framkvæma dómkvaddir menn. Um matsgerðir fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, nema annað sé fram tekið í þessum lögum.

61. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem settar verða samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

62. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 500 000.00 kr.

63. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga má setja í reglugerð.

64. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

65. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita; lög nr. 114 30. des. 1943, um breytingu á þeim lögum; lög nr. 3 31. jan. 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur, og lög nr. 7 11. marz 1946, um girðingar kringum hveri og laugar, svo og öll eldri ákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

66. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Um greinargerð fyrir frumvarpinu vísast til athugasemda þeirra, sem fylgdu frumvarpinu, þegar það var lagt fyrir síðasta þing.

Ed. 19. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bernharð Stefánssyni og Friðjóni Skarphéðinssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

1. Fyrir „Urðum“ í C. 51 komi: Skallá.
2. Á eftir C. 52 komi nýr liður:
   Skíðadalsvegur: Af Hrísavegi vestan brúar á Skíðadalsá, inn Skíðadal að vestan að innri brú á Skíðadalsá.
3. C. 54 orðist svo:
   Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga, með álmu að gamalmennahælinu í Skjaldarvík, um Dagverðareyri, Gásir, Skipalón og Hlaðir á Dalvíkurveg við Hörgárbrú.
4. C. 57 orðist svo:
   Tjarnavegur: Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ, austur yfir brú á Eyjafjarðará að Tjörnum.
5. Á eftir C. 57 komi nýr liður:
   Sölvadalsvegur: Frá brú á Eyjafjarðará hjá Saurbæ inn Sölvadal að Þormóðsstöðum.

Nd. 20. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður greiðir stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs að þremur fjórðu hlutum, en stofnkostnað heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla að níu tíundu hlutum.

2. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Þegar heimavistarskóli gagnfræðastigs eða húsmæðraskóli nýtur ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður níu tíundu hluta upphitunarkostnaðar.

3. gr.

2. málsgr. 16. gr. laganna orðist þannig:

Annan kostnað af skólahaldi gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, greiðir ríkissjóður þannig: Vegna heimangönguskóla að hálfu, en sveitarfélög að hálfu — vegna heimavistarskóla greiðir ríkissjóður að níu tíundu hlutum, en sveitarsjóður einn tíunda hluta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frv. um sama efni, sem ég flutti á síðasta Alþingi. Var málinu vísað til menntamálanefndar, og klofnaði nefndin um afgreiðslu þess.

Meiri hluti nefndarinnar, þeir Páll Þorsteinsson, Benedikt Gröndal og Einar Olgeirsson, lagði til að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, en minni hlutinn, þau Jónas G. Rafnar og Ragnhildur Helgadóttir, mælti með því, að frv. yrði samþykkt. Málið varð ekki útrætt. Þar sem rök þau, sem á síðasta þingi voru færð fyrir nauðsyn þess að samþykkja frv. þetta, eru enn fyrir hendi, er frv. nú flutt að nýju.

Á síðasta þingi fylgdi frv. svo hljóðandi greinargerð:

„Á síðastliðnu hausti áttu fund með sér í Reykjavík fulltrúar frá nokkrum af þeim sýslufélögum, sem standa undir kostnaði af héraðsskólum og húsmæðraskólum í sveitum: Frá Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu Björn Björnsson sýslumaður. Frá Árnessýslu Páll Hallgrímsson sýslumaður og Bjarni Bjarnason skólastjóri. Frá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Jón Steingrímsson sýslumaður. Frá Norður-Ísafjarðarsýslu Jóhann Gunnar Ólafsson sýslumaður. Frá Vestur-Ísafjarðarsýslu þeir Jóhannes Davíðsson, Hjarðardal, og Sturla Jónsson, Suðureyri. Frá Vestur-Húnavatns- og Strandasýslu Sæmundur Guðjónsson skólastjóri. Munu þeir og hafa haft samráð við ráðamenn í öðrum sýslufélögum, sem eins stendur á um í þessu efni, og má ganga út frá, að þau sýslufélög standi einnig að þeirri ályktun, sem fyrrnefndir fulltrúar samþykktu á fundi sínum í Reykjavík.

Fer ályktun þeirra hér á eftir ásamt greinargerð, er henni fylgir:

„Vér undirritaðir fyrir hönd hlutaðeigandi skóla og sýslufélaga beinum hér með þeirri áskorun til ríkisstjórnar og alþingismanna, að á Alþingi því, er nú situr að störfum, verði gildandi lögum varðandi gagnfræðanám og húsmæðrafræðslu breytt þannig, að héraðsskólar og húsmæðraskólar í sveitum verði kostaðir og reknir að fullu af ríkinu, — en til vara, að ríkissjóður greiði öll kennaralaun við skóla þessa og 90% af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði og öðrum rekstrarkostnaði þeirra.“

Greinargerð sú, er fyrr getur, hljóðar svo:

„Með lögum frá 1946 virðist vera gengið út frá, að nokkrum sýslufélögum í landinu verði lagðar þær skyldur á herðar að greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað héraðsskóla og húsmæðra, ákveðið hlutfall á móti ríkissjóði. Engin samráð voru þó höfð við forráðamenn þessara sýslufélaga um álögur þessar, og ekki var þeim jafnframt séð fyrir auknum tekjum, sem réttlætt gátu þessar álögur.

Eftir ákvæðum eldri laga um skóla þessa var styrkur úr ríkissjóði það ríflegur, að hann ásamt skólagjöldum stóð undir rekstri og að nokkru leyti undir stofnkostnaðarframlagi.

Sýslufélög og jafnvel einstök hreppsfélög veittu smávegis styrki til þessara skóla. Var það frjálst framlag og fór þá að sjálfsögðu eftir efnum og ástæðum í hvert sinn.

Við setningu skólalöggjafarinnar 1946 var ekki gengið formlega frá því, hvaða sýslufélög tækju þessa skóla að sér. Var það raunar ekki fyrr en frá leið, að sýslunefndum varð ljóst, hvað hér var í efni.

Í hlut sumra sýslufélaga komu tveir skólar, í annarra hlut einn skóli.

Við framkvæmd hinnar nýju skólalöggjafar voru stofnaðir nýir framhaldsskólar á flestum hinna þéttbýlli staða. Í Árnessýslu, sem stendur undir héraðsskóla og húsmæðraskóla ásamt ríkinu, eru t. d. 4—5 framhaldsskólar, sem kostaðir eru af sjóðum viðkomandi hreppa á móti ríkissjóði. Það er hvorki til þess ætlazt né heldur mögulegt, að sýslusjóður veiti styrk til þessara skóla einstakra hreppsfélaga. Aftur á móti verða þessi sömu hreppsfélög að bera hlutfallslega kostnað af skólunum á Laugarvatni. Sama ástand og hér hefur verið lýst er einnig innan sýslufélaga, er að hinum héraðs- og húsmæðraskólunum standa. Verður af þessu misræmi og réttmæt óánægja.

Nokkur sýslufélög sleppa algerlega við allan kostnað af þessu hliðstæða skólahaldi.

Heill landsfjórðungur, Austurland, fær allan kostnað við Eiðaskóla greiddan úr ríkissjóði, og sama er að segja um húsmæðraskólann á Staðarfelli í Dalasýslu.

Þá viljum vér benda á það, að skólar þessir eru yfirleitt ekki nema að litlu leyti sóttir af nemendum úr þeim sýslum, sem kostnaðinn bera. Veldur þar að sjálfsögðu mestu fámenni sveitanna. Skal einnig á það bent, að varla mundu kaupstaðir landsins telja sér skylt að standa undir skólahaldi, sem væri um 50—75% vegna nemenda úr öðrum héruðum, að því er héraðsskólana snertir, — en 50—97%, þegar húsmæðraskólar eru meðtaldir.

Að lokum skal það svo nefnt, sem veigamest er, en það er féleysi sýslusjóðanna, hjá sumum m. a. vegna fámennis, hjá öðrum vegna margvíslegra bundinna útgjalda og hjá öllum vegna takmarkaðra tekjustofna.

Afleiðing þessa ástands eru skuldir og vanskil við skólana annars vegar, en ónógt viðhald mannvirkja og skortur á hæfilegri aðbúð og búnaði hins vegar.

Vér teljum hvorki sanngjarnt né mögulegt að ætla einstökum sýslufélögum að standa undir kostnaði, sem að mestu leyti er vegna annarra skólahéraða, en láta önnur sýslufélög og heilan landsfjórðung sleppa við hliðstæð gjöld.

Skal á það bent, að hér er um svo greinilega sérstöðu að ræða innan íslenzka skólakerfisins, að engin ástæða er til þess að gera ráð fyrir, að sú breyting, sem hér hefur verið farið fram á að gerð verði, geti orðið fordæmi um aðra skóla.“

Ég hef, eins og frv. þetta ber með sér, tekið upp varatillögu þá, sem um ræðir í ályktuninni, bæði að því er tekur til framlags ríkissjóðs til stofnkostnaðar þeirra skóla, sem þar um ræðir, viðhaldskostnaðar og rekstrarkostnaðar. Þá legg ég til, að sama gildi um húsmæðraskólana, hvort sem þeir eru í sveit eða kaupstað. Húsmæðraskólar í kaupstöðum eru sóttir af nemendum víðs vegar að, eins og sveitaskólarnir.

Það má að sjálfsögðu með hliðsjón af þeirri þróun, sem orðið hefur í skólamálum hér á landi síðustu árin, færa fyrir því sterk rök, að ríkissjóður beri allan kostnað af rekstri þessara skóla. Þetta er nú gert að því er snertir Eiðaskólann. Er með þessu létt af Austfirðingafjórðungi öllum kostnaði við rekstur héraðsskóla. Sama er að segja um húsmæðraskólann á Staðarfelli, en sá skóli er í næsta nágrenni við húsmæðraskólann á Varmalandi, sem Mýra- og Borgarfjarðarsýslur verða að bera kostnað af á móti ríkinu. En þrátt fyrir þetta hef ég ekki í þessum tillögum mínum gengið lengra en svo, að áfram hvílir á sýslufélögum þeim, sem að héraðs- og húsmæðraskólunum standa, nokkur þungi af viðhaldi og rekstri þeirra. Er þá eðlilegt, að sýslufélög þessi hafi eftir sem áður í sinni hendi íhlutun um málefni skólanna, og verður að telja það undir öllum kringumstæðum hyggilegt.

Það eru færð fyrir því mjög skýr rök í greinargerð sýslufulltrúanna, að sýslufélög þau, er hér um ræðir, verði mjög hart úti og ósanngjarnlega, þegar þess er gætt, að nemendur úr öðrum sýslufélögum, sem engu þurfa til að kosta, eru í miklum meiri hluta í skólunum. Og eigi dregur það úr ósamræminu, að ríkið ber allan kostnað af hliðstæðum skólum, eins og að er vikið hér að framan.

Það mælir því öll sanngirni með því, að sú breyting verði hér á gerð, sem í frv. þessu felst. Mér hefur borizt bréf um þetta mál frá mjög merkum skólamanni, Þóri Steinþórssyni í Reykholti, þar sem hann mælir eindregið með fyrrnefndum tillögum og ræðir mál þetta nokkru nánar. Verður að því vikið í framsögu.“

Sþ. 21. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um eftirgjöf lána.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til, að gefin verði eftir að fullu 10½ millj. kr. lán vegna óþurrkanna á Suður- og Suðvesturlandi árið 1955 og enn fremur allt að 3 millj. kr. lán vegna harðinda og óþurrka 1949—50 á Austur- og Norðausturlandi.

Greinargerð.

VI. Um fébótaábyrgð og vátryggingu.

67. gr.

Nú hlýzt slys eða tjón á mönnum eða munum af skráningarskyldu, vélknúnu ökutæki í notkun, og er þá þeim, sem ábyrgð ber á ökutækinu, skylt að bæta það fé, enda þótt slysið eða tjónið verði eigi rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ef vélknúið, skráningarskylt ökutæki dregur annað tæki og tjón hlýzt af, er eigandi dráttartækisins ábyrgur.

Ábyrgðarreglan gildir þó ekki um slys eða tjón á mönnum eða munum, er ökutækið flytur, nema flutt sé gegn gjaldi.

Lækka má fébætur og jafnvel láta pær alveg niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur.

68. gr.

Ef tjón hlýzt eða slys af árekstri skráningarskyldra ökutækja, skiptist tjónið á þau sín á milli, að tiltölu við sök þeirra, sem hlut eiga að máli, og með hliðsjón af atvikum öllum.

69. gr.

Skráður eða skráningarskyldur eigandi vélknúins ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur samkvæmt 67. gr.

Fébótaskyldan færist þó yfir á þann, sem ökutækið notar í algjöru heimildarleysi.

Hver sá, sem á sök á tjóni eða slysi, er hlýzt af notkun skráningarskylds, vélknúins ökutækis, ber auk ábyrgðar samkvæmt 1. og 2. mgr., fébótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

Kröfum samkvæmt 1. mgr. fylgir lögveð í ökutækinu. Lögveð þetta gengur fyrir öðrum skuldum, sem á því kunna að hvíla, að fráskildum opinberum gjöldum.

70. gr.

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingarfélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 100000.00 fyrir reiðhjól með hjálparvél, kr. 200000.00 fyrir dráttarvél, kr. 200000.00 fyrir bifhjól, en kr. 500000.00 fyrir bifreið.

Fyrir vélknúin ökutæki, er flytja mega farþega, skal vátryggingarfjárhæðin þó aldrei vera lægri en kr. 50000.00 fyrir hvern farþega, er ökutækið má flytja.

Með fyrrgreindri vátryggingu skal vera tryggð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri bótakröfu, sem falla kann á þann, er ábyrgð ber á tjóni samkvæmt lögum þessum eða almennum skaðabótareglum.

Hverjum þeim, sem notar erlent ökutæki hér á landi samkvæmt 23. gr., er skylt að vátryggja það eftir þeim reglum, sem að framan greinir.

Undanþegnir vátryggingarskyldu eru ríkissjóður, forseti Íslands og erlendir þjóðhöfðingjar.

71. gr.

Skráður eigandi vélknúins ökutækis skal tryggja ökumann þess, og gildir sú trygging fyrir hvern ökumann, sem tækinu stjórnar. Tryggingin er fyrir bótum vegna slyss, sem ökumaðurinn kann að verða fyrir við starfa sinn. Tryggt skal hjá Tryggingastofnun ríkisins og eftir þeim reglum, sem henni eru settar.

72. gr.

Iðgjöld, er tryggingartaki, samkvæmt 70. gr., skuldar vátryggingarfélagi, eru lögtakskræf.

Nú verður tryggingartaki gjaldþrota, og skulu þá iðgjöld þau, sem í gjalddaga eru fallin, njóta forgangsréttar í búi hans, samkvæmt 3. tl. 83. gr. skiptalaganna, og gildir það, þó að tryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

73. gr.

Nú hefur viðurkennt vátryggingarfélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og á það þá endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfuna með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins og öðrum atvikum. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.

74. gr.

Nú er höfðað einkamál gegn manni til heimtu bóta samkvæmt 67. og 68. gr., og skal þá gera félagi því, er vátryggt hefur ökutækið, kost á að gæta réttar síns í málinu.

Höfða má slíkt mál jafnframt gegn vátryggingarfélaginu, og er þá dómur í því bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gagnvart því.

Nú er bótakrafa samkvæmt ákvæðum 67. og 68. gr. höfð uppi í refsimáli samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 27 frá 1951, og skal þá tilkynna vátryggingarfélagi því, er vátryggt hefur ökutækið, um kröfuna. Hefur félagið þá sama rétt og

sökunautur sjálfur til að koma að vörnum í skaðabótamálinu, enda er þá áfellisdómur bindandi fyrir vátryggingarfélagið og aðfararhæfur gagnvart því.

75. gr.

Nú eru bætur vegna sama slyss ákveðnar hærri samtals en vátryggingarfjárhæðinni nemur, og skal þá skipta henni að tiltölu á milli þeirra, sem kröfur eiga vegna slyssins. Þetta ákvæði gildir einnig, þótt vátryggingarfjárhæðin sé hærri en lögboðið er.

Ef einhver þeirra, sem bótarétt eiga samkvæmt framangreindu, hefur eigi tilkynnt félaginu um kröfu sína innan sex mánaða frá slysdegi, má vátryggingarfélagið vítalaust greiða vátryggingarféð að fullu öðrum þeim, er bótarétt eiga.

76. gr.

Vátryggingarfélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 7. gr., og landssamband bifreiðaeigenda, ef til er, skulu hvert nefna einn mann í nefnd, en dómsmálaráðherra skal skipa einn mann, og er hann formaður hennar. Nefnd þessari skulu vátryggingarfélög senda gögn, er þau hafa reist á bótagreiðslur sínar samkvæmt lögum þessum. Nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök. Í meðferð hvers máls taka þátt formaður og tveir aðrir nefndarmenn, er hann kveður til. Skal annar þeirra vera sá, sem félag það, er hlut á að máli, hefur kjörið í nefndina. Hinn skal vera fulltrúi sá, er landssamband bifreiðaeigenda hefur tilnefnt. Sé slíkt landssamband ekki til, nefnir Félag íslenzkra bifreiðaeigenda mann í nefndina eða það félag bifreiðaeigenda, sem sá er félagsmaður í, er krafa beinist gegn.

Kostnað af störfum nefndarinnar greiða vátryggingarfélögin eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Hann setur og nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar.

77. gr.

Vátryggingarfélög þau, sem hafa fengið rétt til að vátryggja vélknúin ökutæki samkvæmt 70. gr., skulu halda bókhaldi þeirra trygginga sérgreindu. Sameiginlegum rekstrarkostnaði vátryggingarfélagsins skal skipt á tryggingar þessar hlutfallslega eftir iðgjaldafjárhæðum.

Reikningar hvers vátryggingarfélags um skylduvátryggingar samkvæmt 70. gr. skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, sem dómsmálaráðherra skipar til þess, annar eftir tilnefningu frá samtökum eigenda vélknúinna ökutækja, Vörubílstjórafélaginu Þrótti, Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, Félagi sérleyfishafa og Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda, en hinn án tilnefningar. Ef ágreiningur verður milli samtakanna um tilnefningu, sker dómsmálaráðherra úr.

Vátryggingarfélögin skulu greiða endurskoðendum þóknun fyrir starf þeirra eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

Rekstrarreikning hvers árs um greindar tryggingar skal vátryggingarfélag birta í Lögbirtingablaði eigi síðar en 1. október næsta ár á eftir, ásamt athugasemdum endurskoðenda við reikninga og svörum vátryggingarfélagsins.

78. gr.

Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgur er, og vátryggingarfélagi, svo og endurkröfur vátryggingarfélags, fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Þó fyrnast þessar kröfur í síðasta lagi á 10 árum frá því, að tjónsatburðurinn varð.

79. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um vátryggingarskyldu, viðurkenningu á vátryggingarfélögum, gerð reikninga, endurskoðun þeirra og birtingu.

VII. Refsingar o. fl.

80. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að einu ári.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sökunauts. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Brot gegn 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., misnotkun merkja þeirra, sem 2. og 3. mgr. 40. gr. fjalla um, notkun skráningarmerkis á annað ökutæki en til er ætlazt og akstur vélknúins ökutækis, er ökumaður hefur verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að öðlast það, varðar varðhaldi eða fangelsi, allt að tveim árum.

Ítrekuð brot gegn 1., 2. sbr. 3. og 6. mgr. 25. gr. og 2. og 5. mgr. 24. gr. varða varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum.

Ef brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja bifreiðareigandans eða stjórnanda í starfi, skal honum einnig refsað fyrir brotið.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

81. gr.

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það. Ef sérstakar málsbætur eru, má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á 1. og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr.

Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 1 mánuð, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot að ræða. Réttindasvipting vegna brota gegn ákvæðum 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. skal þó eigi skemmri en 1 ár. Ef kærði hefur verið sviptur réttindum um stundarsakir samkvæmt ákvæðum 6. mgr. hér á eftir, skal ákveðið í dómi, hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Nú hefur maður verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfi af nýju eða réttur til að öðlast það, enda sé sannað, að hann hafi ekki gerzt brotlegur við áfengislöggjöf um þriggja ára skeið að undanförnu. Umsókn um endurveitingu ökuleyfis samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna um reglusemi og góða hegðun umsækjanda í næstliðin 3 ár. Leita skal umsagnar áfengisvarnarnefndar í heimilissveit umsækjanda, áður en ökuleyfi er veitt af nýju, ef brot gegn 25. gr. hefur valdið ökuleyfissviptingu. Slíkt leyfi má þó eigi veita sama manni oftar en einu sinni, nema 6 ár séu liðin frá síðustu réttindasviptingu.

Svipting ökuleyfis eða réttar til að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og skal hann þá svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða. Ákvörðun lögreglustjóra skal borin undir úrskurð dómara svo fljótt, sem verða má, og eigi síðar en viku eftir sviptinguna. Dómari getur breytt úrskurði síðar, ef efni standa til. Aðili getur kært úrskurðinn samkvæmt XXI. kafla laga nr. 27/1951.

Hver, sem sviptur hefur verið ökuleyfi samkvæmt þessari grein eða hefur misst það samkvæmt 6. sbr. 7. mgr. 27. gr., skal afhenda lögreglunni ökuskírteini sitt.

Ef maður hefur með dómi verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það, skal dómari þegar tilkynna það öllum lögreglustjórum á landinu.

Ef íslenzkur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi hefur sætt ökuleyfissviptingu eða refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað missi ökuleyfis eða réttar til að öðlast það, má svipta hann þeim réttindum með dómi í opinberu máli, sem höfðað er gegn honum í þessu skyni, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæðin hér að framan.

VIII. Um umferðarfræðslu o. fl.

82. gr.

Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, er stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Bæjar- og sveitarstjórnum ber enn fremur að fræða almenning um umferðarmál eftir því, sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um fræðslu samkvæmt þessari grein.

83. gr.

Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í barna- og unglingaskólum. Menntamálaráðherra setur reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur.

84. gr.

Skólastjórum er skylt í samráði við lögreglustjóra og bæjar- og sveitarstjórn að gera ráðstafanir til þess að vernda skólabörn gegn hættu, er stafar af umferð í næstu grennd við skóla.

IX. Ýmis ákvæði.

85. gr.

Enginn má selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannflutninga án ökumanns, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Heimilt er að ákveða gjald fyrir slíkt leyfi.

86. gr.

Samgöngumálaráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga og flutningsgjöld sendibifreiða. Hann getur og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum.

87. gr.

Þeir, sem fyrir gildistöku laga þessara hafa öðlazt rétt til starfa, sem nú er krafizt sérstakrar löggildingar til, halda þeim rétti sínum, enda fullnægi þeir almennum skilyrðum til starfans.

Nota má ökutæki, sem stærra er eða þyngra en leyft er í lögum þessum, ef notkun þess var heimil samkvæmt eldri lögum.

88. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, nema annað sé tekið fram. Honum er og heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra.

Reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt áður gildandi bifreiðalögum og umferðarlögum, skulu gilda þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar, að því leyti, sem samrýmist lögum þessum.

89. gr.

Lög þessi öðlast gildi sex mánuðum eftir að þau hafa hlotið staðfestingu forseta Íslands. Ákvæði 1. og 2. mgr. 70. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. maí 1958.

90. gr.

Frá því er lög þessi koma til framkvæmda, falla eftirtalin lagaákvæði úr gildi:

Umferðarlög, nr. 24, frá 16. júní 1941.

Bifreiðalög, nr. 23, frá 16. júní 1941 og breytingar á þeim lögum, nr. 49, 1948, nr. 6, 1951, nr. 23, 1951, nr. 7, 1952, nr. 13, 1955 og nr. 37, 1956.

Loks eru öll önnur eldri lagafyrirmæli, er brjóta í bága við lög þessi, úr gildi felld.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem dagaði uppi í neðri deild á síðasta Alþingi, er flutt eftir beiðni dómsmálaráðherra í því formi, er frumvarpið hafði, er efri deild hafði lokið meðferð þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum við frv.

Ed. 23. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýir stafliðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir D. 3 komi nýr liður:
   Selárdalsvegur: Af Strandavegi norðan Selárbrúar inn Selárdal að Fagurhól.
2. D. 7 orðist svo:
   Sunnudalsvegur í Vopnafirði: Af Strandavegi nálægt Syðri-Vík um Borgir, Sireksstaði og að Vopnafjarðarvegi innan við Hof.
3. D. 9 orðist svo:
   Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi í Dimmadal í Heiðarenda inn Jökuldal, yfir Hákonarstaðabrú og að Jökuldalsvegi hjá Hákonarstöðum.
4. Í stað orðanna „að Hóli í Fljótsdal“ í D. 13 komi: að Kleif í Fljótsdal.
5. D. 17 orðist svo:
   Loðmundarfjarðarvegur: Frá Vestdalseyri um Brimnes, Stakkahlíð að Selaklöpp í Loðmundarfirði.
6. D. 19 orðist svo:
   Húsavíkurvegur: Frá Bakkagerði inn Borgarfjörð, um Hvannstóð og Húsavíkurheiði að Húsavík.

Ed. 24. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum nr. 27 29. maí 1957, um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Alfreð Gíslason, Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist nýr liður, svo hljóðandi:

gg. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af jarðborum, sem notaðir eru til að bora eftir gufu eða heitu vatni, og tækjum til þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hagnýting jarðhitans er eitthvert mesta hagsmunamál Íslendinga. Þær hitaveitufram kvæmdir, sem þegar hafa átt sér stað, hafa sparað þjóðinni geysimikinn gjaldeyri, og eru þá ótalin þau þægindi og hollusta, sem hitaveitunni fylgja.

Frá sjónarmiði þjóðarhags eru engar framkvæmdir arðbærari en þær, sem miða að aukinni hagnýtingu jarðhitans. Það hlýtur því að teljast skylda ríkisvaldsins að efla þær og styrkja á allar lundir, m. a. með því að gera þær sem ódýrastar þeim aðilum, sem í þær ráðast.

Eitt mesta átakið, sem til þessa hefur verið gert til hagnýtingar jarðhita, er það, þegar ríkið og Reykjavíkurbær sameinuðust um kaup á stórvirkum jarðbor til slíkra framkvæmda nú nýlega. Það virðist óeðlilegt, að lögð séu há aðflutningsgjöld á slík tæki. Virðist eigi meiri ástæða til að krefjast fullra aðflutningsgjalda af þeim en ýmsum þeim tækjum, er njóta undanþágu samkvæmt gildandi lögum um tollskrá.

Notaðar hafa verið heimildir til ívilnana samkvæmt lögum um tollskrá, t. d. þegar um er að ræða garn og vélar til veiðarfæragerðar, jeppabifreiðar, efni, vélar og tæki í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands, og ýmislegt fleira. Þá má benda á, að landbúnaðarvélar og áhöld eru í mjög lágum tollflokki. Þetta byggist að sjálfsögðu á því, að hér er um að ræða tæki til gjaldeyrisöflunar eða gjaldeyrissparnaðar í einu eða öðru formi. En það á ekki síður við um tæki til jarðborana, sem þetta frumvarp fjallar um.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur gert svofellda ályktun:

„Bæjarstjórnin skorar á ríkisstjórn og Alþingi að fella niður eða lækka verulega gjöld til ríkissjóðs af jarðbor, sem nýlega hefur verið keyptur til landsins sameiginlega af ríkissjóði og bæjarsjóði Reykjavíkur, samkv. samningi, dags. 18. okt. 1956.“

Vænta flutningsmenn þess, að hv. Alþingi sjái sér fært að styðja þetta þjóðnytjamál svo sem farið er fram á.

Ed. 25. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

1. B. 111 orðist svo:

Suðurfjarðavegur: Frá Bíldudal um Suðurfirði til Langabotns í Geirþjófsfirði, með álmu frá Trostansfirði á Arnarfjarðarveg.

2. B. 115 orðist svo:
   Rauðasandsvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum í Patreksfirði, um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi, með álmu frá Helguþúfu við Bjarnkötludalsá að Melanesi.
3. B. 116 orðist svo:
   Örlygshafnarvegur: Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal, Örlygshöfn, Hafnarfjall, Breiðuvík, Hvallátra að Bjargtangavita, með álmu frá Geitagili að Gjögrum.
4. Á eftir B. 117 komi nýir liðir:
   a. *Hænuvíkurvegur:* Af Örlygshafnarvegi á Gjögrum um Hænuvík til Kollsvíkur.
   b. *Siglunesvegur:* Af Barðastrandarvegi við Haukabergsá um Holt og Hreggstaði að Siglunesi.
   c. *Hjarðarnesvegur:* Af Barðastrandarvegi í Þingmannadal um Fossá og Auðshaug, fyrir Kjálkafjörð að Litlanesi.

Nd. 26. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Magnús Jónsson, Benedikt Gröndal, Jóhann Hafstein, Pétur Pétursson.

1. gr.

Liðurinn I, b í 6. gr. laganna (skattgjald hjóna) falli niður.

2. gr.

1. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:
Samanlögðum skattskyldum tekjum hjóna, sem samvistum eru, skal skipta til helminga og reikna skatt af hvorum helmingi um sig.

3. gr.

a. Í stað orðanna „Fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort)“ í 12. gr. laganna komi: Fyrir hjón kr. 10400.00 (5200 kr. fyrir hvort).
b. Á eftir 4. málsgr. sömu lagagreinar komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Einstæðum mæðrum eða feðrum með börn innan 16 ára aldurs á framfæri skal veitast persónufrádráttur að upphæð kr. 11000.00 fyrir eitt barn, en fyrir hvert barn þar umfram kr. 9000.00.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu í fjárhagsnefnd. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð, sem á við nú, ekki síður en þá:

„Flestum er ljóst, að sú meginregla, sem fylgt er við ákvörðun á skatti hjóna, er óréttlát. Á það hefur oft verið bent, bæði á Alþingi og annars staðar, að réttara væri að líta á hjón sem tvo sjálfstæða skattþegna. Einkum þykir núverandi skipan koma ranglátlega niður á hjónum, sem bæði afla beinna tekna. Við síðustu endurskoðun skattalaga fékkst nokkur leiðrétting, þótt hún væri ekki fullnægjandi.

Ýmsar leiðir til úrbóta hafa verið ræddar, m. a. á Alþingi. Gætir þar tveggja höfuðsjónarmiða: Annars vegar að skattleggja hvort í sínu lagi hjón, sem bæði afla beinna tekna. Stendur þá oftast þannig á, að húsmóðirin vinnur utan heimilis. Hins vegar er svo það sjónarmið, sem ræður í þessu frumvarpi, að skattleggja hvort í sínu lagi öll hjón, hvort sem bæði afla beinna tekna eða ekki, — hvort sem konan vinnur á heimilinu eða einnig utan þess.

Á síðustu árum hafa komið fram á Alþingi nokkur frv., sem byggjast á sömu meginreglu og þetta frv. Eru það frumvörp Gylfa Þ. Gíslasonar og Kristínar Sigurðardóttur árið 1951 og 1952 og frv. Jóhanns Hafsteins og Magnúsar Jónssonar 1952, sem raunar fól í sér ýmsar fleiri breytingar á skattalögum.

Þótt ýmsar leiðir í þessum efnum séu til bóta, er sú, sem í frumvarpinu felst, hins réttlátasta. Hún tekur fullt tillit til þess, að vinna konu við umönnun heimilis og uppeldi barna er sízt minna virði en vinna konu utan heimilis. Jafnframt léttir hún skattbyrði þeirra hjóna, sem bæði afla beinna tekna fyrir heimili sitt, en það er algengt og oft nauðsynlegt, sérstaklega á fyrstu búskaparárum hjóna.

Vegna mikilla skatta á hjónum eru nokkur brögð að því, að fólk búi saman ógift, enda þarf það samkvæmt núgildandi lögum að bera þyngri skattabyrði eftir hjúskaparstofnun, þótt tekjur þess séu óbreyttar.

Til þess að vega á móti þeim mun, sem skapast mundi milli skattgjalds hjóna og einstaklinga, og vegna þess að yfirleitt má telja framfærslukostnað tveggja saman hlutfallslega lægri en framfærslukostnað einhleypings, er lagt til í a-lið 3. gr. frv., að persónufrádráttur hjóna lækki nokkuð frá því, sem nú er. Hliðsjón er hér höfð af því hlutfalli, sem 13. gr. laga um almannatryggingar, nr. 24/1956, ákveður milli ellilífeyris hjóna og einhleyps fólks.

Þar eð frumvarp þetta fer fram á réttarbætur fyrir hjón, sem samvistum eru, þykir réttlátt, að einstæðir foreldrar með börn á framfæri hljóti aukin fríðindi, eins og b-liður 3. gr. frv. fjallar um, enda hafa þeir mun erfiðari aðstöðu en foreldrar, sem samvistum eru.“

Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um framkvæmdaáætlun um vegagerð.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera í samráði við vegamálastjóra samræmda framkvæmdaáætlun um vegagerð til þess að koma þeim landshlutum og héruðum sem fyrst í akvegasamband, sem enn þá eru ýmist veglaus eða án sambands við meginakvegakerfi landsins.

Greinargerð.

Enda þótt stórfelldar framfarir hafi orðið hér á landi í vegagerð á síðstu áratugum og akfærir vegir séu nú um það bil 10 þús. km. að lengd, eru þó einstök byggðarlög enn þá ýmist veglaus eða án sambands við akvegakerfi landsins. Er hér helzt um að ræða þá landshluta, sem afskekktastir eru eða erfiðleikum bundið að leggja vegi til þeirra vegna torfærna af náttúrunnar hendi.

Með aukinni tækni og margvíslegum nýjum vélum og tækjum hefur þó vegagerð um háfjöll, sæbrattar hlíðar, hamra og skriður orðið miklum mun auðveldari en áður. Má nú segja, að hægt sé að leggja vegi um hvers konar landslag á Íslandi, ef fé og tæki eru fyrir hendi.

Alþingi veitir nú árlega fé til um það bil 230 þjóðvega. Eru þeir að sjálfsögðu í öllum sýslum og landshlutum. Er erfitt að komast hjá þessari miklu dreifingu

vegafjárins, enda þótt mörg rök megi færa fyrir því, að skynsamlegt væri að einbeita kröftunum meira að einstökum vegaframkvæmdum en gert er.

Hjá því verður þó alls ekki komizt að leggja á næstu árum aukna áherzlu á að ljúka lagningu þeirra vega, sem skapa munu vegasamband við þau héruð og byggðarlög, sem nú eru veglaus og akvegasambandslaus. Sem betur fer eru þau byggðarlög ekki ýkjamörg og því hægra um vik að beina nægilegu fjármagni og tækjum að lagningu vega til þeirra og um þau.

Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin láti í samráði við vegamálastjóra gera samræmda framkvæmdaáætlun um vegagerð í þessum landshlutum og héruðum með það takmark fyrir augum að skapa þeim fullnægjandi samgöngur á skömmum tíma. Er hér um hið mesta nauðsynjamál að ræða. — Samgöngurnar eru undirstaða framleiðslu og félagslífs. Þjóðin getur ekki látið örfá héruð gjalda þess um áratugi, að þau eru landfræðilega afskekkt og einangruð. Í mörgum þeirra er haldið uppi blómlegu og þróttmiklu framleiðslustarfi til sjávar og sveita. Frá hagsmunasjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar væri hið mesta tjón að því, ef fólkið þar gæfist upp fyrir samgönguerfiðleikunum og hyrfi frá störfum við landbúnað eða sjósókn. En því miður hefur sú saga gerzt allt of víða í þessu strjálbýla landi. Þess vegna er nú svo komið, að þjóðin verður að greiða þúsundum útlendinga laun í erlendum gjaldeyri fyrir vinnu við íslenzka framleiðslu.

Það er von flutningsmanna þessarar tillögu, að hún geti orðið grundvöllur að skjótum og skynsamlegum aðgerðum í því vandamáli, sem henni er ætlað að leysa. Samræmd framkvæmdaáætlun um lagningu vega um þau héruð, sem enn þá eru veglaus eða akvegasambandslaus, er aðkallandi nauðsynjamál, sem hrinda verður í framkvæmd nú þegar.

Sþ. 28. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um útgáfu fréttayfirlits frá utanríkisráðuneytinu.

Flm.: Magnús Jónsson, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á ríksstjórnina að gefa út mánaðarlega eða oftar á vegum utanríkisráðuneytisins yfirlit um helztu viðburði í landinu og senda fréttayfirlit þetta sendiráðum Íslands erlendis, ræðismönnum, kjörræðismönnum og öðrum þeim aðilum, er ætla má að hafi áhuga á að kynnast íslenzkum málefnum og annast landkynningu á einn eða annan hátt.

Greinargerð.

Víða erlendis hefur á síðustu árum birzt vaxandi áhugi á Íslandi og íslenzkum málefnum, ekki hvað sízt á Norðurlöndum. Stafar þetta fyrst og fremst af þátttöku Íslands í ýmiss konar alþjóðlegri samvinnu. Hins vegar er yfirleitt mjög erfitt fyrir fólk í öðrum löndum að afla sér upplýsinga um Ísland. Sums staðar á Norðurlöndum eru að vísu fluttir öðru hverju sérstakir útvarpsþættir um Ísland og greinar birtar í blöðum um íslenzk málefni, en annars staðar er svo að segja engar upplýsingar að fá um Ísland, og fæstir skilja íslenzku, þótt menn geti náð í íslenzk blöð eða bækur.

Þar sem íslenzk sendiráð eru starfandi eða útsendir ræðismenn, geta þessir aðilar auðvitað veitt einstaklingum, fyrirtækjum og blöðum upplýsingar um land og þjóð, en þess er engin von, að Íslendingar geti haft sendiráð í öllum löndum, og verður því í mjög ríkum mæli að tilnefna kjörræðismenn, sem margir hverjir skilja ekki einu sinni íslenzku.

Þessar aðstæður valda því, að telja verður nauðsynlegt að geta látið fulltrúum Íslands erlendis, félagasamtökum og stofnunum, sem kynna vilja Ísland eða þurfa að svara fyrirspurnum um íslenzk málefni, í té öðru hverju yfirlit um það helzta, sem í landinu gerist. Eru slík fréttayfirlit gefin út af utanríkisráðuneytum ýmissa landa eða jafnvel af sendiráðum þeirra. Ætti slík útgáfa ekki að þurfa að verða mjög kostnaðarsöm, enda sérstakur blaðafulltrúi starfandi í utanríkisráðuneytinu.

Um nauðsyn landkynningar þarf ekki að fjölyrða. Jafnvel stórþjóðir, sem ætíð draga að sér athygli heimsins, telja mikilvægt að halda uppi víðtækri landkynningu erlendis. Bæði vegna viðskipta og af öðrum ástæðum er nauðsynlegt fyrir Íslendinga að stuðla að því, að hægt sé að fá erlendis réttar upplýsingar um land og þjóð.

Sþ. 29. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um skýrslu um framlag ríkissjóðs til lækkunar á vöruverði.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að birta nú þegar skýrslu um framlag ríkissjóðs til lækkunar á vöruverði. Sé þar sundurliðað, hversu hátt framlag er greitt til verðlækkunar á hverri vöru um sig, og gerð grein fyrir, hver áhrif það mundi hafa, ef greiðslum þessum væri hætt. Enn fremur ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að birta héðan í frá jafnskjótt allar ákvarðanir hennar um breytingar á þessu framlagi.

Greinargerð.

Frumskilyrði þess, að ráðið verði við þann vanda, sem nú steðjar að í efnahagsmálum þjóðarinnar, er, að henni sé gerð skýlaus grein fyrir öllum þeim atriðum, er þar hafa þýðingu. Hér er um margþætt mál að ræða, og getur ríkisstjórn og Alþingi ekki hlutazt til nema um sumt. Því meiri ástæða er til, að þessir aðilar láti ekki sitt eftir liggja um þá þætti, er þeir hafa í hendi sér. Einn þeirra er framlag ríkissjóðs tll lækkunar á vöruverði.

Þetta framlag breytir ekki sjálfu vöruverðinu, og áður en yfir lýkur, verður almenningur að greiða það, þótt ríkissjóður hafi þar milligöngu. Með því er engan veginn sagt, að óhyggilegt kunni að vera að hafa þennan hátt á. Það fer eftir atvikum og er mál fyrir sig. En vissa er fyrir, að þessi aðferð horfir til ills, ef hún verður til þess, að almenningur átti sig síður á hinu sanna orsakasamhengi og við hvern vanda er að etja.

Fjármálaráðherra vék í fjárlagaræðu sinni nokkuð að þessum vanda og sagði m. a.:

„Það leiðir af þessu búskaparlagi, að sífellt er að koma fram alls konar ósamræmi í uppbótar- og styrkjakerfinu og sífelld viðureign á sér stað við verðlagið í landinu, sem ævinlega leitar upp á við. Verðhækkanir hér, kauphækkanir þar og verðhækkanir hér, sem metnar eru óhjákvæmilegar, og í því sambandi sífelld pressa í þá átt, að komið sé í veg fyrir verðhækkanir í búðunum með fjárframlögum úr ríkissjóði, hvað sem fjárveitingum líður.“

Þótt fjármálaráðherra segi, að á þennan veg komi fram „pressa í þá átt, að komið sé í veg fyrir verðhækkanir í búðunum“, þá stenzt það ekki, þegar betur er skoðað, jafnvel samkvæmt hans eigin ummælum, því að síðar í ræðu sinni segir hann:

„— — — í rauninni er þar um að ræða ráðstafanir til þess að halda niðri verðlagi á einstökum vörutegundum fyrir milligöngu ríkisins og láta kostnaðinn við það koma fram í hækkuðum álögum á aðrar vörur.“

Af þessum sökum virðist fjármálaráðherra ekki vilja telja þessi útgjöld meðal eiginlegra ríkisútgjalda, en verður samt að viðurkenna, að frá því 1952 þangað til nú hafi þessi liður fjárlaganna hækkað meira en nokkur annar, því að hann segir:

„Mesta hækkun á einum lið er vegna niðurgreiðslu á vöruverði, eða 77 millj. kr. hækkun frá 1952, og er þetta 286% hækkun.“

Í fjárlagafrv. nú er mikil hækkun á þessum lið frá því, sem áður var. Segir fjármálaráðherra um það:

„Þá er gert ráð fyrir, að hækkun á fjárveitingum til niðurgreiðslu á vöruverði innanlands hækki úr 84 100 000 í 105 000 000. Hækkunin nemur 20 900 000. Kemur hér þrennt til.“

Síðan gerir ráðherrann á mjög ófullnægjandi hátt grein fyrir, af hverju þessi hækkun sé nauðsynleg, en bætir við:

„Þá verður þess að geta, að útgjöld við þá niðurgreiðslu landbúnaðarafurða, sem ákveðin var enn til viðbótar í haust, til þess að koma í veg fyrir hækkun á landbúnaðarafurðum, eru ekki meðtalin í frumvarpinu. Hefur engin ákvörðun verið tekin um það, hvort þessi niðurgreiðsla skuli verða til frambúðar eða ekki, og er hún því ekki tekin með, en eigi hún að standa, mundi þurfa að hækka fjárveitingu til niðurgreiðslu á vöruverði um ríflega 20 millj. kr. eða svo, og mundi þá halli fjárlaganna hækka að sama skapi, að öðru óbreyttu.“

Af þessu yfirliti er ljóst, að hér er um að ræða sívaxandi útgjöld fyrir ríkissjóð, sem haldið er áfram að bæta við í algeru stefnuleysi og án þess að nokkur fullnægjandi greinargerð sé til um raunveruleg áhrif þeirra.

Forsenda þess, að unnt sé að átta sig á þýðingu þessara ráðstafana, í senn fyrir vöruverð í landinu og afkomu ríkissjóðs, er, að samin sé og birt slík skýrsla sem hér er gerð tillaga um. Verður vonandi ekki tregða á samþykki þingheims til svo sjálfsagðrar ráðstöfunar.

Ed. 30. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1958 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einn nefndarmanna (JJós) var fjarstaddur, er málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 22. okt. 1957.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr., frsm. Gunnar Thoroddsen.

Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 31. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. og mælir með samþykkt þess. Einn nefndarmanna (GTh) undirritar nál. með fyrirvara. Annar nm., Jóhann Jósefsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. okt. 1957.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara.
Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 32. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um framlenging á eignarskattsviðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Einn nefndarmanna (JJós) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. okt. 1957.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson, frsm.
Gunnar Thoroddsen.

Nd. 33. Frumvarp til laga [24. mál]

um veltuútsvör.

Flm.: Björn Ólafsson.

1. gr.

Bæjar- og sveitarfélög hafa rétt til að leggja veltuútsvör á þá gjaldendur, sem selja vörur eða þjónustu.

2. gr.

Veltuútsvör skulu vera misjöfn eftir tegund atvinnu. Velta gjaldanda telst sala hans á vörum eða þjónustu. Ekki má leggja nema einu sinni á sömu veltu.

3. gr.

Eftir tillögum Sambands íslenzkra sveitarfélaga ákveður ráðherra með reglugerð útsvarstölu hverrar starfsgreinar til fimm ára í senn. Hámark útsvars skal vera 3% af veltu.

4. gr.

Heimilt er gjaldanda veltuútsvars að taka tillit til þess í verðreikningum sínum, enda sé það fært sem sérstakur liður í bókhaldi hans og skal ekki teljast með tekjum gjaldanda við ákvörðun sveitarútsvars og tekjuskatts.

5. gr.

Gjaldendur veltuútsvara skulu senda skýrslu um veltu sína mánaðarlega til viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags, og greiðist útsvarið mánaðarlega til bæjar- eða sveitarsjóðs. Um veltuútsvör gilda ákvæði 33. gr. laga nr. 66/1945, um útsvör. Veltuútsvör og dráttarvexti má taka lögtaki.

6. gr.

Undanþegið veltuútsvari er þjónusta og vörur, sem undanþágu njóta frá söluskatti, samkvæmt 23. gr. laga nr. 100/1948.

7. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal áætla útsvar af veltu þeirra fyrirtækja, sem enga skýrslu senda um veltu sína, sbr. 5. gr. Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun nefndarinnar um veltuútsvar, geta áfrýjað máli sínu til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar.

8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1958.

Greinargerð.

Tvo síðustu áratugi hefur löggjafinn stöðugt bætt á bæjar- og sveitarfélögin nýjum gjöldum í félagslegum efnum án þess að sjá þeim fyrir nýjum tekjustofnum. Verða þau enn að mestu að sjá sér farborða með hinum gamla og einhæfa tekjustofni sínum, útsvörunum, sem enn eru lögð á „eftir efnum og ástæðum". En þessi tekjustofn hefur sín takmörk, og fyrir fáum árum var svo komið, að hann var orðinn gersamlega ófullnægjandi, ef mæta átti þeim kröfum, sem nú eru gerðar um þjónustu bæjar- og sveitarfélaganna.

Til þess að geta haldið rekstri sínum gangandi og staðið undir hinni öru þróun í félagslegum efnum urðu bæjarfélögin að afla sér tekna umfram það, sem hægt var að ná með hinu venjulega sveitarútsvari. Var þá af bæjarfélögunum gripið til þess örþrifaráðs að leggja á nokkurn hluta gjaldendanna sérstakt útsvar á veltu og þjónustu án nokkurs tillits til tekna þeirra eða efnahags, í viðbót við venjulegt sveitarútsvar og lögboðna skatta til ríkisins. Á þennan hátt er á nokkurn hluta skattgreiðenda lagður þungur og ósanngjarn aukaskattur til sveitarsjóðs, sem nú tekur að mestu það, sem sveitarútsvar og ríkisskattar skilja eftir af nettóárstekjum gjaldendanna, en margir verða að greiða miklu meira en tekjunum nemur, og verður þá veltuútsvarið beinn skattur á eignir þeirra. Eru til dæmi um, að á þennan hátt hafi verið lagt á gjaldendur svo að hundruðum þúsunda króna skipti umfram tekjur þeirra.

Þessi tekjuöflun er í senn óréttlát og hættuleg. Óréttlát er hún vegna þess, að hún lendir með miklum þunga á aðeins nokkurn hluta gjaldendanna, án tillits til tekna þeirra og efnahags. Þessi tekjuöflun er hættuleg vegna þess, að hún dregur til sín eignir og veltufé atvinnuveganna og stöðvar eðlilega og nauðsynlega þróun atvinnufyrirtækjanna. Þessi tekjuöflun getur ekki verið til frambúðar. Hún getur aðeins staðið takmarkaðan tíma, og því lengur sem henni er haldið áfram í því formi, sem hún er nú, því meira tjón mun af henni hljótast.

Þess vegna er nauðsynlegt að breyta nú þegar þessari tekjuöflun bæjarfélaganna í það horf, að þau geti til frambúðar haft veltuútsvar sem tekjustofn, án þess að gengið sé í berhögg við gjaldþol skattgreiðendanna og allar viðteknar reglur um opinbera skattheimtu.

Með þessu frumvarpi er lagt til að lögfesta rétt bæjar- og sveitarfélaga til þess að leggja veltuútsvör á þá aðila, sem selja vörur eða þjónustu. En jafnframt eru þau takmörk sett, að þetta útsvar megi hæst vera 3% af veltu. Venjan hefur verið sú, að veltuútsvarið er misjafnt eftir tegund starfsgreinar, frá 0.6% til 5%. Gjaldendum

er heimilað að taka tillit til veltuútsvarsins í verðreikningum sínum, og skulu þeir færa það sem sérstakan lið í rekstri sínum og gera viðkomandi bæjarfélagi mánaðarlega skil á útsvarinu. Með þessu móti verður veltuútsvarið gert að óbeinum skatti, enda er engin leið að innheimta það framvegis á annan hátt.

Alþingi getur ekki lengur daufheyrzt við kröfum bæjar- og sveitarfélaga um nýjan, heilbrigðan tekjustofn til viðbótar sveitarútsvarinu. Með frumvarpi þessu er bent á leið fyrir bæjar- og sveitarfélögin til eðlilegrar tekjuöflunar, sem staðið getur til frambúðar.

Nd. 34. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 1927.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

1. málsl. 4. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur hreppur innan sinna takmarka kauptún eða þorp 300 íbúa eða fleiri, og hafa þá hvorir í sínu lagi, íbúar þorpsins og íbúar dreifbýlisins, rétt til að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig eða sameinast öðrum hreppi með þeim ummerkjum, er ráðherra ákveður eftir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Þó skal íbúum dreifbýlisins ekki leyft að stofna sérstakt sveitarfélag, nema þeir séu minnst 100, en sameinazt geta þeir öðru sveitarfélagi, þótt færri séu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér á landi hafa á síðustu árum og áratugum víða myndazt kauptún og þorp innan takmarka gamalla hreppa. Oftast hefur borið á því fljótlega, eftir að slík þorp hafa stækkað og mannfjöldi aukizt fram yfir það, sem fyrir var í dreifbýli gamla hreppsins, að þarfir og félagsleg viðfangsefni hinna tveggja hreppshluta, þorps og dreifbýlis, hafa orðið sundurleit og haft í för með sér nokkra erfiðleika og sveitarfélagið af þeim sökum ekki getað verið nægilega samstæð og sterk heild.

Þetta mun löggjafinn hafa séð og þess vegna sett ákvæðið í 4. gr. sveitarstjórnarlaganna um það, að þorp með 300 íbúa eða fleiri geti sagt skilið við sinn forna hrepp og gerzt sjálfstætt sveitarfélag. Þetta hafa líka mörg hin eldri þorp gert, og sýnist hafa farið vel á þessu. Það virðist hins vegar ekki hafa verið aðgætt, að með þessu er aðeins öðrum aðilanum, íbúum þorpsins, gefinn réttur, en hinn aðilinn, íbúar dreifbýlisins í hreppnum, er réttlaus í þessu efni og getur ekki sagt skilið við þorpið, þó að hann teldi sér það hagkvæmt að vera sérstakt hreppsfélag eða þá sameinast nágrannasveit, sem komið gæti til mála að væri á margan hátt eðlilegra og hagkvæmara en vera í tengslum við þorpið, sem á flestan hátt hlýtur að hafa allt öðrum félagslegum verkefnum að sinna og gerólíkum þeim, sem sveitabyggðin þarf fyrir sig.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að báðir aðilar séu gerðir jafnréttháir og fái sömu möguleika til frumkvæðis og ákvörðunar um það, hvort þeir stofni sjálfstætt sveitarfélag fyrir sig eða sameinist öðru sveitarfélagi, sem sjálfsagt gæti verið í sumum tilfellum heppilegast fyrir sveitabyggð, sem ekki teldi sér hagkvæmt að vera í sama hreppsfélagi og allstórt þorp.

Sþ. 35. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

um endurskoðun lagaákvæða um byggingarsamvinnufélög.

Flm.: Magnús Jónsson, Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við stærstu byggingarsamvinnufélögin í landinu endurskoða gildandi lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög.

Greinargerð.

Lögin um byggingarsamvinnufélög miða að því að veita því fólki sérstaka aðstoð, sem myndar með sér byggingarsamvinnufélag til þess að eignast þak yfir höfuðið. Hefur verið stofnaður fjöldi byggingarsamvinnufélaga og margir notið góðs af þeim samtökum.

Með lögum þessum eru félagsmönnum samvinnubyggingarfélaga veitt mikil réttindi, en um leið eru á þá lagðar miklar skyldur. Ekki er nema sanngjarnt, að þeir taki á sig nokkrar kvaðir, sem njóta sérstakrar aðstoðar hins opinbera til að eignast húsnæði. Um það má þó jafnan deila, hversu þungar þær kvaðir eiga að vera. Mikil reynsla er nú fengin af þessu skipulagi, og hefur sú reynsla ótvírætt sannað nauðsyn þess, að skipulagið í heild verði tekið til endurskoðunar. Í framkvæmd hafa félagsmenn samvinnubyggingarfélaga ekki notið nema að nokkru leyti þeirrar aðstoðar, sem lögin gera ráð fyrir, og hlýtur því eðlilega að vakna sú spurning, hvort ekki sé sanngjarnt, að kvaðirnar léttist að sama skapi. Mörg atriði koma til greina í þessu sambandi og því hæpið að gera breytingar á einstökum atriðum án þess að athuga málið í heild. Sjálfsagt er, að samvinnubyggingarfélögin sjálf eigi aðild að slíkri endurskoðun, en þar sem þau eru ekki öll í einu landssambandi, er ekki hægt að haga samvinnunni við þau á annan hátt en þann að velja þau stærstu þeirra til samráðs.

Sþ. 36. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um fræðslustofnun launþega.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson, Benedikt Gröndal, Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um fræðslustofnun launþega. Starssvið stofnunarinnar sé að veita trúnaðarmönnum og félagsfólki verkalýðsfélaga, félaga opinberra starfsmanna og annarra launþegasamtaka raunhæfa fræðslu um hlutverk slíkra samtaka í nútímaþjóðfélagi, einnig sögu þeirra, skipulag og starfshætti.

Stofnun þessari sé ætlað að nota fræðslutækni nútímans sem gerst við starf sitt.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

Frumvörp um verkalýðsskóla hafa áður verið lögð fram á Alþingi, og í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar var stofnun slíks skóla heitið. Er flutningsmönnum kunnugt, að menntamálaráðuneytið hefur safnað víðtækum gögnum til undirbúnings því máli. Engin ákvörðun mun þó hafa verið tekin um framkvæmdir.

Með flutningi þáltill. er máli þessu hreyft á nokkuð öðrum grundvelli en áður hefur verið gert á Alþingi, þar sem gert er ráð fyrir almennri fræðslustofnun í stað venjulegs skóla. Þykir flutningsmönnum ólíklegt, að enn sé grundvöllur fyrir verkalýðsskóla hér á landi, og óvíst, að nemendur fáist til að setjast á skólabekk í 1—2 vetur til að búa sig undir störf, sem hljóta með fáum undantekningum að verða ólaunuð aukastörf. Þykir slík stofnun sem hér er gert ráð fyrir mun líklegri til árangurs, enda gæti hún strax og aðstæður leyfa haldið námskeið, er næðu tilgangi áðurnefndrar skólahugmyndar.

Fyrirmyndir að slíkri fræðslustofnun launþega má finna víða um heim, og er höfuðþáttur í starfi þeirra að efna til stuttra og langra námskeiða, oft í nánu samstarfi við ýmsa skóla. Hér á landi mætti halda slík námskeið að sumarlagi í skólabyggingum um land allt, bæði í sveit og bæ, og vafalaust tengja sum þeirra námskeiða við orlof. Stutt námskeið, 1—3 daga, fara mjög í vöxt erlendis. Einnig mætti halda margra vikna námskeið, t. d. í samvinnu við háskólann, er þörf reynist fyrir þau.

Þá mundi fræðslustofnun launþega senda fyrirlesara um land allt til að mæta á fundum launþegasamtaka. Þyrfti stofnunin í því sambandi að eignast myndræmur, skuggamyndir og kvikmyndir til stuðnings fyrirlestrum eða til sjálfstæðra sýninga.

Enn er hugsanlegt, að fræðslustofnunin gefi út í samvinnu við heildarsamtök launþega ýmiss konar fræðslurit, blöð og jafnvel bækur, er stuðla að takmarki stofnunarinnar. Bókasafn þarf hún sjálf að eignast, er fram líða stundir, og safna þar sem flestum heimildum um sögu og starf launþegasamtaka hér á landi og erlendis.

Æskilegt væri, að launþegasamtökin gætu sjálf annazt þá fræðslu, sem hér ræðir um, en þau hafa ekki bolmagn til slíks starfs í nægilega stórum stíl. Hins vegar er það þjóðfélagsleg nauðsyn, að starfsemi launþegasamtaka sé sem farsælust og þau nái höfuðtilgangi sínum, að bæta kjör félagsmanna sinna, eftir því sem efni standa til og án þess að mikil vinna og verðmæti tapist í verkföllum. Öruggasta leiðin til að ná slíku marki er aukinn félagsþroski og skilningur á heilbrigðu hlutverki og starfsháttum samtakanna. Fræðslustofnun eins og sú, sem hér er lagt til að koma á fót, gæti lagt fram þýðingarmikinn skerf í þá átt.

Sþ. 37. Fyrirspurnir. [28. mál]

I. Til sjávarútvegsmálaráðherra um togarakaup.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

1. Hvað líður byggingu hinna 15 togara samkvæmt lögum, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi?
2. Hve mikið lán hefur verið tekið til þessara skipakaupa og hvar hefur það verið tekið?
3. Við hverja hefur verið samið um smíði togaranna?
4. Hefur skipunum þegar verið ráðstafað til ákveðinna staða og þá hverra og til hvaða aðila?

II. Til fjármálaráðherra um lántöku til hafnargerða.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Hvað hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að afla láns til hafnargerða, og hverjar horfur eru á, að umrætt lán fáist?

III. Til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd tillagna íslenzk-skandinavísku samgöngumálanefndarinnar.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Hvað líður athugun og framkvæmd þeirra þátta tillagna íslenzk-skandinavísku samgöngumálanefndarinnar, sem 5. þing Norðurlandaráðsins sérstaklega beindi til ríkisstjórnar Íslands?

Nd. 38. Frumvarp til laga [29. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. C. 30. orðist svo:
   Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði á Norðurlandsveg austan Vatnsskarðs.
2. Á eftir C. 32 komi nýr liður:
   Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi við Svartárbrú, hjá Reykjum, um Héraðsdal á Skagafjarðarveg við fyrirhugaða brú á Héraðsvötnum hjá Flatatungu.
3. C. 34 orðist svo:
   Austurdalsvegur: Af Vesturdalsvegi hjá Goðdölum, yfir Jökulsárbrú vestri að Skatastöðum og þaðan yfir væntanlega brú á Jökulsá eystri að Merkigili.
4. Á eftir C. 34 komi tveir nýir liðir:
   a. *Kjálkavegur:* Af Skagafjarðarvegi hjá Flatatungu að Gilsbakka.
   b. *Norðurárdalsvegur:* Af Skagafjarðarvegi sunnan Norðurárbrúar hjá Skeljungshöfða um Norðurárdal að Borgargerði.
5. Á eftir C. 37 komi nýr liður:
   Hegranesvegur vestri: Af Hofsósvegi hjá Hellulandi að Keldudal.
6. Á eftir C. 38 komi nýr liður:
   Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi í Kjarvalsstaðanesi, vestan Hjaltadalsár að Hrafnhóli.
7. Aftan við C. 39 bætist: með álmu um Unadal að Hrauni.
8. Á eftir C. 39 komi nýr liður:
   Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi við Hrollaugsdalsárbrú, austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg hjá Keldum.
9. Á eftir C. 40. komi nýr liður:
   Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Sléttu að Skeiði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp að mestu samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, og fylgi því svo hljóðandi greinargerð:

Eins og kunnugt er, byggist mjólkurframleiðsla meðal annars á því, að vegir séu þannig, að unnt sé að halda uppi daglegum mjólkurflutningum allt árið. Þrátt fyrir þessa nauðsyn á enn langt í land, að vegamál Skagafjarðarsýslu komist í

það horf, er mjólkurframleiðslan og aðrir framleiðsluhættir krefjast. Aðeins nokkur hluti bænda í héraðinu getur flutt mjólk að staðaldri til mjólkursamlagsins sökum vegleysis eða ófullnægjandi samgangna. Stafar þetta að nokkru af því, að tregða hefur ávallt verið á, að ríkissjóður legði sýsluvegasjóðum fé, svo sem þurft hefði til móts við framlög héraðsbúa til að standa undir kostnaði við nýlagningu og viðhald sýsluvega. Lagning sýsluvega miðar því víðast mjög lítið, og vegirnir verða ófærir, strax og tíð spillist. Mjólkurframleiðendur, sem búa við þessa vegi, verða árlega af þessum sökum fyrir þungum búsifjum. En aðrir treystast ekki til að snúa sér að mjólkurframleiðslu sökum erfiðleika við flutninga. Til þess að ráða bót á þessu hefur Alþingi horfið að því ráði á undanförnum árum að taka sýsluvegi upp í þjóðvegatölu og létta þannig nokkuð á sýsluvegasjóðunum. Þrátt fyrir þessa viðleitni og með skírskotun til fjárskorts sýsluvegasjóðs og nauðsynjar mjólkurframleiðenda teljum við flutningsmenn nauðsyn til bera, að framangreindir vegir og vegakaflar verið teknir í tölu þjóðvega. Eftir verða samt mikil verkefni fyrir sýslusjóð Skagafjarðarsýslu, ef sinna á, svo að vel sé, vegaþörf héraðsbúa.

Sþ. 39. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um hagnýtingu brotajárns.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands, hvort tiltækilegt sé að hagnýta brotajárn hér á landi með því að koma upp járnbræðslu.

Greinargerð.

Þetta mál var lagt fram og rætt á Alþingi 1953, en fékk ekki afgreiðslu þá. Hins vegar er hér tvímælalaust um það stórt mál að ræða, að full ástæða er til þess að taka það til umræðu á ný.

Það er vitað mál, að á hverju ári falla til í landinu nokkur þúsund tonn af brotajárni. Hluti þess er fluttur úr landi og seldur fyrir tiltölulega lágt verð. Vafalaust er þó mikið magn, sem ekki er safnað saman.

Það er skoðun flm., að rétt sé að láta gera ýtarlega athugun á því, hvort ekki sé tiltækilegt að setja á stofn litla járnbræðslu hér á landi til þess fyrst og fremst að vinna úr því brotajárni, sem til fellur, auk þess sem vel væri hægt að hugsa sér, að brotajárn væri flutt hingað. Það er eðlilegt, að þessi athugun sé gerð í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem ætti að geta gefið ýmsar tæknilegar upplýsingar varðandi málið. Fyrst um sinn væri e. t. v. hægt að fara af stað í smáum stíl, t. d. með því að framleiða tilteknar tegundir af steypustyrktarjárni.

Ed. 40. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Karli Kristjánssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

1. Á eftir C. 63 komi nýr liður:
   Fremstafellsvegur: Af Kinnarvegi hjá Landamóti um Fellsenda, Fremstafell og Hriflu, á Norðurlandsveg hjá Kvíslarbrú.

2. Á eftir C. 65 komi tveir nýir liðir:
   a. *Hvammavegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárvirkjun um Hvamma að Yztahvammi.
   b. *Sandsbæjavegur:* Af Þingeyjarsýslubraut nálægt Knútsstöðum um Hraunkot að Sandi.

Sþ. 41. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um endurskoðun laga um hafnarbótasjóð.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að láta endurskoða lögin um hafnarbótasjóð með það fyrir augum að breyta lögunum til eflingar sjóðnum og athuga, hvort ekki væri heppilegra, að hann starfaði að einhverju leyti á svipuðum grundvelli og t. d. fiskveiðasjóður eða fiskimálasjóður. Jafnframt yrðu veittir úr sjóðnum einhverjir styrkir til hafnargerða, þar sem þess er talin þörf, eins og nú er gert.

Greinargerð.

Í langflestum kaupstöðum og kauptúnum á landinu eru hafnarmálin á staðnum erfiðasta úrlausnarefnið af þeim vandamálum, sem við er að etja. Hafnirnar eru í mörgum tilfellum undirstaðan undir blómlegu atvinnulífi á viðkomandi stað. Sums staðar eru til bæði fiskiskip og myndarlegar vinnslustöðvar í landi, en höfnin ófullnægjandi með öllu. Hér er um eitthvert öfugstreymi að ræða. Lánastofnanir og sjóðir lána oft stórfé til kaupa á skipum og til bygginga á vinnslustöðvum. Um það er auðvitað ekki nema gott eitt að segja. En undirstaðan undir það atvinnulíf, sem fylgir vinnslustöðvum og bátum, er vitaskuld góð hafnarskilyrði. Til þeirra framkvæmda hefur oft reynzt erfitt að fá lánsfé. Það fé, sem ríkið leggur fram á fjárlögum, auk þess, sem lagt er í hafnarbótasjóð árlega, nær harla skammt, þegar um stærri framkvæmdir er að ræða.

Þessi tillaga er flutt með það fyrir augum, að athugað sé, hvort ekki þætti tiltækilegt að auka á einhvern hátt hafnarbótasjóð, og þá sérstaklega með það fyrir augum að gera hann svo sterkan, að hann geti veitt hagkvæm lán til langs tíma, á líkan hátt og fiskveiðasjóður og fiskimálasjóður gera.

Það, sem fyrst og fremst vakir fyrir með flutningi þessarar tillögu, er að fá málið rætt og athugað sérstaklega, en allir hljóta að viðurkenna, að það er í fyllsta lagi aðkallandi.

Nd. 42. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.
Einn nefndarmanna (JóhH) var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 23. okt. 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Emil Jónsson, fundaskr.	Einar Olgeirsson.	Ólafur Björnsson.

Ed. 43. Frumvarp til laga [32. mál]

um breyting á póstlögum, nr. 31 1940.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

Við 9. málsgr. 17. gr. laganna bætist svofelldur málsliður:
Þó getur viðtakandi, ef hann óskar þess, haldið eftir álímdum frímerkjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1958.

Greinargerð.

Næstsíðasta (9.) málsgr. 17. gr. póstlaga er orðuð þannig: „Eyðublöð, sem keypt eru, verða ásamt frímerkjunum fyrir burðargjaldi sendingarinnar eign póststjórnarinnar, um leið og þeim er skilað til flutnings, og eiga sendandi og viðtakandi aðeins rétt á að fá afklippingana við þessi eyðublöð.“

Það ákvæði þessar greinar, að póststjórnin fái endurgjaldslaust til eignar frímerki, sem hún þegar hefur selt fullu verði, sætir stöðugt mikilli gagnrýni. Notuð álímd frímerki eru verðmæti, sem mörgum er ekki sama um. Flestum mun finnast þetta ákvæði ekki aðeins óeðlilegt, heldur líka ranglátt. Það nær til frímerkja á fylgibréfum bögglapósts, póstkröfum og póstávísunum, m. ö. o. til þeirra frímerkja, sem mest verðgildi hafa til söfnunar. Verðminni frímerkjum sendibréfa og annarra léttra póstsendinga fær viðtakandi að halda óáreittur. Verðmætum frímerkjum, þannig fengnum, safnar póststjórnin síðan saman og selur söfnurum við „sanngjörnu“ verði. Þá hefur hún tvíselt sama hlutinn án þess að hafa greitt hann nema einu sinni. Þessi viðskiptaháttur, leyfður með lögum, hefur mörgum leikmanninum blöskrað og honum orðið á að spyrja, hvort þetta samrýmist stjórnarskrá landsins.

Með frumvarpinu er farið fram á, að þetta hæpna og óvinsæla ákvæði verði niður fellt úr póstlögunum, og er þó ekki gengið lengra en svo, að þeir, sem þess óska beinlínis, fái að halda tilsendum frímerkjum sínum. Komi engin slík ósk fram, getur póststjórnin eftir sem áður eignað sér hin notuðu frímerki.

Ágóðanum af síðari sölu þessara frímerkja mun að vísu vera vel varið, þar sem póstmannasjóður nýtur góðs af. En jafnvel sú ráðstöfun fjárins getur ekki réttlætt hið leiða lagaákvæði. Verði það fellt í burtu, þarf að tryggja sjóðnum fullar bætur, sem þá séu fengnar með sómasamlegum hætti. Hlýtur einhver leið að finnast til þess.

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um afnám áfengisveitinga á kostnað ríkis og ríkisstofnana.

Flm.: Alfreð Gíslason, Pétur Ottesen, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar, að áfengir drykkir skuli ekki veittir á kostnað ríkisins eða ríkisstofnana.

Greinargerð.

Árið 1946 flutti Skúli Guðmundsson ályktunartillögu á Alþingi um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins o. fl. Í greinargerð, er fylgir tillögunni, segir svo m. a.:

„Flestir æðstu valdamenn hér á landi, sem halda veizlur á kostnað ríkisins, hafa þar vín á boðstólum handa gestum sínum. Munu þeir telja, að eigi sé sæmilegt

að halda slíkar veizlur eða samkvæmi án þess að áfengir drykkir séu þar á boðstólum. Þó má finna dæmi þess, að veizlur hafa verið haldnar, án þess að áfengi væri veitt. Má þar nefna hátíðarveizlu ríkisins á Þingvöllum árið 1930, sem þáverandi forsætisráðherra, Tryggvi Þórhallson, veitti forstöðu. Það dæmi ætti að nægja til að sanna, að þau samkvæmi, sem haldin eru án vínveitinga, eru virðulegust og með mestum menningarbrag.

Hér er lagt til, að hætt verði með öllu að veita áfengi á kostnað ríkisins og ríkisstofnana, þar sem vínveitingar af hálfu þeirra aðila verða að teljast óviðeigandi. Ef æðstu embættismenn og valdamenn í þjóðfélaginu hætta að veita vín í veizlum og samkvæmum, má vænta þess, að margir aðrir taki sér þá til fyrirmyndar í því efni, og gæti sú ákvörðun þannig haft allvíðtæk áhrif í þá átt að draga úr áfengisneyzlunni."

Þessi tillaga mun ekki hafa fengið neina endanlega afgreiðslu.

Ári síðar fluttu þeir Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Sigfús Sigurhjartarson, Hannibal Valdimarsson, Halldór Ásgrímsson og Páll Þorsteinsson tillögu sama efnis, og fór eins um afgreiðslu hennar. Enn var sama mál flutt í tillöguformi árið 1949 og með sama árangri. Voru flutningsmenn í það skipti Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson, Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson og Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nú er hér enn einu sinni lagt til, að áfengisveitingum á kostnað ríkisins verði hætt með öllu. Um rökstuðning nægir að vísa til þess, sem um getur í greinargerð Skúla Guðmundssonar. Leggja flutningsmenn megináherzlu á gildi fordæmisins í þessu máli. Ef Alþingi, ríkisstjórn og ríkisstofnanir legðu niður áfengisveitingar í samkvæmum sínum, þá skapaðist fordæmi, sem án efa mundi hafa víðtæk áhrif til góðs. Slík ráðstöfun mundi hvarvetna mælast vel fyrir. Bæjarfélög mundu sennilega skjótt taka upp sama sið og síðan félög og einstaklingar feta í sömu spor að meira eða minna leyti. Skemmtanalífi er nú um of spillt með áfengisneyzlu, eins og alkunna er, og því er góðs fordæmis æðstu manna brýn þörf.

Öllum þorra landsmanna mun hafa fallið vel í gerð sú ráðstöfun ríkisstjórnarinnar 17. júní s. l. að veita ekki áfengi í gestaboði því, er hún efndi til þann dag. Þetta nýmæli vakti athygli, og var um það rætt og ritað. Komst eitt dagblaðanna m. a. svo að orði í tilefni þess:

„Það, sem þjóðin væntir af forustumönnum sínum, er ekki sízt forganga um nýja og betri siði. Rétt spor var stigið í þessa átt af hálfu ríkisstjórnarinnar 17. júní. Nú er það hennar og forseta Íslands að fylgja þessu máli enn betur fram og fara helzt alveg að dæmi Tryggva Þórhallssonar."

Að því er stefnt með flutningi þessarar tillögu.

Sþ. 45. Breytingartillögur [21. mál]

við till. til þál. um framkvæmdaáætlun um vegagerð.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við vegamálastjóra að afla upplýsinga um vegamál og gera athuganir og framtíðaráætlanir um framkvæmd vegamála:

1. Að upplýsa um lengd þjóðvega innan hvers sýslufélags, flokkaðra eftir gæðum veganna sem hér segir:
   a. Upphlaðna góða vegi, sem teljast færir fyrir bíla allt árið, ef ekki hamla sérstök snjóalög.

b. Vegi, sem mega teljast góðir að sumrinu fyrir umferð bíla, en lítt færir aðra tíma ársins.
c. Vegi, sem ekki eru færir öðrum bílum en jeppabílum eða bílum með drifi á öllum hjólum.
d. Vegi, sem eru ófærir bílum.

Í þessu yfirliti séu ekki taldir lengri vegir milli héraða.

2. Að upplýsa um lengd annarra þjóðvega landsins, flokkaðra á sama hátt.
3. Að upplýsa um lengd sýsluvega í hverju sýslufélagi, flokkaðra á sama hátt og þjóðvegina.
4. Að upplýsa um, hvaða sýslur hafa komið á hjá sér sýsluvegasjóðum og hverjar tekjur hvers og eins séu.
5. Að athuga og gera áætlun um, hvað leggja þurfi af nýjum þjóðvegum í hverri sýslu, til þess að þörf sýslubúa fyrir vegi verði leyst sem jafnast í öllum sýslum landsins.
6. Að athuga, hvort ekki sé rétt, eftir að töluliður 5 hefur verið framkvæmdur, að flokka þjóðvegina eftir þörf þeirra fyrir þjóðfélagið í 3—4 flokka, þar sem viðhaldið hvíli misjafnt á þeim aðilum, sem hafa vegarins not, t. d. að öllu leyti á ríkinu, þegar um er að ræða höfuðvegi milli landshluta og héraða, en að einhverju leyti á sýslum eða hreppum, þegar um er að ræða vegi, sem íbúar þeirra hafa aðalnot af.
7. Að upplýsa um fjölda bifreiða, sem um vegina fara, eftir því sem talningar liggja fyrir um.
8. Að athuga, hvort ekki muni tímabært að láta leggja vegi og byggja brýr í ákvæðisvinnu, eftir útboðum. .

2. Fyrirsögnin orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um vegamál.

Ed. 46. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 27 29. maí 1957, um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Tilefni frv. þessa er samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur, er nýlega var gerð, þess efnis, að hún skori á ríkisstjórn og Alþingi að fella niður eða lækka verulega gjöld til ríkissjóðs af jarðbor, sem nýlega hefur verið keyptur til landsins, sameiginlega af ríkissjóði og bæjarsjóði Reykjavíkur samkv. samningi, dags. 18. okt. 1956.

Jarðborar þeir, er hér um ræðir, falla undir sama tollflokk og sömu gjöld og margar aðrar nauðsynlegar vélar og áhöld, svo sem rafmótorar, rafalar, túrbínur, gufuvélar og hlutar til þeirra, vélar til mjólkurvinnslu, til tóvinnu og ullarþvottar, til niðursuðu, sútunar, lýsishreinsunar, fiðurhreinsunar, til síldar- og annars fiskiðnaðar svo og hvalvinnslu. Frystivélar, flökunarvélar og sjálfvirk löndunartæki eru og í sama tollflokki. Væri því farið út á þá braut, sem frv. gerir ráð fyrir, mundu óhjákvæmilega koma fram fjölmargar jafnréttháar kröfur um niðurfellingu aðflutningsgjalda af framantöldum og fleiri nauðsynlegum tækjum, sem ekki mundi unnt að sinna, eins og ástatt er.

Hv. 2. flm. frv. taldi við 1. umr. málsins, að samþ. bæri frv. vegna þess, hve fjárhagur Reykjavíkur væri bágborinn. Í því sambandi er rétt að benda á, að ríkisstjórnin hefur gert Reykjavíkurbæ þann kost í samræmi við fjárlagaheimild, að hann verði leystur með öllu frá skuldbindingum sínum varðandi sameign með ríkissjóði á hinum umræddu jarðbor. Virðist því ekki ástæða til að samþykkja frv. vegna fjárskorts Reykjavíkurbæjar.

Aðflutningsgjöldum, einkum hinum nýrri, er að verulegu leyti varið til þess að halda uppi gengi íslenzkrar krónu. Væru þau gjöld, sem til þessa er varið, niður felld og gengið lækkað að sama skapi, mundi umræddur jarðbor og önnur hliðstæð tæki vafalaust verða jafndýr og hann nú verður með öllum aðflutningsgjöldum. Virðist því ekki sanngjarnt að létta þessum gjöldum af.

Samkv. framansögðu leggur minni hl. fjárhagsnefndar til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem samþykkt þessa frv. mundi raska samræmi í tollakerfi landsins og ekki getur heldur talizt sanngjarnt að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af þessum tækjum sérstaklega og með því enn fremur, að slíks er ekki nauðsyn vegna „bágborins fjárhags Reykjavíkurbæjar", þar sem hann getur haft full not þessa tækis án þess að vera eigandi þess, þykir deildinni ekki ástæða til að fjalla frekar um frv. og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. okt. 1957.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Björn Jónsson, fundaskr.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [34. mál]

um byggingu kennaraskólans.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að halda áfram byggingu nýs kennaraskóla, sem undirbúin hefur verið undanfarin ár og veitt hefur verið til fjárupphæð, er nemur á fjórðu milljón króna.

Greinargerð.

Kennaraskóli Íslands hefur um langt skeið búið við lélegri húsakost en flestar menntastofnanir landsins. Háir það mjög hinni þýðingarmiklu starfsemi hans. Fyrir nokkrum árum var því tekin upp barátta fyrir nýrri kennaraskólabyggingu. Bar hún þann árangur, að á árunum 1953—57 var samtals veitt 3.1 milj. kr. á fjárlögum til byggingarinnar. Var síðan hafizt handa um að grafa grunn nýs skóla. Nemur útlagður kostnaður við það um 200 þús. kr. Virtist sem lausn húsnæðisvandamáls stofnunarinnar væri nú skammt undan.

En á þessu ári hafa byggingarframkvæmdir við þetta nauðsynlega mannvirki með öllu legið niðri. Hefur það vakið mikla óánægju, ekki aðeins meðal kennarastéttarinnar og forráðamanna skólans, heldur og meðal allra þeirra, sem þekkja hin óviðunandi húsnæðisskilyrði, sem kennaraskólinn býr nú við. Fé er fyrir hendi til þess að koma nýrri skólabyggingu töluvert áleiðis. En ríkisstjórnina virðist skorta áhuga á málinu. Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að henni verði falið að halda byggingu kennaraskólans áfram, eins og undirbúið hafði verið af fyrrverandi menntamálaráðherra.

Nd. 48. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Framan við 1. tölul. 1. gr. bætist:

1. Á eftir B. 64 komi nýr liður:
   Snóksdalsvegur: Af Skógarstrandarvegi sunnan Miðár á Vesturlandsveg hjá Gröf í Miðdölum.
2. Á eftir B. 69 komi nýr liður:
   Neðribyggðarvegur: Af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi utan Hafnarár um Neðribyggð á þjóðveginn hjá Hellu.
3. B. 73 orðist svo:
   Hjarðarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi innan Búðardals um Hjarðarholt á Laxárdalsveg hjá Svalhöfða.

Ed. 49. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 29. maí 1957, um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. okt. 1957.

Gunnar Thoroddsen, frsm. Eggert Þorsteinsson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 50. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Í stað „10%“ í 2. málslið 26. gr. komi: 3%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji, að upphæð álagðra útsvara hafi af ýmsum ástæðum hækkað svo mjög á síðari árum, að brýna nauðsyn beri til að breyta ákvæði 2. málsliðar 26. gr. gildandi útsvarslaga þannig, að yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd verði heimilað að breyta útsvari, sem kært er yfir, ef það reynist að minnsta kosti 3% of hátt eða lágt, í stað 10% eins og nú er í lögum.

Fellst ég því á, með skírskotun til 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög:

1. gr.

Í stað „10%“ í 2. málslið 26. gr. komi: 3%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 26. september 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 51. Breytingartillaga [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ólafi Thors.

Á undan 1. tölul. 1. gr. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Á eftir B. 7 kemur nýr liður:
Brautarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Grundarholti um Arnarholt að Brautarholti.

Nd. 52. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Pétri Ottesen.

Á undan 1. tölul. koma nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir B. 10 kemur nýr liður:
   Botnsdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Botnsárbrú um Litlabotn að Stórabotni.
2. Á eftir B. 11 kemur nýr liður:
   Grafardalsvegur: Af Draghálsvegi hjá Geldingadraga um Dragháls að Grafardal.

3. Á eftir B. 12 koma nýir liðir:
   a. *Vatnshamravegur:* Af Skorradalsvegi neðan Miðfossa um Vatnshamra, Kvígsstaði og Heggsstaði á þjóðveginn hjá Skjólborg.
   b. *Sarpsvegur:* Af Skorradalsvegi hjá Fitjárbrú um Sarp og Efstabæ á Uxahryggjaveg fyrir framan Gilstreymi.
4. Á eftir B. 16 koma nýir liðir:
   a. *Katanesvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum um Katanes á Vesturlandsveg fyrir ofan Kalastaðakot.
   b. *Reynisvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Heynesi að Eystri- og Vestri-Reyni.
   c. *Hvítanesvegur:* Af Akrafjallsvegi um Hvítanes að Vallanesi
5. Á eftir B. 21 koma nýir liðir:
   a. *Eyrarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Varmalæk um Múlastaði og Eyri á Flókadalsveg hjá Skógum.
   b. *Bæjarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Brún um Bæ og Nýjabæ að Laugarholti.
   c. *Stórakroppsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá flugvellinum á Kálfanesmelum, yfir Geirsá, um Runna og Stóra-Kropp á Bæjarsveitarveg fyrir vestan Hamra.
6. Fyrir orðin „að Auðsstöðum“ í B. 23 (Reykdælavegur) kemur: um Auðsstaði á Reykdælaveg hjá Uppsölum.
7. Á eftir B. 23 koma nýir liðir:
   a. *Hálsasveitarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Giljum á Borgarfjarðarbraut í Hálsasveit framanverðri.
   b. *Skáneyjarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Nesi um Birkihlíð að Skáney.

Nd. 53. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

Á undan 1. tölul. 1. gr. koma nýir liðir, svo hljóðandi:

a. Á eftir B. 25 kemur nýr liður:
   Gufuárvegur: Af Borgarnesbraut við Gufuá um Staðarhús að Laxholti.
b. Á eftir B. 28 kemur nýr liður:
   Neðranesvegur: Af Borgarfjarðarbraut á Lundabörðum um Kaðalsstaði að Neðranesi.
c. Á eftir B. 29 koma þrír nýir liðir:
   1. *Ásbjarnarstaðavegur:* Af Þverárhlíðarvegi í Kleifum um Sleggjulæk að Selhaga.
   2. *Hlíðarvegur:* Af Þverárhlíðarvegi um Karlsbrekku, Grjót og Sigmundarstaði á Þverárhlíðarveg hjá Hermundarstöðum.
   3. *Veiðilækjarvegur:* Af Þverárhlíðarvegi hjá Lindarhvoli um Höll og Svartagil á Glitstaðaveg.
d. B. 32 orðast svo:
   Króksvegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Króki um Hárekssstaði og Skarðshamra á Glitstaðaveg.
e. Á eftir B. 32 kemur nýr liður:
   Hreðavatnsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Bifröst um Hreðavatn, Jafnaskarð og Stóruskóga á Vesturlandsveg á Kolás.

f. B. 36 orðast svo:
Grímsstaðavegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Urriðaárbrú um Grímsstaði, Syðri-Hraundal á Staðarhraunsveg hjá Svarfhóli.
g. Á eftir B. 39 kemur nýr liður:
Seljavegur: Af Hraunhreppsvegi á Kolás um Selja í Hólstanga.
h. Á eftir B. 40 kemur nýr liður:
Hítarárvegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Brúarfossi um Lækjarbug að Skiphyl.

Nd. 54. Frumvarp til laga [36. mál]

um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Magnús Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Ágústsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, sem nefnist jafnvægissjóður. Er sjóðurinn eign ríkisins.

Hlutverk jafnvægissjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita lán til eflingar atvinnulífi og til framleiðsluaukningar á þeim stöðum á landinu, þar sem við atvinnuörðugleika er að stríða, en framleiðsluskilyrði þannig, að íbúarnir geti haft sæmilega afkomu í meðalárferði við þjóðhagslega hagkvæma framleiðslu.

Verði sveitarfélög fyrir sérstökum áföllum vegna aflabrests eða af öðrum sökum, þannig að annaðhvort sé þörf tímabundinnar aðstoðar eða breyta þurfi um atvinnuhætti, skulu þau sveitarfélög sitja fyrir um lán úr sjóðnum.

Lán úr sjóðnum má veita bæði sveitarfélögum, einstaklingum og félögum. Lán til hinna síðarnefndu aðila verða þó eigi veitt, nema sveitarstjórn telji viðkomandi framkvæmdir vera til atvinnuaukningar í sveitarfélaginu. Heimilt er sjóðsstjórninni að krefjast ábyrgðar sveitarsjóðs, ef lántaki getur ekki sett viðunandi tryggingar fyrir láni úr jafnvægissjóði.

2. gr.

Stofnfé jafnvægissjóðs er:
1. 75 millj. kr. framlag úr ríkissjóði, sem greiðist jafnvægissjóði með jöfnum greiðslum á næstu 5 árum, í fyrsta sinn árið 1958.
2. Fé það, sem við gildistöku þessara laga er útistandandi af lánum, er veitt hafa verið samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán til greiðslu stofnframlagsins, ef hún telur eigi auðið að greiða það að fullu af árlegum tekjum ríkissjóðs.

3. gr.

Tekjur jafnvægissjóðs eru:
1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi minna en 5 millj. kr. á ári, og skulu þær greiðslur hefjast árið eftir að stofnfjárgreiðslum lýkur.

4. gr.

Vextir af lánum jafnvægissjóðs skulu vera 4% á ári, en lánstímann ákveður sjóðsstjórnin, og má hann vera mismunandi eftir aðstæðum og greiðslugetu.

Heimilt er sjóðsstjórn að lengja lánstímann frá því, sem upphaflega er ákveðið. Enn fremur skal setja ákvæði í skuldabréf fyrir lánum sjóðsins þess efnis, að

heimilt sé að stytta lánstímann, ef afkoma viðkomandi fyrirtækis eða sveitarsjóðs leyfir það að dómi allra sjóðsstjórnarmanna.

Enn fremur skal í skuldabréfum fyrir lánum til kaupa á atvinnutækjum taka fram, að lánið sé allt fallið í gjalddaga, ef atvinnutæki er flutt burt úr hlutaðeigandi sveitarfélagi, nema sjóðsstjórnin samþykki flutninginn.

Stjórn jafnvægissjóðs ákveður, hvaða tryggingar séu viðunandi fyrir lánum sjóðsins.

Heimilt er stjórn jafnvægissjóðs við sérstakar aðstæður að veita fé úr sjóðnum sem óafturkræft framlag, ef öll sjóðsstjórnin er því samþykk.

5. gr.

Stjórn jafnvægissjóðs skal skipuð fimm mönnum, sem sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu á fyrsta þingi hvers kjörtímabils. Stjórnin velur sér sjálf formann.

Ráðherra ákveður laun sjóðsstjórnarmanna, og skulu launin og annar kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðast úr ríkissjóði.

6. gr.

Lán úr jafnvægissjóði skulu að jafnaði veitt einu sinni á ári, nema einstök mál krefjist skjótrar úrlausnar á öðrum tímum árs.

Stjórn jafnvægissjóðs skal, áður en lán er veitt, kynna sér rækilega atvinnuástand á viðkomandi stöðum og rannsaka, hvaða framkvæmdir séu líklegastar til þess að bæta mest afkomu íbúanna. Stjórn jafnvægissjóðs gerir jafnframt, þegar ástæða þykir til, heildaryfirlit yfir atvinnuástandið í landinu og áætlun um æskilegar atvinnuframkvæmdir í samvinnu við Framkvæmdabanka Íslands.

Skylt er ríkisstofnunum og embættismönnum að veita stjórn jafnvægissjóðs sérfræðilega aðstoð og leiðbeiningar við athugun á atvinnuástandi og mat á gildi framkvæmda.

Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald jafnvægissjóðs eftir nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga jafnvægissjóðs. Skulu reikningar sjóðsins birtir árlega í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Nú eru í gildi hömlur á fjárfestingu eða innflutningi framleiðslutækja eða skortur á lánsfé til framkvæmda, og er þá ríkisstjórninni heimilt að mæla svo fyrir, að fengnum tillögum stjórnar jafnvægissjóðs, að vissir staðir, sem við sérstaka atvinnuörðugleika eiga að stríða, skuli sitja fyrir um þessa fyrirgreiðslu varðandi tilteknar framkvæmdir, sem í senn séu þjóðhagslega skynsamlegar og til mikilvægrar atvinnutryggingar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni hefur verið flutt á þremur undanförnum þingum, en hefur ekki náð fram að ganga. Á síðasta þingi var frumvarpinu vísað til ríkisstjórnarinnar. Treystist stjórnarliðið sér ekki beinlínis til að greiða atkvæði gegn frumvarpinu, en valdi þessa handhægu leið til þess að koma málinu fyrir kattarnef.

Þar sem það er hin mesta nauðsyn að koma viðunandi skipan á þessi mál, er frumvarpið enn flutt í trausti þess, að reynslan hafi fært mönnum heim sanninn um það, að óviðunandi er að hafa lengur meira og minna handahófskennda úthlutun þess fjár, sem varið er til atvinnujöfnunar. Á síðasta þingi var fjárveiting

til atvinnujöfnunar hækkuð í 15 millj. kr., án þess að nokkrar reglur væru settar til tryggingar því, að fé þetta kæmi að tilætluðum notum. Ekki hafa flutningsmenn þessa frv. séð skýrslu um ráðstöfun fjár til atvinnuaukningar á þessu ári, en full ástæða er til að álíta, að ýmis annarleg sjónarmið hafi ráðið þeirri úthlutun. Og hvað sem því líður, ætti að liggja í augum uppi, hversu óhæfilegt er að ráðstafa skipulagslaust allt að 15 millj. kr. Er óverjandi fyrir Alþingi að leyfa slík vinnubrögð við ráðstöfun á ríkisfé.

Með frumvarpi þessu er lagt til að setja fastar reglur um framkvæmd ráðstafana til atvinnuaukningar. Er gert ráð fyrir 15 millj. kr. árlegu ríkisframlagi til jafnvægissjóðs næstu árin, en til þessa hefur aldrei verið hægt að vita með vissu, hvaða fé yrði til ráðstöfunar nema eitt ár í senn, og því ekki verið unnt að gera neinar áætlanir um kerfisbundna uppbyggingu atvinnulífs á einstökum stöðum, því að til þess hefði þurft að gera ráð fyrir lánveitingum um tveggja eða þriggja ára skeið.

Þótt lánveitingar af atvinnuaukningarfé hafi á undanförnum árum víða komið að góðum notum, er engum efa bundið, að með kerfisbundnum ráðstöfunum og skipulagi hefði fé nýtzt enn betur. Var þetta vel ljóst þeim mönnum, sem upphaflega beittu sér fyrir samþykkt þingsályktunar um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og þeir Gísli Jónsson og Gísli Guðmundsson, sem voru af fyrrverandi ríkisstjórn skipaðir til að rannsaka og gera tillögur um þetta efni, lögðu einmitt í sínu ýtarlega og fróðlega nefndaráliti mikla áherzlu á, að unnið væri að þessum málum á kerfisbundinn hátt.

Ed. 55. Frumvarp til laga [37. mál]

um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1957.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi 1957.)

1. gr.

Vinningar í símahappdrætti því, sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur efnt til á árinu 1957, skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, nema eignarskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fordæmi eru fyrir því, að vinningar í happdrættum, sem fram fara til styrktar líknarstarfsemi í alþjóðarþágu, séu með sérstökum lögum undanþegnir opinberum gjöldum. Má þar nefna happdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga, sbr. lög nr. 13/1949 og lög nr. 76/1952. Þar eð líkt er ástatt um starfsemi þá, sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur með höndum, þykir ríkisstjórninni rétt, að félagið verði sömu hlunninda aðnjótandi, að því er snertir happdrætti það, sem félagið hefur stofnað til á þessu ári.

Nd. 56. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni og Pétri Péturssyni.

Framan við efnisliði 1. gr. koma nýir liðir:

a. Á eftir B. 41 koma fjórir nýir liðir:
   1. *Snorrastaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Snorrastöðum.
   2. *Syðri-Rauðamelsvegur:* Af Hnappadalsvegi neðan Mýrdalsréttar um Rauðhálsa að Syðri-Rauðamel.
   3. *Stórahraunsvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Haffjarðarár að Stórahrauni.
   4. *Höfðavegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Gerðubergslækjar um Gerðuberg, Ytri-Rauðamel að Höfða.

b. B. 46 orðist svo:
   Skógarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan Stóru-Þúfu, um Miklaholt, Ytra- og Syðra-Skógarnes, Hausthús og Hömluholt á Stykkishólmsveg hjá Hömluholtsmel.

c. B. 49 orðist svo:
   Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Álftavatni, Efra-Hóli, Slitvindastöðum, Haga og á Ólafsvíkurveg við Hoftún.

d. Á eftir B. 53 kemur nýr liður:
   Miðhúsavegur: Af Útnesvegi vestan Ytri-Tungu að Miðhúsum.

e. Á eftir B. 60 koma tveir nýir liðir:
   1. *Hofstaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi við Hofstaðavog, að Hofstöðum, Jónsnesi, Ögri og á Stykkishólmsveg við Nesvog.
   2. *Helgafellsvegur:* Af Stykkishólmsvegi að Helgafelli.

f. Á eftir B. 62 kemur nýr liður:
   Haukabrekkuvegur: Af Skógarstrandarvegi innan Stóra-Langadalsár að Haukabrekku og Stóra-Langadal.

Nd. 57. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Pálmasyni.

Á undan 1. tölulið 1. gr. komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir C. 16. komi:
   Hagavegur: Af Húnvetningabraut hjá Sveinsstöðum að Þingeyrum.
2. C 21. orðist svo:
   Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar að Bollastöðum.
3. Aftan við C. 22. bætist: með hliðarálmu að Rútsstöðum.
4. Fyrir „að Stafnsrétt“ í C. 23 komi: að Fossum.
5. Fyrir „að Skrapatungu“ í C. 25 komi: að Núpi.

Sþ. 58. Fyrirspurn [38. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtu opinberra gjalda.

Frá Birni Ólafssyni.

1. Hvað líður athugun fjármálaráðuneytisins á innheimtu skatta um leið og teknanna er aflað?
2. Hvenær má búast við, að þessi innheimta komist í framkvæmd?
3. Er gert ráð fyrir, að samvinna komist á milli ríkis og bæjarfélaga um þetta innheimtuskipulag?

Ed. 59. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

66. gr. laganna orðist svo:

Í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki er starfandi fóðurbirgðafélag, skulu vera forðagæzlumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á fóðurbirgðum innan sveitarfélagsins og meðferð á búpeningi. — Sýslunefnd ákveður tölu forðagæzlumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar, en bæjarstjórn í kaupstöðum. Ef þeir eru fleiri en einn, má skipta umdæminu í jafnmörg forðagæzlusvæði, og hefur þá hver forðagæzlumaður sitt svæði til umsjónar.

2. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn kýs forðagæzlumenn og jafnmarga varamenn til 4 ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir breytingu á 66. og 67. gr. laga nr. 54 frá 5. júní 1957, um búfjárrækt. Er frumvarpið flutt að beiðni allmargra oddvita. Meginbreytingin er á 67. gr. umræddra laga, en samkvæmt henni „skal kjósa forðagæzlumenn og jafnmarga varamenn til 4 ára í senn, þegar hreppsnefndarkosningar fara fram. Gilda um kosningu þessa sömu reglur og um hreppsnefndarkosningar.“ Samkvæmt þessu eru forðagæzlumenn kosnir af öllum kjósendum sveitarfélagsins. Þykir þetta óeðlileg skipan, einkum í þeim sveitarfélögum, þar sem mikill hluti íbúanna leggur enga stund á landbúnað né búfjárrækt og telur því kosningu forðagæzlumanna sér óviðkomandi. Getur því sums staðar reynzt erfiðleikum bundið að koma fram löglegri kosningu forðagæzlumanns. Þykir því eðlilegra og einfaldara, að forðagæzlumenn séu kosnir af sveitarstjórnum í upphafi kjörtímabils þeirra, og hnígur breytingin við 67. gr. í þá átt. — Breytingin á 66. gr. tekur af tvímæli um það, að skylt sé að hafa gát á fóðurbirgðum og meðferð á búpeningi í öllum sveitarfélögum, þar sem um einhverja búfjárrækt er að ræða.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um efnaiðnaðarverksmiðju í Hveragerði.

Flm.: Sigurður Ó. Ólafsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að láta athuga skilyrði fyrir staðsetningu efnaiðnaðarverksmiðju í Hveragerði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt seint á síðasta þingi og var ekki tekin til afgreiðslu. Henni fylgdi þá svolátandi greinargerð:

Tillaga þessi er flutt að beiðni hreppsnefndarinnar í Hveragerðishreppi, og hefur flutningsmönnum borizt eftirfarandi greinargerð frá oddvita hreppsins:

„Næst vatnsorkunni er jarðhitinn stærsta auðlind Íslands. Enn er þessi auðlind ekki nýtt nema að litlu leyti. Með borunum og betri nýtingu hitans skapast möguleikar á mikilli eflingu íslenzks atvinnulífs. Margir telja, að í framtíðinni verði iðnaður helzti atvinnuvegur landsmanna. Fólksfjölgun er mikil og vaxandi.

Árið 1955 fjölgaði landsmönnum um rúml. 3400, eða 21,7 af þús. Undanfarna áratugi hefur iðnaðurinn tekið við fólksfjölguninni. Verður þróunin og án efa sú í framtíðinni.

Vegna þess, hve landið er snautt af hráefnum, yrði fyrst og fremst um efnaiðnað að ræða. Þar yrði jarðhitinn stærsti orkugjafinn. Í hveravatni, gufu og hveraleir eru fjölmörg efni, sem orðið gætu undirstaða efnaiðnaðar. Í annan stað má benda á, að auðvelt er að vinna raforku úr gufunni, og skal um það efni vísað til fróðlegrar greinar eftir Gunnar Böðvarsson verkfr., Um framleiðslu raforku á „Suðursvæðinu“ (Hveragerði). (Skýrsla um rannsóknir á jarðhita í Hengli, Hveragerði og nágrenni árin 1947—1949, síðari hl., bls. 254—259).

Sem flestum mun kunnugt, er Hveragerði eitt mesta jarðhitasvæði á Íslandi, og ekkert jarðhitasvæði er betur í sveit sett, — ef svo mætti að orði komast, — með tilliti til efnaiðnaðar, þar sem þorpið er í þéttbýlasta landbúnaðarhéraði landsins, um 46 km frá Reykjavík, og 22 km eru héðan til næstu hafnar, hinnar ört vaxandi verstöðvar í Þorlákshöfn.

Árin 1947—49 fóru fram á vegum jarðborunardeildar raforkumálastjórnar ríkisins víðtækar rannsóknir á jarðhita í Hveragerði og nágrenni. Skýrslur þær, sem starfsmenn jarðborunardeildar og rannsóknaráðs ríkisins hafa samið um þessar rannsóknir, veita mikinn fróðleik um jarðhitann á þessu svæði. Um iðnaðarmöguleika, sem jarðhitinn skapar, hafa þeir samið merkar skýrslur, Baldur Líndal B.S. og danski verkfræðingurinn Haldor Topsoe: „Hagnýting jarðhita í iðnaði“. Þar er fjallað um fjölmörg atriði, sem til greina kæmu við hagnýtingu jarðgufunnar í efnaiðnaði, t. d. aluminiumoxid-vinnslu, þaravinnslu og vinnslu á þungu vatni.

Sumarið 1953 dvöldust hér á landi um skeið þrír efnafræðingar frá Battellestofnuninni í Ohio, Bandaríkjunum, til þess að athuga og gefa álit sitt á því hverjir möguleikar væru fyrir því að nýta hverahita og vatnsafl landsins í enn ríkari mæli en hingað til hefur verið gert, einkum með tilliti til aukins efnaiðnaðar. Að lokinni heimsókn sinni skiluðu þeir skýrslu, þar sem þeir fjalla um niðurstöður af athugunum sínum og viðræðum við íslenzka sérfræðinga.

Í skýrslunni segir m. a. á þessa leið: „Þörfin fyrir nýjan og aukinn iðnað á Íslandi til þess að veita auknum íbúafjölda atvinnu og greiða fyrir sívaxandi innflutningi, sem bætt lífskjör fólksins hafa för með sér, hlýtur að vera öllum ljós.

Sem betur fer, er legu landsins, veðurfari og dugnaði fólksins þann veg farið, að þetta hjálpast allt að til þess að gera mögulegar víðtækar tæknilegar framfarir jafnhliða umfangsmikilli útflutningsverzlun, sem byggist á framleiðslu nýrra vöruteg-

unda. Heitt hveravatn er önnur stærsta auðlind landsins, og áætla má, að hverir, sem dreifðir eru milli hér um bil 200 staða víðs vegar um landið, geti látið í té vatnsmagn, er nemur 112 000 l á mínútu. Vitað er um 10 gufusvæði á Íslandi, og hafa nokkur þeirra verið tekin til allnákvæmrar rannsóknar með nýtingu gufunnar í iðnaði fyrir augum. Ef gert er ráð fyrir, að gufuhverir þeir, sem hér um ræðir, séu svipaðrar tegundar og á Ítalíu, mun afl þeirra haldast óbreytt í margar tugþúsundir ára.“

Í skýrslunni eru talin upp helztu efni, sem fundizt hafa hér á landi og líkleg eru til þess að geta komið til greina sem hráefni, a. m. k. að nokkru leyti, við ýmiss konar efnaframleiðslu, t. d. þungt vatn, brennisteinn, klór og þari, og er tekið fram, að nýjar uppfinningar og framfarir á sviði efnaiðnaðar hafi skapað mikla möguleika til margvíslegrar framleiðslu úr þara.

Nú nýlega hefur Baldur Líndal verkfr. lokið við að semja ritgerð um þaravinnslu, og rannsóknaráð ríkisins gerir einmitt ráð fyrir, að slíkri verksmiðju verði valinn staður í Hveragerði, og á B. L. nú bréfaskipti við Battelle-stofnunina varðandi þaravinnslu hér á landi.

Rannsókn og hagnýting íslenzkra náttúruauðæfa hefur oft verið rædd á Alþingi hin síðari ár, og um þau mál hefur þingið gert merkar ályktanir. Snemma árs 1953 voru samþykktar á Alþingi tvær ályktanir um þetta efni. Í annarri ályktuninni var ríkisstj. falið að láta hraða sem mest rannsókn á því, hvernig jarðhiti yrði sem bezt hagnýttur, m. a. til orkuframleiðslu og iðnaðar, og að láta gera áætlanir um hagnýtingu jarðhitans á sem flestum stöðum á landinu og undirbúa löggjöf um hagnýtingu þessarar auðlindar. Tveimur árum síðar kaus Alþingi sjö manna milliþinganefnd til að gera tillögur um eflingu núverandi atvinnugreina til framleiðslu- og atvinnuaukningar og hagnýtingar náttúruauðæfa landsins, og á síðasta þingi var samþykkt að láta fara fram rækilega athugun á því, hverjir möguleikar eru hér á landi til hagnýtingar kjarnorku og geislavirkra efna í þágu atvinnuveganna.

Enn sem komið er hafa fáar tillögur komið fram um staðsetningu efnaiðnaðarverksmiðja. Því er það, að hér er þess farið á leit, að þegar til framkvæmda kemur, verði slíkum iðnaði valinn staður í Hveragerði. Þorpsbúar hafa þörf fyrir aukna atvinnu, og eins og áður segir, er þorpið á því svæði, að um ákjósanlegri stað er ekki að ræða. Því vænta Hvergerðingar þess, að undirbúningi (þar á meðal frekari borunum hér) og athugunum verði hraðað, svo sem frekast er unnt, og að þeim loknum verði framkvæmdir þegar hafnar hér í Hveragerði.“

Sþ. 61. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að sjávarútvegsmálaráðherra setji nú þegar nýja reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland og verði þar ákveðið, að botnvörpu- og dragnótaveiðar skuli bannaðar umhverfis allt landið innan línu, sem dregin er 12 sjómílur frá yztu annesjum, eyjum og skerjum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillögu þessa flutti ég á síðasta þingi, og náði hún ekki fram að ganga. Aðgerðir í þessu efni þola ekki bið, eins og nú er komið fiskveiðum hér við land, svo sem rækilega voru leidd rök að í greinargerð þeirri, er tillögunni fylgdi þá. Fram skal tekið, að felld eru niður úr tillögugreininni orðin „eigi síðar en að

loknu yfirstandandi þingi Sameinuðu þjóðanna", en þess í stað lagt til, að reglugerðin verði sett nú þegar. Á síðasta þingi fylgdi tillögunni svo hljóðandi greinargerð:

„Með hverju árinu sem líður eykst og margfaldast hagnýting nýrrar tækni á öllum sviðum atvinnulífsins.

Iðnaðarframleiðslunni fleygir fram risaskrefum í vinnslu náttúrlegra efna. Upp eru fundin ýmiss konar gerviefni, en framleiðsla þeirra er orðin mjög fyrirferðarmikill þáttur í iðnaðinum.

Landbúnaðurinn er enginn eftirbátur í því að tileinka sér nýjungar á þessu sviði. Þar eru á brautum nýrrar tækni unnin stórvirki í verndun og aukningu gróðurríkisins og hagnýtingu þeirra náttúrugæða.

Þá hefur beiting nýrrar tækni ekki farið fyrir ofan garð og neðan hjá sjávarútveginum. Tekur það jöfnum höndum til fisköflunarinnar og hagnýtingar fisksins.

Stórfelldastar eru þó framfarirnar í fiskveiðunum. Að því er til þorskveiðanna tekur, er þáttur botnvörpuveiðanna stærstur, t. d. í Norður-Atlantshafinu. Aukning sú, sem orðin er á fiskveiðum með þessum hætti, tekur flestu eða öllu fram. Skipin, sem þessar veiðar stunda, eru alltaf byggð stærri og stærri, og vaxa veiðiafköstin að sama skapi. Þessi stóru skip geta verið að veiðum í flestum veðrum. Aflvélar þeirra eru svo kraftmiklar, að þau geta dregið vörpuna á því dýpi, þar sem annars er fisks að vænta. Opvídd vörpunnar er því meiri, sem skipið er stærra. Þessari veiðiaðferð er beitt gegn öllu, sem kvikt er í sjónum, nema stórhvelum. Botnvarpan sogar í sig, þar sem hún fer um, fisk á öllum aldursskeiðum, frá hinu minnsta seiði til þess fisks, sem náð hefur fullum þroska. Á sumum svæðum er dráp og eyðing ungfisksins, sem engum kemur að gagni og mokað er aftur í sjóinn, miklu stórfelldara að tölunni til en nytjafisksins. Og nú er sums staðar mikið um það rætt og þegar hafnar tilraunir í þá átt að senda frá veiðiskipunum rafmagnsstraum niður í sjóinn í því skyni að geta með þeim hætti aukið veiðiafköstin, og enn fleira af því tagi er á prjónum í sambandi við botnvörpuveiðarnar.

Eins og botnvörpuveiðarnar eru nú reknar, er efnt til svo skefjalausrar rányrkju í sjónum, að öllum hugsandi mönnum hlýtur að hrjósa hugur við. Og það er ekki að ófyrirsynju, þó að menn spyrji, hvar þetta lendi. Segja mætti, að það væri sök sér að hlíta enn um skeið, án þess að breytingar yrðu gerðar á fiskveiðalandhelginni, rányrkju af þessu tagi, ef á vegum hinnar nýju tækni væru tiltæk ráð til þess að forða uppfæðingnum frá því að lenda í botnvörpunni, og veit þó enginn nema botnvörpuveiðarnar, þó að þeim væri beint að nytjafiskunum einum saman, gætu orðið svo tilþrifamiklar og aðgangsharðar, að til ofveiði drægi samt. En hér er engu slíku til að dreifa. Engin tæknileg ráð, er hér koma að haldi, hafa enn sem komið er fundizt. Hér skyldi því allrar varúðar gætt, og það er vissulega tímabært, að að því sé hugað.

Það er að því vikið í upphafi þessarar greinargerðar, að í iðnaðinum og þá ekki síður í landbúnaðinum sé tækninni fyrst og fremst beitt til uppbyggingar, bættra og aukinna lífsskilyrða í heiminum. Í sjávarútveginum stefnir þróunin í veigamiklum atriðum í gagnstæða átt. Það er með botnvörpuveiðunum verið að rífa niður í stað þess að byggja upp.

Engin þjóð í veröldinni er jafnmikið háð fiskveiðunum og Íslendingar. Meginhlutinn af útflutningsverðmætum þjóðarinnar er tengdur við þennan atvinnuveg. Íslendingar þurfa á miklum gjaldeyri að halda til kaupa á nauðsynjum frá öðrum löndum. Það er ekki langt til alið um varanlega uppbyggingu atvinnuveganna í landi voru.

Það hefur að langsamlega mestu leyti fallið í skaut þeirrar kynslóðar, sem hér hefur lifað og starfað það sem af er þessari öld, að inna þessa uppbyggingu af hendi. Íslendingar hafa í þessu efni færzt mikið í fang hin síðari ár. Og þeir eru staðráðnir í að beina að því orku sinni og manndómi að sækja þar fast fram. En eins og að líkum lætur, er ekki enn, þrátt fyrir þróttmikið starf hina síðustu ára-

tugi, hálfsótt haf, að því er til þess tekur að hagnýta náttúrugæði lands vors. En framkvæmd áforma Íslendinga í þessu efni er að sjálfsögðu mjög háð því, hversu gjöful fiskimiðin við strendur landsins reynast þeim. En þar eru óneitanlega dökkar blikur í lofti.

Á fiskimiðin umhverfis Ísland sækir frá sjö þjóðlöndum árlega mikill fjöldi erlendra botnvörpuskipa. Tala þeirra vex með hverju árinu sem líður. En þar með er sagan ekki öll sögð. Stærð þessara skipa og veiðiafköst vaxa hröðum skrefum.

Ástæðan til þess, hve mikilli örtröð erlendir togarar valda á fiskimiðunum hér við land, er sú, að fiskafli á heimamiðum þeirra þjóða, sem gera út skipin, hefur þorrið sökum ofveiði þeirrar, sem þau hafa valdið þar. Er því siglingu þessara skipa beint á þau fiskimið, sem enn gefa nokkuð í aðra hönd.

Það er nú að verða lýðum ljóst, að fiskimiðin við Ísland þola ekki þessa áníðslu til lengdar. Hér stefnir að því jafnt og þétt, ef ekkert verður að gert, að meira og meira dragi úr aflabrögðum og að Íslendingar standi andspænis þeim afleiðingum, sem óhjákvæmilega sigla í kjölfar ofveiðinnar.

Reynslan frá stríðsárunum sýndi bezt, hver áhrif það hafði á fiskveiðar Íslendinga, að niður lögðust með öllu að heita mátti siglingar erlendra botnvörpuskipa hingað. Á þessum árum óx fiskimagnið á miðunum stórkostlega. En eigi leið á löngu eftir síðara stríðið t. d., að það færi að draga úr aflabrögðunum. Friðunin, sem kom til framkvæmda 1952, sýndi nokkurn árangur, sem kom fram í því, að bátaflotinn fékk nokkru rýmra svæði til athafna sinna en áður var. En með stöðugt aukinni ásókn erlendra togara á miðin hefur komið í ljós, að sú friðun nær harla skammt. Tvö síðustu ár hefur veiðunum hrakað, miðað við það tímabil, sem við bjuggum að aukningu fiskjarins á stríðsárunum. Tvö síðastliðin ár hafa bátaveiðarnar minnkað og þó alveg sérstaklega á árinu 1956. Þá var aflinn í Faxaflóa að meðaltali í hverjum róðri rúmlega einni smálest minni en árið 1948, þrátt fyrir það þótt bátarnir hafi stækkað og veiðarfæranotkun allt að því tvöfaldazt frá því, sem var árið 1948. Á Vestfjörðum er munurinn þó enn meiri, þar hefur aflinn minnkað allt að þremur smálestum í róðri. Afli togara á heimamiðum hefur einnig minnkað á tveimur s. l. árum.

Það er mjög athyglis- og íhugunarvert dæmi um áhrif botnvörpunnar, hversu farið hefur um karfaveiðarnar. Hér við land hafa á síðustu árum fundizt allvíðáttumikil karfamið. Þessi mið reyndust í upphafi mjög aflasæl. Var þar í byrjun miklu skjótteknari veiði en nokkur dæmi voru til um aðrar fiskveiðar á sama tíma. En þetta stóð ekki nema um skamma hríð. Aflinn þvarr brátt, og eyðing karfastofnsins á þessum miðum virðist svo alger, að þar hefur ekki á síðustu árum orðið vart við karfa. Það veit enginn, hvað langan tíma það tekur, að karfinn komi aftur á miðin. Og einu gildir, hvar við strendur landsins finnast ný karfamið, alls staðar sækir í sama horfið. Að sama brunni ber á þeim karfamiðum, sem fundizt hafa við Grænland. Þau hafa einnig verið uppurin á skömmum tíma.

Það hefur orðið hlutskipti íslenzkra togara í seinni tíð vegna vaxandi aflabrests á heimamiðum að leita á Grænlandsmið. Þetta gaf í fyrstu allgóða raun, einkum meðan karfaveiðin hélzt. En eftir að sú veiði brást, hefur mjög dregið úr siglingum þangað, og hafa þær nú að mestu lagzt niður. Á miðin við Grænland hefur að undanförnu sótt mikill fjöldi botnvörpuskipa víðs vegar að. En þrátt fyrir það þótt á þessum slóðum séu geysilega víðáttumikil fiskisvæði og að þorskurinn hefur á síðustu 20—30 árum hrygnt á norðlægari breiddargráðum en áður var, eru botnvörpuveiðarnar farnar að segja þar til sín víðar en á karfamiðunum. — Það má gjarnan skjóta því hér inn í sambandi við fiskveiðar Íslendinga við Grænland, að það er býsna hart, að þeir skuli vera þar engu betur settir en óviðkomandi þjóðir, þrátt fyrir það þótt þeir eigi sögulegan og lagalegan rétt til landsins og hagnýtingar á náttúrugæðum þess til lands og sjávar.

Eins og nú er að verða ástatt um fiskimiðin við Ísland og veiðihorfur á þeim,

er ekki nema um tvennt að velja fyrir Íslendinga, að stækka friðunarsvæðið verulega eða horfa fram á það, að útgerðin kvoðni niður og veslist upp vegna aflabrests. Þetta eru þau alvarlegu fyrirbæri, sem vér nú stöndum frammi fyrir, og þetta eru svo augljós sannindi, að þar verða ekki brigður á bornar. Það er Íslendingum því lífsnauðsyn, að friðunarsvæðið við strendur landsins verði stækkað. Þetta þarf að gera, áður en allt er komið í kalda kol, áður en uppbyggingarstarf þjóðarinnar og framtakssemi hefur vegna aflabrests beðið mikinn og alvarlegan hnekki. Hér er því í þessari þingsályktunartillögu lagt til, að Alþingi láti í ljós þann vilja sinn, að sjávarútvegsmálaráðherra, þegar fullnægt er yfirlýsingu utanríkisráðherra, sem tengd er við lok yfirstandandi þings Sameinuðu þjóðanna, setji nýja reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland og verði þar ákveðið, að botnvörpu- og dragnótaveiðar skuli bannaðar umhverfis allt landið innan línu, sem dregin er 12 sjómílur frá yztu annesjum, eyjum eða skerjum. Í þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir því, að friðunarsvæði það, sem hér um ræðir, verði ákveðið með sama hætti og gert var 1952.

Engin algild regla er til um stærð slíkra friðunarsvæða í heiminum. Þjóðirnar hafa mismunandi reglur um þetta. Í Suður-Ameríku er landhelgislínan almennt 200 sjómílur. Ástralía hefur ákveðið mjög stórt friðunarsvæði hjá sér. Rússar og Júgóslavar hafa 12 mílna landhelgi, sömuleiðis Austur-Þýzkaland og Pólland. Norður-Evrópuríkin fylgja enn 3—4 mílna landhelgi, en rætt er um aukna friðun í ýmsu formi, þar á meðal alfriðun vissra svæða utan línunnar o. fl. Bandaríkin hafa áskilið sér rétt yfir öllu landgrunninu, en hafa gagnvart fiskveiðum þriggja mílna landhelgi, hafa þó áskilið sér rétt til að gera frekari friðunarráðstafanir til verndar fiskstofninum. Þótt Kanadamenn hafi enn hjá sér þriggja mílna landhelgi, hafa þeir lýst yfir fylgi sínu við 12 mílna landhelgi. Þróunin í þessum málum er stækkun friðunarsvæða, sem er eina ráðið til þess að draga úr áhrifum af rányrkju þeirri, sem af botnvörpuveiðunum hlýzt.

Rýmkun sú á friðunarsvæðinu, sem ákveðin var með reglugerðum árin 1950 og 1952 og vikið er að hér að framan, hefur borið árangur, einkum á svæðinu fyrir Suðvesturlandi, Faxaflóa og Breiðafirði. Það hefur komið mjög skýrt í ljós, að ýsu-, lúðu- og skarkolastofninn, sem var mjög til þurrðar genginn á þessum slóðum, hefur vaxið mjög ört, síðan friðunin tók gildi. En árangur af þessari friðun nær harla skammt til þess að hamla upp á móti og bægja frá þeirri vá, sem hér er fyrir dyrum. Þar þarf miklu meira til.

Þeir stórfurðulegu atburðir gerðust, svo sem kunnugt er, í sambandi við fyrrgreinda ákvörðun, að nokkrum hópi útgerðarmanna í gömlu viðskiptalandi Íslendinga tókst að brjóta sér leið að því að koma á þar í landi sölubanni á fiski frá Íslandi. Hélzt þeim uppi um nokkurt árabil að beita Íslendinga þessum ójafnaði. Þessi ofbeldisaðferð gagnvart lítilli þjóð, sem berst harðri baráttu fyrir lífi sínu og tilveru, mæltist að vonum hvarvetna mjög illa fyrir. En nú er þetta hjá liðið og viðskiptin milli landanna runnin í fornan farveg. Báðar þjóðirnar, þeir ekki síður en vér, fagna því, að á grundvelli sátta og samlyndis verði nú aftur treyst margra alda gömul viðskipta- og vináttubönd.

Að sjálfsögðu ber íslenzkum stjórnarvöldum að gera þeim erlendu þjóðum, er kynnu að telja sig hafa hagsmuna að gæta í sambandi við þessa ákvörðun vora, skýra og ljósa grein fyrir því, hver lífsnauðsyn það er fyrir Íslendinga að stækka friðunarsvæðið við strendur landsins. Þessar þjóðir þekkja af eigin raun áhrif botnvörpuveiðanna á heimamiðum sínum, sem þær hafa orðið að yfirgefa vegna ofveiði. Þær hafa og alla aðstöðu til þess að gera sér þess ljósa grein, að þess verði ekki æðilangt að bíða, að sömu örlög bíði fiskimiðanna við Ísland og að hér verði ekki feitan gölt að flá fyrir þá, þegar nokkuð líður frá. Skilgóðir menn á sviði fiskveiðanna vita, að líkt hagar til hér á stórum svæðum og í Norðursjónum til dæmis að taka, að mikill grúi ungviðis er á sömu svæðum og nytjafiskurinn og fær sömu afdrif og hann, en þar eru botnvörpuveiðarnar háskalegastar, og þar

segir ofveiðin fyrst til sín. Þetta er sú hliðin, sem snýr að hinum erlendu þjóðum, er hér stunda botnvörpuveiðar.

En hver verður úrkostur Íslendinga, er slíku vindur fram sem hér er lýst? Hvert eiga þeir að flýja, og hvar eiga þeir skjóls að leita, þegar fiskimiðin eru uppurin?

Með því samstarfi, sem nú er þjóða í milli og Íslendingar eru þátttakendur í, er þetta engan veginn málefni Íslendinga einna, þótt ógæfan, sem af þessu hlýzt, knýi fastast á þeirra dyr. Stórþjóðir þær, sem Íslendingar eru í samstarfi við, hafa tekið að sér það göfuga hlutverk að vernda rétt smáþjóðanna og stuðla að því á allan hátt, að þær geti lifað frjálsar og óháðar í landi sínu og búið að þeim gæðum lands og sjávar, sem þær að guðs og manna lögum eru eigendur að og eiga alla lífsafkomu sína undir því, að eigi sé af öðrum gengið á þennan rétt.

Þetta samstarf á því að vera Íslendingum sverð og skjöldur í máli þessu. Það á að veita Íslendingum tryggingu og öryggi fyrir því, að engri erlendri þjóð haldist það uppi stundinni lengur að ganga í berhögg við og brjóta niður ráðstafanir, sem Íslendingum er lífsnauðsyn að gerðar verði og framtíð þeirra byggist á. Íslendingar ættu því ekki að þurfa að bera neinn kvíðboga fyrir því, að ekki yrði litið á þessa nauðsyn vora með velvild og skilningi."

Nd. 62. Lög [37. mál]

um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1957.

(Afgreidd frá Nd. 1. nóv.)

Samhljóða þskj. 55.

Sþ. 63. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]

um, að myndastytta af Ingólfi Arnarsyni verði reist í Rivedal í Noregi.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson, Halldór E. Sigurðsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að afsteypa af styttu Einars Jónssonar af Ingólfi Arnarsyni verði reist í Rivedal, Dalsfirði í Noregi og afhent Norðmönnum að gjöf frá Íslendingum sem tákn óbrotgjarnrar vináttu þjóðanna.

Greinargerð.

Fyrsti landnámsmaður Íslands, Ingólfur Arnarson, átti áður heima í Dalsfirði í Noregi. Þar um slóðir hyggja menn, að heimkynni hans hafi verið í Rivedal þar í firðinum. Víða í Noregi verður vart einlægrar vináttu til Íslendinga og hvergi þó fremur en í hinum fornu heimkynnum Ingólfs Arnarsonar. Íslendingar finna og hvergi betur til hinna nánu banda ætternis og vináttu, er tengja þá norsku þjóðinni. Þykir fara vel á því, að hin sama myndastytta af Ingólfi Arnarsyni, sem gnæfir yfir bæjarstæði hans í Reykjavík, verði einnig reist í Rivedal til merkis um og staðfestingar á vinarhug Íslendinga til sinnar norsku frændþjóðar.

Ed. 64. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Sigurvin Einarssyni og Jóhanni Jósefssyni.

Við 50. gr.
a. Í stað „45 km“ í 1. málsgr. komi: 35 km.
b. Í stað „70 km“ í 2. málsgr. komi: 60 km.

Nd. 65. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ingólfi Jónssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Framan við 1. tölul. 1. gr. bætist:
1. Á eftir A. 37 kemur nýr liður:
   Háfsósabraut: Af þjóðveginum hjá Fífilbrekku um Kálfholt, hjá Sauðholti á þjóðveginn hjá Sandhólaferju.
2. Á eftir A. 41 koma fjórir nýir liðir:
   a. *Útkróksvegur:* Af Landvegi að Hjallanesi, Flagbjarnarholti og Vindási
   b. *Lækjarvegur:* Af þjóðvegi við Stúfholt um Læk að Akbraut.
   c. *Hvammsvegur:* Af þjóðveginum hjá Múla um Hellur að Hvammi.
   d. *Bjallavegur:* Af þjóðveginum við Bjallalæk um Bjalla og Húsgarð að Hrólfsstaðahelli.
3. Á eftir A. 46 kemur nýr liður:
   Keldnavegur: Af þjóðveginum austan við Reyðarvatn um Keldur að Reynifelli.
4. Á eftir A. 47 kemur nýr liður:
   Árgilsstaðavegur: Af þjóðveginum við Völl að Árgilsstöðum.
5. Á eftir A. 49 kemur nýr liður:
   Sigluvíkurvegur: Af þjóðveginum við Fljótsveg um Sigluvík að Skúmsstöðum.
6. Á eftir A. 50 koma tveir nýir liðir:
   a. *Krossvegur:* Af þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Sel og Hildisey að uppþurrkunarskurðinum sunnan Kross.
   b. *Affallsvegur:* Af þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Kanastaði á þjóðveginn hjá Úlfsstaðahverfi.
7. A. 53 orðist svo:
   Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð, um Múlakot og Barkarstaði að Fljótsdal.
8. Á eftir A. 53 koma tveir nýir liðir:
   a. *Vatnsdalsvegur:* Af þjóðveginum við Torfastaðagróf um Tumastaði og Tungu að Vatnsdal.
   b. *Markarfljótsvegur:* Frá Markarfljótsbrú vestan Dímonar á Fljótshlíðarveg hjá Árkvörn.
9. Á eftir A. 55 kemur nýr liður:
   Hólmabæjavegur í Vestur-Eyjafjallahreppi: Af þjóðveginum austan Steinmóðarbæjarhólma að Dalsseli, um Borgareyrar og Vatnahjáleigu á þjóðveginn ofan Miðeyjar.

10. Á eftir A. 57 kemur nýr liður:
Leirnavegur: Af þjóðveginum vestan Hlíðar um Berjanes, Leirnahverfi og Miðbælishverfi, um Klömbru, Hólakot að Eyvindarhólum og á þjóðveginn vestan við Hrútafell.

Ed. 66. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Sigurvin Einarssyni.

1. Við 2. gr. (Dráttarvél). Liðurinn orðist svo:
Dráttarvél: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki eða vinnutæki.
2. Við 81. gr. 2. mgr. orðist svo:
Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það.

Sþ. 67. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um birtingu skýrslu hinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þýða og prenta á íslenzku skýrslu hinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið og selja hana síðan með sambærilegu verði við Alþingistíðindin.

Greinargerð.

Skýrsla hinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið er viðurkennd óyggjandi sönnunargagn um þá hörmulegu atburði, er hún fjallar um. En þeir eru þess eðlis, að öllum ber skylda til að kynna sér þá eftir föngum, bæði vegna hinnar hugprúðu ungversku þjóðar, sem þola varð ógnirnar, sem í skýrslunni segir frá, og lærdóma þeirra, sem af atburðum þessum verða dregnir og alla varða.

Í skýrslunni kemur t. d. glögglega fram, hvernig fer, þegar ríkisstjórnin reynir að dylja mikilsverðar staðreyndir og leggur lygafjötur á þjóðina, svo og þegar verkalýðsfélögunum er breytt úr því að vera tæki almennings til að fá betri lífskjör í handbendi ríkisstjórnarinnar til að eyða kröfum verkalýðsins og beita hann kúgun. Þá er þar og að finna dæmi þess, hvernig sumir valdhafar vilja láta umrita söguna sjálfum sér til hags, og þess uppáhaldsbragðs kommúnista og sumra samstarfsmanna þeirra að ásaka aðra einmitt um það, sem þeir sjálfir iðka.

Vonandi er meiri hluti alþingismanna sammála um, að Íslendingum sé hollt að kynnast þessari stórmerkilegu skýrslu, og samþykkir því þessa tillögu.

Ed. **68. Nefndarálit** [7. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 22. des. 1956, um útflutningssjóð o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 6. nóv. 1957.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr., frsm. Eggert G. Þorsteinsson.
Gunnar Thoroddsen. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. **69. Nefndarálit** [2. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 6. nóv. 1957.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen.
Eggert G. Þorsteinsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **70. Breytingartillögur** [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. koma nýir töluliðir, svo hljóðandi:

a. C. 74 orðast svo:
Sandsvegur: Af Kópaskersvegi í Öxarfirði um Sandárbrú, Austur- og Vestursand að Lindarbrekku.

b. Á eftir C. 76 kemur nýr liður:
Frambæjavegur: Af Þistilfjarðarvegi milli Svalbarðs og Garðs um frambæi í Þistilfirði að fjallvegi yfir Búrfellsheiði.

c. C. 81 orðast svo:
Hálsvegur: Frá Þórshöfn um Hálsbæi að Ásseli.

Sþ. **71. Tillaga til þingsályktunar** [44. mál]

um ferðir strandferðaskipsins Herðubreiðar.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um, að hætt verði að láta strandferðaskipið Herðubreið snúa við á Austfjörðum í strandferðum austur um land frá Reykjavík.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt vegna endurtekinna kvartana frá höfnum norðan Langaness, einkum frá Þórshöfn, en þar leggjast hin stærri strandferðaskip ekki að bryggju. En þar sem svo stendur á, er þess sérstök þörf, að minni skipin komi við, enda voru þau í öndverðu einkum til þess ætluð. Nú kemur það oft fyrir, að Herðubreið er látin snúa við á Austfjörðum (Fáskrúðsfirði, Seyðisfirði, Vopnafirði, Bakkafirði) og kemur þá ekki norður fyrir Langanes. Verður ekki við það unað að öðru óbreyttu.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrædd.

Sþ. 72. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um flugsamgöngur Vestfjarða.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara hið fyrsta rannsókn á því, hvernig flugsamgöngum við Vestfirði verði bezt og hagkvæmast fyrir komið. M. a. skal athugað, hvort hagkvæmt muni að taka upp landflugvélar til þessara samgangna og hvort núverandi flugvellir á Vestfjörðum geti fullnægt slíkum flugvélum, svo að sem almennust not geti orðið að flugsamgöngum fyrir þennan landshluta.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hefur flugsamgöngum við Vestfirði verið haldið uppi með sjóflugvélum fram að þessu. Venjulegir lendingarstaðir hafa verið: Hólmavík, Ísafjörður, Önundarfjörður, Dýrafjörður, Arnarfjörður og Patreksfjörður.

Allar flugferðir eru að sjálfsögðu háðar veðurfari. En þegar lenda skal flugvél á sjó, er auðsætt, að ólendandi getur orðið vegna vinda, þótt auðvelt væri að lenda á flugvelli í sama veðri. Af þessu leiðir, að samgöngur með sjóflugvélum eru mjög ótryggar, og geta jafnvel liðið svo langir tímar, að ekki verði not sjóflugvéla, þótt landflugvélar geti farið ferða sinna.

En auk þessa er viðhald sjóflugvéla mjög kostnaðarsamt. Þær tvær sjóflugvélar, sem enn eru í förum milli Reykjavíkur og Vestfjarða, eru orðnar gamlar og viðhaldsfrekar og líklegt talið, að taka verði þær úr notkun innan skamms tíma. Verður þá ekki um sjóflugvélar að ræða í þeirra stað, þar sem þær munu vera ófáanlegar.

Allmargar flugbrautir eru þegar komnar víðs vegar um Vestfirði og nokkrar eru fyrirhugaðar þar á næsta ári til viðbótar. Allar eru flugbrautir þessar stuttar, enda mjög erfitt og kostnaðarsamt að koma upp stórum og fullkomnum flugvöllum þar vestra. Samt hafa þessar flugbrautir orðið mikils virði við sjúkraflug. Ef flugbrautir þessar gætu með nokkrum lagfæringum og viðbótum fullnægt landflugvélum til almennra mannflutninga, væri það mikill fengur fyrir flugsamgöngur Vestfjarða.

Nú mun vera hafin erlendis framleiðsla á landflugvélum, er ekki þurfa lengri flugbrautir en til eru nú þegar á Vestfjörðum. Ekkert skal um það fullyrt, hvort flugvélar þessar henta íslenzkum staðháttum og veðurfari né hversu hagkvæmur rekstur þeirra kynni að verða.

Þá skal á það bent, að ef taka ætti upp landflugvélar fyrir Vestfirði, þarf gerð og skipan flugvalla að vera í samræmi við það.

Allt þetta þarf að athuga sem fyrst, og í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Sþ. **73. Tillaga til þingsályktunar** [46. mál]

um skipun jafnlaunanefndar.

Flm.: Adda Bára Sigfúsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd, er athugi, að hve miklu leyti konum og körlum eru raunverulega greidd sömu laun fyrir jafnverðmæta vinnu. Athugun þessi skal bæði taka til launagreiðslna hjá hinu opinbera, þar sem launajafnrétti á að ríkja samkvæmt landslögum, og þeirra almennu kjarasamninga, sem í gildi eru um kaup kvenna í ýmsum starfsgreinum. Enn fremur skal nefndin gera tillögur um ráðstafanir til að tryggja fullkomið launajafnrétti. Nefndin geri ríkisstjórninni grein fyrir störfum sínum, og sjái hún um birtingu á álitsgerðum nefndarinnar.

Greinargerð.

Með undirritun jafnlaunasamþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa Íslendingar skuldbundið sig til að stuðla að því, að svo miklu leyti sem það samrýmist þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun launataxta á Íslandi, að reglan um jöfn laun karla og kvenna nái til alls starfsfólks á landinu (sbr. 2. gr. jafnlaunasamþykktarinnar, 1. mgr.). Samkvæmt 2. málsgr. 2. gr. skal þessari reglu komið til framkvæmda með:

a. landslögum og reglugerðum;
b. ráðstöfunum, sem komið er á eða viðurkenndar eru með lögum, til ákvörðunar á launum;
c. heildarsamningum milli vinnuveitenda og verkafólks.

Í 3. gr. segir: „Þar sem slíkt mundi greiða fyrir því, að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt, skal gera ráðstafanir til þess að koma á óvilhöllu mati á störfum, sem byggist á því, að metin sé sú vinna, sem inna skal af hendi.“

Með tilliti til þessara þriggja megingreina jafnlaunasamþykktarinnar virðist eðlilegt, að skipuð sé nefnd til þess að gera tillögur um þær ráðstafanir, sem tiltækar kunna að vera til að koma á fullu launajafnrétti, en allar slíkar tillögur hljóta að byggjast á rannsókn á því, hvernig þessum málum er nú háttað. Er því gert ráð fyrir, að fyrsta verk nefndarinnar verði almenn athugun á launagreiðslum og verði niðurstöður þeirrar athugunar birtar opinberlega.

Samkvæmt launalögum ríkisins á launajafnrétti að ríkja meðal starfsmanna hins opinbera, en þrátt fyrir lagaákvæðin telja konur sig órétti beittar í launagreiðslum hjá ríkinu. Ber þar tvennt til. Í fyrsta lagi eru þau störf, sem yfirleitt hafa verið unnin af konum, óeðlilega lágt metin, miðað við þá hæfni, sem krafizt er af þeim, sem leysa störfin af hendi. Og í öðru lagi eru ekki fastar reglur um störf og starfsheiti, og hefur gamalt launamisrétti haldizt í skjóli þess. Hér virðist því liggja beint við, að rannsókn verði látin fara fram og störf metin á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. jafnlaunasamþykktarinnar, enda var það krafa síðasta þings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Í almennum kjarasamningum munu vera mjög mismunandi ákvæði um launagreiðslur til kvenna. Í nokkrum kjarasamningum er svo kveðið á, að konum skuli greidd lægri laun en körlum, þó að um sömu störf sé að ræða og sömu menntunar sé krafizt af báðum. Á þetta t. d. við um verzlunarstörf. Hins vegar eru í öðrum kjarasamningum ákvæði um algert launajafnrétti við ýmsa vinnu og þá einkum þau störf við fiskvinnslu, sem erfiðust eru og til skamms tíma hafa verið talin karlmannsverk eingöngu. Einnig má geta þess, að við þau störf, þar sem krafizt er æðstu menntunar, njóta konur fyllsta jafnréttis.

Þegar svo er komið, að launajafnrétti ríkir jafnt í verstu erfiðisvinnu og við þau störf, sem krefjast sérstakrar sérmenntunar, virðist torvelt að finna rök fyrir

því, að t. d. við verzlunarstörf og í iðnaði séu konur það miklir eftirbátar karlmanna, að réttmætt sé að greiða þeim mun lægri laun í þessum starfsgreinum.

Krafan um launajafnrétti er gömul og svo augljóst mannréttindamál, að það þjóðfélag, sem telur sig veita öllum þegnum sínum jöfn réttindi, getur ekki látið málin kyrr liggja, eins og þeim er nú raunverulega háttað, enda hefur ríkisstjórnin með undirritun jafnlaunasamþykktarinnar skuldbundið sig til að vinna að framgangi jafnlaunareglunnar.

Ed. 74. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 23. gr. Úr 1. málslið 1. gr. falli niður orðin „að svo miklu leyti, sem þau eiga stoð í samningum".
2. Við 50. gr. 4. málsgr. orðist svo:
   Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

Ed. 75. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Friðjóni Skarphéðinssyni.

Við 20. gr. 3. málsgrein greinarinnar falli niður.

Nd. 76. Frumvarp til laga [47. mál]

um breyting á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Girðingar í lögum þessum eru:

I. Fullgildar girðingar.
   a) Gaddavírsgirðing 5 strengja, einn metri á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra staura hennar en 6 metrar, eða vírnetsgirðing, er jafngildi henni að vörzlunotum.
   b) Skurður eigi grynnri en 1.50 m, eigi mjórri en 3 m að ofan og með 3 gaddavírsstrengjum á öðrum hvorum bakkanum, eða jafngildi gaddavírsins af vírneti. Bil milli jarðfastra girðingarstaura sé eigi meira en 5 m.

      Nú leyfir aðstaðan ekki dýpri skurð eða skurðkafla en 1 metra, eða upp undir 1.50 m, og skal þá 4 strengja gaddavírsgirðing, eða jafngildi hennar af vírneti, koma á skurðbakkann.

      Nú hefur styrkur verið greiddur á gröft skurðarins skv. III. lið 11. gr. jarðræktarlaganna, og skal þá aðeins greiða 60% á slíka girðingu skv. 11. gr. VI. sömu laga.

II. Stórgripagirðingar.
a) Gaddavírsgirðingar með 2 strengjum og sé eigi minna en 65 cm frá jörðu upp að neðri vírstreng.
b) Skurður eigi grynnri en 2 m og eigi mjórri en 3.70 m að ofan.

2. gr.

9. gr. laganna hljóði svo:

Nú er vegur lagður gegnum tún eða ræktunarland, og skal þá sá, sem veginn leggur, kosta efnið í girðinguna báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um þau, enda sé girðingin nauðsynleg vegna nytja landsins.

Eigendum einkavega er því aðeins heimilt að girða meðfram vegum sínum, að um það hafi verið samið við landeigendur. Nú hefur slík girðing verið lögð, án þess að um hafi samizt, og geta landeigendur þá látið taka hana burt.

Þegar þjóðvegur er lagður gegnum löggirðingu, skal vegagerð ríkisins leggja til ristar og grindur í hlið á veginn eða efni í girðingu meðfram honum, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Nú er lögð milli afrétta og heimalanda girðing, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja matsmenn girðinguna nauðsynlega, og ber þá vegagerð ríkisins að leggja til hlið á veginn og annast viðhald þess.

3. gr.

Á eftir 1. málsgr. 10. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú verður ágreiningur um landamerkjagirðingu, á hvern hátt eða úr hvaða efni hún skuli gerð, og skulu aðilar þá hlíta úrskurði úttektarmanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur eigandi einkavegar girt samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 24 1. febr. 1952, en landeigandi telur sér svo mikið tjón að girðingunni, að ekki sé viðunandi, og ekki hefur náðst samkomulag um girðinguna, og skulu þá dómkvaddir menn skera úr og ákveða fullar bætur úr hendi landeiganda til eiganda girðingarinnar, ef honum er gert að skyldu að taka hana niður.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttum við flutningsmenn þessa frumvarps frumvarp um sama efni. Málið gekk þá í gegnum neðri deild seint á þinginu, en dagaði hins vegar uppi í efri deild. Landbúnaðarnefnd neðri deildar gerði á frumvarpi okkar nokkrar breytingar, sem voru samþykktar.

Frumvarp þetta er nú að mestu eins og neðri deild gekk frá því á síðasta þingi. Þó er nú svo frá því gengið, að styrkur til skurðar sem vörzlu kemur ekki til greina, ef hann hefur notið styrks samkvæmt III. lið 11. gr. jarðræktarlaga.

Flutningsmenn sjá ekki ástæðu til frekari greinargerðar, enda vísast til greinargerðar, er fylgdi frumvarpinu á síðasta þingi.

Nd. 77. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 96/1956, sem gilda fyrir árið 1957. Mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt með þessari

LEIÐRÉTTINGU:

Á eftir orðunum „III. kafla“ í fyrirsögn frv. komi: laga.

Tveir nefndarmenn (EmJ og JóhH) voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 11. nóv. 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Ólafur Björnsson. Eðvarð Sigurðsson.

Sþ. 78. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um útboð opinberra framkvæmda.

Flm.: Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason, Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, eftir því sem við verður komið, bjóða út í ákvæðisvinnu þau verk, sem ríkissjóður og ríkisstofnanir þurfa að láta vinna hverju sinni, og verði þeim aðilum, sem hagstæðust tilboð gera, falið að annast framkvæmdirnar, ef telja má tilboðin hagstæðari en að láta viðkomandi ríkisstofnanir vinna verkin.

Greinargerð.

Árlega er unnið að margvíslegum framkvæmdum á vegum ríkissjóðs eða ríkisstofnana, svo sem vega- og brúagerðum, vitabyggingum, hafnarmannvirkjum, flugvallagerð, raforkuverum og dreifikerfum í sambandi við þau, símalagningu, skólabyggingum og margvíslegum öðrum húsbyggingum. Eru árlegar fjárveitingar til ýmiss konar opinberra framkvæmda á annað hundrað milljónir króna, og að auki er oft um að ræða mannvirkjagerð, sem kostar tugi milljóna króna og aflað er fjár til með sérstökum hætti utan fjárlaga.

Það liggur í augum uppi, hversu mikilvægt er fyrir þjóðfélagið, að þetta mikla fjármagn nýtist sem bezt og framkvæmdirnar verði sem ódýrastar. Að framkvæmdunum er unnið annaðhvort á þann hátt að leita tilboða frá byggingarfyrirtækjum í einstök verk eða ríkisstofnanir þær, sem fara með yfirstjórn viðkomandi framkvæmda, annast verkin sjálfar og hafa í því skyni fastráðna verkfræðinga og ýmiss konar aðra sérfræðinga í þjónustu sinni. Er miklu algengara, að ríkisstofnanir annist framkvæmdir en þær séu boðnar út. Útboð hafa einkum verið tíðkuð við byggingu orkuvera og nokkrar aðrar stórframkvæmdir.

Án efa er heppilegast á sumum sviðum, að mannvirkjagerð sé í höndum þeirra stofnana, sem annast yfirstjórn viðkomandi framkvæmda og þurfa jafnan að hafa sérfræðinga í sinni þjónustu, en þó er áreiðanlega full ástæða til að leita tilboða í fleiri opinberar framkvæmdir en nú er gert. Mörg byggingarfyrirtæki, sem eiga margvíslegar vinnuvélar og hafa góða sérfræðinga í sinni þjónustu, eru nú til í

landinu, og getur það ekki verið nema til góðs að leita eftir því, hvort þessi fyrirtæki treysta sér til að vinna verkin fyrir minna fé en viðkomandi ríkisstofnun sjálf telur sér fært að gera. Kvartanir opinberra framkvæmdastofnana um skort verkfræðinga og annarra faglærðra manna eru og því til stuðnings, að hagnýtt sé sú sérfræðiþekking, sem einkabyggingarfyrirtæki hafa yfir að ráða. Loks er það veigamikil röksemd, að ríkisstofnunum er full þörf á aðhaldi því, sem samanburður við einkafyrirtækin skapar.

Það fer nokkuð eftir atvikum, hvaða verk skuli bjóða út, og því þarf að athuga málið rækilega frá ýmsum hliðum, áður en auðið er að mynda fastar reglur um það, hver opinber verk skuli boðin út og hver ekki. Það er hins vegar skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að ef ekkert sérstakt mæli því í gegn, eigi það að vera meginregla að bjóða út öll nýbyggingarverk, en viðhald allt verður að sjálfsögðu í höndum viðkomandi ríkisstofnunar.

Í sambandi við þessa tillögu má á það benda, að sparnaðarnefnd, sem ríkisstjórnin skipaði árið 1954, taldi sjálfsagt, að verklegar framkvæmdir ríkissjóðs yrðu boðnar út í ákvæðisvinnu, nema sérstakar ástæður væru því til hindrunar. Er lítill vafi á því, að almennt útboð verklegra framkvæmda gæti leitt til verulegs sparnaðar fyrir ríkissjóð.

Nd. 79. Frumvarp til laga [49. mál]

um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Gistiheimili: Þeir gististaðir, er selja gistingu og greiða í atvinnuskyni, en eru að einhverju eða öll leyti í sambandi við heimili gestgjafa.

Gistihús: Gististaður (hótel) af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té ákveðna þjónustu við gistingu og veitingasölu og hefur fyrirskipaðan búnað.

Gistiskáli: Staður, þar sem er aðstaða til gistingar, en takmörkuð þjónusta látin í té.

Gististaður: Samheiti um alla þá staði, þar sem seld er næturgisting.

Greiðasala: Sala á veitingum rekin í atvinnuskyni í sambandi við heimili gestgjafa eða í veitingastofu, þar sem látin er í té takmörkuð þjónusta.

Söluskýli: Staður, þar sem seldir eru gosdrykkir, öl og sælgæti og salan er ekki háð reglum sölubúða um lokunartíma og annað.

Tækifærisveitingar: Veitingar, sem eru ekki látnar í té að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri.

Veitingahús: Veitingastaður (restaurant) af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té ákveðna þjónustu við veitingasölu og hefur fyrirskipaðan búnað.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

2. gr.

Lög þessi taka til gististaðahalds og veitinga matar og drykkjar fyrir endurgjald, hvort sem þær fara fram í veitingastofum eða öðrum stöðum, sem almenn-

ingur á aðgang að, undir þaki, í tjaldi eða undir berum himni. Lögin taka þó ekki til áfengisveitinga.

3. gr.

Enginn má gera sér gististaðahald né veitingasölu að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra.

4. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum er óheimilt að veita, ef umsækjandi fullnægir ekki eftirgreindum skilyrðum:

1. Er fjárráður.
2. Hefur forræði á búi sínu.
3. Hefur óskert borgaraleg réttindi.
4. Er heimilisfastur á Íslandi og hefur verið það síðasta ár.
5. Hefur ekki síðustu 3 ár verið dæmdur til refsingar fyrir óleyfilegan innflutning, sölu eða veitingu áfengis.

Áður en lögreglustjóri veitir leyfi, skal hann leita álits bæjar- eða sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (héraðslæknis, þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Lögreglustjóri getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til tækifærisveitinga, án þess að um þau sé leitað álits, og utan kaupstaða getur hreppstjóri á sama hátt veitt slík leyfi. Leyfi skulu bundin við nafn og eru óframseljanleg.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

5. gr.

Nú sækir félag um leyfi samkvæmt lögum þessum, og er þá því aðeins heimilt að gefa leyfið út, að meiri hluti stjórnarmanna, þar á meðal allir þeir, er firmað rita, og þeir, sem bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins, ef einhverjar eru, fullnægi skilyrðum 4. gr.

6. gr.

Leyfi má ekki veita opinberum starfsmönnum né heldur maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðuneytið hafi áður úrskurðað, að atvinnan samrýmist stöðu þeirra.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi, er hann hefur veitt:

1. Ef skilyrðum 4. gr. er ekki lengur fullnægt.
2. Ef leyfishafi hefur verið úrskurðaður gjaldþrota.
3. Ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni eða fyrir brot á reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í lögum þessum.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu, og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum, þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi, er leyfissvipting er tilkynnt leyfishafa skriflega.

8. gr.

Þrotabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram, meðan á skiptum stendur, enda hafi forstöðumaður réttindi samkvæmt 12. gr., ef um gistihús er að ræða.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda áfram atvinnu arfleifanda í eitt ár eftir dauða hans án nýs leyfis. Eftir þann frest verður forstöðumaður að hafa réttindi samkvæmt 12. gr., ef um gistihús er að ræða.

9. gr.

Skylt er gisti- og veitingastöðum að færa verzlunarbækur, svo sem fyrir er mælt í lögum um bókhald.

III. KAFLI
Gistihús (hótel).

10. gr.

Gistihúsleyfi veitir leyfishafa heimild til að reka gistihús og veitingastarfsemi innan takmarka þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim.

Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri gistihússins (eiganda). Leyfi heimilar eingöngu starfsemi á þeim stað og með því nafni, sem til er tekið í leyfisbréfi.

11. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 10. gr. eru:

1. Að húsakynni og búnaður sé í samræmi við reglur, sem ráðuneytið setur. Gistihús skulu ekki hafa færri en 20 rúm fyrir gesti. Í reglum, sem ráðuneytið setur, skulu vera sérstök ákvæði um búnað gistiherbergja á einkaheimilum, sem leigð eru ferðafólki fyrir milligöngu gistihúsa.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt, að fyrirtækið starfi.
4. Að í gistihúsinu starfi að staðaldri maður, er fullnægi skilyrðum 12. gr.
5. Að tryggt sé, að fullnægt verði ákvæðum 9. gr.

Leyfishafa er skylt að tilkynna lögreglustjóra og Ferðaskrifstofu ríkisins, hver sé forstöðumaður hverju sinni og hver af starfsmönnum gistihússins hafi sérþekkingu samkvæmt 12. gr.

12. gr.

Hver sá, er öðlast vill viðurkenningu á því að hafa sérþekkingu til að starfa í gistihúsi, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann skal hafa lokið brottfararprófi í matreiðslu, framreiðslu eða gistihúsastjórn frá innlendum eða erlendum skóla, sem ráðuneytið viðurkennir.
2. Hann skal fullnægja skilyrðum 1.—5. tölul. 4. gr.

Ráðuneytið gefur út leyfisbréf til handa þeim umsækjendum, sem fullnægja framangreindum skilyrðum.

13. gr.

Ráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum gisti- og veitingastaðaeftirlitsins, að flokka gistihús eftir gæðum og auðkenna þannig, að hægt sé að átta sig á, í hvaða flokki þau eru. Um þetta setur ráðuneytið reglur.

Óheimilt er að nota í nafni gisti- og veitingastaða orðið „gistihús“ eða önnur heiti, sem gefa til kynna slíkan rekstur, svo sem „hótel“, nema eigandinn hafi áskilin leyfi.

IV. KAFLI
Veitingahús, gistiheimili, gistiskálar, greiðasala og söluskýli.

14. gr.

Veitingahúsleyfi veitir réttindi til veitingastarfsemi í veitingahúsi. Leyfi til rekstrar gistiskála eða gistiheimilis veitir og réttindi til veitingastarfsemi, en greiðasöluleyfi veitir aðeins heimild til veitingastarfsemi. Leyfi til að reka söluskýli veitir aðeins rétt til takmarkaðrar veitingastarfsemi (sölu á gosdrykkjum, öli, sælgæti og tóbaksvörum), allt innan takmarka þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim.

Heimilt er að takmarka veitingaleyfið við ákveðna tegund veitinga. Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfsemi (eiganda). Leyfið heimilar eingöngu rekstur á þeim stað, sem til er tekinn í leyfinu.

15. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 14. gr. eru eftirfarandi:

1. Að húsakynni og húsbúnaður fullnægi þeim skilyrðum, sem ráðuneytið setur með reglugerð. Veitingahús skulu eigi hafa færri en 30 sæti.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt, að fyrirtækið starfi, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Nú rís ágreiningur milli lögreglustjóra og sveitarstjórnar, og sker þá ráðherra úr.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum gisti- og veitingastaðaeftirlitsins, að krefjast þess, að í veitingahúsum og í gistiskálum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

V. KAFLI
Gisti- og veitingastaðaeftirlit.

16. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins hefur á hendi eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða. Í kaupstöðum, þar sem sérstakir heilbrigðiseftirlitsmenn eru starfandi, skulu þeir annast daglegt eftirlit.

Heimilt er Ferðaskrifstofunni að fá sér til aðstoðar heilbrigðisnefndir eða héraðslækna, þar sem hún telur þess þörf. Ákvörðunum Ferðaskrifstofunnar (og heilbrigðisnefndar) má skjóta til ráðuneytis.

17. gr.

Eigendum og forstöðumönnum gisti- og veitingastaða er skylt að hlíta fyrirmælum Ferðaskrifstofunnar og heilbrigðisnefnda um lagfæringar til samræmis við kröfur laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim. Veita skal hæfilegan frest til framkvæmdanna.

Lögreglustjóra er heimilt að stöðva starfsemi, er fellur undir lög þessi, um stundarsakir, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Ráðuneytið skal gefa út fyrirmæli um almenna reglu, hreinlæti, hollustuháttu og annað, er varðar gisti- og veitingastaði. Í fyrirmælum þessum má ákveða sameiginlegan opnunar- og lokunartíma fyrir alla veitingastaði eða fyrir hverja einstaka grein veitingastarfsemi.

Sveitarstjórn getur ákveðið opnunar- eða lokunartíma fyrir veitingastaði innan síns umdæmis, aðra en ákveðið kann að vera í fyrirmælum þeim, sem ráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Leita skal staðfestingar ráðuneytis á slíkum ákvæðum.

Ákvæði þau, er gilt hafa innan bæjar eða sveitar fyrir gildistöku laga þessara um opnunar- og lokunartíma veitingastaða, falla úr gildi, er ráðuneytið gefur út fyrirmæli samkvæmt 1. mgr. um almenna skipan þessara mála, nema ráðuneytið ákveði annað.

19. gr.

Gjalda skal fyrir:

Gisti- og veitingahúsleyfi	kr.	1000.00
Önnur gististaða- og greiðasöluleyfi (söluskýli)	—	500.00
Leyfi til tækifærisveitinga	—	100.00
Bráðabirgðaleyfi samkv. 21. gr.	—	100.00

Nú rekur leyfishafi fleiri en einn gisti- eða veitingastað, og skal þá gjald greiðast fyrir hvern þeirra.

Leyfið skal endurnýja á fimm ára fresti gegn 200.00 kr. gjaldi. Gjaldið skal greitt lögreglustjóra fyrir lok janúarmánaðar, og má innheimta það með lögtaki.

Lögreglustjóra er heimilt að synja leyfishafa um endurnýjun, ef fyrir liggja kærur frá Ferðaskrifstofunni eða heilbrigðisnefnd um alvarlegar misfellur á rekstrinum, unz úr hefur verið bætt.

20. gr.

Lögreglustjóri skal gera skrá yfir leyfi, önnur en leyfi til tækifærisveitinga, og skal þar vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin sé rekin, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi og annað það, er ráðuneytið kann að ákveða.

Lögreglustjóri sendir ráðuneytinu og Ferðaskrifstofu ríkisins fyrir 1. marz ár hvert eftirrit af því, sem skráð var undanfarandi ár.

21. gr.

Hver sá, sem við gildistöku þessara laga rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, getur fengið útgefið sér til handa bráðabirgðaleyfi til að halda rekstri áfram á sama stað, enda þótt gistihúsið fullnægi ekki skilyrðum 1. tölul. 12. gr., allt til ársloka 1962.

Frest þennan getur ráðuneytið lengt, ef sérstaklega stendur á.

22. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, má nota gistihúsleyfi sjálfur, enda þótt hann hafi ekki í þjónustu sinni mann, sem fullnægir skilyrðum 12. gr., ef eigandi hefur haft starfsemina með höndum minnst síðustu 12 mánuðina fyrir gildistöku laganna.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara hefur unnið við gistihús í minnst 10 ár, unnið við stjórn gistihúss minnst 5 ár eða verið forstöðumaður gistihúss í minnst 2 ár, getur næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara, þrátt fyrir ákvæði 12. gr., fengið útgefið sér til handa leyfi, er veitir réttindi samkvæmt 12. gr., enda fullnægi hann skilyrðum 1.—5. tölul. 4 gr. og sanni fyrir ráðuneytinu, að hann hafi öðlazt nægilega þekkingu á gisthúsastarfsemi.

23. gr.

Öll gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926 falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

24. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100 þús. kr.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959, og jafnframt falla úr gildi lög nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl., ásamt síðari breytingum á þeim lögum.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta eftir beiðni samgöngumálaráðuneytisins, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Árið 1949 skipaði þáverandi samgöngumálaráðherra milliþinganefnd til að endurskoða lög um veitingasölu, gistihúshald o. fl. Nefndina skipuðu: Brynjólfur Ingólfsson, stjórnarráðsfulltrúi, sem var formaður nefndarinnar, Jón Sigurðsson, borgarlæknir í Reykjavík, báðir skipaðir án tilnefningar, Böðvar Steinþórsson, tilnefndur af Sambandi matreiðslu- og framreiðslumanna, Hörður Ólafsson, lögfræð-

ingur, tilnefndur af Sambandi veitinga- og gistihúseigenda, og Sigurjón Danívalsson, tilnefndur af Ferðaskrifstofu ríkisins.

Milliþinganefndin samdi frumvarp til laga um veitingasölu, gististaðahald o. fl., og var það lagt fyrir Alþingi 1951, en varð ekki útrætt.

Frumvarp nefndarinnar frá 1951 hefur nú verið endurskoðað af hálfu samgöngumálaráðuneytisins og er nú flutt með nokkrum breytingum.

Aðalbreytingarnar eru þessar:

1. Í frv. eru nú orðaskýringar um einstök heiti, sbr. 1. gr.
2. Fellt er niður það skilyrði, að forstöðumaður gistihúss verði að hafa lokið brottfararprófi í matreiðslu, framreiðslu eða gistihúsastjórn frá innlendum eða erlendum skóla, en í þess stað er leyfishafa samkvæmt þessu frv. gert að skyldu að ráða mann með þá sérþekkingu í þjónustu sína.
3. Ákvæði IV. kafla þessa frv. ná eigi aðeins til gistiskála og veitingahúsa, heldur og til gistiheimila og söluskýla.
4. II. kafli frv. frá 1951, um gisti- og veitingastaðaeftirlit, er samhljóða V. kafla þessa frv.
5. Samkvæmt þessu frv. skal endurnýja leyfi til gististaðahalds á 5 ára fresti, en ekki árlega, eins og lagt var til af milliþinganefndinni.

Greinargerð milliþinganefndarinnar er birt hér sem fylgiskjal.“

Fylgiskjal.

Greinargerð milliþinganefndarinnar.

Frumvarp þetta, sem samið er að tilhlutan samgöngumálaráðuneytisins, miðar að því að bæta úr þeim ágöllum, sem vera þykja á gildandi veitingalögum, koma á opinberu eftirliti með rekstri gisti- og veitingastaða og skapa stoð undir reglugerð um hreinlæti og aðbúnað þeirra, því til tryggingar, að bættri skipan verði komið á slíka starfsemi fyrr en ella. Verða naumast bornar á það brigður, að þessa sé full þörf, þar sem það er á almanna vitorði, að í flestu, er hér að lýtur, stöndum vér að baki öðrum sæmilegum menningarþjóðum.

Skulu nú einstakar greinar frumvarpsins skýrðar stuttlega.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Grein þessi er að efni til sama og 1. gr. gildandi veitingalaga.

Um 2. gr.

Lagt er til, að gististaðahald og veitingasala verði áfram bundin leyfi, eins og nú er samkvæmt gildandi lögum, enda skiptir miklu máli, að vandaðir menn og heiðvirðir veljist til þessara starfa. Samkvæmt þessari grein er aðalreglan sú, að útgáfa leyfa er á sömu hönd og verið hefur, hjá lögreglustjórum á hverjum stað, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 3. gr., 2. mgr.

Túlkun á því, hvenær menn teljast „gera sér að atvinnu“ sölu þá, er frumvarpið fjallar um, hlýtur að fara mjög eftir atvikum í hverju einstöku tilfelli. Ljóst er þó, að hér fellur ekki undir, þótt menn hýsi gesti við og við og þiggi greiðslu fyrir. Til þess að um „atvinnu“ í skilningi frumvarpsins geti verið að ræða, verður starfsemin að vera rekin að staðaldri. Ekki fellur heldur hér undir leiga á herbergjum í venjulegri fjölskylduíbúð.

Um 3. gr.

Í grein þessari eru talin þau persónulegu skilyrði, sem sá, er leyfi vill fá út gefið, verður að fullnægja. Eru þetta sömu ákvæði og í 3. gr. gildandi laga, 1.—4. tölul. Í gildandi veitingalögum (3. gr., 5. tölul.) er það eitt skilyrði fyrir útgáfu leyfis, að umsækjandi hafi „meðmæli“ bæjar- eða sveitarstjórnar. Í frumvarpinu

er ekki gengið lengra en að krefjast þess, að álit þessara aðila liggi fyrir, ásamt áliti heilbrigðisnefndar (héraðslæknis, þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Ætti að vera tryggt, að með umsögn heilbrigðisnefndar um húsnæðið og umsögn bæjar- eða sveitarstjórnar um ástæður umsækjanda og annað, er máli gæti skipt, sé lögreglustjóri allvel undir það búinn að úrskurða, hvort veita skuli hið umbeðna leyfi eða ekki. Þá má einnig benda á, að minna væri í húfi en áður, þótt eitthvað bregði út af með veitingu leyfis, ef eftirlit það, sem frumvarpið felur í sér, kemst á, og einnig stað- og tímabundið gildi leyfanna. Þá er heimilað að skjóta til ráðuneytis úrskurði lögreglustjóra um veitingu eða synjun leyfis.

Loks er lagt til, að heimild hreppstjóra til að leyfa tækifærisveitingar (sbr. 2. gr. gildandi laga) haldist, og enn fremur, að lögreglustjóri geti leyft slíkar veitingar í sínu umdæmi án þess að leita þar um umsagnar á venjulegan hátt. Tækifærisveitingar eru þær veitingar nefndar, sem ekki fara fram að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri, t. d. í réttum, þar sem almennur mannfagnaður er, o. s. frv.

Um 4. gr.

Svipað ákvæði er í gildandi lögum (5. gr.). Þó er þar gert að skilyrði, til þess að hlutafélag fái leyfi, að meira en helmingur atkvæðisbærs hlutafjár sé í eigu manna búsettra hérlendis. Í frumvarpinu er ekki gengið lengra en að krefjast þess, að meiri hluti stjórnarmanna sé þeim kostum búinn, að þeir hefðu sjálfir getað fengið leyfi.

Endurnýjun leyfanna, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu (sbr. 19. gr., 3. mgr.), gerir lögreglustjóra kleift að fylgjast með því, að stjórn félags, er leyfi hefur fengið, sé jafnan svo skipuð, að fullnægt sé þessari grein. Að öðrum kosti mundi leyfið afturkallanlegt (sbr. 6. gr.). Í gildandi lögum virðist ákvæðið um skilyrði þau, er félag skal fullnægja til að fá leyfi út gefið, aðeins skipta máli á útgáfudaginn, en síðan hefur lögreglustjóri enga aðstöðu til að fylgjast með hreyfingu hlutafjár, hverjum kostum stjórnendur séu gæddir o. þ. h. Má því segja, að þrátt fyrir orðalag frvgr. gangi hún í framkvæmdinni engan veginn skemmra en 5. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Grein þess er að efni til sama og 4. gr. gildandi laga, nema hér er fellt niður bann við að veita skipstjórum leyfi. Virðist ekki meiri ástæða til að undanskilja þá en t. d. flugmenn eða jafnvel alla farmenn og aðra sjómenn, er sigla milli landa.

Um 6. gr.

Aðallega er ætlazt til, að afturköllun leyfis verði beitt, er sá aðili, sem leyfi hefur fengið, hættir að fullnægja einhverju þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir útgáfu leyfisins.

Athugandi er þó, að enda þótt skilyrðum 12. gr., 1. tölul. frv. sé ekki fullnægt lengur, veldur það ekki afturköllun, heldur skerst þá eftirlitið í leikinn með þeim ráðum, sem um getur í 10. gr. Afturköllun leyfa má áfrýja til ráðuneytis innan 14 daga.

Um 7. gr.

Verði leyfishafi gjaldþrota, er búinu heimilt að nota leyfi þrotamannsins áfram, meðan skipti standa yfir. Forstöðumaðurinn verður þó að hafa leyfi til gistihússtjórnar, ef starfsemin hefur verið rekin með gistihúsleyfi; þá geta einnig eftirlifandi maki og lögerfingjar leyfishafa gengið inn í rétt arfleifanda samkvæmt leyfinu og rekið starfsemina í heilt ár frá dauða leyfishafa án forstöðumanns með réttindum. Þykir rétt að létta undir með erfingjum þeim, sem við rekstrinum taka, með því að gefa þeim þennan frest. Í 7. gr. gildandi laga er að finna skyld ákvæði.

Um 8. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Um 9. gr.

Samkvæmt lögum nr. 33 1. febr. 1936 er Ferðaskrifstofu ríkisins skylt að halda uppi eftirliti með gisti- og veitingastöðum í landinu. Hefur þótt rétt að halda hinu opinbera eftirliti áfram og efla það, og er sú stefna tekin í frumvarpinu. Hefur einnig þótt rétt að fela ferðaskrifstofunni eftirlitið áfram, enda er ljóst, að ef setja ætti á stofn sérstaka stofnun til að annast slíkt eftirlit, mundi það verða mjög kostnaðarsamt. Hins vegar er ferðaskrifstofunni kleift að sameina eftirlitið að talsverðu leyti ferðum á vegum skrifstofunnar og því unnt að komast af með minni kostnað en ef hin leiðin, sem minnzt var á, væri farin. Þá má einnig benda á, að starfsmenn ferðaskrifstofunnar eru tíðir gestir einmitt á þeim gisti- og veitingastöðum, sem ríkust ástæða er til að hafa strangt eftirlit með, þeim stöðum, sem innlendir og erlendir ferðamenn sækja mest. Gera verður þó ráð fyrir því, ef eftirlit það, er frumvarpið felur í sér, kemst á, að nauðsynlegt verði að ætla því hærri fjárveitingu en á fjárlögum undanfarinna ára. Til þess að tryggja sem bezt, að heilbrigðisöryggis sé gætt, er í frumvarpinu gert ráð fyrir nánu samstarfi milli ferðaskrifstofunnar og eftirlitsmanna hennar annars vegar, og heilbrigðisnefnda og héraðslækna hins vegar. Er jafnvel gert ráð fyrir því, að þar sem sérstakir heilbrigðiseftirlitsmenn eru starfandi í kaupstöðum, annist þeir daglegt eftirlit undir yfirumsjón ferðaskrifstofunnar.

Um 10. gr.

Hingað til hefur eftirlit ferðaskrifstofunnar ekki haft nægileg áhrif, og liggja til þess ýmsar orsakir. Bæði er, að eftirlitsmenn hefur skort vald til að fylgja eftir aðfinnslum sínum, og einnig er óljóst, hvaða kröfur núgildandi lög heimila að gerðar séu til gisti- og veitingastaða. Úr síðarnefnda atriðinu mun verða bætt, ef frumvarp þetta verður að lögum og gefnar verða út reglugerðir þær, sem hér er gert ráð fyrir. Fyrrnefnda atriðinu ræður frumvarpið einnig bót á. Eftirlitinu er gert kleift að knýja fram kröfur sínar um lagfæringar og breytingar til samræmis við ákvæði frumvarpsins og reglugerðar. Sjálfum eftirlitsmanninum er þó ekki gefið vald til að hefjast handa um stöðvun starfseminnar, heldur verður hann að leita fulltingis lögreglustjóra. Er á valdi lögreglustjóra að meta, hvort stöðva skuli reksturinn að gefinni aðvörun eða ekki eða grípa til annarra ráða, t. d. neita um endurnýjun leyfisins næst, er endurnýja skal, unz aðfinnslur eftirlitsins hafa verið teknar til greina.

Um III. kafla.

Hér er lagt til, að heitið „gistihús“ (hótel) verði löghelgað sem heiti á gististöðum vissrar stærðar og með ákveðnum búnaði, en í IV. kafla koma aftur ákvæði um aðra gististaði, sem lagt er til, að nefndir verði „gistiskálar“, og sömuleiðis um veitingastaði almennt. Þau rök, sem færa má fram fyrir því að flokka gististaði eftir stærð og búnaði, eru aðallega þau, að slíkt sé til þæginda fyrir ferðamenn. Óhætt ætti að vera að treysta því, að gististaður, sem hefur orðið „gistihús“ eða „hótel“ í nafni sínu, fullnægi vissum lágmarkskröfum um stærð og aðbúnað. Hefur þessi háttur verið hafður á í sumum mestu ferðamannalöndum Evrópu, t. d. Noregi. Sérfróðir menn hafa fullyrt, að Ísland eigi mikla framtíð fyrir sér sem ferðamannaland, ef réttilega er á málunum haldið. Veltur þá ekki hvað minnst á, að aðbúnaður sé sómasamlegur á þeim gististöðum, sem erlendir ferðamenn eru líklegir til að heimsækja. Það má því með sanni segja, að framtíð Íslands sem ferðamannalands velti á því, hvernig á gistihúsmálum vorum er haldið.

Þungamiðja III. kafla frumvarpsins er í tveimur atriðum:

a. Þau ein fyrirtæki mega bera gistihúsnafn (eða hótel), hvort sem er einstakt eða í samsettu heiti, er hlotið hafa til þess sérstakt leyfi lögreglustjóra, — gistihúsleyfi — og þannig fengið viðurkenningu um, að þau fullnægi vissum lágmarkskröfum um stærð og aðbúnað.

b. Eigandi gistihúss (hótels) eða leigutaki má ekki hefja reksturinn, enda þótt hann hafi gistihúsleyfi fullgilt, fyrr en fenginn er forstöðumaður, sem hefur réttindi til að veita gistihúsi forstöðu.

Um 11. gr.

Jafnframt því að heimila gistihúsrekstur felur gistihúsleyfi einnig í sér heimild til að reka veitingastarfsemi í sambandi við gistihúsið fyrir dvalargesti og aðra. Um vínveitingar fer eftir áfengislögum.

Gistihúsleyfi er gefið út til þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstrinum, en það mundi venjulega vera eigandi, eða þá leigutaki. Í gildandi veitingalögum eru leyfi ekki staðbundin að öðru leyti en því, að þau gilda aðeins í ákveðnum hreppi eða kaupstað (sbr. 9. gr. laganna). Í frumvarpinu er lagt til, að leyfin verði bundin við ákveðinn stað og einnig tímabundin. Nýr eigandi mundi þannig þurfa að afla sér nýs leyfis, og einnig mundi leyfishafa verða leyfi ónýtt, ef hann flytti starfsemina í annað húsnæði og vildi hefja rekstur þar. Ekkert er þó því til fyrirstöðu, að sami eigandi geti rekið mörg gistihús, en til þess þarf hann jafnmörg gistihúsleyfi og auk þess að fullnægja ákvæðinu um forstöðumann með réttindum á hverjum stað.

Oft nær sama gistihús yfir fleiri en eina byggingu, og er nauðsynlegt, ef þær eru aðskildar, að taka greinilega fram, til hvaða bygginga starfsemin taki.

Um 12. gr.

Með orðunum „sérstakar ástæður“ er aðallega átt við, að óheppilegt geti verið af félagslegum orsökum að leyfa starfsemina á þeim stað, sem óskað er eftir, t. d. í nágrenni sjúkrahúss, heimavistarskóla, elli- eða barnaheimilis. Þá gæti einnig hugsazt, að á högum umsækjanda væru einhverjir þeir annmarkar, sem gerðu hann að dómi lögreglustjóra óhæfan til að hafa ábyrgð á gistihúsrekstri, og mundi þá heimilt að beita þessu ákvæði.

Ef eigandi (leyfishafi) hefur sjálfur ekki réttindi til að veita gistihúsi forstöðu, annaðhvort samkv. 13. gr. frv. eða bráðabirgðaákv. 22. gr., 2. mgr., verður hann að afla sér manns, sem hefur réttindi til þessa. Fyrr getur gistihúsið ekki tekið til starfa.

Um 13. gr.

Störf þeirra manna, er annast stjórn gistihúsa, eru ærið margbrotin og vandasöm, en enginn skóli hérlendis til þess ætlaður að búa menn sérstaklega undir þau. Þykir þó rétt að krefjast þess, að þeir menn, sem stjórna eiga gistihúsi, hafi öðlazt nokkra þekkingu á slíkri starfsemi, annaðhvort lokið prófi í sérskóla, sem ráðuneytið viðurkennir, eða lokið sveinsprófi í þeim iðngreinum, sem veita ættu að nokkru leyti hliðstæða þekkingu, enda hafi í öllum tilfellum bætzt við nokkur reynslutími umsækjanda við þau gistihússtörf, sem ráðuneytið telur fullnægjandi. Er sér í lagi ætlazt til, að umsækjandi hafi kynnzt sem flestu, er að rekstri gistihúss lýtur. Þar sem forstöðumaðurinn hefði oftast nær reikningshald starfseminnar á hendi, er ekki síður nauðsynlegt, að hann hafi þekkingu á bókhaldi en leyfishafi sjálfur.

Samkvæmt 22. gr. 2. mgr. munu auk þeirra, sem öðlast réttindi til gistihússtjórnar samkv. þessari grein, margir geta fengið sömu réttindi án sérstaks prófs.

Um 14. gr.

Ekki þykir rétt, að þeir, sem gerzt hafa sekir um alvarleg brot gegn áfengislögunum eða reglugerðum þeim, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, haldi réttindum til gistihússtjórnar, og er því leyfi afturkallanlegt, ef þannig stendur á. Enn fremur er leyfið afturkallanlegt, ef einhverju hinna persónulegu skilyrða 3. gr., 1.—5. tl., er ekki lengur fullnægt.

Um 15. gr.

Í sambandi við grein þessa er rétt að geta þess, að nefnd sú, er frumvarp þetta samdi, leitaði aðstoðar og álits nokkurra þekktra málfræðinga um val á hentugum nöfnum á þeim greinum gisti- og veitingastarfsemi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Voru þeir allir mótfallnir lögfestingu orðisins „hótel“, en mæltu með heitum þeim, sem notuð eru í frumvarpinu: Gististaður, samnefni á öllum þeim stöðum, þar sem seld er næturgisting, enda þurfi gistihús- eða gistiskálaleyfi til að reka starfsemina. Gistihús (hótel) nefnist fyrsta flokks gististaður, en aðrir gististaðir nefnast gistiskálar.

Um IV. kafla.

Um 16. gr.

Grein þessi hefur að geyma samsvarandi ákvæði um gistiskála og veitingahús eins og 11. gr. frv. um gistihús.

Um 17. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis til að reka gistiskála eða veitingahús eru hér talin, og eru þau samhljóða skilyrðum 12. gr. fyrir veitingu gistihúsleyfa, enda þótt kröfur þær, sem gerðar verða í reglugerð, hljóti að verða að ýmsu leyti gerólíkar.

Ekki er samkvæmt frumvarpinu skylt að hafa mann með sérþekkingu við stjórn starfseminnar, nema um gistihús sé að ræða (hótel). Hins vegar verður því ekki neitað, að ekki er síður nauðsynlegt, að tryggt sé eftir föngum, að stórum gistiskála eða stóru veitingahúsi sé vel stjórnað og heilbrigðisöryggis gætt, og því er hér tekin upp heimild fyrir lögreglustjóra til að krefjast þess, að forstöðumaður gistiskála hafi réttindi til gistihússtjórnar eða matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðsluiðn starfi að staðaldri í eldhúsi veitingahúss.

Um 18. gr.

Hér er lagt fyrir ráðherra að gefa út fyrirmæli um almenna reglu, hreinlæti og hollustuháttu þeirrar starfsemi, sem frumvarpið fjallar um. Verða ekki bornar brigður á nauðsyn þessa, þar sem ýmis þeirra ákvæða, sem setja þarf, hljóta að verða reglugerðarákvæði, t. d. um gerð herbergja og stærð, húsgögn, uppþvott o. fl., o. fl.

Ákvæðin um opnunar- og lokunartíma eru nýmæli. Er talið nauðsynlegt, að hægt sé að tryggja, að gisti- og veitingastaðir loki ekki almennt t. d. á hátíðisdögum, en að því hafa verið nokkur brögð, viðskiptavinum til mikils óhagræðis. Ekki er síður ástæða til að setja ákvæði um lokunartíma slíkra staða.

Um 19. gr.

Hér eru ákveðin gjöld fyrir hin ýmsu leyfi, er frumvarpið gerir ráð fyrir. Eru gjöldin ekki há, miðað við gjöld fyrir sambærileg leyfi, t. d. verzlunarleyfi, og ef höfð er í huga verðbreyting sú, er orðið hefur á krónunni síðan gildandi veitingalög voru sett og gjöldin ákveðin kr. 150.00 og kr. 200.00, er ljóst, að hér er ekki um að ræða raunverulega hækkun frá því, sem þá (1926) var ákveðið.

Í 2. mgr. er nýmæli, þar sem leyfishöfum er gert að skyldu að endurnýja leyfi sín árlega. Er þetta gert til að koma á nánara og lífrænna sambandi milli lögreglustjóra og leyfishafa en verið hefur og opna lögreglustjóra leið til að fylgja aðfinnslum eftirlitsins eftir án þess að nota lokunarheimild 10. gr., 2. mgr.

Um 20. gr.

Grein þessi er samhljóða 8. gr. gildandi laga, með þeim breytingum, sem leiðir af skipulagsbreytingu þeirri, er felst í frumvarpinu.

Um 21. gr.

Grein þessi stefnir að því að veita þeim, sem nú reka gististaði undir nafninu gistihús eða hótel og ekki fullnægja um stærð eða annað þeim kröfum, sem gerðar

eru um gistihús í frumvarpinu (og reglugerð, sem sett verður, ef frumvarpið verður að lögum), nokkurn frest til að ráða bót á því, sem á skortir, eða að öðrum kosti breyta nafni fyrirtækisins.

Um 22. gr.

Hér er í 1. mgr. lagt til, að ákvæði 12. gr. frumvarpsins um, að ekki megi nota gistihúsleyfi án starfandi forstöðumanns með réttindi samkvæmt 13. gr. frumv., gildi ekki um gistihús (hótel) þar, sem sami eigandi hefur staðið fyrir rekstrinum í 6 mánuði fyrir gildistöku laganna.

Í síðari málsgrein er ívilnun fyrir þá, sem unnið hafa við gistihús eða hótel í 10 ár eða unnið við stjórn slíkrar starfsemi eða verið þar forstöðumenn í ákveðinn tíma, enda hafi þeir unnið við slík störf, að þeir hafi að dómi ráðuneytisins öðlazt staðgóða þekkingu á stjórn og rekstri gistihúsa. Þessir menn geta í næstu 5 ár fengið út gefið leyfi sér til handa til að veita gistihúsi forstöðu, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum 13. gr. um sérmenntun. Athugandi er, að til þess að leyfi fáist út gefið á framangreindan hátt, verður umsækjandi að fullnægja ákvæðum 3. gr., 1.—5. tl. Ef leyfishafi hættir að fullnægja einhverju framangreindra skilyrða, er leyfi samkvæmt þessari grein afturkallanlegt, sbr. 14. gr. Tilgangurinn með ákvæði þessarar mgr. er að gera þeim mönnum kleift að halda áfram atvinnurekstri sínum, sem eytt hafa við hann löngum starfstíma, hætt þar til fé sínu og byggt þar á framtíðar afkomuvon sína.

Um 23.—25. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 80. Frumvarp til laga [3. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1958 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

3. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. Af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, skal ekki greiða söluskatt, enda hafi aðilar þessir, eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá, ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
b. Greiða skal 3% söluskatt af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum, matsölu, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1958.

Sþ. 81. Breytingartillögur [34. mál]

við till. til þál. um byggingu kennaraskólans.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Í stað orðanna „halda áfram“ í tillögugr. komi: hefja.
2. Aftan við tillögugr. bætist: enda verði hinu nýja skólahúsi valinn staður á Norður-, Austur- eða Vesturlandi.

Sþ. 82. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um kostnaðaráætlun um brúar- og vegagerð.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Karl Kristjánsson, Sveinbjörn Högnason, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera kostnaðaráætlun um brúargerð á Tungnaá hjá Búðarhálsi. Einnig verði gerð áætlun um kostnað við að gera bílfæra yfir sumarmánuðina leiðina frá Galtalæk í Landsveit um Holtamannaafrétt og Sprengisand að Mýri í Bárðardal.

Greinargerð.

Árið 1946 fluttu Ingólfur Jónsson og Jónas Jónsson tillögu um rannsókn á því, hvort tiltækilegt væri að gera umrædda leið færa bifreiðum yfir sumarmánuðina. Var tillögunni vel tekið, og mælti allsherjarnefnd með samþykkt hennar. Enginn, sem þekkir til þessara mála, efast lengur um möguleikana fyrir því að gera leiðina

um Holtamannaafrétt og Sprengisand færa bifreiðum yfir sumarmánuðina. Sumir telja, að ekki þurfi að leggja í mikinn kostnað til þess, að leiðin verði greiðfær. Meginkostnaðurinn verður við brúargerð á Tungnaá, sem er allmikið vatnsfall.

Áður en hafizt er handa um lagfæringu á leið þessari, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir heildarkostnaði við vegabætur og brúargerð. Mikill áhugi virðist vera fyrir þessu máli. Sýslunefndir Rangárvalla- og Suður-Þingeyjarsýslu hafa gert samþykktir um áskorun til Alþingis um framkvæmdir í málinu. Ekki er að efa, að þessi leið verður fjölfarin. Leiðin styttist milli landsfjórðunga, og tækifæri gefst til þess að kynnast náttúrufegurð og tilkomumiklu landslagi hálendisins.

Áður en byrjað er á framkvæmdum, er nauðsynlegt að gera heildarkostnaðaráætlun um framkvæmdir, og þess vegna er tillagan flutt.

Sþ. 83. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir og endurskoðun hafnarlaga.

Flm.: Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vitamálastjóra gera áætlun um nauðsynlegar hafnargerðir í landinu á næstu árum. Verði jafnframt gerðar tillögur um fjáröflun til þessara framkvæmda, athugað, að hve miklu leyti viðkomandi sveitarfélög geti staðið straum af lánum til nauðsynlegra hafnarbóta, og í því sambandi endurskoðuð gildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga svo og ákvæðin um landshafnir og önnur þau atriði laga um hafnargerðir og hafnarbótasjóð, er ástæða þykir til að breyta með hliðsjón af fenginni reynslu og til samræmis við aðrar niðurstöður athugunar þessarar.

Greinargerð.

Hafnargerðir í kaupstöðum og kauptúnum landsins eru meðal hinna mikilvægustu framkvæmda, sem árlega er unnið að, og þótt oft séu gerð veruleg átök í þessu efni, miðar þó jafnan umbótum á þessu sviði mun hægar en nauðsynlegt væri. Viðunandi hafnir eru ekki aðeins veigamikil forsenda sæmilegrar afkomu fólks við sjávarsíðuna, heldur einnig mikilvægur þáttur efnahagslegs öryggis þjóðarheildarinnar. Sá kaupstaður eða þorp við sjávarsíðuna, sem ekki getur eignazt sæmilega höfn, á sér enga framtíð. Af þessum sökum eru hafnarmálin víða meðal stærstu vandamála, sem sveitarstjórnir eiga við að glíma.

Samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur er ákveðið, að ríkissjóður greiði helming eða ⅖ hluta kostnaðar við hafnargerðir eftir ákveðnum reglum. Er árlega veitt fé í fjárlögum til greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs. Þörf framkvæmda við hafnargerðir hefur þó verið svo mikil, að árleg fjárveiting hefur ekki nægt til að greiða hluta ríkissjóðs, og skuldar nú ríkissjóður ýmsum sveitarfélögum stórfé.

Með lögunum um hafnarbótasjóð frá 1943, sem sjálfstæðismenn beittu sér fyrir, var stigið mikilvægt spor til þess að greiða fyrir hafnargerðum á þeim stöðum, þar sem þörfin var einkum talin aðkallandi. Hafa mörg byggðarlög notið góðs af hafnarbótasjóði, þótt fjárráð sjóðsins hefðu þurft að vera meiri og nauðsyn aukins starfsfjár sjóðsins því meiri sem kostnaður við hafnargerðir fer sívaxandi.

Kröfurnar um auknar hafnarbætur verða sífellt háværari, og voru áætlaðar hafnargerðir á þessu ári, er taldar voru kosta nær 60 millj. kr. Verði framkvæmdir svo miklar, nægir fjárveitingin í ár ekki einu sinni til að greiða helming lögákveðins framlags ríkissjóðs. Mun því víða verða þröngt fyrir dyrum um fjárgreiðslur, því að næstum ógerlegt er nú orðið fyrir sveitarfélögin að fá nokkurs staðar lán.

Ekkert sveitarfélag leggur út í kostnaðarsama hafnargerð nema af brýnni nauðsyn, og víða stendur svo á, að ógerlegt er að hætta við hálfgert verk. Með hliðsjón af hinum miklu örðugleikum við að afla fjár til þessara mikilvægu framkvæmda virðist ljós nauðsyn þess, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um að rannsaka, hvað hér er um stórt viðfangsefni að ræða. Þarf því í senn að gera sér grein fyrir, hvaða hafnargerðum þarf að vinna að, t. d. næstu fimm árin, og hverjar leiðir séu tiltækar til þess að afla nauðsynlegs fjár til framkvæmdanna. Án aðgerða af hálfu ríkisvaldsins má gera ráð fyrir fullkomnu öngþveiti í þessum málum.

Samhliða þessu verkefni er orðið tímabært að endurskoða ákvæði hafnarlaga um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga. Er nú svo komið, að ríkissjóður verður í vaxandi mæli að greiða ábyrgðarlán vegna hafnargerða, þar eð viðkomandi sveitarfélög brestur getu til að standa undir lánunum. Aðstaða hafnanna til tekjuöflunar er mjög mismunandi, og er tilgangslaust að leggja á þær hærri stofnkostnað en þær fá undir risið.

Í sambandi við þessa athugun á hafnarmálunum er eðlilegt að íhuga sérlög um tvær landshafnir, sem ríkið stendur straum af að öllu leyti. Hlýtur að koma til álita, hvort ekki ættu fleiri hafnir að njóta hliðstæðrar aðstoðar.

Við athugun á fjárhagshlið hafnargerðanna hljóta lögin um hafnarbótasjóð og árlegar fjárveitingar í fjárlögum að koma til athugunar og endurskoðunar.

Sþ. 84. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um rannsókn á vísitölufyrirkomulagi og vísitöluútreikningi.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að athuga áhrif vísitölufyrirkomulagsins í launagreiðslum á fjárhagskerfið, enn fremur grundvöll þann, er vísitöluútreikningurinn nú er byggður á, og áhrif þau á kaupgjaldsgreiðslur, er það mundi hafa, ef hann yrði færður í rétt horf. Af nefndarmönnum séu 3 tilnefndir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu, einn af Alþýðusambandi Íslands og einn af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Greinargerð.

Tilgangur þess að láta kaupgjald breytast til samræmis við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar er sá að tryggja kaupmátt launa, þótt dýrtíð vaxi.

Grundvöllur núverandi útreiknings vísitölu framfærslukostnaðar er byggður á búreikningum, er nokkrar fjölskyldur í Reykjavík, aðallega verkamannafjölskyldur, voru fengnar til að halda á tímabilinu 1. júlí 1939 til 30. júní 1940. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að geysimiklar breytingar hafa orðið á neyzluvenjum fólks á þeim 18 árum, sem síðan eru liðin, m. a. vegna bættrar efnahagsafkomu. Er sú ástæða ein næg sönnun þess, að grundvöllur vísitöluútreikningsins hlýtur að vera úreltur.

En þar að auki er nú hverju mannsbarni ljóst, að markvisst hefur verið unnið að því með ráðstöfunum í verðlagsmálum af hálfu stjórnarvaldanna, að vísitalan gefi alranga mynd af raunverulegri þróun verðlagsins. Hefur þó fyrst keyrt um þverbak í þeim efnum með ráðstöfunum þeim í efnahagsmálum, sem gerðar voru um s. l. áramót af núverandi stjórnarflokkum. En þessar ráðstafanir og aðrar, sem gerðar hafa verið af núverandi ríkisstjórn, hafa m. a. verið í því fólgnar að dulbúa vöxt dýrtíðarinnar með því að halda niðri verði á þeim vörutegundum, sem veigamestar eru í vísitölunni, með auknum álögum á aðrar vörutegundir, sem almenningur kaupir og neytir, en ekki hafa verulegt gildi í grundvelli vísitöluútreikningsins.

Vísitalan er því orðin með öllu ónothæfur mælikvarði á verðlagið, en af því leiðir, að vísitölufyrirkomulagið í launagreiðslum nær ekki þeim tilgangi sínum að tryggja kaupmátt launanna.

Það má telja með öllu óviðunandi, að enginn nothæfur mælikvarði á þróun verðlagsins sé til. En jafnframt því, að vísitöluútreikningurinn yrði færður í réttara horf, er óhjákvæmilegt, að rannsökuð séu áhrif vísitölufyrirkomulagsins í launagreiðslum á fjárhagskerfið og leitað sé úrræða, er veiti launþegum betri tryggingu fyrir óskertum kaupmætti launa en vísitölufyrirkomulagið gerir nú, án þess að stofnað sé til upplausnar fjárhagskerfisins. Nauðsyn ber því til þess, að vísitölufyrirkomulagið og vísitöluútreikningurinn sé tekið til athugunar og endurskoðunar af fulltrúum Alþingis og samtaka þeirra, er hér eiga mestra hagsmuna að gæta, og því er tillaga þessi fram borin.

Sþ. 85. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um olíueinkasölu ríkisins.

Flm.: Alfreð Gíslason, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni undirbúning löggjafar um olíueinkasölu ríkisins. Verði sérstaklega athugað, hvort heppilegt mundi vera, að ríkið hefði fyrst í stað aðeins heildsölu olíunnar með höndum, en tæki síðar að sér olíuverzlunina alla. Skal undirbúningi hraðað svo, að ríkisstjórnin geti lagt fram frumvarp til laga um olíueinkasölu ríkisins og það hlotið afgreiðslu á því þingi, sem nú situr.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa hvað eftir annað risið harðar stjórnmáladeilur um olíumálin. Í þessum deilum hefur sannazt, að þeir aðilar, sem innkaup og sölu á olíum hafa annazt, hafa dregið til sín milljónafúlgur umfram það, sem hóflegt og eðlilegt getur talizt, og stundum raunar með algerlega ólögmætum hætti. Nú um skeið hefur að vísu allríkt eftirlit verið með verðlagningu olíunnar og borið verulegan árangur til bóta, en þó eru enn um það mjög skiptar skoðanir, hvort hagsmunir þeirra, sem olíurnar nota, en það eru fyrst og fremst höfuðatvinnuvegirnir, verði að fullu tryggðir með verðlagseftirliti einu saman.

Það er skoðun flm., að ríkiseinkasala á öllum tegundum olíu mundi tryggja notendum hennar sannvirði miðað við tilkostnað við innkaup og dreifingu, en að þann tilkostnað mætti lækka til mikilla muna með einu dreifingarkerfi, sem þá kæmi í stað þriggja eða jafnvel fleiri, sem nú eru að verulegu leyti að þarflausu rekin. Þá yrði og fyrst kleift að stöðva áframhald hemjulausrar og skaðlegrar fjárfestingar, sem hið margfalda dreifingarkerfi hefur leitt af sér og velt hefur verið með óhæfilega háu verðlagi yfir á atvinnuvegi þjóðarinnar.

Með tilliti til þess, að ríkið sjálft hefur nú eitt með höndum heildarinnkaup á öllum brennsluolíum, sem til landsins eru fluttar, virðist það algert lágmark sjálfsagðra aðgerða, að það taki einnig í sínar hendur alla heildsölu á þeim. Því þykir flm. rétt að gera ráð fyrir þeim möguleika sem fyrsta spori í rétta átt, ef svo kynni að reynast, að meiri hluta Alþingis og ríkisstjórn þætti í of mikið ráðizt að taka alla sölumeðferð og dreifingu olíunnar í hendur ríkisins þegar í stað.

Verðlag á olíum er einn af mikilvægustu þáttum efnahagsmálanna og mótar rekstrarafkomu höfuðatvinnuveganna og þá alveg sérstaklega sjávarútvegsins að mikilsverðum hluta. Það er því þjóðarnauðsyn, að notendur fái þessar vörur í hendur við lægsta hugsanlegu verði. En til þess að svo megi verða, er stofnun einkasölu á vegum ríkisins eina færa leiðin.

Sþ. 86. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lagaákvæðum og stjórnarákvörðunum um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna og leggja fyrir Alþingi tillögur til breytinga, eftir því sem ástæða þykir til, að endurskoðun lokinni. Gefa skal fulltrúum — tilnefndum af fjórðungsþingum Austfirðinga, Norðlendinga og Vestfirðinga, einum frá hverju fjórðungsþingi — kost á að taka þátt í endurskoðuninni, svo og einum fulltrúa frá fjórðungsþingi Sunnlendinga, ef stofnað verður.

Greinargerð.

Á Alþingi og víðar hafa á undanförnum árum verið uppi tillögur um að breyta til um aðsetursstað ýmissa ríkisstofnana og embættismanna. Á síðustu áratugum hafa orðið miklar breytingar á samgöngum í landinu. Húsakostur hefur aukizt og batnað, raforka verið leidd víða um land, sérmenntun orðin almennari en fyrr o. s. frv. Af þessu leiðir t. d., að staðir, sem fyrrum þóttu óhæfir aðsetursstaðir embættismanna eða opinberrar starfrækslu, eru nú engu síður til þess hæfir en aðrir staðir voru, þegar embættismönnum og stofnunum var ákveðið aðsetur þar. Nokkrir bæir eru nú eins fjölmennir eða fjölmennari en Reykjavík var á síðustu áratugum 19. aldar.

Reykjavík er höfuðstaður Íslands, og auðvitað vill þjóðin sýna höfuðstaðnum sóma. Það hefur hún gert á margan hátt og mun gera. En af því þarf ekki að leiða, að allir embættismenn og ríkisstofnanir, sem starfa fyrir landið í heild, þurfi að hafa aðsetur í Reykjavík. Fyrir byggðir landsins utan Reykjavíkur getur það verið mikils virði, menningarlega eða fjárhagslega, að slík embætti eða stofnanir starfi þar, þótt það skipti minna máli fyrir hina fjölmennu höfuðborg.

Af tillögum, sem uppi hafa verið á Alþingi um þetta efni, má nefna t. d. tillögu um, að biskup landsins skuli hafa aðsetur í Skálholti og húsmæðrakennaraskólinn á Akureyri, enn fremur um flutning kennaraskólans. Eflaust kemur fleira til athugunar í þessu sambandi. Að sjálfsögðu er ekki um það eitt að ræða að flytja embætti eða stofnanir, sem nú hafa aðsetur í Reykjavík. Aðrar breytingar koma einnig til greina. Hér er um að ræða athugunarefni, sem er þess vert, að það sé tekið þeim tökum, sem tillagan gerir ráð fyrir, og því fyrr, því betra.

Sþ. 87. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um hækkun elli- og örorkulífeyris.

Flm.: Jóhanna Egilsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á lögum um almannatryggingar með það fyrir augum, að elli- og örorkulífeyrir verði hækkaður um allt að 50 af hundraði, enda verði lífeyrir fyrir hvern einstakling jafnhár, hvort sem um gift fólk er að ræða eða ekki.

Greinargerð.

Elli- og örorkulífeyrir er nú að meðtalinni verðlagsuppbót 705 kr. á mánuði fyrir einstakling og 1141 kr. fyrir hjón. Augljóst er, að fé þetta hrekkur ekki nema

fyrir hluta af framfærslukostnaði. Enginn getur greitt húsnæði og fæði með 705 kr. á mánuði eða 1141 kr., ef um hjón er að ræða.

Elli- og örorkulífeyrir var upphaflega ráðgerður þannig í almannatryggingalögum, að hann hrykki fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Þannig þarf hann líka að vera, ef hann á að svara tilgangi sínum. Meðan svo er ekki, verður gamla fólkið að leita á náðir framfærslusveitar um það, sem á vantar, eigi það ekki sjálft næg efni eða vandamenn, sem hafa getu og vilja til þess að sjá því farborða.

Engin rök eru til þess, að hjón, sem elli- og örorkulífeyris njóta, skuli hafa lægri lífeyri en tveir einstaklingar. Er því nauðsynlegt að leiðrétta það misrétti, sem nú á sér stað í þeim efnum.

Flutningsmanni er ljóst, að til þess að Tryggingastofnun ríkisins geti staðið straum af hækkunum á elli- og örorkulífeyri, sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögu þessari, þarf hún að fá auknar tekjur sem því svarar. Við endurskoðun laganna þarf að rannsaka, hve miklu það nemur, og afla Tryggingastofnuninni þeirra tekna með einhverjum hætti.

Enda þótt í tillögunni sé miðað við hækkun, sem nemur 50 af hundraði, er augljóst, að æskilegt væri, að hækkunin væri enn meiri, því að jafnvel þótt sú hækkun kæmi á lífeyrinn, mundi hann ekki nægja. Hins vegar væri þó stigið stórt spor í þá átt að gera elli- og örorkulífeyrinn að fullnægjandi tryggingu.

Hér er um að ræða réttlætiskröfur, sem Alþingi getur ekki lengur látið hjá líða að taka afstöðu til.

Sþ. 88. Breytingartillögur [33. mál]

við till. til þál. um afnám áfengisveitinga á kostnað ríkis og ríkisstofnana.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Tillögugreinin orðist á þessa leið:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera til þess raunhæfar ráðstafanir að draga til mikilla muna úr útgjöldum ríkisins og stofnana þess til veizluhalda og skemmtiferða innanlands og utan. Séu um þetta settar fastar reglur, er ráðherrum og forstöðumönnum ríkisstofnana sé óheimilt að víkja frá.
2. Fyrirsögn verði þannig:
   Tillaga til þingsályktunar um lækkun kostnaðar við veizluhöld og skemmtiferðir.

Nd. 89. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Fyrri málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlegur rekstrarstyrkur til viðurkenndra almennra sjúkrahúsa sýslu-, bæjar- og sveitarfélaga, og miðast hæð styrksins við legudagafjölda sjúklinga á sjúkrahúsinu á ári hverju og nemur 15 kr. á hvern legudag. Þó skulu þau sjúkrahús, er hærri styrks njóta, er lög þessi taka gildi, halda honum óskertum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi sjúkrahúsalögum er ríkisstyrkur til sjúkrahúsa ákveðinn í þrennu lagi eftir því, um hve stór sjúkrahús er að ræða, þannig að stærstu sjúkrahúsin, þau sem hafa 100 sjúkrarúm eða fleiri, fá hæstan dagstyrk eða 20 kr. á hvern legudag sjúklinga sinna, sjúkrahús með 20—100 sjúkrarúmum fær 10 kr. dagstyrk, en minnstu sjúkrahúsin, þau sem hafa innan við 20 rúm, fá aðeins 5 kr. dagstyrk.

Svo er talið, að nokkur skilyrði séu sett um fullkomna þjónustu á hinum styrkhærri sjúkrahúsum, en hitt stendur þó óhagganlegt, að hversu fullkomna þjónustu sem hin smærri sjúkrahús veita, eru þau ekki talin styrkhæf nema að fjórðungi eða helmingi á við stærstu húsin.

Þessi ákvæði eru í fullkomnu ósamræmi við þá alkunnu reglu, að rekstur fyrirtækja er yfirleitt fjárhagslega erfiðari, eftir því sem umsetning þeirra er minni, og verður ekki séð, að sjúkrahúsarekstur sé nein undantekning frá þeirri reglu.

Þetta frumvarp er flutt til að freista þess að fá fram leiðréttingu á því ósamræmi, sem í núgildandi styrkákvæðum til sjúkrahúsanna felst.

Ef allur sjúkrahúsastyrkurinn yrði jafnaður, þannig að hann yrði 15 kr. á legudag til allra sjúkrahúsa, sem hann samkv. sjúkrahúsalögunum nær til, mundi ekki verða um neina teljandi útgjaldabreytingu að ræða hjá ríkissjóði frá því, sem nú er. En flm. líta svo á, að hafi einhver réttlæting verið til að ákveða stærstu sjúkrahúsunum jafnháan styrk og gert var við setningu laganna, þá sé vart sanngjarnt að lækka hann nú, þar eð sjúkrahúsarekstur mun ekki vera hagkvæmari nú en þá var, og því er hér lagt til, að styrkur sjúkrahúsanna, sem hafa yfir 100 sjúkrarúm, haldist óbreyttur, en styrkur allra smærri sjúkrahúsanna hækki úr 5 eða 10 kr. á legudag í 15 kr. og verði þannig stefnt að jöfnuði milli stórra og smárra sjúkrahúsa.

Sþ. 90. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um ferðamannagjaldeyri.

Flm. Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skipa þriggja manna nefnd, kosna af sameinuðu Alþingi, er undirbúi ráðstafanir til þess, að hér verði komið á sérstökum ferðamannagjaldeyri. Skal að því stefnt, að nefndin hafi tillögur sínar tilbúnar í tæka tíð, til þess að málið geti fengið afgreiðslu á Alþingi því, er nú situr.

Greinargerð.

Tillögu samhljóða þessari flutti ég á síðasta þingi, og fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að kjör þau, sem erlendum ferðamönnum, er koma hingað til lands, eru búin með því að skylda þá til þess að selja gjaldeyri sinn í íslenzkum bönkum á skráðu gengi, eru þeim mjög óhagstæð. Mun láta nærri, að kaupmáttur gjaldmiðils nágrannalanda okkar rýrni um helming, ef honum er breytt í íslenzkan gjaldmiðil á skráðu gengi. Afleiðing þessa verður sú, að þorri erlendra ferðamanna, er til landsins kemur, sér sig tilneyddan til þess að selja gjaldeyri sinn á svörtum markaði. Eru slík viðskipti þjóðinni til mikils vansa og álitshnekkis.

Tillaga sú, er hér liggur fyrir, felur það í sér, að gerðar verði þegar ráðstafanir til þess að bæta úr þessu. Þótt komið væri hér á ferðmannagjaldeyri, væri slíkt, miðað við núverandi aðstæður, ekki skref í áttina til gengislækkunar. Aðeins lítill

hluti gjaldeyrisverzlunarinnar fer nú fram á skráðu gengi, þannig að auðvelt er að selja þann gjaldeyri, er inn kemur á vegum erlendra ferðamanna, til einhverra þeirra nota, að ekki mundi hafa í för með sér frekari verðhækkanir en þegar hlýtur óhjákvæmilega að leiða að þeim ráðstöfunum, er nýverið hafa verið gerðar í efnahagsmálum. Að öðru leyti verður það hlutverk nefndar þeirrar, er hér er lagt til að skipuð verði, að gera um það tillögur, hversu þessu verði haganlegast fyrir komið.

Ed. 91. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

3. mgr. 20. gr. orðist svo:
Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal þá því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

Ed. 92. Frumvarp til umferðarlaga. [18. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 22 með þessum breytingum:

23. gr. hljóðar svo:
Erlend ökutæki, sem nota má hér á landi um stundarsakir samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, skulu fullnægja ákvæðum 5.—10. gr. Ökutæki, sem eru skráningarskyld samkvæmt 11. gr., má nota án skráningar hér á landi, ef þau eru löglega skráð í heimalandi, enda sé á þeim þjóðernismerki, auk skráningarmerkis, sbr. þó 3. mgr.
Í reglugerð skal kveðið á um eftirlit með erlendum ökutækjum, hve lengi þau mega vera hér á landi, tilkynningu þeirra og skráningu.
Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða afhenda honum skráningarmerki þess innan hálfs mánaðar, eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálfs mánaðar.

50. gr. hljóðar svo:
Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.
Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km á klukkustund.
Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3.5 smálestir eða meira að heildarþyngd, má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- eða festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.
Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

Nd. 93. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

53. gr. orðist þannig:

Heimilt er fræðslumálastjórn, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi fræðsluráðs, að löggilda barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar. Kennarar við skóla þessa verða að fullnægja öllum settum skilyrðum um rétt til kennslu í barnaskólum. Fyrir börn, sem þessa einkaskóla sækja, þarf ekki undanþágu samkvæmt 5. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá yfir skólabörnin og tilkynna henni allar breytingar, jafnóðum og þær verða.

Heimilt er að greiða laun fastra kennara við skóla þessa úr ríkissjóði, enda verði þeir þá ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla. Að öðru leyti ber ríkissjóður engan kostnað af þessu skólahaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1958.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur nú verið flutt á tveimur þingum, og fylgdi því í fyrra sinnið svo hljóðandi grg. af hálfu menntamálaráðuneytisins:

„Í frumvarpi þessu eru tvær breytingar frá núgildandi lögum, þ. e.: 1) gert er ráð fyrir því, að til stofnunar einkaskóla þurfi meðmæli hlutaðeigandi fræðsluráðs, og 2) fastir kennarar við skóla þessa fái greidd laun úr ríkissjóði eftir sömu reglum og kennarar annarra barnaskóla.

Um fyrra atriðið skal tekið fram, að réttmætt virðist, að ekki sé löggiltur einkaskóli án meðmæla eða samþykkis fræðsluráðs, en fræðsluráð á að hafa umsjón með skólaþörf fræðsluhéraðsins.

Um síðara atriðið skal þetta sagt:

1. Landakotsskólinn í Reykjavík og aðrir hliðstæðir barnaskólar — þ. e. St. Jósefsskólinn í Hafnarfirði og Aðventistaskólarnir í Reykjavík og Vestmannaeyjum — hafa ekki fengið styrk úr ríkissjóði, hvorki vegna stofnkostnaðar né rekstrar. Ákvæði 53. gr. núgildandi laga um fræðslu barna eru hliðstæð ákvæðum 17. gr. fræðslulaga frá 1926 og 19. gr. fræðslulaga frá 1936. Þessi ákvæði voru sett til þess að tryggja réttindi barna þeirra, er slíka skóla sóttu. Um leið styrkist aðstaða þessara skóla í skólakerfi landsins. Hins vegar mun ekki hafa þótt ástæða til þess að ýta undir stofnun einkaskóla með því að veita þeim styrk af almannafé.

2. Ef börn þau, sem nú sækja áðurgreinda einkaskóla, færu öll í barnaskóla hlutaðeigandi staða, mundi víðast þurfa að fjölga föstum kennurum við barnaskólana þar í hlutfalli við nemendafjöldann, sem við bættist. Og ríkissjóður greiðir mestan hluta af launum fastra kennara. Einkaskólar, sem annast hliðstæða fræðslu og aðrir barnaskólar, létta því undir með sveitarfélögum og ríkissjóði um skólahúsnæði og skólarekstur. Vitanlegt er, að einkaskólar eiga nú í erfiðleikum með að halda áfram starfsemi sinni vegna dýrtíðar o. fl. Það virðist því sanngirnismál, að komið sé til móts við þessa skóla þannig, að heimild verði veitt til þess að greiða laun fastra kennara úr ríkissjóði eftir sömu reglum og gilda um aðra barnaskóla. Um ráðningu þeirra gildi þá hliðstæð ákvæði og um ráðningu kennara við einkaskóla þá, er greinir í 54. gr. núgildandi laga um fræðslu barna.“

Þessi greinargerð stendur enn óhögguð, en frv. var fellt á fyrra þinginu, að því er virðist vegna ótta þingmanna um, að um of yrði ýtt undir einkaskóla, ef frv. næði fram að ganga.

Slíkt er þó fullkominn misskilningur. Margs konar aukakostnaður mundi þrátt fyrir samþykkt þessa frv. lenda á þeim, er einkaskólum halda uppi. Engin hætta er því á, að skólakerfið mundi rofna af þessum sökum eða einkaskólar verða um of algengir. Hitt mundi leiða til meiri fábreytni og ekki verða neinum til góðs, ef einkaskólarnir legðust alveg niður vegna fjárskorts.

Í fyrra fékkst meiri hluti menntamálanefndar neðri deildar ekki til að afgreiða frv. Minni hlutinn, Ragnhildur Helgadóttir og Kjartan J. Jóhannsson, gaf því undir þinglok, hinn 22. maí 1957, út svo hljóðandi sérálit:

„Frv. hefur oft komið til umræðu í nefndinni, og minni hlutinn hefur gert ítrekaðar, en árangurslausar tilraunir til að fá samkomulag við meiri hl. um afgreiðslu málsins. Við undirrituð gefum því út sérnefndarálit, þar eð við teljum, að lögfesting frv. verði skólamálum á Íslandi til mikils gagns, og leggjum eindregið til, að það verði samþykkt."

Vonandi bendir sú staðreynd, að vinstri flokkarnir snerust þó ekki beint á móti málinu á síðasta þingi eins og á því næsta þar á undan, til þess, að þeir séu nú að átta sig á því, að hér er um þjóðnytjamál að ræða. Frv. er því enn flutt í trausti þess, að það fái nú greiðan framgang.

Sþ. 94. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um endurskoðun á ákvæðum um barnalífeyri.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Jóhanna Egilsdóttir, Adda Bára Sigfúsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á ákvæðum laga um almannatryggingar frá 28. marz 1956 um upphæð og greiðslu barnalífeyris. Einkum sé athugað, hvort unnt sé:

1. að greiða lífeyri með barni látinnar móður á sama hátt og nú er gert með barni látins föður,
2. að heimila að greiða tvöfaldan barnalífeyri vegna munaðarlausra barna,
3. að hækka grunnupphæð lífeyrisins um allt að 50%.

Greinargerð.

Í núgildandi lagaákvæðum um barnalífeyri er gert ráð fyrir, að barnalífeyrir sé greiddur með barni, ef faðirinn er látinn eða annað hvort foreldranna elli- eða örorkulífeyrisþegi. Með barni látinnar móður er ekki greiddur lífeyrir, nema sérstaklega standi á, og með munaðarlausu barni er heimilt að greiða upphæð, sem er 50% hærri en með barni, sem misst hefur föður sinn. Eðlilegast væri, að ákvæðin um barnalífeyri byggðust á þeirri staðreynd, að báðir foreldrarnir eru jafnábyrgir framfærendur barnsins, og rétt er að líta þannig á, að þau framfæri barnið að hálfu hvort um sig. Sé þetta sjónarmið viðurkennt, á að greiða barnalífeyri með barni, sem misst hefur móður sína, á sama hátt og greitt er með barni, sem misst hefur föður sinn, og með munaðarlausu barni ber að greiða tvöfaldan lífeyri.

Grunnupphæð barnalífeyris er nú 2400 kr. á 1. verðlagssvæði. Með vísitölu eru þetta 376 kr. mánaðarlega, og hljóta allir að sjá, að þessa upphæð er nauðsynlegt að hækka, ef hún á að koma einstæðu foreldri að raunverulegu liði við umönnun barns síns. Grunnupphæð barnalífeyrisins hefur staðið óbreytt, frá því er tryggingalögin frá 1946 voru sett. Aðrar bætur skv. lögunum hafa hins vegar verið hækk-

aðar um 30%. Lágmarkskrafa væri, að barnalífeyrir hækkaði í sama mæli og þessar bætur. Við förum hins vegar fram á, að athugað verði, hvort unnt sé að hækka barnalífeyrinn um 50%, þannig að upphæð hans yrði á mánuði 564 kr. Sú upphæð getur varla á þessum tímum talizt ofætlaður styrkur til að búa betur að þeim borgurum, sem eru á viðkvæmasta skeiði og eiga erfiðastar aðstæður.

Sþ. 95. Breytingartillaga [33. mál]

við brtt. á þskj. 88 [Afnám áfengisveitinga á kostnað ríkisins].

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. töluliður orðist svo:

Aftan við tillögugreinina bætist:

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að draga svo sem verða má úr veizluhöldum og skemmtiferðum á kostnað ríkis og ríkisstofnana. Séu um þetta settar fastar reglur, er ráðherrum og forstöðumönnum ríkisstofnana sé óheimilt að víkja frá.

Ed. 96. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Við 89. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1958.

Sþ. 97. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs.

(Lögð fyrir Alþingi á 77. löggafarþingi, 1957.)

Alþingi ályktar að samþykkja starfsreglur Norðurlandaráðs, þær sem prentaðar eru hér á eftir sem fylgiskjal með ályktun þessari, og koma þær í stað starfsreglna þeirra, er samþykktar voru með þingsályktunum 10. des. 1952 og 2. des. 1955.

Fylgiskjal.

Starfsreglur Norðurlandaráðs.

1. gr.

Norðurlandaráð er vettvangur fyrir þjóðþing Dana, ríkisþing Finna, Alþingi Íslendinga, stórþing Norðmanna og ríkisþing Svía og ríkisstjórnir þessara landa til þess að ráðgast um þau málefni, er varða samvinnu milli þessara landa eða einhverra þeirra.

2. gr.

Ráðið er skipað 69 kjörnum fulltrúum svo og fulltrúum ríkisstjórnanna.

Til þess tíma og með þeim hætti, sem ákveðið verður í hverju landi, kýs þjóðþing Dana, ríkisþing Finna, stórþing Norðmanna og ríkisþing Svía hvert um sig

úr hópi þingmanna 16 fulltrúa í ráðið ásamt nægilegri tölu varamanna, og Alþingi Íslendinga úr hópi alþingismanna 5 fulltrúa í ráðið ásamt nægilegri tölu varamanna. Í deild hvers lands, þeirri sem kjörin er, skulu vera fulltrúar fyrir mismunandi stjórnmálastefnur.

Hver ríkisstjórn velur úr sínum hópi stjórnarfulltrúa, svo marga sem hún óskar.

3. gr.

Fulltrúar ríkisstjórnanna eiga ekki atkvæðisrétt í ráðinu.

4. gr.

Ráðið kemur saman einu sinni á ári á þeim tíma, sem það ákveður (aðalþing). Auk þess kemur ráðið saman, þegar það ákveður sjálft, eða þegar eigi færri en tvær ríkisstjórnir eða eigi færri en 25 kjörnir fulltrúar óska þess (aukaþing). Aðalþing skal háð í einhverri höfuðborg landanna, eftir því sem ráðið ákveður.

5. gr.

Ráðið kýs fyrir hvert aðalþing og fyrir tímabilið til næsta aðalþings úr hópi hinna kjörnu fulltrúa forseta og 4 varaforseta. Forseti og varaforsetar eru stjórnarnefnd ráðsins.

6. gr.

Þingfundir ráðsins eru háðir í heyranda hljóði, nema ráðið ákveði annað vegna sérstaks eðlis einhvers máls.

7. gr.

Til þess að undirbúa málin skal kjósa þingnefndir og aðrar nefndir. Geta þær nefndir einnig komið til funda milli þinga.

Á aðalþingum er hinum kjörnu fulltrúum skipt niður í fastanefndir til þess að undirbúa málin. Fastanefndir geta eftir ákvörðun stjórnarnefndar, þegar sérstaklega stendur á, átt með sér fundi milli þinga.

Kjósa má nefnd til þess að undirbúa tiltekið mál milli þinga.

8. gr.

Deild hvers lands ræður ritara og aðra starfsmenn. Eru þeir í störfum sínum og samvinnu sín í milli háðir leiðsögn stjórnarnefndar.

9. gr.

Sérhver ríkisstjórn og sérhver fulltrúi í ráðinu getur, með því að snúa sér skriflega til stjórnarnefndar, lagt mál fyrir ráðið. Stjórnarnefndin lætur semja þá greinargerð, sem hún telur nauðsynlega, og hún sendir skjöl málsins til ríkisstjórnanna og fulltrúanna með góðum fyrirvara áður en þing er háð.

10. gr.

Ráðið ræðir sameiginleg áhugamál landanna og getur samþykkt ályktanir til ríkisstjórnanna. Slíkum ályktunum skal fylgja greinargerð um það, hvernig hver fulltrúi hefur greitt atkvæði.

Um málefni, sem einungis varða tiltekin lönd, eiga ekki aðrir atkvæðisrétt en fulltrúar þeirra landa.

11. gr.

Ríkisstjórnirnar skulu tilkynna það ráðinu á hverju aðalþingi þess, hverjar ráðstafanir hafa verið gerðar í tilefni af ályktunum ráðsins.

12. gr.

Ráðið setur sér sjálft þingsköp.

13. gr.

Hvert land ber kostnað af þátttöku sinni í ráðinu.
Ráðið ákveður, hvernig sameiginlegum kostnaði skuli jafnað niður.

Starfsreglur þessar öðlast gildi 1. janúar 1958.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á 5. þingi Norðurlandaráðs, sem háð var í Helsingfors í febrúarmánuði 1957, var samþykkt ályktun um að mæla með því við ríkisstjórnir Norðurlanda, að þær legðu fyrir löggjafarþing landanna til samþykktar frumvarp til nýrra starfsreglna ráðsins, en frumvarp þetta hafði stjórnarnefnd ráðsins undirbúið, og samþykkti ráðsþingið það með litlum breytingum, sem laganefnd þingsins lagði til. Er frv. þetta nú lagt fyrir Alþingi eins og það var að lokum samþykkt á ráðsþinginu. Um þessar mundir er einnig verið að leggja frv. fyrir löggjafarþing hinna aðildarríkjanna, og er svo til ætlazt, að hinar nýju starfsreglur öðlist gildi 1. jan. 1958.

Breytingar þær á núgildandi starfsreglum, sem í frv. felast, varða mestmegnis ýmis formsatriði, samræmingu texta á Norðurlandamálum, eða með þeim er ætlað að gera sum ákvæði í reglunum skýrari. Nokkrar minni háttar efnisbreytingar hefur þó þótt rétt að gera að fenginni reynslu af starfsemi ráðsins til þessa.

Um 1. gr.

Hér er aðeins um að ræða orðabreytingu í norska og sænska textanum til samræmis íslenzka og danska textanum, sem haldast óbreyttir.

Um 2. gr.

Greinin felur aðallega í sér eðlilegri skipun efnisins. Ákveðið er, að Alþingi skuli eiga varafulltrúa í ráðinu. Bein ákvæði um það höfðu fallið niður í núgildandi reglum, en varamenn þó verið kjörnir hér, eins og kunnugt er.

Um 3. gr.

Í núgildandi reglum er svo ákveðið, að stjórnarfulltrúar skuli ekki taka þátt í ályktunum ráðsins. Hér er kveðið svo á, að þeir skuli yfirleitt ekki eiga atkvæðisrétt í ráðinu.

Um 4. gr.

Þar eru þessar efnisbreytingar gerðar:

1. Tala þeirra kjörnu fulltrúa, er krafizt geta aukaþings, er hækkuð úr 20 í 25. Er svo lagt til vegna fjölgunar fulltrúa í ráðinu úr 53 í 69 með inngöngu Finnlands.
2. Lagt er til, að ákvæðið um, að þingin skuli háð í einhverri höfuðborg landanna, skuli aðeins taka til aðalþinga, því að svo geti staðið á, að hagkvæmt þyki að heyja aukaþing annars staðar.

Í íslenzka textanum hefur orðunum „aðalfundur“ og „aukafundur“ verið breytt í aðalþing og aukaþing. Þykir fara betur á að nefna samkomuna þing til aðgreiningar frá fundum, sem háðir eru innan þess.

Um 5. gr.

Þar er kveðið svo á, að forsetar og varaforsetar skuli kosnir úr hópi hinna kjörnu fulltrúa. Hefur svo verið í framkvæmd til þessa. Enn fremur er lagt til, að kjörtími þeirra skuli vera frá og með aðalþingi til næsta aðalþings, en ekki skuli kjör fara fram að nýju, þótt aukaþing sé háð.

Um 6. gr.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 7. gr.

Aðalbreytingin, sem í grein þessari felst, er sú að leggja til, að fastanefndir þingsins, sem kosnar skuli aðeins á aðalþingum, geti eftir ákvörðun stjórnarnefndar, þegar sérstaklega standi á, komið saman milli þinga. Áður var slíkt samkvæmt orðanna hljóðan háð ákvörðun ráðsins. Einnig er skýrt kveðið á um, að ráðið megi kjósa sérstakar milliþinganefndir, eins og þegar hefur tíðkazt. Í laganefndinni var gert ráð fyrir þeirri aðalreglu, að í slíkar nefndir veljist fulltrúar og aðalfulltrúar í ráðinu. Ekki eru þó bein ákvæði um það í greininni, og var í því efni einkum tekið tillit til íslenzkra aðstæðna, því að bent var á það af hálfu íslenzku fulltrúanna, að stundum geti orðið vandkvæði á því, að ráðsfulltrúar héðan eigi heimangengt til þess að sækja slíka nefndarfundi, enda hefur þegar svo til borið, að setið hafa milliþinganefndarfundi af Íslands hálfu menn, sem ekki eiga sæti í ráðinu.

Um 8. gr.

Felur ekki í sér efnisbreytingu.

Um 9. gr.

Í samræmi við þá venju, sem á hefur komizt, er kveðið skýrar á um það, hvern hátt skuli á hafa, þá er ríkisstjórn eða fulltrúi í ráðinu leggur mál fyrir það. Einnig er þar lagt til, að skjöl málsins skuli send ríkisstjórnunum með góðum fyrirvara áður en ráðsþing er háð. Í núgildandi reglum er aðeins ákveðið, að þau skuli send fulltrúunum.

Um 10. gr.

Leiðrétt er ósamræmi við ákvæði 1. gr. um verkefni ráðsins og hér aðeins kveðið á um, að starfsemi ráðsins sé fólgin í umræðum og ályktunum. Felldur er niður 3. málsl. um, að ráðið ákveði skipulag sitt og verkefni starfsliðs. Er ákvæðið álitið óþarft og efni þess talið felast í ákvæðum 12. gr., um að ráðið setji sér sjálft þingsköp.

Um 11. gr.

Felur ekki í sér efnisbreytingu.

Um 12. gr.

Óbreytt að efni til. Orðinu „fundarsköp“ í íslenzka textanum er breytt í þingsköp.

Um 13. gr.

Í núgildandi reglum er svo ákveðið, að hvert land skuli bera kostnaðinn af fulltrúum sínum og starfsliði og auk þess sérstakan kostnað vegna funda, sem haldnir eru í því landi. Þessi upptalning þótti ekki tæmandi, því að til greina kemur einnig kostnaður af nefndarmönnum og sérfræðingum, sem hvorki eiga sæti í ráðinu né eiga undir starfslið þess. Var talið réttara að kveða svo á í greininni, að hvert land skuli bera kostnaðinn af þátttöku sinni í ráðinu, hverju nafni sem nefndist, og halda jafnframt óbreyttu ákvæðinu um, að ráðið ákveði, hvernig sameiginlegum kostnaði skuli jafnað niður.

Nd. 98. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það nái fram að ganga eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 21. nóv. 1957.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson, frsm.
Jón Pálmason. Gunnar Jóhannsson.

Sþ. 99. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um menntaskólasetur í Skálholti.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga, hvern kostnað muni leiða af því að flytja menntaskólann á Laugarvatni að Skálholti, og skýra Alþingi frá árangri athugunarinnar.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrædd. Hver sem niðurstaða þeirra rannsókna, sem hér er gerð tillaga um, kann að verða, geta menn vonandi fallizt á, að rétt sé, að málið verði rannsakað. Í því skyni er málið flutt nú að nýju, og nægir að öðru leyti að vísa til greinargerðar till. á síðasta þingi, en hún hljóðaði svo:

„Menntaskólinn á Laugarvatni hefur að ýmsu leyti reynzt þar illa settur. Húsakynni eru óhentug og erfitt úr að bæta nema með gífurlegum kostnaði. Sambýli skólanna á Laugarvatni hefur og ekki að öllu leyti verið heppilegt. Þann húsakost, sem nú er ætlaður menntaskólanum, má vafalítið jafnvel nýta fyrir aðra skóla á Laugarvatni, sem ella þarf að byggja yfir.

Í Skálholti mundi aftur á móti unnt að byggja upp skólasetur eingöngu með þarfir menntaskólans fyrir augum. Þar mundi skólinn eiga hlut að því að tengja samtíð og framtíð fortíð þjóðarinnar og verða ungum mönnum mjög æskilegur dvalarstaður."

Ed. 100. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946 um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi 1957.)

1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar í fyrstu notkun á árunum 1957, 1958 og 1959. Enn fremur skal heimildin gilda um farþega- og vöruflutningaflug-

vélar, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1957—1959. Öll önnur ákvæði framangreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 44 frá 1954 um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946 um sérstakar fyrningarafskriftir, taka aðeins til tækja, er tekin voru í notkun á árinu 1956 eða fyrr. Með frumvarpi þessu er lagt til, að ákvæði áðurgreindra laga verði látin gilda fyrir árin 1957, 1958 og 1959.

Nd. 101. Frumvarp til umferðarlaga. [18. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 22 með þessum breytingum:

20. gr. hljóðar svo:

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum, eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafizt er, og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá eftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Heimilt er lögreglustjóra að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum rétthöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal þá því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

23. gr. hljóðar svo:

Erlend ökutæki, sem nota má hér á landi um stundarsakir samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, skulu fullnægja ákvæðum 5.—10. gr. Ökutæki, sem eru skráningarskyld samkvæmt 11. gr., má nota án skráningar hér á landi, ef þau eru löglega skráð í heimalandi, enda sé á þeim þjóðernismerki, auk skráningarmerkis, sbr. þó 3. mgr.

Í reglugerð skal kveðið á um eftirlit með erlendum ökutækjum, hve lengi þau mega vera hér á landi, tilkynningu þeirra og skráningu.

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða afhenda honum skráningarmerki þess innan hálfs mánaðar, eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálfs mánaðar.

50. gr. hljóðar svo:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km á klukkustund.

Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3.5 smálestir eða meira að heildarþyngd, má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- eða festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

89. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1958.

Ed. 102. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess án breytinga. Einn nm. (GTh) var fjarstaddur, er málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 26. nóvember 1957.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson.
Jóhanna Egilsdóttir.

Ed. 103. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og leggur til einróma, að það verði samþykkt óbreytt. — GTh var ekki við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóvember 1957.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr. Jóh. Þ. Jósefsson, frsm.
Jóhanna Egilsdóttir.

Sþ. 104. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um heymjölsverksmiðju.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á því, hvort æskilegt er, að komið verði upp heymjölsverksmiðju með það fyrir augum að draga úr notkun á innfluttu kjarnfóðri. Einnig skal athugun sú, sem fram fer, leiða í ljós, hvar rekstrarskilyrði eru hagkvæmust fyrir verksmiðjuna.

Greinargerð.

Árlega er miklum gjaldeyri varið til kaupa á innfluttu kjarnfóðri. Þótt rækta mætti fóðurkorn í landinu, er víst, að það verður ekki almennt gert í náinni framtíð. Til þess að það mætti verða, þyrftu bændur að hafa meiri vinnukraft en nú gerist. Landbúnaðurinn mun því framvegis nota erlent kjarnfóður, eftir því sem föng eru á.

Líklegt má telja, að með því að koma upp heymjölsverksmiðju á heppilegum stað, mætti draga úr innflutningi á erlendu kjarnfóðri og spara á þann hátt erlendan gjaldeyri. Í fóðurblöndu fyrir mjólkurkýr má nota allt að ⅓ heymjöl. Er talið, að slík blanda sé ekki verri en það fóður, sem venjulega er notað. Fyrir annan búpening en mjólkurkýr væri ekki þörf á erlendu kjarnfóðri, ef heymjöl væri fyrir hendi.

Af þessu er augljóst, að heymjölsverksmiðja getur orðið mikið þjóðþrifafyrirtæki, ef rétt er að öllu farið frá byrjun. Verksmiðjuna verður að byggja þar, sem landrými er mikið og þar sem grasrækt er auðveld og ódýr. Mál þetta hefur verið rætt við Pál Sveinsson sandgræðslustjóra, og hefur hann bent á, að hvergi væri betri aðstaða en á Rangársöndum, sem nú er verið að rækta upp og gera að graslendi.

Það land, sem Sandgræðsla ríkisins hefur til umráða á Rangársöndum, mun vera um 6000 hektara landflæmi. Ef gert er ráð fyrir, að 3 tn. af heymjöli fáist af ha., fengist alls af þessu landi 18 þúsund tonn. Stærð verksmiðjunnar ætti að miða við, að hún gæti unnið úr því grasi, sem af þessu landi fengist.

Ekki er fyllilega ljóst, hver stofnkostnaður slíkrar verksmiðju er. En fullyrða má, að hann mun ekki nálgast hálft togaraverð. Nauðsynlegt er að gera nú þegar byrjunarráðstafanir með því að fela sérfróðum mönnum fullnaðarrannsókn á því, hvort þær björtu vonir, sem ýmsir tengja við heymjölsverksmiðju hér á landi, hafi við rök að styðjast. Leiði rannsóknin í ljós, að svo er, ber að gera ráðstafanir til þess, að framkvæmdir geti hafizt sem allra fyrst.

Sþ. 105. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefjast þegar handa um starfrækslu uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur.

Greinargerð.

Um nokkurra ára skeið hefur verið starfrækt vistheimili fyrir drengi að Breiðavík í Barðastrandarsýslu. Árangur af því starfi hefur verið mjög mikill — aðeins 1 drengur af 28, sem þaðan hafa komið, hefur að ráði lent út á afbrotabraut að nýju.

Nú háir það mjög starfi þeirra, sem við ungmennavernd fást, að ekki skuli vera til annað slíkt vistheimili fyrir stúlkur. Í skýrslu barnaverndarnefndar segir m. a. svo: „Mjög erfiðlega hefur gengið að finna nægilega mörg og góð sveitaheimili, sem vilja taka við til langdvalar unglingum, sem lent hafa í afbrotum, og síðan hafa heimilin ekki getað ráðið við marga hinna erfiðari unglinga. Hafa slíkir unglingar oft verið á 3—4 stöðum á ári, og má nærri geta, að uppeldisáhrifin bregðast til beggja vona.“

Barnaverndarnefnd og kvenlögreglan fá nú aftur og aftur til meðferðar mál ýmissa telpna, sem ógerlegt er að hjálpa, nema til sé fyrir þær vistheimili.

Síðastliðin 10 ár hefur ríkisstjórninni verið skylt lögum samkvæmt að stofna og reka slíkan uppeldisskóla, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum. Hinn 4. apríl

1955 var gerð svo hljóðandi breyting á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 29 1947: „Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur. Ríkisstjórninni er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera fyrir vistheimilið, og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er heimilt að taka til þessara nota húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir."

Á síðasta Alþingi felldu þingmenn stjórnarflokkanna tillögu um fjárveitingu til uppeldisheimilis fyrir ungar stúlkur, en samþykkt var hins vegar heimild til kaupa á landi til að reisa þar uppeldisskólann. Þótt ekkert fé væri veitt til framkvæmda eða rekstrar, má líta á þessa heimildargrein sem almenna viljayfirlýsingu Alþingis um, að veitt verði fé til uppeldisskóla fyrir stúlkur sem fyrst. Nú hefur ríkisstjórnin látið undir höfuð leggjast að nota þessa heimild, svo aðkallandi sem þetta mál er og hefur lengi verið.

Í samræmi við breytingu þá á lögum nr. 29/1947, sem áður var getið, fól fyrrverandi menntamálaráðherra stjórnarnefnd vistheimilisins í Breiðavík að athuga um undirbúning að stofnun vistheimilis fyrir stúlkur og gera tillögur um hentugt húsnæði og annað, er að málinu lýtur. Nefndin skilaði ýtarlegri skýrslu með tillögum um staðarval síðari hluta ársins 1955, og Gísli Jónsson, formaður nefndarinnar, lagði einnig tillögur fyrir fjárveitinganefnd, byggðar á rannsóknum þessarar nefndar.

Nú mætti ætla, að landkaupaheimildin frá í fyrra hefði verið notuð í samræmi við niðurstöður þessarar nefndar. Svo er þó því miður ekki. Nú eru 8 mánuðir liðnir frá því að fjárlög voru afgreidd. Um þessar mundir er á döfinni ný nefndarskipun. Eftir þann drátt, sem orðinn er á framkvæmd þessa máls, og það undirbúningsstarf, sem þegar hefur verið unnið, er ástæða til að óttast, að störf einnar nefndar enn verði fremur til að draga það á langinn en vinda því fram. Þess vegna og vegna þess, að málið hefur þegar beðið lengur en þolanlegt er, er eindregið lagt til, að nú þegar verði hafizt handa í samræmi við athuganir þær, sem þegar liggja fyrir í málinu.

Fylgiskjal.

Starfslið kvenlögreglunnar hefur verið á þessu ári: Janúarmánuð vorum við tvær, en þar til 12. október aðeins ein.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 23. nóvember 1957 hefur kvenlögreglan haft meiri eða minni afskipti af 88 stúlkum á aldrinum frá 10 ára til 20 ára. Af þeim er enn þá undir stöðugu eftirliti 21 stúlka. Það verður þó ekki sagt, að allar þessar 67 stúlkur séu komnar burt frá óreglunni, heldur fara þær duldara með lifnaðarhætti sína, en þar sem starfslið kvenlögreglunnar er ekki fleira, er ekki hægt að hafa áframhaldandi eftirlit með þeim, eins og nauðsynlegt er, til þess að þessar stúlkur verði ekki áframhaldandi vandræðamanneskjur. (Ef heimili væri til fyrir stúlkur, mundi rætast mjög mikið úr þeim vandræðum.)

Þó að talan 88 sé miklu meir en nógu há, þá er örugglega hægt að segja, að hún sé ekki nema brot af þeim fjölda telpna og stúlkna, sem á þessu tímabili hafa flækzt um götur bæjarins og gerzt aðalgestir á svokölluðum „sjoppum", að ógleymdum leigubílum bæjarins, því að ein eða tvær lögreglukonur geta ekki haft afskipti af nema takmörkuðum fjölda stúlkna.

Ef heimili væri til fyrir stúlkur, mundu foreldrar halda betur í börn sín og börnin hafa meira aðhald. Slíkt heimili mun fljótlega borga sig fyrir þjóðfélagið, því að flestar þessar stúlkur eru verðandi mæður og eiga eftir að ala upp fleiri tugi og jafnvel hundruð barna.

Reykjavík, 23. nóvember 1957.

Erla Guðjónsdóttir, lögreglukona.

Til frú Ragnhildar Helgadóttur, alþingiskonu.

Sþ. 106. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka og gera tillögur um, hvar og hvernig megi bezt koma á hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulagi í atvinnurekstri Íslendinga og á hvern hátt þing og stjórn geti stuðlað að eflingu slíks fyrirkomulags. Skal ríkisstjórnin hafa samráð við fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda og launþega um þetta undirbúningsstarf, er skal lokið eins fljótt og möguleikar eru á.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á Alþingi fyrir tveimur árum. Fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

Á Alþingi árið 1937 fluttu þeir Jóhann G. Möller og Thor Thors tillögu svipaðs efnis og þá, er hér að ofan greinir. Skyldi samkvæmt henni skipuð 5 manna milliþinganefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga.

Tillaga þessi var samþykkt og nefndin kosin samkvæmt henni. En við það sat. Nefndin hélt aðeins einn fund, og engar tillögur komu frá henni.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, sem nú er flutt, að hér sé um svo merkilegt mál að ræða, að gera beri tilraun til að koma því á frekari rekspöl. Hagsmunaárekstrar gerast nú stöðugt tíðari milli vinnuveitenda og verkalýðs í hinu íslenzka þjóðfélagi. Efnahags- og afkomugrundvöllur þjóðarinnar verður við þessar deilur ótraustari. Engra úrræða má því láta ófreistað til þess að sætta vinnu og fjármagn, koma á friði milli þeirra, sem stjórna atvinnutækjunum, og þeirra, sem vinna við þau. Mjög líklegt verður að telja, að stórt spor væri stigið í þá átt með því að gera verkamennina, sjómennina eða iðnaðarmennina að meðeigendum og meðstjórnendum í atvinnufyrirtækjunum, þar sem því verður við komið. Að því takmarki stefnir þessi tillaga.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi tillögu þeirra Jóhanns G. Möllers og Thors Thors árið 1937, var því skipulagi greinilega lýst, sem hér er um að ræða. Leyfa flutningsmenn þessarar tillögu sér að prenta þann kafla greinargerðar þeirrar upp hér á eftir. En þar var komizt að orði á þessa leið:

„Hér skal atvinnufyrirkomulagi þessu lýst nokkuð. Arðskiptifyrirkomulagið gengur út á það að veita starfsmönnum fyrirtækjanna hlutdeild í arði þeirra. Er það eitt út af fyrir sig mjög þýðingarmikið atriði og mjög til bóta frá því, sem nú er víða. Oft er samfara arðskiptingunni eftirlit og nokkur stjórnarihlutun af hálfu verkamannanna. En hlutdeildarfyrirkomulagið sjálft (co-partnership) miðar að því að veita starfsmönnum fyrirtækjanna áhrifavald í fyrirtækjunum, ekki einungis með þeim hætti að gera þá hluttakandi í arði fyrirtækjanna, heldur með því að gera þá beinlínis að meðeigendum þeirra. Yfirleitt er það stefnumið þeirra manna, sem berjast fyrir þessu máli, að allir verkamenn fyrirtækjanna hafi hluttöku í arði þeirra, eignist hluti í þeim og hafi íhlutun um stjórn þeirra eða eftirlit með henni. Má í sem stytztu máli segja, að grundvallarsetningar þessa fyrirkomulags séu:

1. að verkamennirnir fái auk hinna föstu launa einhvern hluta í arðinum;
2. að þeim gefist kostur á að safna arðhluta sínum, eða einhverjum hluta hans, til þess með honum að eignast hluta í atvinnufyrirtækjunum;
3. að þeir fái hlutdeild í stjórn fyrirtækjanna, annaðhvort með því: a) að eignast hlutafé og verða á þann hátt aðnjótandi réttinda venjulegra hluthafa, eða með því: b) að nefnd verkamanna hvers fyrirtækis hafi íhlutun um rekstur þess.

Eru þetta þær grundvallarsetningar, sem sérstaklega hefur verið byggt á í þessu efni. En fjölbreytni fyrirkomulagsins er svo að segja takmarkalaus, enda hægt að beita því við svo til allar greinar atvinnulífsins. Er fengin í þessum efnum mikil reynsla erlendis.

Það má vera augljóst mál af því, sem nú hefur verið sagt, hver er tilgangurinn með eflingu atvinnurekstrarfyrirkomulags þessa. Og ef kleift er að ná þessum tilgangi, er það auðsætt, að framkvæmd þessa máls er spor í áttina til lausnar eins höfuðvandamáls þjóðfélags vors og kippir fótum undan hinni skefjalausu áróðrarstarfsemi andstæðinga núverandi þjóðskipulags um, að atvinnuveitendur hljóti jafnan að vera andstæðingar, ef ekki fjendur verkamanna. Það er því ekki að ófyrirsynju, að vakin er athygli Alþingis á þessu máli og þess farið á leit, að löggjafarvaldið geri sitt til að efla framdrátt þessa máls með þjóð vorri, enda er það svo, eins og áður er drepið á, að þessari stefnu í atvinnumálum vex nú óðum fylgi. Hafa mörg stærstu og happadrýgstu fyrirtæki heimsins verið rekin á grundvelli þessa fyrirkomulags. En eitt höfuðeinkenni í rekstri þeirra er, að vinnudeilur koma þar aldrei fyrir, og flest eru þau annáluð fyrir snilldarlegan aðbúnað við verkamenn sína. Margir frægustu þjóðhagsfræðingar og heimsfrægir stjórnmálamenn hafa og séð í þessu atvinnurekstrarfyrirkomulagi lausn höfuðvandamála þjóðfélaga nútímans, og telja margir þeirra, að þegar menn taki að skilja hina dýpri merkingu hlutdeildarfyrirkomulagsins, þegar hún verði bæði verkamönnum og vinnuveitendum ljós, muni verða hægt að mynda hlutdeildarrekstur, sem geri launagreiðslur óþarfar nema sem úttekt á reikning. En þó að það sé langt undan landi, að svo verði, er málið þannig vaxið, að ástæða þykir til að athuga, hversu feikna stórt spor til heilbrigðrar þróunar efnahagslífsins væri hægt að stíga með framkvæmd þessa atvinnurekstrarfyrirkomulags."

Nd. 107. Breytingartillaga [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýr tölul., svo hljóðandi:

Fyrir orðin „og Kirkjubæ að Gunnhildargerði" í D. 12 komi: Kirkjubæ og Gunnhildargerði á Hróarstunguveg nyrðri við Geirastaði.

Nd. 108. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 86 22. des. 1956, um útflutningssjóð o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 28. nóv. 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.
Emil Jónsson, fundaskr.
Einar Olgeirsson.
Ólafur Björnsson, með fyrirvara.
Jóhann Hafstein, með fyrirvara.

Nd. 109. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66/1945, um útsvör.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frumvarpinu.

Alþingi, 28. nóv. 1957.

Skúli Guðmundsson, form. Emil Jónsson, fundaskr., frsm. Einar Olgeirsson.
Ólafur Björnsson. Jóhann Hafstein. með fyrirvara.

Nd. 110. Lög [39. mál]

um breyting á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

(Afgreidd frá Nd. 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 59.

Ed. 111. Frumvarp til farsóttalaga. [66. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við farsóttum og hvers konar næmum sjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig eða aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er og þýðingu hefur.

Læknum og þeim, sem með lækningar fara, svo og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum, er sérstaklega skylt, hverjum í sínum verkahring, að vekja athygli á sýkingarhættum og gefa ráð og leiðbeiningar hér að lútandi.

Skylt er hlutaðeigendum jafnan að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar, viðurkenndar og venjulegar ráðstafanir til varnar gegn sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi, er hann hefur til meðferðar.

2. gr.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir, eins og annars staðar, þar sem vikið er að héraðslæknum í lögum þessum) skulu, hver í sínu héraði, undir umsjá landlæknis og yfirstjórn ráðherra, hafa með höndum opinberar farsóttavarnir samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Ráðherra birtir í farsóttareglugerð almenn fyrirmæli um tilhögun og framkvæmd opinberra farsóttavarna.

Þegar svo ber við í einstökum tilfellum, að hlutaðeigandi héraðslækni verður um megn að inna af hendi þær skyldur, sem honum eru lagðar á herðar samkvæmt ákvæðum laga þessara, skipar ráðherra einn eða fleiri lækna héraðslækninum til aðstoðar.

Skylt er sýslumönnum, bæjarfógetum (lögreglustjórum), hreppstjórum, svo og sveitarstjórnum og heilbrigðisnefndum, ef til eru, að aðstoða héraðslækna við framkvæmd opinberra farsóttavarna samkvæmt ákvæðum laga þessara.

3. gr.

Ætíð skal beita opinberum vörnum samkvæmt ákvæðum farsóttareglugerðar gegn útbreiðslu sóttvarnarsótta, sem eru (sbr. 1. gr. sóttvarnarlaga nr. 34 12. apríl 1954 og 1. gr. sóttvarnarreglugerðar nr. 112 27. ágúst 1954):

1. bólusótt (variola);
2. dílasótt (typhus exanthematicus);
3. kólera (cholera asiatica);
4. rykkjasótt (febris recurrens);
5. svarti dauði (pestis).

Verði breyting gerð á ákvæðum sóttvarnarreglugerðar um það, hverjar sóttir skuli teljast sóttvarnarsóttir, tekur sú breyting einnig til ákvæða laga þessara þar að lútandi.

Ráðherra getur fyrirskipað, að opinberum vörnum samkvæmt ákvæðum farsóttareglugerðar skuli og beita að meira eða minna leyti gegn öðrum sóttum en sóttvarnarsóttum, svo sem barnaveiki, blóðsótt, taugaveiki, heilasótt, mislingum, hettusótt, mænusótt, skarlatssótt og kikhósta, þegar þessar eða þvílíkar sóttir eru skæðar, þegar líklegt þykir, að hefta megi hættulega útbreiðslu þeirra með opinberum vörnum, en ekki án slíkra varna, eða þegar öðrum sérstaklega knýjandi ástæðum er til að dreifa.

4. gr.

Í hvert sinn er sóttvarnarsótt (sbr. 1. málsgr. 3. greinar) kemur upp, skal hlutaðeigandi héraðslæknir þegar í stað taka upp opinberar varnir gegn sóttinni samkvæmt ákvæðum farsóttareglugerðar, en gera landlækni það jafnskjótt kunnugt.

Telji héraðslæknir nauðsyn til bera að beita opinberum vörnum samkvæmt ákvæðum farsóttareglugerðar að meira eða minna leyti gegn öðrum sóttum (sbr. 3. málsgr. 3. greinar), ber hann málið undir landlækni og bíður fyrirmæla ráðherra. Ef héraðslæknir telur svo aðkallandi að beita slíkum vörnum að meira eða minna leyti, að hvers konar töf sé hættuleg, er honum heimilt að gera það til bráðabirgða, án þess að leita heimildar fyrirfram, en gera skal hann landlækni jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Um sóttvarnir gegn útlöndum, um varnir gegn berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómum, fýlasótt, miltisbrandi, sullaveiki og öðrum alidýrasjúkdómum og um ónæmisaðgerðir fer jafnframt eftir sérstökum lögum.

5. gr.

Nú hafa verið teknar upp opinberar varnir samkvæmt ákvæðum farsóttareglugerðar gegn einhverri sótt, og kveður þá ráðherra nánar á um, hverjar ráðstafanir skuli gerðar til að hefta útbreiðslu sóttarinnar. Þegar þau fyrirmæli hafa verið lögð fyrir hlutaðeigandi héraðslækni, hagar hann vörnunum samkvæmt þeim, þangað til öðru vísi verður fyrir mælt af ráðherra. Ef héraðslæknir telur nauðsynlegar breytingar á tilhögun eða framkvæmd varnanna, leggur hann tillögur sínar þar að lútandi fyrir landlækni og bíður úrskurðar ráðherra. Ef héraðslæknir telur breytingarnar svo aðkallandi, að hvers konar töf sé hættuleg, er honum heimilt að framkvæma þær til bráðabirgða, enda séu varnirnar eftir sem áður í samræmi við ákvæði farsóttareglugerðar, en gera skal hann landlækni jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

6. gr.

Þegar ástæða er til að ætla, að maður hafi dáið úr einhverri þeirri sótt, sem annaðhvort er skylt eða nauðsynlegt að beita opinberum vörnum gegn samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða hinn dáni er grunaður um að vera smitberi einhverrar þeirrar sóttar, getur hlutaðeigandi lögreglustjóri lagt fyrir, að rannsaka skuli hluta af líkinu eða jafnvel kryfja það, ef þörf er á til þess, að ákveðið verði, hvort opinberum farsóttavörnum skuli beitt.

Ráðherra birtir reglur um meðferð og umbúnað líka, sem flutt eru á milli staða hér á landi eða út úr landinu.

7. gr.

Eigi má nota farþegaskip, farþegabifreiðar, farþegaloftför eða önnur samsvarandi fólksflutningatæki til að flytja sjúkling, sem haldinn er sótt þeirri eða er smitberi þeirrar sóttar, sem skylt er að beita opinberum vörnum gegn eða opinberum vörnum er beitt gegn, nema fylgt sé öllum fyrirmælum hlutaðeigandi héraðslæknis um flutning slíks sjúklings eða smitbera.

Ákvæði þessarar greinar taka jafnan til barnaveiki, taugaveiki, heilasóttar og skarlatssóttar, þó að opinberum vörnum sé ekki beitt gegn útbreiðslu þeirra.

8. gr.

Nú kemur sjúkdómur upp á heimili, eða yfirvofandi er, að hann komi upp á heimili, og auðsætt þykir eða líklegt, að verið hafi eða sé sóttvarnarsótt (sbr. 1. málsgr. 3. greinar) eða einhver þeirra sótta, sem taldar eru í 3. málsgr. 3. greinar, eða vitað er eða grunsamlegt, að heimilismaður sé smitberi einhverrar þeirrar sóttar, og skal þá húsráðanda skylt að skýra lækni sínum þegar frá því. Ef læknirinn er ekki hlutaðeigandi héraðslæknir og fellst á, að um slíka sótt eða smitburð geti verið að ræða, gerir hann héraðslækninum við vart. Húsráðanda, sem er fjarri lækni, er og heimilt, ef hann kýs það heldur, að gera hreppstjóra eða hreppsnefndarmanni í hreppi sínum kunnugt um sjúklinginn (smitberann), en hreppstjóri (hreppsnefndarmaður) skal þá jafnskjótt gera hlutaðeigandi héraðslækni við vart. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn þeir, er hafa húsnæði eða náttstað á heimili um stundarsakir, svo og þeir, sem þar eru í fæði. Nú kemur slíkur sjúkdómur, sem hér um ræðir, eða smitburður, upp meðal þeirra, sem eru í nauðungarvist á einhverjum stað eða í sjúkrahúsi, elliheimili, barnahæli, heimavistarskóla eða þvílíkri stofnun, og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn upp á skipi eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal skipstjóri eða formaður skýra frá því.

Starfandi læknum er sérstaklega skylt að hafa vakandi auga á sóttum, er ástæða gæti verið til að beita opinberum vörnum gegn, og gera hlutaðeigandi héraðslækni jafnskjótt kunnugt, ef þeir verða slíkrar sóttar varir.

Viti einhver til þess, að vanrækt hafi verið að gera héraðslækni kunnugt um sjúkdóm eða smitburð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan segir.

Þurfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður að takast ferð á hendur til að fullnægja fyrirmælum greinar þessarar, fær hann kostnaðinn endurgreiddan úr sveitarsjóði eftir reikningi, er hlutaðeigandi hreppsnefnd samþykkir.

9. gr.

Nú er eigi unnt að hafa sjúkling eða smitbera svo afskekktan á heimili sínu, að ekki sé hætt við útbreiðslu sóttnæmis, og er þá hlutaðeigandi héraðslækni heimilt, í samræmi við ákvæði 3.—5. greinar, að láta flytja sjúklinginn (smitberann) í sjúkrahús eða eitthvert annað hús, sem til þess er hentugt og hægt er að fá. Er sjúklingi (smitbera) skylt að vera þar, þangað til hættulaust er að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda sé honum látin þar í té hæfileg læknishjálp og aðhjúkrun. Heimilt er og að fara eins að, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstilfelli eða smitburð. Við flutning sjúklingsins (smitberans) skal þess gætt, að svo vel fari um hann sem unnt er, án þess að hætt sé við sóttnæmisútbreiðslu.

10. gr.

Ef sjúklingur eða smitberi er ekki fluttur af heimili sínu, getur hlutaðeigandi lögreglustjóri eða hreppstjóri eftir fyrirmælum hlutaðeigandi héraðslæknis, í samræmi við ákvæði 3.—5. greinar, takmarkað samgöngur milli heimilis hans (húss eða

bæjar) og annarra heimila eða bannað með öllu utanheimilismönnum að koma á heimilið og einnig heimamönnum að fara á annarra manna heimili. Þegar samgöngur eru takmarkaðar, skal, ef þörf krefur, setja mann af öðru heimili til að líta daglega eftir hinu sýkta heimili og annast nauðsynlega aðflutninga, en skylt er að gera það, ef samgöngur eru með öllu bannaðar. Banna má og að flytja af sýktu heimili muni og matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir.

Á sama hátt getur hlutaðeigandi héraðslæknir takmarkað eða bannað sölu varnings, sem sótthætta getur stafað af, einnig verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, enn fremur veitingar á gistihúsum og veitingastöðum.

Matvælakaupmenn, matsalar, veitingamenn, brauðsalar og einkum mjólkursalar eru skyldir til, ef krafizt er vegna framkvæmda í samræmi við ákvæði laga þessara, að láta í té skrá yfir viðskiptamenn sína, að svo miklu leyti sem þeir eru þeim kunnir. Einnig eru skyldir til að gefa sig fram menn, sem viðskipti hafa átt við slíkan tilgreindan kaupmann, útsölumann eða veitingamann, ef hlutaðeigandi héraðslæknir krefst þess með auglýsingu.

11. gr.

Nú hefur sótt, sem opinberum vörnum er beitt gegn, gert vart við sig á heimili, þar sem eru börn eða aðrir nemendur, sem ganga í skóla, eða smitberi slíkrar sóttar hefst þar við, og má þá nemandi ekki sækja skóla, fyrr en ekki er hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá honum, að áliti héraðslæknis eða samkvæmt úrskurði ráðherra. Þessa skal og jafnan gætt um barnaveiki, taugaveiki, heilasótt, mænusótt og skarlatssótt, þó að opinberum vörnum sé ekki beitt gegn þeim, og um farsóttir yfirleitt, nema þær séu svo útbreiddar orðnar, að ekki teljist svara tilgangi. Um skólakennara gildir sama að þessu leyti og nemendur.

12. gr.

Í byggðarlagi, þar sem sótt gengur, sem opinberum vörnum er beitt gegn, svo og í nærsveitum, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri, eftir fyrirmælum héraðslæknis í samræmi við ákvæði 3.—5. greinar, skipað, að loka skuli skólum, jafnt almennum skólum sem einkaskólum, bannað almenna mannfundi og opinberar skemmtisamkomur (kvikmyndasýningar, leiksýningar, samsöngva, dansleiki, hlutaveltur o. s. frv.), aðrar samkomur (brúðkaupsveizlur, innanfélagsskemmtanir o. s. frv.), þar sem margir koma saman í sama húsi, svo og messugerðir og líkfylgdir. Á sama hátt getur lögreglustjóri eða hreppstjóri lokað verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, enn fremur gistihúsum og veitingastöðum.

13. gr.

Þegar mjög mikil hætta vofir yfir, getur hlutaðeigandi lögreglustjóri, eftir fyrirmælum hlutaðeigandi héraðslæknis í samræmi við ákvæði 3.—5. greinar, skipað, að afkvía skuli sýktan kaupstað, kauptún, sveit, eða hluta þeirra, svo og önnur stór svæði, og skal lögreglustjóri þá annast nauðsynlegar ráðstafanir til að halda uppi slíku samgöngubanni.

Nú óskar bæjarstjórn þess, sýslunefnd eða hreppsnefnd, fyrir hönd kaupstaðar, sýslu eða hrepps, að afkvía kaupstaðinn, sýsluna eða hreppinn, eða hluta þeirra, til þess að ekki berist þangað hættuleg farsótt, og getur þá ráðherra, ef gild ástæða þykir til, heimilað afkvíunina og falið hlutaðeigandi lögreglustjóra framkvæmdirnar í samráði við hlutaðeigandi héraðslækni. Kostnaður af slíkri afkvíun greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sýslusjóði.

14. gr.

Nú hefur verið beitt opinberum vörnum gegn sóttnæmisútbreiðslu frá grunuðum taugaveikissmitbera eða öðrum grunuðum smitbera, og á hinn grunaði smitberi þá kröfu á, að hann verði rannsakaður til hlítar og úr því skorið, ef unnt er,

hvort grunurinn er á rökum reistur. Á sama hátt á taugaveikissmitberi eða annar smitberi, sem opinberum vörnum hefur verið beitt gegn, kröfu á að fá þá læknishjálp, sem til þess þarf, að hann verði, ef unnt er, losaður við smitburðinn.

Ráðherra er heimilt að semja um að veita viðvarandi taugaveikissmitbera eða aðstandendum slíks smitbera, og eins þó að einungis sé um að ræða grun, sem ekki verður hnekkt, styrk úr ríkissjóði um lengri eða skemmri tíma, gegn því að smitberanum verði tryggilega ráðstafað, svo að sýkingarhætta stafi ekki af honum.

15. gr.

Skylt er mönnum að þola, að fram fari sótthreinsun á sjálfum þeim og skylduliði þeirra, búslóð, húsum og bæjum, einnig á skipum og öðrum farartækjum, svo og á lausum munum, þar er verið hefur einhver af sóttum þeim, sem nefndar eru í 1. og 3. málsgr. 3. greinar, eða smitberar slíkra sótta, og þá endranær, er héraðslæknir fyrirskipar sótthreinsun í samræmi við ákvæði laga þessara.

Sé miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að sótthreinsa lausa muni, má láta brenna þá eða eyða þeim á annan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda.

Að jafnaði annast hlutaðeigendur sjálfir sótthreinsun heimila sinna og annarra húseigna, skipa og annarra tækja samkvæmt fyrirsögn og leiðbeiningum hlutaðeigandi héraðslæknis eða heilbrigðisfulltrúa fyrir hans hönd og ætíð, þegar ekki er um annað að ræða en almenna hreingerningu húss (skips, farartækis) og muna, málningu (kölkun) eða veggfóðrun herbergja, böðun fólks, fataþvott og þess háttar, og eins þó að fyrirskipað sé að nota við hreingerningu og þvott venjuleg sótthreinsunarlyf.

Þegar mikið liggur við, svo sem þegar um er að ræða sótthreinsun vegna sóttvarnarsóttar (sbr. 1. málsgr. 3. greinar), skipar héraðslæknir í samráði við landlækni sérfróðan sótthreinsunarmann til að annast einstakar sótthreinsanir.

Ef sveitarstjórn telur henta að hafa á að skipa föstum sótthreinsunarmanni, er hlutaðeigandi lögreglustjóra heimilt að löggilda til sótthreinsunarstarfa í hlutaðeigandi sveitarfélagi hæfan mann, að dómi hlutaðeigandi héraðslæknis og heilbrigðisnefndar, ef til er.

16. gr.

Ríkissjóður ber kostnað af opinberum farsóttavörnum, þ. e. vörnum gegn sóttvarnarsóttum (sbr. 1. málsgr. 3. greinar) og vörnum, sem ráðherra fyrirskipar sérstaklega samkvæmt ákvæðum 3. málsgreinar 3. greinar, nema fyrir sé mælt, að kostnaðinn skuli greiða úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sýslusjóði (sbr. 4. málsgr. 2. greinar, 4. málsgr. 8. greinar og 2. málsgr. 13. greinar) eða hlutaðeigendur beri hann sjálfir (sbr. 2., 3. og 6.—8. málsgr. þessarar greinar).

Ríkissjóður ber meðal annars kostnað af sótthreinsun, sem héraðslæknir í samráði við landlækni skipar sérstakan sótthreinsunarmann til að annast samkvæmt ákvæðum 4. málsgreinar 15. greinar. Heimilismönnum er þó skylt að annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sótthreinsunina, sem þeir geta af hendi leyst og sótthreinsunarmaður þarf með og heimtar. Þeim er og skylt að leggja til ókeypis heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eftir þörfum.

Kostnað af sótthreinsun, sem héraðslæknir fyrirskipar og framkvæmd er samkvæmt ákvæðum 3. málsgreinar 15. greinar, ber hlutaðeigandi sjálfur og eins, þó að til slíkrar sótthreinsunar sé fenginn löggiltur sótthreinsunarmaður (sbr. 5. málsgr. 15. greinar), nema hlutaðeigandi sveitarsjóður beri kostnaðinn samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Ríkissjóður ber þó jafnan allan kostnað af því, ef héraðslæknir fyrirskipar að flytja burtu af heimili sængurfatnað eða annað til sótthreinsunar í sótthreinsunarofni.

Ríkissjóður ber kostnað af flutningi sjúkra manna vegna opinberra farsóttavarna, einnig ferðakostnað smitbera af heimili á sjúkrahús eða annað, svo og fyrir dvöl þeirra þar samkvæmt ákvæðum 9. greinar, þar með talin aðhjúkrun, lyf og læknishjálp, enn fremur ferðakostnað smitbera til rannsóknar eða lækninga sam-

kvæmt ákvæðum 14. greinar, svo og allan kostnað af rannsókninni og læknishjálpinni, þar með talinn dvalarkostnaður á sjúkrahúsi.

Ráðherra er heimilt að láta greiða úr ríkissjóði að meira eða minna leyti kostnað af læknishjálp, aðhjúkrun og eftirliti með sjúklingum í heimahúsum, þegar um sótt er að ræða, sem opinberum farsóttavörnum er beitt gegn og ætla má, að slíkt sé nauðsynlegt til að hefta útbreiðslu sóttarinnar.

Ákvæði tveggja síðustu málsgreina leysa ekki hlutaðeigandi sjúkrasamlag undan þeirri kvöð að greiða eðlilegan sjúkrakostnað fyrir tryggðan meðlim, enda þótt farsóttavörnum sé beitt gegn honum, og tekur það bæði til nauðsynlegrar sjúkrahúsvistar sjúkdómsins vegna og venjulegrar læknishjálpar utan sjúkrahúss. Sama gildir um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, ef svo ber við, að hún á hlut að máli.

Ríkissjóður ber ekki þann kostnað, sem leiðir af því, er ferðir manna eða farartækja eru hindraðar samkvæmt ákvæðum laga þessara, né greiðir skaðabætur fyrir þau atvinnuspjöll, er leiða kann af framkvæmd þeirra.

Ríkissjóður ber ekki kostnað af farsóttavörnum, sem læknir fyrirskipar í samræmi við ákvæði 1. greinar laga þessara, og ekki heldur þótt í hlut eigi héraðslæknir, sem í samræmi við þau ákvæði fyrirskipar að haga slíkum vörnum að meira eða minna leyti samkvæmt ákvæðum farsóttareglugerðar.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða gegn almennum eða sérstökum fyrirmælum samkvæmt ákvæðum þeirra varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 6 mánuðum.

Ef maður er haldinn sóttvarnarsótt (sbr. 1. málsgr. 3. greinar) eða er smitberi slíkrar sóttar eða maður hefur dvalizt á heimili, þar sem slík sótt gengur eða slíkur smitberi dvelst, þá skal sá maður jafnan, er hann kemur á önnur heimili, á skip eða í önnur fólksflutningatæki, gera þetta kunnugt húsráðanda, skipstjóra eða forráðamanni. Sama gildir um þær sóttir, sem taldar eru í 3. málsgr. 3. greinar, ef opinberum vörnum er beitt gegn þeim, og einnig án þess um barnaveiki, taugaveiki, heilasótt og skarlatssótt. Nú vanrækir maður þetta, og má þá, auk hegningar, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar greinar, dæma hann til skaðabóta fyrir það, er leiða kann af vanrækslu hans.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, og lög nr. 28 27. júní 1941, um breyting á fyrrnefndum lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er um að ræða endurskoðun laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Það, sem fyrst og fremst kallar eftir slíkri endurskoðun, er nauðsyn þess að samræma löggjöfina um varnir gegn útbreiðslu hættulegra farsótta innan lands löggjöfinni um varnir gegn því, að slíkar sóttir berist inn í landið, en þeirri löggjöf var komið í nýtt horf með sóttvarnarlögum nr. 34 12. apríl 1954 og samsvarandi sóttvarnarreglugerð nr. 112 27. ágúst 1954 til samræmis við hinn nýja alþjóðlega sóttvarnarsamning, sem Íslendingar höfðu gerzt aðilar að 1. október 1952.

Frumvarpið svarar að öllu leyti til núgildandi laga, þannig að grein svarar til greinar.

Umrædd samræming við sóttvarnarlögin er fyrst og fremst fólgin í breytingu þeirri, sem gerð er á fyrri málsgr. 3. greinar, og þarfnast það ekki nánari skýringar.

Jafnframt þótti hlýða, að refsiákvæði beggja laganna væru fyllilega samsvarandi, og í því skyni hefur 17. gr. verið efnislega breytt.

Reynsla hefur leitt í ljós, að skipan sótthreinsana samkvæmt núgildandi lögum með sérstakan sótthreinsunarmann í hverju sveitarfélagi er löngu úrelt orðin og verður með engu móti haldið uppi. En þetta sakar lítt, því að sótthreinsanir umfram venjulega heimilishreingerningu eru nú mjög fallnar í gildi nema í undantekningartilfellum. Mörg undanfarin ár ber það naumast við utan stöku sinnum í Reykjavík, að læknar telji þörf sótthreinsunar af hendi sérstaks sótthreinsunarmanns, þó að til væri, sem víða er alls ekki og hvergi þá nema rétt að nafni til. En ekkert ber á, að þetta hafi orðið að tjóni. Hvergi utan Reykjavíkur og ef til vill annarra stærstu kaupstaða getur orðið kostur sótthreinsunarmanns með þá kunnáttu til starfa, er nokkru muni, og verður við það að sitja. Til sérfróðra sótthreinsunarmanna kaupstaðanna verður þá að leita, ef við ber annars staðar á landinu, að sérkunnáttu þeirra sé brýn þörf. Er þegar dæmi þess, að til slíks hafi verið gripið. Breyting sú, sem gerð er á 15. gr., er eingöngu staðfesting á þeirri tilhögun og framkvæmd sótthreinsana, sem þróun þessarar þjónustu hefur gert nauðsynlegt að nema staðar við og gefst eftir atvikum viðunandi vel.

Borið hefur á því, að fyrirmæli gildandi laga um greiðslu kostnaðar af farsóttavörnum hafi ekki þótt svo skýr og ótvíræð sem skyldi. Hefur það jafnvel leitt til málaferla. Með þeirri breytingu, sem gerð er á 16. gr., er tekið af skarið um þá greiðslutilhögun, sem heilbrigðisstjórnin hefur jafnan haldið sér við og staðfest hefur verið réttmæt fyrir dómi.

Um aðrar efnisbreytingar á núgildandi löggjöf en þær, sem nú hefur verið gerð grein fyrir, er ekki að ræða, og er slíkra breytinga því ekki að leita utan 3. (sbr. 4.), 15., 16., og 17. greinar. Orðalagi annarra greina hefur víða verið vikið við til samræmis við orðalag hinna efnisbreyttu greina, svo og sóttvarnarlaganna, og að öðru leyti eftir því sem skilmerkilegra þykir.

Frumvarp þetta, sem samið er af landlækni, hefur verið sent til umsagnar læknadeild háskólans, stjórn Læknafélags Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og borgarlækni í Reykjavík, en enginn taldi ástæðu til að gera við það athugasemdir, að því er efni þess varðar.

Nd. 112. Frumvarp til laga [67. mál]

um breyting á lögum nr. 33, 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

10. gr. 2. mgr. orðist svo:

Lög þessi skulu ekki breyta þeim gjöldum til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat og falla í gjalddaga fyrir 31. desember 1958. Haldast skulu þó samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem staðfestar kunna að hafa verið eftir gildistöku hins nýja mats.

Millimat, sem staðfest hefur verið eftir 30. apríl 1957, skal samræmt hinu eldra fasteignamati, áður en gjöld til sveitarsjóða, sem falla í gjalddaga fyrir 31. desember 1958, eru við það miðuð.

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. janúar 1959 endurskoða samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár um álagningu opinberra gjalda, sem miðuð eru við fasteignamat og leita staðfestingar á þeim í stjórnarráðinu, sbr. þó niðurlag 3. gr. laga nr. 67, 12. apríl 1945, ella verða gjöld þessi ekki kræf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög nr. 29, 4. febrúar 1952, um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða, falla úr gildi 31. desember 1958.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, og lög nr. 39 16. maí 1957, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna, ákvað fjármálaráðherra, að hið nýja samræmda mat gengi í gildi 1. maí 1957. Samkvæmt orðalagi 10. gr. 2. mgr. laganna féllu þann dag úr gildi lög nr. 29, 4. febrúar 1952, um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða. Þenna sama dag féllu einnig úr gildi allar reglugerðir sveitarfélaganna um fasteignaskatta, svo og allar reglugerðir um vatnsskatta, lóðargjöld, holræsagjöld og e. t. v. fleiri gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat. Í sumum þessara reglugerða mun vera ákveðið, að gjalddagar skattanna skuli vera hinir sömu og gjalddagar annarra sveitarsjóðsgjalda. Má því gera ráð fyrir, að einhver hluti þessara gjalda verði nú á þessu ári eigi innheimtur með löglegum hætti, en sú mun þó ekki hafa verið tilætlun löggjafans. Það er því óhjákvæmilegt að breyta nefndri 10. gr. 2. mgr. nú þegar, til þess að koma í veg fyrir að sveitarfélög verði fyrir tekjuskerðingu, sem þau hafa áreiðanlega ekki verið viðbúin að mæta.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að lögin um samræmingu á mati fasteigna breyti ekki opinberum gjöldum, sem miðuð eru við fasteignamat og falla í gjalddaga 31. desember 1958. Hins vegar verði gjöld þessi frá þessum tíma miðuð við hið nýja mat, þó þannig, að það leiði eigi sjálfkrafa til hækkunar á þessum gjöldum. Er því lagt til, að sveitarstjórnir endurskoði samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár um álagningu gjalda, sem miðuð eru við fasteignamat, og leiti staðfestingar á þeim hjá stjórnarráðinu, eða hjá sýslunefndum, ef um er að ræða fasteignaskatta til hreppa, sbr. lög nr. 67/1945, sjá 3. gr. i. f.

Tiltölulega fá sveitarfélög hafa notað sér heimild laga nr. 29/1952, svo að rétt þykir að leggja til, að þau lög verði nú afnumin, enda fá þessi sveitarfélög frá 1. janúar 1959 möguleika til að fá verulegan hluta þess álags vegna hækkunar matsins.

Lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, eru algjörlega þýðingarlaus lög eins og þau eru nú orðin eftir breytingu þá, sem á þeim var gerð með lögum nr. 39/1957. Heimild fyrir sveitarfélög til þess að leggja á fasteignaskatt er til í lögum nr. 67 1945, sem veita rýmri heimild en þá, sem veitt er með lögum frá 1921, sbr. lög 39/1957. Að öðru leyti eru ákvæði laganna frá 1945 í samræmi við lögin frá 1921 t. d. að því er varðar undanþágu, tryggingu o. fl. Er því lagt til, að lög þessi verði numin úr gildi. Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki skýringa.

Nd. 113. Frumvarp til laga [68. mál]

um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Flm.: Jóhann Hafstein, Ragnhildur Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Magnús Jónsson, Bjarni Benediktsson, Björn Ólafsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn ríkisins skal beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum, hafa á hendi stjórn byggingarsjóðs ríkisins og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn, fjórir kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands, seðlabankans. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann húsnæðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Húsnæðismálastjórn ræður sér starfsfólk eftir þörfum, og greiðist allur kostnaður af störfum hennar úr byggingarsjóði ríkisins.

Verði ágreiningur í húsnæðismálastjórn, ræður afl atkvæða úrslitum.

2. gr.

Í stað 2., 3. og 4. mgr. 2. gr. laganna komi:

Setja skal á stofn tækniráð húsnæðismálastjórnar, er sé skipað fulltrúum frá eftirtöldum aðilum: húsnæðismálastjórn, iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans, húsameistara ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, byggingarvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Félagi ísl. byggingarefnakaupmanna.

Ráðherra ákveður þóknun til meðlima tækniráðs og setur reglugerð um starfsemi þess að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

3. gr.

Í stað stafliðar G í 1. mgr. og 2. 3. og 4. mgr. 6. gr. laganna komi einn stafliður (G), svo hljóðandi:

Húsnæðismálastjórn skal setja almennar reglur um veitingu lána. Í samræmi við þær reglur skulu útbúin umsóknareyðublöð um lán, einföld, skýr og hentug til afnota fyrir almenning.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Setja skal á stofn undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands sérstakt form spariinnlána í bönkum og sparisjóðum, er nefnist húsinnlán.

Húsinnlán skulu vera samningsbundin spariinnlán einstaklinga, er leggja inn fé af atvinnutekjum sínum, minnst 5000 kr. á ári í að minnsta kosti 5 ár.

Húsinnlán skulu bera 1% hærri ársvexti en almennir sparisjóðsvextir eru á hverjum tíma, og skal það fé, sem sparað er á þennan hátt, vera undanþegið tekjuskatti og útsvari, þó ekki yfir 5000 kr. á ári.

Bankar og sparisjóðir skulu skyldir að taka við peningum til húsinnlána. Það fé, sem innborgast til húsinnlána, skal ganga til kaupa á A-bankavaxtabréfum hins almenna veðlánakerfis.

Húsinnlán skulu færð á sérstakan reikning lánastofnana, og skulu þær gefa húsnæðismálastjórn skýrslu um þau.

Húsinnlán fást útborguð að minnst 5 árum liðnum frá því að innlög hófust. Öðlast þá eigendur þeirra rétt til að fá íbúðarlán hjá húsnæðismálastjórn, allt að 25% hærra en venjulegt hámark er, þó aldrei yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar, og skylt er að láta þá sitja fyrir um lán.

Um framkvæmd þessarar greinar fer að öðru leyti eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð um húsinnlán, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

5. gr.

10. gr. laganna falli niður.

6. gr.

11. gr. laganna falli niður.

7. gr.

12. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Fyrir orðin „4 millj. króna“ í 16. gr. laganna komi: 12. millj. króna.

9. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný gr., er verði 17. gr., svo hljóðandi:

Nú stofnar sveitarfélag byggingarsjóð í því skyni að veita lán til nýbygginga, svo að útrýmt verði heilsuspillandi húsnæði, og skal þá ríkissjóður leggja slíkum sjóði jafnhátt árlegt framlag og veitt er úr sveitarsjóði og með sömu kjörum, enda hafi ráðherra staðfest reglugerð byggingarsjóðsins. Sveitarfélagi ber skylda til að sjá um, að ónothæft húsnæði sé tekið úr notkun, jafnóðum og tekið er í notkun húsnæði, sem ríkissjóður hefur veitt framlag til samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar mynduð var ríkisstjórn undir forustu sjálfstæðismanna eftir alþingiskosningarnar 1953, var eitt af meginatriðunum í þeim stjórnarsamningi, sem þá var gerður, að afla nýs fjármagns til byggingarlána og bæta skipan þeirra mála í heild.

Um þetta var eftirfarandi ákvæði í stjórnarsamningnum:

„Tryggt verði aukið fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum og þorpum, lögð áherzla á að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum, og lagður grundvöllur að því að leysa þetta vandamál til frambúðar.“

Þetta voru orð í tíma töluð og mikilvægur ásetningur, því að ekkert almennt veðlánakerfi til íbúðabygginga hafði í raun og veru um langan tíma verið til, eftir að veðdeild Landsbankans var löngu orðin óvirk að sinna því verkefni, sem henni var ætlað. Afskipti þings og stjórnar höfðu á undanförnum árum verið mjög handahófsleg eða stefnulaus. Íbúðabyggingarnar hvíldu að langmestu leyti á eignamyndun einstaklinganna frá ári til árs, þar að auki nokkurri lánastarfsemi lífeyrissjóða, sem að mestu var bundin við opinbera starfsmenn, einstökum fjárveitingum ríkissjóðs af handahófi, sem bundnar voru t. d. við hluta af gengishagnaði eða hluta af árlegum greiðsluafgangi, ef svo bar undir, og loks árlegum framlögum sveitarfélaga, sem takmörkuðust mjög við getu þeirra og munaði helzt um hér í Reykjavík.

Fyrrverandi forsætisráðherra, Ólafur Thors, áréttaði mjög skýrt fyrrgreind áform þáverandi ríkisstjórnar í útvarpsræðu frá Alþingi undir árslok 1953, með eftirfarandi orðum:

„Til íbúðabygginga þarf einnig stórfé. Er hugmyndin sú að leysa þær þarfir til frambúðar á þann hátt, að útlán til íbúðarhúsa verði fastur liður í útlánastarfsemi peningastofnana.“

Tók ráðherrann skýrt fram, að megináherzlan yrði lögð á „að hagnýta sér aukningu sparifjár í landinu með breyttri útlánastarfsemi.“

Sparifjármyndun í landinu var þá mjög vaxandi, hafði verið í heild (þ. e. hjá bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum) 95.8 millj. kr. árið 1952 — og reyndist þessi næstu ár:

1953 .. 189.3 millj. kr.
1954 .. 218.1 — —
1955 .. 125.3 — —
1956 .. 165 — — (lokaskýrsla ekki fyrir hendi, en upphæðin mun vera nálægt þessu).

Í framhaldi af framansögðu skipaði fyrrv. ríkisstjórn nefnd bankastjóra og hagfræðinga til að undirbúa nýja húsnæðismálalöggjöf, sem Alþingi lögfesti svo síðar, eins og kunnugt er.

Á síðasta þingi lagði svo núverandi ríkisstjórn fram nýtt frv. að húsnæðismálalöggjöf, sem í aðalatriðum byggðist á fyrri löggjöf, en fól þó í sér nokkur nýmæli. Sjálfstæðismönnum þótti margvísleg missmíði á hinum nýju tillögum, sem lögfestar voru á þinginu, og var gerð mjög ýtarleg grein fyrir því af þeirra hálfu.

Vegna þeirrar reynslu, sem fengin er, telja flm. þessa frv. brýna nauðsyn bera til að gera nú nokkrar breytingar á hinni nýju löggjöf, og er því frv. þetta fram borið.

Rétt þykir að gera eftirfarandi grein fyrir einstökum greinum þess.

Um 1. gr.

Fellt er niður orðalagið, að sett skuli á stofn húsnæðismálastofnun ríkisins, enda tilefnislaust.

Meginefni greinarinnar er að öðru leyti sama og áður, nema hvað fellt er niður ávæði um, að fulltrúi Landsbankans í húsnæðismálastjórn skuli ekki hafa atkvæðisrétt þar um lánveitingar.

Nýmæli greinarinnar er fyrst og fremst það að marka húsnæðismálastjórn sjálfstæðari tilveru en hún virðist hafa haft, enda þótt yfirstjórnin sé að sjálfsögðu í höndum ráðherra.

Um 2. gr.

Fellt er niður úr 2. gr. löggjafarinnar það, sem er fullkomin óhæfa, að gengið er svo freklega á rétt sveitarfélaganna, að telja má fullvíst, að í óefni væri stefnt, ef tilraun yrði gerð til þess að hagnýta heimild greinarinnar.

Að öðru leyti er tekin upp fyrri tillaga sjálfstæðismanna um sérstakt tækniráð í húsnæðismálunum, er mundi hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna.

Um 3. gr.

Greinin miðar að því að taka í tíma fyrir kverkarnar á skriffinnskunni, sem því miður virðist hafa heltekið framkvæmd löggjafarinnar varðandi lánamálin, sennilega í skjóli stafliðar G í 6. gr., sem lagt er til að nú verði breytt. Húsnæðismálastjórn hefur að fyrirlagi félagsmálaráðherra látið útbúa sérstök eyðublöð undir umsóknir um lán til íbúðabygginga, sem eru með þeim hætti, að almenningi er með öllu ókleift að útfylla slík eyðublöð af sjálfsdáðum. Hefur þetta að vonum mælzt mjög illa fyrir, enda mun þessi ófögnuður ekki hafa átt stuðning nema eins manns í húsnæðismálastjórn, en félagsmálaráðherra þá ákveðið þessa vafasömu ráðstöfun. Auðvitað verður húsnæðismálastjórn að setja almennar reglur um lánveitingar, en miklu máli skiptir, að þær séu einfaldar og skýrar og hagkvæmar í framkvæmd. Hvorki á löggjöfin í slíku efni að vera of flókin né framkvæmd hennar. Síðustu þrjár mgr. 6. gr. eru framkvæmdaratriði, sem ekki er eðlilegt að lögfest séu, og er því lagt til, að þær falli niður.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru teknar upp tillögur sjálfstæðismanna á síðasta þingi um að örva frjálsan sparnað og skapa með því aðstöðu til aukinna lánveitinga til íbúðabygginga. Lagt er til, að sérstök húsinnlán séu samningsbundin við peningastofnanir, beri hærri vexti en önnur innlán og séu undanþegin tekjuskatti og útsvari. Ekki er hægt að áætla, hvað slíkar ráðstafanir gætu leitt til mikillar sparifjármyndunar, en það er skoðun flutningsmanna þessa frv., að frjáls sparnaður með sérstökum hlunnindum sé líklegri til ávinnings en skyldusparnaður.

Um 5.—7. gr.

Leiðir af ákvæðum 4. gr.

Um 8. gr.

Þegar húsnæðismálalöggjöfin var sett 1955, var viðurkennd sú meginregla, að ríkissjóður skyldi leggja fram „jafnháa fjárhæð“ og sveitarfélögin til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði. Að vísu var þá framlag ríkissjóðs takmarkað við 3 millj. kr. á ári. Óvíst var, hversu mikið sveitarfélögin mundu aðhafast, en fljótlega varð ljóst, að framlag ríkissjóðs yrði að hækka verulega til þess að uppfylla meginregluna um jafnhátt framlag og sveitarfélögin. Á síðasta þingi var upphæðin hækkuð í 4 millj. kr., en felldar tillögur sjálfstæðismanna um að hafa framlagið óbundið samkvæmt meginreglunni.

Nú liggja fyrir upplýsingar um framlög sveitarfélaganna til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, og til þess að ríkissjóðsframlagið jafnist við þau, verður að ætla, að það þurfi að vera um 12 millj. króna.

Sé aðeins litið á þátt Reykjavíkur í þessu máli, kemur í ljós, að framlög ríkissjóðs til þess að stuðla að útrýmingu herskála og annars lélegs húsnæðis þar hafa undanfarin ár numið um 10 millj. kr., eða 3.1 millj. kr. 1955, 3.8 millj. kr. 1956 og 3.1 millj. kr. 1957.

Á sama tíma hefur verið áætlað til þessara framkvæmda á fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar sömu ár 24.5 millj. kr., eða 4.5 millj. kr. árið 1955 og 10 millj. kr. hvort árið um sig 1956 og 1957. En umfram þetta hefur Reykjavíkurbær lagt fram til þessara framkvæmda þessi ár um 10 millj. kr. Framlag Reykjavíkur til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði hefur því á þrem síðastliðnum árum numið 34.5 millj. kr. Væru ríkisframlögin jöfn, vantar nú upp á þau 24.5 millj. kr., en 14.5 millj. kr. miðað við fjárveitingar á fjárhagsáætlun. Eftir þeim umræðum, sem fram hafa farið í bæjarstjórn Reykjavíkur um þessi mál, er ekki ólíklegt, að um 10 millj. kr. verði ætlaðar til þessara mála á fjárhagsáætlun 1958, en eftirfarandi ályktun var samþykkt með atkvæðum allra bæjarfulltrúa á fundi bæjarstjórnar 21. nóv. s. l.:

„Bæjarstjórnin skorar á þingmenn Reykvíkinga að beita sér fyrir því í samvinnu við aðra fulltrúa sveitarfélaga, sem sæti eiga á Alþingi, að framlag ríkissjóðs til að útrýma heilsuspillandi húsnæði, sbr. 16. gr. l. nr. 42/1957, verði hækkað til samræmis við það, sem ætla má að framlög sveitarfélaga í þessu skyni muni verða.

Telur bæjarstjórnin, að til þess þurfi ríkissjóðsframlagið á fjárlögum 1958 að nema um 12 millj. króna.“

Fyrsti flm. þessa frv. hefur reynt að ná samstöðu við þingmenn annarra flokka um þetta atriði, en ekki tekizt.

Um 9. gr.

Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur þann 21. nóv. s. l. var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Bæjarstjórn samþykkir að stofna Byggingarsjóð Reykjavíkurbæjar í því skyni að greiða fyrir byggingum íbúða til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðarhúsnæði í bænum.

A. Stofnfé sjóðsins skal vera:

1. Lán bæjarins til kaupenda íbúða í Hringbraut 37—47, Lönguhlíð 19—25, Bústaðahverfi, skv. reikningi bæjarsjóðs pr. 31. des. 1956	kr. 17514042.67
2. Framlög bæjarsjóðs til íbúðabygginga 1955—1957	— 24500000.00
	Kr. 42014042.67

B. Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera:

1. Vaxtatekjur.
2. Framlög úr bæjarsjóði, eftir ákvörðun bæjarstjórnar.
3. Væntanleg framlög úr ríkissjóði til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði í bænum.
4. Aðrar tekjur.

Bæjarstjórnin felur bæjarráði að semja frv. að reglugerð fyrir byggingarsjóðinn, þar sem gert sé ráð fyrir því m. a., að sjóðurinn geti tekið lán til starfsemi sinnar."

Ætla má, að önnur sveitarfélög kunni að gera svipaðar ráðstafanir. Af þessu tilefni er lagt til, að þetta nýmæli sé tekið upp í húsnæðismálalöggjöfina.

Ed. 114. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Við 1. málsgrein 4. greinar bætist:

Það fellur á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, sem undanþegnar eru skattgreiðslu samkvæmt 1. gr., en ekki á aðgöngumiða að dansleikjum, sem undanþegnir eru samkvæmt heimild í 1. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Viðbótin er gerð til þess að taka af öll tvímæli um það, að gjaldið samkvæmt 4. grein skuli greiðast af öllum kvikmyndasýningum og til þess að undanþiggja gjaldinu dansleiki, sem haldnir eru til ágóða fyrir góðgerðar- og líknarstarfsemi o. fl. Ef innheimta ætti gjaldið af slíkum dansleikjum, yrði að efna til eftirlits, sem í ýmsum tilfellum myndi kosta jafnmikið og gjaldinu sjálfu næmi. Sá kostnaður ætti að vísu að greiðast af þeim, sem dansleik héldi, en óeðlilegur baggi yrði á þenna hátt lagður á góðgerðar- og líknarstarfsemi.

Nd. 115. Frumvarp til laga [70. mál]

um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heiti, er notuð eru sem vörumerki samkvæmt 1. gr., skulu vera rétt mynduð að lögum íslenzkrar tungu, að dómi heimspekideildar Háskóla Íslands.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Vörumerkjaskrá skal haldin í Reykjavík fyrir land allt af skráritara, er ráðherra skipar. Um laun skráritara og ritfé fer eftir ákvæðum fjárlaga.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú vill maður fá vörumerki skrásett, og skal hann þá afhenda eða senda skráritara í ábyrgðarbréfi tilkynningu um það. Skal í henni standa greinileg lýsing á merkinu og skýrsla um nafn eða firma tilkynnanda, atvinnuveg og heimilisfang. Eigi vörumerkið eingöngu að ná til ákveðinna vörutegunda, skulu þær og tilgreindar.

Tilkynningu skal fylgja:

1. Mynd af merkinu á sterkum pappír í 3 eintökum, eigi stærri en 10 sentimetrar (3.82 þumlungar) á hæð og 15 sentimetrar (5.74 þumlungar) á breidd.
2. Tvö mót (kliché) jafnstór myndinni til að prenta hana eftir.
3. Gjald samkvæmt lögum nr. 40 1954, um aukatekjur ríkissjóðs, fyrir skrásetningu vörumerkis og auglýsingu hennar.
4. Umsögn heimspekideildar Háskóla Íslands um það, að heiti, er nota á sem vörumerki, sé rétt myndað að lögum íslenzkrar tungu.

Skráritari skal, svo fljótt sem kostur er á, afhenda tilkynnanda eða senda honum skriflega viðurkenningu fyrir móttöku tilkynningarinnar og nefna dag og stund, er hann fékk hana. Festa skal við viðurkenninguna eitt eintak vörumerkisins.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Vörumerki skal eigi skrásetja:

1. Ef það einungis er tölustafir, bókstafir eða orð, er ekki hafa þannig lag, að þau megi teljast mynd.
2. Ef heiti, er nota á sem vörumerki, samrýmist ekki réttum reglum íslenzkrar tungu, að dómi heimspekideildar Háskóla Íslands.
3. Ef í því er heimildarlaust nafn eða firma annars en tilkynnanda eða nafn á fasteign annars manns.
4. Ef í því eru opinber merki, svo sem skjaldmerki.
5. Ef í því stendur nokkuð, er getur valdið hneyksli.
6. Ef það er alveg eins og vörumerki, sem þegar hefur verið skrásett fyrir aðra eða tilhlýðilega tilkynnt til skrásetningar, eða er svo líkt því, að hætt sé við að villast á merkjunum yfirleitt, þótt ólík séu í einstökum atriðum. Þó skal eigi neita um skrásetningu, ef líkingin er fólgin í táknum þeim og merkjum, sem getur um í 9. gr., eða ef merkin eiga að vera hvort fyrir sína vörutegund.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ef synjað er um skrásetningu, skal gera tilkynnanda skriflega viðvart, samkvæmt 4. gr., um synjunina og ástæður fyrir henni.

Ef tilkynnanda þykir úrskurðurinn heimildarlaus, getur hann leitað úrskurðar dómstóla um málið.

6. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Vernd fyrir skrásett vörumerki fellur burt, þegar tilkynning um endurnýjun á því er eigi gerð fyrsta sinn innan 10 ára frá skrásetningardegi og síðan innan 10 ára frá næstu endurnýjun á undan. Skráritari skal að minnsta kosti 4 mánuðum áður en frestir þessir eru liðnir gefa þeim, sem merkið hefur verið skrásett fyrir, eða umboðsmanni hans (sbr. 16. gr.), vísbendingu í ábyrgðarbréfi um, að vernd á vörumerkinu falli burt, ef endurnýjuð tilkynning er ekki gerð í tækan tíma. Bréfið sendist til þess staðar hér á landi, er hlutaðeigandi hefur tilnefnt.

Nú vill einhver endurnýja skrásetningu, og skal hann þá afhenda eða senda skriflega tilkynningu, samda samkvæmt 4. gr., og láta henni fylgja mynd eins og þá,

sem þar er fyrirskipuð, og skrásetningargjald samkvæmt lögum nr. 40 1954, um aukatekjur ríkissjóðs. Ef merkið hefur verið skrásett fyrir einhvern annan en þann, sem beiðist endurnýjunar, skulu jafnframt færðar sönnur fyrir rétti beiðanda til merkisins. Endurnýjun skal rita í skrána, svo fljótt sem verða má, og skal beiðanda gefin viðurkenning, eins og fyrirskipað er í 4. gr., fyrir tilkynningu um nýtt merki.

Ef skráritara þykir tilkynningu að einhverju leyti ábótavant, eða ekki fullnægt ákvæðum 2. greinar, skal hann synja um endurnýjun merkisins, og fer um þá synjun og kæru út af henni eftir ákvæðum 7. gr.

7. gr.

a. 1. málsgr. 11. gr. laganna falli burt.
b. Í stað orðanna „samkvæmt 5. gr. nr. 5“ í 3. málsgr. 11. gr. komi: samkvæmt 6. tölulið 6. gr.

8. gr.

Í stað orðanna „í 7. gr.“ í 12. gr. laganna komi: í 8. gr.

9. gr.

Í stað orðanna „100 kr. til 2000 kr.“ í 13. gr. laganna komi: 1000 kr. til 20000 kr.

10. gr.

Í stað orðanna „13. greinar“ í 14. gr. laganna komi: 14. greinar.

11. gr.

a. Upphaf 15. gr. laganna orðist svo:
Samkvæmt úrskurði ráðherra má einnig veita vernd þá o. s. frv.
b. Í stað orðanna „með konunglegri tilskipun“ í 2. málsgr. 15. gr. laganna komi: samkvæmt úrskurði ráðherra.
c. Í stað orðanna „samkvæmt 5. gr. nr. 5“ í 6. tölulið 15. gr. laganna komi: samkvæmt 6. tölulið 6. gr.
d. Í stað orðanna „11. gr. 3. málsgr.“ í niðurlagi 15. gr. laganna komi: 12. gr. 2. málsgr.

12. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Með reglugerð, er ráðherra setur, skal kveða nánara á um fyrirkomulag vörumerkjaskrárinnar og hvernig hún skal haldin, um auglýsingar samkvæmt lögum þessum og um reikningsskil fyrir gjöldum, sem innheimt eru samkvæmt þeim.

13. gr.

Í stað orðanna „13. gr. 2. málsgr.“ í 17. gr. laganna komi: 14. gr.

14. gr.

Í stað orðanna „2 kr. gjald til landssjóðs“ í 18. gr. laganna komi: gjald samkvæmt lögum nr. 40 1954, um aukatekjur ríkissjóðs.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

16. gr.

Þegar lög þessi hafa verið samþykkt, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 43 13. nóv. 1903 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: vörumerkjalög.

Greinargerð.

Lög nr. 43 frá 1903 um vörumerki hafa verið í gildi meira en fimmtíu ár án breytinga. Sökum mikilla breytinga á stjórnarháttum íslenzka ríkisins á hálfri öld geta sum ákvæði þeirra ekki samrýmzt þeim stjórnarháttum, sem nú eru, svo sem ákvæði laganna um konunglega tilskipun í sambandi við umsóknir frá erlendum aðilum um skrásetning vörumerkja, um úrskurð landshöfðingja um viss ágreiningsatriði, um gjöld fyrir skrásetningu vörumerkja o. fl. Það er því tímabært að taka þessi lög til endurskoðunar.

Með frumvarpi þessu eru ýmis ákvæði þessara laga færð til samræmis við það, sem nú er í framkvæmd. En meginefni þessa frv. felst í 1. gr. þess og er nýmæli. Það er, að heiti, er notuð eru sem vörumerki, skulu vera rétt mynduð að lögum íslenzkrar tungu, að dómi heimspekideildar Háskóla Íslands.

Íslenzk tunga er fjöregg þjóðarinnar. Þjóðin öll þarf að vera vel á verði um það að glata henni ekki né spilla. Og löggjafinn á að veita aðhald í þessu efni, eftir því sem við verður komið með lagasetningu og líklegt er til árangurs. Eins og nú er háttað vali og skrásetningu vörumerkja, skortir mjög á, að þau heiti, sem íslenzkir aðilar taka upp sem vörumerki og skrásett eru og auglýst af íslenzkum stjórnarvöldum, samrýmist réttum reglum íslenzkrar tungu, þó að slík heiti fái þegnrétt í málinu, bæði mæltu máli og rituðu — t. d. í auglýsingum — um leið og vörumerkin eru löggilt.

Eðlilegt er að láta heimspekideild Háskóla Íslands hafa úrskurðarvald í þessu efni og fela þeirri háskóladeild forgöngu um myndun nýyrða fyrir vörumerki.

Ed. 116. Frumvarp til laga [71. mál]

um Veðurstofu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Veðurstofa Íslands er ríkisstofnun með heimilisfangi í Reykjavík. Veðurstofustjóri, skipaður af ráðherra, fer með stjórn hennar og annast framkvæmd þeirra málefna, sem henni eru falin, undir yfirstjórn ráðherra.

2. gr.

Starfssvið Veðurstofunnar skal vera sem hér segir:

1. Að setja upp og starfrækja veðurstöðvar, leiðbeina veðurathugunarmönnum og hafa eftirlit með störfum þeirra.
2. Að safna daglegum veðurskeytum, innlendum og erlendum, sjá um, að úrvali innlendra veðurskeyta sé dreift til alþjóðanota, semja veðurspár og sjá um dreifingu þeirra og leiðbeina um veðurskilyrði á flugleiðum og flugvöllum fyrir innanlandsflug og millilandaflug.
3. Að safna nákvæmum fregnum um hafís og senda út ísfregnir til skipa, þegar ástæða er til. Svo skal og safna fregnum, þegar jarðskjálfta, eldgos eða öskufall ber að höndum, og senda út tilkynningar um það, þegar ástæða þykir til.
4. Að safna gögnum til rannsókna á veðurfari landsins, vinna úr veðurskýrslum og gefa út veðurfarsskýrslur, er sýni skilyrði þau og takmörk, sem veðráttan setur atvinnuvegum landsmanna.
5. Að varðveita bóka- og skjalasafn Veðurstofunnar og sjá um, meðal annars með ritskiptum við erlendar stofnanir, að bókakostur verði svo fullkominn sem unnt er.

6. Að annast jarðskjálftamælingar og úrvinnslu þeirra. Ríkisstjórninni er heimilt að fela Veðurstofunni önnur tiltekin verkefni á sviði jarðeðlisfræði. Störf þau, sem greind eru í þessum lið, getur ríkisstjórnin þó falið öðrum stofnunum, ef henni þykir það hagkvæmara.
7. Að fylgjast með framförum og þróun veðurfræðinnar og annarra greina jarðeðlisfræði á starfssviði Veðurstofunnar, svo og að vinna að rannsóknum í þeim fræðigreinum.
8. Að annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina (World Meteorological Organization) og vinna í samráði við ríkisstjórnina að öðrum þeim málum, sem snerta alþjóðasamvinnu á starfssviði Veðurstofunnar.

3. gr.

Veðurstofustjóri ákveður í samráði við ráðherra, hvar vera skuli veðurstöðvar innanlands og hvaða skipum og flugvélum skuli falið að annast veðurathuganir.

4. gr.

Í veðurspám skal einkum lögð stund á að vara við þeim veðurfyrirbærum, sem valdið geta tjóni eða slysum. Þá skal þess og gætt, að veðurspár komi atvinnuvegum landsmanna að sem mestum notum.

Setja skal í reglugerð fyrirmæli um birtingu veðurfregna og hafísfregna.

5. gr.

Veðurfarsskýrslur skal gera þannig úr garði, að þær séu grundvöllur undir vísindalegar veðurfarsrannsóknir og hafi jafnframt hagnýtt gildi fyrir atvinnuvegi landsmanna.

6. gr.

Til þess að ná þeim tilgangi, sem í 4. og 5. grein segir, skal Veðurstofan hafa samband og samráð við opinberar stofnanir og fyrirsvarsstofnanir atvinnuvega og samgöngumála, eftir því sem ástæða þykir til. Veðurstofan skal, að því leyti sem henni er unnt án truflunar á almennri starfsemi sinni, verða við tilmælum slíkra stofnana eða einstaklinga um að láta í té munnlegar eða skriflegar skýrslur um veðurútlit, veðurfar og annað, sem starfsemi hennar varðar. Ef ástæða þykir til, má krefjast greiðslu fyrir slíkar skýrslur, miðað við þá vinnu, sem fram er lögð.

7. gr.

Veðurþjónustu skal haga með hliðsjón af reglum þeim, sem Alþjóðaveðurfræðistofnunin setur og í gildi eru á hverjum tíma. Veðurþjónusta fyrir millilandaflug skal fara eftir gildandi reglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (International Civil Aviation Organization) og Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar, eftir því sem unnt er.

8. gr.

Ráðherra ræður og skipar fasta starfsmenn Veðurstofunnar eftir þörfum stofnunarinnar, að fengnum tillögum veðurstofustjóra.

Ákvæði um menntun starfsmanna skal sett í reglugerð.

Laun fastra starfsmanna skulu ákveðin í launalögum. Sé starfsmaður skipaður, sem ekki er gert ráð fyrir í launalögum, ákveður ráðherra laun hans til bráðabirgða, unz þau eru greind í launalögum.

Greiðslur til starfsmanna fyrir yfirvinnu og næturvinnu skulu ákveðnar í reglugerð. Einnig skal ákveða í reglugerð þóknun til veðurathugunarmanna.

9. gr.

Reisa skal byggingu fyrir Veðurstofuna á stað, sem hentar starfsemi hennar, svo fljótt sem kostur er á.

10. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um málefni og starfsemi Veðurstofunnar í samræmi við lög þessi.

11. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 15 15. júní 1926, um veðurstofu á Íslandi, og lög nr. 37 23. júní 1932, um útvarp og birtingu veðurfregna.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um veðurathugunarstöð á Íslandi var fyrst borið fram á Alþingi árið 1917, en varð ekki útrætt á því þingi. Frumvarpið kom aftur fyrir Alþingi 1918, en var þá vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari undirbúnings. Veðurstofa Danmerkur (Meteorologisk Institut) hafði haft með höndum veðurfræðiathuganir hér á landi frá því árið 1872, en með setningu sambandslaganna árið 1918 varð ekki hjá því komizt, að Íslendingar tækju sjálfir að sér að annast hér veðurathuganir. Af lagasetningu varð þó ekki að sinni. Hins vegar var fé veitt á fjárlögum fyrir 1920 og síðar til veðurathugunarstöðvar í Reykjavík, sem þá tók til starfa. Má því telja, að Veðurstofa Íslands hafi verið stofnsett árið 1920. Árið 1926 voru svo sett lög þau um Veðurstofu Íslands, sem enn eru í gildi (lög nr. 15 15. júní 1926). Það ár tók Veðurstofan að sér að sjá um starfrækslu jarðskjálftamælingastöðvar í Reykjavík og úrvinnslu mælinganna, auk þeirra verkefna, sem eðlilega heyra undir hana. Með lögunum frá 1926 var ákveðið, að veðurfregnir skyldu birtar með uppfestingu á símastöðvum landsins. Eftir að Ríkisútvarpið kom til sögu árið 1930, var tekið að útvarpa veðurfregnum, og átti birting á símastöðvunum ekki að öllu leyti við eftir það. Af þeim sökum voru sett viðbótarlög árið 1932 um útvarp og birtingu veðurfregna, sem einnig eru enn í gildi (lög nr. 37 23. júní 1932). Var þar ákveðið, að veðurfregnir skyldu birtar í útvarpi, þar á meðal einu sinni að næturlagi í viðbót við þær veðurspár, er áður voru gerðar. Með því að útvarpstæki voru þá enn ekki orðin algeng í landinu, var ákveðið í lögunum, að birting veðurfregna skyldi einnig fara fram með uppfestingu á hentugum stöðum, einkum í sjávarplássum og annars staðar þar, sem hreppsnefndir eða bæjarstjórnir kynnu að ákveða.

Framangreind lög eru nú að ýmsu leyti orðin úrelt, bæði um birtingu veðurfregna o. fl. Þykir því tímabært að setja Veðurstofunni ný heildarlög.

Auk þeirra breytinga á starfsemi Veðurstofunnar, sem getið er hér að framan, skal tekið fram, að veðurathugunarstöðvum og veðurskeytasendingum innanlands fjölgaði mjög mikið á tveimur fyrstu áratugum stofnunarinnar. Hafði það í för með sér síaukið starf í sambandi við veðurspár og úrvinnslu veðurskýrslna. Móttaka erlendra veðurskeyta jókst einnig mjög. Fjöldi starfsmanna með sérmenntun var því lengst af meiri en lögin frá 1926 gera ráð fyrir.

Á stríðsárunum varð Veðurstofan af hernaðarástæðum að hætta að birta veðurspár í útvarpi. Af sömu ástæðum fékk hún ekki heldur veðurfregnir frá öðrum löndum né skipum. Möguleikar til að gera veðurspár, gildandi fyrir einn sólarhring, urðu því ófullnægjandi. Voru á því tímabili gerðar veðurspár fyrir 12 klst. og þær sendar símleiðis til verstöðva og annarra staða, þar sem þeirra var helzt þörf. Á þeim árum kom til sögu reglulegt innanlandsflug, og varð það verkefni Veðurstofunnar að veita upplýsingar og leiðbeiningar um veðurskilyrði í því sambandi. Veðurskeytasendingum innanlands fjölgaði mjög á styrjaldarárunum.

Þegar heimsstyrjöldinni lauk, hófst nýtt þróunartímabil í sögu Veðurstofunnar. Hún fékk nú aftur veðurskeyti erlendis frá og frá skipum á Atlantshafi. Veðurathugunarstöðvum hafði fjölgað stórkostlega á stríðsárunum, aðallega vegna

flugsins yfir Atlantshaf, og auk veðurathugana við yfirborð jarðar voru nú einnig komnar til athuganir í háloftum. Athugunartímum hafði einnig fjölgað, þannig að veðurskeyti voru send oftar en áður var, sérstaklega að næturlagi. Til þess að notfæra sér þessar upplýsingar, varð Veðurstofan að fjölga mjög mikið starfsmönnum þeim, sem safna og vinna úr veðurskeytum og semja veðurspár, og hún gat þá einnig fjölgað útvarpstímum veðurfregna, miðað við það, sem gert er ráð fyrir í lögum. Það er og engum vafa bundið, að veðurspárnar urðu nákvæmari en þær voru fyrir heimsstyrjöldina.

Á árinu 1946 tók Veðurstofan að sér að sjá um leiðbeiningar fyrir millilandaflug samkvæmt þeim reglum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin hafði sett og gengu í gildi 1. nóvember það ár. Það kom þó fljótt í ljós, að ekki var unnt að sinna þessu verkefni á fullnægjandi hátt, nema með því móti að flugveðurstofur yrðu settar upp á helztu flugvöllum landsins, en Veðurstofan var frá því í desember 1945 til húsa í Sjómannaskólahúsinu. Var því fengið húsnæði fyrir þá starfsmenn, sem að veðurspánum unnu, í flugturninum á Reykjavíkurflugvelli, og var flutt þangað í ársbyrjun 1950. Samkvæmt ósk Alþjóðaflugmálastofnunarinnar var aðalflugveðurstofan flutt til Keflavíkurflugvallar í apríl 1952. Sér sú deild Veðurstofunnar aðallega um veðurspár og leiðbeiningar fyrir millilandaflug. Deildin á Reykjavíkurflugvelli annast almennar veðurspár og einnig spár og leiðbeiningar fyrir innlent flug og íslenzkt millilandaflug.

Á Keflavíkurflugvelli er starfrækt háloftaathugunarstöð, og starfa íslenzkir athugunarmenn þar, að því leyti sem nauðsynlegt er talið fyrir annað flug en hernaðarlegt.

Árið 1948 var gerður samningur milli íslenzka ríkisins og Alþjóðaflugmálastofnunarinar um endurgreiðslu til Íslands fyrir flugþjónustu vegna flugs erlendra aðila. Hafa útgjöld Veðurstofunnar vegna veðurþjónustu í garð erlends flugs verið endurgreidd síðan.

Árið 1951 var sett á stofn ný alþjóðaveðurfræðistofnun (World Meteorological Organization). Aðilar að henni eru ríkisstjórnir þátttökulandanna. Er hún sérstofnun (Specialized Agency), en starfar á vegum Sameinuðu þjóðanna. Stofnun þessi ætlast til, að þátttökuríkin starfræki veðurþjónustu, er fullnægi kröfum þeim, sem til ríkjanna eru gerðar í stofnskrá hennar, t. d. um að samræma veðurathuganir og úrvinnslu þeirra, þannig að þær geti komið að sem beztum notum, ekki einungis fyrir atvinnuvegi hvers lands, heldur einnig í alþjóðasamstarfi á sviði veðurfræðinnar. Þess má geta, að Ísland var fyrsta land í heimi, sem fullgilti stofnskrá Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar.

Vegna hins mikla átaks, sem Veðurstofan varð að gera á fyrstu árunum eftir stríðslok til að sinna kröfum flugsins og atvinnuveganna um veðurspár, hefur lengst af skort sérmenntaða menn til að annast aðrar greinar starfsemi hennar, svo sem úrvinnslu veðurskýrslna, prentun á veðurfarsskýrslum, smíði, viðgerð og prófun áhalda og eftirlit með veðurstöðvum. Hin síðari ár hefur þetta færzt í betra horf, en þó er tala sérmenntaðra manna enn vart fullnægjandi. En til þessa starfs er ekki einungis nauðsynlegt, að stofnunin hafi sérmenntaða menn í þjónustu sinni. Hún verður einnig að hafa nægilegan fjölda aðstoðarmanna og áhaldasmiði svo og nauðsynlegt húsnæði og áhöld. Til þess að flýta fyrir framgangi þessara mála, lagði veðurstofustjóri til, að sótt yrði um tækniaðstoð frá Sameinuðu þjóðunum, og var það gert árið 1955. Árið 1956 kom hingað á vegum Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar dr. A. Ångström, fyrrverandi forstjóri sænsku Veðurstofunnar. Athugaði hann skipulag og starfsemi Veðurstofunnar, og er skýrsla hans þar að lútandi til athugunar hjá ríkisstjórninni. Samkvæmt tillögu dr. Ångströms var sótt um áframhaldandi tækniaðstoð. Í septembermánuði 1957 kom sérfræðingur til að athuga sérstaklega veðurfarsdeild stofnunarinnar, og mun hann dveljast hér til ársloka. Á árinu 1958 er gert ráð fyrir, að hingað muni koma sérfræðingur á vegum Sameinuðu þjóðanna til að setja upp rannsóknarstofu og smíðavinnustofu og leiðbeina

starfsmönnum áhaldadeildar. Húsnæði fyrir þessa nýju starfsemi Veðurstofnunnar er fáanlegt í viðbyggingu við vélahús Vélskólans í Reykjavík. Sameinuðu þjóðarnir hafa þegar lagt fram fé til stofnkostnaðar samkvæmt umsókn ríkisstjórnarinnar, og mun þetta því koma til framkvæmdar, ef ríkissjóður leggur fram fé á næsta ári til rekstrarkostnaðar. Tillögur, sem að þessu lúta, eru í áætlun Veðurstofunnar um fjárframlög til hennar á árinu 1958.

Á sviði jarðskjálftamælinganna hefur einnig átt sér stað mikil þróun hin síðari ár. Veðurstofan hefur fengið þrjá nýja nákvæma jarðskjálftamæla í stað hinn tveggja gömlu. Starfrækir hún nú í Reykjavík mælingastöð, sem er góð, þegar um er að ræða athugun á nálægum jarðskjálftum (sem upptök eiga í minna en 300 km fjarlægð). Gömlu mælarnir tveir hafa verið settir upp, annar á Akureyri og hinn í Vík í Mýrdal. Fjárveiting er fyrir hendi til að kaupa mæli, sem á að nota sérstaklega til rannsókna á jarðskálftum í sambandi við eldgos og á hverasvæðum. Mun Veðurstofan setja þann mæli upp í nánd við Kötlu. Hverasvæðin í Krýsuvík og Hveragerði geta einnig komið til greina, enda er auðvelt að flytja þenna mæli, þannig að hann getur komið að notum á þeim stað, sem hans er mest þörf í hvert sinn.

Þegar hafðar eru í huga þær breytingar, sem að undanförnu hafa orðið á starfsemi Veðurstofunnar, og þær fyrirætlanir, sem í ráði er að koma í framkvæmd á næstunni, þá liggur í augum uppi, að löggjöf, sem miðuð var við starfsemi hennar í kringum 1930, er nú orðin harla ófullnægjandi, þó að ýmislegt sé í henni að finna, sem hefur sama gildi nú og þegar lögin voru sett.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru talin upp í heild hin almennu verkefni, sem Veðurstofunni er ætlað að inna af hendi. Sams konar störf og hér eru rakin eru nú framkvæmd af öllum menningarþjóðum, enda eru þau svo alþjóðlegs eðlis, að nauðsynlegt er, að samræmis sé gætt um framkvæmd þeirra.

Um 1. tölulið. Grundvallarskilyrði fyrir starfsemi Veðurstofunnar er kerfi veðurstöðva, þar sem færir menn geri þær athuganir, sem nauðsynlegar eru. Þessir athugunarmenn verða að hafa nægileg og nákvæm áhöld til starfa síns. Áhaldadeild Veðurstofunnar er ætlað að annast kaup og smíði áhalda, prófun þeirra og uppsetningu og eftirlit með þeim og starfi veðurathugunarmanna. Óhjákvæmilegt er, að sérmenntaðir menn vinni að þessu starfi. Að því leyti sem fastir starfsmenn áhaldadeildar anna ekki uppsetningar- og eftirlitsstarfi, er nauðsynlegt að fela öðrum veðurfræðingum Veðurstofunnnar að vinna þau störf.

Um 2. tölulið. Hér eru greind þau störf Veðurstofunnar, sem lúta að veðurspám. Þau störf eru flest hin sömu sem getið er í c-lið 2. gr. núgildandi laga nr. 15/1926, en auk þess eru hér sett ákvæði um veðurþjónustu fyrir innanlandsflug og millilandaflug, annað en hernaðarlegt. Sú þjónusta er nú orðin fólksfrekasti og kostnaðarsamasti þáttur í starfrækslu Veðurstofunnar.

Um 3. tölulið. Ákvæði þetta er í samræmi við d-lið 2. gr. núgildandi laga, að því er varðar söfnun og dreifingu fregna um hafís, eldgos og öskufall. Auk þess er hér bætt við fregnum um jarðskjálfta, enda hefur Veðurstofan jafnan mælzt til þess, að veðurathugunarmenn og áhugamenn, sem Veðurstofan hefur samband við, sendu henni fregnir um öll þau fyrirbæri, sem hér eru talin.

Um 4. tölulið. Hér eru tekin saman aðalákvæðin úr a- og b-liðum 2. gr. núgildandi laga. Lúta þau að störfum veðurfarsdeildar Veðurstofunnar, sbr. 5. gr. frv. og umsögn um hana.

Um 5. tölulið. Hér er sett það nýmæli, að Veðurstofan hafi og varðveiti sjálfstætt bóka- og skjalasafn. Í skjalasafninu skulu m. a. geymd frumskjöl öll, sem

unnin eru í stofnuninni sjálfri, svo sem veðurkort. Til bókasafnsins verður að afla vísindalegra bóka og tímarita og annarra rita, sem nauðsynleg má telja til þess að starfsmenn Veðurstofunnar geti haldið við þekkingu í fræðigreinum sínum og eflt hana. Auk þess kemur bókasafnið ýmsum öðrum fræðimönnum og fyrirsvarsmönnum atvinnuvega að notum. Meginhlutinn af þessum ritum fæst með ritskiptum, án verulegra útgjalda fyrir Veðurstofuna. Aðalkostnaður er húsaleiga o. s. frv. fyrir safnið og vinna við vörzlu þess. Í bókasafninu eru nú um 6000 bindi. Þriðjungur safnsins, eða um 2000 bindi, hefur bætzt við eftir stríðslok.

Um 6. tölulið. Veðurstofunni var með núgildandi lögum falið að annast jarðsjálftamælingar og segulmagnsmælingar. Eins og að framan er greint, hefur Veðurstofan síðan haft með höndum jarðskjálftamælingar og úrvinnslu þeirra. Segulmagnsmælingar hefur Veðurstofan aðeins framkvæmt á hinu svokallaða „polarári" 1932—1933, og þá með lánuðum tækjum. Gert er ráð fyrir því, að Veðurstofunni verði falið að fara með sérstök störf á sviði jarðeðlisfræði, og mundu þá verða sett um það sérstök fyrirmæli í reglugerð. Framangreind störf eru þó í raun og veru ekki á hinu eðlilega verksviði Veðurstofunnar. Þykir því rétt að heimila ráðherra að gera aðra skipan á þeim málum án lagabreytinga.

Um 7. tölulið. Nauðsynlegt er, að við Veðurstofuna vinni hópur sérmenntaðra manna, sem fylgist vel með í fræðigrein sinni og hafi tækifæri að einhverju leyti til að stunda sjálfstæð rannsóknarstörf. Starf Veðurstofunnar er svo mikilvægt, bæði innanlands og fyrir alþjóðasamskipti, að Ísland má ekki dragast aftur úr öðrum löndum á þessu sviði. Er því nauðsynlegra að leggja þessa skyldu á Veðurstofuna, þar sem vísindastarfsemi og kennsla í veðurfræði fer ekki fram við Háskóla Íslands. Í stofnskrá Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar er og hvatt til þess, að rannsóknir og kennsla í veðurfræði fari fram í löndum þeim, sem að henni standa.

Um 8. tölulið. Í e-lið 2. gr. núgildandi laga er ákveðið, að Veðurstofan standi, í samráði við ríkisstjórnina, fyrir öllum þeim málum, sem snerta alþjóðasamvinnu í veðurfræði og Ísland varða að einhverju leyti. Þegar þetta ákvæði var sett, var Alþjóðaveðurfræðistofnunin (sem þá nefndist International Meteorological Organization) samband veðurstofustjóra hinna ýmsu landa. Nú hefur sú breyting orðið, að ríkin sjálf eru orðin meðlimir í Alþjóðaveðurfræðistofnuninni, og koma ríkisstjórnirnar beint fram gagnvart stofnuninni við afgreiðslu ýmissa mála. Í þessum tölulið er mælt, að Veðurstofan annist samskipti við stofnunina fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og hlítir hún þá um það fyrirmælum ríkisstjórnarinnar, eftir því sem henni er það falið almennt eða hverju sinni. Svo er og gert ráð fyrir, að Veðurstofan vinni í samráði við ríkissstjórnina að öðrum málefnum, sem snerta alþjóðasamvinnu á starfssviði hennar, svo sem samskipti við aðrar alþjóðastofanir, erlendar veðurstofur, háskóla, einstaka fræðimenn o. s. frv.

Um 3. gr.

Staðsetning veðurstöðva verður að vera framkvæmdaratriði, sem ekki er unnt að binda almennt með lögum. Um það koma mörg atriði til álita, svo sem að fjarlægð milli stöðva sé hæfileg frá sjónarmiði veðurþjónustunnar, og í öðru lagi, að staðsetning þeirra sé valin þannig, að þær veiti sem mestan stuðning veðurþjónustu í samband við flugferðir, fiskveiðar og siglingar, landbúnað, iðnað o. s. frv.

Rétt er, að sett séu í reglugerð ákvæði um það, hvaða störf veðurstöðvunum er ætlað að framkvæma. Um öflun veðurskeyta frá skipum hefur Veðurstofan samband við útgerð þeirra skipa, sem helzt koma til greina, svo sem togara og verzlunarskipa. Einnig aflar Veðurstofan sér veðurskeyta frá millilandaflugvélum og hinum stærri flugvélum í innanlandsflugi, eftir því sem tök eru á.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um veðurspárnar. Hér er fyrst um það verkefni að ræða, sem mesta áherzlu ber að leggja á, sem sé viðvörun við stormi og öðrum veðurfyrir-

bærum, sem hættum geta valdið á manntjóni og eignatjóni. Við framkvæmdina ber að hafa hliðsjón af reglum, sem Alþjóðaveðurfræðistofnunin hefur sett um viðvaranir til skipa á sjávarsvæðum umhverfis landið (coastal waters). Reglur hafa einnig verið settar af Alþjóðaveðurfræðistofnuninni og Alþjóðaflugmálastofnuninni um viðvaranir í sambandi við millilandaflug. Má þá einnig hafa hliðsjón af þeim reglum um viðvaranir fyrir innanlandsflug. Að sjálfsögðu koma viðvaranir veðurspánna einnig að notum í sambandi við ferðalög, eignagæzlu og aðra starfsemi á landi. Í öðru lagi eru veðurspárnar miðaðar við það, að þær hafi hagnýtt gildi fyrir atvinnuvegina, svo sem að þær gefi til kynna veðurskilyrði fyrir sjósókn, ýmsar landbúnaðar- og iðnaðarframkvæmdir, húsabyggingar o. s. frv.

Um 5. gr.

Um allan hinn menntaða heim er unnið að veðurfarsrannsóknum, og er kostað kapps um að fækka þeim svæðum og þrengja, sem enn hafa orðið útundan í þeim efnum. Nauðsynlegt er, að samning veðurfarsskýrslna sé samræmd í hinum ýmsu löndum, svo að úr þeim verði unnið heildaryfirlit fyrir stór svæði jarðarinnar. Þó að sumir þættir veðurfarsrannsókna séu miðaðir við veðurfar hvers lands, þá er veðrátta ekki bundin við landamæri, og koma því rannsóknir eins lands ekki að fullum notum þar, nema jafnframt komi til veðurfarsrannsóknir annarra jarðsvæða. Veðurfarsrannsóknirnar hafa geysimikið og síaukið vísindalegt og hagnýtt gildi fyrir löndin. Má fyllilega jafna þeim við veðurspárnar, að því er tekur til fjárhagslegs gildis fyrir atvinnuvegina, þó að áhrif þeirra komi fram með öðrum hætti og ekki eins áberandi í bráð.

Um 6. gr.

Að sjálfsögðu er starfsemi Veðurstofunnar mjög háð því fjárframlagi, sem veitt er til hennar á hverjum tíma. En þar sem störf hennar eru svo mikilvæg fyrir atvinnuvegina, þykir rétt, að fyrirsvarsmenn þeirra fái að hafa áhrif á, hvaða störf henni eru falin þeim til hagsbóta. Er þá líka Veðurstofunni og starfsmönnum hennar skylt að taka tillit til réttmætra og skynsamlegra óska um það, eftir því sem fjárhagur leyfir og að því leyti sem unnt er án truflunar á almennri starfsemi hennar. Sjálfsagt er, að Veðurstofan taki greiðslu fyrir veðurvottorð, sem ætluð eru til framlagningar fyrir dómstólum, svo og fyrir veðurskýrslur og önnur störf, sem hafa í för með sér aukafyrirhöfn, sem nokkru nemur. Væri heppilegt, að ákvæði um slíkar greiðslur væru sett í reglugerð.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar ná til veðurþjónustu í víðtækasta skilningi, þ. e. til starfsemi áhaldadeildar, veðurspádeilda og veðurfarsdeildar. Eru þau sett vegna þess, að Ísland er aðili að þeim alþjóðasamtökum, sem nefnd eru í greininni, og verður Veðurstofan samkvæmt því að hafa hliðsjón af þeim reglum, sem um þau gilda. Um veðurþjónustu fyrir millilandaflug er þess að geta, að Ísland fær greiðslur erlendis frá fyrir hana, enda er hún undir eftirliti Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Til þeirrar þjónustu heyrir dagleg veðurþjónusta fyrir millilandaflug, skýrslugerð um veðurskilyrði á millilandaflugvöllum o. fl.

Um 8. gr.

Það leiðir af sjálfu sér um stofnun eins og Veðurstofuna, sem hefur með höndum breytileg störf, að ekki er unnt í lögum um hana eða almennum launalögum að telja tæmandi upp starfsmenn hennar né binda fjölda þeirra við ákveðna tölu. Um það verður að fara eftir ákvörðun ráðherra, miðað við þarfir Veðurstofunnar og fjárhagsmöguleika hverju sinni. Undanfarið hefur verið og er enn skortur á veðurfræðingum, og hefur það háð stofnuninni mjög í starfi hennar. Um nauðsyn þess, að við Veðurstofuna vinni nægilegur fjöldi vel menntaðra veðurfræðinga má vísa til um-

sagnar um 7. tölulið 2. gr. frv. þessa. Gert er ráð fyrir, að ákvæði um menntun veðurfræðinga og annarra starfsmanna verði sett í reglugerð.

Um 9. gr.

Í núgildandi lögum nr. 15/1926 er ákveðið, að bygging handa Veðurstofunni skuli reist svo fljótt sem ástæður leyfa. Síðan hafa liðið meira en þrír áratugir, án þess að hafizt væri handa um að fullnægja ákvæðum laganna. Hefur þó húsnæðisskortur jafnan bagað starfsemi stofnunarinnar og gerir enn. Er ekki ofmælt, að stofnunin hafa brýna og aðkallandi þörf fyrir eigið húsnæði, sem miðað væri við aukna þörf, meðal annars fyrir veðurspárnar og sívaxandi bóka- og skjalasafn. Í frv. er látið liggja milli hluta, hvort reist yrði sérstök bygging, eins og núgildandi lög gera ráð fyrir, eða í sambandi við aðrar stofnanir, t. d. flugmálastjórnina.

Um 10.—12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 117. Breytingartillaga [35. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1945, um útsvör.

Frá Jóni Kjartanssyni.

1. gr. orðist svo:
2. málsl. 26. gr. laganna fellur niður.

Nd. 118. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1958 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. des. 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Emil Jónsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Ólafur Björnsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 119. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá fjárhagsnefnd.

Með frv. er lagt til, að lagaákvæði um sérstakar fyrningarafskriftir, sem gilt hafa undanfarin ár, verði framlengd óbreytt um þriggja ára skeið. Nefndin mælir með frv.

Alþingi, 5. des. 1957.

Skúli Guðmundsson, form. Emil Jónsson, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.
Einar Olgeirsson. Ólafur Björnsson.

Nd. 120. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og telur eðlilegast, að efni þess sé sett með bráðabirgðaákvæði í lögin nr. 33 frá 1955. Leggur nefndin því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

a. 1. gr. orðist svo:
Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. janúar 1959 endurskoða samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár um opinber gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat, og leita staðfestingar réttra stjórnarvalda á þeim.

Frá því að nýja fasteignamatið gekk í gildi og þar til nýjar reglur hafa verið settar um slík gjöld til sveitarsjóða, skal innheimta þau á sama hátt og fyrir gildistöku fasteignamatsins. Skal þá farið eftir eldra fasteignamatinu og millimat, sem staðfest hefur verið eftir 30. apríl 1957, samræmt því. Gjöld eftir eldri reglum má innheimta með álagi samkvæmt því, sem ákveðið var í lögum nr. 29/1952.

b. 2. gr. orðist þannig:
Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1958.

Lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, og lög nr. 39 16. maí 1957, um breyt. á þeim lögum, eru úr gildi felld.

Alþingi, 9. des. 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Emil Jónsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Jóhann Hafstein. Ólafur Björnsson.

Ed. 121. Frumvarp til laga [72. mál]

um húsnæði fyrir fæðingarheimili Reykjavíkurbæjar.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að taka íbúðarhúsnæði, sem er í eigu bæjarins, til afnota fyrir fæðingarheimili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir áratug reistu ríkið og Reykjavíkurbær fæðingardeild Landsspítalans. Sú stofnun bætti úr brýnni þörf, en er nú orðin of lítil.

Ýmsar leiðir til lausnar þessum vanda hafa verið athugaðar.

Fyrst og fremst hefur komið til greina stækkun fæðingardeildarinnar. Stækkun samkvæmt uppdráttum, er fyrir liggja frá húsameistara ríkisins, mundi kosta 10—12 milljónir króna, en sjúkrarúmum mundi aðeins fjölga um 21. Þessi leið er því kostnaðarsöm og tæki alllangan tíma.

Önnur leið hefur einnig verið athuguð. Hún er sú, að Reykjavíkurbær setji á stofn, að fengnum nauðsynlegum leyfum, fæðingarheimili í húseignum bæjarsjóðs, Eiríksgötu 37 og Þorfinnsgötu 16. Kostnaður við stofnun og rekstur þess heimilis yrði greiddur úr bæjarsjóði.

Vegna gildandi laga um afnot íbúðarhúsnæðis í kaupstöðum er eigi heimilt að taka áðurgreind íbúðarhús til þessara nota nema með lagabreytingu, og er það efni þessa frv. að veita slíka heimild.

Nd. 122. Lög [3. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.)

Samhljóða þskj. 80.

Ed. 123. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

1. mgr. 70 gr. laganna orðist svo:

Áður en kjósanda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá ástæðum til þess, að hann óskar að neyta atkvæðisréttar síns fyrir kjördag, og gera sem nákvæmasta grein fyrir því, hvar hann muni verða staddur á kjördegi. Skal kjörstjóri færa upplýsingar þessar í bók, sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni. — Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf, með áföstum kjörseðli, og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Aftan við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Frambjóðendur og umboðsmenn framboðslista skulu hafa aðgang að bók þeirri, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

97. gr. laganna orðist svo:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar, frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin, frá því kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 23 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafta gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

3. gr.

Aftan við 103. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Óheimilt er með öllu að senda af kjörfundi upplýsingar um það, hvaða kjósendur koma og neyta atkvæðisréttar síns. Enn fremur er óheimilt að skrifa hjá sér, hverjir greiða atkvæði eða hverjir greiða ekki atkvæði, og er frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra óheimilt að hafa með sér á kjörfundi kjörskrá eða nokkra aðra skrá. Skal oddviti kjörstjórnar hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessum sé fullnægt og að frambjóðendur og umboðsmenn þeirra hafist ekki annað að á kjörfundi en að fylgjast með því, að kosning fari fram lögum samkvæmt.

4. gr.

Aftan við 105. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn búin að vinna nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni, skal yfirkjörstjórn safna saman öllum eintökum kjörskrárinnar, sem notuð hafa verið við kosninguna, ganga frá þeim í vönduðum umbúðum og innsigla þær og fá í hendur sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta) til varðveizlu.

5. gr.

3. töluliður 139. gr. laganna orðist svo:

3. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi flokksmerki, merki lista eða önnur auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og á næstu húsum og í aðliggjandi götum.

6. gr.

Nýr töluliður bætist við 139. gr. laganna, 4. liður (aðrir liðir breytast í samræmi við það), svo hljóðandi:

4. Að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma.

7. gr.

Fyrir orðin „frá 50—1000 kr." í 146. gr. laganna komi orðin: frá 1000—20000 kr.

8. gr.

Fyrir orðin „frá 20—200 kr." í 147. gr. laganna komi orðin: frá 400—4000 kr.

Aftan við 147. gr. bætist nýr töluliður, er verði 14. liður, svo hljóðandi:

14. Ef maður safnar saman upplýsingum eða gefur öðrum upplýsingar um það, hverjir hafa kosið á kjördegi.

9. gr.

Fyrir orðin „100—1000 króna" í 148. gr. laganna komi orðin: 2000—20000 króna.

10. gr.

Fyrir orðin „50—1000 króna" í 149. gr. laganna komi orðin: 1000—20000 króna.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kosningalög á Íslandi eru tvenn: Lög um sveitarstjórnarkosningar frá 1936 og lög um kosningar til Alþingis frá 1942. Helztu ákvæðin, er varða fyrirkomulag kosninganna og framkvæmd þeirra, eru í löguñum um kosningar til Alþingis, en um þau atriði er í lögunum um sveitarstjórnarkosningar vísað í fyrrgreind lög. Með lög-

unum um kosningar til Alþingis 1942 voru í ýmsum efnum sett víðtækari og nánari ákvæði en voru í eldri kosningalögum. Svo sem eðlilegt má teljast um jafnumfangsmikla og að mörgu leyti vandasama löggjöf sem kosningalög eru, hefur reynslan leitt í ljós nokkra agnúa á lagasetningu þessari, sem full ástæða virðist til að sníða af lögunum, einkum með því að kveða skýrar á um einstök atriði en þar er gert.

Árið 1955 var samkvæmt þingsályktun kosin á Alþingi nefnd til að endurskoða lögin um kosningar til Alþingis, og hefur sú nefnd enn eigi lokið störfum.

Frumvarp það, sem hér er flutt, miðar að því að breyta nokkrum þeim ákvæðum kosningalaganna, sem reynsla undanfarinna ára bendir ótvírætt til að lagfæra þurfi eða setja um ákveðnari fyrirmæli en áður hafa gilt. Enda þótt breytingartillögur þær, sem hér eru fluttar, feli aðeins í sér breytingar á lögunum um kosningar til Alþingis, taka þær bæði til kosninga til sveitarstjórna og Alþingis.

Um einstakar greinar frumvarpsins er rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Að gildandi lögum er atkvæði manns, sem neytt hefur atkvæðisréttar síns utan kjörfundar, ógilt, ef sannast, að hann sé staddur innan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem hann stendur á kjörskrá, þá er kosning fer fram. Þykir rétt að auðvelda sönnun um, að ekki sé kosið í ríkara mæli utan kjörfundar en lög heimila.

Um 2. gr.

Í lögunum eru skýr ákvæði um það, hvenær kjörfundir skuli hefjast. Í kaupstöðum skal byrja kjörfund kl. 10 á kjördag, en annars staðar kl. 12. Hins vegar eru ákvæðin um slit kjörfundar ekki jafnskýr, og hafa þau leitt til mismunandi framkvæmdar eftir skilningi og skýringum hinna ýmsu kjörstjórna. Slíkt ástand er óviðunandi. Til dæmis hefur yfirkjörstjórn hér í Reykjavík skilið það ákvæði 97. gr. laganna, að þegar kjörfundur hefur staðið í 12 tíma, megi ekki slíta fundi fyrr en stundarfjórðungur sé liðinn, frá því að kjósandi gaf sig síðast fram, á þann hátt, að hún hefur haldið áfram kjörfundi, löngu eftir að kjördagur var liðinn. Hér er lagt til, að þetta ákvæði falli niður, en skýrt ákvæði komi í staðinn, þar sem fyrir er mælt, að kjörfundi skuli alls staðar slíta í síðasta lagi kl. 23 með þeim eina fyrirvara, að þeir kjósendur, sem þá hafa gefið sig fram við kjörstjórn á staðnum, fái að kjósa. Þetta mundi í framkvæmd verða þannig, að útidyrum kjörfundarhúss yrði lokað kl. 23 og þeir, sem þá væru komnir inn í húsið, gætu kosið. Eftir 97. gr. þannig breyttri ætti kjörfundur í kaupstað ekki að geta staðið lengur en 13 klukkustundir, og virðist það nægilegur tími. Eðlilegast virðist, að um þetta séu skýr ákvæði í lögum.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt bann við því, að sendar séu frá kjörfundi upplýsingar um það, hverjir neyta atkvæðisréttar síns. Hefur það farið mjög í vöxt hin síðari ár, a. m. k. í kaupstöðum, að flokkarnir noti rétt sinn til að hafa umboðsmenn í kjördeildum fyrst og fremst til að fylgjast með því, hverjir hafa kosið og hverjir ekki. Á þeirri vitneskju, sem þannig fæst, er síðan byggð kosningasmölun, sem telja verður óæskilega og raskar þeirri leynd og þeim friði um kosningarréttinn, sem hver maður á að njóta.

Um 4. gr.

Hér er nýmæli um meðferð kjörskránna, eftir að kosningu lýkur. Með ákvæðinu á að tryggja þann rétt kjósandans, að eftir kjördag sem á kjördegi megi hann treysta því, að óviðkomandi menn fái ekki vitneskju um það, hvort hann hafi kosið eða ekki, en slíkt er jafnmikið einkamál hans eins og hvernig hann kýs.

Um 5. gr.

Hér eru skýrari ákvæði en í gildandi lögum um það, hvað telja beri óleyfilegan kosningaáróður. Þörf er á því að friða sjálfan kjördaginn með því að takmarka

áróður flokka og frambjóðenda. Æskilegast væri, að áróður væri með öllu niður felldur alls staðar í kjördæminu, meðan kjörfundur stendur yfir, en hætt er við, að slíkt komist ekki á fyrr en stjórnmálaflokkarnir í landinu verða sammála um það. En rétt þykir að útiloka með lagaboðum áróður á kjörstað og í næsta nágrenni, svo sem hér er lagt til. Með ákvæðinu er mönnum bannað að hafa uppi flokksmerki sín á kjörstaðnum og að hafa uppi áróður á kjörstað, á næstu húsum og í aðliggjandi götum.

Um 6. gr.

Þetta ákvæði þarfnast ekki langra skýringa. Ákvæðið bannar allar merkingar á bílum, hvar sem er í kjördæminu, meðan kjörfundur stendur, svo og notkun gjallarhorna.

Um 7. gr. — 10. gr.

Þessar greinar fela í sér hækkun sekta fyrir brot á kosningalögunum í samræmi við verðlagsbreytingar á síðustu árum.

Lagt er til, að nýr liður, nr. 14, bætist við 147. gr. laganna, og í þessum lið eru sett viðurlög við því að safna eða gefa upplýsingar um það, hverjir hafa kosið á kjördegi.

Sþ. 124. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um endurskoðun laga um útvarpsrekstur ríkisins.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög um útvarpsrekstur ríkisins þannig, að þau svari kröfum tímans um skipulags- og fjárhagsgrundvöll bæði fyrir hljóðvarp og sjónvarp, og leggja frumvarp að nýjum lögum fyrir **næsta reglulegt þing.**

Greinargerð.

Lög þau, sem gilda um útvarpsrekstur ríkisins, eru, að nokkrum breytingum undanskildum, frá árinu 1934. Þá var útvarpsstarfsemi hér á landi í bernsku og lítil reynsla af henni fengin. Nú hefur ríkisútvarpið starfað í röskan aldarfjórðung, og er öllum ljóst, sem til þekkja, að lögin eru um margt ófullkomin og þarfnast gagngerðrar endurskoðunar. Hefur reynzt nauðsynlegt fyrir starfsemi útvarpsins að gefa út fjölda reglugerða, en í þeim er fjölmargt, sem betur stæði í lögum, og raunar sitthvað í lögunum, sem óþarft er orðið.

Margt ber til þess, að tímabært er að hreyfa þessu máli nú. Útvarpstækni hefur tekið stökkbreytingum á nokkrum síðustu árum og gerbreytt mörgum viðhorfum starfseminnar. Dagskráin hefur lengzt og breytzt og gegnir margþættara hlutverki en áður. Þetta og margt fleira gerir viðhorf öll í skipulagsmálum útvarpsins önnur en þau voru 1934.

Þá er ónefnt það atriði, sem mestu skiptir í þessum efnum, en það er sjónvarpið. Þessi nýja undratækni hlýtur að berast til Íslands eins og flestra annarra landa, og því fyrr, því betra. Er nauðsynlegt fyrir Íslendinga að gera sér tímanlega grein fyrir, hvernig þeir ætla að hagnýta þennan nýja undramiðil tækninnar, en allt veltur á því, hvernig á er haldið.

Þeir tímar eru liðnir, er smáþjóðir þurftu að neita sér um sjónvarp vegna kostnaðar. Lítil sjónvarpsstöð kostar ekki nema 1—2 milljónir króna. Rekstrarkostnaður fer eftir því, hve miklu er kostað til dagskrár, en hér á landi virðist sjálfsagt að fara mjög hægt af stað í þeim efnum. Virðist skynsamlegast að byrja á sjónvarpinu sem fyrst, en í eins smáum stíl og unnt er, til að öðlast sem mesta og bezta reynslu, áður en lengra er haldið.

Það er skammsýni að líta eingöngu á sjónvarp sem skemmti- og fræðslutæki fyrir heimilin. Það er þegar notað í stórum stíl í margs konar iðnaði, framleiðslu, samgöngum og vísindum og er að verða ómetanlegt kennslutæki í skólum.

Sþ. 125. Nefndarálit [45. mál]

um till. til þál. um flugsamgöngur Vestfjarða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og er sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 6. des. 1957.

Benedikt Gröndal, form. Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Björn Jónsson.
Ásgeir Bjarnason. Jón Sigurðsson. Steingr. Steinþórsson. Björn Ólafsson.

Nd. 126. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 25 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. lögjafarþingi, 1957.)

1. gr.

1. og 2. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:
„Brot samkv. 5. gr. varðar sektum allt að 20 000 krónum.“

2. gr.

Lokamálsliður 10. gr. orðist svo:
„Fé sjóðsins skal verja til eflingar stærðfræðilegum vísindum á Íslandi.“

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum háskólaráðs, og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Með lögum nr. 25, 27. júní 1921 var Háskóla Íslands veitt einkaleyfi til útgáfu almanaka og dagatala. Í samræmi við 6. gr. laganna hefur framkvæmd þessara mála orðið á þá lund, að því er dagatöl varðar, að háskólinn hefur tekið gjöld af dagatölum, sem flutt hafa verið til landsins, og auk þess hefur verið heimt gjald af dagatölum, sem prentuð hafa verið hér á landi. Arður af þessu hefur runnið í Almanakssjóð samkv. ákvæðum 10. gr. laganna. Eign sjóðsins nam í árslok 1956 um 256 000 krónum, en vextir á því ári námu u. þ. b. 10 000 krónum.

Í frv. þessu felast tvenns konar breytingar á gildandi lögum. Í 1. gr. er lagt til, að breytt sé sektarviðurlögum 7. gr. laganna, en í 2. gr. er lagt til, að breytt sé nokkuð reglum 10. gr. um úthlutun fjár úr Almanakssjóði. Skal nú farið nokkrum orðum um hvora grein fyrir sig.

Um 1. gr.

Samkv. 1. málsgr. 7. gr. laga nr. 25/1921 skal refsa fyrir brot á lögunum með sektum frá 100 til 2000 krónum. Samkv. 1. gr. laga nr. 14/1948 um hækkun fésekta, munu sektarviðurlög þessi vera nú 300—6000 krónur. Rétt þykir að hækka þessi viðurlög upp í 20 000 króna hámarkssekt, en óþarft er að ákveða nokkurt lágmark sektar.

Ákvæði 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 25/1921 er óþarft vegna almenna ákvæðisins í 3. málsgr. 52. gr. almennra hegningarlaga, og er því lagt til, að greint ákvæði 7. gr. sé fellt úr gildi.

Um 2. gr.

Í lokaákvæði 10. gr. laganna segir svo: „Skal verja vöxtum sjóðsins, þegar innstæða þykir hafa vaxið nægilega, til eflingar stærðfræðivísindum á Íslandi. Samkvæmt þessu ákvæði eru það eingöngu vextir sjóðsins, sem ráðstafa má til styrkveitinga eða með öðrum hætti, og að því er virðist eingöngu vextir hvers einstaks árs, svo að þeim verður að ráðstafa á næsta ári, er þeir falla til, ella ber að leggja þá við höfuðstól. Þær skorður, sem ákvæðið reisir við úthlutun fjár úr sjóðnum, hafa reynzt óheppilegar. Svo getur hagað til, að styrkverðar umsóknir um fé úr sjóðnum séu miklar tiltekið ár, en hins vegar fáar eða jafnvel engar önnur ár. Þegar svona stendur á, verka ákvæði laganna um úthlutun fjár úr sjóðnum mjög óheppilega. Segja má, að ákvæði þessi, er skjóta loku fyrir að hægt sé að ganga á höfuðstól sjóðsins, hafi verið eðlileg í upphafi, meðan verið var að afla sjóðnum nokkurs fjárstofns. Þar sem sjóðurinn er nú orðinn sæmilega öflugur eftir því sem gerist um sjóði hér á landi, er engin ástæða til þess að rígbinda fé sjóðsins með þeim hætti, sem gert er í lögunum, enda má fyllilega treysta því, að háskólaráð muni ekki ganga óhæfilega nærri höfuðstól sjóðsins í úthlutunum sínum.

Með vísan til þessara röksemda er lagt til í 2. gr. frumvarpsins, að ákvæði lokamálsliðs 10. gr. orðist svo: „Fé sjóðsins skal verja til eflingar stærðfræðilegum vísindum á Íslandi“. Í þessu ákvæði felast tvær breytingar. Í fyrsta lagi er úthlutun úr sjóðnum ekki einskorðuð við vexti, eins og er í gildandi lögum. Í öðru lagi segir í frumvarpinu, að úthluta megi fé úr sjóðnum til eflingar „stærðfræðilegum vísindum“, þar sem aftur er talað um eflingu „stærðfræðivísinda“ í gildandi lögum. Orðalag frv. veitir háskólaráði svigrúm til að úthluta fé úr sjóðnum bæði til eflingar hreinna stærðfræðivísinda, svo og til rannsókna í vísindagreinum, sem reistar eru á niðurstöðum stærðfræði, svo sem: eðlisfræði, stjörnufræði, efnafræði, tölfræði og verkfræði.“

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um þang- og þaravinnslu á Íslandi.

Flm.: Benedikt Gröndal, Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar ljúka þeim athugunum, sem gerðar hafa verið á möguleikum þang- og þaravinnslu hér á landi. Skal sérstaklega kannað, hvort unnt er að vinna þang- og þaramjöl í þeim síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, sem til eru í landinu, hvort hagnýta má jarðhita við slíka framleiðslu svo og hvort grundvöllur er fyrir frekari efnaframleiðslu byggðri á sjávargróðri, t. d. framleiðslu alginsýru.

Greinargerð.

Hagnýting sjávargróðurs, sérstaklega þangs og þara, eykst nú víða um heim, og er hraðvaxandi markaður fyrir þang- og þaramjöl til fóðurbætis, alginefni, sem notuð eru á rúmlega þúsund mismunandi vegu, og loks mjöl til manneldis. Norðmenn eru

t. d. miklir framleiðendur þang- og þaraafurða, og jókst útflutningur þeirra á mjöli úr 3500 lestum 1954 í tæplega 7000 lestir 1956, en þá var heildarframleiðsla þeirra um 9000 lestir. Fyrir útflutninginn fengu Norðmenn 1956 samtals 6 750 000 kr., og eru þeir nú bjartsýnir á hraðan vöxt þessa iðnaðar.

Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem máli þessu er hreyft á Alþingi, og ýmsir aðilar, Iðnaðarmálastofnun Íslands, rannsóknaráð ríkisins og raforkumálaskrifstofan hafa gert undirbúningsathuganir, sem allar benda til þess, að sjálfsagt sé að halda málinu áfram. Virðist nú þörf á nýju átaki, og því er málinu enn hreyft á Alþingi.

Rannsóknir á þang- og þaramjöli á síðustu árum hafa leitt í ljós, að það er mjög auðugt af ýmsum mikilvægum efnum, svo sem málmefnum, vítamínum o. fl. Hafa tilraunir víða um lönd sýnt, að það er mjög hentugt sem fóðurbætir fyrir flestar tegundir húsdýra svo og loðdýr og jafnvel alifiska. Notkun mjölsins til manneldis fer og vaxandi, og selja Norðmenn það undir vörumerkinu „Vitalia", en þjóðir eins og Japanir hafa notað það lengi. Þá er vaxandi notkun ýmissa efna, sem framleidd eru úr þangi og þara, sérstaklega alginefna, sem notuð eru sem bindiefni í ýmis matvæli, lyf, fegrunarlyf, málningu, plastefni o. fl. o. fl. Af þessum sökum hefur markaður fyrir þang- og þaraafurðir farið stöðugt vaxandi, ekki síst í Bandaríkjunum.

Framleiðsla á þang- og þaramjöli virðist vera einföld. Í Noregi er hráefnið fyrst þurrkað úti, oft á klettum við ströndina, en síðan sent í verksmiðjur. Hafa Norðmenn notað mikið síldar- og fiskimjölsverksmiðjur til að fullhreinsa, þurrka og mala mjölið, og er það sérstaklega athyglisvert fyrir Íslendinga, sem eiga fjölda slíkra verksmiðja, er mjög skortir verkefni. Verksmiðja eins og A/S Protan í Drammen í Noregi hefur t. d. 800 fasta þang- og þarasafnara og sendir eigin báta til að flytja hráefnið til Drammen. Ef slík mjölframleiðsla reynist hagkvæm hér á landi, mundi þang- og þarasöfnun geta orðið búbót fyrir fólk á mörgum stöðum á strönd landsins.

Allmörg ár eru síðan dr. Jón E. Vestdal gerði athugun á því, hvar við strendur Íslands helzt væri að finna verulegt magn af þangi og þara, og benti hann sérstaklega á Breiðafjörð. Samkvæmt þeim gögnum, sem flutningsmenn hafa aflað sér, munu Iðnaðarmálastofnun Íslands, rannsóknaráð og raforkumálaskrifstofan (með tilliti til hugsanlegrar notkunar hverahita) hafa gert undirbúningsathuganir og telja, að nú þurfi ríkisstjórnin að fylgja málinu eftir og skapa aðstæður til áframhaldandi undirbúnings og fyrstu tilraunaframleiðslu. Raforkumálaskrifstofan hefur nýlega fengið í þjónustu sína ungan efnaverkfræðing, sem hefur sérstaklega kynnt sér þang- og þaravinnslu, og virðist sjálfsagt að hagnýta krafta hans á þessu sviði.

Vonandi verður ályktun Alþingis til þess, að lokarannsóknir fyrir þang- og þaravinnslu haldi áfram án tafa og tilraunaframleiðsla verði innan skamms látin skera úr um það, hvernig Íslendingar geta hagnýtt þau gífurlegu auðæfi, sem án efa felast í sjávargróðri umhverfis strendur landsins.

Sþ. 128. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða svo sem unnt er lagningu rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja samkvæmt heimild í lögum nr. 65 1956, sbr. lög nr. 53 1954 og lög nr. 5 1956, þannig að sú orkuveita verði tilbúin til afnota ekki síðar en haustið 1959.

Greinargerð.

Þegar á árinu 1952 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að fela rafmagnsveitum ríkisins að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja, og var um leið ríkisstjórninni heimiluð lántaka í þessu skyni.

Þótt enn hafi eigi mikið úr framkvæmdum orðið, má þess þó geta, að athugun á skilyrðum fyrir lagningu sæstrengs fyrir raforkuveitu þessa milli lands og Eyja hefur farið fram, að sögn með jákvæðum árangri.

Í 10 ára áætlun rafmagnsveitna ríkisins er ráð fyrir því gert, að Vestmannaeyjaveitunni verði komið á á árinu 1960. Það er að vísu að margra manna áliti nokkru lengri biðtími en æskilegt væri fyrir jafnþýðingarmikla framleiðslustöð og Vestmannaeyjar eru að komast í samband við aðalraforkuveitu Suðurlands. En hugsanlegt er, að sú orka Sogsins, sem þegar er virkjuð, næði skammt til að fullnægja orkuþörf Vestmannaeyja eins og er í viðbót við allar aðrar kröfur þess svæðis og fyrirtækja þar um raforku, sem þegar eru til hennar gerðar.

Nú er talið, að hin nýja Sogsvirkjun, Efra-Sogsvirkjunin, muni taka til starfa seint á árinu 1959, og er þá víst, að þá mun næg orka verða fyrir hendi til þess að fullnægja m. a. raforkuþörf Vestmannaeyja. Mundi þar af leiðandi hagkvæmt fyrir báða aðila, raforkuveituna og Vestmanneyinga, að svo vel væri framkvæmdum komið á veg, þegar Efra-Sogsvirkjun tæki til starfa, að tenging Vestmannaeyja við Sogskerfið gæti þá þegar tafarlaust átt sér stað.

Til þess að það geti orðið, er nauðsynlegt að afla sæstrengsins og leggja hann milli lands og Eyja á næsta ári eða svo og að öðru leyti að koma upp þeim mannvirkjum á landi og í Eyjum, sem nauðsynleg eru í þessu sambandi og tryggt geta tafarlausa tengingu Vestmannaeyja við Sogsvirkjunina, jafnskjótt og Efra-Sogsvirkjunin tekur til starfa.

Á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja 15. nóv. s. l. var þingmanni kjördæmisins og 2. landskjörnum þingmanni falið að flytja nú á Alþingi tillögu þess efnis, að raforkumálaskrifstofunni verði falið að festa kaup á rafstreng (sæstreng) þeim, er með þarf til Sogs-orkuveitu til Vestmannaeyja, með því að ætla má, að nú liggi fyrir hagkvæmt tilboð á slíkum rafstreng hjá raforkumálastjóra.

Fyrir því er þessi tillaga fram borin.

Nd. 129. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Björn Ólafsson.

1. gr.

Á eftir m-lið 10. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

n. Fjárhæð, sem skattþegn hefur gefið einhverjum eftirgreindra aðila: kirkjum svo og félögum og stofnunum, sem vinna að vísindum, menningar- og mannúðarmálum, fari hún ekki fram úr 15% af nettótekjum gefanda, enda hafi þá skattyfirvöldum borizt tilkynningar um gjafirnar frá þeim aðilum, sem þær hafa þegið.

2. gr.

Orðin „til gjafa“ í seinustu málsgr. 10. gr. falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, var afgreitt til nefndar, en hlaut ekki frekari afgreiðslu. Frv. fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Það er alkunna, að fjárskortur stendur þeim félögum og stofnunum, sem í 1. gr. frumvarps þessa greinir, einatt fyrir þrifum. Efna þær því til fjáröflunar af ýmsu

tagi, og hefur það oftast mikinn kostnað í för með sér. Auk þess njóta flest þessara félaga og stofnana styrkja frá ríki, bæjar- og sveitarfélögum. Flestir þeir, sem látið geta eitthvað af hendi rakna, leggja þeim lið. Fullvíst er, að margur legði fram stærri skerf, ef hann þyrfti ekki jafnframt að greiða opinber gjöld af þeim tekjum sínum, sem til almannaheilla er varið. Augljóst er einnig, að væri ofangreindum aðilum unnt að fá stærri fúlgur í frjálsum framlögum en verið hefur, mundi fé þeirra nýtast betur, þar eð minna yrði um kostnaðarsamar aðgerðir til fjáröflunar.

Í 10. gr. núgildandi skattalaga er afdráttarlaust fram tekið, að tekjur þær, sem til greina koma við skattákvörðun, séu skattskyldar, þótt þeim sé varið til gjafa. — Frádráttarheimildir svipaðar þeirri, sem hér um ræðir, eru í skattalögum sumra annarra þjóða og hafa verið um langt skeið. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku er t. d. svo langt gengið, að heimildin nær til 20% af brúttótekjum, en í frumvarpi þessu er aðeins miðað við nettótekjur. Hér á landi hafa slíkar heimildir til þessa aðeins náð til tiltekinna líknarstofnana um takmarkaðan tíma.

Hér á landi er mikil uppbygging og þjóðlífið í stöðugri framþróun, en óleyst verkefni blasa þó hvarvetna við. Mörgum góðum málum hefði verið lengra þokað, ef fjárþröng hefði ekki til komið. Það hefur oft komið í ljós, að almennur menningar- og mannúðaráhugi Íslendinga er mikill. Það væri því sómi íslenzka ríkisvaldsins að styðja þann áhuga og lögvernda með því að skattleggja ekki gjafir fólks til þessara mála. Sennilega mundi þá einnig verða unnt að minnka opinbera styrki til þeirra. Ákvæðið í 1. gr. frumvarps þessa yrði fólki hvöt til að verja einhverju af tekjuafgangi sínum beint til þjóðnýtrar menningar- og mannúðarstarfsemi, sem það sjálft kýs að styrkja, og það mundi með því verða virkari þátttakendur í að auka menningu þjóðar sinnar en nú er.

Nd. 130. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Björn Ólafsson.

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Undanþegin útsvari er fjárhæð, sem aðili hefur gefið einhverjum eftirgreindra aðila: kirkjum svo og félögum og stofnunum, sem vinna að vísindum, menningar- og mannúðarmálum, fari hún ekki fram úr 15% af nettótekjum gefanda, enda hafi þá niðurjöfnunarnefnd borizt tilkynningar um gjafirnar frá þeim aðilum, sem þær hafa þegið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, var afgreitt til nefndar, en hlaut ekki frekari afgreiðslu.

Um rök fyrir því, að æskilegt má telja að styrkja viðleitni manna til að efla mannúðar- og menningarstarf með frjálsum framlögum, vísast til greinargerðar á þingskjali 129. Eðlilegt þykir, að tekjur þær, sem notaðar eru til þessarar styrktarstarfsemi, komi ekki heldur til álita, þegar útsvör eru á lögð, og má reyndar telja, að settu marki verði ella ekki náð. Af þessum sökum er frumvarp þetta fram borið.

Nd. **131. Frumvarp til laga** [80. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sigurður Ágústsson, Björn Ólafsson, Kjartan J. Jóhannsson.

1. gr.

h-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Kaup skipverja, sem lögskráðir eru á íslenzk fiskiskip yfir lengri eða skemmri tíma á skattárinu. Skal þetta gilda jafnt um þá, er taka kaup í hluta af afla, sem hina, sem greitt er kaup í peningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 37 10. maí 1957, um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur þess orðið vart, að sjómenn hafa horfið að öðrum störfum, jafnframt því sem færri ungir menn hafa lagt sjómennsku fyrir sig. Þessi óheillaþróun á sér margar rætur, sem hér skulu ekki raktar. Telja verður, að það valdi mestu, að önnur störf eru betur borguð, en þjóðfélaginu þó ekki jafngagnleg.

Segja má, að fyrst hafi keyrt um þverbak í þessum efnum eftir verkföllin vorið 1955. Kauphækkanir, sem þá voru knúnar fram, leiddu af sér óbærilega hækkun á hverju handartaki, sem unnið er í landi í þágu útvegsins, án þess að sjávarafurðir hækkuðu í verði. Af þessu leiddi að sjálfsögðu þverrandi getu útvegsmanna til þess að tryggja sjómönnum lífvænleg kjör — en það hefur aftur valdið því, að stór hópur valinna sjómanna hefur horfið að öðrum betur greiddum störfum, svo að til stórvandræða horfir fyrir þjóðarheildina, þar sem hér er um að ræða annan aðalatvinnuveg þjóðarinnar — atvinnuveg, sem færir þjóðarbúinu 90—95% af þeim gjaldeyri, sem þjóðin eignast árlega fyrir seldar afurðir á erlenda markaði.

Forráðamenn þjóðarinnar viðurkenna þá nauðsyn, að útvegsmenn eignist stærri og vandaðri fiskiskip, enda hefur skipastóll landsmanna aukizt verulega á undanförnum árum. Hafa nú verið gerðir samningar um kaup á 12 stálskipum, 240—250 rúml., frá Pýzkalandi, sem eiga að koma til landsins á næstu árum. Ráðgert er og, að byggð verði 15 botnvörpuskip á vegum ríkisstjórnarinnar til aukningar á togaraflotanum. Þá eru í smíðum hér á landi og erlendis nokkrir fiskibátar á vegum útgerðarmanna.

Af reynslu undanfarinna ára er augljóst, að þegar þessi mikla aukning á fiskiskipum þjóðarinnar er komin í notkun, verður um þrennt að velja:

1. að gera hlut fiskimannanna svo góðan, að enn verði þetta þjóðholla starf eftirsóknarvert fyrir unga og hrausta menn að leggja fyrir sig, alþjóð til efnahagslegs öryggis;
2. að leggja á land stóran hluta af hinum eldri fiskiskipum eða gera tilraun til að selja þau úr landi;
3. að fjölga enn að stórum mun erlendum sjómönnum á íslenzku fiskiskipunum.

Reynslan hefur nú fært oss heim þau sannindi, að vér erum hættulega á vegi staddir í þessum efnum. Mikill fjöldi færeyskra sjómanna hefur verið ráðinn á fiskiskipin, bæði togara og línubáta, því að öðrum kosti hefði rekstur fjölda skipa stöðvazt, þar sem íslenzkir sjómenn voru ekki fáanlegir til að manna þau að fullu. Þannig munu á síðastliðinni vetrarvertíð hafa verið ráðnir nær 1400 sjómenn frá Færeyjum á íslenzku fiskiskipin. Hæpið er að treysta því, að til langframa verði hægt að tryggja það að ráða færeyska sjómenn á fiskiskip vor. Færeyingar hafa sterkan hug á því að auka útgerð sína, ekki síður en vér Íslendingar, og hafa þeir gert ráðstafanir þar að

lútandi. Og hvar stöndum vér Íslendingar, er Færeyingar hafa skapað sér þá aðstöðu hvað skipastól þeirra snertir, að fiskimenn þeirra þurfa ekki lengur að leita til annarra þjóða eftir atvinnu, eins og nú á sér stað í ríkum mæli? Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst, að þá muni verða vá fyrir dyrum hjá oss Íslendingum.

Vér flm. teljum því nauðsynlegt og mjög aðkallandi, að íslenzk stjórnarvöld geri ráðstafanir til þess, að þeir einstaklingar, sem gerast sjómenn, njóti ekki lakari efnahagslegrar afkomu en þeir, sem stunda vinnu í landi. Allt mælir með því, að sjómannsstarfið gefi þeim, sem það leggja fyrir sig, hærri tekjur en landvinnufólk hefur. Þegar það er haft í huga, að sjómaðurinn, sem oft er langvistum frá heimili sínu, hefur erfiðara og áhættusamara starf með höndum en landvinnumaðurinn, auk þess sem vinnudagur hans á vélbátaflotanum er í mörgum tilfellum um og yfir 20 stundir á sólarhring, er ekki að undra, að sjómaðurinn sé á stundum óánægður með hlutskipti sitt, og hefur það í mörgum tilfellum valdið því, að ungir menn gerast fráhverfir því að leggja fyrir sig sjómennsku.

Frv. það, sem hér er flutt um að fella niður tekjuskatt sjómanna af þeim tekjum, sem þeir afla yfir þann tíma, sem þeir eru lögskráðir á íslenzk fiskiskip á skattárinu, teljum vér flm. einn lið í þeim aðgerðum, sem óhjákvæmilega verður að gera af hendi Alþingis og ríkisstjórnar til að hvetja menn til að leggja stund á aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn.

Nánar í framsögu.

Nd. 132. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 57 5. júní 1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

4. gr. laganna falli úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með ákvæði því, sem hér er lagt til að fellt sé úr gildi, var ákveðið í þágu vísinda og menningar sérstakt gjald á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og dansleikjum. Fjárhæðin, sem þannig aflast, er sízt of há, en mun heppilegra er að taka það fé, sem þarf í þessu skyni, af sívaxandi ágóða Áfengisverzlunar ríkisins, og er annað frv. borið fram þess efnis.

Nd. 133. Frumvarp til laga [82. mál]

um breyting á lögum nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

a-liður 3. gr. laganna orðist svo:
3% af hreinum ágóða Áfengisverzlunar ríkisins ár hvert.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með bréfi, dags. 24. marz 1956, skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, í samvinnu við þáverandi landbúnaðarráðherra, Steingrím Steinþórsson, nefnd fimm manna til þess að athuga og gera tillögur um, hvernig bezt verði fyrir komið fjáröflun og stjórn á styrkjum til vísindastarfsemi. Í nefnd þessa voru skipaðir Birgir Kjaran hagfræðingur, formaður, prófessor Ármann Snævarr, dr. Björn Sigurðsson, formaður rannsóknaráðs ríkisins, prófessor Júlíus Sigurjónsson og Pálmi Hannesson rektor.

Nefnd þessi skilaði tillögum sínum ásamt greinargerð til menntamálaráðherra, sem þá var orðinn Gylfi Þ. Gíslason, með bréfi, dags. 4. jan. 1957. Á grundvelli þessara tillagna lét ráðherra — með aðstoð nýrrar nefndar, er hann skipaði — semja 3 lagafrv., sem lögð voru fyrir síðasta Alþingi og náðu samþykki þess. Sú lagasetning hefur nú tekið gildi undir þessum heitum: Lög um vísindasjóð, lög um menningarsjóð og menntamálaráð og lög um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Mesti vandinn við þessa lagasetningu var sá, hvernig afla skyldi fjár til hinna auknu menningarstarfa, sem í henni voru ráðgerð. Nefndin frá 24. marz 1956, er samdi frv. til laga um vísindasjóð, lagði til, að fjár til hans yrði aflað með gjaldi, sem svaraði til einnar krónu af hverri flösku, er Áfengisverzlun ríkisins seldi. Þá skyldi og skattur lagður á happdrættismiða. Nokkurn fyrirvara hafði nefndin þó á um þessa tillögugerð.

Í hinum endanlegu tillögum núverandi menntamálaráðherra, sem síðan náðu lagagildi, var allt annar háttur tekinn upp. Þar var vísindasjóði um fjáröflun vísað til menningarsjóðs, en aðalfjáröflun honum til handa ákveðin svo skv. því, er segir í a-lið 3. gr. laganna um þann sjóð:

„Gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum samkvæmt lögum um skemmtanaskatt."

Í 4. gr. laganna um breyting á skemmtanaskattslögunum segir nánar um þetta gjald:

„Á eftir 7. gr. komi ný grein, er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, öðrum en kvikmyndasýningum fyrir börn, og dansleikjum í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri. Nemur gjald þetta 1 kr. á hvern seldan aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og 2 kr. á hvern seldan aðgöngumiða að dansleik."

Sjálf hefur ríkisstjórnin nú flutt frv. um breytingu á þessu ákvæði, vegna þess að það hafi ekki að öllu leyti reynzt vel. En ekki haggar sú breyting því, sem hér skiptir langsamlega mestu máli. En það er spurningin um, hvort heppilegt sé að afla fjár í þessu skyni með gjaldi á kvikmyndasýningar eða áfengissölu.

Enginn efi er á því, að kvikmyndasýningar eru hollasta og bezta skemmtun almennings í þéttbýlinu. Allir kunnugir vita, að þær eru skæðasti keppinautur áfengisins sem skemmtun þúsunda ungra sem gamalla. Mjög er með réttu rætt um þær hættur, sem samfara eru drykkju áfengra drykkja. Virðist því ólíkt skynsamlegra að létta þessu gjaldi af aðalkeppinaut áfengisdrykkjunnar, en leggja það í þess stað á gróða áfengisverzlunarinnar. Mundi vafalaust óhætt að hækka áfengisverðið sem svarar því hundraðsgjaldi, er þarf til að ná ríflega þeim tekjum, sem nú er aflað með gjaldinu skv. 4. gr. l. um breyting skemmtanaskattslaganna. En ráðgert var, að tekjur skv. því ákvæði yrðu um 2 millj. kr. á ári.

Samkvæmt þessu frv. mundu tekjurnar verða mun meiri eða væntanlega um það bil 3 millj. kr. á ári. Er það að vísu allmikið fé, en þó ekki nema lítill hluti þess, sem tekjurnar af Áfengisverzlun ríkisins hafa farið fram úr áætlun í valdatíð núverandi fjármálaráðherra frá 1950. Sú fjárhæð, sem hér er ætluð til menningarmála, nemur því hvergi nærri þeirri áætlunarskekkju, sem fjármálaráðherra

hefur undanfarin ár orðið á. En yfirlit um áætlaðan og raunverulegan rekstrarhagnað Áfengisverzlunar ríkisins frá 1950, svo langt sem tölur eru fyrir hendi, er á þessa leið:

Áfengisverzlunin.

Rekstrarhagnaður stofnunarinnar.

Ár		Áætlun fjárlaga	Ríkisreikningur
1950	.....	kr. 48 408 000.00	54 208 278.46
1951	.....	— 46 500 000.00	54 630 282.73
1952	.....	— 53 000 000.00	52 340 172.62
1953	.....	— 52 000 000.00	62 838 382.94
1954	.....	— 54 000 000.00	68 547 694.32
1955	.....	— 63 000 000.00	73 157 336.57
1956	.....	— 76 000 000.00	79 668 103.72
1957	.....	— 85 000 000.00	
1958	.....	— 90 000 000.00	

Nd. 134. Frumvarp til laga [83. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Kjörskrár til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í hreppum. Skulu kjörskrár samdar í desembermánuði ár hvert. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrár gilda frá 1. janúar til 31. desember næsta ár eftir að þær eru samdar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Í þeim kaupstöðum og hreppum, þar sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir á að kjósa í janúar 1958, ber að kjósa eftir þeim kjörskrám, sem samdar voru í febrúar 1957. En skylt er þar að taka á aukakjörskrá þá kjósendur, sem fengið hafa lögheimili í kaupstaðnum eða hreppnum frá því í febrúar 1957 til loka þess árs eða hafa ekki verið teknir á kjörskrá af vangá. Þegar kjósendur hafa á þennan hátt verið teknir á aukakjörskrá, ber bæjarstjórn eða hreppsnefnd að tilkynna það því sveitarfélagi, sem kjósendurnir fluttust úr, svo að hægt sé að strika þá út af kjörskrá þar. Í öðrum hreppum ber að semja kjörskrár í janúarmánuði 1958, og gilda þær fyrir það almanaksár.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, á að semja kjörskrá í febrúar ár hvert, og miðast atkvæðisréttur við heimilisfang á þeim tíma. Í kaupstöðum og kauptúnum fer kosning bæjarstjórna og hreppsnefnda fram undir lok janúarmánaðar. Kjörskrá, sem kosið er eftir, er þá orðin meir en 11 mánaða gömul. Allir þeir kjósendur, sem flutzt hafa inn í þessi bæjar- og sveitarfélög á þessu tímabili, eru því á kjörskrá þar, sem þeir bjuggu áður, þar sem engin heimild er til að taka þetta fólk á aukakjörskrá, enda ekki gert ráð fyrir

henni samkvæmt lögunum. Þetta hefur haft og hefur þau áhrif, að margir kjósendur missa alveg atkvæðisrétt við kosningar á því ári, sem þeir flytjast milli sveitarfélaga. Þessu er þannig háttað, að kjósendur, sem flytjast úr sveitahreppi í kauptún eða kaupstað á tímabilinu febrúar til janúar næst á eftir, fást ekki teknir á kjörskrá í því sveitarfélagi, sem þeir flytjast í, fyrr en eftir kosningar þar. Í þeirra fyrri heimilissveit fara kosningar hins vegar ekki fram fyrr en í júnímánuði næst á eftir, og þá eru mennirnir komnir út af kjörskrá þar. Á þennan hátt missir fjöldi manna atkvæðisrétt, því að flestir, sem flytjast á milli, færa heimilisfang sitt um áramót. Flutningarnir eru líka langmestir úr sveitum til kaupstaða og kauptúna. Að svipta menn atkvæðisrétti á þennan hátt með fráleitum kosningalögum er með öllu óviðunandi. Þar að auki er miklu eðlilegra, að þeir kjósendur, sem flytjast milli kaupstaða eða kauptúna, kjósi þar, sem þeir eiga heima, þá er kosning fer fram.

Af þessum orsökum er þetta frumvarp flutt. Það er byggt á því, að atkvæðisréttur á þessu sviði miðist við það, hvar kjósendur eiga heima um áramót, og kjörskrár allar gildi almanaksárið.

Þá undantekningu verður þó að gera í fyrsta sinn, meðan þetta er að komast á, að þeir kjósendur, sem flutzt hafa milli sveitarfélaga á tímabilinu febrúar 1957 og til loka þess árs, séu teknir á aukakjörskrá í því sveitarfélagi, sem þeir hafa flutt í, ef þar á að kjósa bæjarstjórn eða hreppsnefnd í janúar 1958, og þá verður að fella þá út af kjörskrá í því sveitarfélagi, sem þeir fluttust úr.

Í sveitahreppum, þar sem á að kjósa í júní 1958, leggur þetta sig sjálft. Þar yrði kjörskráin fyrir 1958 samin í janúar það ár og á hana þeir einir teknir, sem þá eiga lögheimili innan hrepps.

Ed. 135. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og var ósammála um afgreiðslu þess. Einn nefndarmanna, JK, var andvígur frumvarpinu og annar, FÞ, var fjarverandi og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, AG, FS, PZ, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með neðangreindum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Síðari efnismálsgrein hljóði svo:
   Frambjóðendur og umboðsmenn þeirra eða framboðslista skulu hafa aðgang að bók þeirri, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 103. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt:
   1. að hafa meðferðis á kjörfundi kjörskrá eða aðra slíka skrá;
   2. að rita til minnis á kjörfundi nöfn þeirra, er neyta atkvæðisréttar,
   3. að senda af kjörfundi eða láta í té upplýsingar um, hverjir neyta atkvæðisréttar eða hverjir hafa ekki sótt kjörfund.

   Skal kjörstjórn hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessum sé fullnægt og að frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra hafist ekki annað að á kjörfundi en að fylgjast með því, að kosning fari fram lögum samkvæmt.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 105. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni, sendir hún kjörskráreintök þau, sem notuð voru við kosninguna, í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar. Að lokinni atkvæðatalningu býr yfirkjörstjórn um kjörskrárnar í innsigluðum umbúðum og afhendir sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta) til varðveizlu.

4. Við 5. gr. Í stað orðanna „önnur auðkenni“ komi: önnur slík auðkenni.
5. Við 6. gr. Í stað orðanna „önnur auðkenni“ komi: önnur slík auðkenni.
6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrir orðin „frá 20—200 kr.“ í 147. gr. laganna komi: frá 400—4000 kr.

Alþingi, 10. des. 1957.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Alfreð Gíslason, fundaskr., frsm. Páll Zóphóníasson.

Nd. 136. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. des. 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Emil Jónsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Jóhann Hafstein, með fyrirvara. Ólafur Björnsson, með fyrirvara.

Ed. 137. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. des. 1957.

Sigurvin Einarsson, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara.
Sigurður Ó. Ólafsson, með fyrirvara. F. R. Valdimarsson.

Ed. 138. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Við 2. gr. Í stað „kl. 23“ í síðari málsgr. komi: kl. 24.

Nd. 139. Lög [4. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1958 með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 10. des.)

Samhljóða þskj. 4.

Nd. 140. Lög [62. mál]

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Afgreidd frá Nd. 10. des.)

Samhljóða þskj. 100.

Nd. 141. Frumvarp til laga [84. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1958.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1958 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra.

Lög sama efnis hafa gilt um langt árabil, og mæla sömu rök og fyrr með því, að þau verði látin gilda áfram, því að fjárþörf þeirra, er skattsins eiga að njóta, er eigi minni en áður.

Ed. 142. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt á lögum nr. 66/1945, um útsvör.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en tveir nm. (GTh, JJós) þó að því tilskildu, að brtt. á þskj. 117 verði samþykkt, og áskilja þeir sér einnig rétt til að fylgja eða flytja brtt. við frv.

Alþingi, 10. des. 1957.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr., frsm. Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Þ. Jósefsson. Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 143. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um sjálfvirka símstöð í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta landssímann koma upp sjálfvirkri símstöð í Vestmannaeyjum hið fyrsta er verða má.

Greinargerð.

Þegar nýja landssímahúsið var byggt fyrir um það bil 7 árum, var þá þegar gert ráð fyrir sjálfvirkri símaþjónustu, enda gert ráð fyrir sérstöku rúmi í húsbyggingunni til þess.

Bæjarstjórnin telur óviðunandi, hve lengi hefur dregizt að koma þessu máli í framkvæmd, og telur rétt og sjálfsagt, að leitað sé aðstoðar Alþingis til úrbóta í þessu efni.

Nd. 144. Frumvarp til laga [86. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Leigutekjur af húsnæði barnaskóla og heimangönguskóla gagnfræðaskólastigsins skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og aðilar þessir greiða stofnkostnað, sbr. 3. gr. Aðrar tekjur þessara sömu skóla, sem til kunna að falla, skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga þannig:

a. Barnaskóla að þremur fjórðu hlutum til sveitarfélaga og einum fjórða hluta til ríkissjóðs.
b. Heimangönguskóla gagnfræðastigs að hálfu til sveitarfélaga og að hálfu til ríkissjóðs.

Leigutekjur og aðrar tekjur heimavistarskóla gagnfræðastigsins (héraðsskóla) og húsmæðraskóla renna í hlutaðeigandi skólasjóð til greiðslu á hluta viðkomandi sveitarfélags eða sýslu vegna kostnaðar af viðhaldi og rekstri skólans, að svo miklu leyti sem tekjur þessar hrökkva til.

Menntamálaráðuneytið ákveður heimavistargjöld nemenda í heimavistum að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, sem gerðar skulu í samráði við skólanefnd og fjármálaeftirlitsmann skóla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 10. gr. laga nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

3. gr.

Ákvæði laga þessara skulu gilda um tekjur skóla frá 1. jan. 1957.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta eftir beiðni menntamálaráðuneytisins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frv. fylgdi greinargerð svo hljóðandi:

„Árið 1946 voru sett ný fræðslulög. Voru þar gerðar veigamiklar breytingar frá eldri lögum, meðal annars var sýslufélögum ætlað að standa undir rekstrarkostnaði við héraðs- og húsmæðraskóla í ákveðnu hlutfalli á móti ríkissjóði. Sömu aðilum bar einnig að greiða stofnkostnað eftir hlutföllum, sem þar voru tilgreind. Eftir ákvæðum eldri laga um þessa skóla var styrkur úr ríkissjóði og skólagjöld látin nægja til að greiða rekstrarkostnað skólanna.

Ekki var gengið formlega frá því við setningu laganna frá 1946, hvaða sýslufélög tækju þessa skóla að sér. Reyndin varð sú, að einstaka sýslufélög hafa orðið að sjá um tvo skóla, en önnur um engan, jafnframt hafa risið upp í þeim sömu sýslum, er standa að tveim skólum, héraðs- og húsmæðraskólum, nokkrir unglingaskólar, sem kostaðir eru af ríki og sveitarfélagi.

Þá hafa einnig verið nokkur brögð að því, að sýslunefndir hafa ekki viðurkennt greiðsluskyldu sína. Af þeim sökum hafa skólarnir átt í miklum fjárhagserfiðleikum, sem hafa hvílt þungt á forráðamönnum þeirra (skólanefnd og skólastjóra). Viðhaldi þessara skóla hefur af þeirri ástæðu verið ábótavant, en hefur síðan valdið þörf á endurbyggingu þeirra fyrr en eðlilegt má telja.

Þá hefur einnig verið á það bent, að skóla þessa sækja nemendur víðs vegar að, og stundum er minnsti hluti nemendanna úr þeim sýslum, er þeir starfa í. Af þeim sökum hefur verið talið óeðlilegt, að jafnmikill kostnaður hvíli á sýslum þeim, er stofnuðu skólana, og lögin frá 1946 gerðu ráð fyrir.

Með lögum nr. 41/1955 voru gerðar nokkrar breytingar á skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga, að því er viðhald þessara skóla snertir. Þótt þau lög hafi verið sýslusjóðum til hagsbóta, hefur því verið haldið fram, að þeim sé um megn að standa straum af þeim kostnaði, sem á þeim hvílir.

Með þessu frumvarpi er stefnt að því að láta héruðum í té þær tekjur, er falla til vegna skólahalds héraðs- og húsmæðraskóla. Með því að láta héruðin fá í sinn hlut heimavistargjöld nemenda, er að nokkru jafnaður sá mismunur á greiðsluskyldu héraða, sem áður er vikið að.

Með þessu móti er fjárhagur þessara skóla bættur frá því, sem var. Ef rekstrarkostnaður hvílir ekki eins þungt á héruðum og nú er og eðlilegt viðhald er á skólahúsum, mundi sú ótímabæra endurbygging, sem áður er að vikið, væntanlega falla að mestu niður, og ætti þá að vera mun auðveldara fyrir slík héruð að standa straum af stofnkostnaðarhluta sínum.

Með þessu frumvarpi er stefnt að því að koma til móts við héruðin án þess að íþyngja ríkissjóði um of, jafnframt því sem fjármálum skólanna ætti að vera betur borgið en verið hefur.“

Sþ. 145. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1958.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 11. gr. C. I. b. 1. d. (Tollgæzla í Rvík, annar kostnaður).		
		Fyrir „1 160 000“ kemur	1 244 000
2.	— 12. —	IV. C. (Hjúkrunarkvennaskóli Íslands).	
		a. Við 1. a. (Grunnlaun).	
		Fyrir „455 818“ kemur	486 718
		b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót).	
		Fyrir „378 329“ kemur	403 976
3.	— 12. —	XXIV. (Norræna lyfjaskrárnefndin).	
		Fyrir „5 000“ kemur	5 800

4. Við 13. gr. A. II. a. Liðurinn orðist svo:

Til nýrra akvega:

1.	Hafnavegur	100 000
2.	Grindavíkurvegur	35 000
3.	Innri-Kjalarnesvegur	20 000
4.	Eyrarfjallsvegur	50 000
5.	Reynivallavegur	105 000
6.	Skorradalsvegur	110 000
7.	Mófellsstaðavegur	20 000
8.	Lundarreykjadalsvegur	70 000
9.	Skálpastaðavegur	55 000
10.	Flókadalsvegur	50 000
11.	Reykdælavegur	95 000
12.	Hálsasveitarvegur	60 000
13.	Svínadalsvegur	60 000
14.	Melasveitarvegur	20 000
15.	Hvalfjörður	250 000
16.	Hvítársíðuvegur	110 000
17.	Þverárhlíðarvegur	65 000
18.	Glitstaðavegur	40 000
19.	Varmalandsvegur	20 000
20.	Ferjubakkavegur	50 000
21.	Álftanesvegur	20 000
22.	Álftárósvegur	60 000
23.	Grímsstaðavegur	80 000
24.	Hraunhreppsvegur	150 000
25.	Hnappadalsvegur (Hlíðarvegur)	20 000
26.	Kolviðarnesvegur	20 000
27.	Skógarnesvegur	25 000
28.	Lýsuhólsvegur	30 000
29.	Ólafsvíkurvegur	50 000
30.	Útnesvegur	170 000
31.	Eyrarsveitarvegur	280 000
32.	Framsveitarvegur	55 000
33.	Helgafellssveitarvegur	50 000
34.	Borgarlandsvegur	10 000
35.	Skógarstrandarvegur	150 000
36.	Langadalsvegur	10 000
37.	Heydalsvegur	150 000
38.	Skógarstrandarvegur innan Dalasýslu	110 000
39.	Vesturlandsvegur í Svínadal	185 000
40.	Miðdalavegur	30 000
41.	Haukadalsvegur	60 000
42.	Hörðudalsvegur	25 000
43.	Laxárdalsvegur	60 000
44.	Lauga- og Sælingsdalsvegur	20 000
45.	Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	185 000
46.	Efribyggðarvegur á Fellsströnd	30 000
47.	Staðarhólsvegur	30 000
48.	Hjarðarholtsvegur	20 000
49.	Vesturlandsvegur	20 000
50.	Reykhólavegur	70 000
51.	Gufudalsvegur	90 000
52.	Bæjarnes- og Svínanesvegur	90 000

53.	Fjarðarhlíðarvegur	90 000
54.	Litlanesvegur	45 000
55.	Barðastrandarvegur	90 000
56.	Rauðasandsvegur	110 000
57.	Örlygshafnarvegur	135 000
58.	Kollsvíkurvegur	25 000
59.	Bíldudalsvegur	90 000
60.	Hvammseyrarvegur	25 000
61.	Tálknafjarðarvegur	75 000
62.	Suðurfjarðavegur	50 000
63.	Ketildalavegur	50 000
64.	Suðureyrarvegur	75 000
65.	Flateyrarvegur	50 000
66.	Önundarfjarðarvegur	60 000
67.	Ingjaldssandsvegur	150 000
68.	Lokinhamravegur	50 000
69.	Álftamýrarvegur	35 000
70.	Mosdalsvegur (frá Dynjanda í Mosdal)	100 000
71.	Þingeyrarvegur	30 000
72.	Vestfjarðavegur	400 000
73.	Fjarðavegur	110 000
74.	Jökulfjarðavegur	15 000
75.	Snæfjallastrandarvegur	140 000
76.	Ögurvegur	400 000
77.	Vatnsfjarðarvegur	130 000
78.	Selstrandarvegur	100 000
79.	Strandavegur	300 000
80.	Reykjarfjarðarvegur	140 000
81.	Gjögurvegur	100 000
82.	Vesturárdalsvegur	30 000
83.	Miðfjarðarvegur	15 000
84.	Austursíðuvegur	80 000
85.	Austurárdalsvegur	115 000
86.	Hlíðardalsvegur	40 000
87.	Vatnsnesvegur	40 000
88.	Þorgrímsstaðadalsvegur	15 000
89.	Vesturhópsvegur	30 000
90.	Fitjavegur	15 000
91.	Víðidalsvegur	50 000
92.	Vatnsdalsvegur að austan	220 000
93.	Bugsvegur	50 000
94.	Svínadalsvegur	30 000
95.	Skagastrandar- og Skagavegur	50 000
96.	Reykjabraut	30 000
97.	Svartárdalsvegur	120 000
98.	Skagavegur	70 000
99.	Reykjastrandarvegur	40 000
100.	Sæmundarhlíðarvegur	40 000
101.	Skagafjarðarvegur	70 000
102.	Hólavegur	60 000
103.	Hofsósvegur	60 000
104.	Siglufjarðarvegur	210 000
105.	Flókadalsvegur eystri	10 000
106.	Flókadalsvegur vestri	25 000

107.	Efribyggðarvegur		60 000
108.	Austurdalsvegur		40 000
109.	Vesturdalsvegur		30 000
110.	Siglufjarðarvegur ytri		500 000
111.	Múlavegur		200 000
112.	Ólafsfjarðarvegur		85 000
113.	Ólafsfjarðarvegur eystri		40 000
114.	Hrísavegur		40 000
115.	Hörgárdalsvegur ytri		100 000
116.	Hörgsárdalsvegur innri		35 000
117.	Vatnsendavegur		100 000
118.	Djúpadalsvegur		30 000
119.	Svalbarðsstrandarvegur		50 000
120.	Kljástrandarvegur		25 000
121.	Fnjóskadalsvegur eystri (Grýtubakkahr.)		160 000
122.	Fnjóskadalsvegir í Hálshreppi		180 000
123.	Út-Kinnarvegur		20 000
124.	Bárðardalsvegur eystri		75 000
125.	Bárðardalsvegur vestri		55 000
126.	Laxárdalsvegur		25 000
127.	Austurhlíðarvegur		25 000
129.	Þingeyjarsýslubraut milli byggða		180 000
128.	Tjörnesvegur		60 000
130.	Kelduhverfis-, Kópaskers- og Raufarhafnarvegur		200 000
131.	Hólsfjallavegur		70 000
132.	Hafursstaðavegur		10 000
133.	Öxarfjarðarheiðarvegur vestan heiðar		15 000
134.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar		75 000
135.	Þistilfjarðarvegur		90 000
136.	Þjóðvegir á Langanesi		80 000
137.	Bakkafjarðarvegur		30 000
138.	Steintúnsvegur		10 000
139.	Sandvíkurheiði		160 000
140.	Vopnafjarðarvegir:		
	a. Strandhafnarvegur	20 000	
	b. Strandavegur	30 000	
	c. Vesturdalsvegur	10 000	
	d. Fjallasíðuvegur	30 000	
	e. Sunnudalsvegur	110 000	
			200 000
141.	Jökuldalsvegur efri		40 000
142.	Jökuldalsvegur eystri		80 000
143.	Jökulsárhlíðarvegur		30 000
144.	Hróarstunguvegur nyrðri		35 000
145.	Hróarstunguvegur eystri		25 000
146.	Kirkjubæjarvegur		25 000
147.	Fellavegur efri		25 000
148.	Fljótsdalsvegur		90 000
149.	Hjaltastaðavegur		40 000
150.	Borgarfjarðarvegur		80 000
151.	Hólalandsvegur		40 000
152.	Seyðisfjarðarvegur nyrðri		80 000
153.	Seyðisfjarðarvegur eystri		10 000

154.	Fjarðarheiði	150 000
155.	Skógavegur	65 000
156.	Norðurbyggðarvegur í Skriðdal	35 000
157.	Mjóafjarðarvegur	80 000
158.	Eskifjarðarvegur	30 000
159.	Vaðlavíkurvegur	15 000
160.	Viðfjarðarvegur í Helgustaðahreppi	60 000
161.	Vattarnesvegur	15 000
162.	Fáskrúðsfjarðarvegur	110 000
163.	Stöðvarfjarðarvegur	260 000
164.	Breiðdalsvíkurvegur	60 000
165.	Norðurdalsvegur	30 000
166.	Breiðdalsvegur	60 000
167.	Berufjarðarvegur	95 000
168.	Geithellnavegur	95 000
169.	Dalavegur í Fáskrúðsfirði	15 000
170.	Austurlandsvegur	270 000
	Þar af til Fagradalsbrautar 85 þús. kr.	
171.	Lónsheiðarvegur	200 000
172.	Hvalnesvegur	10 000
173.	Almannaskarðsvegur	85 000
174.	Nesjavegur	30 000
175.	Mýravegur	75 000
176.	Suðursveitarvegur	75 000
177.	Öræfavegur	80 000
178.	Síðu- og Fljótshverfisvegur	75 000
179.	Holtsvegur	15 000
180.	Landbrotsvegur syðri	100 000
181.	Meðallandsvegur	75 000
182.	Búlandsvegur	45 000
183.	Álftaversvegur	40 000
184.	Mýrdalsvegur	90 000
185.	Heiðardalsvegur	10 000
186.	Reynishverfisvegur	10 000
187.	Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum	70 000
188.	Ásvegur	60 000
189.	Hamravegur	10 000
190.	Vetleifsholtsvegur	50 000
191.	Heiðarvegur	200 000
192.	Þykkvabæjarvegur	50 000
193.	Landvegur	30 000
194.	Árbæjarvegur	50 000
195.	Gunnarsholtsvegur	45 000
196.	Rangárvallavegur efri	45 000
197.	Móeiðarhvolsvegur	20 000
198.	Bakkabæjavegur	50 000
199.	Út-Landeyjavegur	30 000
200.	Landeyjavegur syðri	50 000
201.	Oddavegur	30 000
	Þar af til álmu að Oddhól 10 þús. kr.	
202.	Hólmavegur	20 000
203.	Fljótshlíðarvegur	20 000
204.	Skálavegur	10 000
205.	Eyjafjallavegur	50 000

206.	Gnúpverjahreppsvegur	20 000	
207.	Grafningsvegur	60 000	
208.	Hrunamannahreppsvegur	25 000	
209.	Laugardalsvegur	60 000	
210.	Partavegur	25 000	
211.	Þorlákshafnarvegur	100 000	
212.	Hafnarskeiðsvegur	25 000	
213.	Hamarsvegur	30 000	
214.	Auðsholtsvegur	25 000	
215.	Gullfossvegur	60 000	
216.	Reykjavegur	25 000	
217.	Langholtsvegur	65 000	
218.	Sólheimavegur	30 000	
			15 980 000

5. Við 13. gr. A. III. Liðurinn orðist svo:

Brúargerðir:

1.	Geirsá í Borgarfirði	70 000	
2.	Kaldá hjá Húsafelli	180 000	
3.	Litla-Þverá hjá Hermundarstöðum	90 000	
4.	Norðurá hjá Glitstöðum	100 000	
5.	Norðurá hjá Króki	120 000	
6.	Kaldá hjá Snorrastöðum á Snæfellsnesi	240 000	
7.	Bakkaá í Hörðudal	100 000	
8.	Flekkudalsá á Fellsströnd	130 000	
9.	Tunguá á Fellsströnd	70 000	
10.	Peningsdalsá á Vestfjarðavegi, Barð.	245 000	
11.	Þverá í Vattarfirði	70 000	
12.	Dynjandisá	190 000	
13.	Botnsá í Mjóafirði	370 000	
14.	Fitjaá í V.-Húnavatnssýslu	300 000	
15.	Svartá í Svartárdal, A.-Hún.	250 000	
16.	Hjaltadalsá, Skagafirði	200 000	
17.	Norðurá í Skagafirði	230 000	
18.	Hrolleifsá á Siglufjarðarleið	100 000	
19.	Eyjafjarðará hjá Tjörn	200 000	
20.	Fnjóská, S.-Þingeyjarsýslu	300 000	
21.	Djúpá, Ljósavatnshreppi	100 000	
22.	Brunná í Axarfirði	330 000	
23.	Tungnaá í Þistilfirði	65 000	
24.	Hofsá í Vopnafirði	300 000	
25.	Stuðlaá í Reyðarfirði	220 000	
26.	Gilsá í Fljótsdal	330 000	
27.	Selá á Lónsheiði	150 000	
28.	Fjallsá á Breiðamerkursandi	200 000	
29.	Virkisá á Öræfum	290 000	
30.	Þverá á Síðu, V.-Skaft.	130 000	
31.	Skaftá hjá Skál, V.-Skaft.	150 000	
32.	Húsá í Mýrdal	230 000	
33.	Háfsósar í Þykkvabæ	100 000	
34.	Laxá hjá Auðsholti	370 000	
35.	Virkjanabrýr í V.-Ísaf. og S.-Múlasýslu	320 000	
36.	Smábrýr	3 000 000	
			9 840 000

6.	Við 13. gr.	A. IV. Liðurinn orðist svo:		
		Til endurbyggingar gamalla brúa		1 500 000
7.	— 13. —	A. VIII. Liðurinn orðist svo:		
		Til ræktunarvega:		
		1. Í Vestmannaeyjum	30 000	
		2. Í Flatey á Breiðafirði	10 000	
		3. Í Flatey á Skjálfanda	10 000	
		4. Í Grímsey	10 000	
		5. Í Hrísey	8 000	
				68 000
8.	— 13. —	A. VIII. Nýr liður:		
		Til nýbýlavega		200 000
9.	— 13. —	B. III. 5. (Upplýsingaskrifstofa ferðaskrifstofunnar á Akureyri).		
		Fyrir „20 000“ kemur		30 000
10.	— 13. —	C. VIII. Liðurinn orðist svo:		
		Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:		
		1. Akranes	450 000	
		2. Akureyri	350 000	
		3. Arnarstapi	100 000	
		4. Bakkafjörður	100 000	
		5. Blönduós	100 000	
		6. Bolungavík	300 000	
		7. Borgarfjörður eystra	50 000	
		8. Borgarnes	50 000	
		9. Breiðdalsvík	100 000	
		10. Dalvík	125 000	
		11. Djúpivogur	125 000	
		12. Dyrhólaós	50 000	
		13. Eskifjörður	150 000	
		14. Eyrarbakki	125 000	
		15. Flatey á Skjálfanda	100 000	
		16. Gerðavör	100 000	
		17. Gjögur	100 000	
		18. Grafarnes	150 000	
		19. Grenivík	10 000	
		20. Grímsey	50 000	
		21. Hafnarfjörður	200 000	
		22. Hafnir í Höfnum	150 000	
		23. Haganesvík	30 000	
		24. Hauganes	200 000	
		25. Hellissandur	175 000	
		26. Hellnar	50 000	
		27. Hjallanes	25 000	
		28. Hjarðardalur	100 000	
		29. Hnífsdalur	100 000	
		30. Hólmavík	50 000	
		31. Hrísey	75 000	
		32. Húsavík	350 000	
		33. Hvammstangi	50 000	
		34. Höfn í Hornafirði	100 000	
		35. Ísafjörður	300 000	
		36. Járngerðarstaðir	200 000	
		37. Kópasker	300 000	

38.	Króksfjarðarnes	100 000	
39.	Loðmundarfjörður	10 000	
40.	Neskaupstaður	350 000	
41.	Ólafsfjörður	125 000	
42.	Ólafsvík	350 000	
43.	Patreksfjörður	200 000	
44.	Raufarhöfn	50 000	
45.	Sandgerði	300 000	
46.	Sauðárkrókur	100 000	
47.	Seyðisfjörður	25 000	
48.	Siglufjörður	350 000	
49.	Skagaströnd	50 000	
50.	Skarðsstöð	150 000	
51.	Stokkseyri	35 000	
52.	Stykkishólmur	50 000	
53.	Stöðvarfjörður	15 000	
54.	Suðureyri	175 000	
55.	Tálknafjörður	50 000	
56.	Vestmannaeyjar	450 000	
57.	Vogar	75 000	
58.	Vopnafjörður	80 000	
59.	Þorlákshöfn	450 000	
60.	Þórshöfn	275 000	
61.	Örlygshöfn	30 000	
62.	Landshöfn í Keflavík og Njarðvík	300 000	
63.	Landshöfn á Rifi	600 000	
64.	Dráttarbraut á Akureyri	200 000	
65.	Brjánslækur (ferjuhöfn)	365 000	
66.	Til lendingarbóta á eftirtöldum stöðum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að:		
	a. Öxney	10 000	
	b. Brokey	8 000	
	c. Rifgirðingum	8 000	
	d. Hvallátrum	8 000	
	e. Skáleyjum	8 000	
	f. Svefneyjum	8 000	
		50 000	
			10 500 000
11.	Við 14. gr. B. I. a. 9. Nýr liður: Til aukakennslu í læknadeild		70 000
12.	— 14. — B. XI. 2. j. (Framhaldsdeild bændaskólans á Hvanneyri). Fyrir „130 000“ kemur		145 000
13.	— 14. — B. XV. 10. (Námsbækur fyrir gagnfræðaskóla). Liðurinn fellur niður.		
14.	— 14. — B. XVIII. 2. (Íþróttasjóður). Fyrir „1 300 000“ kemur		1 600 000
15.	— 14. — B. XVIII. 2. Nýr liður: Til sundlaugarbyggingar á Akureyri vegna menntaskólans þar (fyrri greiðsla)		50 000
16.	— 14. — B. XVIII. 3. (Íþróttasamband Íslands). Fyrir „75 000“ kemur		100 000
17.	— 14. — B. XVIII. 3. Nýr liður: Til Íþróttasambands Íslands vegna þátttöku í Evrópumeistaramóti (síðari greiðsla)		40 000

18. Við 15. gr. A. XI. 10. Nýr liður:
Til þýðingar á Kalevalaljóðum 20 000

19. — 15. — A. XI. 27. (William Craigie).
Liðurinn fellur niður.

20. — 15. — A. XI. 37. Nýr liður:
Til Sambands íslenzkra esperantista til útgáfu esperanto-orðabókar 10 000

21. — 15. — A. XI. 40. (Íslenzka stærðfræðifélagið).
Fyrir „2 500“ kemur ..... 10 000.

22. — 15. — A. XXVII. Nýr liður:
Til Ingimars Óskarssonar til rannsókna á íslenzkum plöntum 8 000

23. — 15. — A. XXXVI. Í stað liðarins koma tveir liðir, er orðast svo:

a. Til leiklistarstarfsemi gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að, enda skili hlutaðeigandi félög starfsskýrslum til menntamálaráðuneytisins:

1.	Til Leikfélags Reykjavíkur	70 000
2.	Til Leikfélags Akraness	8 000
3.	Til Ungmennafélagsins Skallagríms í Borgarnesi	8 000
4.	Til Leikfélags Ólafsvíkur	8 000
5.	Til Leikfélags Ísafjarðar	8 000
6.	Til Leikfélags Blönduóss	8 000
7.	Til Leikfélags Sauðárkróks	8 000
8.	Til leiklistarstarfsemi á Siglufirði	8 000
	Bæjarstjórn Siglufjarðar skiptir upphæðinni milli Leikfélags Siglufjarðar og Leikfélags templara.	
9.	Til Leikfélags Dalvíkur	8 000
10.	Til Leikfélags Akureyrar	30 000
11.	Til leiklistarskóla á Akureyri	8 000
12.	Til Leikfélags Húsavíkur	8 000
13.	Til Leikfélags Seyðisfjarðar	8 000
14.	Til Leikfélags Neskaupstaðar	8 000
15.	Til Leikfélags Eskifjarðar	8 000
16.	Til Leikfélags Vestmannaeyja	8 000
17.	Til Leikfélags Selfoss	8 000
18.	Til Leikfélags Eyrarbakka	8 000
19.	Til Leikfélags Hveragerðis	8 000
20.	Til Leikfélags Hafnarfjarðar	8 000
21.	Til Leikfélags Kópavogs	8 000
		252 000

b. Til Bandalags íslenzkra leikfélaga 110 000

24. — 15. — A. XXXVIII. 12. (Til lúðrasveita).

a. Fyrsti málsl. orðist svo:
Til lúðrasveita gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að, enda skili hlutaðeigandi félög starfsskýrslu til menntamálaráðuneytisins.

b. Við f. Nýr liður:
Til lúðrasveitar Ólafsfjarðar 10 000

c. Við j. Nýr liður:
Til lúðrasveitar Selfoss 10 000

25. Við 15. gr. A. LX. 10. Nýr liður:
Til að semja og gefa út æviskrár Vestur-Íslendinga .. 30 000
26. — 15. — A. LXV. Liðurinn orðist svo:
Til Þorfinns Kristjánssonar til útgáfustarfsemi 5 000
27. — 16. — A. 22. a. (Fyrirhleðsla í Jökulsá í Lóni).
Fyrir „150 000“ kemur 100 000
28. — 16. — A. 22. d. (Fyrirhleðslur). Nýir liðir:
a. Í Hofsá í Vopnafirði 35 000
b. Í Héraðsvötnum hjá Héraðsdal 40 000
29. — 16. — A. 23. Nýir liðir:
a. Til sjóvarnargarðs í Búðardal 30 000
b. Til sjóvarnargarðs á Akranesi 100 000
c. Til sjóvarnargarðs í Bessastaðaós 100 000
d. Til sjóvarnargarðs í Borgarfirði eystra 25 000
e. Til sjóvarnargarðs í Borgarnesi 50 000
f. Til sjóvarnargarðs á Flateyri 200 000
g. Til sjóvarnargarðs á Garðskaga 50 000
h. Til sjóvarnargarðs í Grenivík 25 000
i. Til sjóvarnargarðs á Ísafirði 100 000
j. Til sjóvarnargarðs í Ólafsvík 50 000
k. Til sjóvarnargarðs á Seltjarnarnesi 100 000
l. Til sjóvarnargarðs í Vestmannaeyjum (Eiðið) 200 000
30. — 16. — A. 28. f. (Sandgræðsla). Nýr liður:
Til útgáfu afmælisrits 30 000
31. — 16. — A. 36. a. (Laun dýralækna).
a. Við 1. (Grunnlaun).
Fyrir „349 500“ kemur 452 700
b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „290 185“ kemur 375 841
32. — 16. — A. 39. g. (Sauðfjársjúkdómavarnir, rannsóknir).
Fyrir „525 000“ kemur 538 176
33. — 16. — B. 5. (Alþjóðahvalveiðiráð).
Fyrir „6 855“ kemur 8 300
34. — 17. — 12. Nýr liður:
Til Barnaverndarfélags Akureyrar, byggingarstyrkur . 20 000
35. — 17. — 39. (Tillag til OEEC).
Fyrir „69 000“ kemur 77 661
36. — 22. — IX. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.
37. — 22. — XII. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 200 þús. kr. lán fyrir Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f til smíði nótabáta úr „Deborine“-efni, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.
38. — 22. — XIV. Nýr liður:
Að afhenda Keflavíkurkaupstað til eignar svonefnda Miðbryggju í Keflavík, gegn þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur varðandi viðgerð og viðhald bryggjunnar.
Enn fremur að veita Keflavíkurkaupstað ríkisábyrgð á framlagi kaupstaðarins til viðgerðar bryggjunnar, allt að 60 þús. kr.

Ed. 146. Frumvarp til laga [87. mál]

um hluta sveitarfélaga af söluskatti.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Meðan innheimtur er söluskattur til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 100/1948 og síðari breytingum á þeim eða annar skattur samsvarandi, skal fjórðungur skattsins renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skiptast þaðan milli bæjar- og hreppssjóða eftir þeim reglum, sem í lögum þessum segir.

2. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs, þó þannig, að ekkert bæjar- eða hreppsfélag fær meiri greiðslu en sem nemur 50% af álögðum útsvörum næsta árs á undan.

3. gr.

Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 3. gr. getur, séu inntar af hendi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1958.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Í greinargerð frv. í fyrra segir m. a.:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu erfiður fjárhagur ýmissa sveitarfélaga hefur verið allmörg undanfarin ár. Hefur hvort tveggja verið, að tekjustofnar sveitarfélaga hafa brugðizt og útgjöldum verið hlaðið á þau. Jafnframt þessu hefur ríkið svo vanrækt að greiða lögboðinn hluta sinn af kostnaði ýmiss konar framkvæmda, sem sveitarfélögum er lögskylt að láta vinna.

Sveitarfélögin og samtök þeirra hafa hvað eftir annað varað við þessari stefnu og bent á, hvern háska stefnt er í. Þessir aðilar hafa sýnt fram á það með ljósum rökum, að brýna nauðsyn ber til, að annaðhvort verði létt af sveitarfélögunum verulegum útgjöldum, til dæmis og sérstaklega kostnaði við löggæzlu, menntamál og almannatryggingar, eða sveitarfélögunum verði tryggðir nýir, öruggir tekjustofnar.

Alþingi verður að koma til móts við eðlilegar og sanngjarnar óskir sveitarfélaganna og láta þeim í té nýja tekjustofna.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að sveitarfélög fái fjórðung söluskattsins."

Þessar röksemdir eru enn í fullu gildi. Því fer fjarri að hagur sveitarfélaganna hafi vænkazt á því ári, sem liðið er. Um það bera ljósan vott sífelldar áskoranir þeirra um nýja tekjustofna og að létt sé af útgjöldum. Er skemmst að minnast fulltrúafundar kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi, er haldinn var nýlega á Seyðisfirði. Voru þar gerðar mjög ákveðnar tillögur í þessum efnum.

Sþ. **147. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1958.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárlagafrumvarpið var lagt fyrir Alþingi fyrsta dag þingsins, 10. október. Alþingi vísaði því til fjárveitinganefndar 21. október. Nefndin hélt fyrsta fund sinn 22. s. m., og á öðrum fundi sínum, sem haldinn var degi síðar, hóf nefndin athugun frumvarpsins og umræður sínar um það.

Nefndin hefur alls haldið 41 skráðan fund. Henni hafa borizt um 350 skrifleg erindi, og til viðtals við hana á fundum hafa komið 46 utanþingsmenn.

Nefndin stendur öll að flutningi breytingartillagnanna á þskj. 145, eins og það ber með sér. En í sambandi við afgreiðslu þeirra létu nefndarmenn Sjálfstæðisflokksins (JK, MJ og PO) á fundi nefndarinnar í gær bóka svo hljóðandi yfirlýsingu:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska tekið fram, að hækkun á framlögum til verklegra framkvæmda sé í meginatriðum í samræmi við þeirra afstöðu, en varðandi sumar tillögur nefndarinnar telja þeir sig hafa óbundnar hendur."

Nefndarmenn hafa því ekki allir fulla samstöðu, og skilar minni hlutinn (JK, MJ og PO) vafalaust séráliti.

Meiri hlutinn frestar til 3. umr. að gera brtt. við tekjuhlið frumvarpsins.

Einnig á meiri hl. eftir að ganga frá ýmsum brtt. að því er gjöldin snertir, þar á meðal brtt. við framlög til skólabygginga, því að þau verður ekki komizt hjá að hækka frá frumvarpinu vegna gildandi laga. Þá má og nefna, að ófrágengnar eru brtt. við 18. gr. Verða þau málefni athuguð milli 2. og 3. umræðu nánar en aðstæður hafa enn verið til.

Meiri hlutinn er enn fremur sérstaklega að athuga — og láta athuga — möguleika til sparnaðar á ýmsum útgjaldaliðum ríkissjóðs. Ekki er enn í ljós komið, hvaða útgjaldasparnaður telst geta komið til greina á næsta fjárlagaári. Margt, sem um hefur verið rætt, er lögbundið og þarf lengri aðdraganda. Meiri hlutinn vill fá þessi málefni krufin fyrir 3. umr. betur en orðið er.

Það skal fram tekið, að meiri hl. ætlar að miða tillögur sínar í heild við það, að fjárlögin verði endanlega afgreidd hallalaus.

Um einstakar tillögur nefndarinnar á þskj. 145 verður rætt hverja um sig, eftir því sem ástæða þykir til, í eftirfarandi þáttum um frumvarpsgreinarnar:

Um 11. gr.

Vegna næturvinnuálags, sem greitt er tollþjónum samkvæmt gildandi reglugerð um það efni, þykir óhjákvæmilegt að leggja til 84 þús. kr. hækkun á liðnum annar kostnaður hjá tollgæzlunni í Reykjavík, og er það í samræmi við fengna reynslu af gjaldalið þessum.

Um 12. gr.

Hjúkrunarkvennaskóli Íslands hefur óskað eftir að fjölga föstu starfsfólki sínu nú tvö undanfarin ár, en þeim óskum hans hefur til þessa verið hafnað. Hér er lagt til, að hækkun, er nemur 56547 kr., verði gerð á launalið skólans (30900 í grunnlaun), en það heimilar skólanum að fastráða sér eina hjúkrunarkonu til viðbótar því starfsliði, sem skólinn nú hefur og greitt er samkvæmt launalögum.

Lagt er til, að framlag til norrænu lyfjaskrárnefndarinnar hækki um 800 kr., og er það í samræmi við þegar ákveðinn þátttökukostnað Íslands sem nefndaraðila.

Um 13. gr.

Í fjárlagafrumvarpinu eru tillögur um fjárframlög til nýrra vega, brúargerða og hafnarmannvirkja verulegum mun lægri en gildandi fjárlagaákvæði um þessa

liði. Nefndin leggur til, að þessar verklegu framkvæmdir verði hækkaðar frá því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Hækkunartillögur nefndarinnar á þessum liðum nema:

a. til nýrra akvega 3980000 kr.
b. til brúargerða 2840000 kr.
c. til hafnargerða 3200000 kr.

Auk þess er lagt til, að 200 þús. kr. verði varið til nýbýlavega, svo sem gert hefur verið á síðustu árum, en ekki hafði verið tekið upp í frumvarpið. Einnig er lagt til, að framlagið til endurbyggingar gamalla brúa verði hækkað um 150 þús. kr. og ekki bundið við stórbrýr einar, eins og verið hefur, heldur megi nota það hvar sem endurbygging brúa þykir nauðsynlegust og án tillits til þess, hve stóra brú er þar um að ræða.

Að samþykktum þeim vega-, brúa- og hafnatillögum, sem nefndin hér leggur fram, mundu framlög til þessara liða verða mjög svipuð og nú eru í gildi í fjárlögum.

Lagt er til, að upplýsingaskrifstofa á Akureyri, sem á fjárlagaákvæðum fyrir Ferðaskrifstofu ríkisins hefur að undanförnu haft 20 þús. kr. styrk til starfsemi sinnar, fái 10 þús. kr. hækkun á framlaginu.

Um 14. gr.

Læknadeild háskólans ráðgerir að leita til nokkurra sérmenntaðra lækna, sem ekki eru prófessorar, um tímakennslu í sérgreinum, og er lagt til að hækka framlag til háskólans til þessa um 70 þús. kr.

Þá er lagt til, að hækkað verði framlag til framhaldsdeildar bændaskólans á Hvanneyri um 15 þús. kr.

Með því að ríkisútgáfa námsbóka hefur nú tekið við útgáfu námsbóka fyrir gagnfræðaskólana, er lagt til, að 10 þús. kr. sérstök fjárveiting til þessa verði felld niður.

Lagt er til, að framlag ríkisins til íþróttasjóðs hækki um 300 þús. kr. og verði jafnhátt og í gildandi fjárlögum.

Á sínum tíma tók ríkissjóður að sér að standa að vissum hluta undir kostnaði við byggingu sundlaugarinnar á Akureyri vegna afnota menntaskólans þar af lauginni. Hin upphaflega áætlaða upphæð ríkisins er þegar greidd. En verkið varð dýrara en áætlað var, og hefur ríkið til þessa ekki greitt neitt af umframkostnaðinum, en hann er rúmlega 100 þús. kr., miðað við sömu hlutfallsþátttöku ríkisins í honum og hinum áætlaða byggingarkostnaði. Nefndin gerir tillögu um, að ríkið greiði 100 þús. kr. vegna þessa umframkostnaðar og skipti greiðslunni á tvö ár, þannig að 50 þús. kr. verði veittar í þessu skyni á fjárlögum 1958 sem fyrri greiðsla.

Lagt er til, að styrkur til Íþróttasambands Íslands, sem hefur með höndum umfangsmikla og kostnaðarsama starfsemi meðal æskufólksins, verði hækkaður um 25 þús. kr.

Við afgreiðslu gildandi fjárlaga var ákveðin 40 þús. kr. greiðsla til styrktar íþróttamönnum til þátttöku í Evrópumeistaramóti í frjálsum íþróttum, er fram á að fara 1958. Var greiðsla þessi hugsuð sem helmingur þess, er fram yrði lagt, og er því hér lagt til, að jafnhá greiðsla verði tekin á næstu fjárlög.

Um 15. gr.

Lagt er til, að veitt verði 20 þús. kr. til, að haldið verði áfram þýðingu Kalevalaljóðanna finnsku, en hluti þeirra kom út á yfirstandandi ári.

Lagt er til, að viðurkenningarstyrkur Williams Craigie, 20 þús. kr., falli niður, þar eð Craigie er nú látinn.

Samband íslenzkra esperantista hyggst gefa út esperanto-orðabók til afnota fyrir þá Íslendinga, er nota vilja það mál. Er lagt til, að útgáfa þessi verði styrkt með 10 þús. kr.

Íslenzka stærðfræðifélagið er aðili að útgáfu norrænna stærðfræðitímarita, og er lagt til, að styrkur til félagsins verði ákveðinn 10 þús. kr., eða hækkaður frá frumvarpinu um 7500 kr.

Ingimar Óskarsson hefur um langt skeið rannsakað íslenzkt plöntulíf og gefið út mörg rit um það efni. Lagt er til, að hann hljóti 8 þús. kr. styrk til rannsókna sinna.

Varðandi leikfélög og lúðrasveitir er gerð tillaga um, að félög þessi sendi menntamálaráðuneytinu skýrslur um starfsemi sína og sanni þannig, að þau hafi með höndum lifandi starf í greinum sínum. Lagt er til, að þrjú ný leikfélög njóti styrks, 8 þús. kr. hvert. Eru þetta leikfélögin í Ólafsvík, á Eskifirði og á Selfossi. Tvær lúðrasveitir bætast við á frumvarpið samkvæmt tillögu nefndarinar með 10 þús. kr. styrk hvor. Þær eru á Ólafsfirði og Selfossi.

Þá er lagt til, að veittar verði 30 þús. kr. til að rita og gefa út æviskrár Vestur-Íslendinga. Söfnun gagna, sem til þess þarf, er kostnaðarsöm, og verður að afla gagna til verksins vestan um haf.

Þorfinnur Kristjánsson prentari í Kaupmannahöfn hefur um langt skeið gefið út tímarit fyrir Íslendinga þar í borg og hefur haft til þess 3500 kr. styrk á fjárlögum. Styrkurinn er bundinn við nafn ritsins Heima og erlendis. Nú er Þorfinnur hættur útgáfu þessa rits, en heldur þó útgáfustarfsemi áfram með sama tilgangi. Lagt er til, að styrkur til hans verði 5000 kr. í þessu skyni og ekki bundinn við rit með ákveðnu nafni.

Um 16. gr.

Nefndin gerir tillögur um verulegar hækkanir á fjárveitingum til fyrirhleðslna í vötn og til sjóvarnargarða, enda er víða hætta á, að stórtjón hljótist af vatna- og sjávarágangi. Hækkunartillögur varðandi sjóvarnargarða nema 1 millj. kr., en breytingartillögur um fyrirhleðslur nema 105 þús. kr. til hækkunar og 50 þús. kr. til lækkunar. Samtals eru því gerðar tillögur um 1055 þús. kr. hækkun á þessum liðum umfram lækkun.

Sandgræðslan er sem kunnugt er fimmtug um þessar mundir og undirbýr útgáfu afmælisrits í því tilefni. Er lagt til, að henni verði veittar 30 þús. kr. til þeirrar útgáfu.

Fjórir nýir dýralæknar munu taka til starfa á næsta ári, og er fjárlagaliðurinn laun dýralækna hækkaður um 188856 kr. í tillögum nefndarinnar af þeim sökum.

Liðurinn til rannsókna hjá sauðfjársjúkdómavörnunum er talinn þurfa að hækka um 13176 kr. til leiðréttingar á launaflokkun eins starfsmanns, og gerir nefndin tillögu um, að svo verði gert.

Breyting hefur orðið á tillagsskyldu þátttakenda í alþjóðahvalveiðiráðinu. Hækkun sú, sem Íslandi ber að greiða, er 1445 kr., og er lagt til, að sú hækkun komi á fjárlög.

Um 17. gr.

Lagt er til, að Barnaverndarfélag Akureyrar fái 20 þús. kr. byggingarstyrk á næsta ári, en það er jafnhár styrkur og félag þetta hefur á fjárlögum nú, en rétt hefur þótt að binda styrkinn við byggingarframkvæmdir nú, enda áformar félagið að byggja dagheimili fyrir börn.

Framlag Íslands til Organization of the European Economic Cooperation (OEEC) hefur verið ákveðið 77661 kr. á næsta ári, og því er lagt til, að tillagið til þeirrar stofnunar hækki um 8661 kr.

Um 22. gr.

Heimild sú, sem nú er í fjárlögum fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, nær aðeins til smíði þeirra báta, sem fiskveiðasjóður veitir lán til. Nú er tekin til starfa skipasmíðastöð, er smíðar nótabáta og einstaka hluta í vélbáta (stýrishús) úr sérstöku gerviefni, en þær smíðar

eru ekki þess eðlis, að fiskveiðasjóður veiti lán til þeirra. Hér er hins vegar um merka nýjung að ræða, sem rétt þykir að njóti sams konar fyrirgreiðslu af opinberri hálfu og annar skipasmíðaiðnaður, og því er lagt til, að ríkisstjórnin fái heimild til að ábyrgjast allt að 200 þús. kr. lán fyrir Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f til að byggja nótabáta úr hinu svonefnda Deborine-efni.

Lagt er til, að ríkisstjórninni verði enn, svo sem verið hefur undanfarin ár, heimilað að ábyrgjast 1 millj. kr. rekstrarlán fyrir Siglufjarðarbæ vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.

Ríkissjóður eignaðist á sínum tíma svonefnda Miðbryggju í Keflavík, og var hún afhent ríkissjóði sem greiðsla upp í stóreignaskatt. Ríkissjóður hefur engar tekjur haft af eign þessari, sem er nær eingöngu notuð til afgreiðslu opinna fiskibáta. Er hér lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að afhenda Keflavíkurbæ mannvirki þetta til eignar og ábyrgjast jafnframt lán, sem hinn nýi eigandi mundi þurfa að taka til aðkallandi viðgerða á nefndri bryggju.

Yfirlit.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar hækka útgjöld á hinum einstöku greinum fjárlaganna um 12.4 millj. kr., svo sem eftirfarandi skrá ber með sér:

	Er skv. frv.	Yrði að samþ. till. nefndarinnar	Hækkun
11. gr.	71 988 523	72 072 523	84 000
12. gr.	55 694 431	55 751 778	57 347
13. gr.	103 816 507	114 196 507	10 380 000
14. gr.	130 164 242	130 654 242	490 000
15. gr.	21 824 668	21 925 668	101 000
16. gr.	113 408 609	114 697 086	1 288 477
17. gr.	105 818 907	105 847 568	28 661
		Hækkun samtals	12 429 485

Rekstraryfirlit frumvarpsins sýnir 9421583 kr. rekstrarafgang. Að samþykktum tillögum nefndarinnar mundi verða 3007902 kr. rekstrarhalli á frumvarpinu.

Sjóðsyfirlit frumvarpsins sýnir 71455676 kr. óhagstæðan greiðslujöfnuð. Að samþykktum tillögum nefndarinnar mundi sú upphæð hækka í 83885161 kr.

Einn nefndarmanna, þeirra sem meiri hlutann skipa, Sveinbjörn Högnason, var fjarverandi, þegar nefndarálit þetta var samið, og skrifar því ekki undir.

Alþingi, 11. des. 1957.

Karl Guðjónsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.

Halldór E. Sigurðsson. Friðjón Skarphéðinsson.

Nd. 148. Frumvarp til laga [88. mál]

um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni sauðfjár ber skylda til að láta fram fara rækilega böðun, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, á öllu því sauðfé, sem hann hefur undir höndum, þar með talið fóðrafé tekið af öðrum og fé, sem heimtist eftir böðun.

Lögskipaðar baðanir skulu fara fram annað hvert ár á öllu landinu á sama vetri á tímabilinu frá 15. október til 15. febrúar. Skulu sauðfjáreigendur hafa nothæf tæki eða aðstöðu til böðunar eða greiða þann kostnað, er af útvegun tækjanna leiðir, ef þeir leggja þau ekki til sjálfir. Þeir skulu einnig sjá fyrir hæfum vinnukrafti, svo að böðun geti að dómi baðstjóra gengið greiðlega og þannig, að viðhlítandi sé.

2. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða mikilla óþrifa í sauðfé, er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að fyrirskipa, að sauðfé skuli skoðað og baðað árlega eða oftar á stærri eða minni landsvæðum, eftir því sem nauðsyn krefur.

3. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim héruðum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti sem þeir geta annazt slíkt eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðun, einn í hverju sýslu- eða bæjarfélagi, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefndar eða bæjarstjórnar. Skal skipa eftirlitsmenn til fjögurra ára í senn. Eftirlitsmenn skulu annast undirbúning böðunar hver í sínu umdæmi. Þeir skulu hlutast til um, að verzlanir hafi næg baðlyf, leiðbeina baðstjórum og annast skýrsluhald varðandi sauðfjárböðun. Þá skulu þeir einnig í samráði við baðstjóra ákveða, hvenær baða skuli í hverjum hrepp innan þess takmarks, sem ákveðið er í 1. gr., og tilkynna það sauðfjáreigendum.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu í samráði við hreppsnefndir útnefna baðstjóra, einn eða fleiri í hverjum hreppi, eftir því sem nauðsyn krefur. Í bæjum ráða eftirlitsmenn baðstjóra eftir þörfum í samráði við bæjarstjórn. Baðstjórar skulu skipuleggja böðunarframkvæmdir, hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, hafa gát á því að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum, og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu.

Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hverrar sýslu eða bæjarfélags greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar. Kaup baðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

5. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á, að kind hafi sýkzt af fjárkláða, skal sá, er kindina hefur undir höndum, einangra hana án tafar frá öðru fé og tilkynna hreppstjóra eða bæjarstjóra þegar í stað. Er þeim skylt að halda hinu kláðasjúka fé í einangrun á kostnað eiganda, unz úrskurður dýralæknis hefur fengizt um, hvort um fjárkláða sé að ræða.

Reynist kindin kláðasjúk, skal dýralæknir gera ráðstafanir til útrýmingar sjúkdóminum strax og fært þykir í samráði við yfirdýralækni og viðkomandi eftirlitsmann.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, veitt frest eða undanþágu frá lögboðinni sauðfjárböðun, ef heilbrigði fjárins er svo háttað að dómi héraðsdýralæknis, að hætta kunni að stafa af böðun, eða ef hann álítur hættu á, að böðun geti valdið útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við sauðfjárbaðanir.

Ef baða þarf fé oftar en einu sinni sama veturinn vegna fjárkláða, greiðir ríkissjóður andvirði baðlyfjanna að hálfu leyti, eins og þau kosta á næsta verzlunarstað. Fjáreigendur greiði annan kostnað við sauðfjárbaðanir.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd sauðfjárbaðana, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands. Er heimilt í slíkri reglugerð að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigendur hafa eigi án lögmætra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir lögskilinn tíma, og að heimilt sé að baða sauðfé á kostnað eiganda, hafi hann eigi lokið böðun á tilskildum tíma.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 1000—10000 kr., sem renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

Skal fara með þau mál að hætti opinberra mála.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 90 frá 3. maí 1935, um útrýmingu fjárkláðans, og lög um sauðfjárbaðanir, nr. 19 13. janúar 1938.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta eftir beiðni landbúnaðarráðuneytisins, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frv. fylgdi svofelld greinargerð:

Hinn 14. október s. l. fól landbúnaðarráðherra þeim Páli A. Pálssyni yfirdýralækni og Steingrími Steinþórssyni búnaðarmálastjóra að endurskoða gildandi lagaákvæði um sauðfjárbaðanir og semja uppkast að lagafrumvarpi um það efni. Hafa þeir samið lagafrumvarp þetta, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Á undanförnum árum hafa víða meðal bænda komið fram allháværar raddir um, að breytinga væri þörf á núgildandi lagaákvæðum um sauðfjárbaðanir. Þess vegna var á síðasta búnaðarþingi borin fram tillaga af fulltrúa Vestur-Húnvetninga um endurskoðun og breytingu á lögum um sauðfjárbaðanir. Var tillaga hans þannig:

„Þar sem nú eru í notkun baðlyf, sem hafa reynzt svo örugg í notkun, að þrif á sauðfé eru nú hin beztu í landinu yfirleitt, stór landsvæði afgirt þannig, að samgöngur eru nú mjög takmarkaðar frá því, sem áður var, og því ekki jafnerfitt og áður að hindra útbreiðslu óþrifa, lög frá 1938 hins vegar orðin gömul og úrelt, enda brotin á flestum sviðum, sérstaklega það ákvæði laganna, að þrifaböðun fari undantekningalaust fram árlega, þá tel ég nauðsyn bera til, að búnaðarþing það, er nú situr, taki til athugunar að vinna nú þegar að því, að lögunum verði breytt í þá átt, að sauðfjáreigendur geti við unað."

Í framhaldi af tillögu þessari samdi búfjárræktarnefnd búnaðarþings frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir, sem gerði ráð fyrir, að lögbundnar þrifabaðanir skyldu fara fram annað hvert ár.

Ekki náðist þó samkomulag um afgreiðslu frumvarpsins á búnaðarþingi, og var málið afgreitt með eftirfarandi dagskrártillögu:

„Með því að frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir felur í sér miklar breytingar frá eldri lögum, ályktar búnaðarþing að senda frumvarpið heim í hreppana, sauðfjáreigendum til athugunar og umsagnar."

Samkvæmt þessari samþykkt búnaðarþings var áðurnefnt frumvarp sent öllum hreppsnefndum til umsagnar.

Svör hafa aðeins borizt frá 48 hreppsnefndum. Eru svörin allósamhljóða, 31 er hlynntur þeirri breytingu að lögbjóða þrifaböðun aðeins annað hvert ár, en 17 svör voru á þá leið, að eigi væri ráðlegt að gera breytingar á núverandi lagaákvæðum um þetta efni.

Gera má ráð fyrir, að svör þau, sem borizt hafa, þótt ekki séu þau fleiri, gefi nokkuð rétta mynd af skoðun bænda á þessu máli, og væntanlega eru það þeir, sem áhuga hafa á málinu, sem senda svör sín.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir sömu aðalbreytingu á þessum málum og fram kom í frumvarpi því, sem lagt var fyrir búnaðarþing, að lögboðin þrifaböðun skuli framkvæmd annað hvert ár. Jafnframt er þó í 2. gr. frumvarpsins heimild til þess að fyrirskipa á stærri eða minni svæðum, jafnvel öllu landinu, böðun á sauðfé tvisvar á vetri eða oftar, ef svo reynist, að nauðsyn beri til vegna kláða eða mikilla óþrifa í sauðfé.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að með þeim lyfjum, sem nú eru tiltæk, er vel gerlegt að halda lús á sauðfé alveg í skefjum og útrýma henni að því er virðist úr heilum héruðum, ef samvizkusamlega er unnið. Virðist svo, að það sé fyrst og fremst vandvirkni, sem hefur skort á þeim fáu stöðum, þar sem enn verður vart við lýs á sauðfé. Þá er og þess að gæta, að samgöngur fjár í landinu er nú mjög með öðrum hætti en áður var, á þeim tíma, er núverandi lög tóku gildi. Má gera ráð fyrir, að þær hömlur á fjársamgöngum, sem nú eru, haldist enn um alllangt árabil, en þær auðvelda mjög baráttuna gegn óþrifum í sauðfé í landinu sem heild.

Á þeim árum, er núgildandi löggjöf um sauðfjárbaðanir var sett, mun fjárkláði enn hafa verið allútbreiddur í sumum héruðum landsins og lús á sauðfé, einkum færilús, var algeng. Er þetta samdóma álit þeirra, er þá voru kunnugir þessum málum, enda þótt skýrslur um þessi atriði séu ekki fyrir hendi.

Um svipað leyti og lögin tóku gildi, fór að bera á mæðiveiki í sauðfé, og náði sú veiki skjótt mjög mikilli útbreiðslu, eins og kunnugt er. Hlífðust því margir bændur í þeim héruðum, þar sem mæði og votamæði geisaði, við að baða sauðfé sitt, nema brýn nauðsyn krefði, því að almennt var talið, að mæðiveikt fé þyldi illa baðanir, jafnvel þó að fyllstu varúðar væri gætt. Þá mun og ekki hafa verið gengið mjög fast eftir því af hreppsnefndum og öðrum yfirvöldum, sem um þessi mál áttu að fjalla, að hinum lögskipuðu þrifaböðunum væri framfylgt. Þó mun þetta hafa verið nokkuð misjafnt eftir því, hvar á landinu var, t. d. var mjög myndarlega unnið að því að útrýma fjárkláða á þessum árum á Suðurlandi.

Það sýnir einnig glöggt, að ástandið var ekki sem bezt í þessum málum, að ákvæði um útrýmingu fjárkláða eru tekin upp í lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, er afgreidd voru frá Alþingi 1947.

Í sambandi við hin stórfelldu fjárskipti, sem fram fóru á árunum 1944—1952, var reynt eftir megni að útrýma fjárkláðanum, en hann var við byrjun fjárskiptanna nokkuð útbreiddur í sumum sveitum á Vestfjörðum og dreifðist þaðan fyrstu árin eftir að fjárskipti hófust.

Veturinn 1948—1949 var framkvæmd útrýmingarböðun á Vestfjörðum, og kom þá í ljós, að fjárkláði fannst í öllum sýslum á Vestfjörðum nema V.-Ísafjarðarsýslu.

Haustið 1948 voru flutt fjárskiptalömb í Húnavatnssýslur, og fannst kláði þar fyrsta veturinn á 32 bæjum. Virtist svo sem kláðinn hefði borizt með fjár-

skiptalömbunum í flestum tilfellum. Á þessu fjárskiptasvæði var því líka framkvæmd útrýmingarböðun á sauðfé.

Ekki reyndist þó unnt að útrýma fjárkláðanum að fullu í þessum landshlutum með útrýmingarböðununum. Hann reyndist furðu lífseigur á einstaka bæjum, þrátt fyrir ítrekaðar baðanir.

Síðan hafa aðgerðir í stórum dráttum verið þær, að þrifabaðanir hafa árlega farið fram á Vestfjörðum og eldri fjárskiptasvæðum, en tvíbaðað hefur verið á nýjum fjárskiptasvæðum sama árið og fjárskiptin hafa verið framkvæmd.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda bæja, þar sem fé hefur fundizt smitað af fjárkláða síðan 1948. Þess ber að gæta, að eftir því sem fjárskiptum miðaði áfram, jókst svæði það, sem baðað var á undir eftirliti, og jafnframt tala baðaðs fjár ár hvert.

Veturinn:	Tala býla með fjárkláða:
1948—49	64
1949—50	17
1950—51	5
1951—52	7
1952—53	2
1953—54	1
1954—55	4
1955—56	2
1956—57	1

Samkvæmt þessu yfirliti hefur tala býla, þar sem kláða hefur orðið vart, farið jafnt og þétt lækkandi, en þó er líklegt, að honum sé ekki enn að fullu útrýmt úr landinu, því að fjárkláði getur leynzt furðu lengi, ef viss skilyrði eru fyrir hendi, án þess að eftir honum verði tekið.

Sú skoðun hefur verið nokkuð almenn hér á landi, að útrýma megi kláða í sauðfé til fulls með einni allsherjar útrýmingarböðun. Kom þessi skoðun berlega í ljós, er lögin um útrýmingu fjárkláða, nr. 90 1935, voru til umræðu á Alþingi á sínum tíma.

Eins og aðstæður eru hér á landi, bæði með samgang sauðfjár, fjárhúsabyggingar, heimtur o. fl., mun þó vera mjög hæpið, eins og reynslan hefur sýnt, að treysta um of á almenna útrýmingarböðun til þess að losna að fullu við fjárkláðann. Auk þess er vart gerlegt að framkvæma allar baðanir hér með sérstaklega þjálfuðu starfsliði, eins og tíðkast víða erlendis. Hér vinna bændur sjálfir að böðun og vart annað fyrirkomulag framkvæmanlegt. Jafnvel þó að framkvæmd böðunar sé háð eftirliti, er ávallt hætta á, að einhvers staðar skeiki um næga vandvirkni, þar sem margar hendur vinna erfitt og vandasamt verk. Því höfum við talið, eins og nú er komið þessum málum, að reglulegar þrifabaðanir með vissu millibili séu heppilegasta leiðin til þess að losna við óþrif í sauðfé.

Á hinn bóginn hefur sú skoðun orðið næsta almenn meðal bænda hin síðari ár, að þegar ekki verður vart færilúsa eða kláðamaura í heilum héruðum, megi slá slöku við sauðfjárbaðanir.

Afleiðing þessarar skoðunar hefur orðið sú, að mikillar tregðu hefur gætt víða með framkvæmd á lögskipuðum þrifaböðunum. Nú er svo komið, að mjög er erfitt að framkvæma þrifabaðanir af þessum sökum og sektarákvæði gildandi laga svo lág, að þau veita enga stoð í þessu efni.

Að vel athuguðu máli höfum við því gert ráð fyrir því í meðfylgjandi frumvarpi, að þrifabaðanir yrðu framkvæmdar annað hvert ár, en jafnframt reynt með ákvæðum um aukið eftirlit og hækkuðum sektum að girða fyrir, að menn komist undan því að baða fé sitt.

Ef þessar aðgerðir reynast eigi nægilegar, heimilar 2. gr. laganna frekari og ýtarlegri framkvæmdir til eyðingar óþrifum í sauðfé.

Um einstakar gr. frv. skal þetta tekið fram.:

Um 1. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir verulegri breytingu frá núgildandi lagaákvæðum, þar sem svo er til ætlazt, að þrifaböðun sauðfjár fari nú fram annað hvert ár, í stað þess að þrifaböðun skuli fara fram árlega, eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 19 13. jan. 1938. Eins og fyrr er sagt, er breyting þessi gerð samkvæmt reynslu undanfarinna ára, sem leitt hefur í ljós, að eyða má lús af sauðfé með einni böðun, sé nægilegrar vandvirkni gætt.

Mjög er misjafnt, á hvaða tíma árs bændur vilja baða. Ræður þar mestu um tíðarfar og búskaparhættir. Flestir munu þó leitast við að ljúka böðunum fyrir hátíðar, en í nokkrum héruðum eru menn vanir að bíða með sauðfjárbaðanir fram yfir fengitíma. Virðist eðlilegt að heimila nokkurt svigrúm í þessu efni. Hins vegar er ekki heppilegt, að baðanir dragist fram yfir 15. febrúar, ef tvíbaða þarf fé sama veturinn eða ef baða þarf hjá mönnum, sem hafa viljað skjóta sér undan að baða fé sitt, eins og alloft hefur átt sér stað.

Það virðist sjálfsögð krafa, að sauðfjáreigendur hafi útbúnað til þess að baða fé sitt, enda sú aðstaða víðast hvar fyrir hendi nú orðið, nema í þéttbýli, þar sem menn reka fé til böðunar á einn stað.

Með þeirri fólksfæð, sem víða er í sveitum landsins að vetrinum, hefur virzt fullkomin ástæða til þess að tryggja, að sauðfjáreigendur hafi nægan vinnukraft við böðun, svo að hún verði af þeirri ástæðu fljótt og vel af hendi leyst og taki eigi óhóflega langan tíma, þar sem leggja verður áherzlu á, að baðstjóri ljúki böðun í sínu umdæmi á sem skemmstum tíma.

Um 2. gr.

Með þessari grein ætti að vera nægilega tryggt, að fjárkláði eða önnur óþrif í sauðfé nái eigi útbreiðslu. Eins og nú er háttað samgöngum sauðfjár, virðist ekki líklegt, að til útrýmingaraðgerða þurfi að grípa nema á takmörkuðum svæðum, t. d. í fjárskiptahólfi eða hluta þess.

Um 3. gr.

Vart verður hjá því komizt að leita til héraðsdýralækna, er greina þarf vafasöm tilfelli af fjárkláða, þar sem smásjárrannsókn er nauðsynleg. Því þykir eðlilegt, að þeir gegni hlutverki eftirlitsmanna í þeim héruðum, þar sem þeir eru búsettir, enda hafa þeir að ýmsu leyti hentugri aðstöðu til þess að sinna þessu starfi en aðrir.

Aðrir eftirlitsmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Með því skapast meiri festa í starfið, og það ætti að reynast hægara í framkvæmd.

Um 4. gr.

Reynslan undanfarin ár hefur berlega sýnt, að tilgangslítið er að ætla sér að framkvæma baðanir, svo að í nokkru lagi sé, nema baðstjórar séu viðstaddir til þess að sjá um böðun á hverjum bæ, fylgjast með því, að rétt baðlyf séu notuð, blöndun sé rétt framkvæmd og að öllu sé farið eftir settum reglum, auk þess sem með því einu móti er unnt að fylgjast með því, hvort óþrifa verði vart. Teljum við ákvæði þessarar greinar mjög mikilsvert vegna þess, að einmitt þetta atriði, að baðstjórar séu viðstaddir og stjórni böðun, hefur reynzt mjög nauðsynlegt, því að ella fer böðun oftast í handaskolum. Núgildandi lagaákvæði um þrifabaðanir, nr. 19 13. jan. 1938, kveða ekki skýrt á um þetta atriði, og hefur það verið mjög til baga við framkvæmd þeirra.

Um greiðslu til baðstjóra og eftirlitsmanna er gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi og tíðkazt hefur.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar miðar að því að tryggja svo sem unnt er að hefta útbreiðslu og uppræta fjárkláðann, strax og sjúkdómsins verður vart. Ákvæði þessu svipuð hafa verið í gildandi lögum og komið að verulegu gagni hin síðari ár.

Um 6. gr.

Þar sem svo getur verið háttað heilsufari sauðfjár, að áhætta sé nokkur samfara böðun, þykir rétt að hafa í lögunum heimild til þess að fresta eða veita undanþágu frá böðun, ef slíkt er réttmætt að dómi dýralæknis. Sama máli gegnir, ef smithætta er talin geta stafað af böðun, þar sem margt fé er rekið saman til böðunar.

Um 7. gr.

Gæði og val baðlyfja hafa iðulega valdið deilum hér á landi. Því þykir full ástæða til þess að setja í lögin ákvæði þess efnis, að fara skuli eftir tillögum sérfróðs manns um val baðlyfja, svo að tryggt sé, að viðurkennd og reynd baðlyf séu notuð. Það mundi og torvelda mjög framkvæmd böðunar, ef mörg ólík baðlyf væru í notkun samtímis.

Um greiðslu ríkissjóðs á hluta af baðlyfskostnaði, ef endurtaka þarf böðun sama veturinn, er gert ráð fyrir svipuðum ákvæðum og nú gilda.

Um 8. gr.

Sumir sýslumenn, er hafa þurft að hafa afskipti af böðunarmálum undanfarin ár, hafa lagt áherzlu á, að með dagsektum mætti knýja þá menn, sem þráast við að baða, til þess að framkvæma böðun, en slíkt ber ekki ósjaldan við, án þess að frambærilegar afsakanir séu fyrir hendi. Þykir því rétt að taka upp þessi ákvæði ásamt ákvæði um valdböðun á kostnað eiganda.

Um 9. gr.

Hin lágu sektarákvæði laga nr. 19 13. jan. 1938 eru löngu úrelt orðin vegna geysilegrar rýrnunar á verðgildi peninga. Þykir því sjálfsagt að hækka verulega sektir, sem beita má fyrir brot á lögunum.

Ed. 149. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Lögin um kosningar til Alþingis voru sett árið 1942. Þau lög voru mjög vandlega undirbúin, samin að stofni til af undirbúningsnefnd, er starfaði 1933—34, og síðan endurskoðuð, þegar kjördæmaskipuninni var breytt 1942.

En þótt þau lög séu vönduð og vel undirbúin, eru að sjálfsögðu ýmis atriði í þeim, sem rétt er að endurskoða með tilliti til fenginnar reynslu um 15 ára skeið. Svo hefur Alþingi einnig virzt, því að 13. apríl 1954 samþykkti sameinað Alþingi að kjósa 7 manna nefnd til þess að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og lög um sveitarstjórnarkosningar. Í þá nefnd voru kosnir 7 menn, en formennsku í nefndinni hefur frá upphafi haft á hendi einn af þingmönnum Framsóknarflokksins, Páll Þorsteinsson, þingmaður Austur-Skaftfellinga. En þótt nefndin hafi setið að störfum í nærri 4 ár, hefur ekkert frá henni heyrzt eða neinar tillögur frá henni borizt enn.

Nú hefur hæstvirt ríkisstjórn lagt fram stjórnarfrumvarp um nokkrar breytingar á kosningalögunum, frumvarp, sem er svo illa undirbúið og hefur að geyma svo fáránleg ákvæði, að furðu sætir. Virðist, að nær hefði verið fyrir ríkisstjórnina að beita áhrifum sínum til þess, að milliþinganefndin skilaði áliti um kosningalögin í heild, heldur en að leggja fyrir Alþingi þá hrákasmíð og hrófatildur, sem þetta stjórnarfrumvarp er.

Við setningu stjórnarskrár og kosningalaga undanfarna áratugi hefur það jafnan verið stefna og tilgangur löggjafans að gera kjósendum auðveldara fyrir um að neyta atkvæðisréttar síns, bæði á þá lund að rýmka kosningarréttinn frá því, sem áður var, og fremur hvetja menn og örva til þess að neyta hans heldur en að gera það torveldara.

En þetta stjórnarfrumvarp miðar að því gagnstæða. Meginatriði þess stefna að því að gera kjósendum erfiðara að neyta atkvæðisréttar síns, auka stórlega á skriffinnskuna og banna og jafnvel gera það refsivert að örva og hvetja menn til þess að kjósa.

2. gr. þessa frumvarps ákveður, að slíta skuli kjörfundi eigi síðar en kl. 23 (kl. 22 upphaflega í frv.). Nú mun það að vísu hafa tíðkazt sums staðar, að kjörfundi hefur verið haldið áfram lengur en til miðnættis, þegar kjósendur hafa gefið sig fram á þeim tíma. Virðist eðlilegast samkvæmt gildandi lögum, að kosningu sé lokið kl. 24 á miðnætti og kjörfundi þá slitið, enda er kjördagur þá á enda. Til þessa þarf enga lagabreytingu. Hitt virðist óeðlilegt og ástæðulaust, að lögskipa að slíta kjörfundi fyrir miðnætti eða áður en kjördagur er á enda. Verður ekki séð, að gengið sé á rétt nokkurs manns, þó að kjörfundur standi áfram til loka kjördags.

Frá því er leynilegar kosningar voru lögleiddar á Íslandi, hefur það verið heimilt og þótt sjálfsagt, að frambjóðendur mættu vera á kjörfundi eða hafa fulltrúa sína og umboðsmenn þar, bæði til þess að sjá um, að allt fari löglega fram og fylgjast með því, hvernig kosningu miðaði áfram og hver þátttaka væri. Ef kosningaþátttaka er léleg, hafa frambjóðendur og umboðsmenn þeirra oft og tíðum hvatt kjósendur, sem ekki voru búnir að kjósa, til þess að neyta atkvæðisréttar síns, og hefur fram til þessa víst fáum eða engum dottið í hug, að slíkt ætti að vera ólöglegt eða refsivert atferli.

Nú vill ríkisstjórnin gerbreyta hér til. Með 3. gr. á að banna með öllu að senda af kjörfundi upplýsingar um það, hvaða kjósendur koma og neyta atkvæðisréttar síns, og refsing lögð við, ef út af bregður. En ekki nóg með það, heldur er í 3. gr. mönnum bannað að skrifa hjá sér, hver greiðir atkvæði og hver ekki. Og loks er frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra gert óheimilt að hafa með sér á kjörfundi kjörskrá eða nokkra aðra skrá. Ef maður leyfði sér t. d. að hafa með sér símaskrá á kjörstað, þá má dæma hann til refsingar fyrir annað eins athæfi.

Í 6. gr. er það bannað og heimfært undir óleyfilegan kosningaróður eða kosningaspjöll að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur auðkenni á bifreiðum, meðan kjörfundur stendur yfir, þ. e. á kjördaginn. Er þetta ákvæði svo víðtækt, að ef því ætti að framfylgja, þá ætti að nema af öllum bifreiðum einkennisbókstafi þeirra, meðan á kjörfundi stendur.

Þá er í 8. gr. lögð við því refsing, allt að 4000 kr. sekt, ef maður gefur öðrum upplýsingar um það, hverjir hafi kosið á kjördegi. Ef maður er á kjördegi eða síðar spurður um það, hvort þessi eða hinn kjósandi hafi neytt atkvæðisréttar síns, og maðurinn svarar játandi eða neitandi, þá er hægt að dæma hann til refsingar fyrir það.

Fleiri dæmi skulu ekki rakin hér um það, hversu fáránleg ýmis ákvæði þessa stjórnarfrumvarps eru. En með því er verið að teygja refsivönd laganna til orða og athafna, sem engum heilvita manni getur dottið í hug að eigi að vera ólöglegt eða hegningarvert.

Ef það á að vera tilgangur frumvarpsins að friða kjördaginn, þá mun frumvarpið ekki ná tilgangi sínum, heldur verka þveröfugt. Ef frambjóðendur eða kosningaskrifstofur mega alls ekki, að viðlagðri refsingu, fylgjast með því, hvernig kosningu miðar áfram og hverjir kjósa, er viðbúið, að kjósendur verði fyrir meira ónæði en verið hefur, ekki aðeins þeir, sem ekki hafa kosið, heldur einnig hinir, sem búnir eru að neyta kosningarréttar síns, án þess að frambjóðendum

eða kosningaskrifstofum sé um það kunnugt. Sýnir þetta m. a., hversu vanhugsað frumvarpið er. Það sýnist erfitt að finna nokkra heila brú í þessu frumvarpi.

Eitt stjórnarblaðanna hefur látið orð falla í þá átt, að frv. sé aðallega stefnt gegn sjálfstæðismönnum í Reykjavík til þess að torvelda þeim kjörsókn. Er það vissulega fróðlegt að heyra, að andúð stjórnarflokkanna í garð íbúa höfuðstaðarins sé svo mögnuð, að gera þurfi sérstakar breytingar á kosningalögum til þess að torvelda þeim að neyta atkvæðisréttar síns.

Þar sem þetta frumvarp miðar fyrst og fremst að því að gera mönnum erfiðara en áður að neyta atkvæðisréttar síns og er því ólýðræðislegt og ber keim af einræðistilhneigingum, að frumvarpið gerir orð og athafnir saknæmar og refsiverðar, sem heilbrigð skynsemi hefur talið og hlýtur að telja eðlilegar og löglegar, og að eðlilegt virðist, að milliþinganefndin um endurskoðun kosningalaganna hraði störfum og heildarendurskoðun laganna fari fram sem fyrst, þá leggur minni hluti hluti nefndarinnar til, að frumvarpið sé fellt.

Alþingi, 11. des. 1957.

Jón Kjartansson.

Sþ. 150. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1958.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til fjárlagafrumvarpsins, enda er þess naumast að vænta, þar sem afgreiðsla fjárlaga hlýtur á hverjum tíma að vera einn veigamesti þáttur stjórnarstefnunnar. Hafa líka vinnubrögð öll í sambandi við undirbúning fjárlagafrv. til 2. umr. verið mjög í samræmi við starfshætti núverandi ríkisstjórnar.

Svo sem tekið er fram í nefndaráliti meiri hl. nefndarinnar, sem skipaður er fulltrúum stjórnarflokkanna í n., flytur nefndin sameiginlega breytingartillögur við fjárlagafrv. á sérstöku þingskjali. Við undirritaðir, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, höfum þó þann fyrirvara um aðild okkar að þessum tillögum, að hækkun framlaga til verklegra framkvæmda er í meginatriðum í samræmi við okkar afstöðu, en um einstaka liði tillagnanna höfum við óbundnar hendur.

Við 1. umr. fjárlagafrv. var af hálfu Sjálfstæðisflokksins á það bent, að eina viðleitni ríkisstj. til sparnaðar væri niðurskurður fjárveitinga til ýmissa verklegra framkvæmda, svo sem vega, brúa, hafna og skóla, um 13.6 millj. kr. Væri sá niðurskurður að vísu framhald þeirrar stefnu, sem ríkisstjórnin markaði í tillögum sínum um verklegar framkvæmdir í fjárlagafrv. fyrir árið 1957, en Sjálfstæðisflokkurinn hefði þá eindregið snúizt gegn þeirri stefnu stjórnarinnar og mundi eins í þetta sinn leggja áherzlu á, að ekki yrði dregið úr fjárveitingum til þessara undirstöðuframkvæmda undir afkomu fólksins víðs vegar um byggðir landsins. Væri nauðsynlegt að reyna fremur að spara á öðrum liðum.

Svo sem tillögur nefndarinnar bera með sér, hefur stjórnarliðið í n. ekki treyst sér til að styðja þessa stefnu ríkisstjórnarinnar um niðurskurð á framlögum til verklegra framkvæmda, og leggur nefndin samhljóða til, að fjárveitingar til vega, brúa og hafna verði hækkaðar í sömu upphæð og í núgildandi fjárlögum. Að vísu hefði þurft meiri hækkun vegna aukinnar dýrtíðar til þess að halda í horfinu um þessar framkvæmdir. Um skiptingu fjárveitinga milli einstakra framkvæmda erum við ekki sammála meiri hluta nefndarinnar í öllum atriðum.

Tillögur nefndarinnar um önnur efni eru yfirleitt ekki veigamiklar.

Það er því ekki ágreiningur um þær tillögur, er nefndin nú leggur fram, sem er orsök þess, að við fulltrúar Sjálfstfl. í n. skilum séráliti um fjárlagafrv. við þessa umræðu, heldur er orsakanna að leita í meðferð fjárlagafrv. í nefndinni og ýmsum þeim atriðum málsins, sem ekki hafa enn séð dagsins ljós, en eru frumskilyrði þess, að hægt sé að mynda sér raunhæfa skoðun á afgreiðslu fjárlaga og fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar.

Við afgreiðslu fjárlaga á síðasta þingi var á það bent af minni hl. fjvn., að vinnuaðferðir meiri hl. n. hefðu að ýmsu leyti verið óheppilegar, en þó hefði einkum á það skort, að fjármálaráðherra gæfi nefndinni nauðsynlegar upplýsingar um tekjuhorfur ríkissjóðs.

Þessir annmarkar eru þó smámunir miðað við þau óhæfilegu vinnubrögð, er beitt hefur verið við afgreiðslu fjárlagafrv. nú í nefndinni. Munu þær starfsaðferðir einsdæmi við afgreiðslu fjárlaga. Er þó rétt að geta þess, að meiri hluti n. mun ekki eiga upptök að þessum starfsháttum, heldur ríkisstjórnin, þótt segja megi að vísu, að meiri hluti n. hefði átt að rísa gegn svo óhæfilegum fyrirmælum.

Fjárlagafrv. hefur verið til athugunar í n. síðan um miðjan októbermánuð, en allt þar til um síðustu helgi hefur ekkert verið unnið að raunverulegri afgreiðslu málsins í n., heldur hefur tíminn verið notaður eingöngu til hefðbundinna viðtala við forustumenn ríkisstofnana og yfirlestur erinda. Það var fyrst s. l. laugardag, að tekin var ákvörðun um fjárveitingar til verklegra framkvæmda. Föst venja er að gefa vegamálastjóra, vitamálastjóra, fræðslumálastjóra og fjármálaeftirlitsmanni skóla rúman tíma til þess að undirbúa tillögur sínar um skiptingu fjár til þessara mikilvægu framkvæmda, er undir þeirra stjórn falla og eru einn veigamesti þáttur í afgreiðslu fjárlaga, en nú er þess krafizt, að þeir skili tillögum sínum með eins dags fyrirvara. Þingmenn hafa því enga aðstöðu haft til að bera saman bækur sínar og þessara embættismanna um einstakar framkvæmdir í kjördæmum sínum, og þess er krafizt, að þingmenn afhendi nefndinni óskir sínar, án þess að geta kynnt sér tillögur áðurnefndra embættismanna. Raunverulega er frv. afgreitt frá n. á tveimur dögum, og gefur auga leið, hvílíkt flaustur hefur verið á afgreiðslunni, enda þverbrotnar allar fyrri starfsreglur n., og verður að átelja harðlega þessi vinnubrögð.

Ríkisstj. lagði fjárlagafrv. fram með rúml. 71 millj. kr. greiðsluhalla, en að auki vantar 20 millj. kr. til niðurgreiðslu á vöruverði, sem þegar hafa verið ákveðnar. Þessu til viðbótar hefur meiri hl. n. talið fært að hækka útgjöld ríkissjóðs um 12.4 millj. Eigi ekki að afgreiða fjárlög með miklum greiðsluhalla, verður að brúa þetta bil. Er það að sjálfsögðu hlutverk ríkisstjórnarinnar að gera tillögur um fjáröflun í þessu skyni. Þótt ríkisstjórnin hafi nú krafizt þess af stuðningsliði sínu í n., að fjárlagafrv. yrði afgreitt til 2. umr., hefur ríkisstj. ekki gefið n. neinar upplýsingar um það, hvernig brúa eigi hið stóra bil milli tekna og gjalda í frv. Eigi liggja heldur fyrir neinar upplýsingar um úrræði ríkisstj. um fjáröflun í útflutningssjóð, en það atriði hefur að sjálfsögðu margvísleg áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Við höfum í n. lagt til, að n. tæki til sérstakrar athugunar, hvort eigi væri auðið að lækka ýmsa rekstrarliði frv. til þess að mæta þeim hækkunartillögum til verklegra framkvæmda, sem n. ber fram. Meiri hl. n. hefur, á þessu stigi málsins að minnsta kosti, hafnað samvinnu við okkur um þessa athugun. Þótt aðstaða okkar til sjálfstæðrar athugunar sé erfið, munum við íhuga fyrir 3. umr., hvort eigi muni fært að lækka einhverja útgjaldaliði frv.

Minn hl. n. flytur engar sjálfstæðar tillögur við 2. umr. fjárlagafrv. Ástæðan er ekki sú, að við teljum öllu réttlæti fullnægt með frv. sjálfu og sameiginlegum brtt. n., heldur hin, að allar forsendur skortir til þess að mynda sér heildarsýn yfir fjármálaástandið, og auk þess hefur n. ekki enn tekið endanlega afstöðu til veigamikilla atriða í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Við teljum hins vegar eðlilegt, að einstakir þingmenn hreyfi aðaláhugamálum sínum við þessa umræðu, svo að þær

óskir geti orðið teknar til athugunar í n., þegar úrræði ríkisstj. um fjáröflun verða kunn.

Við í minni hl. n. erum nú sem fyrr þeirrar skoðunar, að fjárlög beri að afgreiða greiðsluhallalaus. Við teljum jafnframt æskilegt, að afgreiðslu fjárlaga sé jafnan lokið fyrir áramót, en mótmælum hins vegar eindregið þeim flaustursiegu vinnubrögðum, sem nú er beitt við afgreiðslu fjárlaga og hefði auðveldlega verið hægt að komast hjá, ef ríkisstjórnin hefði ekki dregið ákvarðanir sínar þar til í óefni var komið, og lætur þá freistast til að grípa til óþinglegra vinnuaðferða.

Alþingi, 11. des. 1957.

Magnús Jónsson, frsm. Pétur Ottesen. Jón Kjartansson.

Ed. 151. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til farsóttalaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1957.

Alfreð Gíslason, form., frsm. Karl Kristjánsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.
Sigurður Ó. Ólafsson. Friðjón Þórðarson.

Nd. 152. Frumvarp til laga [67. mál]

um breyting á lögum nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. janúar 1959 endurskoða samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár um opinber gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat, og leita staðfestingar réttra stjórnarvalda á þeim.

Frá því að nýja fasteignamatið gekk í gildi og þar til nýjar reglur hafa verið settar um slík gjöld til sveitarsjóða, skal innheimta þau á sama hátt og fyrir gildistöku fasteignamatsins. Skal þá farið eftir eldra fasteignamatinu og millimat, sem staðfest hefur verið eftir 30. apríl 1957, samræmt því. Gjöld eftir eldri reglum má innheimta með álagi samkvæmt því, sem ákveðið var í lögum nr. 29/1952.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1958.

Lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, og lög nr. 39 16. maí 1957, um breyt. á þeim lögum, eru úr gildi felld.

Ed. 153. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. mgr. 70. gr. laganna orðist svo:

Áður en kjósanda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá ástæðum til þess, að hann óskar að neyta atkvæðisréttar síns fyrir kjördag, og gera sem nákvæmasta grein fyrir því, hvar hann muni verða staddur á kjördegi. Skal kjörstjóri færa upplýsingar þessar í bók, sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni. — Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf, með áföstum kjörseðli, og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Frambjóðendur og umboðsmenn þeirra eða framboðslista skulu hafa aðgang að bók þeirri, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

97. gr. laganna orðist svo:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar, frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin, frá því kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 23 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

3. gr.

Aftan við 103. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt:

1. að hafa meðferðis á kjörfundi kjörskrá eða aðra slíka skrá;
2. að rita til minnis á kjörfundi nöfn þeirra, er neyta atkvæðisréttar;
3. að senda af kjörfundi eða láta í té upplýsingar um, hverjir neyta atkvæðisréttar eða hverjir hafa ekki sótt kjörfund.

Skal kjörstjórn hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessum sé fullnægt og að frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra hafist ekki annað að á kjörfundi en að fylgjast með því, að kosning fari fram lögum samkvæmt.

4. gr.

Aftan við 105. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni, sendir hún kjörskráreintök þau, sem notuð voru við kosninguna, í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar. Að lokinni atkvæðatalningu býr yfirkjörstjórn um kjörskrárnar í innsigluðum umbúðum og afhendir sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta) til varðveizlu.

5. gr.

3. töluliður 139. gr. laganna orðist svo:

3. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða

hafa uppi flokksmerki, merki, lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og á næstu húsum og í aðliggjandi götum.

6. gr.

Nýr töluliður bætist við 139. gr. laganna, 4. liður (aðrir liðir breytast í samræmi við það), svo hljóðandi:

4. Að hafa flokksmerki, merki, lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma.

7. gr.

Fyrir orðin „frá 50—1000 kr." í 146. gr. laganna komi orðin: frá 1000—20000 kr.

8. gr.

Fyrir orðin „frá 20—200 kr." í 147. gr. laganna komi orðin: frá 400—4000 kr.

9. gr.

Fyrir orðin „100—1000 kr." í 148. gr. laganna komi orðin: 2000—20000 króna.

10. gr.

Fyrir orðin „50—1000 króna" í 149. gr. laganna komi orðin: 1000—20000 króna.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 154. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Á eftir 1. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:

1. málsl. 76. gr. laganna orðist svo:

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 9 árdegis, og skal þá viðstödd öll kjörstjórnin.

Sþ. 155. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um glímukennslu í skólum.

Flm.: Benedikt Gröndal, Karl Kristjánsson, Alfreð Gíslason, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar, að hún geri ráðstafanir til þess, að fullnægt verði á raunhæfan hátt ákvæðum gildandi laga og reglugerða um, að í öllum skólum landsins sé piltum gefinn kostur á tilsögn í íslenzkri glímu.

Greinargerð.

Íslenzka glíman er þjóðaríþrótt, sérstæð og karlmannleg. Hún er menningararfur, sem ekki má glatast.

Glímunni fylgir, ef rétt er á haldið, þjálfun líkama og sálar. Hún krefst kunnáttu, lagni, fimi og orku, en einnig krefst hún skilnings á hæfni og aðstöðu mótherjans, svo og sjálfstæðis, af því að í glímunni mætir maður manni, án þess að geta

treyst á nokkurn annan en sjálfan sig. Þá eru og reglur hennar strangar um háttvisa framkomu og drengilega.

Allt þetta gerir það að verkum, að íslenzka glíman er áhrifamikil til uppeldis. Hún herðir stál manndómsins hjá þeim, sem iðka hana, eflir hreysti þeirra, dug og drengskap.

Fyrrum iðkuðu sveinar almennt glímu af sjálfsdáðum, enda var þá glíman venjulegur skemmtiþáttur á samkomum, — jafnvel oft við kirkjur.

Nú er þetta breytt. Margt veldur, og skal ekki gerð tilraun til að rekja það hér. En gildi glímunnar hefur alls ekki breytzt. Það er aðalatriði í þessu sambandi. Aðrar íþróttir hafa komið til sögunnar. Þær eru margar ágætar og skulu sízt lastaðar. En engin þeirra getur tekið við hlutverki glímunnar, fyllt sæti hennar sem þjóðaríþróttar og haft sama menningarlegt gildi og hún.

Skólalöggjöfin ráðstafar nú orðið miklu af tíma æskumanna og fjöri, sem þeir áður réðu sjálfir yfir og vörðu meðal annars til að iðka glímu. Skólarnir verða að athuga þetta og verja meiru til glímuæfinga en almennt er gert. Glíman má ekki hverfa úr sögunni.

Skylda skólanna í þessu efni hefur vakað fyrir Alþingi, þegar íþróttalögin, sem nú gilda, voru sett. Í 14. gr. þeirra segir:

„Enn fremur skulu piltar í öllum skólum eiga kost á tilsögn í glímu.“

Í reglugerð um leikfimikennslu og íþróttaiðkanir í skólum frá 8. marz 1944 segir einnig:

„Gefa skal nemendum tækifæri til þess að læra glímu, frjálsar íþróttir og knattleiki. Slík kennsla fari fram í námskeiðum, útitímum eða frímínútum.“

Loks eru ákvæði í gildandi námsskrá fyrir skólaíþróttir. Þar segir, að því er snertir 10—12 ára drengi:

„Þá má einnig veita tilsögn í undirstöðuatriðum glímu og frjálsra íþrótta.

Glímuæfingar skulu miðast við kennslu höfuðbragða glímunnar og vörnum við þeim.“

Enn fremur segir í sömu námsskrá að því er viðkemur 13—16 ára drengjum:

„Á þessu tímabili skal nemendum kennd glíma, svo að þeim séu töm öll brögð og varnir við þeim. Þeim skal einnig leyft að þreyta glímu innbyrðis, og skal þá aðallega láta þá glíma bændaglímu og einkunnaglímur. Þeim skulu kynnt glímulög.“

Lögin, reglugerðin og námsskráin bera greinilega með sér, að ætlazt er til, að skólarnir gefi piltum kost á að læra glímu. Hins vegar munu þessi ákvæði vera dauðir bókstafir hjá mörgum skólum og af hálfu þeirra skóla alls enginn kostur gefinn á glímukennslu. Beint og óbeint verða því þessir skólar til að beina áhuga ungra sveina frá glímuiðkun, og vinna þeir þess vegna að hnignun þessarar ágætu, þjóðlegu íþróttar — öfugt við það, sem til er ætlazt.

Tillaga þessi stefnir að því, að Alþingi leggi fyrir ríkisstjórnina (menntamálaráðherra) að gera ráðstafanir til, að áðurnefnd ákvæði verði ekki lengur dauðir bókstafir hjá skólunum.

Nd. 156. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Frá Jóhanni Hafstein og Ólafi Björnssyni.

Við 1. gr. Síðari málsgr. orðist svo:

Á árinu 1958 skal leggja í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá og hækkunum samkvæmt þessari grein svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til bygginga tollstöðva í landinu. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. l. nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1958.

Nd. 157. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 1. gr. Inn í síðari mgr. á eftir „til byggingar tollstöðva“ komi: lögreglustöðva og endurbóta á fangelsum.

Ed. 158. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Aftan við XX. 110 (Vatnsendaprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi) í 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er kirkjustjórninni að selja Vatnsenda og flytja prestssetrið á hentugri stað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt fyrir tilmæli prestsins í Vatnsendaprestakalli, séra Stefáns Lárussonar, og ýmissa manna í sóknum hans. Telur presturinn og þessir menn, að prestssetrið eigi að flytja frá Vatnsenda á hentugri stað. Prófastur héraðsins er einnig á sömu skoðun.

Jörðin Vatnsendi þykir óhentug fyrir prestssetur. Aðstaða hennar til akvega er hvimleið, einkum á vetrum, og rafmagn fæst ekki þangað frá héraðsveitu.

Ástand húsa á jörðinni er slæmt. Íbúðarhúsið þarfnast mikillar aðgerðar og getur þó aldrei með aðgerð orðið þannig, að það þyki sem embættisbústaður fullnægja nútímakröfum. Útihúsin eru — að heita má — ónothæf orðin.

Æskilegt er — eins og farið er fram á með frumvarpinu — að kirkjustjórnin fái heimild til að selja Vatnsenda og útvega annað prestssetur hentugra. Slík heimild er í lögunum fyrir, að því er snertir Hvítanes í Ögurþingum í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

Nd. 159. Lög [5. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90 1954, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 12. des.)

Samhljóða þskj. 5.

Ed. 160. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá Friðjóni Skarphéðinssyni.

Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Í stað 1. málsl. 76. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir, þannig:

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis. Yfirkjörstjórn í kaupstöðum getur þó ákveðið, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd, er kjörfundur er settur.

Ed. 161. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [73. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Þar sem þetta frv. miðar fyrst og fremst að því að gera mönnum erfiðara fyrir en áður að neyta atkvæðisréttar síns og eðlilegt virðist, að milliþinganefndin um endurskoðun kosningalaganna hraði störfum og lögin í heild verði endurskoðuð sem fyrst, telur deildin ekki ástæðu til að afgreiða frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 162. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Við 2. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 23 á kjördag. Yfirkjörstjórn í kaupstöðum getur þó ákveðið, að kjörfundur skuli standa til kl. 24. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

Nd. 163. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

1. mgr. 70. gr. laganna orðist svo:

Áður en kjósanda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá ástæðum til þess, að hann óskar að neyta atkvæðisréttar síns fyrir kjördag, og gera sem nákvæmasta grein fyrir því, hvar hann muni verða staddur á kjördegi. Skal kjörstjóri færa upplýsingar þessar í bók, sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni. — Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf, með áföstum kjörseðli, og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Aftan við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Frambjóðendur og umboðsmenn þeirra eða framboðslista skulu hafa aðgang að bók þeirri, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Í stað 1. málsl. 76. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir, þannig:

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis. Yfirkjörstjórn í kaupstöðum getur þó ákveðið, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd, er kjörfundur er settur.

3. gr.

97. gr. laganna orðist svo:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar, frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin, frá því kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 23 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

4. gr.

Aftan við 103. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt:

1. að hafa meðferðis á kjörfundi kjörskrá eða aðra slíka skrá;
2. að rita til minnis á kjörfundi nöfn þeirra, er neyta atkvæðisréttar;
3. að senda af kjörfundi eða láta í té upplýsingar um, hverjir neyta atkvæðisréttar eða hverjir hafa ekki sótt kjörfund.

Skal kjörstjórn hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessum sé fullnægt og að frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra hafist ekki annað að á kjörfundi en að fylgjast með því, að kosning fari fram lögum samkvæmt.

5. gr.

Aftan við 105. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni, sendir hún kjörskráreintök þau, sem notuð voru við kosninguna, í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar. Að lokinni atkvæðatalningu býr yfirkjörstjórn um kjörskrárnar í innsigluðum umbúðum og afhendir sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta) til varðveizlu.

6. gr.

3. töluliður 139. gr. laganna orðist svo:

3. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi flokksmerki, merki, lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og á næstu húsum og í aðliggjandi götum.

7. gr.

Nýr töluliður bætist við 139. gr. laganna, 4. liður (aðrir liðir breytast í samræmi við það), svo hljóðandi:

4. Að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma.

8. gr.

Fyrir orðin „frá 50—1000 kr.“ í 146. gr. laganna komi orðin: frá 1000—20000 kr.

9. gr.

Fyrir orðin „frá 20—200 kr.“ í 147. gr. laganna komi orðin: frá 400—4000 kr.

10. gr.

Fyrir orðin „100—1000 kr.“ í 148. gr. laganna komi orðin: 2000—20000 króna.

11. gr.

Fyrir orðin „50—1000 króna“ í 149. gr. laganna komi orðin: 1000—20000 króna.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 164. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyt. á l. nr. 66 1945, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

2. málsl. 26. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 165. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1958 og við brtt. á þskj. 145.

I. Frá *Alfreð Gíslasyni.*
Við 12. gr. VIII. (Rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalanna).
Fyrir „525 000“ kemur 750 000

II. Frá *Emil Jónssyni.*
Við brtt. 145, 10. 21. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarfjörður).
Fyrir „200 000“ kemur 250 000

III. Frá *Alfreð Gíslasyni.*
Við 17. gr. 7. a. (Elliheimilið Grund).
Fyrir „40 000“ kemur 60 000

IV. Frá *Emil Jónssyni.*
Við 17. gr. 12. Nýr liður:
Til verkakvennafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði til byggingar dagheimilis, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að 50 000

V. Frá *Benedikt Gröndal.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að greiða þriðja hvert ár ferðakostnað heim og heiman fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar og fjölskyldur þeirra, er búa erlendis, ef þeir vilja eyða sumarleyfi sínu á Íslandi. Utanríkisráðuneytið skal ákveða, hve margir og hverjir fá slíka ferðastyrki á ári hverju.

Sþ. 166. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um sjálfvirka símstöð fyrir Ísafjörð og kauptúnin við Ísafjarðardjúp.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta landssímann koma upp sjálfvirkri símstöð fyrir Ísafjörð, Hnífsdal, Bolungavík og Súðavík, eins fljótt og verða má; enn fremur að láta hraða þeim framkvæmdum, sem áformaðar eru til þess að bæta símasamband Vestfjarða við aðra landshluta.

Greinargerð.

Símakerfið á Ísafirði er að mestu leyti grafið í jörð og svo fullkomið, að ekki mun þurfa að breyta því verulega, þótt sjálfvirk stöð kæmi til. Símstöðvarhúsið hefur líka verið endurbætt verulega nýlega, og er talið sennilegt, að rúm muni í húsinu fyrir nýjustu gerðir sjálfvirkrar símstöðvar af hæfilegri stærð. Ef þetta reynist svo, verður kostnaður við það að koma stöðinni upp viðráðanlegri en ef byggja þyrfti sérstakt nýtt hús fyrir stöðina.

Um sjálfvirkar stöðvar í kauptúnunum við Djúp er það að segja, að mikil nauðsyn er á, að þau geti verið í sem tryggustu símasambandi við Ísafjörð allan sólarhringinn, bæði vegna atvinnuveganna og öryggis. Um það, hvernig því verður bezt komið við tæknilega, fer að sjálfsögðu eftir tillögum sérfræðinga landssímans.

Hér er um að ræða mikið hagsmunamál Ísafjarðarkaupstaðar og nágrannabyggðarlaga hans. Telja flm. þessarar þingsályktunartillögu því bera brýna nauðsyn til þess, að því verði hrundið í framkvæmd hið fyrsta. Nokkuð á fimmta þúsund manns búa í þessum byggðarlögum. Fjárhagslegur grundvöllur fyrir sjálfvirkri símaþjónustu þar er því augljóslega fyrir hendi.

Nd. 167. Frumvarp til laga [92. mál]

um happdrætti í sambandi við skuldabréfalán Flugfélags Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Heimilt skal Flugfélagi Íslands að hafa happdrætti í sambandi við útgáfu sérskuldabréfa vegna útboðs skuldabréfaláns, þannig að sérskuldabréfin séu samtímis tölusett sem happdrættismiðar.

2. gr.

Vinningar í happdrættinu verða flugfarseðlar eða afsláttur af farseðlum með flugvélum félagsins og verður dregið um þá árlega í 6 ár í aprílmánuði, í fyrsta sinn í apríl 1958. Verðmæti vinninga í hverjum drætti verða kr. 300000.00. Réttur til vinninga fellur á öll skuldabréf lánsins. Dráttur fer fram hjá borgarfógetanum í Reykjavík.

3. gr.

Falli happdrættisvinningur á sérskuldabréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti, ella fellur réttur til vinnings niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Flugfélag Íslands festi á s. l. vori kaup á tveimur nýjum millilandaflugvélum, sem, ásamt nauðsynlegum varahlutum, þjálfun áhafna o. fl., kostuðu um 48 millj. króna. Til þess að úr þessum kaupum gæti orðið, varð félagið að taka tvö erlend lán, annað í Bandaríkjunum að upphæð tæplega 10 milljónir króna, en hitt í Bretlandi að upphæð rúmlega 23 milljónir króna. Ætlunin var, að nokkrar af eldri flugvélum félagsins yrðu seldar til þess að afla fjár til greiðslu lánanna. Viðhorf hafa breytzt að nokkru síðan lánin voru tekin. Markaðsverð gömlu Skymasterflugvélanna hefur lækkað verulega, en hins vegar hefur þörfin fyrir þær og Dakotaflugvélarnar aukizt vegna aukins innanlandsflugs og aukins leiguflugs milli Danmerkur og Grænlands. Hefur félagið því hug á að halda þessum flugvélum, eftir því sem kostur verður.

Hefur Flugfélag Íslands því hug á að bjóða út skuldabréfalán að upphæð kr. 10 milljónir með því að gefa út 100000 sérskuldabréf, hvert að upphæð kr. 100.00. Allt lánið á að endurgreiða á einum gjalddaga að 6 árum liðnum, og ársvextir verða 5%. Hefur félagið leitað heimildar til þess að láta sérskuldabréfin jafnframt gilda sem happdrættismiða, þannig að vinningar verði flugfarseðlar (eða afsláttur af farseðlum) með flugvélum félagsins. Með hliðsjón af því, að framangreindar fyrirætlanir félagsins eru sérlega þýðingarmiklar fyrir viðgang innanlandsflugsamgangnanna, þykir rétt að verða við þessum óskum.

Sþ. 168. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1958.

(Eftir 2. umr.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1958 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur	118 000 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 14000000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 7000000		
		7 000 000	
			125 000 000
3.	Vörumagnstollur	35 000 000	
4.	Verðtollur	170 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	16 000 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	11 000 000	
			232 000 000
7.	Tekjur samkv. lögum um útflutningssjóð o. fl.		90 000 000
8.	Lestagjald af skipum	300 000	
9.	Bifreiðaskattur	12 000 000	
			12 300 000
10.	Aukatekjur	11 500 000	
11.	Stimpilgjald	17 000 000	
12.	Vitagjald	1 700 000	
13.	Leyfisbréfagjald	600 000	
14.	Útflutningsleyfagjöld	800 000	
			31 600 000
15.	Söluskattur		110 000 000
16.	Leyfisgjöld		6 500 000
	Samtals ...	. . .	607 400 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður landssímans	7 172 000	
2. — áfengisverzlunar	90 000 000	
3. — tóbakseinkasölu	66 000 000	
4. — ríkisprentsmiðju	500 000	163 672 000
÷ Rekstrarhalli póstsjóðs	1 100 000	
— ríkisbúa	59 000	1 159 000
Samtals ...	. . .	162 513 000
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		20 550 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	1 120 000	
2. Pósthúsið í Reykjavík	9 480 000	
3. Önnur pósthús	4 700 000	
4. Póstflutningar	4 950 000	
5. Önnur gjöld	1 400 000	21 650 000
Rekstrarhalli, færður á 3. gr. A.	. . .	1 100 000
2. Landssíminn.		
I. Tekjur		82 857 000
II. Gjöld:		
a. Til starfrækslu landssímans m. m.:		
1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans 2800000		
2. Ritsímastöðin í Reykjavík ... 7700000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík ... 740000		
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík ... 1600000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði ... 23500000		
6. Birgðahúsið ... 1000000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri ... 1860000		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ... 910000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði ... 1210000		
10. Ritsímastöðin í Hrútafirði ... 600000		
11. Ritsímastöðin í Vestmannaeyjum ... 1210000		
12. Ritsímastöðin á Siglufirði ... 1090000		
13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva ... 11100000	55 320 000	
b. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. ...	1 000 000	
c. Viðbót og viðhald stöðva ...	4 000 000	
d. Viðhald landssímanna ...	11 000 000	
e. Framhaldsgjald ...	525 000	
f. Ýmis gjöld ...	750 000	
g. Fyrning á húsum og áhöldum ...	790 000	
h. Vextir af lánum ...	1 600 000	

3. gr.

	kr.	kr.
i. Almannatryggingar	580 000	
j. Atvinnuleysistryggingasjóður	120 000	
		75 685 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	7 172 000
Eignabreytingar landssímans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		2 000 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		2 300 000
III. Til talstöðva í báta og skip		250 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip		180 000
V. Til nýrra landssímalína og fjölgunar símarása		900 000
VI. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum		1 300 000
VII. Til undirbúnings stuttbylgjusambands við Hornafjörð		1 800 000
VIII. Til sjálfvirkrar stöðvar í Keflavík og nágrenni		750 000
IX. Til póst- og símahúss á Raufarhöfn		400 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.	. . .	9 880 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó-hagnaður)		103 439 804
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun 2279128		
b. Verðlagsuppbót 1891676	4 170 804	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	1 144 000	
3. Annar rekstrarkostnaður	2 125 000	
4. Tillag til gæzluvistarsjóðs	1 500 000	
5. Útsvar	4 500 000	
		13 439 804
Verði lokun útsölu samþykkt á fjárhagsárinu samkv. 10. gr. áfengislaganna, skal sú ráðstöfun koma til framkvæmda 6 mánuðum eftir að úrslit atkvæðagreiðslu hafa verið tilkynnt ríkisstjórninni.		
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	90 000 000
4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó-hagnaður)		72 953 748
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun 739753		
b. Verðlagsuppbót 613995	1 353 748	
2. Annar rekstrarkostnaður	2 300 000	
3. Útsvar	3 300 000	
		6 953 748
Fært á 3. gr. A. 3	. . .	66 000 000

3. gr.

		kr.	kr.
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		8 600 000	
b. Aðrar tekjur		4 700 000	
			13 300 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	2164829		
2. Verðlagsuppbót	1796808		
3. Aukavinna	800000		
		4 761 637	
b. Útvarpsefni		2 775 000	
c. Skrifstofukostnaður		800 000	
d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		700 000	
e. Til útvarpsstöðva		1 300 000	
f. Til viðgerðarferða o. fl.		300 000	
g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins		300 000	
h. Vegna höfundalaganna		450 000	
i. Óviss útgjöld		250 000	
j. Bifreiðakostnaður		100 000	
k. Fyrning á húsum og vélum		140 000	
			11 876 637
			1 423 363
III. Rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju:			
a. Tekjur		765 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	151800		
b. Verðlagsuppbót	125994		
	277794		
2. Efni	250000		
3. Annar kostnaður	235000		
		762 794	
			2 206
IV. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		1 656 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	245400		
b. Verðlagsuppbót	203682		
	449082		
2. Annar kostnaður	270918		
		720 000	
		936 000	
Til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins	561600		
Til Sinfóníuhljómsveitar Íslands	374400		
		936 000	
			1 425 569
Til framkvæmdasjóðs			1 000 000
Aukið rekstrarfé ríkisútvarpsins			425 569

3. gr.

		kr.	kr.
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.			
I. Tekjur (prentvinna)			5 800 000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna:			
1. Grunnlaun	207200		
2. Verðlagsuppbót	171976		
	379176		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:			
1. Grunnlaun	1420000		
2. Verðlagsuppbót	1178600		
	2598600		
		2 977 776	
2. Efnivörur		1 290 000	
3. Vélarekstur og viðhald		162 224	
4. Annar kostnaður		750 000	
5. Fyrning		120 000	
			5 300 000
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	500 000
7. Áburðarsala ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	120000		
2. Verðlagsuppbót	99600		
	219600		
b. Annar kostnaður	480400		
		700 000	
÷ Tekjur af vörusölu		700 000	
8. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu, vörum o. fl.)			4 525 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun	408180		
b. Verðlagsuppbót	338789		
		746 969	
2. Vextir		500 000	
3. Fyrning		1 000 000	
4. Annar kostnaður		2 250 000	
Aukið rekstrarfé Landssmiðjunnar		28 031	
			4 525 000
9. Tunnuverksmiðjur ríkisins.			
I. Tekjur			11 584 000
II. Gjöld:			
1. Laun og skrifstofukostnaður		112 000	
2. Efniskaup (tunnustafir og járn)		7 440 000	
3. Verkalaun		2 256 000	
4. Annar kostnaður		1 776 000	
			11 584 000

		3. gr. kr.	kr.
10. Innkaupastofnun ríkisins.			
I. Tekjur af vörusölu			595 000
II. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	205126		
b. Verðlagsuppbót	170253		
		375 379	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		80 500	
3. Annar kostnaður		139 121	
			595 000
11. Ríkisbú.			
a. Á Bessastöðum.			
1. Tekjur		621 000	
2. Gjöld		715 000	
Rekstrarhalli			94 000
b. Á Hvanneyri.			
1. Tekjur	900000		
2. Gjöld	897000		
		3 000	
c. Á Hólum.			
1. Tekjur	440000		
2. Gjöld	435000		
		5 000	
d. Á Reykjum (bú garðyrkjuskólans).			
1. Tekjur	330000		
2. Gjöld	320000		
		10 000	
e. Á Vífilsstöðum.			
1. Tekjur	744000		
2. Gjöld	740000		
		4 000	
f. Í Kópavogi.			
1. Tekjur	113000		
2. Gjöld	103000		
		10 000	
g. Á Kleppi.			
1. Tekjur	558000		
2. Gjöld	555000		
		3 000	
			35 000
Rekstrarhalli, færður á 3. gr. A.		. . .	59 000
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar			10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands		57 000
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands, 6% af 3 millj. ..		180 000
3. Aðrir vextir		1 500 000
4. Arður af hlutafjáreign		263 000
Samtals ...	. . .	2 000 000

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 6 000 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1958 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		4 816 053
2. Lán í dönskum krónum		45 170
3. Lán í dollurum		21 298
Samtals ...	. . .	4 882 521

8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins:

	kr.	kr.
I. 1. Laun forseta Íslands	186 660	
2. Risna	70 000	
		256 660
II. Skrifstofa forseta í Reykjavík		260 000
III. Bifreiðakostnaður		280 000
IV. Forsetasetrið á Bessastöðum		300 000
V. Bessastaðakirkja		15 000
Samtals ...	. . .	1 111 660

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		7 000 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		50 000
3. Fyrning á alþingishúsi		2 797
Samtals ...	. . .	7 052 797

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:				
1. Til ráðherra:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	354600			
2. Verðlagsuppbót	294318			
		648918		
b. Til risnu samkvæmt reikningi		100000		
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000			
2. Húsaleiguuppbót	1260			
		4260		
d. Ríkisráð		9000		
			762 178	
2. Til ráðuneytanna:				
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	222000			
2. Verðlagsuppbót	168324			
		390324		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	523125			
2. Verðlagsuppbót	434193			
		957318		
c. Félagsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	380800			
2. Verðlagsuppbót	316064			
		696864		
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	376200			
2. Verðlagsuppbót	312246			
		688446		
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun:				
1. Grunnlaun	725100			
2. Verðlagsuppbót	601833			
		1326933		
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	246900			
2. Verðlagsuppbót	187995			
	434895			
b. Fálkaorðan	30000			
		464895		
f. Samgöngumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	110400			
2. Verðlagsuppbót	91632			
		202032		
g. Utanríkisráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	380940			
2. Verðlagsuppbót	299248			
		680188		

10. gr.

			kr.	kr.
h.	Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, laun:			
	1. Grunnlaun	286400		
	2. Verðlagsuppbót	237712		
		524112		
i.	Viðskiptamálaráðuneytið, laun:			
	1. Grunnlaun	155700		
	2. Verðlagsuppbót	127239		
		282939		
j.	Aðrir starfsmenn, laun:			
	1. Grunnlaun	97200		
	2. Verðlagsuppbót	80676		
		177876		
k.	Símakostnaður og burðargjöld	875000		
l.	Annar kostnaður ráðuneytanna	2400000		
			9 666 927	
3.	Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun	640289		
	2. Verðlagsuppbót	531439		
		1171728		
b.	Annar kostnaður	250000		
			1 421 728	
4.	Ýmis kostnaður:			
a.	Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga (áætlað)	130000		
b.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi ..	400000		
c.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað	100000		
d.	Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað	2400		
			632 400	
				12 483 233
II. A.	Hagstofan:			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun með uppbót ..	539800		
	2. Verðlagsuppbót	448034		
		987834		
b.	Aukaaðstoð	62000		
c.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	167000		
d.	Prentun eyðublaða	25000		
e.	Húsaleiga, hiti og ljós	82000		
f.	Annar kostnaður	165000		
			1 488 834	
B.	Þjóðskráin:			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun	129600		
	2. Verðlagsuppbót	107569		
		237169		

10. gr.

		kr.	kr.
b. Aukaaðstoð	230000		
c. Húsaleiga, hiti og ljós	35000		
d. Annar kostnaður	230000		
	732169		
÷ Tekjur	155116		
		577 053	
			2 065 887
III. Utanríkismál:			
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	401701		
b. Laun starfsfólks utan launalaga	64028		
c. Annar kostnaður	60900		
		526 629	
2. Sendiráðið í Stokkhólmi:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	410085		
b. Laun annarra starfsmanna	49027		
c. Annar kostnaður	111624		
		570 736	
3. Sendiráðið í London:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	588041		
b. Laun annarra starfsmanna	161268		
c. Annar kostnaður	183421		
		932 730	
4. Sendiráðið í Washington:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	568982		
b. Laun annarra starfsmanna	191980		
c. Annar kostnaður	112828		
		873 790	
5. Sendiráðið í París:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	901125		
b. Laun annarra starfsmanna	159022		
c. Annar kostnaður	225829		
		1 285 976	
6. Sendiráðið í Osló:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	407609		
b. Laun annarra starfsmanna	14843		
c. Annar kostnaður	75277		
		497 729	
7. Sendiráðið í Bonn:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	481559		
b. Laun annarra starfsmanna	26309		
c. Annar kostnaður	91507		
		599 375	

10. gr.

		kr.	kr.
8.	Sendiráðið í Moskva:		
	a. Laun samkv. launalögum	726958	
	b. Laun annarra starfsmanna	85190	
	c. Annar kostnaður	178900	
		991 048	
9.	Skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC:		
	a. Laun samkv. launalögum	340740	
	b. Laun annarra starfsmanna	84806	
	c. Annar kostnaður	161378	
		586 924	
10.	Aðalræðismannsskrifstofan í New York:		
	a. Laun samkv. launalögum	73831	
	b. Annar kostnaður	51114	
		124 945	
11.	Ræðismannsskrifstofan í Hamborg	92 800	
12.	Ferðakostnaður	174 000	
13.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins	600 000	
14.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins	800 000	
15.	Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi	139 000	
16.	Til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráð Íslands erlendis til landkynningar	40 600	
17.	Til kjörræðismanna	20 000	
18.	Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins og annar utanfarar-kostnaður	360 000	
			9 216 282
	Samtals ...	. . .	23 765 402

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn.			
1. Hæstiréttur:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	393900		
2. Verðlagsuppbót	326937		
		720 837	
b. Risna dómsforseta		10 000	
c. Útgáfa hæstaréttardóma		250 000	
d. Annar kostnaður		200 000	
			1 180 837
2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	472700		
2. Verðlagsuppbót	392341		
		865 041	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		240 000	
c. Annar kostnaður		120 000	
			1 225 041
3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	372600		
2. Verðlagsuppbót	304776		
		677 376	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		66 000	
c. Annar kostnaður		60 000	
			803 376
4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	588456		
2. Verðlagsuppbót	488418		
		1 076 874	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		230 000	
c. Annar kostnaður		450 000	
			1 756 874
5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	411438		
2. Verðlagsuppbót	341493		
		752 931	
b. Aukavinna		135 000	
c. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður		260 000	
d. Annar kostnaður		150 000	
			1 297 931
6. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	143100		
2. Verðlagsuppbót	118773		
		261 873	

11. gr.

		kr.	kr.
b. Hiti, ljós og ræsting		70 000	
c. Annar kostnaður		170 000	
			501 873
7. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	957600		
2. Verðlagsuppbót	794808		
		1 752 408	
b. Skrifstofukostnaður:			
1. Grunnlaun	2569160		
2. Verðlagsuppbót	2023839		
3. Annar kostnaður	2000000		
	6592999		
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins	1100000		
		5 492 999	
c. Einkennisbúningar héraðsdómara		250 000	
d. Viðhald embættisbústaða		300 000	
			7 795 407
8. Laun hreppstjóra:			
a. Grunnlaun		635 000	
b. Verðlagsuppbót		527 050	
			1 162 050
9. Lögreglukostnaður:			
a. Ríkislögreglan í Reykjavík:			
1. Laun lögregluþjóna:			
a. Grunnlaun	1110450		
b. Verðlagsuppbót	921673		
	2032123		
2. Álag á næturvinnu og aukavinnu	304944		
3. Einkennisfatnaður og tryggingar	304600		
4. Bifreiðakostnaður	550000		
5. Æfingaskáli og gufubaðstofa	25000		
6. Kostnaður vegna kvenlögreglu	17000		
7. Áhöld, námskeiðskostnaður o. fl.	85000		
		3 318 667	
b. Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli:			
1. Laun lögregluþjóna:			
a. Grunnlaun	1022200		
b. Verðlagsuppbót	848423		
	1870623		
2. Álag á næturvinnu	220000		
3. Einkennisfatnaður	200000		
4. Bifreiðakostnaður og tryggingar	400000		
5. Fæðisstyrkur lögreglumanna	327600		
6. Annar kostnaður	90000		
		3 108 223	
c. Ríkislögreglan utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:			
1. Laun lögregluþjóna:			
a. Grunnlaun	309150		
b. Verðlagsuppbót	256594		
	565744		

11. gr.

			kr.	kr.
2. Einkennisfatnaður og tryggingar		79857		
3. Álag á næturvinnu		41990		
			687 591	
d. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Siglufirði			60 000	
e. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Raufarhöfn			25 000	
f. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Seyðisfirði og Vopnafirði			50 000	
g. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Þórshöfn			15 000	
h. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Húsavík			15 000	
i. Til sumarlöggæzlu í Neskaupstað			10 000	
j. Til sumarlöggæzlu í Ólafsfirði			10 000	
k. Til löggæzlu í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð			20 000	
l. Kostnaður við löggæzlu í Sandgerði á vertíðum			20 000	
m. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík			2 200 000	
n. Til kaupa á talstöðvum í bifreiðar			35 000	
o. Ýmis annar lögreglukostnaður			550 000	
				10 124 481
10. Til kostnaðar við landhelgisgæzlu				16 500 000
11. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:				
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	193950			
b. Verðlagsuppbót	160977			
		354927		
2. Næturvinnuálag		48673		
3. Annar kostnaður		510000		
		913600		
(Þar af fyrning kr. 1144.)				
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar		456800		
			456 800	
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	333300			
b. Verðlagsuppbót	276639			
		609939		
2. Annar kostnaður		1030000		
		1639939		
(Þar af fyrning kr. 806.)				
÷ Tekjur		250000		
			1 389 939	
c. Til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju		760000		
÷ Tekjur		35000		
			725 000	
d. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, ½ kostnaður			73 000	
e. Kostnaður við önnur fangahús			60 000	
				2 704 739
12. Til byggingar fangahúsa				500 000
13. Kostnaður við sakamál og lögreglumál			900 000	
÷ Endurgreiddur málskostnaður			300 000	
				600 000

11. gr.

		kr.	kr.
14.	Til fangahjálpar, samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra		60 000
15.	Kostnaður við siglingadóm samkvæmt lögum		70 000
16.	Laun sjó- og verzlunardómsmanna		140 000
17.	Kostnaður við störf setu- og varadómara		150 000
18.	Kostnaður við félagsdóm:		
	a. Laun félagsdómsmanna	60 000	
	b. Annar kostnaður	10 000	
	c. Til útgáfu IV. b. dóma Félagsdóms	20 000	
			90 000
19.	a. Laun sáttamanna í vinnudeilum	21 217	
	b. Annar kostnaður	50 000	
			71 217
	Samtals A. ...	. . .	46 733 826
	B. Opinbert eftirlit.		
1.	Skipaskoðun ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun ... 297020		
	2. Verðlagsuppbót ... 228533		
		525 553	
	b. Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði (áætlað)	100 000	
	c. Ferðakostnaður	45 000	
	d. Annar kostnaður	110 000	
		780 553	
	÷ Tekjur	240 000	
			540 553
2.	Öryggiseftirlit ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun ... 173700		
	2. Verðlagsuppbót ... 144171		
		317 871	
	b. Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði (áætlað)	55 000	
	c. Annar kostnaður	200 000	
		572 871	
	÷ Tekjur	572 871	
3.	Bifreiðaeftirlit ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun ... 520000		
	2. Verðlagsuppbót ... 431600		
		951 600	
	b. Annar kostnaður	800 000	
		1 751 600	
	÷ Tekjur	1 751 600	

11. gr.

		kr.	kr.
4. Löggildingarstofan:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	149400		
2. Verðlagsuppbót	124002		
		273 402	
b. Annar kostnaður		220 000	
		493 402	
÷ Tekjur		255 000	
			238 402
5. Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	219800		
2. Verðlagsuppbót	177034		
		396 834	
b. Ferðakostnaður við eftirlit		50 000	
c. Mælingarkostnaður, helmingsþátttaka ríkissjóðs		85 000	
d. Annar kostnaður		140 000	
e. Kostnaður við loftmyndatöku		50 000	
		721 834	
÷ Tekjur		721 834	
6. Matvælaeftirlitið:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	70860		
2. Verðlagsuppbót	53197		
		124 057	
b. Annar kostnaður		225 000	
			349 057
7. Kostnaður við mat á afurðum:			
a. Fiskmat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	470700		
b. Verðlagsuppbót	384705		
	855405		
2. Til afleysinga í sumarleyfum og forföllum	72300		
3. Skrifstofukostnaður	190000		
4. Kostnaður við eftirlit með fiskaðgerð o. fl. samkvæmt 12. gr. laga um fiskmat frá 5. apríl 1948	8000		
5. Kostnaður við tilraunir með nýjar verkunaraðferðir samkv. 15. gr. sömu laga	10000		
6. Kostnaður við námskeið fiskmatsmanna	30000		
7. Ferðakostnaður	390000		
		1 555 705	
b. Síldarmat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	33000		
b. Verðlagsuppbót	27390		
	60390		

		11. gr.	
		kr.	kr.
2. Tímakaup matsmanna	220200		
3. Annar kostnaður	57000		
	337590		
÷ Tekjur	200000		
		137 590	
c. Laun kjötmatsmanna:			
1. Grunnlaun	17550		
2. Verðlagsuppbót	14566		
		32 116	
d. Laun ullarmatsmanna:			
1. Grunnlaun	26910		
2. Verðlagsuppbót	22334		
		49 244	
e. Laun lýsismatsmanns:			
1. Grunnlaun	9000		
2. Verðlagsuppbót	7470		
		16 470	
f. Ferðakostnaður matsmanna		150 000	
			1 941 125
8. Kostnaður við vörumerkjaskráningu			12 000
9. Eftirlit með opinberum sjóðum			19 000
10. Kostnaður við öryggisráð			40 000
11. Kostnaður við eftirlit á vegum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	46350		
2. Verðlagsuppbót	38470		
		84 820	
b. Annar kostnaður		100 000	
			184 820
12. Eftirlit með sparisjóðum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	26100		
2. Verðlagsuppbót	21663		
		47 763	
b. Ferðakostnaður		5 000	
			52 763
13. Húsaleigueftirlit			148 000
14. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir			35 000
Samtals B. ...		. . .	3 560 720

C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.

I. Tollar:			
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:			
1. Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	2339650		
b. Verðlagsuppbót	1941909		
	4281559		

11. gr.

		kr.	kr.
2. Lausavinna	500000		
3. Húsaleiga, ljós og hiti	200000		
4. Símakostnaður og burðargjald	190000		
5. Annar kostnaður	950000		
		6 121 559	
b. Tollgæzla:			
1. Í Reykjavík:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun 1722426			
2. Verðlagsuppbót 1429613			
	3152039		
b. Húsaleiga, ljós og hiti	430000		
c. Símakostnaður	35000		
d. Annar kostnaður	1244000		
		4 861 039	
2. Á Keflavíkurflugvelli:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun 280300			
2. Verðlagsuppbót 232648			
	512948		
b. Álag á næturvinnu	65000		
c. Einkennisfatnaður	55000		
d. Hiti og ljós	22000		
e. Fæðisstyrkur tollvarða	84000		
f. Annar kostnaður	130000		
g. Kostnaður við tolleftirlit á varnarstöðvum utan Keflavíkurflugvallar	110000		
		978 948	
3. Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun 529950			
2. Verðlagsuppbót 439858			
	969808		
b. Annar kostnaður	750000		
		1 719 808	
			13 681 354
II. Skattar:			
a. Ríkisskattanefnd:			
1. Laun nefndarmanna og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun 211500			
b. Verðlagsuppbót 115785			
	327285		
2. Annar kostnaður	85000		
		412 285	
b. Skattstofan í Reykjavík:			
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun 1036200			
b. Verðlagsuppbót 860046			
	1896246		

11. gr.

		kr.	kr.
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	650000		
3. Tímavinna	1250000		
4. Annar kostnaður	450000		
	4246246		
÷ Hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum	686908		
		3 559 338	
c. Skattstofur utan Reykjavíkur		1 400 000	
d. Undirskattanefndir		1 000 000	
e. Yfirskattanefndir		425 000	
f. Millimatskostnaður		250 000	
			7 046 623
Samtals C.		. . .	20 727 977
D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.			
Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta			1 050 000
Samtals D.		. . .	1 050 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

		kr.	kr.
I. Landlæknisembættið:			
a. Laun landlæknis og skrifstofumanns:			
1. Grunnlaun	89100		
2. Verðlagsuppbót	73953		
		163 053	
b. Annar kostnaður		40 000	
			203 053
II. Héraðslæknar:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	2387468		
b. Verðlagsuppbót	1981597		
		4 369 065	
2. Símakostnaður og burðargjöld		30 000	
			4 399 065
III. Kostnaður við framkvæmd laga um læknaráð			72 882
IV. Ríkisspítalar:			
A. Landsspítalinn:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	4972465		
b. Verðlagsuppbót	4052844		
	9025309		
÷ Hlunnindi	350000		
	8675309		
2. Matvörur	1075000		
3. Ljósmæðraskólinn	160000		
4. Annar kostnaður	4935000		
	14845309		
÷ Tekjur	7550000		
Rekstrarhalli		7 295 309	
B. Fæðingardeild Landsspítalans:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	1839230		
b. Verðlagsuppbót	1510804		
	3350034		
÷ Hlunnindi	110000		
	3240034		
2. Fæðiskostnaður	730000		
3. Annar kostnaður	1796000		
	5766034		
÷ Tekjur	3200000		
	2566034		
÷ Hluti Reykjavíkurbæjar af rekstrarhalla	1710688		
Rekstrarhalli		855 346	

12. gr.

		kr.	kr.
C. Hjúkrunarkvennaskóli Íslands:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	486718		
b. Verðlagsuppbót	403976		
	890694		
÷ Hlunnindi	266000		
	624694		
2. Fæðiskostnaður	150000		
3. Annar kostnaður	273000		
		1 047 694	
D. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	1868204		
b. Verðlagsuppbót	1544175		
	3412379		
÷ Hlunnindi	530000		
	2882379		
2. Matvörur	1100000		
3. Annar kostnaður	1800000		
	5782379		
÷ Tekjur	1950000		
Rekstrarhalli ...		3 832 379	
E. Heilsuhælið á Kristnesi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	670600		
b. Verðlagsuppbót	556598		
	1227198		
÷ Hlunnindi	149148		
	1078050		
2. Matvörur	500000		
3. Annar kostnaður	490000		
	2068050		
÷ Tekjur	1105000		
Rekstrarhalli ...		963 050	
F. Geðveikrahælið á Kleppi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	3389361		
b. Verðlagsuppbót	2791139		
	6180500		
÷ Hlunnindi	480000		
	5700500		
2. Matvörur	1975000		
3. Annar kostnaður	2520000		
	10195500		
÷ Tekjur	6675000		
Rekstrarhalli ...		3 520 500	

12. gr.

		kr.	kr.
G. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	153660		
b. Verðlagsuppbót	127540		
	281200		
÷ Hlunnindi	25000		
	256200		
2. Matvörur	42000		
3. Annar kostnaður	95000		
Rekstrarhalli ...		393 200	
H. Fávitahælið í Kópavogi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	1020965		
b. Verðlagsuppbót	847401		
	1868366		
÷ Hlunnindi	150000		
	1718366		
2. Matvörur	400000		
3. Annar kostnaður	450000		
	2568366		
÷ Tekjur	1423500		
Rekstrarhalli ...		1 144 866	
I. Blóðbankinn:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	152814		
b. Verðlagsuppbót	126836		
	279650		
2. Annar kostnaður	125000		
	404650		
÷ Tekjur	190000		
		214 650	
			19 266 994
V. Til berklavarna:			
a. Styrkur til berklasjúklinga (áætlað)		4 859 000	
b. Styrkur samkv. 19. gr. laga 66/1939		10 000	
c. Laun:			
1. Grunnlaun	150000		
2. Verðlagsuppbót	119100		
3. Aukaþóknun	18000		
		287 100	
d. Sýklarannsóknir		60 000	
e. Annar kostnaður		230 000	
			5 446 100
VI. Styrkur til sjúklinga samkv. lögum nr. 78/1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (áætlað)			15 164 000
VII. Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkv. lögum ...			3 000 000

12. gr.

		kr.	kr.
VIII.	Rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalanna í Reykjavík og Hafnarfirði, 7 kr. á legudag, allt að		525 000
IX.	Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að:		
	a. Reykjavík	800 000	
	b. Aðrir kaupstaðir	500 000	
			1 300 000
	Skilyrði fyrir styrknum er það, að heilsuverndarstöðvar reki berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og hagi störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.		
X.	Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkrahúsa		3 000 000
XI.	Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri ..		300 000
XII.	Til heilbrigðisstofnana í Reykjavík		1 500 000
XIII.	Til Hveragerðishrepps til leirbaða (stofnkostnaður)		50 000
XIV.	Til héraðshjúkrunarkvenna		75 000
XV.	Embætti skólayfirlæknis:		
	a. Grunnlaun	47 400	
	b. Verðlagsuppbót	39 342	
	c. Annar kostnaður	31 000	
			117 742
XVI.	Til fávitahælis í Skálatúni, byggingarstyrkur		60 000
XVII.	Til ónæmisaðgerða:		
	a. Samkvæmt lögum nr. 36/1950	40 000	
	b. Til bóluefnisframleiðslu	100 000	
			140 000
XXXIV. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 7½ millj. kr. lán fyrir Vopnafjarðarhrepp til að reisa síldarverksmiðju á Vopnafirði.

XXXV. Að kaupa sanddæluskip, ef viðunandi samningar nást.

23. gr.

Á árinu 1958 skal greiða 30% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 30 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunaþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1957 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 169. Breytingartillaga [35. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1945, um útsvör.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. gr. orðist svo:
Í stað „10%“ í 2. málsl. 26. gr. laganna komi: 3.5%.

Nd. 170. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta miðar yfirleitt í þá átt að gera skýrari og ákveðnari fyrirmæli gildandi kosningalaga um takmörkun áróðurs á kjördegi og þá sérstaklega að koma í veg fyrir áróðursstarfsemi á kjörstað. M. a. er í frv. glögglega mælt fyrir um, hvenær kjörfundi skuli slíta. Er þá, ef frv. verður að lögum, komið í veg fyrir, að kosning geti dregizt fram yfir miðnætti og þar með fram yfir hinn lögákveðna kjördag. Samkv. frv. ber að slíta kjörfundi eigi síðar en kl. 11 að kvöldi, þó þannig, að þeir, sem þá hafa gefið sig fram á kjörstað, geti greitt atkvæði. Annars staðar á Norðurlöndum virðist kjörfundum yfirleitt vera slitið eigi síðar en kl. 9 að kvöldi, en hefjast í fyrsta lagi kl. 9 að morgni, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Nefndin hefur athugað frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1957.

Pétur Pétursson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Gunnar Jóhannsson.

Ed. 171. Lög [2. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.)

Samhljóða þskj. 2.

Nd. **172. Nefndarálit** [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta ber að með furðulegum hætti.

Sérstök milliþinganefnd er starfandi til að endurskoða kosningalögin. Þar eiga sæti fulltrúar allra þingflokka. Mætti því ætla, að beðið yrði með breytingar á kosningalögunum, þangað til sú nefnd lýkur störfum, en upplýst er, að hún hafi nú þegar unnið mikið verk. Þetta frv. er þó hvorki samið né flutt að tilhlutan nefndarinnar. Ekki hefur hún heldur fengið það til umsagnar.

Í stað þess hafa stjórnarflokkarnir verið að pukrast við samningu frv. undanfarnar vikur. Þeir hafa þreifað fyrir sér um undirtektir við einstök ákvæði frv. í bæjarstjórnum Reykjavíkur og Akureyrar, og hafa þær hvorugar viljað veita þeim meðmæli sín.

Frv. var lagt fyrir Alþingi, þegar leið að lokum þess hluta þinghaldsins, sem ljúka átti fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vetur. Ber öll meðferð málsins augljós merki kosningaskjálftans, er gripið hefur stjórnarflokkana. Frv. á að knýja fram, án þess að hæfilegur tími gefist til meðferðar þess. Á því voru þó í upphafi svo miklir gallar, að fylgismenn þess urðu strax í efri deild að breyta því í meginatriðum og nema sumar verstu firrurnar burt, svo sem fyrirskipunina um, að kosningum skyldi ljúka ekki síðar en kl. 10 e. h., og var hún raunar kölluð prentvilla til að gera undanhaldið minna áberandi. Þá var einnig numið burt bannið við því, að umboðsmaður mætti hafa með sér nokkurs konar „skrá“ á kjörfund, hversu fjarskyld að efni sem hún var sjálfri kjörskránni. Loks var alveg fellt niður það aðalatriði hins upphaflega frv., sem lagði þunga hegningu við því, ef maður safnar saman upplýsingum eða gefur öðrum upplýsingar um það, hverjir hafa kosið á kjördegi.

Allar þessar breytingar eru til bóta, en þær sýna, í hvílíku athugunarleysi frv. hefur verið samið, þótt vitað sé, að unnið var að því vikum saman.

Enn er frv. þó stórlega gallað, jafnvel frá sjónarmiði stuðningsmanna þess. Þeir fást t. d. ekki til þess að skýra efni 6. gr. frv. eða gera grein fyrir, hvernig framkvæmd hennar eigi að haga. Ná þau bönn, sem þar eru sett um merkingu húsa „í aðliggjandi götum“ við kjörstað, þ. á m. Miðbæjarbarnaskólann í Reykjavík, til Iðnó, þar sem kosningaskrifstofa Alþýðuflokksins hefur verið árum saman? Hvernig er með Góðtemplarahúsið, sem er á næstu grösum, en við aðra götu, og oft hefur verið notað sem kosningaskrifstofa? Og hvað er um hús kommúnista við Tjarnargötu, sem ekki er í götu „aðliggjandi“ Miðbæjarbarnaskólanum, en blasir enn betur við honum en Iðnó?

Þó að ekkert þessara húsa, jafnvel ekki Iðnó, yrði talið við „aðliggjandi götu“, mundi samt verða óhjákvæmilegt að telja íshús það við Fríkirkjuveg, sem Framsóknarflokkurinn vill fá að breyta í flokkshús, við slíka „aðliggjandi“ götu að kjörstaðnum. En það er fyrir allan þorra þeirra, sem sækja kjörfund í Miðbæjarskólann, mun meira úrleiðis og í hvarfi en hin húsin þrjú. Bannið nær því ótvírætt til þess, hvað sem um hin húsin verður talið.

Segja má, að þetta skipti ekki miklu máli, því að hverjum getur komið til hugar, að það hafi áhrif á einn einasta kjósanda, hvort hús þessi eru á kjördag merkt á einn eða annan veg? En athygli er vakin á þessu, vegna þess að augljóst er, að ákvæði frv. leiða bæði í smáu og stóru til alls annars en fyrirhugað er.

Mestu máli skiptir þetta um þann tilgang frv., sem látinn er í veðri vaka, þegar sagt er, að það eigi að „friða kjördaginn“. Þeim tilgangi á einkum að ná með ákvæðunum í 4. og 5. gr., sem miða að því, að af upplýsingum frá kjörfundi eða af merkingu í kjörskrá fái flokkarnir ekki ráðið, hvort kjósandi hefur greitt

atkvæði eða ekki. Í frv. eru hins vegar engin ákvæði, sem leggja hömlur á rétt flokka eða manna til að hvetja kjósendur með heimsóknum, upphringingum eða öðrum slíkum hætti til að fara á kjörstað. Merkingarnar, sem bannaðar eru, hafa einmitt verið ætlaðar til þess, að ekki væru ónáðaðir þeir, sem þegar hafa kosið. Bannið við merkingunum er því beinlínis lagað til þess að hafa þveröfug áhrif við það, sem fært er fram því til afsökunar. Þar sem bannið hefur einhver áhrif, má því búast við, að í kappsfullum kosningum verði látlaust á menn leitað úr öllum áttum, jafnt þótt þeir séu búnir að kjósa og þeir eigi það eftir.

Hér við bætist, að sjálf ákvæðin geta eðli sínu samkvæmt einungis haft áhrif í fjölmenni, en eru gersamlega þýðingarlaus í fámenni. Í grg. frv. segir að vísu: „Með ákvæðinu á að tryggja þann rétt kjósandans, að eftir kjördag sem á kjördegi megi hann treysta því, að óviðkomandi menn fái ekki vitneskju um það, hvort hann hafi kosið eða ekki, en slíkt er jafnmikið einkamál hans eins og hvernig hann kýs.“

Óhugsandi er, að þessu verði haldið leyndu í öðrum kjördæmum en þeim, sem mannflest eru. Í fámennum kjördæmum fer ekki hjá því, að allir, sem vilja, geti fylgzt með því, hvort kjósandi kemur á kjörstað eða ekki. En í þessum kjördæmum er einnig langhættast við, að óheimilum eða óeðlilegum ráðum sé beitt í kosningaáróðri. Frv. setur engar varnir gegn þeirri hættu, en miðar ákvæði sín einungis við þéttbýlið, þar sem þessi hætta er mun minni en annars staðar.

Fjármálaráðherra Eysteinn Jónsson fór og ekki dult með það í málflutningi sínum við 1. umr. í neðri deild, að frv. væri fyrst og fremst stefnt gegn „kosningaapparati Sjálfstæðisflokksins“ í Reykjavík, eins og hann komst að orði. Er það og ljóst, að því fjölmennari sem kjósendahópurinn er, því erfiðara verður eftir löggildingu frv. að annast nauðsynlega fyrirgreiðslu á kjördag. Þetta bitnar áður en yfir lýkur fyrst og fremst á kjósendunum sjálfum. Frv. þetta stefnir þess vegna að því að gera rétt Reykvíkinga lakari en annarra landsmanna.

Þetta misrétti birtist ekki aðeins í ákvæði 4. gr., heldur og í 1. gr., þar sem gert er erfiðara en áður að kjósa fyrir kjördag. Sá örðugleiki kemur fram í tímatöf, sem verður af óþarfri skriffinnsku. Hér í Reykjavík og hinum fjölmennari kauptúnum, þar sem tugir og e. t. v. hundruð manna kunna að vilja greiða atkvæði utan kjörstaðar samdægurs, getur þetta bakað mönnum veruleg óþægindi og jafnvel fælt þá frá því að bíða eftir að fá að greiða atkvæði. Skriffinnskukrafan er þeim mun furðulegri sem engin dæmi hafa verið nefnd um misnotkun á atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar.

Þetta ákvæði miðar að lögfestingu nýrra kosningahamla, á sama veg sem stytting kjörfundartíma samkvæmt 3. gr. frv. gerir. Fyrir hvorugu ákvæðinu hafa verið færð nein frambærileg rök. En ljóst er, að ríkar ástæður þurfa að vera til þess, að verjanlegt sé að setja ákvæði, er geta haft þau áhrif, að færri greiði atkvæði en ella.

Ef ætlunin hefði verið að efla frið með frv., mundi allt öðruvísi hafa verið að málinu unnið. Þá hefði það verið tekið upp í milliþinganefndinni og síðan verið látið fá eðlilega meðferð á Alþingi. Þá hefði ekki verið að því stefnt að skapa misrétti milli kjördæma og flokka. Þá hefði verið leitað raunhæfra ráða til að koma í veg fyrir óhæfilegan áróður, en ekki sett ákvæði, sem hljóta að leiða til meira ónæðis kjósenda á kjördag og hafa því þveröfuga verkun við það, sem látið er í veðri vaka.

Að þessu athuguðu leggjum við til, að málið sé afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frv. þetta mun bersýnilega hafa þveröfug áhrif við það, sem stuðningsmenn þess segja tilgang sinn með flutningi þess, er þegar af þeirri ástæðu þörf á því, að það verði athugað af milliþinganefndinni, sem nú starfar að endurskoðun kosningalaga til Alþingis. Deildin telur því ekki rétt að afgreiða málið, fyrr en nefndinni hefur gefizt kostur á að láta uppi álit sitt um frv., og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Ef þessi rökstudda dagskrá nær ekki samþykki, leggjum við til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1957.

Bjarni Benediktsson, frsm. Björn Ólafsson.

Ed. 173. Breytingartillaga [35. mál]

við brtt. á þskj. 169 [Útsvör].

Frá félagsmálaráðherra.

Í stað „3.5%“ komi: 3%.

Ed. 174. Frumvarp til laga [93. mál]

um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Eigi má fjölga starfsliði við ríkisstofnanir eða annars staðar í ríkisrekstrinum, nema leitað hafi verið tillagna trúnaðarmanna þeirra, er um ræðir í 3. gr. Enn fremur er ráðherra eða forstöðumanni stofnunar óheimilt að ráða í stöðu, sem losnar, nema leitað hafi verið tillagna með sama hætti og greinir hér á undan.

Þetta gildir þó eigi um stöður, sem ákveðnar eru með lögum, né faglærða iðnaðarmenn og verkamenn, sem laun taka samkvæmt sérstökum kjarasamningum.

2. gr.

Enga nýja ríkisstofnun má setja á fót, nema með lögum, og skal um starfsmannafjölda leita tillagna með sama hætti og segir í 4. gr., að svo miklu leyti sem lög um stofnunina geyma eigi fyrirmæli um mannahald.

3. gr.

Ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu, einn maður tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis til eins árs í senn og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni í heild til jafnlangs tíma skulu gera tillögur um hagfelldari vinnubrögð í ríkisstofnununum til að spara mannahald og annan reksturskostnað.

Varamann fyrir ráðuneytisstjórann í fjármálaráðuneytinu tilnefnir fjármálaráðherra, en fjárveitinganefnd og ríkisstjórnin í heild, hvor fyrir sig, sinn fulltrúa.

4. gr.

Nú kemur fram ósk um fjölgun starfsmanna við ríkisstofnun eða ráðningu í lausa stöðu, og skal þá hlutaðeigandi ráðuneyti senda beiðnina til trúnaðarmanna þeirra, sem um getur í 3. gr. Er skipun, ráðning eða setning í stöðuna ógild þar til tillögur þeirra hafa borizt. Tillaga skal gerð eigi síðar en hálfum mánuði eftir að erindi barst, nema hlutaðeigandi ráðherra samþykki lengri frest. Telji ráðherra eigi fært að fara að tillögunum, er hann eigi við þær bundinn, en skal þá senda fjárveitinganefnd Alþingis rökstudda greinargerð.

5. gr.

Nú vill stofnun, er lög þessi taka til, auka við húsnæði sitt, kaupa bifreið eða gera aðrar ráðstafanir, sem auka verulega reksturskostnað stofnunarinnar, og skal þá með fara á sama hátt og segir í 4. gr. um fjölgun starfsliðs.

6. gr.

Skylt er hlutaðeigandi ráðuneytum og stofnunum að láta trúnaðarmönnum þeim, er um ræðir í 3. gr., í té allar nauðsynlegar upplýsingar.

7. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er stórfellt vandamál, hvernig ríkið á að halda uppi þeirri þjónustu, sem þjóðin vill af því krefjast, án þess að kostnaðurinn vaxi gjörsamlega yfir höfuð. Áreiðanlega eru þessi mál óvíða jafnerfið viðfangs og hér. Þjóðin er mjög fámenn og býr í tiltölulega stóru landi. Kostnaður er því gífurlegur á mann við margvíslegar framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru taldar, til þess að menn búi við viðunandi skilyrði. En þjóðin vill búa menningar- og nýtízkubúskap í öllum greinum.

Kröfur um fjárframlög af ríkisins hendi munu jafnvel meiri hér en nokkurs staðar annars staðar. Bæjarfélög og sveitarfélög eru hér á landi flest óvenju fámenn og eiga afar erfitt með að standa í stórræðum fjárhagslega. Af þessu leiðir, að gerðar eru kröfur til þess hér, að ríkið standi undir margvíslegum kostnaði, sem annars staðar er borinn af bæjar- og sveitarfélögum. Á þetta við um kennslumál t. d. og marga aðra mjög þýðingarmikla málefnaþætti.

Undanfarið hefur sífellt sótt í það horf, að ríkissjóði hafa verið bundnir þyngri og þyngri baggar með löggjöf frá Alþingi. Mjög mikill meiri hluti ríkisútgjaldanna er lögboðinn.

Hinn beini kostnaður við sjálfa ríkisstarfræksluna er á hinn bóginn mjög mikill minni hluti ríkisútgjaldanna. Þannig er beinn starfrækslukostnaður ríkisins, að vísu í nokkuð þröngri merkingu, og þá tekinn með kostnaður við Alþingi, Stjórnarráð, utanríkismál, opinbert eftirlit og innheimtu skatta og tolla, 6.2% af ríkisútgjöldunum samkvæmt fjárlagafrumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Þótt þessu sé þannig farið, nemur ólögboðinn starfrækslukostnaður ríkisins samt sem áður mjög háum fjárhæðum og skiptir því verulega fyrir alþjóð, hversu til tekst að halda honum í skefjum. Eru sífellt gerðar atrennur til þess að hamla á móti vexti þessa kostnaðar. Stendur sú orrahríð auðvitað látlaust alla tíð í ráðuneytunum, þar sem ýmist er sótt eða varizt, en margoft hafa einnig verið gerðar sóknarlotur í sparnaðarskyni og þá eigi ósjaldan verið settar á laggirnar sparnaðarnefndir, ýmist kosnar af Alþingi eða skipaðar af ríkisstjórn.

Fjarri fer, að því skuli haldið fram, að störf þessara sparnaðarnefnda hafi til einskis orðið. Nefndirnar hafa oft kynnt sér marga þætti í þjóðarbúskapnum og gefið ýmsar gagnlegar bendingar. En það hefur verið sameiginlegt einkenni á störfum allra þessara nefnda, að þær hafa mjög orðið að láta sér nægja að gefa bendingar fremur en að gera ákveðnar rökstuddar tillögur. Hafa nefndirnar ósjaldan tekið fram, að þær teldu sig ekki hafa aðstöðu til þess að kynna sér svo ýtarlega einstök atriði varðandi rekstur stofnana og skrifstofa, að þær treystu sér til að dæma um, hvort þar væri hægt að koma við sparnaði, t. d. um mannahald, húsnæði, bifreiðaafnot o. s. frv., o. s. frv.

Er þetta ekki óeðlilegt, þar sem það mun sanni næst varðandi slík atriði, sem þó eru oft þýðingarmikil, þegar um er að ræða að gera sér grein fyrir því, hvort sparnaði verði við komið eða ekki, og þá ekki sízt, hvort sparnaði verði við komið, án þess að fella niður þjónustu, sem þegnarnir hafa notið, að sparnaðarnefndir, sem starfa stuttan tíma, eiga mjög óhægt um vik að kynnast málum svo nákvæmlega, að þær geti fellt dóma.

Oft hefur verið um það rætt með hverjum hætti væri unnt að skapa aukið aðhald um sparnað í ríkisbúskapnum, og hefur komið til orða að stofna eins konar ráðsmannsembætti til eftirlits í þessu skyni. Úr því hefur þó ekki orðið og er það vegna þess, að menn hafa óttazt, að fastskipaður embættismaður í því starfi mundi ekki, þegar til lengdar lætur, verða það aðhald, sem sumir hafa vonazt eftir.

Í 22. gr. fjárlaga hefur nú æði lengi verið það ákvæði, að ríkisstjórninni væri heimilt að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verði lög um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

Af og til hefur verið ætlunin að framkvæma þessa heimildargrein, en það hefur jafnan farið út um þúfur á þann hátt, að einstök ráðuneyti og stofnanir hafa farið sínu fram þrátt fyrir það og fjármálaráðuneytið enga aðstöðu haft til þess að spyrna fótum við, m. a. vegna þess, að ráðningar hafa verið fullkomlega gildar, þótt fjármálaráðuneytið hafi eigi um þær fjallað.

Nú undanfarið hefur verið athugað gaumgæfilega, hvað hyggilegt mundi að gera til þess að skapa meira aðhald í ríkisrekstrinum en verið hefur.

Hefur orðið ofan á að gera þá tillögu til nýrrar löggjafar um þetta efni, sem í frumvarpi þessu felst. Þar er ekki gert ráð fyrir sparnaðarnefnd, sem sitji stuttan tíma, enda þótt auðvitað væri hvenær sem er hægt að skipa slíka nefnd, þrátt fyrir ákvæði frv. Þar er heldur ekki gert ráð fyrir því að skipa fastan embættismann til eftirlits í þessu efni.

Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að fela sérstökum trúnaðarmönnum aðhald og eftirlit í þessu sambandi. Einum embættismanni, einum manni skipuðum af ríkisstjórninni og einum manni tilnefndum af fjárveitinganefnd Alþingis. Er hlutverk þeirra, eins og segir í frv., að gera tillögur um aðhald og sparnað í ríkisrekstrinum, og gert er óheimilt að stofna til nýrrar stöðu nokkurs staðar í ríkisrekstrinum, nema málið hafi verið borið undir þá, og ráðning eða skipun gerð ógild, ef ekki hefur verið farið eftir þessu ákvæði. Valdið til ákvörðunar í þessu efni er að sjálfsögðu hjá hlutaðeigandi ráðherra, en ef hann fer ekki eftir tillögum trúnaðarmannanna, þá er honum skylt að gera fjárveitinganefnd Alþingis grein fyrir því, af hverju hann fór ekki eftir tillögum þeirra.

Gert er ráð fyrir, að þessir trúnaðarmenn fjalli ekki aðeins um starfsmannafjölda og veiti aðhald í því efni, heldur er einnig stungið upp á því, að undir þá skuli bera allar ráðstafanir, sem verulegum kostnaðarauka geta valdið, svo sem auknингu húsnæðis, bifreiðakaup o. fl., sem lýtur að starfrækslunni.

Með þessu móti er ætlazt til að saman geti farið, að meðal trúnaðarmanna í þessum efnum sé jafnan einhver, sem hefur nákvæma þekkingu á ríkisstarfrækslunni (ráðuneytisstjórinn), en jafnframt aðrir, sem eru sérstaklega tilnefndir fyrir styttri tímabil í senn og ættu að tryggja það, að fleiri sjónarmið en embættismannanna einna komi þarna til greina.

Ed. 175. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um húsnæði fyrir fæðingarheimili Reykjavíkurbæjar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á þrem fundum. Mælir hún einróma með, að það verði samþykkt óbreytt. FÞ var fjarstaddur, er málið hlaut afgreiðslu.

Alþingi, 17. des. 1957.

Alfreð Gíslason, form., frsm. Karl Kristjánsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.
Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 176. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna.

Frá fjárhagsnefnd.

Meiri hl. nefndarinnar (BSt, EggÞ, BjörnJ) mælir með samþykkt frv.
Minni hl. (GTh, JJós) óskar eftir fresti til athugunar á málinu og vill ekki taka þátt í afgreiðslu þess að svo stöddu.

Alþingi, 17. des. 1957.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 177. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og mælir meiri hluti hennar með samþykkt þess óbreytts.

Alþingi, 17. des. 1957.

Páll Þorsteinsson, form. Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm. Einar Olgeirsson.

Ed. 178. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1958.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. des. 1957.

Sigurvin Einarsson, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. F. R. Valdimarsson.
Sigurður Ó. Ólafsson. Gunnar Thoroddsen.

Ed. 179. Lög [35. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 50, með þeirri leiðréttingu, að á eftir „26. gr.“ kemur: laganna.

Ed. 180. Frumvarp til laga [94. mál]

um húsnæði fyrir félagsstarfsemi.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Styrktarsjóði Félags íslenzkra rafvirkja og sjúkrastyrktarsjóði Múrarafélags Reykjavíkur er heimilt að taka eignarhluta sinn í húsinu nr. 27 við Freyjugötu í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur mjög þrengzt kostur ýmissa stéttarfélaga hér í Reykjavík um fundarhöld og félagsstarfsemi yfirleitt vegna skorts á hentugu húsnæði.

Af þessum ástæðum hefur það færzt mjög í vöxt, að einstök félög hafa reynt, af vanefnum þó, að eignast húsnæði til sinna þarfa á þeim stöðum í bænum, sem gefa flestum félagsmönnum kost á að sækja félagsfundi og aðrar samkomur félaganna, sem nauðsynlegar eru til viðhalds starfsemi félaganna.

Af þessum sökum keyptu þau stéttarfélög, er í frv. þessu ræðir, ákveðinn hluta húseignarinnar nr. 27 við Freyjugötu hér í bæ.

Kaup þessi fóru fram réttum 5 mánuðum áður en bráðabirgðalög um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum voru sett. Eftir setningu laga þessara hefur verið dregið í efa, að téð húsnæði mætti taka til umræddra afnota, þó að við setningu laganna hafi verið búið að gera það illframkvæmanlegt að breyta því í íbúðarhúsnæði.

Frumvarpið er því flutt til þess að fá úr þessu skorið.

Lögum þessum mun fyrst og fremst hafa verið ætlað að koma í veg fyrir, að fjöldi íbúða, sem í notkun voru sem slíkar, yrði tekinn til annarra afnota, t. d. sem verzlunar- og skrifstofuhúsnæði o. s. frv., vegna hins mikla skorts, sem ríkjandi er um íbúðarhúsnæði.

Hér er ekki farið fram á, að nein íbúð sé tekin úr notkun, þar sem húsið fram til þessa hefur verið í byggingu.

Í þessum tveim stéttarfélögum eru um 600 skráðir félagsmenn og þannig ástatt, að annað félagið er algerlega húsnæðislaust, en hitt býr við mjög þröngan húsakost. Félögum þessum er því mikil nauðsyn á að fá nýttan þann útlagða kostnað, sem búið er að leggja í bygginguna, en staðsetning hússins er sérstaklega hagstæð til þeirrar starfsemi, sem félagsheimili er ætlað.

Nd. 181. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 6. gr. Í stað orðanna „á næstu húsum og í aðliggjandi götum“ komi: í næsta nágrenni.

Nd. 182. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni Pálmasyni.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Aftan við 76. gr. laganna komi ný málsgr., þannig:
Þegar kosningar fara fram að vetri til, skulu kjördagar vera tveir.

Nd. 183. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta er flutt til skýringar á 4. gr. laganna, sem kveður m. a. á um, að sérstakt gjald skuli lagt á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum. Við setningu laganna var minni hluti nefndarinnar andvígur þeirri grein og taldi varhugaverða fjáröflunarleið að hækka verð að svo ódýrum almenningsskemmtunum sem kvikmyndasýningar eru.

Nefnd, skipuð af fyrrv. menntamálaráðherra, sem gerði tillögur um fjáröflun til menningarsjóðs, benti á, að taka mætti fé þetta af auknum áfengissölugróða ríkisins. Sýnist sú leið mun skynsamlegri að taka þetta fé af þeirri tegund skemmtunar, sem skaðlegri er, en hins vegar er mjög óviðfelldið, að löggjafarvaldið gangi á undan um það að gera almenningi erfiðara fyrir að njóta svo meinlausrar og oft menntandi dægrastyttingar sem kvikmyndasýningar eru.

Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv., hefur lagt fram á þessu þingi frv. um að fella burt þessa fjáröflunarleið, en nota í þess stað hluta áfengissölugróðans í þessu skyni.

Minni hl. nefndarinnar telur, að réttara hefði verið að taka fyrst afstöðu til þess frumvarps, svo að séð yrði, hvort þingmeirihluti vildi breyta efni 4. gr. laganna um skemmtanaskatt og grundvöllur fyrir þessu frv. félli burt.

Minni hlutinn tekur því ekki afstöðu til þessa frv.

Alþingi, 17. des. 1957.

Kjartan J. Jóhannsson. Ragnhildur Helgadóttir, frsm.

Nd. **184. Frumvarp til laga** [95. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Eyrarbakkahreppi land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar í Eyrarbakkahreppi með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Eyrarbakkahreppi í Árnessýslu allt land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar í Eyrarbakkahreppi með hjáleigum, að undanskildum eignarlóðum, sem þegar hafa verið seldar úr landi Stóru-Háeyrar.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Árnessýslu oddamann. Þó skal Eyrarbakkahreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

Andvirði landsins skal Eyrarbakkahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Eyrarbakkahreppi var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þann 23. des. 1936 staðfesti ráðherra skipulagsuppdrátt fyrir Eyrarbakkakauptún. Strax að fenginni staðfestingu var farið að staðsetja nýjar byggingar eftir skipulagsuppdrættinum, og hefur svo verið síðan.

Brátt kom í ljós, að ýmis eldri mannvirki, hús og bæir voru til trafala við skipulagningu samkvæmt hinum nýja uppdrætti, svo sem við mátti búast um svo gamalt þorp. Hreppsnefndin, sem hafði á hendi stjórn skipulagsins, sá fljótlega, að hún hefði helzt þurft að hafa fullan umráðarétt og allra helzt eignarrétt yfir lóðum og löndum innan kauptúnsins, til þess að hægt væri að koma þessari nýskipan á.

Þetta hefur þó ekki valdið árekstrum fram að þessu og því ekki verið leitað heimildar til kaupa á þessum jarðeignum fyrr. Nú, þegar sýnt er, að kaupa þarf fasteignir eða lóðarréttindi eða hvort tveggja af einstaklingum til þess að geta gert götur, holræsi, vegi eða aðrar framkvæmdir samkvæmt skipulaginu, telur hreppsnefndin á allan hátt eðlilegast, að hreppsfélagið sjálft sé eigandi að landinu, sem framkvæmdirnar eru gerðar á.

Eyrarbakki er nú landbúnaðarþorp. Búfjáreign þorpsbúa hefur vaxið mjög hin síðari ár, og verður nú ekki hjá því komizt að skipuleggja hagbeit fyrir búfé betur en nú er. Ríkissjóður er eigandi að mestum hluta þess lands, sem nú er notað til beitar.

Eyrarbakkahreppur keypti á árunum 1900—1905 nokkrar jarðir í Sandvíkurhreppi (Flóagaflstorfu), þar sem eru mikil slægjulönd, og Eyrbekkingar hafa lengst af sótt þangað mest af sínum heyskap. Þessar jarðir voru síðan innlimaðar í hreppinn með lögum nr. 52 7. maí 1946.

Þessar jarðir, slægjulönd Eyrbekkinga, liggja að jarðeignum ríkissjóðs, sem Eyrbekkingar nota til beitar. Það er því ljóst, hve óeðlilegt það er, að bændur þurfi að sækja slægjur til annars landeiganda og beitarafnot til hins.

Túnrækt fer mjög vaxandi í hreppnum, og er eingöngu ræktað á landi ríkissjóðs, vegir og skurðakerfi er þó kostað að mestum hluta af Eyrarbakkahreppi og leigutökum. Mælir það einnig með því, að hreppsfélagið verði eigandi jarðanna og þá eðlilega fúsara til að bera kostnað við framkvæmdir, sem gerðar eru á jörðunum.

Búið er að leggja nokkuð af skólpræsum um þorpið, sem að sjálfsögðu eru eingöngu kostuð af hreppsfélaginu. Enn er óunnið mikið verk, áður en fullkomin skólplögn er komin í þorpið, en mjög aðkallandi að framkvæma það, einnig samkvæmt skipulagi gatna og húsa í þorpinu.

Hreppsnefndin lítur þó svo á, að eðlilegast væri, að svo mikið og dýrt verk væri framkvæmt á eigin landi hreppsfélagsins.

Vatnsveita er engin á Eyrarbakka, neyzluvatn tekið úr misjafnlega góðum brunnum. Gerðar hafa verið tilraunir með borun eftir neyzluvatni, en hafa ekki borið þann árangur, sem til var ætlazt. Líkur eru því til, að sækja verði vatn um langan veg og kosta til þess miklu fé. Þetta er þó að verða knýjandi nauðsyn, og verður innan tíðar að hefjast handa um framkvæmd þess.

Hreppsnefndin er hins vegar ekki fús til að leggja mikið til slíkra framkvæmda, nema hún verði eigandi landsins, sem þorpið er byggt á.

Það er að lokum álit hreppsnefndarinnar, að á allan hátt sé eðlilegt, að hreppsfélögin eigi sjálf það land, sem þorp eða bæir byggjast á, svo að fjárframlög viðkomandi hreppsfélaga, sem að sjálfsögðu hækka landið að verðgildi, verði áfram þeirra eign í hinum ýmsu framkvæmdum, sem gerðar eru.

Nd. 185. Breytingartillaga [73. mál]

við brtt. á þskj. 182 [Kosningar til Alþingis].

Frá Jóhanni Hafstein.

Til vara:

Efnismálsgrein till. orðist svo:

Ef yfirkjörstjórn í kaupstöðum telur, að óveður hafi verulega hindrað kjörsókn, getur hún, áður en kjörfundi er slitið, ákveðið, að kjördagar skuli vera tveir. Sama rétt hafa undirkjörstjórnir í einstökum kjördeildum utan kaupstaða til að ákveða, að kjördagar skuli vera tveir.

Ed. 186. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. mgr. 70. gr. laganna orðist svo:

Áður en kjósanda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá ástæðum til þess, að hann óskar að neyta atkvæðisréttar síns fyrir kjördag, og gera sem nákvæmasta grein fyrir því, hvar hann muni verða staddur á kjördegi. Skal kjörstjóri færa upplýsingar þessar í bók, sem

yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni. — Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf, með áföstum kjörseðli, og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Aftan við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Frambjóðendur og umboðsmenn þeirra eða framboðslista skulu hafa aðgang að bók þeirri, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Í stað 1. málsl. 76. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir, þannig:

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis. Yfirkjörstjórn í kaupstöðum getur þó ákveðið, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd, er kjörfundur er settur.

3. gr.

97. gr. laganna orðist svo:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar, frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin, frá því kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 23 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

4. gr.

Aftan við 103. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt:

1. að hafa meðferðis á kjörfundi kjörskrá eða aðra slíka skrá;
2. að rita til minnis á kjörfundi nöfn þeirra, er neyta atkvæðisréttar;
3. að senda af kjörfundi eða láta í té upplýsingar um, hverjir neyta atkvæðisréttar eða hverjir hafa ekki sótt kjörfund.

Skal kjörstjórn hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessum sé fullnægt og að frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra hafist ekki annað að á kjörfundi en að fylgjast með því, að kosning fari fram lögum samkvæmt.

5. gr.

Aftan við 105. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni, sendir hún kjörskráreintök þau, sem notuð voru við kosninguna, í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar. Að lokinni atkvæðatalningu býr yfirkjörstjórn um kjörskrárnar í innsigluðum umbúðum og afhendir sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta) til varðveizlu.

6. gr.

3. töluliður 139. gr. laganna orðist svo:

3. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.

7. gr.

Nýr töluliður bætist við 139. gr. laganna, 4 liður (aðrir liðir breytast í samræmi við það), svo hljóðandi:

4. Að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma.

8. gr.

Fyrir orðin „frá 50—1000 kr." í 146. gr. laganna komi orðin: frá 1000—20000 kr.

9. gr.

Fyrir orðin „frá 20—200 kr." í 147. gr. laganna komi orðin: frá 400—4000 kr.

10. gr.

Fyrir orðin „100—1000 króna" í 148. gr. laganna komi orðin: 2000—20000 króna.

11. gr.

Fyrir orðin „50—1000 króna" í 149. gr. laganna komi orðin: 1000—20000 króna.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 187. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1946, um fræðslu barna.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta, sem flutt er nú í þriðja sinn af 1. þm. Reykv., Bjarna Benediktssyni, fjallar um stuðning ríkisins við einkaskóla.

Í hitteðfyrra felldu vinstri flokkarnir frv. þetta, og í fyrra afgreiddu fulltrúar þeirra í menntamálanefnd neðri deildar málið ekki þrátt fyrir ítrekuð tilmæli fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Málið var samt oft rætt í nefndinni.

Á þinginu nú í vetur hefur málið enn legið fyrir, en meiri hlutinn ófáanlegur til að afgreiða það.

Minni hl. finnst hins vegar engin ástæða til að draga afgreiðsluna úr hömlu og telur:

1. að einkaskólana beri að styðja vegna þeirrar fjölbreytni, sem þeir eru líklegir til að skapa í fræðslumálunum;
2. að engin ástæða sé til að gera fólki, sem heyrir til söfnuðum utan þjóðkirkjunnar, fjárhagslega erfiðara fyrir en öðru fólki að senda börn sín í þá löggiltu einkaskóla, sem söfnuðirnir reka;
3. ef skólahald þetta hætti vegna fjárskorts, mundu börnin, sem annars stunda nám í einkaskólum, fara í almenna barnaskóla, og yrði þá að fjölga þar kennurum, sem launaðir eru af hinu opinbera.

Þess vegna er sanngjarnt að fara fram á, að laun fastra kennara verði greidd úr ríkissjóði, enda verði þeir þá ráðnir og launaðir eins og kennarar barnaskóla.

Alþingi, 17. des. 1957.

Ragnhildur Helgadóttir, frsm. Kjartan J. Jóhannsson.

Nd. 188. Lög [92. mál]

um happdrætti í sambandi við skuldabréfalán Flugfélags Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 167.

Sþ. 189. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1958.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við	2. gr.	3. (Vörumagnstollur). Fyrir „35 000 000“ kemur	36 000 000
2.	—	2. —	4. (Verðtollur). Fyrir „170 000 000“ kemur	174 000 000
3.	—	2. —	5. (Innflutningsgjald af benzíni). Fyrir „16 000 000“ kemur	17 000 000
4.	—	2. —	9. (Bifreiðaskattur). Fyrir „12 000 000“ kemur	13 000 000
5.	—	2. —	10. (Aukatekjur). Fyrir „11 500 000“ kemur	12 500 000
6.	—	2. —	11. (Stimpilgjald). Fyrir „17 000 000“ kemur	20 000 000
7.	—	2. —	15. (Söluskattur). Fyrir „110 000 000“ kemur	115 000 000
8.	—	3. —	A. Sundurliðun 2. I. (Landssíminn, tekjur). Fyrir „82 857 000“ kemur	83 097 000
9.	—	3. —	A. Sundurliðun 2. Eignabreytingar landssímans.	
			a. Við I. (Afborganir og húsakaup). Fyrir „2 000 000“ kemur	2 370 000
			b. Við II. (Viðaukar símakerfa o. fl.). Fyrir „2 300 000“ kemur	2 150 000
			c. Við III. (Talstöðvar í báta og skip). Fyrir „250 000“ kemur	290 000
			d. Við IV. (Loftskeytastöðvar í skip). Fyrir „180 000“ kemur	210 000
			e. Við V. (Nýjar landssímalínur). Fyrir „900 000“ kemur	800 000
			f. Við VI. (Notendasímar í sveitum). Fyrir „1 300 000“ kemur	1 100 000
			g. Við IX. (Póst- og símahús á Raufarhöfn). Fyrir „400 000“ kemur	300 000
			h. Við IX. Nýr liður: Til stuttbylgjusambands við Borgarnes	350 000
10.	—	3. —	A. Sundurliðun 3. I. (Áfengisverzlun ríkisins, tekjur). Fyrir „103 439 804“ kemur	109 439 804
11.	—	3. —	A. Sundurliðun 4. I. (Tóbakseinkasala, tekjur). Fyrir „72 953 748“ kemur	76 953 748
12.	—	5. —	(Óvissar tekjur). Fyrir „6 000 000“ kemur	6 500 000

13. Við 11. gr. A. 4. c. (Sakadómaraembættið, annar kostnaður).
Fyrir „450 000“ kemur 520 000
14. — 11. — A. 7. b. 3. (Embætti sýslumanna og bæjarfógeta, annar kostnaður).
Fyrir „2 000 000“ kemur 2 020 000
15. — 11. — A. 11. c. (Vinnuhæli að Kvíabryggju).
Liðurinn fellur niður.
16. — 11. — B. 1. (Skipaskoðun ríkisins).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „297 020“ kemur 330 432
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „228 533“ kemur 263 890
c. Við ÷ Tekjur.
Fyrir „240 000“ kemur 420 000
17. — 11. — B. 2. (Öryggiseftirlit ríkisins).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „173 700“ kemur 237 600
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „144 171“ kemur 197 208
c. Við ÷ Tekjur.
Fyrir „572 871“ kemur 689 808
18. — 12. — IV. A. (Landsspítalinn).
a. Við 1. a. (Grunnlaun).
Fyrir „4 972 465“ kemur 5 010 265
b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „4 052 844“ kemur 4 084 218
c. Við 4. (Annar kostnaður).
Fyrir „4 935 000“ kemur 5 155 000
19. — 12. — IX. b. (Heilsuverndarstöðvar utan Reykjavíkur).
Fyrir „500 000“ kemur 150 000
20. — 12. — XIII. (Leirböð í Hveragerði).
Liðurinn fellur niður.
21. — 12. — XIV. (Til héraðshjúkrunarkvenna).
Fyrir „75 000“ kemur 25 000
22. — 13. — C. VIII. (Hafnarmannvirki).
1. Við 21. (Hafnarfjörður).
Fyrir „200 000“ kemur 250 000
2. Við 36. (Járngerðarstaðir).
Fyrir „200 000“ kemur 250 000
3. Við 37. Nýr liður:
Kópavogur 100 000
4. Við 60. (Þórshöfn).
Fyrir „275 000“ kemur 300 000
5. Við 64. Nýr liður:
Til framkvæmda við Seyðisfjarðarhöfn í samráði við vitamálastjóra 100 000
6. Við 65. (Brjánslækur).
Fyrir „365 000“ kemur 165 000
7. Við 66. f. Nýr liður:
Skálmarnesi, Skálanesi og Reykjanesi 100 000
23. — 14. — A. XIII. (Framkvæmdir í Skálholti).
Fyrir „1 700 000“ kemur 1 200 000
24. — 14. — B. XI. 2. i. (Bændaskólinn á Hvanneyri, kennsluáhöld)
Fyrir „10 000“ kemur 25 000

25. Við 14. gr. B. XIII. a. (Verzlunarskólinn).
Fyrir „400 000“ kemur 440 000

26. — 14. — B. XIII. b. (Samvinnuskólinn).
Fyrir „300 000“ kemur 320 000

27. — 14. — B. XIV. 6. Liðurinn orðast svo:
Styrkur til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra:
a. Skólahús í smíðum:

1.	Reykjavík, Breiðagerðisskóli	1 250 000	
2.	Reykjavík, Haga- og Vogaskóli	1 000 000	
3.	Keflavík, íþróttahús	82 500	
4.	Kópavogur, Kársnesskóli	173 000	
5.	Kópavogur, Digranesskóli	250 000	
6.	Ísafjörður, íþróttahús	65 000	
7.	Siglufjörður	170 000	
8.	Akureyri	168 500	
9.	Húsavík	642 500	
10.	Seyðisfjörður	150 000	
11.	Njarðvíkur	288 000	
12.	Garðaskólahverfi	236 000	
13.	Kjalarnesskóli	16 000	
14.	Kjósarskóli	58 500	
15.	Varmaland I	52 000	
16.	Varmaland, sundlaug	190 000	
17.	Hvammsskólahverfi	230 000	
18.	Reykhólaskóli	80 000	
19.	Patreksfjörður	325 000	
20.	Rafnseyri	60 000	
21.	Suðureyri	137 000	
22.	Mosvallaskólahverfi	18 500	
23.	Súðavíkurskóli	45 000	
24.	Borðeyrarskóli	27 250	
25.	Skagaströnd	174 000	
26.	Lýtingsstaðaskóli	92 000	
27.	Dalvík	100 000	
28.	Svarfaðardalsskólahverfi	34 500	
29.	Aðaldalsskólahverfi	30 500	
30.	Kelduhverfisskólahverfi	150 000	
31.	Torfastaðir	29 500	
32.	Eiðar	296 000	
33.	Egilsstaðir	45 000	
34.	Breiðdalur	130 000	
35.	Höfn í Hornafirði	195 000	
36.	Austur-Eyjafjallaskólahverfi	133 000	
37.	Holta-, Ása- og Landmannaskóli	500 000	
38.	Biskupstungnaskólahverfi	160 000	
39.	Seyðisfjörður, íþróttahús	100 000	
40.	Sandgerði	120 000	
41.	Hvammstangi (geymslufé frá fyrra ári 110 þús. kr.).		
42.	Bárðardalur	75 000	
43.	Reyðarfjörður	147 000	
			8 226 250

b. Ný skólahús:

1. Reykjavík, Hamrahlíðarskóli, 1. áfangi	300 000	
2. Hafnarfjörður (viðbótarbygging)	80 000	
3. Kópavogur, Kársnesskóli, 2. áfangi	200 000	
4. Vestmannaeyjar	100 000	
5. Seltjarnarnesskóli, 1. áfangi	100 000	
6. Kleppjárnsreykir	150 000	
7. Grafarnesskóli	150 000	
8. Vopnafjarðarskóli	25 000	
9. Nesjaskólahérað	95 000	
		1 200 000

c. Skólastjórabústaðir í smíðum:

1. Kjalarnes	16 250	
2. Höfn í Hornafirði	30 250	
3. Bolungavík	31 000	
4. Vík í Mýrdal	56 250	
		133 750

d. Ýmsir skólar, sem voru í smíðum á tímabilinu 1946—54 (lokaframkvæmdir) 200 000

9 760 000

28. Við 14. gr. B. XV. 3. Liðurinn orðast svo:
Styrkur til byggingar gagnfræðaskóla og héraðsskóla:

a. Skólahús í smíðum:

1. Reykjavík, Réttarholt	433 500	
2. Reykjavík, Austurbær	120 000	
3. Stykkishólmur, heimavist	329 000	
4. Ísafjörður, íþróttahús	60 000	
5. Siglufjörður	65 000	
6. Akureyri	61 000	
7. Vestmannaeyjar	108 000	
8. Reykholt	353 500	
9. Núpur	55 000	
10. Reykjanes	65 000	
11. Reykir	372 000	
12. Laugar	72 000	
13. Skógar	265 000	
14. Laugarvatn	483 500	
15. Eiðar	137 000	
16. Akranes	300 000	
17. Neskaupstaður	220 000	
18. Hafnarfjörður, íþróttahús (geymslufé frá fyrra ári 200 þús. kr.).		
		3 499 500

b. Nýr gagnfræðaskóli:
Kópavogur 100 000

3 599 500

29. — 14. — B. XV. 3. Nýr liður:
Til byggingar fjóss og hlöðu á Laugarvatni 200 000

30. Við 14. gr. B. XVII. 2. (Bygging húsmæðraskóla).
Fyrir „760 000“ kemur 500 000
31. — 14. — B. XVIII. 10. (Ferðakennsla í íþróttum).
Fyrir „45 000“ kemur 60 000
32. — 14. — B. XXVII. (Skáksamband Íslands).
Fyrir „20 000“ kemur 30 000
33. — 15. — A. V. 8. (Náttúrugripasafnið). Nýr liður:
Til dr. Sigurðar Þórarinssonar og dr. Finns Guðmundssonar til ritstarfa í þágu safnsins, 8 þús. kr. til hvors 16 000
34. — 15. — A. X. b. 14. Nýr liður:
Styrkur til Fiske-bókasafnsins í Íþöku 5 000
35. — 15. — A. XII. Nýr liður:
Til Bandalags íslenzkra listamanna 20 000
36. — 15. — A. XXII. (Magnús Guðnason).
Fyrir „5 000“ kemur 10 000
37. — 15. — A. XXXVII. 4. Nýr liður:
Til Leikfélags Bolungavíkur 8 000
38. — 15. — A. XL. 11. Nýr liður:
Til tónlistarskóla í Keflavík 10 000
39. — 15. — A. LVII. (Friðrik Ólafsson).
Fyrir „15 000“ kemur 25 000
40. — 15. — B. X. Nýr liður:
Framlag til norrænnar rannsóknarstöðvar í fræðilegum atómvísindum 15 775
41. — 16. — A. 16. Nýr liður:
Til tilraunauppeldisstöðvar fyrir æðarfugl (stofnkostnaður) 14 000
42. — 16. — A. 17. (Fyrirhleðsla í Þverá og Markarfljóti).
Fyrir „470 000“ kemur 500 000
43. — 16. — A. 22. f. (Fyrirhleðslur). Nýir liðir:
a. Í Kelduá í Fljótsdal 15 000
b. Við Dyrhólaós 20 000
44. — 16. — C. 7. (Iðnskóli í Reykjavík).
Fyrir „900 000“ kemur 500 000
45. — 17. — 7. (Gamalmennahæli).
a. Við a. (Elliheimilið Grund).
Fyrir „40 000“ kemur 60 000
b. Við b. Liðurinn orðist svo:
Til elliheimila utan Reykjavíkur, 40 þús. kr. til hvers 360 000
46. — 17. — 12. Nýr liður:
Til verkakvennafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði til byggingar dagheimilis fyrir börn, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að 40 000
47. — 17. — 14. (Dvalarheimili fyrir afvegaleidd börn og unglinga).
Fyrir „250 000“ kemur 450 000
48. — 17. — 31. Nýr liður:
Til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi Vestmannaeyjakaupstaðar .. 150 000
49. — 17. — 47. Nýr liður:
Stofngjald og tillag til Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar 46 116

50. Við 18. gr. II. a.
a. Niður falla þessir liðir:
1. Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslumaður.
2. Jón Sigurðsson, fyrrv. skrifstofustjóri.
3. Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari.
4. Þorlákur Þorláksson, fyrrv. póstur.
b. Eftirfarandi liður breytist:
Sigurður Sigfússon, fyrrv. póstur.
Fyrir „2 500.00“ kemur 3 000.00
c. Við bætist í stafrófsröð:
1. Árni Árnason, fyrrv. héraðslæknir 2 000.00
2. Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir 2 000.00
3. Björn Kristjánsson, fyrrv. póst- og símaafgreiðslumaður 4 000.00
4. Einar Ástráðsson, fyrrv. héraðslæknir 6 000.00
5. Elísabet Eiríksdóttir, fyrrv. kennslukona 5 000.00
6. Guðbrandur Magnússon, fyrrv. forstjóri 8 200.00
7. Guðjón Bachmann, fyrrv. vegaverkstjóri 3 000.00
8. Guðrún Reykholt 3 000.00
9. Ingimundur Steingrímsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður 5 000.00
10. Jón Ólafsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður 5 000.00
11. Matthías Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður .. 2 500.00
12. Ólafur Jónsson, fyrrv. dyravörður 4 000.00
13. Pétrína Jónsdóttir, fyrrv. starfskona Alþingis .. 6 000.00
14. Stefán Stefánsson, fyrrv. húsvörður 2 000.00
15. Sveinn Þorláksson, fyrrv. símstjóri 4 000.00
16. Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður ... 2 500.00
17. Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir 2 000.00
18. Þórarinn Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður 2 500.00

51. — 18. — II. b.
a. Niður falla þessir liðir:
1. Ástríður Petersen.
2. Jóhanna Gunnarsdóttir.
3. Steinunn Oddsdóttir.
4. Sylvia N. Guðmundsdóttir.
b. Við bætast í stafrófsröð
1. Anna Guðmundsdóttir 7 000.00
2. Elín Jónsdóttir 3 500 00
3. Emilía Benediktsdóttir Kofoed Hansen 15 000.00
4. Guðbjörg Guðmundsdóttir 3 500.00
5. Gunnhildur Jónsdóttir 3 000.00
6. Helga Arngrímsdóttir 3 500.00
7. Jónheiður Eggerz 10 000.00
8. Oddný Pétursdóttir 6 000.00
9. Ólöf Sigurðardóttir 3 000.00
10. Ragnhildur I. Bjarnadóttir 4 000.00
11. Rósa Eggertsdóttir 3 000.00
12. Sesselja Þorsteinsdóttir Clausen 4 000.00
13. Valgerður Helgadóttir 5 000.00

52. — 19. — 1. (Dýrtíðarráðstafanir).
Fyrir „105 000 000“ kemur 40 000 000

53. — 19. — 2. (Óviss útgjöld).
Fyrir „3 000 000“ kemur 3 100 000

54. Við 20. gr. Út. (Skip vegna Vestmannaeyja og nálægra hafna).
Fyrir „1 800 000“ kemur 2 000 000
55. — 20. — Út. VIII. 1. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana).
Fyrir „4 140 000“ kemur 4 740 000
56. — 20. — Út. XI. (Flugvallagerð).
Fyrir „5 535 000“ kemur 6 135 000
57. — 20. — Út. XI. Nýr liður:
Til viðbótarhúsnæðis fyrir rannsóknarstöðina á Keldum 700 000
58. — 20. — Út. XIII. 6. Nýr liður:
Til byggingar heimavistar við bændaskólann á Hvanneyri 185 000
59. — 20. — Út. XIII. 7. (Byggingar vegna Íþróttakennaraskólans). Liðurinn fellur niður.
60. — 20. — Út. XVIII. (Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík).
Fyrir „900 000“ kemur 800 000
61. — 20. — Út. XXV. Nýr liður:
Til byggingar Kjarvalshúss 300 000
62. — 22. — III. Nýr liður.
Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1958 hjá allt að 10 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.
63. — 22. — X. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 7 500 000 kr. lán fyrir Síldarvinnsluna h/f, Neskaupstað, til að reisa síldarverksmiðju í Neskaupstað.
b. Að ábyrgjast fyrir síldarverksmiðjuna í Krossanesi allt að 1 millj. kr. lán til greiðslu á stofnkostnaði við að kaupa og koma upp tækjum til heilmjölsvinnslu.
64. — 22. — XV. (Tjón vegna þurrafúa í fiskiskipum).
Fyrir „4.8 millj. kr.“ kemur: 8 millj. kr.
65. — 22. — XVII. Nýr liður:
Að endurgreiða prestakallasjóði helming láns til kirkjubyggingarsjóðs, 250 þús. kr.
66. — 22. — XXX. Nýr liður:
Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, fyrir félag, er Stykkishólmshreppur stofnar ásamt fiskvinnslustöðvum á staðnum, allt að 90% af kaupverði togarans Jörundar, þó eigi hærri fjárhæð en 5 850 000 kr.
67. — 22. — XXXI. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 250 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó ekki yfir 80% af heildarkostnaði.

Sþ. 190. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1958.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Eftir að 2. umræða fjárlaganna var um garð gengin, hélt fjárveitinganefnd áfram störfum á fundum og í undirnefndum. Allmörgum verkefnum hafði verið frestað til 3. umræðu og ný bættust við í erindum, sem nefndinni bárust daglega.

Meiri hluti nefndarinnar leggur fram tillögur á þskj. 189 til breytinga á fjárlagafrumvarpinu. Eru þær bæði varðandi tekju- og gjaldahlið frumvarpsins.

Minni hlutinn, Sjálfstæðisflokksmennirnir í nefndinni, eru ekki meðflutningsmenn að tillögunum, þótt þeir hins vegar hafi haft jákvæða afstöðu til ýmissa þeirra við afgreiðslu innan nefndarinnar. Ekki er meiri hlutanum kunnugt um tillögur frá minni hlutanum við þessa umræðu.

Meiri hlutinn hefur með tillögum sínum leitazt við að sinna — eftir því er hann telur fjárhagslega fært — brýnustu verkefnum, er að kalla hjá ríkinu, og leggja lið góðum málefnum, sem til nefndarinnar hefur verið vikið. En fjárhagsgetan er takmörkuð, eins og öllum má ljóst vera. Mörgu hefur því orðið að synja og öðru slá á frest.

Meiri hlutinn gerir nokkrar tillögur um sparnað í gjöldum. Hins vegar eru ýmsir útgjaldaliðir, sem að áliti meiri hl. mætti draga úr, lögbundnir eða á annan hátt þess eðlis, að sparnaði verður ekki við komið, að því er þá snertir, með fjárlagaákvörðun einni saman. Hefur meiri hlutinn þá útgjaldaliði áfram í athugun í því skyni að gera viðeigandi tillögur um þá.

Það hefur þótt nauðsynlegt að afgreiða fjárlögin fyrir áramót, svo að lögin séu fyrir hendi, strax og ár þeirra hefst, eins og skylt er. En af þessu leiðir, að meiri hlutinn leggur til, að tekinn sé út úr fjárlagafrumvarpinu nokkur hluti þeirrar fjárfúlgu, sem þar er ætluð til dýrtíðarráðstafana. Verður að teljast eðlilegt og líklegast til samræmingar, að sá þáttur efnahagsvandamálanna, sem þessi fúlga var ætluð til, verði leystur samtímis öðrum þáttum þeirra mála á framhaldsþinginu eftir áramótin, að lokinni þeirri athugun framleiðslu- og efnahagsmálanna, er nú stendur yfir á vegum ríkisstjórnarinnar.

Skal nú vikið að einstökum tillögum nefndarinnar í þeirri röð, sem þær snerta frumvarpsgreinarnar.

Um 2. gr.

Gerð er tillaga um, að tekjur ríkisins af sköttum og tollum hækki um 16 millj. kr. frá því, sem frumvarpið áætlar.

Um 3. gr.

Allar breytingar varðandi landssímann eru þannig til komnar, að umframgreiðslur hans á yfirstandandi ári, samtals að upphæð 1140000 kr., eru látnar koma inn á rekstrar- eða fjárfestingarliði stofnunarinnar á næsta ári, 240 þús. kr. í hækkaðri tekjuáætlun, en 900 þús. kr. sem lækkun á fjárfestingarframkvæmdum næsta árs frá því, sem áætlað er í frumvarpinu. Umframgreiðslurnar eru færðar á þá liði, sem þær hafa orðið á. Ekki raskar þetta þeirri fjárupphæð, sem ríkissjóður leggur landssímanum til á næsta ári, miðað við það, sem frumvarpið áætlar.

Rekstur áfengisverzlunar ríkisins og tóbakseinkasölunnar á yfirstandandi ári þykir benda til þess, að hækka megi tekjuáætlanir stofnana þessara, og er svo gert, þannig að samtals er gert ráð fyrir 10 millj. kr. auknum tekjum ríkissjóðs af þessum stofnunum, 6 millj. kr. frá áfengisverzluninni og 4 millj. kr. frá tóbakseinkasölunni.

Um 5. gr.

Fært þykir að áætla óvissar tekjur hálfri millj. kr. hærri en frumvarpið áætlar.

Um 11. gr.

Óhjákvæmilegt þótti að hækka gjaldaáætlun frumvarpsins vegna ýmissa liða í öðrum kostnaði sakadómaraembættisins í Reykjavík, og er þar um leiðréttingu á áætlun að ræða, er nemur 70 þús. kr.

Annar kostnaður hjá embættum sýslumanna og bæjarfógeta er hækkaður um 20 þús. kr. vegna þátttöku ríkissjóðs í kaupum á lögreglubifreið í Kópavogskaupstað.

Gert er ráð fyrir, að ríkið hætti rekstri vinnuhælisins að Kvíabryggju, og er því lagt til, að felldur verði niður 725 þús. kr. gjaldaliður ríkissjóðs vegna þess heimilis.

Skipaskoðun ríkisins telur sig vanta vélaeftirlitsmann til starfa og hefur stjórnarráðsheimild til að ráða hann. Launaliður stofnunarinnar er af þessum sökum hækkaður sem svarar launum eins starfsmanns í VIII. launaflokki og einnig nokkuð vegna leiðréttingar launa gjaldkera stofnunarinnar. Ráðgert er að breyta skoðunargjöldum skipa á næsta ári, og er tekjuáætluninni breytt til samræmis við það. Við breytingar þær, sem hér eru gerðar tillögur um, mundu ríkissjóði sparast rúmlega 111 þús. kr.

Ráðgert er, að öryggiseftirlit ríkisins ráði sér tvo fasta starfsmenn til viðbótar, en með því að stofnunin innheimtir fullt gjald fyrir störf þeirra, á það ekki að breyta neinu um fjárframlög ríkissjóðs.

Um 12. gr.

Varðandi landsspítalann eru tvær breytingartillögur. Gerir önnur ráð fyrir, að ráðinn verði nýr aðstoðarlæknir að spítalanum, og hækkar launaliðina um 69174 kr. En hin tillagan er um, að 220 þús. kr. verði veittar til kaupa á rannsóknartækjum, er nota þarf við hjartasjúkdómarannsóknir.

Heilsuverndarstöðvar utan Reykjavíkur hafa ekki notað þá fjárveitingu, sem þeim hefur verið áætluð að undanförnu, og því er lagt til, að sú áætlunarupphæð verði lækkuð um 350 þús. kr.

Hveragerðishreppur hefur ráðgert að koma upp sérstakri leirbaðstofnun og hafði til þess nokkra fjárveitnigu. Ekki hefur sú fjárveiting verið notuð, og allt virðist í óvissu um framhald málsins. Er því lagt til, að felld verði niður fjárveiting í þessu skyni á næsta ári.

Ekki hefur reynzt unnt að fá hjúkrunarkonur til starfa sem héraðshjúkrunarkonur og lítið útlit fyrir, að þar verði breyting á næsta ár. Lagt er til, að fjárveiting til þeirrar starfsemi verði lækkuð um 50 þús. kr.

Um 13. gr.

Gerðar eru nokkrar breytingartillögur varðandi hafnargerðir. Nema þær 200 þús. kr. til lækkunar, en 425 þús. kr. til hækkunar.

Um 14. gr.

Lagt er til, að fjárveiting til framkvæmda í Skálholti lækki um hálfa milljón króna, og þykir sem ekki beri brýna nauðsyn til að hraða þar framkvæmdum, enda nokkur óvissa ríkjandi um framtíð staðarins.

Hvanneyrarskóla er ætlað 15 þús. kr. auk:ið framlag til kennslutækja, sökum þess að talið er, að skólann vanti sérstaklega tæki til eðlisfræðikennslu.

Til verzlunarskólans og samvinnuskólans er í tillögum meiri hlutans ráðgert að auka ríkisframlag samtals um 60 þús. kr., enda mun verulegur rekstrarhalli á báðum skólunum.

Eitt af stærri verkefnum ríkissjóðs um þessar mundir er að taka þátt í byggingu skólahúsa og skólastjórabústaða. Til þessa voru veittar alls á fjárlögum fyrir 1957 12360000 kr.

Samkv. gildandi lögum má ekkert skólahérað byrja skólahússbyggingu, fyrr en Alþingi hefur samþykkt fyrstu fjárveitingu til hennar. Að öðrum kosti er byggingin ríkinu óviðkomandi.

Um leið og Alþingi hefur samþykkt fyrstu fjárveitingu til byggingar skóla, hefur það skuldbundið ríkið til þess að greiða framlag sitt að fullu til byggingarinnar á fimm næstu árum, þó ekki jafnmikið árlega, frekar en ástæður leyfa.

Nú lágu fyrir fjárveitinganefnd umsóknir um fyrsta framlag til 24 barnaskóla, 4 bústaða barnaskólastjóra og 3 gagnfræðaskóla.

Ýmsar þessar umsóknir höfðu ekki fengið lögskipaðan undirbúning, og vill fjárveitinganefnd áminna hlutaðeigendur um að gæta þess framvegis að hafa hann í lagi, þegar sótt er um framlag til Alþingis.

Meiri hl. fjárveitinganefndar leggur til, að Alþingi veiti að þessu sinni fyrsta framlag til níu tiltekinna barnaskólabygginga og einnar gagnfræðaskólabyggingar. Telur meiri hl. alls ekki mega ganga lengra að þessu sinni í því að taka skuldbindingar á ríkið í þessum efnum.

Samkvæmt tillögum meiri hl. hækka framlög til skólabygginga 1958 frá því, sem þau voru 1957, um 1.5 millj. kr.

Á Laugavatni á ríkið fjós og hlöðu í smíðum, og er bygging þeirra mannvirkja umsamið verk og hálfunnið. Þykir því óhjákvæmilegt að ljúka því, og er lagt til, að til þess verði veitt 200 þús. kr., svo sem gert er á fjárlögum þessa árs.

Vegna aukinnar eftirspurnar barnaskóla þeirra, sem ekki hafa aðstöðu til að kenna íþróttir, eftir sendikennurum í þeirri grein, er lagt til, að fjárveiting til ferðakennslu í íþróttum verði hækkuð um 15 þús. kr.

Skákíþrótt hefur átt hér vaxandi vinsældum að fagna á síðustu tímum og starfsemi Skáksambandsins öll færzt í aukana. Lagt er til, að styrkur þess verði hækkaður um 10 þús. kr.

Um 15. gr.

Lagt er til, að tveim starfsmönnum náttúrugripasafnsins verði veittur styrkur til ritstarfa í þágu safnsins, samtals 16 þús. kr.

Talið er, að Fiske-bókasafnið við Cornell-háskólann í Íþöku í Bandaríkjum Norður-Ameríku sé einstætt meðal íslenzkra bókasafna við erlenda háskóla, t. d. starfar við það íslenzkur bókavörður. Lagt er til, að því verði veittur 5 þús. kr. styrkur til kaupa á íslenzkum bókum.

Bandalag íslenzkra listamanna hefur um skeið fallið út af fjárlögum sem styrkhafi. Lagt er til, að því verði nú veittur 20 þús. kr. styrkur.

Lagt er til, að styrkur Magnúsar Guðnasonar hugvitsmanns verði hækkaður um 5 þús. kr.

Lagt er til, að meðal styrktra leikfélaga verði Leikfélag Bolungavíkur og að Tónlistarskóli Keflavíkur fái styrk sem slíkur.

Gerð er tillaga um, að styrkur Friðriks Ólafssonar, hins kunna skákmeistara, verði hækkaður um 10 þús. kr.

Til leiðréttingar er lagt til, að á fjárlög verði tekin fjárveiting til að standa straum af framlagi Íslands til norrænnar rannsóknarstöðvar í fræðilegum atómvísindum, en það hafði fallið niður við samningu fjárlagafrumvarpsins.

Um 16. gr.

Í ráði er að koma upp útungunar- og uppeldisstöð fyrir æðarunga, er síðan verði seldir þeim bændum, er auka vilja æðarvarp á jörðum sínum eða koma því á fót. Lagt er til, að í þessu skyni verði veittur 14 þús. kr. stofnstyrkur.

Þrjár breytingartillögur eru gerðar varðandi fyrirhleðslur til varnar gegn landbroti. Nema fjárveitingar samkvæmt þeim 65 þús. kr.

Talið er, að greiðslur á eftirstöðvum af ríkisframlagi til iðnskólabyggingarinnar í Reykjavík kalli nú ekki örar að en svo, að unnt sé að lækka framlag til þeirra um 400 þús. kr., og er lagt til, að svo verði gert.

Um 17. gr.

Gerð er tillaga um, að styrkur til elliheimilanna verði hækkaður um 10 þús. kr. á hvert heimili, nema styrkur elliheimilisins Grundar í Reykjavík hækki um 20 þús. kr. Samtals nema þessar hækkanir 110 þús. kr.

Verkakvennafélagið Framtíðin í Hafnarfirði hefur í smíðum myndarlegt dagheimili fyrir börn, og er lagt til, að því verði veittur 40 þús. kr. byggingarstyrkur.

Í ljós hefur komið, að ekki reynist unnt að láta þá fjárupphæð, sem Breiðavíkurheimilinu er ætluð, nægja fyrir útgjöldum. Er hér lagt til, að framlag þetta verði hækkað um 200 þús. kr.

Í Vestmannaeyjum kallar aukin vatnsöflun mjög að, einkum vegna fiskiðnaðarins, en nýjar vélar, sem við hann eru notaðar, krefjast stóraukinnar vatnsnotkunar. Til að bæta úr brýnni þörf er nú ráðgert að afla vatns úr fjallshlíðum með skurðum og byggingu vatnsbóla. Er lagt til, að til þess verks verði varið 150 þús. kr., gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi Vestmannaeyjabæjar.

Á síðastliðnu sumri gerðist Ísland aðili að Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni, og er óhjákvæmilegt talið að taka í fjárlög tillag Íslands til þeirrar stofnunar, en það er áætlað rösklega 46 þús. kr. fyrir þetta og næsta ár. Er sú tillaga gerð hér.

Um 18. gr.

Á eftirlaunagrein fjárlaga hafa stöku sinnum verið teknir einstakir embættismenn með fjárveitingu, sem samsvarar, að meðtöldum lífeyrissjóðsgreiðslum, óskertum embættislaunum þeim, er viðkomandi menn höfðu, áður en þeir létu af embætti. Varðandi nýja aðila, sem nefndin gerir tillögur um, er tekin upp sú regla, að 80% fullra launa skuli vera algert hámark. Með fullum launum er þá átt við embættislaun, að frádregnu lífeyrissjóðsgjaldi. Meiri hluti nefndarinnar telur rétt, að þegar samið verður frumvarp til fjárlaga 1959 á næsta ári, verði endurskoðaðar fjárveitingar þær, sem á greininni hafa staðið.

Um 19. gr.

Lagt er til, að fjárveiting til dýrtíðarráðstafana verði lækkuð um 65 millj. kr. Ekki er þó ráðgert að hætta niðurgreiðslum á vöruverði, en að svo miklu leyti sem ekki er ætlað fé til þessa á fjárlögum, bíður þar verkefni, sem síðar þarf að leysa.

Framlag til óvissra útgjalda er í frumvarpinu hækkað um hálfa millj. kr. frá fjárlögum. Meiri hlutanum þykir þó vert að hækka framlag þetta enn, einkum með tilliti til þess, að einhver kostnaður kunni að falla á ríkissjóð vegna tveggja heimila, sem enn eru í ríkisrekstri, en ekki er ætlað fé til á næsta ári og ríkið ráðgerir að hætta rekstri á. Eru það Kvíabryggjuheimilið og upptökuheimilið í Elliðahvammi.

Um 20. gr.

Unnið er að undirbúningi að smíði nýs strandferðaskips, er sigla á milli Vestmannaeyja og nálægra hafna. Hér er lagt til, að framlag til þess hækki um 200 þús. kr. og verði 2 millj. kr., jafnhátt og nú er í fjárlögum.

Mikil þörf hefur þótt að hækka framlag til viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna, og er það viðbótarbygging landsspítalans, sem þar kallar mest að. Gerð er tillaga um 600 þús. kr. hækkun.

Breytingartillaga er gerð um, að framlag til flugvallargerðar verði hækkað um 600 þús. kr. og verði nærri því jafnhátt og nú er í fjárlögum.

Tilraunastöðin á Keldum í Mosfellssveit þarf á auknu húsrými að halda til starfsemi sinnar, og er lagt til, að veittar verði 700 þús. kr. á næsta ári til byggingarframkvæmda. Hús það, er þarna er áformað að reisa, er talið munu kosta um 2 millj. kr., og er fyrirhugað að skipta byggingarkostnaðinum á 3 ár.

Lagt er til, að niður falli úr frumvarpinu framlag til að hefja heimavistarbyggingu íþróttakennaraskólans. Brýnni þörf þykir að leggja nokkurt fé til heimavistar bændaskólans á Hvanneyri.

Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík er lagt til að veita 800 þús. kr. Er þar um að ræða 100 þús. kr. lækkun frá því, sem frumvarpið ráðgerir.

Áformað er að láta ekki lengur undir höfuð leggjast að hefja byggingu Kjarvalshúss, en Alþingi hefur fyrir löngu ákveðið þá byggingu, þótt framkvæmd hafi farizt fyrir til þessa. Er hér gerð tillaga um 300 þús. kr. framlag í þessu skyni.

Um 22. gr.

Skýringar óþarfar.

Að samþykktum tillögum þeim, sem meiri hl. fjárveitinganefndar flytur, og einnig tillögu samvinnunefndar samgöngumála, en að öðru óbreyttu, telst svo til, að niðurstöðutölur fjárlaga yrðu sem hér segir:

I. Á rekstraryfirliti:		
Tekjur	kr.	804 663 000
Gjöld	—	721 035 411
Rekstrarafgangur	kr.	83 627 589
II. Á sjóðsyfirliti:		
Inn	kr.	807 113 000
Út	—	806 817 670
Greiðsluafgangur	kr.	295 330

Alþingi, 18. des. 1957.

Karl Guðjónsson, form., frsm. — Halldór Ásgrímsson, fundaskr. — Sveinbjörn Högnason.

Friðjón Skarphéðinsson. — Halldór E. Sigurðsson. — Karl Kristjánsson.

Nd. 191. Frumvarp til laga [96. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Raufarhafnarhreppi land jarðarinnar Raufarhafnar og um heimild til eignarnáms á erfðafesturéttindum.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Raufarhafnarhreppi allt land jarðarinnar Raufarhafnar.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Þingeyjarsýslu oddamann. Þó skal Raufarhafnarhreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda á vegum hreppsfélagsins, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Greiðsluskilmálar skulu vera hagkvæmir, sbr. 4. gr. laga nr. 64 27. júní 1941, enda má hreppurinn ekki selja jörðina eða hluta hennar nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Raufarhafnarhreppi var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndar Raufarhafnarhrepps. Það er, eftir því sem við á, sniðið eftir lögum, sem sett voru á síðasta þingi um heimild til að selja Kópavogskaupstað jarðirnar Kópavog og Digranes. Jafnframt er höfð hliðsjón af 4. gr. laga nr. 64 1941, um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa (sjá 1. gr. frv., 3. málsgr.).

Sþ. 192. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1958.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við	2. gr.	16. Nýr liður: Skoðunargjald bifreiða	1 000 000
2.	—	3. —	A. Sundurliðun 1. I. (Póstsjóður, tekjur). Fyrir „20 550 000“ kemur	21 300 000
3.	—	10. —	I. 2. l. (Annar kostnaður ráðuneytanna). Fyrir „2 400 000“ kemur	2 000 000
4.	—	10. —	III. 14. (Þátttaka í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn.). Fyrir „800 000“ kemur	700 000
5.	—	10. —	III. 18. (Alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanrrn.). Fyrir „360 000“ kemur	300 000
6.	—	11. —	B. 4. ÷ Tekjur. (Löggildingarstofan). Fyrir „255 000“ kemur	493 402
7.	—	11. —	B. 6. (Matvælaeftirlitið). Liðurinn fellur niður.	
8.	—	11. —	B. 13. (Húsaleigueftirlit). Liðurinn fellur niður.	
9.	—	11. —	C. II. b. 2. (Skattstofan, húsaleiga o. fl.). Fyrir „650 000“ kemur	500 000
10.	—	12. —	X. (Læknisbústaðir og sjúkrahús). Fyrir „3 000 000“ kemur	3 500 000
11.	—	12. —	XII. (Heilbrigðisstofnanir í Reykjavík). Fyrir „1 500 000“ kemur	1 750 000
12.	—	12. —	XVI. Nýr liður: Til Náttúrulækningafélags Íslands til byggingar heilsuhælis	100 000
13.	—	13. —	B. I. (Skipaútgerð ríkisins). Fyrir „15 700 000“ kemur	12 700 000
14.	—	13. —	B. III. (Ferðaskrifstofa ríkisins). Orðin „Rekstrarhalli greiddur úr sérleyfissjóði“ falli niður.	
15.	—	14. —	B. II. c. (Lánasjóður stúdenta). Fyrir „650 000“ kemur	800 000
16.	—	15. —	A. XI. 31. (Stúdentaráð). Fyrir „10 000“ kemur	20 000
17.	—	15. —	B. I. 1. b. (Iðnaðardeild). Nýr liður: Matvælaeftirlit	150 000
18.	—	17. —	19. c. Nýr liður: Til byggingar samkomuhúss góðtemplara í Reykjavík	100 000

19. Við 20. gr. Út. XIII. 6. (Kennaraskólinn).
Fyrir „675 000“ kemur 875 000

20. — 20. — Út. XXIV. Liðurinn orðist svo:
Til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu 15 000 000
Sameinað Alþingi kýs 5 manna nefnd, er ákveði um ráðstöfun þessa fjár, og má setja þau skilyrði um mótframlög og annað, er nefndin telur nauðsynlegt.

21. — 22. — XXIV. Liðurinn orðist svo:
Að heimila Tóbakseinkasölu ríkisins að leggja 3% á heildsöluverð allra tóbaksvara, sem einkasalan selur, og skal fé þetta skiptast að jöfnu milli Skógræktar ríkisins og Sandgræðslu ríkisins. Verðhækkun á tóbaksvörum af þessum sökum skal undanþegin smásöluálagningu.

22. — 22. — XXV. Nýr liður:
Að taka allt að 10 millj. kr. lán til að greiða vangoldin framlög ríkissjóðs vegna hafnarframkvæmda.

23. — 22. — XXXV. Nýir liðir:
a. Að láta niður falla kröfu á sérleyfissjóð um endurgreiðslu halla á ferðaskrifstofu ríkisins árin 1952—1957 (incl.), enda verði fé því, sem sjóðnum þannig sparast, varið til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar.
b. Að lána Geðverndarfélagi Íslands, með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, allt að 1 millj. kr. til að koma á fót heimili fyrir öryrkja vegna geð- og taugasjúkdóma, ef félagið kaupir eða byggir hús í því skyni.

Ed. 193. Frumvarp til laga [97. mál]

um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Nú hefur verkamaður eða verkakona, sem fær laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða lengur, og ber honum þá eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum.

Tíma- eða vikukaupsmaður telst hafa unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár, ef hann hefur unnið hjá honum samtals a. m. k. 1800 klukkustundir á síðustu 12 mánuðum, þar af a. m. k. 150 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn. Jafngildar unnum klukkustundum teljast í þessu sambandi fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla og verkbanna, allt að 8 klst. fyrir hvern fjarvistardag.

Launþega, sem rétt á til uppsagnarfrests samkvæmt þessari grein, skal skylt að tilkynna með eins mánaðar fyrirvara, ef hann óskar að hætta störfum hjá atvinnurekanda sínum.

Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót.

2. gr.

Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega

sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 150 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.

3. gr.

Fastir starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu eigi missa neins í af launum sínum í hverju, sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa.

4. gr.

Nú vill launþegi neyta réttar síns samkvæmt 1. og 3. grein, og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið, er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

5. gr.

Ákvæði laga þessara hagga ekki samningum milli samtaka atvinnurekanda og launþega um greiðslu atvinnurekanda á sjúkrapeningum til starfsmanna sinna, hvort sem þeir eru greiddir til styrktarsjóða, stéttarfélaga eða beint til þeirra sjálfra.

6. gr.

Ákvæði samnings milli atvinnurekanda og launþega, sem brjóta í bág við lög þessi, eru ógild, ef þau rýra rétt launþegans.

Haldast skulu þau réttindi, sem veitt eru með sérstökum lögum, samningum eða leiðir af venju í einstökum starfsgreinum, ef þau eru launþega hagstæðari en ákvæði þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 86. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það hefur um langt skeið verið áhugamál verkalýðsfélaganna að fá viðurkenndan nokkurn uppsagnarfrest handa þeim launþegum, sem unnið hafa um lengri tíma hjá sama atvinnurekanda, en fengið hafa laun sín greidd í venjulegu tíma- eða vikukaupi. Fastir starfsmenn, sem fá laun sín greidd mánaðarlega, hafa slíkan uppsagnarfrest samkvæmt sérstökum samningum eða samkvæmt almennri viðskiptavenju, frá einum og upp í þriggja mánaða uppsagnarfrest, en stundum jafnvel lengri frest. Það sýnist ekki skipta öllu máli, hvort launþeginn fær laun sín greidd mánaðarlega eða hvort launin eru greidd vikulega eins og tíðkast um laun tíma- eða vikukaupsmanna. Samband atvinnurekanda og launþega skiptir hins vegar mestu máli. Þegar samband þeirra er varanlegt árið út eða lengri tíma, virðist eðlilegt, að launþeginn eigi rétt á nokkrum fyrirvara, ef atvinnurekandinn vill segja honum upp starfi. Sama máli gegnir um atvinnurekandann. Eðlilegt virðist, að hann fái vitneskju um það með nokkrum fyrirvara, ef slíkur launþegi óskar að láta af störfum hjá honum. Þegar slíkt varanlegt samband hefur skapazt milli atvinnurekanda og launþega, gefur það sjálfkrafa þá von, að það muni vara áfram, nema sérstakar ástæður komi til. Hvor aðila um sig mun því jafnan vera illa undir það búinn, að samband þeirra rofni fyrirvaralaust. Það þykir því eigi óeðlilegt að lögfesta gagnkvæman uppsagnarfrest í þeim tilfellum, þegar samband atvinnurekanda og launþega er svo varanlegt, að það sé órofið heilt ár eða meira.

Þá þykir eðlilegt, að þeim launþegum, sem þannig væri tryggður nokkur uppsagnarfrestur með lögum, bæri sams konar réttur til launa vegna sjúkdóma og slysa eins og föstum starfsmönnum ber nú samkvæmt 86. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er launþega, sem fær laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, veittur réttur til eins mánaðar uppsagnarfrests frá störfum, ef hann hefur unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða lengur. Í 3. mgr. er atvinnurekanda veittur sami réttur til uppsagnar, ef launþegi óskar að hætta störfum hjá honum.

Þá er í 2. mgr. ákvæði, sem kveður svo á, að tíma- eða vikukaupsmaður teljist hafa unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár, ef hann hefur unnið hjá honum samtals a. m. k. 1800 klukkustundir á síðustu 12 mánuðum, þar af a. m. k. 150 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn. Þetta svarar til ¾ hluta af fullri dagvinnu. Hér á landi er atvinna oft mjög háð veðurfari og árstíðum, svo að telja má, að 1800 vinnustundir á ári geti víða talizt full vinna. Ákvæðið um 150 vinnustundir síðasta mánuðinn tryggir það, að samband atvinnurekanda og launþega sé órofið, þegar byggja á rétt á ákvæðunum um uppsagnarfrest.

Um 2. gr.

Til þess að koma í veg fyrir ástæðulausar uppsagnir af hálfu atvinnurekanda, er svo fyrir mælt í grein þessari, að atvinnurekanda beri ekki að greiða launþega laun, þó að hann missi fyrirvaralaust vinnu hjá honum, þegar svo er ástatt, að vinna fellur niður af eðlilegum ástæðum. Er svo fyrir mælt í greininni, að launþegi missi þá heldur ekki uppsagnarrétt sinn, meðan slíkt ástand varir.

Í greininni eru nokkur dæmi nefnd þess, að vinna falli niður af eðlilegum ástæðum. Þessi dæmi eru ekki tæmandi, en aðeins leiðbeinandi. Önnur tilvik en þau, sem nefnd eru, koma því til greina. Mætti t. d. nefna, ef vinna fellur niður vegna veðurs, verkfalla eða verkbanna.

Um 3. gr.

Efni þessarar greinar er í aðalatriðum eins og efni 86. gr. almannatryggingalaganna, en þessi grein er þó víðtækari. Auk fastra starfsmanna, sem 86. gr. almannatryggingalaganna tekur aðeins til, er hér lagt til, að ákvæðið gildi einnig um þá tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga til uppsagnar samkvæmt 1. gr. frv.

Fellt er niður úr þessari grein ákvæði 86. gr. almannatryggingalaganna um það, að launþegi skuli njóta kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum, samningum eða slíkt leiðir af venju í þeirri starfsgrein. Þetta ákvæði er almenns eðlis, sem telja má eðlilegt, að einnig gildi um önnur þau réttindi, sem ætlað er að veita með frumvarpi þessu. Ákvæðið er því tekið upp í 6. gr. frv.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þegar verulegum hluta tíma- og vikukaupsmanna er veittur réttur til launa vegna sjúkdóma og slysa eins og föstum starfsmönnum, kynni að þykja eðlilegt, að niður félli greiðsla sjúkrapeninga til þeirra, sem þeim hefur verið tryggð með kjarasamningum. Hins vegar verður á það að líta, að launþegar hafa yfirleitt vanizt því að skoða slíkar sjúkrapeningagreiðslur sem hluta af launagreiðslum sínum, svo að afnám umræddra sjúkrapeningagreiðslna hefði sömu áhrif fyrir þá og bein launalækkun.

Um 6. gr.

Það er venjulegt ákvæði varðandi viðskipti launþega og atvinnurekanda, að ákvæði í samningum milli þessara aðila, sem veita launþega minni rétt en lög gera ráð fyrir, skuli ógild vera, sbr. t. d. hjúalög nr. 22 7. maí 1928, 1. gr. Það er einnig venjulegt, að ákvæði, sem hagstæðari eru launþegum, haldi gildi sínu, og því er hér upp tekið efni 86. gr. almannatryggingalaganna hér að lútandi.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 194. Lög [69. mál]

um breyting á lögum nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 114.

Ed. 195. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Aftan við 76. gr. laganna komi ný málsgr., þannig:
Þegar kosningar fara fram að vetri til, skulu kjördagar vera tveir.

Til vara:
Ef yfirkjörstjórn í kaupstöðum telur, að óveður hafi verulega hindrað kjörsókn, getur hún, áður en kjörfundi er slitið, ákveðið, að kjördagar skuli vera tveir. Sama rétt hafa undirkjörstjórnir í einstökum kjördeildum utan kaupstaða til að ákveða, að kjördagar skuli vera tveir.

Ed. 196. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 7. gr. Aftan við greinina komi: í næsta nágrenni við kjörstað.

Sþ. 197. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa, eins og venja er, unnið saman að undirbúningi tillagna um framlög til flóabáta og vöruflutninga og notið til þess aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Margir liðir í tillögum nefndarinnar eru óbreyttir frá því, sem er samkvæmt fjárlögum þessa árs, en nokkrir liðir eru hækkaðir.

Um rekstur einstakra flóabáta og framlög til þeirra skal þetta tekið fram:

Ísafjarðarsamgöngur:

Nefndin leggur til, að Djúpbáturinn fái jafnháan rekstrarstyrk á næsta ári og hann nýtur á þessu ári og að auk þess verði honum veittur 75 þús. kr. styrkur vegna endurbóta á bátnum, sem óhjákvæmilegar eru. Nefndin leggur einnig til, að heimilað verði að greiða á næsta ári, ef óhjákvæmilegt reynist, rekstrarhalla vegna Djúpbátsins, allt að 50 þús. kr.

Norðurlandssamgöngur:

Lagt er til, að styrkur til Hríseyjarbáts hækki um 2 þús. kr., en að styrkir til Strandabáts, Norðurlandsbáts, Haganesvíkurbáts og Flateyjarbáts á Skjálfanda haldist óbreyttir frá því, sem er.

Austfjarðasamgöngur:

Samkvæmt tillögum nefndarinnar helzt rekstrarstyrkur Loðmundarfjarðarbáts óbreyttur, en lagt er til, að veittar verði 10 þús. kr. vegna viðgerðar á bátnum.

Nefndin leggur til, að rekstrarstyrkur til Mjóafjarðarbáts verði jafnhár og hann er á þessu ári, að styrkur vegna vélakaupa í bátinn lækki um 10 þús. kr., en að við bætist nýr liður, 30 þús. kr., til að halda uppi ferðum milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar.

Suðurlands- og Vestmannaeyjasamgöngur:

Lagt er til, að framlög vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu, vöruflutninga til Öræfa og bátaferða til Austur-Skaftafellssýslu og til Vestmannaeyjabáts verði óbreytt frá því, sem er á þessu ári.

Faxaflóasamgöngur:

Á árinu 1956 fékk Skallagrímur h/f í Borgarnesi skipið Akraborg til ferða um Faxaflóa. Sótt er um mikla hækkun á styrk til Skallagríms h/f til þess að standa straum af rekstri skipsins og vegna kaupa á gúmmíbjörgunarbátum, sem skylt er nú að hafa um borð. Flutningataxtar með m/s Akraborg eru að mun lægri en taxtar hjá Skipaútgerð ríkisins. Stjórn Skallagríms h/f hefur sótt um leyfi til þess að hækka taxtana, en verðlagsyfirvöldin hafa synjað um það. Nefndin telur, að ekki verði komizt hjá því að leyfa stjórn Skallagríms h/f að hækka flutningataxta sína, þannig að þeir færist nær töxtum Skipaútgerðarinnar heldur en nú er, og auka þannig tekjur fyrirtækisins. Með tilliti til þess leggur nefndin til, að ekki verði gengið lengra en svo að hækka styrk til Skallagríms h/f um 50 þús. kr. og að sams konar heimild og nú er í 22. gr. fjárlaga um að greiða rekstrarhalla, ef óhjákvæmilegt reynist, allt að 50 þús. kr., verði látin haldast næsta ár.

Breiðafjarðarsamgöngur:

Sótt hefur verið um allmikla hækkun á styrk til Stykkishólmsbáts, m. a. vegna mikils viðgerðarkostnaðar. Nefndin gerir tillögu um 100 þús. kr. hækkun til Stykkishólmsbáts og að látin verði haldast sams konar heimild og nú er í fjárlögum um að greiða rekstrarhalla, ef óhjákvæmilegt reynist, vegna þessa báts, allt að 50 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði hækki um 10 þús. kr. Langeyjarnesbát er ætluð sama fjárhæð og á þessu ári.

Dýrafjarðarbátur og Arnarfjarðarbátur:

Nefndin tekur nú upp í tillögur sínar styrk til Dýrafjarðarbáts og Arnarfjarðarbáts, 10 þús. kr. til hvors.

Samkvæmt tillögum samvinnunefndar samgöngumála nema framlög til flóabáta og vöruflutninga samtals kr. 3 078 600.00. Er það 287 000.00 kr. hærri fjárhæð en á þessu ári.

Nefndin leggur til, að fjárhæðin skiptist þannig:

Djúpbátur	kr.	460 000.00
Sami, styrkur vegna viðgerðar á bátnum	—	75 000.00
Strandabátur	—	100 000.00
Norðurlandsbátur	—	450 000.00
Haganesvíkurbátur	—	7 000.00
Hríseyjarbátur	—	20 000.00
Flateyjarbátur á Skjálfanda	—	35 000.00
Loðmundarfjarðarbátur	—	25 000.00
Sami, styrkur vegna viðgerðar á bátnum	—	10 000.00
Mjóafjarðarbátur	—	37 000.00
Sami, styrkur vegna vélakaupa	—	20 000.00

Sami, styrkur vegna ferða milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar	kr.	30 000.00
Suðurlandsskip	—	215 000.00
Mýrabátur í Faxaflóa	—	3 600.00
Flateyjarbátur á Breiðafirði	—	170 000.00
Stykkishólmsbátur	—	450 000.00
Langeyjarnesbátur	—	18 000.00
Patreksfjarðarbátur	—	3 000.00
Til bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu og vöruflutninga til Öræfa	—	80 000.00
Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbátur	—	350 000.00
Til h/f Skallagríms vegna ferða um Faxaflóa	—	500 000.00
Dýrafjarðarbátur	—	10 000.00
Arnarfjarðarbátur	—	10 000.00
Samtals	kr.	3 078 600.00

Alþingi, 18. des. 1957.

Páll Þorsteinsson, form. Nd.-nefndar, frsm.
Björgvin Jónsson, form. Ed.-nefndar.
Sigurvin Einarsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Karl Guðjónsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Eiríkur Þorsteinsson.
Jón Kjartansson.
Friðjón Skarphéðinsson.
Jón Pálmason, með fyrirvara.
Sigurður Bjarnason.
Ingólfur Jónsson.

Sþ. 198. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1958.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Svo sem gerð var grein fyrir í nefndaráliti minni hl. n. við 2. umr. fjárlagafrv., hafði nefndin á því stigi málsins enga vitneskju fengið um úrræði ríkisstjórnarinnar til þess að brúa hið mikla bil milli tekna og gjalda í frv. og þess því enginn kostur að mynda sér neina rökstudda skoðun um horfur varðandi afkomu ríkissjóðs á næsta ári. Enn fremur hafði nefndin ekki þá tekið afstöðu til ýmissa veigamikilla atriða í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Minni hl. nefndarinnar flutti því engar sjálfstæðar breytingartillögur við frv. við 2. umr.

Nefndin stóð óskipt að breytingartillögum þeim, sem fluttar voru við 2. umr., en við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfðum þó fyrirvara um einstakar tillögur. Nú við 3. umr. eru hins vegar megintillögur n. fluttar aðeins af meiri hl. n. Ástæðan er sú, að þótt við í minni hl. n. styðjum margar þær tillögur, þá erum við algerlega andvígir öðrum. Mun verða gerð grein fyrir afstöðu minni hl. n. til þessara tillagna í framsögu, en í stórum dráttum skal þetta tekið fram:

Við erum í meginatriðum sammála þeirri hækkun, sem gerð hefur verið á framlögum til skólabygginga, þótt við teljum, að hækkunin hefði raunar þurft að vera meiri til að fullnægja ákvæðum laga um það efni, en erum í ýmsum atriðum andvígir sjónarmiðum meiri hl. n. við skiptingu þessa fjár milli einstakra skólahéraða. Enginn ágreiningur er um tillögur varðandi 18. gr. frv. og aðrar styrkveitingar. Við teljum mikilvægt að hækka framlög til flugvallagerða og veita fé til ýmissa

annarra framkvæmda, svo sem gert er í tillögum meiri hl. n., en við teljum þó, að sumir þeir liðir hefðu mátt víkja fyrir framkvæmdaliðum, sem meiri hl. n. hefur ekki viljað fallast á að hækka. Þá erum við sammála sparnaðartillögum meiri hl. n., að undanskildum niðurskurði fjárveitingar til lögreglustöðvar í Reykjavík, sem er hin mesta nauðsyn að koma sem fyrst upp, lækkun fjárveitingar til að greiða hluta ríkissjóðs af byggingarkostnaði iðnskólans í Reykjavík og niðurfellingu fjárveitingar til rekstrar vinnuheimlis að Kvíabryggju, sem ríkið hefur tekið að sér að reka samkvæmt samningi við Reykjavíkurbæ. Hefur hæli þetta mjög orðið til þess að greiða fyrir innheimtu barnsmeðlaga í Reykjavík og fleiri sveitarfélögum. Enn fremur erum við andvígir lækkun fjárveitinga til ýmissa framkvæmda landssímans og niðurfellingu fjárveitingar til leirbaða í Hveragerði. Loks viljum við enga ábyrgð bera á tekjuáætlun meiri hl. nefndarinnar og mótmælum harðlega þeirri fölsun fjárlaga, sem í því er fólgin að taka stóra útgjaldaliði út af frv. og fá þannig greiðslujöfnuð að nafni til, þótt raunverulega sé um stórfelldan greiðsluhalla að ræða.

Ekki hefur breytzt til batnaðar um vinnubrögð í n., síðan 2. umr. lauk. Vítaverðast í því sambandi er það, að það var ekki fyrr en í lok síðasta fundar í nefndinni, sem við í minni hl. n. fengum að vita, hvernig jafna ætti greiðsluhallann. Voru þá jafnframt lagðar fram tillögur meiri hl. n. um hækkun ýmissa tekjuliða í frv., án þess að nokkur grein væri fyrir því gerð, á hvaða röksemdum sú hækkun væri byggð. Hefur þó verið venja í n., að af hálfu meiri hl. væri gerð grein fyrir áætlaðri afkomu ríkissjóðs á líðandi ári, svo að minni hl. n. gæfist einnig kostur á að gera sínar athugasemdir. Þar sem þetta gerðist í lok síðasta fundar nefndarinnar fyrir 3. umr., gafst okkur í minni hl. nefndarinnar ekkert tækifæri til að koma að athugasemdum okkar í nefndinni og var aðeins nóttin eftir skilin til þess að forma okkar tillögur.

Við 2. umr. fjárlagafrv. lét fjármálaráðherra þau orð falla, að stjórnarandstaðan í n. hefði aðgang að öllum sömu upplýsingum og stjórnarliðið. Áðurgreindar upplýsingar sanna, hversu reynt var í lengstu lög að fela hinar veigamestu upplýsingar fyrir stjórnarandstöðunni, en því til viðbótar skal þess getið, að fjármálaráðherra neitaði sjálfur að leyfa okkur í minni hl. n. að fá í hendur álit og tillögur sparnaðarnefndar, sem starfaði á vegum ríkisstjórnarinnar á s. l. sumri að því að athuga úrræði til sparnaðar í ríkisrekstrinum.

Sparnaðartillögur meiri hl. nefndarinnar eru harla veigalitlar, borið saman við stór orð og mikinn undirbúning, því að þær nema aðeins rúmum 2.5 millj. kr., og er rúm 1 millj. af þeirri fjárhæð niðurskurður framlaga til mikilvægra nytjamála, er sérstaklega snerta Reykjavíkurbæ.

Ef tillögur meiri hl. nefndarinnar nú við 3. umr. verða samþykktar, verður samtals rúmlega 91 millj. kr. greiðsluhalli á fjárlagafrv. Þar við bætast 20 millj. vegna niðurgreiðslna á verðhækkun landbúnaðarvara á s. l. hausti, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að greiða. Raunverulegur greiðsluhalli yrði því rúmar 111 millj. kr. Meiri hl. n. hefur talið fært að hækka áætlun fjármálaráðherra um tolltekjur ríkissjóðs og nokkra aðra tekjuliði um 16.5 millj. kr. og tekjur af áfengi og tóbaki um 10 millj. kr.

Vegna breytinga á tekjuliðum og skorts á upplýsingum um gjaldeyris- og innflutningshorfur er erfitt um samanburð á tekjum ríkissjóðs í ár og árið 1956, þótt fyrir liggi yfirlit um tekjur ríkissjóðs til nóvemberloka. Sýnist þó ekki óvarlegt að gera ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs í desember verði 150—160 millj. kr. Ættu þá tekjur ríkissjóðs í ár að verða allt að 830 millj. kr., en samkvæmt tekjuáætlun meiri hl. fjvn. eru tekjur ríkissjóðs á næsta ári áætlaðar tæpar 807 millj. kr.

Til þess að fá jöfnuð tekna og gjalda á fjárlögum ársins 1958 er svo lagt til af ríkisstj. og meiri hl. n. að taka út af frv. 65 millj. kr. af framlögum ríkissjóðs til að halda niðri vöruverði, og verður því 85 millj. kr. útgjaldalið vegna niðurgreiðslna á vöruverði haldið utan fjárlaga. Engar upplýsingar hafa fengizt um það, hvernig afla eigi fjár til þessara útgjalda.

Hér er um að ræða einstæða fölsun á niðurstöðum fjárlaga. Á pappírnum eru fjárlögin greiðsluhallalaus, en raunverulegur greiðsluhalli er að minnsta kosti 85 millj. kr. Auk þeirrar tilraunar, sem gerð er á þennan hátt til að blekkja þjóðina, er ríkisstjórnin hér að fremja verknað, sem hætt er við að geti skapað tortryggni og vantraust hjá viðsemjendum okkar um fjármál og efnahagsmál á alþjóðlegum vettvangi.

Minni hl. n. flytur við þessa umr. allmargar breytingartillögur, sem skýrðar skulu með nokkrum orðum.

Mikil nauðsyn er að koma upp afgreiðslumiðstöð fyrir sérleyfisbifreiðar í Reykjavík og jafnvel víðar. Með því að láta sérleyfissjóð greiða halla Ferðaskrifstofu ríkisins er fótunum kippt undan fjáröflun í þessu skyni. Félag sérleyfishafa hefur mjög leitað eftir því við n., að hætt verði að greiða halla ferðaskrifstofunnar úr sérleyfissjóði og jafnframt verði sérleyfissjóður ekki endurkrafinn af ríkissjóði um greiðslu halla á rekstri ferðaskrifstofunnar á árunum 1952—1956. Leggjum við í minni hl. n. til, að orðið sé við þessum óskum sérleyfishafa.

Þörf á auknum fjárframlögum til sjúkrahúsa er mjög brýn. Leggjum við til að hækka fjárveitingu til sjúkrahúsa um 500 þús. og til heilbrigðisstofnana í Reykjavik um 250 þús. kr.

Góðtemplararareglan í Reykjavík hyggst reisa hús fyrir starfsemi sína og hefur um alllangt skeið leitað eftir styrk úr ríkissjóði til þeirra framkvæmda. Telur minni hl. n. sanngjarnt að mæta þeim óskum að nokkru og leggur til að veita 100 þús. kr. í því skyni. Þá leggur minni hl. n. til að veita 100 þús. kr. viðbótarstyrk til byggingar hins myndarlega heilsuhælis Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði.

Sótt hefur verið um aukna fjárveitingu til lánasjóðs stúdenta vegna vaxandi fjárþarfar sjóðsins. Leggjum við til að hækka fjárveitingu til sjóðsins um 150 þús. kr. og enn fremur hækka styrk til stúdentaráðs Háskóla Íslands um 10 þús. kr.

Minni hl. n. telur mjög mikilvægt að hraða eftir föngum byggingu nýs kennaraskólahúss og megi að minnsta kosti ekki skerða fjárveitinguna á næsta ári, miðað við fjárveitinguna á þessu ári. Leggjum við til, að fjárveiting til byggingar kennaraskóla verði hækkuð um 200 þús. kr.

Í fjárlagafrumvarpinu er fjárveiting til atvinnuaukningar lækkuð um 1.5 millj. kr. Leggjum við til, að fjárveitingin verði hækkuð í sömu fjárhæð og er í fjárlögum þessa árs. Ráðstöfun þessa fjár hefur verið mjög handahófskennd og ekki enn fengizt settar fastar reglur um þetta efni, svo sem sjálfstæðismenn hafa lagt til og flutt frumvarp um á nokkrum þingum. Minni hl. n. telur óeðlilegt, að Alþingi afhendi ríkisstjórninni úthlutunarrétt svo hárrar fjárupphæðar, án þess að nokkrar reglur séu af hálfu Alþingis settar um ráðstöfun fjárins. Leggjum við því til, að Alþingi kjósi fimm manna nefnd til þess að annast ráðstöfun fjárins, og gæti það orðið upphaf þess, að fastara skipulagi yrði komið á þessar ráðstafanir til atvinnuaukningar í landinu.

Samkvæmt upplýsingum vitamálastjóra er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður eigi í lok þessa árs vangreidd framlög til ýmissa sveitarfélaga vegna hafnargerða, er nemi um 13.5 millj. kr. Sveitarfélögunum gengur nógu erfiðlega að afla fjár til að greiða sinn hluta af kostnaði við hafnargerðir, þótt þær þurfi ekki einnig að leggja út hluta ríkissjóðs. Er hér um svo mikið vandamál að ræða, að minni hl. n. leggur til, að ríkisstj. verði heimilað að taka allt að 10 millj. kr. lán til þess að greiða vangoldin framlög vegna hafnargerða.

Það er skoðun minni hl. n., að gefa verði hinu þjóðnýta starfi Sandgræðslu ríkisins meiri gaum en gert hefur verið, því að þörf uppgræðslu sanda og aukins beitilands fer sívaxandi. Áður hefur hið mikla nytjastarf Skógræktar ríkisins hlotið þá maklegu viðurkenningu af stjórnarvaldanna hálfu, að heimiluð hefur verið sérstök álagning á sumar vindlingategundir, sem Tóbakseinkasala ríkisins selur, til fjáröflunar fyrir landgræðslusjóð. Minni hl. n. leggur til, að sérstakt álag verði lagt á allar söluvörur Tóbakseinkasölu ríkisins, er síðan skiptist að hálfu milli Skóg-

ræktar ríkisins og Sandgræðslu ríkisins. Eru sandgræðslunni með þessu tryggðar verulegar tekjur, en hluti skógræktarinnar einnig aukinn nokkuð.

Þá leggjum við í minni hl. n. til, að ríkisstjórninni verði heimilað að lána Geðverndarfélagi Íslands allt að 1 millj. kr. til þess að koma upp heimili fyrir öryrkja vegna geð- og taugasjúkdóma. Er stofnun slíks heimilis hin brýnasta nauðsyn.

Enda þótt við höfum haft mjög erfiða aðstöðu til þess að kanna úrræði til sparnaðar í ríkisrekstrinum og okkur hafi verið neitað um álit sparnaðarnefndarinnar, þá leggjum við samt fram allmargar tillögur um sparnað í ríkisrekstrinum.

Rekstrarhalli póstsjóðs er í frumvarpinu áætlaður 1.1 millj. kr. Við teljum óviðunandi að reka þessa stofnun með stórhalla og leggjum því til, að ráðstafanir verði gerðar til þess að lækka hallann um 750 þús. kr.

Ýmis kostnaður ráðuneytanna er áætlaður 2.4 millj. kr., eða 400 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs. Við teljum sanngjarnt að ætlast til þess, að ríkisstjórnin gangi á undan með góðu eftirdæmi um hófsamlega notkun ríkisfjár, og leggjum því til, að sama fjárhæð verði veitt til þessara þarfa stjórnarráðsins á næsta ári og er veitt í fjárlögum þessa árs.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að þátttaka í alþjóðaráðstefnum muni kosta ríkið á næsta ári 1160 þús. kr. Vegna aðildar að margvíslegu alþjóðlegu samstarfi er Íslendingum að sjálfsögðu nauðsynlegt að eiga fulltrúa á mörgum ráðstefnum af ýmsu tagi. Minni hl. telur þó, að nokkru meira hóf mætti vera á utanferðum á ráðstefnur og mætti oftar en nú er gert láta sendiherra þjóðarinnar í viðkomandi landi mæta í umboði þjóðar sinnar. Leggjum við því til að lækka þessa fjárveitingu um 160 þús. kr.

Það er skoðun minni hl. n., að opinberar eftirlitsstofnanir eigi yfirleitt að standa undir rekstrarkostnaði sínum. Í tillögum meiri hl. n. er gert ráð fyrir að minnka mjög verulega halla á Skipaskoðun ríkisins með hækkuðum skoðunargjöldum. Erum við í minni hl. n. sammála um þá ráðstöfun, en leggjum jafnframt til, að gjaldskrá Löggildingarstofunnar verði hækkuð svo, að sú stofnun verði rekin greiðsluhallalaust.

Matvælaeftirlitið annast eftirlit með mjólkursölu. Eftirlit með hreinlæti í mjólkurbúðum er sjálfsagt að sé í höndum viðkomandi héraðslækna og borgarlæknis í Reykjavík. Ekki á að vera þörf sérstakrar stofnunar til þess að rækja mjólkureftirlit eitt sér, og leggur því minni hl. n. til, að matvælaeftirlitið verði lagt niður sem sjálfstæð stofnun, en eftirlitið falið iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans og henni veittar 150 þús. kr. í því skyni. Lækkar kostnaður við mjólkureftirlitið því um 200 þús. kr.

Minni hl. n. leggur til að fella niður fjárveitingu til húsaleigueftirlits. Lagabreytingu mun þurfa í sambandi við þá ráðstöfun, og eru ekki tök á að koma þeirri breytingu við nú þegar, enda skiptir það ekki meginmáli. Húsaleigueftirlit í þeirri mynd, sem það nú er, hefur ekki nokkra þýðingu og því ástæðulaust að leggja þessi útgjöld á ríkissjóð.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að húsaleiga skattstofunnar í Reykjavík hækki um 320 þús. kr. frá fjárlögum þessa árs. Mun þessi hækkun stafa af því, að skattstofan hefur mjög aukið húsrými sitt. Minni hl. n. telur verkefni skattstofunnar ekki hafa aukizt það á þessu ári, að þörf geti verið fyrir allt þetta viðbótarhúsrými, og leggur því til að lækka þennan lið um 150 þús. kr.

Rekstur Skipaútgerðar ríkisins verður æ þyngri baggi á ríkissjóði. Skipaútgerðin hefur þýðingarmiklu hlutverki að gegna, en hlutverk hennar minnkar þó stöðugt vegna stóraukinna samgangna á landi og í lofti, og hafa þær auknu samgöngur þrengt að ýmsu kost Skipaútgerðarinnar. Minni hl. n. leggur til, að Esja verði seld, því að meiri hluta árs er ekki þörf fyrir nema annað hinna stærri skipa Skipaútgerðarinnar, sem einkum eru gerð fyrir farþegaflutninga. Esja er elzt strandferðaskipanna og rekstrarkostnaður hennar mestur. Er hallinn á útgerð Esju áætlaður rúmar 5 millj. kr. á næsta ári. Áætlunarferðum skipsins verður auðvitað að halda uppi í vetur,

en fyrir næsta haust ætti að mega koma á þeim samningum við önnur skipafélög í landinu, að þessi fækkun strandferðaskipanna ætti ekki að koma að sök. Áætlaður er um 500 þús. kr. halli á vöruafgreiðslu Skipaútgerðarinnar. Forstjóri útgerðarinnar hefur áhuga á að reka þá deild stofnunarinnar hallalaust og teljum við sjálfsagt, að það verði gert. Á þessum forsendum leggjum við til að lækka framlag til Skipaútgerðar ríkisins um 3 millj. kr.

Tekjuafgangur bifreiðaeftirlitsins varð á s. l. ári tæp 1 millj. kr. Eru líkur til, að sá tekjuafgangur muni fremur vaxa vegna fjölgunar bifreiða. Þessi tekjustofn hefur ekki verið tekinn í fjárlög, og leggjum við til, að það verði gert.

Sparnaðartillögur okkar í minni hl. n. nema, að viðbættum 1 millj. kr. tekjuauka vegna bifreiðaeftirlitsins, samtals rúmum 6 millj. kr. Útgjaldatillögur okkar nema hins vegar 3113 þús. kr. Afkoma ríkissjóðs batnar því um nær 3 millj. kr., verði okkar tillögur allar samþykktar.

Minni hluti nefndarinnar varar að lokum mjög alvarlega við að afgreiða fjárlögin á þann ábyrgðarlausa hátt, sem tillögur meiri hl. n. fela í sér. Verða fjárlögin í því formi alröng mynd af fjárhagsafkomu ríkissjóðs. Sú röksemd meiri hl. n. í framhaldsnefndaráliti sínu, að þessi fölsun fjárlaga verði „að teljast eðlilegt og líklegast til samræmingar“, að taka hluta af niðurgreiðslum út úr frumv., er gersamlega út í hött, enda er enn í fjárlagafrv. 40 millj. kr. fjárveiting til dýrtíðarráðstafana. Með tillögum meiri hl. nefndarinnar varðandi niðurgreiðslurnar er farið inn á áður óþekkta braut, sem hlýtur að auka enn á glundroðann í efnahags- og fjármálakerfi þjóðarinnar.

Alþingi, 18. des. 1957.

Magnús Jónsson, frsm. Pétur Ottesen. Jón Kjartansson.

Sþ. 199. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1958.

I. Frá *Alfreð Gíslasyni.*

1. Við 10. gr. III. 5. (Sendiráðið í París).
   Aftan við orðin „Sendiráðið í París“ kemur: enda annist það störf fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC.
2. Við 10. gr. III. 9. (Fulltrúi Íslands hjá NATO og OEEC).
   Liðurinn fellur niður.
3. Við 11. gr. A. 9. b. Liðurinn orðist svo:
   Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli:

1. Laun lögregluþjóna:		
a. Grunnlaun	681 466	
b. Verðlagsuppbót	565 614	
		1 247 080
2. Álag á næturvinnu		146 700
3. Einkennisfatnaður		134 000
4. Bifreiðakostnaður og tryggingar		270 000
5. Fæðisstyrkur lögreglumanna		218 400
6. Annar kostnaður		30 000
		2 046 180

4. Við 12. gr. VIII. (Rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalanna).
   Fyrir „525 000“ kemur 750 000

II. Frá *Sigurði Ó. Ólafssyni* og *Ágústi Þorvaldssyni.*
Við 12. gr. XI. Nýr liður:
Til byggingar fjórðungssjúkrahúss Suðurlands, Selfossi .. 500 000

III. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 111. (Múlavegur).
Fyrir „200 000“ kemur 500 000

IV. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
a. Við 13. gr. A. III. 16. (Hjaltadalsá).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000
b. Við 13. gr. A. III. 16. Nýr liður:
Egilsá í Skagafirði 100 000

V. Frá *Sigurði Ó. Ólafssyni* og *Ágústi Þorvaldssyni.*
Við 13. gr. A. III. 34. Nýr liður:
Fossá og Dalsá hjá Tungufelli 200 000

VI. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 13. gr. B. II. (Flóabátar og vöruflutningar).
Fyrir „2 791 600“ kemur 3 078 600

VII. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 29. Nýr liður:
Hofsós 100 000
Til vara 50 000

VIII. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 49. (Skagaströnd).
Fyrir „50 000“ kemur 150 000

IX. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
Við brtt. 189. 27. a. 18. (Við 14. gr. B. XIV. 6).
Fyrir „Reykjaskóli“ kemur: Reykhólaskóli (leiðrétting á prentvillu).

X. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 17. gr. 8. Nýr liður:
Til framhaldsbyggingar félagsheimilis fyrir sjómenn og verkamenn í Vestmannaeyjum 200 000
Til vara 150 000

XI. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
1. Við 18. gr. I. (Eftirlaunalög).
a. Við a. (Embættismenn).
Fyrir „175 948“ kemur 160 359
b. Við b. (Embættismannaekkjur).
Fyrir „160 150“ kemur 159 517
2. Við 18. gr. II. a. Guðlaugur Hansson, fyrrv. lýsismatsmaður. Liðurinn fellur niður.

XII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 18. gr. II. a. Nýir liðir:
1. Þórhallur Gunnlaugsson, fyrrv. símstjóri 5 000.00
Til vara 3 000.00
2. Þorsteinn Gíslason, fyrrv. umdæmisstjóri 5 000.00
Til vara 3 000.00

XIII. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að greiða rekstrarhalla, ef óhjákvæmilegt reynist, vegna Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbáts, Stykkishólmsbáts, Djúpbáts og til h/f Skallagríms, allt að 50 þús. kr. til hvers, — samtals allt að 200 þús. kr.

XIV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Björgunarfélag Vestmannaeyja lán, er það kann að taka til þess að láta byggja eða kaupa dráttarbát til aðstoðar skipum á Vestmannaeyjahöfn eða utan hennar, allt að ¾ kostnaðar bátsins, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XV. Frá *Eggert Þorsteinssyni.*
Við 22. gr. XXXV. Nýr liður:
Að endurkrefja sérleyfissjóð ekki um halla á rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins frá árunum 1952—1957, að báðum meðtöldum.

Ed. 200. Lög [73. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 186.

Ed. 201. Lög [67. mál]

um breyting á lögum nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 152.

Ed. 202. Lög [84. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1958.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 141.

Ed. 203. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til laga um Veðurstofu Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með neðangreindri

BREYTINGU:

9. gr. orðist svo:
Reisa skal byggingu fyrir Veðurstofuna á stað, sem hentar starfsemi hennar, þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum.

Alþingi, 19. des. 1957.

a. Fyrstu þrjár málsgr. greinarinnar orðist svo:
Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi sínu að fullu eða rétti til að öðlast það.
Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi.
Réttindasvipting samkv. 2. mgr. skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en eitt ár, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Ef kærði hefur verið sviptur réttindum um stundarsakir samkv. ákvæðum 6. mgr. hér á eftir, skal ákveðið í dómi, hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.
b. Síðasti málsl. 4. málsgr. orðist svo:
Slíkt leyfi má þó eigi veita sama manni oftar en einu sinni.

Nd. 217. Frumvarp til laga [101. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svofelld:
Viðurlögum samkvæmt VII. kafla laga þessara verður ekki beitt, nema um þau sé mælt í heimildum þeim, sem greinir í 1. málsgrein.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, 2. gr. a, svo hljóðandi:
Viðurlögum þeim við brotum, sem um getur í VII. kafla laga þessara, verður ekki beitt, nema um þau hafi verið mælt í heimildum þeim, er greinir í 1. gr., á þeim tíma, er brot var framið, og skal gæta meginreglna 2. gr. við ákvörðun þeirra.

3. gr.

1. málsgr. 42. gr. laganna orðist svo:
Reynslutíma má ákveða allt að 2 árum, en þó ekki lengri en til loka refsitíma.

4. gr.

64. gr. laganna falli niður.

5. gr.

1. málsliður 65. gr. laganna orðist svo:
Þyki það ljóst af málavöxtum, eftir að umsagnar læknis hefur verið leitað, að sakborningur, sem framið hefur brot undir áhrifum áfengis, geti ekki haft hemil á drykkjufýsn sinni, má ákveða í dómi, að hann skuli lagður inn á viðeigandi hæli til lækningar.

6. gr.

68. gr. laganna orðist svo:
Nú fremur opinber starfsmaður refsiverðan verknað, og má þá í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild til að rækja starfann, ef hann telst ekki lengur verður eða hæfur til þess.

Nú er maður dæmdur sekur um brot, og má þá í dómi í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild, er hann hefur öðlazt, til að stunda starfsemi, sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna, enda gefi brotið til kynna, að veruleg hætta sé á því, að sakborningur muni fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi. Þegar brot er stórfellt, má einnig svipta mann ofangreindum rétti, ef hann telst ekki framar verður til að rækja starfann eða njóta réttindanna.

Svipta má mann réttindum þeim, er greinir í 2. málsgr., um tiltekinn tíma, allt að 5 árum, eða ævilangt.

Sérákvæði í lögum um sviptingu réttinda, er greinir í 1. og 2. málsgrein, skulu halda gildi sínu.

Svipting réttinda telst frá þeim tíma, sem ákveðinn er í dómi, og í síðasta lagi frá birtingu fullnaðardóms.

Nú er íslenzkur ríkisborgari eða maður, sem búsettur er hér á landi, sviptur réttindum erlendis með dómi vegna refsiverðs verknaðar, og getur ákæruvald þá höfðað opinbert mál á hendur honum til réttindasviptingar. Sama er, ef manni hefur verið dæmd refsing erlendis, þótt réttindasvipting hafi ekki verið dæmd. Ákvörðun um framangreinda réttindasviptingu hlítir íslenzkum lögum.

7. gr.

Á eftir 68. gr. laganna komi ný grein, 68. gr. a, svofelld:
Nú er manni synjað um opinbert starf eða opinbert leyfi til þess að stunda starf fyrir þá sök, að hann hafi framið refsiverðan verknað, og má þá bera synjun stjórnvalda undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Nú hefur maður verið sviptur réttindum ótímabundið með dómi í opinberu máli, og er þá heimilt, þegar 5 ár eru liðin frá uppsögu dóms, að bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála, hvort fella skuli niður réttindasviptingu. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar. Sérákvæði í lögum um brottfall réttindasviptingar skulu halda gildi sínu.

8. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd flytur frumvarp þetta — ásamt frumvörpunum á þskj. 218—235 — eftir beiðni dómsmálaráðuneytisins. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. við frumvörpin. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Hegningarlaganefndin hefur samið ofangreint frumvarp. Í nefndinni eiga sæti: Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari, formaður, Ármann Snævarr prófessor og Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari.

Til grundvallar frumvarpi þessu liggur endurskoðun, sem hegningarlaganefnd hefur framkvæmt á ákvæðum VII. kafla almennra hegningarlaga, að frá skilinni 69. gr. Endurskoðun þessi hefur einnig tekið til ákvæða sérlaga, sem standa í tengslum við ákvæði þessa kafla hegningarlaganna. Eru lögð fram sérstök frumvörp á þskj. 218—235 til breytinga á þeim lögum. Efnislega ber að skoða öll þessi frv. eina heild, en þau eru hér sundur skilin af formsástæðum og samkvæmt ósk allsherjarnefndar Nd., er flytur frv.

Að því er varðar ákvæði VII. kafla alm. hegningarlaga, þá er lagt til, að 64. gr. sé felld niður (sbr. 4. gr. frv.), efni 65. gr. sæti nokkrum breytingum (sbr. 5. gr. frv.), en 68. gr., um sviptingu réttinda, verði breytt allgagngert (sbr. 6. og 7. gr. frv.). Í sambandi við breytingar á 68. gr. er síðan lagt til, að ákvæðum sérlaga um veitingu leyfa, starfa o. fl. verði breytt (sbr. frv. á þskj. 218—235). Þá er lagt til, að efni 1. og 2. gr. almennra hegningarlaga verði rýmkað svo, að það taki til viðurlaga samkv. VII. kafla hgl. (sbr. 1. og 2. gr. frv.). Loks er lagt til í 3. gr. frv., að 42. gr. 1. málsgr. alm. hegningarlaga sæti breytingum, að nokkru með tilliti til ákvæða um réttindasviptingu.

Verður nú fyrst gerð almenn grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem frumvarpið er reist á, og verður þá aðallega rætt um réttindasviptingu. Síðan verður vikið nokkuð að einstökum ákvæðum frumvarpsins. Í greinargerðinni verða einnig reifuð þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar frv. á þskj. 218—235, en sérstaklega er þó vikið að þeim í lok greinargerðar þessarar svo og í sérgreinargerðum, er fylgja hverju einstöku frumvarpi.

I.

Samkvæmt gildandi lögum hér á landi horfir refsidómur á hendur manni oft til réttindaspjalla fyrir hann. Stundum er beinlínis boðið í lögum, að svipta skuli mann tilteknum réttindum í refsidómi, en hitt er þó tíðara, að heimilt sé að svipta réttindum vegna refsiverðs brots. Við ber og, að skylt sé eða gerlegt að svipta mann heimild til að öðlast síðar tiltekin réttindi, ef brot þykir bera þess vott, að maður sé annað tveggja óhæfur eða óverður til þess að njóta þess konar réttinda, sbr. t. d. ákvæði bifreiðalaga, nr. 23/1941, 39. gr. 1. málsgr., og ákvæði 68. gr. 1. málsgr. 2. málsl. almennra hegningarlaga, að því er varðar opinber réttindi ýmiss konar. Enn er þess að geta, að refsidómur hefur oft áhrif til réttindaspjalla langt út fyrir bein ákvæði hans um sviptingu réttinda. Refsidómur, sem sviptir mann kosningarétti og kjörgengi til almennra kosninga, sbr. 68. gr. 3. málsgr. alm. hegningarlaga, felur það í sér, að mannorð sakbornings sé flekkað. Dómfelldi nýtur því ekki, meðan réttaráhrif þessa dóms vara, þeirra mörgu réttinda, sem þeim einum eru áskilin í lögum, er hafa óflekkað mannorð. Þau réttindi eru geysimörg samkvæmt gildandi lögum. Þá má benda á, að refsidómur kann að verða skýrður svo í lagaframkvæmd, að dómfellda verði ekki treyst fyrir réttindum, þótt dómur kveði út af fyrir sig ekki á um sviptingu borgararéttinda. Þegar svo er t. d. tekið til orða í ýmsum skólalögum, að það sé inntökuskilyrði í skóla, að umsækjandi sé óspilltur að siðferði, þá mun refsidómur alloft verða talinn því til fyrirstöðu, að dómfelldi hljóti skólavist.

Réttindi þau, sem unnt er að svipta sakborna menn með dómi, eru margs konar samkvæmt gildandi lögum. Má greina þar annars vegar milli almennra réttinda, svo sem kosningarréttar og kjörgengis og réttar til opinbers starfs almennt eða opinberra leyfa almennt o. fl., og hins vegar sérgreindra réttinda, svo sem atvinnuréttinda ýmissa, réttinda til þess að stjórna samgöngutækjum, tiltekinna réttinda, sem hvíla á löggildingu, skipun, leyfi eða prófum o. fl.

Réttindasvipting styðst við ýmiss konar rök. Sumar réttarheimildir um réttindasviptingu eru reistar á öryggis- og varúðarsjónarmiðum. Brot, sem maður hefur

framið, kann að gefa til kynna, að maður sé ekki hæfur til að gegna starfa eða fara með réttindi. Tillit til öryggis almenningshagsmuna og einstaklingshagsmuna ræður því þá, að brýn þörf er á, að unnt sé að svipta rétthafa réttindum. Þótt verknaður gefi ekki til kynna algert vanhæfi til að fara með réttindi, getur hann samt bent til nánari eða firnari hættu á því, að maður misfari með réttindi. Ef bifreiðarstjóri ekur bifreið og missir gersamlega stjórn á henni sakir taugatruflunar, er í mörgum tilvikum nærlæg hætta á því, að honum muni fatast að nýju, ef hann stundar bifreiðaakstur til frambúðar. Svipað má segja um mann, sem gerzt hefur sekur um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis eða gerzt hefur sekur um vítaverðan akstur bifreiðar, þótt slíkt fari að vísu meir eftir atvikum. Í öðrum réttarsamböndum hvílir réttindasvipting á því sjónarmiði, að rétthafi sé ekki framar verður til að rækja starf eða njóta réttinda. Verðleikamatið í þessu sambandi er að verulegu leyti reist á siðferðisviðhorfi almennings, beinlínis að því er tekur til óflekkaðs mannorðs og óbeint í ýmsum öðrum samböndum, t. d. að því er varðar opinbera starfsmenn eða menn, sem hlotið hafa opinbera löggildingu eða leyfi til starfa. Byggjast réttarreglur þessar, sbr. einkum 1. málsgr. 68. gr. alm. hegningarlaga, á þeirri hugsun, að miklu skipti, að almenningur beri fullt traust til manna, sem gegna opinberu starfi eða hlotið hafa opinbera löggildingu til starfs. Hins vegar er ljóst, að refsidómur, sem slíkir menn hljóta, getur gengið nærri siðferðislegum orðstír þeirra. Ákvæðunum um þetta efni er einnig ætlað að treysta siðgæði þessara stétta og losa þær við menn, sem eru siðferðislegir eftirbátar.

Réttindasviptingu eða ákvæðum um hana er ætlað að hafa varnaðaráhrif, skapa mönnum aðhald um að forðast háttsemi þá, sem getur orðið tilefni til réttindasviptingar. Stundum styðst réttindasvipting nær eingöngu við varnaðarrökin. Glöggt dæmi þess er svipting kosningarréttar. Þar er raunverulega til að dreifa refsiviðurlögum, þótt tæknilega sé í íslenzkum lögum greint milli þeirra viðurlaga og refsingar.

II.

Helztu kostirnir við réttindasviptingu sem brotaviðurlög eru þau, að réttindasvipting hefur oft mikil áhrif til varnaðar. Atvinnubifreiðarstjóra stendur ugglaust oft og einatt meiri stuggur af því að sæta sviptingu ökuleyfis en að hljóta refsingu, og til eru þeir menn, sem óttast meir að sæta sviptingu kosningarréttar og kjörgengis með þeirri mannorðsflekkun, sem því er samfara, en að hljóta refsingu. Þá má einnig telja það kost á réttindasviptingu, að þau viðurlög fela ekki í sér frjálsræðissviptingu, og að sjálfsögðu er réttindasviptingin út af fyrir sig útgjaldalítil viðurlög fyrir þjóðfélagið. Ókostirnir við réttindasviptingu eru hins vegar margir og þó nokkuð mismunandi eftir réttarsamböndum. Sameiginlegur ágalli á réttindasviptingu er sá, að sakborningur verður oft að þola hana ekki eingöngu meðan hann sætir refsingu, heldur og eftir að afplánun hennar er lokið. Ef sakborningur hefur verið sviptur atvinnuréttindum eða dómur felur það í sér, að manni eru fyrirmunuð tiltekin atvinnuréttindi, þegar litið er til almennra ákvæða laga, svo sem er, þegar beitt er 3. mgr. 68. gr. hgl., er sýnilegt, að réttindasviptingin skapar honum mikla raunhæfa örðugleika um afkomu og þá jafnframt erfiðleika um að laga sig að háttum og kröfum þjóðfélagsins. Svipting borgararéttinda varðar í reyndinni mjög atvinnuréttindi, en svipting borgararéttinda ein sér áréttar það í huga almennings, að sakborningur hafi framið verk, sem er svívirðilegt að lagamati, og stuðlar að því að halda þessu broti í minnum. Vitund sakbornings um það, að hann er ekki að fullu hlutgengur í þjóðfélaginu, þótt hann hafi afplánað refsingu sína, svo sem er um þann, sem sætt hefur sviptingu borgararéttinda, er fallin til að kynda undir minnimáttarkennd hans og skapa honum beiskju í garð þjóðfélagsins. Er slíkt sízt vænlegt til árangurs, er laða skal mann til þess að gerast löghlýðinn og nýtur þegn.

Hér má enn benda á, að svipting atvinnuréttinda getur bitnað mjög á vandamönnum sakbornings og raunar þjóðfélaginu öllu. Atvinnubifreiðarstjóri er t. d.

sviptur ökuleyfi. Með því er honum fyrirmunað um langan tíma eða skamman að stunda atvinnu, sem hann hefur náð leikni í. Slíkt bitnar mjög á vandamönnum hans, því að oft geta verið miklir örðugleikar á því fyrir dómfellda að laga sig að öðrum störfum, ekki síst þegar svo stendur á, að dómfelldi er heilsuveill og getur ekki gengið að erfiðisvinnu. Því er heldur ekki að leyna, að frá þjóðfélagslegu sjónarmiði er það skaði, að færir menn séu sviptir atvinnuréttindum. Starfskraftar þeirra nýtast tíðum illa á öðrum starfsvangi, og örðugleikar geta oft verið því samfara, að menn afli sér nýrrar atvinnu og lagi sig að nýjum aðstæðum. Enn má benda á það í þessu sambandi, að sá hængur er á réttindasviptingu, að hún er oft mismunandi þungbær fyrir menn. Ef atvinnubifreiðarstjóri er sviptur ökuleyfi, kann allur grundvöllur undir afkomu hans að riða. Ökuleyfissvipting er hins vegar ekki líkt því eins bagaleg fyrir ýmsa aðra menn. Þessi agnúi er raunar oft einnig á refsingu að sínu leyti.

Á síðustu árum hefur gagnrýni sú, sem fram hefur komið á réttindasviptingu sem viðurlögum við broti, leitt til þess, að hafizt hefur verið handa í ýmsum löndum um endurskoðun á ákvæðum, er að henni lúta. Upphaf þeirrar endurskoðunar má rekja til Svíþjóðar hér á Norðurlöndum. Nefnd, sem dómsmálaráðuneytið skipaði, lagði fram tillögur 1936. Tillögur þessar, sem Ríkisþingið samþykkti skömmu síðar, fólu m. a. í sér, að óflekkað mannorð skyldi ekki vera framar skilyrði kosningarréttar og kjörgengis við almennar kosningar, og auk þess var dregið til mikilla muna úr þeim áhrifum refsidóms, að hann fyrirmunaði mönnum ýmis atvinnuréttindi o. fl. Dönsk nefnd, sem skipuð var 1938, lagði til, að horfið væri frá þeirri reglu dönsku hegningarlaganna frá 1930 að svipta menn almennt borgararéttindum í refsidómi, og auk þess lagði nefndin til, að ýmsar breytingar yrðu gerðar á sérlögum um atvinnuréttindi, og stefndu þær breytingar í þá átt að draga úr áhrifum refsidóms til réttindaspjalla fyrir hinn dómfellda. Hugtakið óflekkað mannorð samkvæmt stjórnarskrá og kosningalögum var skýrgreint að nýju, og skyldi skilorðsdómur nú ekki valda mannorðsflekkun, meðan skilorð væru haldin, og aldrei gat refsidómur haft flekkun mannorðs í för með sér, nema refsing væri 4 mánaða fangelsi hið minnsta. Urðu tillögur þessarar nefndar að lögum 1939.

Danska hegningarlaganefndin, sem skipuð var skömmu eftir styrjaldarlok, skilaði einnig álitsgerð og tillögum um þessi efni á árinu 1950, og var gerð breyting á dönsku hegningarlögunum og fleiri lögum árið 1951, að mestu leyti í samræmi við tillögur nefndarinnar. Höfuðregla hinna nýju laga er sú, að refsidómur hafi ekki í för með sér missi borgararéttinda og varði ekki máli í sambandi við atvinnuréttindi. Er atvinnulöggjöfinni breytt í samræmi við þessa meginreglu á þá lund, að krafa um óflekkað mannorð eða svipaðar kröfur eru yfirleitt numdar úr lögum. Um starfsemi, sem opinbert leyfi eða löggildingu þarf til að rækja o. fl., er sú regla lögmælt, að svipta megi menn þeim réttindum, ef hinn refsiverði verknaður gefi til kynna, að nærlæg hætta sé á því, að rétthafi muni misfara með réttindi sín. Stjórnvöld meta það fyrir sitt leyti, hvort synja skuli þeim mönnum, sem hlotið hafa refsidóma, leyfis eða löggildingar, en slíkt má ekki gera, nema refsiverðum verknaði sé svo háttað sem að framan segir.

Norska refsilagaráðið skilaði einnig tillögum um þessi efni á árinu 1950, og hafa þær tillögur nú verið lögfestar, sbr. lög frá 22. maí 1953. Eru norsku lögin svipuð að efni til og hin dönsku, en þó er meira svigrúm fyrir dómstóla til að taka tillit til verðleikasjónarmiða við ákvörðun réttindasviptingar eftir norsku lögunum heldur en eftir þeim dönsku. Á það einkum við um opinbera starfsmenn.

Þess má einnig geta, að bandarískir sakfræðingar hafa lengi gagnrýnt mjög harðlega ákvæði bandarískra laga um réttindasviptingu. Nægir í því efni að nefna þá Sutherland og Tappan.

III.

Hegningarlaganefndin telur, að réttindasvipting, sem sakborningur sætir, eftir að hann hefur fullnægt refsingu eða eftir að refsing fellur niður með öðrum hætti,

sé oft og einatt fallin til að draga úr líkum fyrir því, að maður, sem brot hefur framið, muni laga sig að kröfum þjóðfélagsins sem nýtur og löghlýðinn þegn. Hins vegar ber á það að líta, að ýmis sjónarmið, einkum öryggis- og löggæzlusjónarmið, geta mælt eindregið með því, að heimild til réttindasviptingar sé í lögum. Réttindasvipting er með svo margvíslegu móti, að nauðsynlegt er að kanna hverja einstaka réttarheimild í þessu sambandi og athuga, hvort næg sakfræðileg rök séu fyrir hendi til að halda réttarheimildinni óbreyttri. Er einsætt, að ekki dugir að einskorða þá endurskoðun við ákvæði almennra hegningarlaga einna saman, heldur verður og að hyggja að sérlögum, því að í þeim eru ákvæði, sem mjög oft er beitt til réttindasviptingar.

Verður nú greint milli nokkurra höfuðtilvika eftir því, hvaða réttindi það eru, sem til greina kemur að svipta menn.

a. Starf opinbers starfsmanns.

Í 68. gr. 1. málsgr. alm. hegningarlaga er veitt heimild til að svipta mann, er gegnir opinberu starfi og framið hefur brot, rétti til að rækja starfann, ef hann telst ekki hæfur eða verður til að hafa starf á hendi. Hér kæmi til álita að þrengja heimild til réttindasviptingar á þá lund, að maður yrði ekki sviptur réttindum, nema brot hans gæfi til kynna nærlæga hættu á því, að hann misfæri með starf sitt. Telja verður, að opinber starfsmaður, sem fremur refsiverðan verknað, kunni að hafa firrt sig trausti almennings, og sé því varhugavert, að hann gegni starfi til frambúðar. Heimild til að svipta opinberan starfsmann rétti til starfs samkvæmt 68. gr. 1. málsgr. hgl. hefur verið notuð hófsamlega, og hefur ekki gefið tilefni til gagnrýni. Þykir því rétt að halda þessu ákvæði óbreyttu, sbr. 6. gr. 1. málsgr. frv.

Ekki er lagt til í frv. þessu, að nein sérstök ákvæði séu tekin upp í íslenzk lög, er heimili dómstólum að víkja starfsmanni frá í bili. Ljóst er, að stjórnvöld geta neytt þessa úrræðis, sbr. einkum lög 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, III. kafla. Þykir mega við það sitja.

b. Réttindi, sem hvíla á opinberu leyfi, löggildingu o. fl.

Í fjölmörgum lögum er það áskilið, að menn þurfi leyfis stjórnvalda til að hafa um hönd ákveðna starfrækslu eða stunda tiltekið starf. Má í því sambandi minna á starfshópa eins og málflutningsmenn, sbr. l. 61/1942, lækna, sbr. l. 47/1932, tannlækna, sbr. l. 7/1929, lyfsala, sbr. tilsk. 4/12 1672, niðurjöfnunarmenn sjótjóns, sbr. l. 74/1938, fasteignasala, sbr. l. 47/1938, endurskoðendur, sbr. l. 89/1953, starfsmenn ýmsa á skipum, sbr. l. 66/1946, leiðsögumenn skipa, sbr. l. 48/1933, menn, er sýsla um ýmiss konar samgöngutæki eða vélar, t. d. bifreiðarstjóra, sbr. l. 23/1941, flugmenn og ýmsa aðra starfsmenn á flugvélum, sbr. l. 32/1929. Þá má nefna hér verzlunarleyfi, sbr. l. nr. 52/1925, veitingaleyfi, sbr. l. nr. 21/1926, iðjuleyfi og iðnaðar, sbr. l. nr. 18/1927. Af öðrum leyfisbundnum atvinnurekstri má nefna löggildingu til einkaskólahalds, sbr. l. 34/1946, 53. gr., og leyfi til að reka barnahæli eða uppeldisstöð, sbr. l. 29/1947, 35. gr. Hér kemur einnig til álita starfsemi, sem við þarf leyfi sveitarstjórna, svo sem rekstur kvikmyndahúsa, sbr. t. d. 81. gr. lögreglusþ. 2/1930, veitingastarfsemi og forstaða húsbygginga og ýmis önnur störf í þarfir húsbygginga. Þá má einnig minna hér á l. 24/1937 um leyfi til, að menn megi nefna sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Í framangreindum lögum flestum er þess ýmist krafizt, að umsækjandi um leyfi eða löggildingu hafi óflekkað mannorð eða sé áreiðanlegur, ráðvandur, valinkunnur og vandaður eða kunnur að grandvarleik. Einnig er þess að geta, að samkv. l. 77/1921, um hlutafélög, er þess krafizt, að stofnendur, stjórnendur og endurskoðendur í hlutafélagi hafi óflekkað mannorð. Sá, sem sætt hefur sviptingu borgararéttinda samkv. 68. gr. 3. málsgr. hgl., fullnægir sýnilega ekki þessum skilyrðum. Þótt refsidómur, er beitir 68. gr. 3. málsgr., víki eingöngu að kosningarrétti og

kjörgengi samkvæmt beinu efni sínu, hefur hann því geysimikil réttaráhrif til réttindaspjalla út fyrir hin brýnu ákvæði sín vegna framangreindra lagatengsla. Verður að ætla, að áskilnaður í lögum um óflekkað mannorð sem skilyrði til að öðlast réttindi muni ekki jafnan hvíla á efnislegri rannsókn, heldur helgist fremur af venju. Telur nefndin, að í mörgum lagaákvæðum sé þessa lagaatriðis krafizt ófyrirsynju, og er lagt til í frv. á þskj. 218—235, að krafa um óflekkað mannorð sé felld niður úr ýmsum lagaákvæðum. Þá er þess einnig að geta, að í mörgum þeim lögum, sem áskilja leyfi eða löggildingu til starfs, er þess getið berlega, að maður teljist hafa glatað réttindum sínum, ef mannorð hans flekkist, sbr. t. d. l. nr. 52/1925, 7. gr., l. nr. 21/1926, 6., sbr. 10. gr., l. nr. 18/1927, 21. gr., l. nr. 7/1929, 9. gr., l. nr. 47/1938, 10. gr., l. nr. 66/1946, 52. gr., og l. nr. 89/1953, 11. gr., sbr. einnig l. 33/1957, 17. gr. 3. málsgr., og l. 34/1957, 15. gr. að sínu leyti. Væntanlega geta stjórnvöld þau, sem fjalla um leyfi, einnig tekið aftur leyfi, ef mannorð leyfishafa flekkast, þótt þessa sé ekki sérstaklega getið í sérlögum.

Ýmsir ágallar eru á þeirri tilhögun að tengja skilyrði fyrir framangreindum réttindum og missi þeirri við óflekkað mannorð. Í fyrsta lagi er hugtakið sjálft talsvert teygjanlegt og skortir föst ummerki. Verður vikið nánar að því í þættinum um kosningarrétt og kjörgengi hér á eftir. Í öðru lagi er ljóst, að oft og einatt eru lítil tengsl milli brots þess, er maður hefur framið, og hins leyfisbundna starfs manns. Þótt t. d. maður, sem fengið hefur iðjuleyfi, gerist sekur um auðgunarbrot, má vera, að átyllulaust sé að vænta þess, að hann muni misfara með iðjuleyfi sitt eða fremja brot í skjóli þess. Þótt vélstjóri hljóti refsidóm fyrir að falsa tékka, þarf sá dómur eða verknaður ekki að veita neina bendingu um, að maðurinn sé líklegur til að misfara með vélstjóraréttindi sín. Forsenda fyrir því, að ráða megi af broti, að maður muni misfara með réttindi, er að jafnaði sú, að nokkur efnistengsl séu milli brots og réttinda þeirra, sem til álita kemur að svipta mann. Heimildir til sviptingar á opinberu leyfi eru af þessum sökum of rúmar í gildandi lögum að áliti nefndarinnar, og er lagt til, að þær séu þrengdar með svipuðum hætti og í dönsku og norsku lögunum. Í almenna ákvæðinu um þetta efni, 6. gr. frv., er lagt til, að forsenda þess, að unnt sé að svipta mann þeim réttindum, sem hér um ræðir, sé sú, að brot veiti efni til að ætla, að veruleg hætta sé á því, að maður muni misfara með réttindi sín. Sérlögin hafa einnig verið endurskoðuð, og er lagt til, að þar sé lögfest sams konar regla um réttindasviptingu að sínu leyti svo og um skilyrði þess að fá réttindi í upphafi, sbr. frv. á þskj. 218—235.

Þeirri gagnrýni má hreyfa á t. d. dönsku reglunum, að þær taki ekki nægilega tillit til þess, að maður, sem gegnir starfa í skjóli opinbers leyfis eða löggildingar, þurfi stundum ekki einungis að vera hæfur til að rækja starfann, heldur sé einnig nauðsynlegt, að almenningur beri traust til hans. Með refsiverðum verknaði geti maður hins vegar firrt sig trausti almennings og því eigi að vera heimilt að lögum að svipta slíkan mann leyfi eða löggildingu, þegar hann hefur sýnt, að hann sé ekki lengur verður þess að njóta leyfis eða löggildingar. Segja má t. d., að jafnnauðsynlegt sé, að almenningur megi treysta því, að læknir, sem stundar einkavinnu, sé siðferðislega óspilltur, eins og héraðslæknir, sem er opinber starfsmaður. Nefndin telur, að þessi gagnrýni eigi nokkurn rétt á sér og því sé heppilegt að hafa þá viðbótarreglu um réttindasviptingu í þessu sambandi, að svipta megi mann opinberu leyfi o. s. frv., ef hann hefur unnið stórfellt brot og telst ekki framar verður að njóta starfsheimildar sinnar. Þessi regla er að vísu ekki hnitmiðuð, og er lagt á vald dómstóla að meta þetta atriði. Þar sem hér er rætt um stórfellt brot, er sýnt, að ekki er unnt að beita réttindasviptingu, nema mjög vítaverðu atferli sé til að dreifa, og á þá ekki einungis að líta á brotategundina, heldur einnig öll atvik að broti og sérhagi sakbornings.

Í sérlögum um einstaka leyfisbundna starfa er gert ráð fyrir sviptingu starfa, ef rétthafi sýnir hirðuleysi í starfi eða fremur einhverja óhæfu. Ýmislegt af þessum

ákvæðum mun halda gildi sínu, þótt frv. þetta verði lögfest (sbr. t. d. l. 85/1936, 35. gr., l. 47/1932, 18. gr., 4. málsgr., l. 27/1933, 3. gr. o. fl.).

c. Heimild til að öðlast síðar rétt á opinberu starfi eða opinberu leyfi o. fl.

Í 68. gr. 1. málsgr. 2. málslið alm. hgl. er dómstólum veitt heimild til að fyrirmuna manni, sem framið hefur brot, að öðlast síðar rétt til opinbers starfs eða fá opinbert leyfi o. fl. Samkvæmt sérlögum er og stundum unnt að beita þvílíkri réttindasviptingu, sbr. einkum 39. gr. 1. málsgr. bifreiðarlaga, nr. 23/1941. Telja verður, að ekki sé veruleg þörf á slíkum ákvæðum, a. m. k. utan vébanda sérlaga. Við hvert einstakt starf eða opinbert leyfi er það áskilið í sérlögum, að maður þurfi að fullnægja tilteknum skilyrðum til þess að öðlast starf eða leyfi. Stjórnvöldum er ætlað að meta það, hvort skilyrðum þessum sé fullnægt. Að vísu er það hagræði fyrir þau, að kveðið sé á um það í refsidómi sjálfum, hvort dómur sé því til fyrirstöðu, að dómfelldi geti hlotið starf eða leyfi. Að jafnaði mundi stjórnvöldum ekki vera skotaskuld að meta þetta. Á hinn bóginn er þess að gæta, að ákvæði í dómi um sviptingu fyrir fram á réttindum geta verið þungbær fyrir sakborning, og a. m. k. eru þau fallin til að árétta út í æsar þau spjöll, sem orðið hafa á réttarstöðu sakbornings. Mjög oft mundu slík ákvæði í dómi vera tilefnislítil fyrir þá sök, að ekki kemur til mála, að sakborningur leiti eftir opinberu starfi eða opinberu leyfi. Samkvæmt þessum rökum er lagt til í frumvarpi þessu, að ákvæði 68. gr. 1. málsgr. 2. málsl. alm. hgl. verði fellt niður, án þess að nýtt efnisákvæði komi í stað þess. Gert er ráð fyrir því, að ákvæði sérlaga haldi gildi sínu.

Ef stjórnvald synjar manni starfs eða leyfis með tilvísun til refsidóms, sem gengið hefur á hendur honum, má vera, að hann sé óánægður með þá úrlausn. Þykir nauðsynlegt að heimila honum að skjóta slíku máli til dómstóla, sem kannað geta lögmæti þeirrar synjunar samkvæmt almennum reglum um mat dómstóla á lögmæti stjórnvaldsgerða. Er a. m. k. öruggara að hafa slíka heimild í settum lögum. Er ákvæði 7. gr. 1. málsgr. frv. reist á þessum sjónarmiðum.

d. Kosningarréttur og kjörgengi o. fl.

Samkv. 68. gr. 3. málsgr. alm. hgl. skal svipta mann „kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga“, ef verknaði þykir þannig háttað, að mannorð dómfellda sé ekki lengur óflekkað. Fyrir gildistöku hgl. 1940 var annar háttur á þessu atriði. Í refsidómi skyldi þá ekki taka beina afstöðu til þess, hvort mannorð sakbornings væri flekkað, heldur var þeim, sem semja skyldu kjörskrá, falið að leysa úr því, hvort dómfelldur maður nyti kosningarréttar eða ekki, en skjóta mátti úrlausn kjörstjórnar til dómstóla. Skipulag hegningarlaganna frá 1940 stuðlar að samkvæmni í úrlausnum um kosningarrétt og kjörgengi og er að ýmsu leyti brotaminna en eldri tilhögunin. Hins vegar eru þessir hættir særandi fyrir sakborning, þar sem það kemst í hámæli þegar við dóminn, að hann verði af mikilvægum þjóðfélagsréttindum. Tilkynningar þær til kjörstjórna um refsidóm, sem þörf er á, stuðla einnig að því, að margir menn kynnast dóminum.

Samkvæmt 33. og 34. gr. stjórnarskrár er óflekkað mannorð skilyrði kosningarréttar og kjörgengis við alþingiskosningar. Sama er um forsetakosningar, samkv. 4. og 5. gr. stjórnarskrár, og við sérstakar atkvæðagreiðslur samkv. 26. og 79. gr. 2. málsgr. stjórnarskrár. Verður því atriði ekki haggað nema með breytingu á stjórnarskrá. Óflekkað mannorð er einnig skilyrði kosningarréttar og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar og skilyrði kosningarréttar við prestskosningar, en unnt er að sjálfsögðu að breyta því með almennum lögum.

Eins og drepið er á hér að framan, styðst svipting kosningarréttar í tilefni af broti fyrst og fremst við varnaðarrök, þótt þar gæti þess einnig, að sá maður, sem sekur hefur verið dæmdur um brot, er ekki framar talinn verður þess að njóta

þjóðfélagslegra réttinda. Verðleikasjónarmiðinu er þó ekki haldið til streitu, þar sem réttindasvipting þessi getur stundum fallið niður sjálfkrafa eftir 5 ár frá fullnustu dóms, sbr. 84. gr. alm. hegningarlaga, eða fyrir uppreist æru, sbr. 85. gr. sömu laga. Refsimörk eru mjög rúm í íslenzkum refsilögum, og ættu þau að skapa næg varnaðaráhrif út af fyrir sig. Hér kemur það einnig til, að svipting borgararéttinda er fallin til að skapa dómfellda beizkju í garð þjóðfélagsins, og dregur hún með þeim hætti úr líkunum fyrir því, að sakborningur samlagist þjóðfélaginu að nýju. Ljóst er, að refsidómur þarf ekki að gefa til kynna, að sakborningur sé óhæfari en aðrir til að neyta kosningarréttar síns. Þá virðist og vera lítil hætta á því, að dómfelldir menn mundu hafa úrslitaáhrif á almennar kosningar hér á landi, enda eru þeir tiltölulega fáir. Loks er þess að geta, að hugtakið óflekkað mannorð skortir að ýmsu leyti föst ummerki, en öðrum þræði gætir um of venjubundinna sjónarmiða við ákvörðun á því, hvort refsiverður verknaður feli í sér flekkun mannorðs eða ekki. Óflekkaðs mannorðs er getið sem kosningarréttarskilyrðis og kjörgengis þegar í stjórnarskrá 5. jan. 1874, en hugtak þetta er hvorki skýrgreint þar né í síðari stjórnskipunarlögum. Í lögum um kosningar til Alþingis frá 14. sept. 1877 er þetta hugtak skýrgreint efnislega á sömu lund og nú í 2. gr. kosningalaga, nr. 80/1942. Samkvæmt því telst enginn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru. Eftir þessu verður þorri manna, án tillits til stétta, efnahags, búsetu eða annarra þjóðfélagshaga, að telja verk svívirðilegt, svo að unnt sé að svipta réttindum. Dómendum er ætlað með þessu að leysa verkefni, sem í raun réttri er óleysandi, því að almenn loftvog almenningsálitsins er ekki til. Í framkvæmdinni verður það skoðun dómenda sjálfra um viðbrögð almenningsálitsins, sem hér ræður úrslitum, eða e. t. v. fremur álit þeirra sjálfra á verknaðinum. Vill þá oft fara svo, að venjubundin sjónarmið ráði við mat þetta, þannig t. d. að í lagaframkvæmd eru það eingöngu brot á almennum hegningarlögum, sem dómar telja baka mannorðsflekkun. Auk þess hefur t. d. verið talið, að brot, sem framið er af gáleysi, geti ekki valdið flekkun mannorðs, þótt dómfelldi hljóti þunga refsingu, svo sem vegna brots á 215. gr. alm. hgl. Refsihæðin sker alls ekki úr í þessu efni. Maður, sem sætt hefur 30 daga fangelsi fyrir þjófnað, hefur verið sviptur kosningarrétti, en maður, sem dæmt var 18 mánaða fangelsi fyrir brot á 215. gr. hgl. og á ýmsum ákvæðum bifreiða-, umferða- og áfengislaga, hlaut ekki slíka réttindasviptingu. Er hætt við, að almenningi sé þetta torskilið, þar sem fólk lítur fyrst og fremst á refsihæðina, þegar metið er, hversu vítaverður verknaður sá sé, sem maður er dæmdur sekur um.

Þess er fyrr getið, að óflekkað mannorð sem kosningarréttarskilyrði og kjörgengis var numið úr lögum í Sviþjóð á árinu 1936. Er ekki sýnilegt, að það hafi sætt sérstakri gagnrýni né gefizt illa. Í álitsgerð og tillögum dönsku og norsku hegningarlaganefndanna frá 1950 var og lagt til, að hliðstæð ákvæði væru afnumin í Danmörku og Noregi, og hefur það nú verið gert. Í Danmörku þurfti til þess stjórnarskrárbreytingu, að því er varðar kosningar til Ríkisþingsins, og átti sú breyting sér stað 1953.

Hegningarlaganefndin leggur til, að ákvæðum laga um kosningar til sveitastjórna verði breytt svo, að óflekkað mannorð sé fellt niður sem kosningarréttarskilyrði og kjörgengis, sbr. frv. á þskj. 229. Að því er kjörgengi varðar sérstaklega, þá virðist ekki vera varhugavert að láta kjósendum það eftir að virða fyrir sitt leyti, hvort þeir treysti dómfelldum manni fyrir umboði sínu eða ekki. Nefndin leggur einnig til, að það skilyrði sé afnumið úr lögum um prestskosningar, að kjósandi þurfi að hafa óflekkað mannorð, sbr. frv. á þskj. 219. Er það reist á rökum þeim, sem greind eru hér að framan.

Um skilyrði kosningarréttar og kjörgengis til alþingiskosninga og annarra stjórnarskrárbundinna kosninga hagar svo til sem fyrr greinir, að þeim ákvæðum

verður ekki þokað nema með stjórnarskrárbreytingu. Nefndin er þeirrar skoðunar, að frá sakfræðilegu sjónarmiði sé óæskilegt að beita sviptingu almennra þjóðfélagsréttinda sem viðurlögum við brotum, og með vísan til þeirri raka, sem reifuð eru hér að framan, telur nefndin rétt að nema úr lögum óflekkað mannorð sem skilyrði kosningarréttar og kjörgengis við alþingiskosningar og aðrar þær kosningar, sem mælt er um í stjórnarskrá. Beinir nefndin þessu til þeirra, sem sýsla um endurskoðun á stjórnarskránni. Þar sem agnúar eru á hugtakinu óflekkuðu mannorði, eins og greint er hér að framan, telur nefndin rétt að veita aðra skýrgreiningu á því hugtaki en þá, sem mælt er í 2. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80/1942, og er tillaga um þetta efni sett fram í frv. á þskj. 232.

Úr því að stjórnarskráin skýrgreinir ekki hugtakið óflekkað mannorð fyrir sitt leyti, er sýnilegt, að til þess er ætlazt, að slíkt sé gert í almennum lögum. Skýrgreiningu þeirri, sem greind er í 2. gr. l. nr. 80/1942, hefur verið breytt efnislega með ákvæði 7. gr. laga nr. 22/1955, þar sem svo er mælt, að í skilorðsdómi skuli ekki beita ákvæðum 68. gr. 3. málsgr. alm. hgl. Með dönskum lögum frá 1939 var það ákvæði m. a. lögfest, eins og fyrr greinir, að refsiverður verknaður teldist ekki hafa mannorðsflekkun í för með sér, ef sökunautur var undir 18 ára aldri, er hann framdi brot sitt, og auk þess fólst ekki mannorðsflekkun í refsidómi, ef ídæmd refsing var undir 4 mánuðum. Samkvæmt þessu ákvæði telst refsidómur ekki flekka mannorð sökunauts, nema hann hafi framið verknað, sem svívirðilegur er að almenningsáliti, og auk þess verður refsing að vera 4 mánaða fangelsi hið lægsta. Telja verður, að þessi regla sé æskilegri en regla sú, sem fólgin er í gildandi lögum, og leggur nefndin því til, að 2. gr. l. nr. 80/1942 verði breytt og ákvæði, sem hliðstætt sé þessum dönsku lögum, verði lögfest. Kemur þessi breyting fram í frv. á þskj. 232.

Loks er lagt til í frv., að ákvæði 68. gr. 3. málsgr. verði numið úr lögum í heild sinni. Meðan óflekkað mannorð er ekki fellt úr tölu kosningarréttarskilyrða, verður að meta það við samningu kjörskrár, hvort dómfelldur maður hafi óflekkað mannorð. Er þá óneitanlega til hagræðis fyrir semjendur kjörskrár að hafa beinlínis dómsákvæði um það. Hins vegar þykir það óþarflega særandi fyrir sakborning að sæta slíku dómsákvæði. Er því gert ráð fyrir, að eldri tilhögun sé tekin upp, og þeir, sem semja kjörskrár, eiga þá að meta þetta atriði fyrir sitt leyti, en unnt er að skjóta úrlausn þeirra til dómstóla. Ef þær breytingar, sem felast í frumvarpi þessu, verða lögfestar, verður það fátíðara en áður, að menn verði af kosningarrétti og kjörgengi sakir refsiverðs brots. Er því minni þörf á því, að tekin sé afstaða gagngert í refsidómi til þessa máls heldur en er eftir gildandi lögum, og raunar sérstaklega áður en þeim var breytt með l. nr. 22/1955, 7. gr.

Í lokamálsgrein 6. gr. frv. (þ. e. í væntanlegri 68. gr. hgl.) er það nýmæli, að heimilt er að höfða mál hér á landi til réttindasviptingar á hendur manni, sem sætt hefur refsidómi erlendis, enda sé hann annað tveggja íslenzkur ríkisborgari eða búsettur hér á landi, ef hann er erlendur ríkisborgari. Slíkt ákvæði hefur ekki verið í alm. hegningarlögum, en hins vegar er slík heimild veitt í 39. gr. bifrl., að því er tekur til sviptingar ökuleyfis.

Enn má geta ákvæðis 2. málsgr. 7. gr. frv., sem fjallar um það, að heimilt sé að taka upp mál að nýju, þar sem ótímabundin réttindasvipting hefur verið dæmd, þegar 5 ár eru liðin frá uppsögu dóms til úrlausnar um það, hvort fella skuli réttindasviptingu niður. Sérákvæði um þetta efni halda gildi sínu. Þetta ákvæði er einnig nýmæli, að því er almenn hegningarlög varðar.

e. Réttarfarslöggjöf, skólalöggjöf o. fl.

Í almennu réttarfarslöggjöfinni í einkamálum og sakamálum svo og sérlögum um réttarfarsmálefni eru ýmis ákvæði, er áskilja óflekkað mannorð sem starfsskilyrði hjá þeim, er hafa á hendi starf í þágu dómsýslu. Hér má og minna á ákvæði

laga 61/1942, um málflytjendur, er setja það að skilyrði fyrir löggildingu til málflutnings, að umsækjandi hafi óflekkað mannorð. Hegningarlaganefndin er þeirrar skoðunar, að óflekkað mannorð eigi yfirleitt að hverfa úr þessum lögum sem starfsskilyrði eða löggildingar. Svo hagar til um þessa löggjöf, að frumvarp til laga um meðferð einkamála í héraði hefur verið samið nýlega, og var það flutt á síðasta Alþingi 1955. Aðrir þættir réttarfarslaga, að fráskildum lögum um meðferð opinberra mála, bíða endurskoðunar. Hefur nefndin því talið, að rétt væri að bíða með þessar endurbætur á lögum þeim, er hér ræðir um, unz heildarendurskoðun þeirra fer fram.

Um skólalöggjöfina gegnir svipuðu máli. Í allmörgum lögum um einstaka skóla er óflekkað mannorð í tölu skilyrða til inntöku í skóla, sbr. t. d. l. 60/1957, 25. gr., 2. málsgr., um Háskóla Íslands („gerzt sekur um óhæfu"), l. 24/1948, 6. gr. c, um bændaskóla, l. 5/1955, 11. gr., 5. tölulið, um stýrimannaskólann í Reykjavík, l. 71/1936, 5. gr. d, sbr. 12. gr., 14. gr. 1 c og 2 d, um kennslu í vélfræði, og l. 82/1947, 2. gr., 3. tölulið, um matsveina- og veitingaþjónaskóla. Við ber og, að óflekkað mannorð sé lýst inntökuskilyrði í skóla með reglugerðarákvæði, þótt þess sé ekki getið í lögum um skóla, sbr. reglugerð nr. 77/1953, um garðyrkjuskóla ríkisins, 4. gr. b, sbr. við l. 91/1936. Í einum lögum, l. 60/1957, um Háskóla Íslands, segir beinlínis, að maður sé rækur úr skóla, ef mannorð hans flekkist, og mun sú einnig verða raunin í öðrum skólum, sem búa við hliðstæð lög að þessu leyti, þótt ekki sé sérstaklega vikið að því í skólalögum. Í sumum skólalögum er ekki rætt um óflekkað mannorð, heldur er það inntökuskilyrði, að umsækjandi sé „óspilltur að siðferði", sbr. l. 16/1947, 3. gr., 3. tölul., 27. gr., 3. tölul., 33. gr., 3. tölul., og 42. gr., 3. tölul., um menntun kennara, og l. 49/1946, 15. gr. c. Í enn öðrum lögum er þess getið við inntökuskilyrðin, að synja megi þeim manni um skólavist, sem líklegur sé til að leiða aðra nemendur á glapstigu með fordæmi sínu, sbr. t. d. l. 48/1946, 15. gr. d, um gagnfræðanám, og l. 34/1946, 5. gr. d, um fræðslu barna. Loks er áskilið „gott siðferði" til inntöku í skóla í reglugerð 42/1949, 6. gr. (hjúkrunarkvennaskóli) og 83/1932, 5. gr. (ljósmæðraskóli).

Hegningarlaganefndin er þeirrar skoðunar, að útrýma beri hugtakinu óflekkuðu mannorði úr skólalöggjöfinni, en telur hins vegar, að rétt sé að bíða með tillögur í þeim efnum eftir heildarendurskoðun á skólalöggjöfinni.

Að öðru leyti er þess að geta, að nefndin hefur ekki gert tillögur um útrýmingu ofangreinds hugtaks í einstökum lagaákvæðum, þar sem ekki þótti sérstök ástæða til breytinga, sbr. t. d. l. 75/1919, 1. gr. a, varðandi barnakennara, enda hefur það ákvæði naumast sjálfstætt gildi við hlið l. 38/1954, 3. gr., 5. tölul., svo og t. d. l. 11/1905, 5. gr. c (um setu í landsdómi), l. 3/1876, 2. gr. (um útflutningsstjóra) og l. 33/1957, 17. gr., og l. 34/1957, 15. gr. (um bankaráðsmenn). Sama er um l. 19/1953, 8. gr., 3. málsgr., um ættleiðingu. Í frumvarpi þessu eru ekki heldur gerðar tillögur um breytingar á bifreiðalögum, þar sem frv. um þau bíður úrlausnar þessa þings.

Að lokum skal þess getið, að tvenn atriði, er varða reglur um réttindasviptingu almennt, hafa verið látin hvíla að sinni, þ. e. reglur um fyrningu í sambandi við réttindasviptingu og önnur viðurlög samkvæmt VII. kafla hgl. og reglurnar um uppreist æru í 84. og 85. gr. laganna. Þykir heppilegra að taka þessar reglur til meðferðar, þegar heildarendurskoðun á IX. kafla hegningarlaganna fer fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í 1. og 2. gr. almennra hegningarlaga er það áskilið, að sett lög eða fullkomin lögjöfnun frá settum lögum standi til þess að fella á menn refsingu. Í þessum ákvæðum er eingöngu vikið að refsingu, en ekki er þar fjallað um önnur viðurlög við brotum, þ. á m. viðurlög VII. kafla alm. hegningarlaga. Samkvæmt 1. gr. dönsku hegningarlaganna frá 1930 verða önnur viðurlög en refsing einnig að hafa stoð í

settum lögum eða fullkominni lögjöfnun frá þeim. Í íslenzkum dómum felst það, að réttindasvipting, sem sé áþekk sviptingu samkvæmt 68. gr. 3. málsgr. alm. hgl., verði að styðjast við sett lög, sbr. t. d. hrd. XII, 12, 244, XIII, 5, 84. Sama máli gegnir um eignarupptöku, sbr. t. d. hrd. XXV/508 og XXVIII/207. Í almennri refsifræði er þetta einnig ríkjandi skilningur. Þykir rétt af þessum sökum að lögfesta þessar reglur, og er lagt til, að svo verði gert, í 1. og 2. gr. frv.

Um 3. gr.

Þegar dómfelldur maður hefur afplánað nokkurn hluta refsingar, er heimilt samkvæmt 1. málsgr. 40. gr. alm. hgl. að veita fanga lausn til reynslu („parole"). Eftir 1. málsgr. 42. gr. helzt reynslutími til loka refsitímans, en reynslutími getur þó aldrei orðið skemmri en tvö ár. Ákvæði þetta um reynslutíma er bersýnilega reist á sömu hugsun og reglur um skilorðstíma við skilorðsdóm, en þá getur reynslutími orðið lengri en hinum dæmda refsitíma nemur. Þegar reynslulausn er veitt, telst refsingu fullnægt í lok reynslutíma, og frá þeim tíma ber að telja ýmsa fresti og miða ýmsar reglur, sem tengdar eru við það, að refsingu sé fullnægt eða hún sé fallin niður með öðrum hætti, sbr. t. d. 71. gr. 3. málsgr. og 84. gr. og 85. gr. 2. málsgr. Ákvæði þessi geta verið óhæfilega þungbær fyrir dómfellda, bæði að því er tekur til refsingar og annarra viðurlaga við broti, ekki sízt réttindasviptingar. Þykir eðlilegra að miða hámark reynslutímans við hinn dæmda refsitíma, þannig að reynslutími geti aldrei orðið lengri en refsitíma nemur, enda ber að gæta þess hér, að dómfelldi hefur þegar afplánað mestan hluta refsitímans, þegar honum er veitt reynslulausn.

Um 4. gr.

Í 64. gr. almennra hegningarlaga er ákvæði um þá menn, sem fremja brot með áhrifum áfengis. Er heimilt að leggja fyrir þá í dómi að kaupa ekki áfengi né neyta þess um tiltekinn tíma, allt að 5 árum, frá því að refsingu hefur verið fullnægt. Brot á þessum fyrirmælum dóms varðar refsiábyrgð samkvæmt 123. gr. 2. málsgr. alm. hgl.

Ákvæði þessu hefur ekki verið mikið beitt, og síðustu árin mun því alls ekki hafa verið beitt. Í reyndinni munu slík dómsákvæði sem þessi orka lítt á dómfellda menn, a. m. k. ekki nema til komi jákvæð úrræði þessum mönnum til styrktar. Menn þeir, sem ákvæðið á einkum við um, eru drykkjusjúkir, og er miklu vænlegra að láta þá sæta sérstakri meðferð á vistheimili fyrir slíka menn en að dæma þeim þess konar fyrirmæli, sem 64. gr. mælir um. Í öðru lagi er örðugt að fylgjast með því að nokkru gagni, hvort dómfelldi rjúfi fyrirmæli þessi, og vill þá verða næsta handahófskennt, hverjir séu staðnir að brotum á fyrirmælum. Í þriðja lagi er svo kveðið á í 123. gr. 2. málsgr., að viðbrögð við rofum á fyrirmælum samkvæmt 64. gr. séu þau, að sökunautur vinni sér til refsingar fyrir rofin sem slík. Er það vafasöm regla, og væri þá æskilegra, að rof vörðuðu því einu, að sökunautur skyldi koma fyrir dómara, sem gæti valið milli ýmiss konar úrræða með svipuðum hætti og við rof á skilorði samkvæmt skilorðsdómi. Af þessum sökum er lagt til, að 64. gr. verði felld úr gildi.

Í 45. og 47. gr. laga 29/1947, um vernd barna og ungmenna, er veitt heimild til að beita úrræði 64. gr. hgl. Ekki hefur þótt ástæða til að fella tilvísun til 64. gr. brott úr ákvæðum þessum að formi til.

Þótt 64. gr. alm. hegningarlaga verði niður felld, er ekki gert ráð fyrir því, að greinatalan í lögunum breytist, enda er mjög óheppilegt að raska greinatölu í slíkum lagabálki sem alm. hegningarlögum, m. a. vegna tilvitnana í fræðiritum, dómum og einstökum lögum.

Um 5. gr.

Í þessari grein felst í fyrsta lagi sú efnisbreyting á 65. gr. hgl., að greint er sérstaklega, að viðurlögum verði ekki beitt við annan sakborning en þann, er

framið hefur brot það, sem hann er ákærður um, undir áhrifum áfengis. Stendur þessi breyting raunar í sambandi við það, að lagt er til í 4. gr. frv., að 64. gr. hgl. sé numin úr lögum. Oft er brotaminna að beita gagngert viðurlögum 65. gr. en að svipta mann sjálfræði og ráðstafa honum síðan á drykkjumannahæli samkv. l. 55/1949.

Í öðru lagi er lagt til, að niður sé fellt það ákvæði 65. gr., er horfir að því, að unnt sé að dæma sökunaut til hælisvistar samfara því, að refsing sé dæmd skilorðsbundin. Í gildandi lögum um skilorðsdóma, l. 22/1955, er jafnan gert ráð fyrir því, að hælisvist geti verið meðal skilyrða samkv. skilorðsdómi, en hins vegar er ekki unnt samkv. þeim lögum að dæma menn beinlínis til hælisvistar, meðan skilorðsdómur er við lýði. Þykir rétt að lagfæra 65. gr. til samræmis við l. 22/1955. Ljóst er hins vegar, að unnt er að beita úrræði 65. gr., þegar sýnt er, að sá maður, sem sætt hefur skilorðsdómi, fullnægir ekki því skilorði dóms að gangast undir vist á drykkjuhæli eða sæta annars konar læknismeðferð vegna drykkjusýki sinnar.

Að lokum má benda á, að orðunum „að refsingu afstaðinni" í 65. gr. hgl. er sleppt í 5. gr. frv., þar sem varhugavert þykir að girða fyrir það úrræði að beita hælisvist þegar í stað eftir dómsuppsögu, eftir atvikum sem hluta refsitímans.

Um 6. gr.

a. 1. málsgrein.

Ákvæði 1. málsgr. heimilar að svipta opinbera starfsmenn starfi þeirra, og eru forsendur réttindasviptingar hinar sömu og samkv. 1. málsgr. 1. málsl. 68. gr. gildandi hegningarlaga. Ekki er það skýrgreint hér, hverjir séu opinberir starfsmenn, og verður það verkefni almennu refsiréttarfræðinnar að skýrgreina það. Í lögum er víða kveðið svo á, að tilteknir flokkar manna séu opinberir sýslunarmenn, og mun þá yfirleitt mega beita ákvæði 1. málsgr. um sýslu slíkra manna. Ákvæðið nær jafnt til þeirra opinberra starfsmanna, sem kjörnir eru til starfs, sem annarra.

Ljóst er af orðalagi 1. málsgr., að unnt er að svipta sökunaut rétti á starfi sínu, þótt refsiverður verknaður sé ekki framinn í hinu opinbera starfi. Opinber starfsmaður, sem fremur t. d. þjófnað, getur unnið til réttindasviptingar samkvæmt þessu ákvæði, þótt brot hans standi ekki í neinum tengslum við starfa hans.

Réttindasvipting samkv. þessu ákvæði getur ýmist verið rýmri eða þrengri. Vera má, að opinber starfsmaður sé aðeins sviptur hluta af starfi sínu, en haldi starfi að öðru leyti. Kennari kennir t. d. bæði unglingum og smábörnum. Brot, sem hann hefur framið, þykir ótvírætt benda til þess, að varhugavert sé, að hann kenni í barnaskóla, en hins vegar sé ekki ástæða til að meina honum að kenna unglingum.

Skólastjóri, sem hefur fjárreiður á hendi, þykir hafa framið refsiverðan verknað, er bendir til, að varhugavert sé að ætla honum að hafa skólastjórn á hendi. Vera má hins vegar, að átyllulaust sé að svipta hann kennararéttindum sínum. Brot, sem yfirlæknir á sjúkrahúsi fremur, þykir vera þess konar, að svipta eigi hann rétti á þessu starfi. Hins vegar kann að vera rakalaust að svipta hann lækningaleyfi.

Þótt hinum opinbera starfsmanni verði ekki refsað fyrir brot sitt vegna sakhæfisskorts, er allt um það unnt að svipta hann réttindum samkvæmt þessari málsgrein. Hins vegar verður hlutlægum refsiskilyrðum að vera til að dreifa, enda er áskilið, að brot sé framið. Í ýmsum lögum er gert ráð fyrir sviptingu starfa í tilefni af annars konar afbrigðum starfsmanns en refsiverðu ráðlagi. Haldast slík ákvæði yfirleitt, þótt frv. þetta verði lögfest.

Réttindasvipting sú, sem greind er í 1. málsgr., er ævilöng, sbr. gagnályktun frá 3. málsgr.

Ákvæði 1. málsgr. verður að þoka fyrir sérákvæðum í lögum. Hins vegar verður því beitt, ef sérlög mæla ekki því í gegn.

Eins og fyrr greinir, á 1. málsgr. aðeins við það tilvik, er opinber starfsmaður

gegnir starfi, þegar brot var framið. Ekki er veitt heimild til þess að svipta mann, sem ekki gegnir opinberu starfi, rétti til að öðlast síðar opinberan starfa.

Í 1. málsgr. er dómstólum ekki veitt heimild til að víkja opinberum starfsmanni frá í bili. Slíkt er hins vegar heimilt samkv. lögum 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

b. 2. málsgrein.

Hér er veitt heimild til að svipta mann rétti, sem hann hefur hlotið til að stunda starfsemi, sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna. Að því er tekur til réttinda, sem unnt er að svipta mann, þá er hér átt við sömu réttindi og þau, sem rætt er um í 68. gr. 1. málsgr. gildandi hegningarlaga. Ekki er unnt að svipta menn fyrir fram rétti til að öðlast starfsheimild samkvæmt þessu ákvæði, svo sem nú er eftir 68. gr. 1. málsgr. 2. málslið. Þó er vert að veita því athygli, að gerlegt er samkv. 2. málsgr. 6. gr. frv. að svipta mann heimild til starfs, sem hann hefur öðlazt á grundvelli prófs, þ. e. án þess að opinbert leyfi þurfi til að koma. Oftast er próf nauðsynleg forsenda fyrir því, að starfsheimild fáist með opinberu leyfi. Próf sem slíkt getur þó veitt starfsheimild, án þess að við þurfi opinbers leyfis. Við kennarapróf eru t. d. tengd kennsluréttindi, og loftskeytapróf veitir starfsréttindi, án þess að þörf sé á opinberu starfsleyfi. Samkv. ákvæðinu má svipta menn rétti, sem að lögum er tengdur við slík próf.

Forsenda réttindasviptingar er hér sú að höfuðstefnu til, að ráða megi af broti, að veruleg hætta sé á því, að sakborningur muni fremja brot í stöðu sinni eða starfi. Er það lagt á vald dómstóla að meta þetta. Hugsunin er hér sú, svo sem greint er að framan, að tengsl séu milli brots og starfsemi þeirrar, sem svipting lýtur að. Ekki þarf brot að vera unnið í þessari starfsemi. Flugmaður ekur bifreið ofurölvi og hlýtur dóm fyrir það. Er ekki útilokað að líta svo á þetta framferði hans, að það gefi til kynna, að veruleg hætta sé á, að manninum verði hið sama á við stjórn flugvélar sem raun hefur orðið á um við stjórn bifreiðar. Er þá hugsanlegt, að unnt sé að svipta hann heimild til að stjórna flugvél.

Almenna reglan verður sú, að ekki sé heimilt að svipta mann rétti samkv. 2. málsgr. vegna þess eins, að sökunautur teljist ekki framar verður að njóta réttinda. Þetta er því aðeins unnt, að brot sé stórfellt, og má því vænta þess, að tiltölulega sjaldan komi til réttindasviptingar á þessum grundvelli einum saman.

Réttindasvipting samkv. 2. málsgr. getur verið tímabundin, allt að 5 árum, eða ævilöng, sbr. 3. málsgr.

Almennu athugasemdirnar við 1. málsgr. hér að framan eiga einnig við um ákvæði 2. málsgreinar.

c. 5. málsgrein.

Hér er sú breyting frá 68. gr. gildandi hegningarlaga, að réttindasvipting telst í síðasta lagi frá birtingu fullnaðardóms í máli sakbornings. Er það í samræmi við dómvenju. Ljóst er, að stundum er sakborningur raunverulega sviptur rétti til bráðabirgða, áður en dómur gengur. Er þá heimilt að miða upphaf réttindasviptingar við það tímamark, og er alltíðkanlegt í dómum að telja réttindasviptingu frá þeim tíma.

d. 6. málsgrein.

Í 39. gr. bifreiðarlaga 23/1941 er veitt heimild til þess að svipta menn ökuleyfi eða rétti til að öðlast það hér á landi, ef þeir hafa sætt refsidómi erlendis, sem varðað hefði missi ökuleyfis samkvæmt greindum lögum. Þykir rétt að lögfesta hliðstæða almenna heimild til réttindasviptingar í almennum hegningarlögum, og felst tillaga um það í 6. málsgrein. Erlendi dómurinn yrði lagður hér til grundvallar um sönnunarmat og mat á refsinæmi verknaðar, en hins vegar bæri þó að taka tillit til reglna íslenzks réttar varðandi „ordre public“. Hafa ber hliðsjón af refsingu þeirri, sem sökunautur er dæmdur í og hefur e. t. v. afplánað, þegar réttindasvipting er ákvörðuð.

Benda má á það, að í 71. gr. 2. málsgr. alm. hgl. er heimilað að leggja erlenda refsidóma til grundvallar við ákvörðun refsinga hér á landi.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. málsgr. horfir til aukins réttaröryggis, en reynt er að búa svo um hnúta, að úrlausnir um þessi efni verði greiðar.

Í sambandi við ákvæði 2. málsgr. er þess að geta, að ákvæði laga um endurveiting réttinda, sem maður hefur verið sviptur, eru allsundurleit. Má minna í því sambandi á ákvæði siglingalaga 56/1914, 264. gr., sjómannalaga 41/1931, 75. og 85. gr., laga um eftirlit með skipum 68/1947, 73. gr., bifreiðalaga 23/1941, 39. gr., 2. málsgr., og laga um löggilta endurskoðendur 89/1953, 11. gr. Ákvæði þessi skilur bæði um það, hvaða aðili endurveiti réttindi, svo og um það, hversu langur tími verður að líða frá uppsögu dóms, er sviptir réttindum, og fram til þess, að unnt er að endurveita réttindi. Samkv. 264. gr. laga 56/1914 og 75. gr. 2. málsgr. l. 41/1930, endurveitir forseti Íslands skipstjóraréttindi eftir tillögum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, þegar tvö ár hið minnsta eru liðin frá uppsögu dóms. Samkv. 85. gr. 3. málsgr. l. 41/1930 getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið endurveitt stýrimanns- og vélstjóraréttindi, þegar 1 ár er liðið frá uppsögu dóms. Samkv. 73. gr. l. 68/1947 getur dómsmálaráðherra endurveitt skipstjóraréttindi o. fl., sem aðili hefur verið sviptur samkv. lögum þessum, þegar 5 ár hið minnsta eru liðin frá uppsögu dóms. Áskilið er, að skipaskoðunarstjóri og siglingadómur mæli með endurveitingu réttinda samkv. 73. gr. Loks getur ráðherra, þ. e. atvinnumálaráðherra, endurveitt löggiltum endurskoðanda réttindin samkv. 11. gr. l. 89/1953, að fengnum tillögum prófnefndar endurskoðenda, og er hér ekki greindur neinn sérstakur frestur.

Lagaákvæði þau, sem reifuð eru hér að framan, hafa ekki verið endurskoðuð þessu sinni. Hins vegar þykir nauðsynlegt að lögfesta almennt ákvæði í hegningarlögum um endurveitingu réttinda, þar sem ákvæði um þetta efni skortir um fjölmörg réttindi. Er lagt til, að það sé dómstóll, sem fjallar um endurveiting réttinda, og á að bera þetta mál undir dómstól á heimavarnarþingi manns eða öðru nothæfu varnarþingi samkv. ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, enda fer um málatilbúnað og málsmeðferð eftir þeim lögum. Að sumu leyti væri æskilegt, að dómstóll sá, sem dæmt hefur manni réttindasviptingu, fjallaði einnig um endurveiting réttinda. Af auðsæjum ástæðum verður því þó illa komið við.

Almennar athugasemdir um endurskoðun á sérlögum, sbr. þskj. 218—235.

Í ofangreindum frumvörpum er fjallað um breytingar, sem lagt er til, að gerðar verði á einstökum sérlögum til samræmis við hið breytta efni 68. gr. hgl. Ákvæði þau, sem hér er hreyft við, varða fremur skilyrði þess að fá réttindi í upphafi en sviptingu réttinda sem slíka. Breytingum þeim, sem felast í frumvörpum þessum, má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru breytingar, sem stefna að því að afnema með öllu óflekkað mannorð sem skilyrði þess að fá réttindi, án þess að nýtt ákvæði um þau efni sé sett í staðinn. Hins vegar er stundum lagt til, að ákvæði um óflekkað mannorð sé að vísu numið úr lögum, en í stað þess sé lögfest regla um það, að heimilt sé að synja um leyfi, löggildingu o. s. frv., ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. hgl., svo sem það er orðað í frv. þessu, á við um hagi umsækjanda. Til fyrra flokksins teljast breytingar samkv. frv. á þskj. 218, 219, 221, 225 og 229 og að flestu leyti samkv. þskj. 232. Til síðara flokksins teljast frv. á þskj. 220, 226, 228, 230, 231, 234 og 235 og frv. á þskj. 233 að nokkru leyti.

Í almennu athugasemdunum hér að framan er gerð grein fyrir ástæðum til þessara breytinga, og þykir mega vísa þangað. Ákvæði þessi eru reist á því höfuðsjónarmiði, að óæskilegt sé að stemma mjög stigu við því, að dómfelldir menn geti hlotið ýmis atvinnuréttindi og notið ýmissa almennra þjóðfélagsréttinda. Mikil höft í þessum efnum eru líkleg til að draga úr viðleitni refsilaga og refsiframkvæmdar um að orka á dómfelldan mann til þess að samlagast þjóðfélaginu á ný sem löghlýðinn borg-

ari (resocialisering). Það er að sjálfsögðu nokkurt álitamál, í hvaða samböndum sé rétt að fella algerlega niður skilyrði, sem lýtur að refsidómi, og hvenær halda skuli í slíkt skilyrði í nokkurri mynd. Eins og greinin ber með sér, hefur verið reynt að skilja í þessu efni milli starfa og réttinda almenns efnis annars vegar og hins vegar sérhæfðra starfa og sérfræðilegra. Innan sama meginhóps réttinda er greint milli þess í frv. á þskj. 233, hversu mikilvægur starfinn sé frá almennu sjónarmiði og hvert traust almenningur verði að bera til starfsmanns. Er raunar mikið álitamál, hvernig draga eigi mörkin innan þeirra atvinnuréttinda, sem þetta frv. fjallar um.

Hér að framan er gerð grein fyrir því, að nokkur ákvæði í lögum, er byggja á óflekkuðu mannorði, hafa ekki sætt endurskoðun þessu sinni, og vísast þangað.

Nd. 218. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á tilskipun 31. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. jan. 1851, um eftirlaun.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

5. og 6. gr. falli niður.

2. gr.

Ákvæði 5. töluliðs 7. gr. og 4. töluliðs 11. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frv. þessu er lagt til, að þau ákvæði tilsk. 31. maí 1855 séu niður felld, sem mæla fyrir um skerðingu lífeyrisréttinda, vegna þess að lífeyrisþegi hafi framið refsiverðan verknað. Eru þessi ákvæði mjög óeðlileg, enda er frá þeim horfið í yngri lögum um lífeyrisréttindi.

Að öðru leyti má vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. á þskj. 217.

Nd. 219. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Hver sóknarmaður karl eða kona, sem telst til þjóðkirkjunnar og er lögráða, hefur kosningarrétt á safnaðarfundi og er kjörgengur til sóknarnefndar.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð sé ekki framar skilyrði kosningarréttar á safnaðarfundi eða kjörgengis í sóknarnefnd. Sjónarmið þau, sem liggja til grundvallar frv. þessu, eru reifuð í greinargerð fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, og þykir mega vísa þangað.

Ef frv. þetta nær samþykki, er afleiðing þess sú, að óflekkað mannorð er ekki framar skilyrði kosningarréttar við prestskosningar, með því að 1. gr. l. 32/1915, um veitingu prestakalla, tengir kosningarrétt við þær kosningar við kosningarrétt á safnaðarfundi. Það dugir því að breyta efni 5. gr. l. 36/1907 að þessu leyti, og er ekki þörf á að breyta 1. gr. l. 32/1915 að formi til. Þá verður afleiðingin af samþykkt þessa frv. einnig sú, að kirkjuþingsmenn þeir, er greinir í 5. gr. l. 43/1957, þurfa ekki að hafa óflekkað mannorð, en samkv. 15. gr. l. 43/1957 virðist óflekkað mannorð ekki vera kjörgengisskilyrði, að því er tekur til kirkjuráðsmanna.

Nd. 220. Frumvarp til laga [104. mál]

um breyting á lögum nr. 32 2. nóv. 1914, um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um leyfi samkv. 1. gr., ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frv. þessu er fjallað um tiltekin sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið eindurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. á þskj. 217, einkum athugasemda við 6. gr. þess frv.

Nd. 221. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 51 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ákvæði 4. töluliðs 10. gr. falli niður.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frv. þessu er lagt til, að þau ákvæði l. 51/1921 séu niður felld, sem mæla fyrir um skerðingu lífeyrisréttinda vegna þess, að lífeyrisþegi hafi framið refsiverðan verknað. Eru þessi ákvæði mjög óeðlileg, enda er frá þeim horfið í yngri lögum um lífeyrisréttindi.

Að öðru leyti má vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingar á almennum hegningarlögum.

Nd. 222. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á lögum nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í 2. málsgr. 4. gr. laganna falli niður orðin „með óflekkað mannorð".

2. gr.

Í 1. málsgr. 32. gr. laganna falli niður orðin „hafi óflekkað mannorð".

3. gr.

Í 34. gr. laganna falli niður orðin „með óflekkað mannorð".

4. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, og eru náin tengsl milli þessara frumvarpa tveggja.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð verði ekki framar skilyrði þess, að maður geti verið stofnandi, stjórnandi eða endurskoðandi í hlutafélagi. Er ekki sýnilegt, að flekkað mannorð sé því til fyrirstöðu, að menn gerist stofnendur, stjórnendur eða endurskoðendur í öðrum félögum, sem stefna að fjárhagslegu markmiði. Þykir einsætt að breyta hlutafélagalögunum að þessu leyti.

Í greinargerð fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum eru rakin almenn rök og sjónarmið, sem liggja til þess að fækka þeim lagaáhrifum, er tengd eru við hugtakið óflekkað mannorð. Þykir því að öðru leyti mega vísa til þeirrar greinargerðar.

Nd. 223. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í 3. gr. laganna falli niður ákvæði 4. töluliðs.

2. gr.

Í 5. gr. laganna breytast orðin „1.—4." á tveimur stöðum í: 1.—3.

3. gr.

Í 6. gr. laganna falli niður á tveimur stöðum orðin „2. málsl. 4. tölul. og".

4. gr.

Í 7. gr. laganna falli niður orðin „fyrsta málsl. 4. tölul."

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur þetta frv. í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð verði ekki framar skilyrði verzlunarleyfis. Í greinargerð fyrir fyrrnefndu frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum eru reifuð helztu sjónarmið, er varða þá tilhögun, sem felst í frv. þessu, og þykir mega vísa þangað.

Nd. 224. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í 3. gr. laganna falli niður ákvæði 4. töluliðs.

2. gr.

Í 5. gr. laganna breytast orðin „3. gr. 1.—6. tölul." í: 1.—3. og 5.—6. tölul. 3. gr. Orðin „1.—6." síðar í greininni breytast í: 1.—3. og 5.—6.

3. gr.

Í 1. málsgr. 6. gr. breytast orðin „3. gr. 1.—4. og 6. tölul." í: 3. gr. 1.—3. og 6. tölul.

4. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur þetta frv. í nánum tengslum við það.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð verði ekki framar skilyrði leyfis til veitingasölu og gistihúsahalds. Í greinargerð fyrir fyrrnefndu frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum eru reifuð helztu sjónarmið, sem varða þá tilhögun, sem felst í frv. þessu, og þykir mega vísa þangað.

Nd. 225. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 105/1936, um breyting á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í 3. gr. laganna falli niður ákvæði 4. töluliðs.

2. gr.

Í 1. málsgr. 5. gr. laganna falli niður orðin „eða í 1. málslið 4. töluliðs."

3. gr.

Í 5. gr. l. nr. 105/1936 breytast orðin „1.—5. tölul." í: 1.—3. og 5. tölul.

4. gr.

Í 9. gr. l. nr. 105/1936 falli niður orðin „og 1. málsl. 4. tölul."

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur þetta frv. í nánum tengslum við það.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð verði ekki framar skilyrði iðjuleyfis eða iðnaðar. Í greinargerð fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum eru reifuð helztu sjónarmið, er varða þá tilhögun, sem felst í frv. þessu, og þykir mega vísa þangað.

Nd. 226. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

4. töluliður 1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

9. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. er lagt til, að breytt verði ákvæðum um skilyrði þess að öðlast leyfi til að stunda tannlækningar, sbr. 1. gr. frv., svo og ákvæðunum um sviptingu slíks leyfis, sbr. 2. gr. frv.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofannefndu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum.

Nd. 227. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

a. Í 1. málsgr. 2. gr. laganna falli niður orðin „hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti".
b. Aftan við 1. málsgr. 2. gr. laganna komi nýr málsliður, svofelldur:
Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. á þskj. 217, enda stendur þetta frv. í nánum tengslum við það.

Í frv. þessu er lagt til, að breytt verði ákvæðunum um skilyrði fyrir lækningaleyfi.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér á milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, þar sem rakin eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun hegningarlaganefndar á lagaákvæðunum um ýmis atvinnuréttindi.

Nd. 228. Frumvarp til laga [112. mál]

um breyting á lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

a. Í 1. tölulið 3. gr. laganna falli niður orðin „óflekkað mannorð".
b. Aftan við 3. gr. bætist nýr töluliður, 9. töluliður, svo felldur:
Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að breytt verði nokkuð ákvæðunum um skilyrði þess að öðlast leyfi til leiðsögu skipa.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem rakin eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun hegningarlaganefndar á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi.

Nd. 229. Frumvarp til laga [113. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

a. Ákvæði 3. töluliðs 1. málsgr. 6. gr. laganna falli niður.
b. Í 2. málsgr. 6. gr. falli niður orðin „óflekkað mannorð og".

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum. Í greinargerð fyrir því frv. eru reifuð þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar þessu frv., og þykir mega vísa þangað, sbr. III. kafla d. í greinargerðinni.

Ef óflekkað mannorð er fellt niður sem kosningarréttarskilyrði og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar, svo sem lagt er til í frv. þessu, þá hefur það áhrif á lög, sem tengja kosningar í nefndir við kjörgengis- eða kosningarréttarskilyrði laga nr. 81/1936. Svo er þessu t. d. háttað um sýslunefndir, sbr. l. 12/1927, 31. gr., og um einstakar nefndir, sem kosnar eru af sveitarstjórnum, svo sem niðurjöfnunarnefndir, sbr. l. 66/1945, 17. gr., barnaverndarnefndir, sbr. l. 29/1947, 6. gr. o. fl., sjá einnig t. d. l. 19/1948, 60. gr., um forðagæzlumenn.

Nd. 230. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum nr. 47 11. júní 1938, um fasteignasölu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

a. Ákvæði 5. tölulíðs 2. gr. laganna falli niður.
b. Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svofelld:
Heimilt er að synja manni um leyfi til fasteignasölu, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

a. Í 1. málsgr. 10. gr. laganna breytast orðin „1.—5." í: 1.—4.
b. Ákvæði 2. málsgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er lagt til, að ákvæðum um skilyrði þess að öðlast leyfi til fasteignasölu svo og um missi þessa leyfis, verði breytt. Hér er um sérhæfð réttindi að ræða. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem rakin eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun þeirri, er hegningarlaganefnd hefur framkvæmt á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi.

Nd. 231. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 74 11. júní 1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

a. Í 1. tölulið 2. gr. laganna falli niður orðin „og hafa óflekkað mannorð".
b. Á eftir 5. tölulið 2. gr. bætist nýr töluliður, svofelldur:
Heimilt er að synja manni um löggildingu, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er lagt til, að ákvæðum um skilyrði þess að hljóta löggildingu til þess að sýsla um niðurjöfnun sjótjóna sé breytt.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér á milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar með ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem rakin eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun þeirri, sem hegningarlaganefnd hefur framkvæmt á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi.

Nd. 232. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein, svofelld:

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri, er hann framdi brotið, og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæzla sé dæmd.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samfara frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum. Í III. kafla d. í greinargerð fyrir því frv. eru reifuð þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar þessu frv., og þykir mega vísa þangað.

Ef haggað er við 2. gr. l. 80/1942, svo sem lagt er til í frv. þessu, hefur það ekki eingöngu áhrif á kosningarrétt og kjörgengi við kosningar til Alþingis, heldur einnig við forsetakosningar og við kosningar samkv. 26. og 79. gr. 2. málsgr. stjórnarskrár, svo og væntanlega við þjóðaratkvæði um einstök þing- eða þjóðmál, sem skotið kann að vera undir dóm kjósenda (sbr. áður fyrr atkvæðagreiðslu um aðflutningsbann á áfengi og þegnskylduvinnu).

Nd. 233. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í 4. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs i.

2. gr.

Í 6. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs d.

3. gr.

Í 8. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs d.

4. gr.

Í 10. gr. laganna falli niður tilvísanir til stafliða d.

5. gr.

Í 12. gr. laganna falli niður tilvísanir til stafliða d.

6. gr.

a. Ákvæði d-liðs 1. málsgr. 14. gr. laganna falli niður.
b. Á eftir 1. málsgr. sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:
Heimilt er að synja manni um skipstjóraréttindi samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

7. gr.

a. Ákvæði d-liðs 16. gr. laganna falli niður.
b. Aftan við sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:
Heimilt er að synja manni um stýrimannaskírteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

8. gr.

Í 23. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

9. gr.

Í 25. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

10. gr.

Í 27. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

11. gr.

a. Í 29. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.
b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svofelld:
Heimilt er að synja manni um skírteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

12. gr.

Í 32. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

13. gr.

Í 34. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

14. gr.

Í 36. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

15. gr.

Í 38. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

16. gr.

Í 40. gr. laganna falli niður ákvæði d-liðs.

17. gr.

Í 42. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

18. gr.

Í 44. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

19. gr.

52. gr. laganna falli niður.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er fjallað um atvinnuréttindi við siglingar. Meginreglan er sú samkvæmt frv., að óflekkað mannorð skiptir engu máli við þessi réttindi, og er ekki lagt til, að refsidómur geti tálmað því, að maður fái slík réttindi. Frá þessu víkur þó um hin mikilvægustu réttindi þessarar tegundar, sbr. 14., 16. og 29. gr. laganna (6., 7. og 11. gr. frv.). Um þau er horfið frá kröfu um óflekkað mannorð, en í stað þess kemur tilvísun til ákvæða 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga með sama hætti og gert er í frv. um breytingu á lögum um niðurjöfnunarmenn sjótjóns o. fl. lögum.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem reifuð eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar þeirri endurskoðun, sem hegningarlaganefnd hefur nú framkvæmt á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi.

Nd. 234. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 89 29. des. 1953, um löggilta endurskoðendur.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

a. 6. töluliður 1. gr. laganna falli niður.
b. Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein, svofelld:
Heimilt er að synja manni um löggildingu, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er lagt til, að ákvæðunum um skilyrði þess að öðlast löggildingu til endurskoðendastarfa sé breytt.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem reifuð eru helztu sjónarmið, er liggja til grundvallar endurskoðun þeirri, er hegningarlaganefnd hefur nú framkvæmt á lagaákvæðunum um ýmis atvinnuréttindi.

Nd. 235. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

a. 5. töluliður 3. gr. laganna fellur niður, og breytist röð tölulíða samkvæmt því.
b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein, svofelld:
Nú hefur umsækjandi um starf hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. málsgrein 68. gr. almennra hegningarlaga, og telst hann þá ekki fullnægja starfsskilyrðum.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu felst sú efnisbreyting á skilyrðum þess að verða starfsmaður ríkisins, að horfið er frá kröfu um óflekkað mannorð. Í stað þess kemur það almenna ákvæði, að sá maður, sem hlotið hefur dóm fyrir refsiverðan verknað, telst ekki fullnægja starfsskilyrðum, ef verknaður þessi er með þeim hætti, að sökunautur teljist ekki lengur verður eða hæfur til að rækja þann starfa, sem hann sækir um, sbr. 1. málsgr. 6. gr. frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (þskj. 217). Um skýringar á þessu ákvæði má vísa til athugasemda við þá grein frv., en í greinargerð fyrir því frv. eru rakin í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun þeirri, er hegningarlaganefnd hefur nú framkvæmt á lagaákvæðum um atvinnuréttindi ýmiss konar.

Nd. 236. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

a. 9. töluliður 1. gr. laga nr. 19/1955 orðist svo:
Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Berufirði.

b. Á eftir 9. tölulið 1. gr. laga nr. 19/1955 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
Hornafjarðarumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Búlandshreppur og Geithellnahreppur í Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þjónusta sú, sem dýralæknar veita, reynist bændastétt landsins mjög mikils virði. Eftir því sem árangur verður betri af kynbótum búfjár og fóðrun búpenings batnar, verða störf dýralækna æ nauðsynlegri fyrir bændastéttina.

Með lögum nr. 19/1955, um dýralækna, var dýralæknaumdæmunum í landinu fjölgað frá því, sem áður var. Þrátt fyrir það eiga Austur-Skaftfellingar mjög erfiða aðstöðu til þess að geta notið þjónustu dýralæknis. Umdæmi dýralæknis á Austurlandi nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu. Er það stærra landssvæði og torveldara yfirferðar en svo, að einn dýralæknir geti veitt þar fullnægjandi þjónustu. Dýralæknir á Austurlandi hefur aðsetur á Egilsstöðum. Á veturna er oft illfært þaðan til Hornafjarðar. En sá dýralæknir á Suðurlandi, sem næstur er Austur-Skaftfellingum, hefur aðsetur á Hellu í Rangárvallasýslu.

Í frv. þessu felst sú breyting á gildandi lögum um dýralækna, að Austurlandsumdæmi verði skipt, þannig að lögfest verði nýtt umdæmi, Hornafjarðarumdæmi, er nái frá Skeiðarársandi að Berufirði.

Sþ. 237. Breytingartillögur [77. mál]

við till. til þál. um rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Aftan við tillögugr. bætist: svo og að hraða því að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjuninni um Norður-Þingeyjarsýslu eða byggja orkuver innan sýslunnar og leggja orkuveituna þaðan, enn fremur að greiða fyrir innflutningi dieselrafstöðva fyrir sveitabæi.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Till. til þál. um rafveitur o. fl.

Sþ. 238. Breytingartillögur [77. mál]

við till. til þál. um rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja.

Frá Sigurvin Einarssyni.

1. Aftan við tillögugreinina bætist: Enn fremur verði hraðað lagningu rafveitulínu frá Þverárvirkjun í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness og nálægra hreppa samkv. heimild í lögum nr. 65 1956.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Till. til þál. um rafveitur.

Ed. 239. Frumvarp til laga [121. mál]

um húsnæði fyrir félagsstarfsemi.

Flm.: Jón Kjartansson, Sigurður Ó. Ólafsson, Karl Kristjánsson.

1. gr.

Vinnuveitendasambandi Íslands er heimilt að taka húseign sína við Fríkirkjuveg 3 í Reykjavík til nota fyrir félagsstarfsemi sína.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa störf Vinnuveitendasambands Íslands aukizt mjög mikið, og má nú segja, að það komi að meira eða minna leyti til kasta þess um alla meiri háttar kaup- og kjarasamninga, sem gerðir eru í landinu. Þröngt og ófullnægjandi leiguhúsnæði, sem Vinnuveitendasambandið býr nú við, hefur hins vegar torveldað alla starfsemi, og hafa samninganefndir tíðum þurft að afla sér húsnæðis hér og þar í bænum vegna þrengsla í húsnæði sambandsins. Við svo búið varð ekki unað, og hóf því Vinnuveitendasamband Íslands að leita fyrir sér um kaup á rýmra húsnæði á þægilegum stað. Sumarið 1956, hinn 10. ágúst, eða nokkru áður en lögin um bann við að breyta íbúðarhúsnæði í skrifstofur gengu í gildi, keypti svo Vinnuveitendasambandið húseignina nr. 3. við Fríkirkjuveg hér í bænum. Hús þetta er gamalt timburhús, byggt fyrir meira en hálfri öld, um 100 m² að stærð, kjallari, hæð

og ris. Ef samþykki Alþingis fæst, hefur Vinnuveitendasambandið ákveðið að leggja í nokkurn kostnað við breytingar og endurbætur á húsnæði þessu og flytja þangað starfsemi sína í stað þess að rífa það strax, þar sem litlar líkur eru fyrir, að fjárfestingarleyfi fáist á næstunni til að reisa nýtt hús á lóðinni.

Rétt er að taka fram, að fé því, sem Vinnuveitendasambandið greiddi fyrir téða fasteign, hefur nú þegar verið varið til að reisa tvær stórar íbúðir hér í bænum, sem þegar eru komnar í notkun. Húsnæðið á Fríkirkjuveg 3 er hins vegar tæplega íbúðarhæft nema með miklum lagfæringum og tilkostnaði.

Þess skal að lokum getið, að félagsmenn Vinnuveitendasambands Íslands eru á áttunda hundrað, og ætti það, sem sagt hefur verið hér að framan um húsnæðismál sambandsins, að nægja til að sýna, að sambandinu er brýn nauðsyn á að fá heimild þá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og að hér er um fullkomið sanngirnismál að ræða.

Nd. 240. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt á lögum nr. 44 3. júní 1957, um skatt á stóreignir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.
Einn nefndarmanna, EmJ, var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 13. febr. 1958.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Ólafur Björnsson.

Sþ. 241. Tillaga til þingsályktunar [122. mál]

um vinnuskilyrði fyrir aldrað fólk.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, á hvern hátt hægt sé að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína. Að athugun lokinni leggi stjórnin fyrir Alþingi frumvarp, er miði að lausn þessa máls.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur meðalaldur þjóðarinnar hækkað nokkuð. Mun sú þróun standa í sambandi við aukna þekkingu læknavísindanna og almenna velmegun í landinu.

Það mun nokkuð algengt, þegar fólk er komið yfir sjötugt og jafnvel fyrr, hverfi það frá sínum fyrri störfum og láti af hendi forstöðu á atvinnurekstri, þó að það hafi haft hann á hendi þangað til. Þessi þróun er eðlileg, vegna þess að slík störf krefjast fullrar starfsorku og þátttaka næstu kynslóðar í athafnalífinu er nauðsynleg. Hitt er þó augljóst mál, að mikill meiri hluti þessa fólks, er lætur af störfum, hefur yfir starfsorku að ráða, sem skapað gæti mikil verðmæti, ef það hefði aðgang að verkefnum við sitt hæfi og byggi við skilyrði til að framkvæma þau. Auk þess er iðjuleysi fólki á þessum aldri mjög fjarlægt og gerir því ellina lítt bærilega.

Á síðari árum hefur verið unnið nokkuð að því að koma upp heimilum fyrir aldrað fólk. Eiga brautryðjendur í þeim málum þakkir skyldar fyrir framtak sitt. Þessi heimili búa hins vegar við þau skilyrði, að erfitt er þar að fá verkefni við hæfi, svo að því takmarki, sem hér er stefnt að, að aldrað fólk verði þátttakendur í sköpun verðmæta, að því leyti sem starfsorka þess leyfir, verður ekki náð þar.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að eftir því sem öldruðu fólki fjölgar og þéttbýli eykst í landinu, knýi lausn þessa máls meira á og að þjóðfélagið hafi ekki efni á að láta starfsorku þessa fólks ónotaða, auk þess sem ævikvöld þess verði þá gert að skugga starfsamrar ævi.

Tillaga þessi er flutt í þeim tilgangi að leita eftir leiðum, sem markað geti ákveðna stefnu í þessu máli út frá því sjónarmiði, er að framan greinir.

Sþ. 242. Breytingartillaga [77. mál]

við brtt. á þskj. 238 [Rafveitulína frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja].

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Aftan við 1. tölulið bætist: og áfram suður um Dalasýslu, eða hraðað framkvæmdum þar á annan hátt, ef hentugra þykir.

Ed. 243. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á tveim fundum, og með tilvísun til greinargerðar þess mælir hún með samþykkt frumvarpsins.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru GTh og JJós, en fyrir GTh mætti Sigurður Ó. Ólafsson, og áskilur hann sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 14. febr. 1958.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Björn Jónsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson.
	Sigurður Ó. Ólafsson, með fyrirvara.	

Ed. 244. Lög [99. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1958.

(Afgreidd frá Ed. 1. febrúar.)

Samhljóða þskj. 209.

Sþ. 245. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]

um endurskoðun gildandi lagaákvæða um réttindi vélstjóra á fiskiskipum.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta fara fram endurskoðun á lögum þeim um atvinnu við siglingar, er sérstaklega snerta réttindi vélstjóra, og að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á þessu sviði til aukinna réttinda vélstjóranna, í svipaða átt og áður hefur átt sér stað um réttindi skipstjórnarmanna á sams konar fiskiskipum.

Greinargerð.

Vélstjórafélag Vestmannaeyja hefur með bréfi, dags. 16. jan. þ. á., falið mér að hreyfa þessu máli á Alþingi. Ákvæðin, sem nú gilda um réttindi vélstjóra fiskiflotans (vélbátanna), virðast vera orðin úrelt vegna hinnar öru þróunar að því er stærð bátanna snertir. Hinir sömu agnúar, er urðu þess valdandi, að breyta varð að nokkru ákvæðum laganna um rétt til skipstjórnar á hinum stærri vélbátum, koma nú einnig í ljós — og hafa að vísu gert síðustu undanfarin ár — að því er réttindi vélstjóranna snertir.

Hér er því þörf athugana um breytingar á gildandi lagaákvæðum, þar sem fullt tillit sé tekið til alls öryggis, er snertir líf og afkomu þess hluta sjómannastéttarinnar, er hér á hlut að máli, og einnig atvinnuvegarins í heild.

Afrit af bréfi Vélstjórafélags Vestmannaeyja til sjávarútvegsmálaráðherra, dags. 16. jan., og bréfi þess til flutningsmanns þessarar þáltill., dags. 17. jan., fylgja hér með.

Óviðráðanlegar ástæður ollu því, að málefni þetta var ekki lagt fyrir Alþingi fyrr en raun ber vitni.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal I.

Greinargerð Vélstjórafélags Vestmannaeyja varðandi réttindi mótorvélstjóra á fiskiskipum.

Vélstjórafélag Vestmannaeyja leyfir sér hér með að fara þess á leit við yður, herra sjávarútvegsmálaráðherra, að þér hlutizt til um, að lögum um atvinnu við siglingar verði breytt hvað snertir réttindi vélstjóra á fiskiskipum (þ. e. mótorbátum), þannig, að þeir vélstjórar, sem lokið hafa prófi frá hinu minna mótornámskeiði Fiskifélags Íslands, öðlist eftir hæfilegan starfstíma sem undirvélstjórar réttindi til þess að vera vélstjórar á fiskiskipum allt að 120 rúmlesta með allt að 500 h.k. vél.

Á undanförnum árum hefur þróunin orðið sú, að vélar í fiskiskipum verða æ stærri og stærri að hestaflatölu og einnig í hlutfalli við tonnatölu skipsins, og vart finnst dæmi um, ef skipt er um vél í skipi, að nýja vélin sé ekki stærri en sú vél, er í burtu var tekin. Fiskiskipin (vélbátarnir) hafa og á síðari árum stækkað.

Skipstjórarnir hafa fengið sín réttindi aukin í samræmi við þróunina, en vélstjórar verða að fá tímabundna undanþágu frá settum reglum til þess að mega fylgja skipstjóra sínum í áframhaldandi starfi. Margir vélstjórar hætta og leita frekar eftir starfi í landi heldur en að standa í því vafstri og þeim óþægindum, sem réttindaleysið skapar.

Við þetta er margt að athuga.

Í fyrsta lagi: Sá hópur manna, sem vill og getur stundað sjómennsku, er sízt of stór, og löggjafanum ber skylda til að stuðla frekar að stækkun hans heldur en að útiloka menn frá sjómennskustarfinu.

Í öðru lagi skapast við þetta hættur og öryggisleysi, þá er óvanir eða lítt reyndir vélstjórar verða látnir taka við og gæta hinna dýru véla og hins ábyrgðarmikla starfs, þar sem handvömm getur valdið stórtjóni, eða jafnvel riðið á lífi margra manna. Og til að undirstrika þá hættu, sem hér blasir við, leyfir Vélstjórafélagið sér að benda á, að á s. l. ári hefur hér í Eyjum orðið að lögskrá 50 vélstjóra, sem ekki hafa haft tilskilin réttindi, en orðið að fá undanþágu til starfsins.

Hið minna mótornámskeið Fiskifélags Íslands, sem haldin hafa verið víðs vegar um landið, var upphaflega stofnað til þess að veita vélstjóraefnum á vélbátum þá undirbúningsmenntun, sem gerði þá hæfa til starfsins.

Vélstjórafélagið lítur svo á, að markmið mótornámskeiðanna sé enn hið sama og að sérhver vélstjóri, sem lýkur prófi frá slíku námskeiði, öðlist eftir hæfilegan starfstíma full réttindi til vélstjórnar á fiskiskipi (vélbát).

Vélstjórafélagið lítur svo á, að þér, hæstvirtur sjávarútvegsmálaráðherra, séuð málum þessum svo kunnugur, að óþarft sé að minnast á fleiri dæmi, en treystir því, að þér takið þessa málaleitan til vinsamlegrar afgreiðslu og hlutizt til um, að áðurnefndum lögum verði breytt, svo fljótt sem tök eru á.

Vestmannaeyjum, 16. jan. 1958.

Virðingarfyllst,
Vélstjórafélag Vestmannaeyja,

Þórarinn Gunnlaugsson, form. Sveinbjörn Hjálmarsson, ritari.

Til sjávarútvegsmálaráðherra, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

VÉLSTJÓRAFÉLAG VESTMANNAEYJA

Vestmannaeyjum, 17. jan. 1958.

Ég leyfi mér hér með að senda yður, herra alþingismaður, meðfylgjandi erindi Vélstjórafélags Vestmannaeyja varðandi réttindi vélstjóra á fiskiskipum.

Vélstjórafélagið vonast til þess, að þér ljáið þessu máli það lið, sem yður er unnt, og fylgið því eftir, að því verði hraðað sem allra mest.

Virðingarfyllst,
Vélstjórafélag Vestmannaeyja,
Þórarinn Gunnlaugsson, formaður.

Herra alþingismaður Jóhann Þ. Jósefsson, Alþingi, Reykjavík.

Ed. 246. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á 5 fundum. Frv. var sent til umsagnar Alþýðusambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands, og bárust álitsgerðir frá öllum aðilunum. Einnig barst nefndinni umsögn um frv. frá Félagi íslenzkra iðnrekenda.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 1. málsgr. verði orðuð svo:
   Nú hefur verkamaður, iðnlærður eða óiðnlærður, sem fær laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða lengur, og ber honum þá eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein (er verði 2. gr.), svo hljóðandi:
   Nú fer verkamaður fyrir tilmæli atvinnurekanda, sem hann vinnur hjá, til starfs um tíma hjá öðrum atvinnurekanda, og skal þá sá tími talinn unnar vinnustundir hjá hinum fyrrtalda atvinnurekanda, að því er réttindi þau snertir, sem um getur í 1. gr.
3. Heiti frv. verði:
   Frumvarp til laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Tveir nefndarmanna (Sigurður Ó. Ólafsson og Friðjón Þórðarson) óska að taka fram eftirfarandi:

„Við erum sammála öðrum nefndarmönnum um nauðsyn þess að tryggja betur en nú er atvinnuöryggi tíma- eða vikukaupsverkafólks, en teljum hins vegar frv. að ýmsu leyti ábótavant. Ýmis ákvæði þess eru óljós og vafasamt, hversu þau reynast í framkvæmd. Þar sem með frv. er verið að lögfesta breytingu á gildandi kjarasamningum, teljum við mjög vanhugsað að hafa ekki haft samráð við samtök vinnuveitenda og launþega um undirbúning málsins. Þótt meðferð málsins sé þannig að ýmsu leyti gölluð, munum við fylgja frv. og sjáum ekki ástæðu til að bera fram breytingartillögur við það, þar sem vitað er, að ákveðið mun hafa verið af stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar að samþykkja frv. í öllum meginatriðum óbreytt. Áskiljum við okkur hins vegar rétt til þess að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma."

Alþingi, 17. febrúar 1958.

Alfreð Gíslason, form., frsm. — Karl Kristjánsson, fundaskr. — Sigurður Ó. Ólafsson.
Friðjón Þórðarson. — Eggert G. Þorsteinsson.

Fylgiskjal I.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 10. febrúar 1958.

Vér höfum móttekið bréf yðar, dags. 7. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Frumvarp þetta er flutt að undangengnum viðræðum milli ríkisstjórnarinnar og efnahagsmálanefndar Alþýðusambandsins og samið í samráði við fulltrúa nefndarinnar. Miðstjórn Alþýðusambandsins mælir eindregið með, að frv. þetta verði samþykkt, og væntir þess, að Alþingi hraði afgreiðslu málsins, eftir því sem tök eru á.

Við umræður, sem fram hafa farið í ýmsum verkalýðsfélögum, eftir að frv. var lagt fyrir Alþingi, hafa komið fram ábendingar, aðallega um tvö atriði frumvarpsins, er vér viljum koma á framfæri við háttvirta nefnd:

1. Þegar eins stendur á og um ræðir í 2. gr. frv. og verkamaður á kost á annarri vinnu, þá sé það greinilega tekið fram, að hann sé ekki bundinn við að segja upp starfi hjá atvinnurekanda sínum með eins mánaðar fyrirvara.
2. Það á sér stað, að atvinnurekandi lánar verkamenn sína til annars atvinnurekanda og verkamenn taka þá kaup hjá þeim atvinnurekanda, sem þeir eru lánaðir til. Það verður að teljast sjálfsagt og eðlilegt, að réttur verkamanna skerðist ekki, þótt þannig sé farið að, og verkamaðurinn verði samkv. lögum þessum að teljast í vinnu hjá þeim atvinnurekanda, sem hann aðallega vinnur hjá, þótt hann sé lánaður til annars atvinnurekanda.

Virðingarfyllst,
f. h. Alþýðusambands Íslands,
Snorri Jónsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

VINNUMÁLASAMBAND SAMVINNUFÉLAGANNA

Reykjavík, 11. febrúar 1958.

Oss hefur borizt bréf hæstvirtrar heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis, dags. 7. þ. m., þar sem óskað er eftir umsögn vorri um frv. til laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, en frumvarp þetta fylgdi bréfi nefndarinnar.

Vér viljum fyrst þakka það, að oss er gefinn kostur á að láta í ljós álit vort á efni frumvarps þessa. Jafnframt viljum vér lýsa þeirri skoðun vorri, að ekki hefði verið óeðlilegt, að fulltrúum atvinnurekenda hefði verið veitt færi á því að eiga hlut að undirbúningi máls þessa og samningu frumvarpsins, ekki sízt þegar það er haft í huga, að lög um þetta efni mundu mjög raska gildandi samningum milli atvinnurekenda og launþega. Enn fremur er hér um að ræða algert nýmæli í íslenzkum verkalýðsmálum, mál, sem vandasamt er að setja um almennar reglur. Ef fulltrúar atvinnurekenda og launþega hefðu báðir undirbúið málið, má ætla, að meiri trygging væri fyrir því, að flestum mikilvægum þáttum þess hefði verið gaumur gefinn.

Á þeim örstutta tíma, sem háttvirt heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar ætlar oss til að lýsa áliti voru á frumvarpinu, hefur oss ekki gefizt svigrúm til þess að kveðja saman stjórnarfund um málið, enda stjórnarmenn búsettir hver í sínum landsfjórðungi. Hafa því aðeins undirritaðir tveir stjórnarmenn, ásamt framkvæmdastjóra, fjallað um málið, og hafa þó einnig veikindi eins okkar tafið störfin.

Oss skilst, að ekki sé til þess ætlazt, að vér lýsum áliti voru um það atriði, hvort almennt beri að setja lög um þau efni, sem um er fjallað í frumvarpinu, heldur sé oss einungis ætlað að segja skoðun vora um einstök ákvæði frumvarpsins. Það munum vér leitast við að gera, enda þótt oss sé ljóst, að slík greinargerð, sem samin er í skyndi, geti engan veginn orðið tæmandi um þetta vandasama efni.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að 1800 vinnustundir jafngildi ársvinnu. Yfirleitt eru taldar 200 dagvinnustundir í hverjum mánuði, og virðist oss eðlilegt að

leggja þá tölu til grundvallar, ekki sízt þar sem eftirvinnu- og helgidagavinnustundir virðast eiga að reiknast með umræddum 1800 stundum. Enn fremur þyrfti að setja í greinina ákvæði um það, að þessi vinna þurfi að vera nokkuð samfelld, þannig að ekki myndist stórar eyður, t. d. í 1 eða 2 mánuði eða jafnvel lengur.

Þá virðist oss mjög óeðlilegt að telja fjarvistir vegna verkfalla jafngildar unnum klukkustundum. Nauðsynlegt er og að setja einhver tímatakmörk fyrir þeirri reglu, að fjarvistir vegna veikinda skuli teljast jafngildar unnum klukkustundum.

Í 3. málsgr. 1. gr. eru ákvæði þess efnis, að uppsagnarfresturinn skuli vera gagnkvæmur, þ. e. a. s. að launþeginn á líka að segja upp. Æskilegt væri, að viðurlög væru hér sett við vanrækslu þessarar skyldu af hálfu launþegans. Ef vinnuveitandinn vanrækir uppsagnarskylduna, er málið einfalt, en launþegarnir hafa oft sloppið ódýrt frá vanrækslu af sinni hálfu, því að atvinnurekandanum er oft óhægt um vik að leggja fram gögn, sem sýni tölulega, hvert tjón hann hefur beðið við brotthlaup launþegans.

Í 4. málsgr. 1. gr. segir, að uppsögn skuli vera skrifleg og miðast við mánaðamót. Þetta ákvæði hlýtur að eiga að skiljast svo, að launþegi, sem sagt er upp, eigi að fá kaup út þann mánuð, er uppsögnin fer fram, og næsta mánuð á eftir. Virðist oss þetta fullríflegt, því að ráðning verkafólks í atvinnu er engan veginn bundin við mánaðamót með sama hætti og mánaðarkaupsfólks.

Í 1. gr. frv. eru engin ákvæði um það, við hvaða stundafjölda kaupgreiðsla skuli miðuð, ef atvinnurekandi segir launþega upp vinnu. En af 2. gr. virðist helzt verða ráðið, að reikna beri hér með 150 vinnustundum á mánuði, enda sé uppsagnarréttur verkafólksins aðallega í því fólginn, að atvinnurekandinn ábyrgist því greiðslu fyrir þennan stundafjölda mánaðarlega, nema til komi eitthvert þeirra tilvika, sem um ræðir í 2. gr. — Virðist oss full þörf á því að setja ýtarlegri ákvæði um þessi efni.

Orðalag 3. gr. frv. teljum vér óheppilegt, bæði vegna þess, að menn hafa ekki verið á einu máli um það, hvernig skilja bæri samsvarandi orðalag í lögum um almannatryggingar, og svo vegna hins, að vér teljum, að bókstaflegur skilningur á greininni leiði til fjarstæðukenndrar niðurstöðu, þar sem greiðsluskyldu atvinnurekandans eru þá, a. m. k. „teoretiskt", lítil takmörk sett. Verkamaðurinn er t. d. veikur í 14 daga, kemur svo aftur til vinnu í 1 dag, er svo aftur veikur í 14 daga o. s. frv. — Í samningum stéttarfélaga eru veikinda- og slysabætur yfirleitt miðaðar við einhvern tiltekinn dagafjölda á ári, t. d. 14 daga á ári að því er snertir mánaðarkaupsmenn samkvæmt samningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Oss virðist 5. gr. frv. óeðlileg, og rök í athugasemdum um þá grein í grg. frv. sannfæra oss ekki, sérstaklega þó ekki þegar um er að ræða greiðslu sjúkrapeninga í styrktarsjóð eða til stéttarfélags launþegans.

Vér munum að svo stöddu ekki fjölyrða frekar um efni frv., en vildum að lokum beina því til háttvirtrar heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis, hvort ekki mundi heppilegt, að nefnd, skipuð fulltrúum atvinnurekenda og launþega, fengi mál þetta til meðferðar, áður en það hlýtur afgreiðslu á Alþingi.

Með virðingu,

f. h. Vinnumálasambands samvinnufélaganna,

Harry Frederiksen, formaður.
Eiríkur Þorsteinsson, meðstjórnandi.
Guðmundur Ásmundsson, framkvæmdastjóri.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 10. febrúar 1958.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis, dags. 7. þ. m., þar sem beiðzt er umsagnar sambands vors eigi síðar en 10. þ. m. um frumvarp til laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Vér höfum athugað frumvarp þetta og bendum á, að það er, sem kunnugt er, gagnstætt venjum í viðskiptum stéttarfélaga og vinnuveitenda hér á landi að lögfesta þau atriði, sem frumvarp þetta fjallar um, og mótmælum vér því eindregið, að frumvarpið verði gert að lögum í því formi, sem það nú er í, þar sem með því væri freklega gengið á frjálsan samningsrétt verkalýðs og vinnuveitenda.

Verði frumvarp þetta, mót von vorri, samþykkt, teljum vér brostnar forsendur fyrir þeim gildandi kjarasamningum, sem lögunum er ætlað að taka til, og kann það að hafa hinar alvarlegustu afleiðingar.

Fari svo, að framangreint frumvarp verði að lögum, viljum vér benda á eftirfarandi atriði:

Í heild teljum vér frumvarpið fjarri því að vera nægilega skýrt og í mörgum tilfellum illframkvæmanlegt og hreina fjarstæðu.

Í frumvarpið vantar algerlega skýringu á því, hvað átt er við með „verkamaður“ og „verkakona“ í 1. gr. Nær það t. d. til iðnlærðs fólks, tímakaupsverkstjóra o. fl., o. fl.?

Í greinargerð frumvarpsins er talað um, að ekki sé „óeðlilegt að lögfesta gagnkvæman uppsagnarfrest í þeim tilfellum, þegar samband atvinnurekanda og launþega er svo varanlegt, að það sé órofið heilt ár eða lengur“.

Vér getum ekki fallizt á, að samband verkamanns og vinnuveitanda sé „órofið í heilt ár“, ef verkamaður hefur aðeins unnið ¾ úr ári og í mörgum tilfellum mun minna, þar sem svo virðist sem eftir-, nætur- og helgidagavinnustundir eigi að teljast með í 1800 klukkustundum og 150 stundunum, sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 1. gr. að unnar séu til þess að öðlast rétt þann, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Dæmi:

Verkamaður vinnur hjá vinnuveitanda A samfleytt í 7 mánuði og vinnur 10 klst. á dag í 25 daga mánaðarins, þ. e. 1750 klst. alls. Af einhverjum ástæðum fer verkamaðurinn nú í vinnu til vinnuveitanda B og vinnur þar á sama hátt í 4 mánuði eða 1000 klst. Á 12. mánuðinum kemur hann aftur til vinnuveitanda A og vinnur þar a. m. k. í eina viku eða 50 klst. og öðlast með því allan þann rétt, sem frumvarpið veitir.

Um þetta allt þyrfti að setja nánari ákvæði, og teljum vér, að lágmark samfellds vinnutíma sé 2 ár, þ. e. 24 almanaksmánuðir, enda er gert ráð fyrir, að uppsögn miðist við mánaðamót, eða 4800 vinnustundir og þá eingöngu miðað við dagvinnustundir og orlof innifalið.

Þá teljum vér ekki rétt, að fjarvistir vegna veikinda, slysa, verkfalla og verkbanna teljist unnar klukkustundir í þessu sambandi.

Dæmi:

Verkamaður hefur unnið hjá sama vinnuveitanda í 6½ mán. 800 klst., en þá fellur vinna niður í t. d. 3 daga, en á þeim tíma veikist verkamaðurinn, jafnvel í vinnu hjá öðrum, og liggur veikur í 5 mánuði.

Samkvæmt frumvarpinu væri þessi verkamaður búinn að „vinna“ hjá sama vinnuveitanda órofið í eitt ár 1800 klst. og ætti því allan þann rétt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Vér viljum nú lítillega athuga samband verkamanns og vinnuveitanda, eftir að verkamaðurinn hefur öðlazt rétt til uppsagnarfrests.

Oss virðist, að frumvarpið geri ekki ráð fyrir, að verkamanni sé greitt kaup, ef vinna er ekki fyrir hendi, nema ef starfsemin hættir algerlega vegna eðlis síns, t. d. stórvirkjun eða hafnargerð er lokið og verkamönnum hefur ekki verið sagt upp með tilskildum fresti.

Ákvæði 2. gr. eru samt ekki nægilega skýr.

Dæmi:

Hjá Eimskipafélagi Íslands h.f. vinna t. d. 200 menn, sem eiga rétt til uppsagnarfrests. Ekkert skip er í höfn og engin vinna. Eitt skip kemur, og ekki er hægt að koma að nema nokkrum hluta mannanna. Þá virðist ljóst, að ekki þyrfti að greiða kaup nema þeim, sem vinna. Þegar því skipi er lokið, kemur annað skip. Má þá taka sömu verkamennina án þess að greiða hinum kaup og svo koll af kolli? Ef ekki, færi það algerlega í bága við samningsbundinn rétt vinnuveitanda um frjálst val hans um það, hvaða félaga Dagsbrúnar hann tekur til vinnu, sbr. 1. gr. kjarasamnings Verkamannafélagsins Dagsbrúnar við samband vort.

Er verkamaður, sem þannig fær ekki vinnu, samt sem áður bundinn af uppsagnarfrestinum?

Sams konar dæmi mætti taka um fiskvinnslustöðvar, togaraafgreiðsluna o. fl.

Orðalag 3. gr. teljum vér nokkuð óljóst um það, hvort laun skuli greiða 14 daga samtals á ári eða hve oft sem verða vill á sama ári.

Sé seinni skilningurinn réttur, mótmælum vér því alveg sérstaklega, því að í flestum kjarasamningum, sem nú eru í gildi og hafa inni að halda ákvæði um greiðslu kaups í veikindatilfellum, er tekið fram, að tala greiddra veikindadaga sé „samtals á ári", sbr. t. d. 17. gr. kjarasamnings Verkamannafélagsins Dagsbrúnar við samband vort, en þar segir:

„Veikist mánaðarkaupsmaður, skal hann eiga rétt á fullu kaupi fyrir allt að 14 daga á ári."

Í greinargerð fyrir frumvarpinu er talið, að það sé sett til að gera tíma- og vikukaupsmenn jafnsetta í veikindatilfellum mánaðarkaupsmönnum, og virðist því sjálfsagt, að kveðið sé ótvírætt á um það í væntanlegum lögum, að átt sé við 14 daga samtals á ári.

Vér leyfum oss að senda hjálagt nokkra kjarasamninga, sem í eru ákvæði um greiðslu kaups í veikindatilfellum.

Í framkvæmd geta þessi ákvæði um greiðslu kaups í veikindum tíma- og vikukaupsmanna verið mjög óeðlileg.

Dæmi:

Verkamaður hefur rétt til uppsagnarfrests hjá t. d. Eimskipafélagi Íslands h.f., hér við höfnina. Ekkert skip er í höfn, og vinna fellur því niður og kaupgreiðslur samkv. 2. gr. frumv. Verkamaðurinn fær vinnu hjá byggingarfyrirtæki og slasast þar. Sú fráleita regla gildir samkvæmt frumvarpinu, að Eimskipafélagið á að greiða verkamanninum kaup samkv. 3. gr. Sama gildir um veikindi.

5. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir, að þrátt fyrir að tíma- og vikukaupsmenn fái greitt kaup jafnlengi og mánaðarkaupsmenn í slysa- og veikindatilfellum, þá skuli vinnuveitendur halda áfram greiðslu sjúkrapeninga til starfsmanna sinna, hvort sem þeir eru greiddir til styrktarsjóðs stéttarfélaga eða beint til þeirra sjálfra.

Í flestum samningum stéttarfélaga um kjör tíma- og vikukaupsmanna eru ákvæði sama efnis og eftirfarandi ákvæði í 2. mgr. 13. gr. kjarasamnings Verkamannafélagsins Dagsbrúnar við samband vort:

„Tímakaupsmenn fá eigi greidd laun sérstaklega fyrir þá daga, er þeir mega eigi gegna störfum sakir veikinda, en í stað þess skal hverjum tímakaupsmanni

greidd jafnaðargreiðsla, er nemi 1% af kaupi hans, til að standa straum af sjúkrakostnaði."

Þessi greiðsla samsvarar a. m. k. þriggja daga veikindakaupi á ári, hvort sem verkamaður veikist eða ekki.

Ef jafna á nú metin við mánaðarkaupsverkamenn að þessu leyti með því að tryggja tímakaupsmönnum kaupgreiðslu í 14 veikindadaga á ári, þá á þessi 1% greiðsla að falla niður, ella yrðu þeir betur settir en mánaðarkaupsverkamenn.

Á það má benda, að af þessu 1% er ekki greitt orlof, þar sem það er ekki venjulegt kaup, og er það ágreiningslaust við stéttarfélögin, enda rennur þetta fé í sumum tilfellum í sjúkrasjóði stéttarfélaganna.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. virðast vera mjög óeðlileg, ef um kjarasamninga í skilningi vinnulöggjafarinnar er að ræða.

Ef frumvarp þetta yrði að lögum, væru mjög eðlilegar aðrar breytingar á núgildandi kjarasamningum, s. s. á kaupgreiðslufyrirkomulagi, en þær breytingar verða að bíða fyrsta tækifæris, sem gefst, þegar samningum verður sagt upp, þar sem vér óskum ekki afskipta löggjafarvaldsins af þeim málum.

Vér viljum þakka heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar Alþingis fyrir þá vinsemd að gefa oss kost á að láta sjónarmið vor í ljós á þessu þýðingarmikla máli, þó að tíminn til svars væri skammur.

Á hinn bóginn furðar oss á þeim vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar að semja frumvarp sem þetta og leggja fram á Alþingi, án þess að vinnuveitendum gæfist kostur á að koma fram með sjónarmið sín.

Hér að framan höfum vér aðeins drepið á nokkra vankanta af mörgum á fyrrgreindu frumvarpi, en athugasemdir vorar eru hvergi nærri tæmandi.

Samning slíks frumvarps er vandasamt verk, svo að það, ef að lögum yrði, væri framkvæmanlegt og verði ekki í mörgum tilfellum hrein fjarstæða. Það er því ósk vor, með vísun til framanritaðs, að skipuð verði nefnd til þess að endursemja frumvarp þetta og fulltrúar sambands vors eigi sæti í þeirri nefnd.

Vér viljum loks endurtaka mótmæli vor gegn því, að frumvarpið verði samþykkt í þeirri mynd, sem það nú er í, bæði vegna vankanta á frumvarpinu sjálfu og eins og ekki sízt vegna þess, að með því er mjög freklega gengið á samningsrétt verkalýðs og vinnuveitenda.

Virðingarfyllst,

Vinnuveitendasamband Íslands,

Björgvin Sigurðsson.

Fylgiskjal IV.

FÉLAG ÍSLENZKRA IÐNREKENDA

Reykjavík, 11. febrúar 1958.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Félagi ísl. iðnrekenda hefur gefizt kostur á að kynna sér umsögn Vinnuveitendasambands Íslands um frumvarp til laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Um leið og vér hörmum það, að háttvirt heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur eigi sent oss frumvarp þetta til umsagnar, enda þótt það varði félagsmenn vora í mörgum greinum, viljum vér eigi láta hjá líða að tjá háttvirtri nefnd, að vér erum í öllum greinum efnislega sammála umsögn Vinnuveitendasambandsins um málið, og leyfum oss eindregið að taka undir rökstuddar óskir Vinnuveitendasambandsins í bréfi til yðar, dags. 10. þ. m., um meðferð málsins og undirstrikum, að slík lagasetning kann að valda samtökum vorum og viðsemjendum miklum erfiðleikum síðar.

Virðingarfyllst,

Félag íslenzkra iðnrekenda,

Sveinn B. Valfells.

Ed. 247. Breytingartillaga [93. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu og tveir menn tilnefndir af fjárveitinganefnd Alþingis til eins árs í senn skulu gera tillögur um hagfelldari vinnubrögð í ríkisstofnununum til að spara mannahald og annan rekstrarkostnað.

Varamann fyrir ráðuneytisstjórann í fjármálaráðuneytinu tilnefnir fjármálaráðherra, en fjárveitinganefnd fyrir sína fulltrúa.

Nd. 248. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til laga um vörumerki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið um það umsögn iðnaðarmálaráðuneytisins, Félags íslenzkra iðnrekenda, Sambands ísl. samvinnufélaga og Verzlunarráðs Íslands.

Nefndin telur, að málvöndunarsjónarmið það, er fram kemur í frv., eigi fullan rétt á sér og að gildandi lög um vörumerki þurfi breytingar við. En að athuguðu máli telur hún rétt, að lögin séu endurskoðuð milli þinga, og leggur til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 17. febr. 1958.

Pétur Pétursson, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Gunnar Jóhannsson.
Björn Ólafsson. Bjarni Benediktsson.

Sþ. 249. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um kaup á kafbát til landhelgisgæzlu.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga í samráði við forstöðumann landhelgisgæzlunnar, hvort hagkvæmt muni að nota kafbát til landhelgisgæzlu hér við land. Ef athugun þessi leiðir í ljós, að notkun kafbáts muni heppileg leið til eflingar landhelgisgæzlunni, er ríkisstjórninni heimilt að festa kaup á kafbát í þessu skyni og verja til þess fé úr Landhelgissjóði Íslands.

Greinargerð.

Íslendingum er að vonum mikil þörf á því, að kostað sé kapps um það að verja landhelgina, að jafnan sé tiltækur sá skipa- og flugvélakostur, er afstýrt geti ágangi á þetta arðgæfa tún þjóðar vorrar. Og enn vex og stækkar það mikilsverða verkefni, er hér um ræðir, við þá útfærslu landhelginnar, sem nú er á næstu grösum.

Skipakostur sá, sem vér nú höfum yfir að ráða til þess að verja landhelgina, er, þegar frá er dregið stærsta skip flotans, Þór, mjög úreltur og kemur að litlu haldi við þetta þýðingarmikla starf. Ægir, næststærsta skip flotans, hefur hvergi nærri nægan ganghraða. Auk þess hefur hann nú um skeið verið notaður langtímum saman á ári hverju til þess að gegna öðru mikilsverðu starfi, fiskirannsóknum, og verður við það bundinn fyrst um sinn eða meðan ekki er fengið til þess annað betra og hentugra skip, sem þó er mikil þörf á.

Hin fjögur minni landhelgisgæzluskipin eru öll, eins og þessum málum nú er komið, úrelt og alls ófullnægjandi til þess að koma nokkuð til hlítar að haldi við landhelgisgæzluna. Þau hafa hins vegar, einkum á vetrarvertíðinni, öðru mikilsverðu hlutverki að gegna, að veita fiskibátaflotanum aðstoð, þegar gangvél bilar og draga þarf báta til hafnar, svo sem oft ber við, einkum í vondum veðrum. Einnig gæti þurft á aðstoð þessara báta að halda, er farið yrði að skipta veiðisvæðum eftir því, hver veiðarfæri væru notuð þar hverju sinni.

Skipakost landhelgisgæzlunnar er því, eins og nú er komið, óhjákvæmilegt að endurnýja. Skyldi það mál athugað af gaumgæfni, hvernig þetta verði hagkvæmast gert.

Á þinginu 1955 var samþykkt tillaga, sem þáverandi dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, flutti um að heimila ríkisstjórninni að hefja undirbúning að smíði varðskips. Úr framkvæmd í því hefur ekki orðið.

Eins og fyrr segir, er þess brýn og aðkallandi þörf, að efldur sé skipakostur landhelgisgæzlunnar. Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er að því stefnt að ýta undir, að það verði gert. Ég hef aflað mér nokkurra upplýsinga þessu viðvíkjandi, sem benda til þess, að kafbátur af hæfilegri stærð mundi henta hér vel til þess að gegna þessu hlutverki og að kaupverð slíks skips og útgerðarkostnaður þyrfti ekki að vaxa oss í augum.

Ég legg því til í tillögu þessari, að athugun sé látin fram fara á þessu og ef hún leiðir í ljós, að hagkvæmt sé að efla landhelgisgæzluna með þessum hætti, verði ríkisstjórninni heimilað að festa kaup á kafbát í þessu skyni og verja til kaupanna fé úr landhelgissjóði. Hér er um að ræða svo brýna þörf á því, að hafnar séu raunhæfar aðgerðir í þessu máli, að eigi má með nokkru móti lengur dragast, að það sé gert. Flugvél sú, sem landhelgisgæzlan hefur til afnota, hefur komið að góðu gagni. Hefur reynslan fært oss heim sanninn um það, að fluggæzlan er mjög nauðsynlegur og sterkur liður í þessari starfsemi, það sem hún hrekkur til. Með nánu samstarfi flugvélarinnar og hraðskreiðra og hentugra gæzluskipa á að geta verið sæmilega séð fyrir verndun þeirra miklu hagsmuna þjóðar vorrar, sem tengdir eru við það, að landhelgin sé ávallt vel varin.

Nd. 250. Frumvarp til laga [125. mál]

um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingafélag fyrir fiskiskip.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Allir eigendur tréskipa, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland og hafa þilfar, eru skyldir til að vátryggja þau hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum gegn skemmdum af bráðafúa, svo sem af völdum Coniophora cerebelle Poria-tegunda og annarra sveppategunda, er slíkan fúa geta orsakað að dómi Atvinnudeildar Háskólans.

Neiti eða vanræki einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður metið og vátryggt af vátryggjanda, og iðgjald innheimt, allt eftir ákvörðun laga þessara um þau efni, svo og reglugerða auk annarra fyrirmæla, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim.

Nú óskar eigandi tréskipa með þilfari, sem ætlað er til annarra nota en fiskveiða, að vátryggja skip sitt fyrir skemmdum þeim, sem greinir í 1. mgr. þessarar greinar, og skal þá Samábyrgðinni skylt að veita þeim skipum tryggingu með þeim tryggingarkjörum, sem ráðherra ákveður í samráði við Samábyrgðina.

2. gr.

Skipin skulu metin til fjár eftir gildandi matsreglum bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar.

3. gr.

Ráðherra ákveður iðgjöldin í samráði við Samábyrgðina. Þau skulu ákveðin árlega, og miðast við áhættu samkvæmt reynslu þriggja næstliðinna ára.

Iðgjöld falla í gjalddaga við útgáfu tryggingarskírteinis. Þau skulu tryggð með lögveði í skipinu, og hafa lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29 16. des. 1885.

Með reglugerð skal ákveða lágmark bótaskyldu og aðra hlutdeild skipseiganda í áhættunni.

4. gr.

Tjón bætast eftir mati, og því aðeins, að þau hafi verið tilkynnt Samábyrgðinni strax og skemmdar varð vart, og vátryggjandi hafi átt kost á að láta skoða tjónið, áður en viðgerð hófst.

Vátryggjandi skal láta sérfræðing dæma tegund fúans, og trúnaðarmann sinn hafa eftirlit með viðgerðinni.

Eigandi sér um viðgerð skips síns, nema vátryggjandi ákveði að taka viðgerðina í sínar hendur.

Tjónbætur greiðast jafnótt og viðgerð gengur fram, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð.

Séu skemmdir svo miklar og skip að öðru leyti svo lélegt og óhentugt, að vátryggða og vátryggjanda komi saman um að skipið skuli rifið, skal tjónið bætt aðeins að tveimur þriðju hlutum tjónmatsins.

Skipaskoðun ríkisins skal rannsaka hvert tréskip einu sinni á ári fyrir fúaskemmdum þeim, sem tryggt er fyrir í lögum þessum, og ber að tilkynna Samábyrgðinni, ef vart verður slíkra skemmda.

5. gr.

Tryggingar þessar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með sérgreindu reikningshaldi. Stjórn Samábyrgðarinnar ákveður, hve mikinn hluta áhættunnar hún ber. Það sem þá er eftir áhættunnar, endurtryggir Samábyrgðin hjá ríkissjóði með sama iðgjaldi og hún tekur, enda greiði endurtryggjandinn Samábyrgðinni venjuleg umboðslaun.

Meðan leita þarf endurtryggingar hjá ríkissjóði, skal hafa samráð við fjármálaráðuneytið um ákvörðun iðgjalda.

Ráðherra getur þó ákveðið í samráði við Samábyrgðina, að endurtryggingin skuli fengin erlendis, ef það þykir hagkvæmara og slík endurtrygging fæst.

6. gr.

Ágreiningur milli vátryggða og vátryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír, og tilnefndir af Hæstarétti.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1958.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur sjávarútvegsmálaráðuneytið látið semja til þess að bæta úr brýnni þörf og reyna að bægja alvarlegri hættu frá fiskibátaútgerð Íslendinga.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum hefur annazt undirbúning málsins og kallað til aðstoðar og ráðuneytis innlenda menn, sem reynslu og sérþekkingu hafa í þessum efnum. Einnig hefur hún leitað vitneskju og ráða erlendis, allt eftir því, sem tóm var til.

Fúi sá, sem með frumvarpinu er gert ráð fyrir að tryggja bátaeigendur gegn, hefur hér á landi verið kallaður „þurrafúi". Í frumvarpinu er hann kallaður bráðafúi, því það nafn er rökréttara og greinir hann betur frá venjulegum fúa.

Skemmdir af þessum fúa eru nokkuð þekktar í fiskibátum hjá nágrannaþjóðum okkar. Hér á landi varð þeirra lítið vart, fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld. Skall þá þessi ófögnuður svo snögglega yfir og svo stórkostlega, að ekki þótti annað fært, en ríkissjóður kæmi þeim til hjálpar, er harðast urðu úti. Á undanförnum árum hefur ríkissjóður samkvæmt heimild í fjárlögum tekið ábyrgð á lánum, sem skipaeigendur hafa tekið til aðgerða vegna fúaskemmda. Samtals hefur ríkissjóður veitt ábyrgðir að fjárhæð kr. 9 498 928.03. Auk þess liggja fyrir fyrirheit og beiðnir um ábyrgðir er nema ca. 4.8 millj.

Fjártjón þetta er að sönnu gífurlegt. Eigi að síður er varúðar vert, að öryggi skipanna, og þar með áhafna, stafar stórfelldur háski af þessum skemmdum, því bráðafúi hagar sér þannig, að jafnvel þótt engin missmíði sjáist á skipi, geta innviðir þess og byrðingur innan frá verið svo étinn, að við liggi, að skipið hrynji saman. Verður því auk tryggingar gegn kostnaði af skemmdum þessum að tryggja örugga könnun skipanna. Ætlunin er, að með ákveðnu tímamillibili verði látin fara framfram sérfræðileg könnun fyrir bráðafúa. Auk þess verða eigendur alvarlega hvattir til þess að hafa vakandi auga með skipum sínum vegna bráðafúa, og að sjálfsögðu verður það eitt af skilyrðunum fyrir því, að skip fái eða haldi haffærisskírteini, að það sé ekki haldið þessum galla.

Bráðafúi stafar af lífverum í jurtaríkinu, sem vegna fjölgunarhæfileika vinna með ótrúlegum hraða, ef lífsskilyrði eru þeim hagstæð. Ástæðurnar til þess, að tjón af völdum fúasveppa blossuðu svo nögglega upp í bátaflota Íslendinga, eru ekki fullsannaðar. Sterkar líkur eru til, að höfuðástæður séu þessar:

1. Skipin séu byggð úr hráum viði, meir en áður var, þ. e. að efnið hafi ekki fengið hæfilegan geymslutíma og rétta „verkun" áður en úr því var byggt.
2. Loftstreymi (ventilation) sé ófullnægjandi í skipunum.
3. Hrái farmsins. Salt er svo að segja horfið úr íslenzkum fiskibátum, en í staðinn kominn þrotlaus hrái og ýlduefni.

Allt þetta og ef til vill fleira veitir fúasveppum aukin lífsskilyrði.

Um. 1. gr.

Eftir þeirri reynslu, sem fengin er, þótti ekki rétt að taka með í skyldutrygginguna opna vélbáta, né þau tréskip, sem ekki stunda fiskveiðar. Þó hefur þótt rétt að skylda vátryggjanda til að veita skipum, sem ekki stunda fiskveiðar, tryggingu, ef eigendur óska, og þá með þeim tryggingarkjörum, sem ráðherra ákveður í samráði við Samábyrgðina.

Upptalning fúategundanna er gerð af sérfræðingi á því sviði.

Um 2. gr.

Við ákvörðun iðgjalda verður að leggja til grundvallar verðmæti þess flota, sem tryggður er, og þá einnig hvers skips fyrir sig. Þótt þessar skemmdir komi aðeins í tréð, verður við aðgerðir oftast að taka upp vélar skipsins, rífa raflagnir o. s. frv.

Um 3. gr.

Ætlunin er að ákveða iðgjaldið á þann hátt, að taka meðaltal af tjónafjárhæð síðastliðinna þriggja ára og reikna út, hver hundraðshluti það verður af verðmæti flotans, sem tryggður er. Þetta verður að reikna út árlega, virðingarverð bátaflotans

breytist frá ári til árs. Einnig má gera ráð fyrir, að áhættan minnki með auknu eftirliti og aukinni þekkingu á orsökum skemmdanna.

Með lágmarksbótaskyldu er átt við það, að bótaskylda nái ekki til skemmda, sem að fjárhæð er undir ákveðnu marki. Hagkvæmast er, að fyrirmæli um það séu í reglugerð.

Einnig er rétt, að sjálfsábyrgð sé mörkuð í reglugerð og eftir nána athugun og yfirvegun, því til mála kemur, að hún verði misjafnlega mikil eftir aldri skipanna o. fl.

Um 4. gr.

Til þess að forðast stórfelld tjón er mikils vert, að skemmdirnar finnist skjótt, því slíkar skemmdir, sem hér um ræðir, breiðast út með ótrúlegum hraða.

Sjálfsagt er, að sérfræðingar rannsaki tegund skemmdarinnar.

Nauðsynlegt er, að tjónbætur séu greiddar jafnótt og aðgerð fer fram, því tjón þessi eru oft svo kostnaðarsöm, að eiganda er ofætlun að bíða allra tjónbótanna, þar til aðgerð er lokið. Hins vegar má ekki lokagreiðsla fara fram, fyrr en aðgerð er lokið, svo tryggt sé, að á því verði ekki vanefndir.

Sjálfsagt er, þótt aðaltilgangur tryggingarinnar sé sá, að gert verði við skipið, að vátryggður verði þó ekki sviptur algerlega tjónbótum, ef ekki þykir borga sig að gera við skipið.

Um 5. gr.

Samábyrgðin getur ekki tekið á sig áhættu nema í samræmi við efnahag sinn. Aukin áhætta krefur því aukins stofnfjár.

Þegar frá því atriði er gengið, getur stjórn stofnunarinnar ákveðið hlutdeild sína í áhættunni.

Fyrirvari er svo lítill, að varla verður hjá því komizt, að ríkissjóður verði endurtryggjandinn fyrst í stað.

Ef síðar yrði leitað endurtryggingar erlendis, mundi það greiða fyrir samningum, að einhver reynsla væri fengin.

En hvernig sem fer um endurtryggingu, mundi þó hlutur ríkissjóðs alltaf batna, frá því sem nú er.

Ed. 251. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

2. mgr. 233. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur skip bjargað einhverju á ferð, og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi; næst eftir fá útgerðarmenn þrjá fimmtu hluta björgunarlauna, ef gufuskip bjargaði, en helming, ef það var seglskip, en afganginum skal skipt milli skipshafnar, og skal skipta milli hennar að réttri tiltölu við tekjur manna á skipinu, og skal miða við tekjur næsta mánaðar á undan. Nú var tilskilið, að skipshöfn skyldi hafa minni hlut í björgunarlaunum en nú var sagt, og er sá skildagi þá ógildur, nema skipið sé einkanlega búið út til bjargráða eða samið væri um eitthvert tiltekið björgunarstarf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Innanlands og utan hefur verið borið lof á fórnarlund og dirfsku íslenzkra sjómanna við björgunarstörf þeirra á höfum úti og við strendur landsins. Hér mun sizt um oflof að ræða. Björgunarstörf þessi eru þó oft mikil áhætta, auk þess sem þau valda í flestum tilfellum útgerðarmönnum og skipshöfn meira og minna fjárhagslegu tjóni. Um það hefur þó ekki verið hirt og það eitt látið sitja fyrir að bjarga hinum nauðstöddu starfsbræðrum og því næst fleyi þeirra, væri þess nokkur kostur.

Oft hafa heyrzt um það óánægjuraddir, að þetta fórnfúsa starf væri lítils metið af hálfu löggjafans. Frumvarpi þessu, sem flutt er að beiðni stjórnar Sjómannafélags Reykjavíkur, er ætlað að bæta nokkuð úr þessu.

Helztu breytingar þessa frumvarps frá gildandi lögum eru, að af björgunarlaunum gufuskips (vélskips) renni nú til skipshafnarinnar 40% í stað 33⅓% áður og skipting björgunarlauna miðist nú við tekjur skipshafnar næsta mánuð á undan, í stað þess að áður var miðað við kaup, en á því er gerður mikill munur.

Eftir gildandi lögum hefur skipstjóri helming þess hluta, er til skipshafnarinnar gengur, og síðan aftur sinn hluta, miðað við kaup, af því, sem endanlega skiptist á milli skipshafnar. Með frumvarpi þessu er lagt til, að hlutur skipstjóra verði einungis miðaður við tekjur hans næsta mánuð á undan eins og annarra skipverja.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, mun ekki valda neinni byltingu, en virðist fremur geta heyrt undir nauðsynlega leiðréttingu.

Ed. 252. Breytingartillaga [97. mál]

við frv. til l. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Frá Birni Jónssyni.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hefur verkamaður misst atvinnu sína af ofangreindum ástæðum og honum býðst annað starf, sem hann óskar að taka, og er hann þá ekki bundinn af ákvæðum 3. málsgr. 1. gr. um uppsagnarfrest.

Nd. 253. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur farið vandlega yfir frumvarpið og rætt það á nokkrum fundum. Til viðtals við nefndina komu 3 þeirra manna, sem upphaflega sömdu frumvarpið, þeir Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri, Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti og Benedikt Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður. Voru ræddar ýtarlega við þá þær breytingartillögur, sem fram höfðu komið frá ýmsum aðilum, og gáfu þeir nefndarmönnum ýmiss konar skýringar varðandi fjölmörg atriði.

Þá hefur nefndin yfirfarið allar þær umsagnir, sem þinginu hafa borizt varðandi frumvarpið. Sumar þessara breytingartillagna höfðu verið teknar til greina í

Ed. — Umsagnir höfðu annars borizt frá flestum tryggingarfélögunum, Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda, Félagi sérleyfishafa, framkvæmdastjóra umferðarnefndar Reykjavíkur, sakadómaranum í Reykjavík, læknadeild Háskóla Íslands, formanni vörubílstjórafélagsins Þróttar, vegamálastjóra, áfengisvarnaráði og Búnaðarfélagi Íslands.

Nefndin er sammála um afgreiðslu á mestum hluta frumvarpsins, en frá einstökum nefndarmönnum komu þó fram breytingartillögur, sem ekki hlutu afgreiðslu sem tillögur nefndarinnar.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 16. gr. Síðari málsl. orðist svo:
   Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða skráningarskylt, vélknúið ökutæki, nema bifreiðaeftirlit ríkisins hafi gefið yfirlýsingar um, að sú gerð ökutækja fullnægi ákvæðum íslenzkra laga.
2. Við 82. gr. Á eftir 1. málslið 1. málsgr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
   Gefa skal út og útbýta ókeypis prentuðum leiðarvísi, er skýrir helztu umferðarreglur ásamt myndum af vegarmerkjum og handarmerkjum bílstjóra í umferð.

Alþingi, 19. febr. 1958.

Pétur Pétursson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Björn Ólafsson.
Bjarni Benediktsson. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 254. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Pétri Péturssyni, Gísla Guðmundssyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 27. gr. Á eftir 4. málsgr. komi ný málsgr., þannig:

Ef leigubifreiðastjóri brýtur af sér í starfi sínu, svo sem með því að eiga við fólk viðskipti, er varða við lög, eða gætir á annan hátt eigi fulls velsæmis, má svipta hann réttindum leigubifreiðastjóra svo og atvinnuleyfi um lengri eða skemmri tíma og ævilangt, ef um ítrekað brot er að ræða. Skal dómsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bifreiðastjórafélaga, setja í reglugerð nánari ákvæði um starf atvinnubifreiðastjóra.

Nd. 255. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Gísla Guðmundssyni og Gunnari Jóhannssyni.

1. Við 25. gr.
   a. 3. málsgr. orðist svo:
      Ef vínandamagn í blóði manns er 0.50‰ til 1.20‰ eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.
   b. Í stað „1.30“ í 4. málsgr. komi: 1.20.

2. Við 47. gr.
   a. Orðin „Ef ástæða er til“ í 4. málsgr. falli niður.
   b. Orðin „ef nauðsynlegt er“ í sömu málsgr. falli niður.
3. Við 50. gr. Í stað „45 km“ í 1. málsgr. komi: 35 km.

Sþ. 256. Nefndarálit [9. mál]

um till. til þál. um fjárfestingarþörf opinberra stofnana.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Húsnæðismál opinberra stofnana eru hraðvaxandi vandamál hér á landi. Nokkrar þeirra hafa eignazt eigið húsnæði og mega vel við una hag sinn í þeim efnum. Hinar eru þó fleiri, sem ýmist hafa ekki getað eða ekki fengið að byggja sjálfar, en hafa neyðzt til að taka á leigu dýrt húsnæði af einstaklingum, félögum eða jafnvel öðrum opinberum aðilum.

Allsherjarnefnd hefur rætt þetta mál, og telur meiri hl. hennar fullkomna ástæðu til, að rannsökuð verði fjárfestingarþörf opinberra stofnana til byggingar nauðsynlegs húsnæðis fyrir starfsemi þeirra svo og að upplýst verði, hve miklum fjármunum þær hafa þurft að verja til leiguhúsnæðis á síðustu árum. Af niðurstöðum slíkrar rannsóknar mætti bezt dæma, hvort tilefni er til aðgerða.

Þar sem þess eru dæmi, að opinberar stofnanir hafi fengið leyfi til að byggja meira húsnæði en þær sjálfar þurfa og leigja öðrum opinberum aðilum, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að þáltill. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „af einstaklingum og félögum“ í tillgr. komi: af einstaklingum, félögum eða öðrum opinberum aðilum.

Alþingi, 20. febr. 1958.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. Ásgeir Bjarnason.
Jón Sigurðsson. Björn Jónsson.

Sþ. 257. Nefndarálit [12. mál]

um till. til þál. um varnir gegn brunatjóni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þáltill., enda hafa, síðan till. kom fram, enn orðið stórbrunar á atvinnutækjum, og undirstrikar það brýna þörf aðgerða í málinu.

Nefndin hefur leitað álits þriggja tryggingafélaga, sem miklar brunatryggingar hafa, og mæla öll með samþykkt tillögunnar. Þá hefur nefndin einnig leitað álits brunavarnaeftirlits ríkisins, og fylgja meginefniskaflar úr bréfi Geirs G. Zoëga nefndaráliti þessu sem fylgiskjal.

Það hefur komið fram í umræðum nefndarinnar, að til eru ýmiss konar varnartæki gegn eldi, sem lítt eru notuð hér á landi. Þá komu einnig fram þær skoðanir,

að leita þyrfti samvinnu við brunatryggingafélög um hugsanlega lækkun brunabótaiðgjalda fyrir þau atvinnutæki, sem gera sérstakar ráðstafanir til eldvarna. Loks var á það bent, að endurskoða þyrfti þá skipan, að Brunabótafélag Íslands greiði eitt kostnaðinn af brunavarnaeftirliti ríkisins, ekki sízt ef árangur þessarar tillögu yrði sá, að starfsemi þess yrði aukin.

Alþingi, 20. febr. 1958.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Jón Sigurðsson.	Björn Ólafsson.	Björn Jónsson.

Fylgiskjal.

BRUNAVARNAEFTIRLIT RÍKISINS

Reykjavík, 5. desember 1957.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.

Með bréfi 6. nóv. sendi nefndin mér til umsagnar framkomna till. til þál. á þskj. 15 um varnir gegn brunatjóni.

.....

Það er vissulega illt til þess að vita, hve brunatjón á ýmsum atvinnutækjum og þá sérstaklega í ýmsum fiskiðjuverum hafa verið mikil hin síðari ár. Um orsakir kemur margt til greina, og er þó oft óvissa þar um í skýrslum um bruna.

Ýmsum tegundum fiskvinnslustöðva hefur mjög fjölgað á undanförnum árum. Eingöngu hraðfrystihús munu nú vera nær 110, þá eru og nær 50 síldar- og fiskimjölsverksmiðjur. Allvíða eru byggingar sumpart að öllu, en sumpart að nokkru úr timbri, víða þannig, að smátt og smátt hefur verið aukið við þær, oft skipulagslítið og án nokkurs tillits til aukinnar brunahættu. Vinnusalir og geymslur eru venjulega stórir geimar, oft illa eldvarið og húsaskipan þannig, að eldur breiðist fljótt út, sérstaklega í þakhæðum, og hús verða alelda, svo að slökkvilið fær lítt við ráðið að hefta eldinn. Er því hætt við stórbruna, ef ekki tekst að kæfa eldinn í byrjun.

Það hefur þráfaldlega komið fyrir, að breytingar á húsum eru gerðar og jafnvel nýbyggingar reistar án fengins byggingarleyfis, og er þá vitanlega hætt við, að ekki sé nægilega gætt ákvæða laga og reglugerða um bruna- og byggingamál, en þó vitanlega síður um nýbyggingar.

Samkvæmt lögum um brunamál ber brunamálanefnd á hverjum stað að hafa eftirlit með, að fylgt sé ákvæðum laga og reglugerðar. Skal skipa eftirlitsmann með eldfærum o. fl., sem brunahætta getur stafað frá. Reynslan hefur sýnt, að eftirlit þetta er víða mjög ófullkomið, sumpart af því, að þóknun fyrir starfið er venjulega mjög skorin við nögl, og sums staðar ekki völ manna, er telja sig bera skyn á þetta mál eða vilja taka það að sér.

Brunavarnaeftirlitið hefur haft einn mjög vel færan mann í þjónustu sinni, Erl. Halldórsson, sem árlega ferðast um og leiðbeinir og skoðar eldfæri og annan umbúnað, sérstaklega í verðmætum byggingum, svo sem fiskiðjuverum, verksmiðjum, samkomuhúsum, skólum o. fl. Hefur orðið að því mikið gagn, en er þó enn að ýmsu leyti ekki nægilegt, einkum hefur verið erfitt að tryggja það, að umbótum þeim og lagfæringum, sem krafizt er, verði komið í framkvæmd, því að ýmsir eru um þá hluti ótrúlega kærulausir. Kemur ekki ósjaldan fyrir, að eftirlitsmaður brunavarnaeftirlitsins hefur tekið kynditæki úr notkun og látið innsigla, þar til viðgerð hefur farið fram.

Brunaorsakir eru ýmsar og helzt að leita upplýsinga um þær í skýrslum lögreglunnar. Enn hef ég þó ekki nema mjög lauslegt yfirlit og þá aðallega frá Bruna-

bótafélagi Íslands, enda hafa verið þar vátryggðar að heita má allar byggingar utan Reykjavíkur.

Síðan 1947 hafa orðið rúmlega 50 brunar í fiskiðjuverum. Tíðast eru þeir frá rafmagni (18) og kynditækjum (8), en nokkrir frá þurrkurum í síldar- og fiskimjölsverksmiðjum eða frá sjálfíkveikju í mjöli. Þá er og stundum um að kenna beinni óaðgæzlu eða trassaskap eða illri tilviljun, svo sem alloft vill verða. Má að vísu nefna, að rafmagnsíkveikju kunni stundum að vera kennt um bruna, þar sem nokkur óvissa er.

Má ótrúlegt heita, hve víða er farið hirðuleysislega með raflagnir og jafnvel notaðir algerlega ólöglegir heimagerðir vartappar, sem jafnan stafar mikil hætta af. Er þannig alloft skeytt lítt um að fylgja kröfum rafmagnseftirlitsins.

Í öllum þessum verksmiðjum eru nú komin olíukynditæki, en frágangi og viðhaldi bæði tækjanna og í kyndiklefa að öðru leyti er enn víða ábótavant, þó að allmikið hafi áunnizt með eftirliti og leiðbeiningum.

Leitazt hefur verið við að brýna fyrir hlutaðeigendum að vera vel á verði gegn hættunni, og sendist hér með samrit af dreifibréfum, er öllum eigendum fiskiðjuvera utan Reykjavíkur hafa verið send, svo og af nokkrum öðrum slíkum bréfum, er send hafa verið öllum bæjarstjórum, oddvitum og umboðsmönnum Brunabótafélags Íslands. Er þess vænzt, að þau hafi borið og beri nokkurn árangur.

Vildi ég mælast til, að nefndin kynnti sér sérstaklega bréfið til eigenda fiskiðjuvera frá 20. nóv. s. l., en þar eru raktar til varnaðar helztu orsakir bruna svo og leiðbeiningar um úrbætur til aukins öryggis.

Það er eins og að í þessu alvarlega öryggismáli komi fram á áberandi hátt virðingar- og skeytingarleysi um að hlýðnast ákvæðum og öryggiskröfum laga og reglugerðar, svo sem ekki er óþekkt fyrirbrigði einnig á öðrum sviðum hjá okkur.

Til að bæta hér um þarf sýnilega að skerpa enn eftirlitið, bæði hið almenna brunavarnaeftirlit og rafmagnseftirlitið. Í þeim tilgangi hef ég hafið viðræður bæði við forstjóra rafmagnseftirlitsins og öryggismálastjóra um nánari samvinnu milli þessara stofnana. Fór þannig fram í síðastliðnum október sameiginleg skoðun allra fiskvinnslustöðva í Hafnarfirði og á Reykjanesskaga. Er jafnframt stofnað til samvinnu við hlutaðeigandi tryggingafélög um eftirlit með, að framkvæmdir þær, sem krafizt er, dragist ekki fram úr hófi. Er vænzt af þessu góðs árangurs.

Það má segja, að komið sé í ljós, að brunamálayfirvöld úti um land séu víðast enn ekki fullfær um að hafa með höndum að öllu leyti eftirlit með verksmiðjum og stærri áhættu, og sé því mjög þörf, að brunavarnaeftirlit ríkisins láti enn nokkuð betur til sín taka í þessu máli. En vitanlega fylgir því nokkur kostnaðarauki, og kemur þá til álita, hvort sanngjarnt er, að Brunabótafélag Íslands skuli bera hann eða koma að nokkru fjárveiting úr ríkissjóði. Um þetta atriði, sem þó að vísu skiptir að svo stöddu ekki miklu máli, er ég enn ekki tilbúinn að gera tillögu, á von á upplýsingum, sérstaklega frá Noregi og Danmörku, hvernig þessum málum er skipað, en þar mun ríkissjóður greiða kostnað við yfireftirlit brunamála að mestu eða öllu leyti.

Nánari skýrslur um orsakir bruna og heildartjón, sem bætt hefur verið af tryggingafélögum, hef ég verið að safna og býst við að hafa til, áður en langt um líður, og geta þær verið fróðlegar og nokkuð til leiðbeininga. En aðalatriðið verður umbætur til öryggis, sérstaklega í gömlum húsum, en umfram allt þurfa allir aðilar, verkstjórar, vélstjórar og verkamenn, að sýna meiri varúð og aðgæzlu við meðferð elds og eldfimra efna.

Með endurbótum á húsakynnum, umgengni og eftirliti, sem hér hefur verið gerð nokkur grein fyrir, má vænta, að mikið megi draga úr brunahættu, og má ekki horfa í, þó að því fylgi nokkur kostnaður, bæði fyrir eigendur og hið opinbera.

.....

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Ed. 258. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Flm.: Björn Jónsson, Friðjón Skarphéðinsson, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að settar skuli á stofn allt að þrjár innflutnings- og gjaldeyrisafgreiðslur utan Reykjavíkur, þó ekki fleiri en ein í hverjum landsfjórðungi, á þeim stöðum, sem bezt teljast til þess fallnir. Ríkisstjórnin skipar forstöðumenn þessara stofnana, að fengnum tillögum innflutningsskrifstofunnar, og taka þeir ákvarðanir í umboði hennar, með þeim takmörkunum, sem ríkisstjórnin setur þeim með nánari starfsreglum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna, hvert óhagræði það er miklum hluta landsmanna að þurfa að sækja afgreiðslu allra mála, smárra sem stórra, er varða innflutning, gjaldeyriskaup og fjárfestingu, til Reykjavíkur. Þessi skipan bakar einstaklingum og stofnunum mikil útgjöld, fyrirhöfn og tafir á framkvæmdum, jafnvel þótt viðunandi úrlausnir fáist að lokum. En af sjálfu leiðir, að ýmsar ákvarðanir í þessum málum eru teknar af takmarkaðri staðarlegri þekkingu, og því jafnan veruleg hætta á, að þær verði tilviljanakenndar eða mótist af ójafnri aðstöðu málsaðila til þess að reka erindi sín.

Ýmsar atvinnugreinar, ekki sízt iðnrekstur og verzlun, búa við lakari starfsskilyrði víða um land en í höfuðborginni og háir það æskilegri þróun þeirra. Getur það hvorki talizt heppilegt fyrir þjóðarheildina né sanngjarnt þeim, sem við þurfa að búa, að látið sé undir höfuð leggjast að jafna þessi starfsskilyrði, að svo miklu leyti sem unnt er.

Frv. þetta stefnir í þá átt að jafna aðstöðu landsmanna til hverra þeirra framkvæmda og atvinnurekstrar, sem háðar eru þeim leyfisveitingum, sem það fjallar um. Telja flm., að þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, mundu örva framkvæmdir og atvinnurekstur víða um land og þannig reynast raunhæf aðgerð til stuðnings efnahagslegu jafnvægi í landinu.

Sþ. 259. Tillaga til þingsályktunar [128. mál]

um söfnun erlendra heimilda um sögu Íslands í heimsstyrjöldinni.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipuleggja þegar vandlega söfnun hvers konar heimilda, er kunna að vera geymdar í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýzkalandi eða öðrum löndum og varða sögu Íslands í heimsstyrjöldinni 1939—1945.

Greinargerð.

Ef Íslendingar vilja í framtíðinni vera eins mikil söguþjóð og þeir hingað til hafa verið og vita jafnglögg skil á öllu því, sem gerzt hefur í landinu, bíður

þeirra brýnt verkefni. Það er að safna hvers konar heimildum, opinberum skjölum, myndum, kortum, blaðagreinum, bókum og endurminningum manna, er varða sögu landsins í seinustu heimsstyrjöld og geymdar eru erlendis. Er vafalaust um auðugan garð að gresja í þeim efnum, en hershöfðingjar og stjórnmálamenn létu á sínum tíma fátt uppi um starfsemi sína á Íslandi og umhverfis það svo og um ýmislegt viðkomandi íslenzku þjóðinni.

Nú þegar er hægt að fá mikið af slíkum gögnum. Stórveldi nútímans gleyma fáu í hinum rækilega skipuðu stjórnardeildum sínum, her, flota eða flugher. Flestir slíkir aðilar höfðu á styrjaldarárunum sérstaka sagnfræðinga starfandi og urmul ljósmyndara. Sumt það efni, sem þessir menn söfnuðu, getur hvenær sem er glatazt. Heilar skemmur af skjölum geta brunnið eða eyðilagzt og þar með farið miklar heimildir. Þeir menn, sem hér komu við sögu, hafa frá ýmsu að segja, en gerast nú gamlir og týna tölunni.

Hér er um umfangsmikið verk að ræða, sem byrja þarf að vinna að nú þegar. Virðist eðlilegast, að það sé gert á vegum menntamálaráðs.

Sþ. 260. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um rannsókn á brúargerð yfir Borgarfjörð.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að vegagerð ríkisins láti rannsaka aðstöðu til þess að brúa Borgarfjörð milli Seleyrar og Borgarness og gera kostnaðaráætlun um byggingu brúarinnar. Kostnaður við rannsókn þessa og áætlun greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á síðustu áratugum hefur orðið mikil breyting á samgöngum landsmanna. Fólks- og vöruflutningar með ströndum fram hafa minnkað, en flutningar með bifreiðum eftir landleiðum tekið við. Með hverju ári, sem líður, verður þátttaka bifreiða í vöruflutningum landsmanna æ meiri. Þessi þróun er í beinu sambandi við þær framkvæmdir, sem átt hafa sér stað í vegakerfi landsmanna. Það hefur verið ríkjandi sjónarmið í samgöngumálum okkar að teygja vegakerfið til allra byggða landsins og síðan heim á öll byggð ból, með það fyrir augum, að allir landsmenn hafi mikla þörf fyrir samgöngur. Enda þótt nokkuð sé ógert í þessum efnum enn þá, hefur stórlega áunnizt, og ber að stefna að því að ná sem fyrst takmarkinu. Ég vil taka það fram, að ég tel, að rétt hafi verið stefnt og að árangur hafi náðst með undraverðum hraða. Hitt er jafnljóst, að eftir því sem flutningur á þungavöru færist meir inn á landleiðir, verður að keppa að því, svo að dregið verði úr kostnaði við vöruflutninga, að stytta vegalengdir eins og tök eru á. Enn fremur þarf að endurnýja mikið af vegum og sérstaklega brúm, vegna þess að bifreiðar stækka.

Með tilkomu sementsverksmiðjunnar á Akranesi, sem gert er ráð fyrir að taki til starfa á þessu ári, mun flutningur á landleiðum aukast til mikilla muna. Nú er unnið að því að leggja tvo vegi á Vesturlandi, sem munu stórauka bifreiðaferðir til og frá Vesturlandi. Þessir vegir eru Heydalsvegur úr Hnappadal og yfir á Skógarströnd og í Dali og Vestfjarðavegur af Barðastrandarvegi í Arnarfjörð. Eftir að þessir vegir eru komnir í notkun, mun aðalumferðin til Vesturlands verða um Borgarnes og vestur Mýrar, í stað þess að hún er nú upp Borgarfjörð og vestur Bröttubrekku. Af þessu leiðir, að það er mikils virði fyrir Vesturland allt að stytta leiðina um Borgarnes. Í tillögu þeirri, sem hér er flutt, er gert ráð fyrir því að athuga kostnað og möguleika á því að brúa Borgarfjörð milli Seleyrar og Borgarness.

Ég vil nú benda á kosti þess, að horfið verði að því að reisa þetta mannvirki. Með þeirri aðgerð mundi Vesturlandsleiðin styttast um ca. 30 km. Þessi brú mundi einnig stytta Norðurlandsleiðina eitthvað. Þá má á það benda, að Borgarnes var eitt með fyrstu ferðamannakauptúnum hér á landi. Borgarnes er því allvel undir það búið að taka við langferðafólki. Þar er mjög myndarlegt og vel rekið gistihús og greiðasala, og er það mikils virði fyrir fólk, sem á eftir að fara yfir fjallvegi eða kemur af þeim, að eiga kost á að njóta góðrar fyrirgreiðslu á góðu gistihúsi. Þá má á það benda, ef að því yrði horfið að ráðast í þetta mannvirki, að ferðin milli Borgarness og Akraness mundi, þegar brúin væri komin, aðeins taka 30—40 mín. Það er mjög líklegt, að samstarf þessara kaupstaða geti orðið náið, bæði við uppbyggingu þeirra svo og í atvinnumálum. Borgnesingar sækja neyzluvatn sitt suður fyrir Borgarfjörð. Vatnsleiðsla þeirra liggur á botni Borgarfjarðar, og þótt þetta hafi tekizt í hálfan annan áratug án stórfelldra óhappa, er hinu ekki að neita, að þessu fylgir veruleg áhætta, sem er áhyggjuefni í vaxandi kauptúni, ef bilun kæmi fram í vatnsleiðslunni að vetrarlagi, eins og fyrir hefur komið, og ísalög hömluðu viðgerð. Þegar um er að ræða eitt af frumskilyrðum manna, svo sem neyzluvatnið er, þá ber að koma í veg fyrir allar truflanir, svo sem kostur er. Það væri Borgnesingum mikils virði, ef hægt væri að sameina þetta tvennt, betri samgöngur og meira öryggi um neyzluvatn, en sú sameining fengist með brúnni. Þá má benda á það, að ekki getur liðið langur tími, þar til endurnýja þarf brúna á Hvítá hjá Ferjukoti, vegna þess að bifreiðar verða stærri en breidd hennar leyfir. Þegar að því kemur, að það verk þarf að leysa, er mikil nauðsyn, að rannsókn sú, sem hér er ráðgerð, liggi fyrir, svo að hægt verði að meta, hvort ekki er ráðlegra að brúa Borgarfjörð, eins og hér er rætt um, en að endurnýja brú hjá Ferjukoti. Ef til vill má gera ráð fyrir því, að nokkurt frjósamt land mundi koma upp meðfram Hvítá við þessa aðgerð.

Hér að framan hefur verið gerð nokkur grein fyrir því, sem mælir með því að framkvæma þessa brúargerð. Hinu er ekki að neita, að hér er um mikið mannvirki að ræða. Vegalengdin er 1.8—2 km landa á milli. Aftur á móti er efni, sem nota þarf til að þrengja fjörðinn, nærtækt í Hafnarfjalli og vegalengd að firðinum stutt. Það er ljóst, að kostnaður við þetta mannvirki er mikill og verkinu verður ekki komið í framkvæmd nema með lánsfé. Hins vegar virðist ekki úr vegi að láta sér koma til hugar, að gjald verði tekið af þeim ökutækjum, sem um brúna fara, og á þann hátt mætti endurgreiða einhvern hluta kostnaðarins. Ljóst er svo hitt, að mikið mundi sparast í brennsluefni og hjólbarðasliti þeirra fjölmörgu bifreiða, sem um brúna fara, auk verðmæts tíma. Hér er um að ræða, a. m. k. fyrir allt Vesturland og jafnvel fleiri, mikið hagsmunamál, sem nauðsyn ber til að verði athugað af kostgæfni og gerhygli og að engu hrasað.

Nd. 261. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

a. b-liður 1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög.

b. c-liður 1. málsgr. sömu greinar orðist svo:
Sameignarfélög og samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna. Einnig önnur sameignarfélög með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð félagsmanna, enda séu þau skrá-

sett firmu og hafi tilkynnt til firmaskrár, að þau óski að vera skattlögð sem félög. Slík tilkynning skal hafa borizt firmaskrá í síðasta lagi innan mánaðar, eftir að lög þessi öðlast gildi, eða innan þriggja mánaða, eftir að félag hóf rekstur sinn. Að öðrum kosti skal öllum tekjum og eignum slíks félags skipt milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í félaginu og þær skattlagðar með öðrum tekjum þeirra og eignum. Félagi, sem skrásett hefur verið sem sjálfstæður skattaðili samkvæmt framansögðu, er ekki heimilt að taka síðar upp þá reglu að skipta tekjum eða eign til skatts.

c. Við 1. málsgr. 3. gr. laganna bætist nýr stafliður, þannig:
   d. Sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

d. 2. málsgr. 3. gr. laganna fellur niður.

e. 3. málsgr. sömu greinar, er verður 2. málsgr., orðist svo:
   Félög og stofnanir, sem um ræðir í grein þessari, þar með talin sameignarfélög þau, er um ræðir í c-lið 1. málsgr., og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu, sams konar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum samkvæmt ákvæðum II. tölul. 6. gr.

2. gr.

a. Síðasta málsgr. I. tölul. 6. gr. laganna falli niður, en í stað hennar komi:
   Tekjuskatt, sem ekki nær kr. 20.00, skal fella niður við álagningu.

b. Í stað II. og III. tölul. sömu greinar komi einn tölul., II., er orðist svo:
   Skattgjald þeirra, er um ræðir í a-, b-, c- og d-liðum 3. gr., skal vera 25% af skattskyldum tekjum.

3. gr.

a. 6. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:
   Félög þau, er um ræðir í 3. gr. a, mega draga frá tekjum sínum útborgaðan arð, þó eigi meira en 8% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

b. Orðið „stríðsgróðaskattur“ á tveim stöðum í 7. málsgr. sömu greinar falli burt.

4. gr.

h-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Fæðiskostnað sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði. Við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattyfirvalda á fæði til tekna.

Einnig skal draga frá tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, kr. 500.00 á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn. Þá skal og sömu aðilum veittur sérstakur frádráttur, kr. 850.00 fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á þess konar skipum í a. m. k. 3 mánuði á viðkomandi skattári.

Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar samkv. 2. málsgr. þessa stafliðar, þótt þeir séu eigi lögskráðir, enda geri útgerðarmaður skattanefnd fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

5. gr.

14. grein laganna verði þannig:

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir:

I. Af eign einstaklinga, sem taldir eru í 1. og 2. gr., reiknast skatturinn þannig:

Af	30000—	60000	kr.	greiðist	45	kr. af	30000	og	3.0‰ af afgangi.
—	60000—	80000	—	—	135	— —	60000	—	4.5‰ — —
—	80000—	100000	—	—	225	— —	80000	—	6.0‰ — —
—	100000—	150000	—	—	345	— —	100000	—	7.5‰ — —

Af	150000— 200000 kr.	greiðist	720 kr.	af	150000	og 9.0‰	af afgangi.
—	200000— 500000 —	—	1170 —	—	200000	— 10.5‰ —	—
—	500000—1000000 —	—	4320 —	—	500000	— 12.0‰ —	—
—	1000000—2000000 —	—	10320 —	—	1000000	— 13.5‰ —	—
—	2000000 og þar yfir	—	23820 —	—	2000000	— 15.0‰ —	—

Af eign, sem ekki nemur 30000 kr., greiðist enginn skattur.

II. Af eign félaga og annarra skattskyldra aðila, sem taldir eru í 3. gr., greiðist 7‰ — sjö af þúsundi.

6. gr.

Síðari málsgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða eignarskatt af þeim eignum sínum hér á landi, sem gefa af sér tekjur þær, er um ræðir í 2. gr. Reiknast eignarskattur einstaklinga samkvæmt reglum í 14. gr. I, þó aldrei lægri en 6‰ af hinum skattskyldu eignum, en eignarskattur útlendra félaga reiknast samkvæmt 14. gr. II.

7. gr.

58. gr. laganna orðist svo:

Ríkisskattanefndin skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs, en ákvæði laga þessara gilda bæði um það fé, er greitt var í nýbyggingarsjóð árið 1941, og það fé, sem síðar er í hann lagt.

Skattanefndir skulu senda ríkisskattanefnd skýrslu um framlög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir að upplýsingar um það bárust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrirtæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári.

Nú telur ríkisskattanefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið samkvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. síðari málsgr. 56. gr., og tilkynna það skattanefnd og eiganda sjóðsins.

8. gr.

Orðið „stríðsgróðaskattur“ í 60. gr. laganna falli burt.

9. gr.

Orðin „laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 62. gr. laganna falli burt.

10. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1958 af tekjum ársins 1957 skal veita sérstaka lækkun á tekjuskatti öllum hjónum, sem hafa 2 börn á framfæri og undir 55500 kr. í hreinar tekjur. Hjá þessum hjónum, er hafa 54500 kr. hreinar tekjur eða lægri, skal lækkunin nema 50%. Nemi tekjurnar yfir 54500 kr., skal lækkunin vera 47½% á tekjuskatti af 54550 kr. hreinum tekjum og minnka þannig áfram um 2½% við hverjar 50 kr., sem tekjur fara yfir 54550 kr., og hverfa við 55500 kr. hreinar tekjur.

Eftir sömu reglu skal lækka tekjuskatt allra annarra hjóna svo og einstaklinga, sem greiða ættu sama tekjuskatt eða lægri en áðurgreind hjón, ef þau nytu ekki áðurgreindrar skattlækkunar.

Framangreind skattlækkun skal einnig gilda við ákvörðun gjaldársgjalda á árinu 1958.

11. gr.

64.—67. gr. laganna, að báðum meðtöldum, falli burt. 68. gr. laganna verður 64. gr.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu fyrst koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1957.

Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 21 20. maí 1942, um stríðsgróðaskatt, og lög nr. 37 10. maí 1957, um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðalatriðin í frumvarpinu eru þessi:

1. Ný ákvæði um skattgreiðslur félaga, sem m. a. fela í sér þá breytingu, að skattar allra félaga verði jafn hundraðshluti af skattskyldum tekjum og eignum þeirra, þ. e. að félög borgi ekki stighækkandi skatta.

   Árið 1954 voru gerðar allmiklar breytingar á lögum um skattgreiðslur til ríkisins af tekjum einstaklinga. Áður höfðu verið í gildi þrenn lagafyrirmæli um skatt á tekjur, bæði einstaklinga og félaga, þ. e. lög um tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt. Með lagabreytingunni 1954 var hætt að leggja tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt á tekjur einstaklinga, en ákveðið, að þeir skyldu greiða aðeins einn tekjuskatt til ríkisins. Hins vegar var þá frestað að gera breytingar á ákvæðum laganna um skattgreiðslur félaga.

   Lögin um tekjuskattsviðauka féllu úr gildi í árslok 1955 og voru þá ekki endurnýjuð. En stríðsgróðaskattur samkv. lögum nr. 21/1942 er enn lagður á tekjur félaga.

   Með frv. þessu er m. a. stefnt að því að breyta lagafyrirmælum um skattgreiðslur félaga, sem frestað var við endurskoðun skattalaganna 1954. Er þá lagt til, að lögin um stríðsgróðaskatt verði felld úr gildi og að ný ákvæði verði sett um tekjuskatt félaga, sem greiði eftirleiðis aðeins einn tekjuskatt til ríkisins, eins og einstaklingar.
2. Skattur á lágum tekjum einstaklinga verði lækkaður enn meira en áður.
3. Enn aukinn tekjufrádráttur hjá sjómönnum á fiskiskipum við útreikning á tekjuskatti þeirra.
4. Ný ákvæði um eignarskatt. Breytingarnar á skattinum eru miðaðar við það, að hækkun fasteignamatsins, sem gekk í gildi á s. l. ári, verði ekki til þess að auka eignarskattinn til ríkisins í heild.

   Þegar breytt var lögum um tekjuskatt, árið 1954, voru engar breytingar gerðar á lagafyrirmælum um greiðslu eignarskatts. Hins vegar hefur eignarskattur, samkvæmt lögum nr. 46/1954, verið innheimtur með 50% álagi undanfarin ár.

Eins og kunnugt er, hefur undanfarið verið unnið að athugunum á breytingum á skattalögunum varðandi skattgreiðslur hjóna. Þeim athugunum er ekki að fullu lokið, og það mál er þannig vaxið, að það þarf að athugast í sambandi við tekjuöflun til að mæta rýrnun á skattatekjum ríkisins, sem verulegar breytingar á lögum um þetta efni mundu hafa í för með sér.

Um einstakar greinar frv. skal tekið fram:

Um 1. gr.

Úr upptalningunni í b-lið 1. málsgr. 3. gr. laganna eru felld orðin „smjörbú“ og „sláturfélög“. Slík afurðasölufélög verða eftir sem áður talin með öðrum samvinnufélögum í þeim staflið, ef þau starfa á grundvelli samvinnulaganna, en að öðrum kosti verða þau talin með samlögum í c-lið sömu málsgr.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum 2. málsgr. 3. gr. laganna skulu samlög og sameignarfélög, þar sem eigendur eru fleiri en 3 og með ótakmarkaðri persónu-

legri ábyrgð, alltaf skattlögð sem sjálfstæður skattaðili. Ef hins vegar eigendur slíkra sameignarfélaga eru ekki fleiri en 3, geta þeir valið um það, hvort skattur er lagður á félagið sjálft eða tekjum og eignum félagsins skipt niður á þá sjálfa. Eigendur slíkra félaga geta því valið þá leið í þessu efni, sem er þeim hagstæðari, t. d. ef þeir persónulega hafa litlar tekjur, geta þeir haft hagnað af því að skipta upp tekjum sameignarfélagsins og bæta sínum tekjuhluta við persónulegar tekjur sínar, en öfugt, ef þeir hafa háar persónulegar tekjur. Slíkt verður að teljast óeðlilegt.

Hér er lagt til, að sameignarfélög og samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, skuli alltaf skattlögð sem sjálfstæður skattaðili. Enn fremur önnur sameignarfélög með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð félagsmanna, hver sem eigendafjöldi er, ef þessi félög eru skrásett firmu og hafa tilkynnt til firmaskrár innan vissra tímatakmarka, að þau óski að vera skattlögð sem félög. Hjá þeim sameignarfélögum, sem ekki hafa fullnægt þessum skilyrðum, er tekjum og eignum skipt til skatts hjá eigendunum. Þeir, sem að sameignarfélögum standa, geta því í upphafi valið um, hvora þessa leið þeir vilja fara, en ekki valið um skattlagningaraðferðir síðar. Bent skal á, að þessi umræddu félög njóta ekki frádráttar í varasjóð samkv. 7. málsgr. 8. gr. eða arðsfrádráttar samkv. 6. málsgr. sömu greinar.

Breytingin á orðalagi 3. málsgr. er aðeins til samræmis við aðrar breytingar í lagagreininni.

Um 2. gr.

Með þessari grein eru felld úr gildi ákvæði II. tölul. 6. gr. laganna um skattstiga, sem tekjuskattur þeirra félaga, er um getur í a- og c-liðum 3. gr. laganna, reiknast eftir, og ákvæði III. tölul. sömu lagagreinar um skattgreiðslur þeirra félaga, sem nefnd eru í b-lið 3. gr., en í staðinn koma ákvæði um, að tekjuskattur allra þessara félaga skuli vera 25% af skattskyldum tekjum þeirra.

Undanfarið hafa hlutafélög borgað stighækkandi skatt af tekjum sínum. Aftur á móti hefur tekjuskattur samvinnufélaga verið ákveðinn hundraðshluti af tekjum, án stighækkunar. En stríðsgróðaskatturinn samkvæmt lögum frá 1942 er stighækkandi, og nær hann til allra skattskyldra félaga.

Hér er lagt til, að tekjuskattur allra félaga verði jafn hundraðshluti af skattskyldum tekjum, en horfið verði frá stighækkuninni. Til stuðnings þeirri tillögu má m. a. nefna, að stighækkandi tekjuskattur getur torveldað nokkuð stofnun og rekstur stærri félaga, sem hagkvæmt gæti verið að hefðu með höndum sérstök verkefni á atvinnu- og viðskiptasviðinu, þar sem þörf er fyrir allmikil fjárframlög og þátttöku margra aðila. Í þessu sambandi má og benda á, að á undangengnum árum hafa ýmsir þátttakendur í hlutafélögum stofnað fleiri félög í því formi og skipt rekstri sínum milli þeirra, og mun það einkum hafa verið gert til þess að komast að meira eða minna leyti fram hjá stighækkun tekjuskattsins.

Í Noregi og Svíþjóð eru tekjuskattar hlutafélaga hlutfallslegir, en ekki stighækkandi. Í Danmörku er skatturinn hins vegar stighækkandi þannig, að hann hækkar eftir því, sem tekjurnar aukast í hlutfalli við innborgað hlutafé. Það fyrirkomulag var í gildi hér á landi um skeið, eftir 1921. En ríkisstjórnir Dana hafa síðustu árin lagt fyrir þingið frumvörp um breytingar á skattalögunum, sem m. a. fela í sér tillögur um að taka upp hlutfallslegan skatt á tekjur hlutafélaga, en hverfa frá stighækkuninni. Í Bandaríkjunum er tekjuskatturinn jafn hundraðshluti af skattskyldum tekjum hlutafélaga, en ekki stighækkandi.

Eins og áður segir, er lagt til, að tekjuskattur félaga verði 25% af skattskyldum tekjum. Af hagskýrslum sést, að árin 1955 og 1956 hafa tekjuskattur og hluti ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti numið samtals að meðaltali um 20% af nettótekjum félaganna. Nettótekjur eru þar taldar hreinar tekjur félaganna, áður en arður af hlutafé og skattfrjálst varasjóðstillag er dregið frá tekjunum. Þegar sá útborgaði

arður af hlutafénu og þau framlög í varasjóði, sem félögin mega draga frá tekjum, áður en skattur er reiknaður, er dregið frá nettótekjunum, koma út þær tekjur, sem skattur reiknast af. Þarf þá hærri hundraðshluta í skatt en að framan greinir, til þess að ríkissjóður fái jafnmiklar eða svipaðar skatttekjur frá félögunum og áður.

Gert er ráð fyrir, að þessi nýja tilhögun hafi ekki í för með sér neina teljandi breytingu á heildarskatti félaga til ríkisins.

Þá er sú breyting gerð á tekjuskatti einstaklinga, að nái tekjuskattur ekki 20 kr., skal hann felldur niður við álagningu. Þykir þetta rétt af hagkvæmnisástæðum, ef fækka mætti með því móti tölu gjaldenda.

Um 3. gr.

Samkvæmt 6. málsgr. 8. gr. laganna mega hlutafélög nú draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé. Í a-lið frv.-greinarinnar er lagt til, að í stað 5% komi 8%, en frádrátturinn komi því aðeins til greina, að arðurinn sé útborgaður til hluthafa.

Eðlilegt þykir að heimila hlutafélögum að draga frá skattskyldum tekjum sínum arð greiddan hluthöfum, allt upp í 8% af innborguðu hlutafé, en það er hámark lögleyfðra vaxta. — Sú hækkun frádráttarheimildar vegna arðsútborgunar, sem hér er gerð tillaga um, er til samræmis við breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum um vexti, þar sem telja má eðlilegt og sanngjarnt, að hlutafélög fái að telja arð útborgaðan hluthöfum af innborguðu hlutafé, sem nemur hámarki útlánsvaxta, til rekstrarkostnaðar og skattfrádráttar, svo sem vexti af lánsfé frá öðrum en hluthöfum.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um breytingu á h-lið 10. gr. laganna.

Með lögum nr. 37/1957 var hlífðarfatafrádráttur fiskimanna aukinn og þeim auk þess veittur sérstakur frádráttur. Þau lög eru nú felld inn í sjálf skattalögin, jafnframt því sem hinn sérstaki frádráttur er hækkaður og heimildin til hlífðarfatafrádráttar látin ná til allra fiskimanna.

Samkv. frv. skulu allir skipverjar á öllum fiskiskipum, þar með á sel- og hvalveiðiskipum, njóta fulls hlífðarfatafrádráttar; skiptir ekki máli, hvaða starfi skipverji gegnir um borð, og ekki heldur stærð fiskiskips eða fiskibáts. Sama er að segja um hinn sérstaka frádrátt að fjárhæð kr. 850.00 á mánuði, enda hafi hlutaðeigandi verið skipverji á fiskiskipi í a. m. k. 3 mánuði á árinu. Ákveðið er, að hlutaráðnir menn, þótt eigi séu lögskráðir, skuli njóta þessa frádráttar.

Um 5. gr.

Í 10. gr. laga nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna, segir m. a., að þegar hið nýja fasteignamat samkvæmt lögunum taki gildi, skuli endurskoða gildandi lagaákvæði um eignarskatt og miðist sú endurskoðun við það, að skatturinn hækki ekki almennt vegna hækkunar á fasteignamatinu.

Þessi endurskoðun hefur nú farið fram, og mun eignarskattsstigi sá, er greinir í I. tölul. þessarar greinar, gefa mjög svipaðan heildarskatt frá einstaklingum og gildandi eignarskattsstigi, þó sennilega heldur lægri.

Eignarskattur félaga samkv. II. tölul. er nú ákveðinn sami þúsundhluti af allri eign, og má í því sambandi vísa til þess, er áður segir um tekjuskattsstiga félaga. Verði þetta lögfest, má ætla, eftir útreikningum, sem gerðir hafa verið, að eignarskattur félaga í heild nemi svipaðri fjárhæð og áður.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur er 4. tölul. 1. gr. laga nr. 50 5. apríl 1948 felldur inn í greinina, eftir því sem við á.

Um 8. gr.

Greinin er afleiðing af niðurfellingu stríðsgróðaskatts.

Um 9. gr.

Lagfæring á orðalagi.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett í framhaldi af lögum nr. 15 20. marz 1957, um lækkun tekjuskatts af lágtekjum, en gildi þeirra laga var bundið við fyrra ár. Tvær breytingar eru þó gerðar frá þeim lögum.

Í fyrsta lagi er skattlækkunin nú ákveðin enn meiri en áður, eða 50% í stað 33⅓%, jafnframt því sem tekjuhámarkið er miðað við 55500 kr. hreinar tekjur hjá hjónum með 2 börn í stað 47500 kr. hreinna tekna hjóna með 1 barn á framfæri áður.

Í öðru lagi er hið óeðlilega þrep, sem myndaðist í skattstiga samkvæmt fyrri lögum um þetta efni, nú jafnað út, þannig að ekki gætir þess misræmis, er áður var á skatti þeirra, er báru hæstan lækkaðan tekjuskatt annars vegar og lægstan tekjuskatt án lækkunar hins vegar, sbr. lög nr. 60/1950, nr. 109/1951, nr. 108/1952 og nr. 15/1957. Jöfnunin er gerð þannig, að lækkunarprósentan fellur smám saman úr 50% í 0, þ. e. um 2½% við hverjar 50 kr., sem hreinar tekjur hækka á 1000 kr. bilinu frá 54500 að 55500 kr.

Skattlækkun hjá hjónum með tvö börn á framfæri og 54500 kr. hreinar tekjur nemur helmingi af skatti þeirra, þ. e. 511 krónum. Þessarar hámarkslækkunar, kr. 511.00, njóta þeir, sem hafa eftirtaldar hreinar tekjur: Einstaklingar kr. 35850.00. Barnlaus hjón kr. 44100.00. Hjón með 1 barn kr. 49300.00. Hjón með 3 börn kr. 59700.00. Hjón með 4 börn kr. 64900.00. Hjón með 5 börn kr. 70100.00.

Um 11. gr.

Felld eru niður bráðabirgðaákvæði, sem áður eru úr gildi gengin eða falla niður um leið og frumvarp þetta verður að lögum.

Nd. 262. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á lögum nr. 46 13. júní 1937 um samvinnufélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Á. 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

a. 3. tölul. falli niður.

b. 6. tölul. orðist svo:

Arður af viðskiptum, er utanfélagsmenn kunna að hafa gert við félagið, að frádregnum opinberum gjöldum, sem á hann eru lögð, skal lagður í varasjóð, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsþarfa.

2. gr.

Fyrri málsl. 24. gr. laganna orðist svo:

Í samþykktum félags skulu vera ákvæði um greiðslur í varasjóð og aðra óskiptilega tryggingarsjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 3. gr. laga nr. 46/1937 um samvinnufélög segir svo:

„Arður af viðskiptum, er utanfélagsmenn kunna að hafa gert við félagið, skal lagður í varasjóð, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsþarfa."

Í 24. gr. sömu laga segir enn fremur, að árgjald í varasjóð félags og aðra óskiptilega tryggingarsjóði skuli eigi vera minna samtals en 1% af sölu aðkeyptra vara og afurða.

Í frv. þessu er lagt til, að skylda samvinnufélaga til að leggja fé í varasjóði verði takmörkuð við þær upphæðir, er þau kunna að hafa í hagnað af skiptum við utanfélagsmenn, eftir að búið er að greiða af þeim hagnaði opinber gjöld, sem á hann eru lögð. Er þar átt við skatta og gjöld bæði til ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga. — Verður að líta svo á, að óeðlilegt sé að skylda félögin til að greiða verulegar fjárupphæðir í varasjóði umfram hagnaðinn af utanfélagsmannaviðskiptum. Má í þessu sambandi benda á, að engin ákvæði eru í lögum um skyldu annara félaga til að leggja fé í varasjóði.

Þó að frv. þetta verði samþykkt, geta samvinnufélögin að sjálfsögðu haft ákvæði í samþykktum sínum um meiri sjóðatillög en skylt er samkvæmt fyrirmælum samvinnulaganna.

Ed. 263. Frumvarp til laga [97. mál]

um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Nú hefur verkamaður, iðnlærður eða óiðnlærður, sem fær laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða lengur, og ber honum þá eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum.

Tíma- eða vikukaupsmaður telst hafa unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár, ef hann hefur unnið hjá honum samtals a. m. k. 1800 klukkustundir á síðustu 12 mánuðum, þar af a. m. k. 150 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn. Jafngildar unnum klukkustundum teljast í þessu sambandi fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla og verkbanna, allt að 8 klst. fyrir hvern fjarvistardag.

Launþega, sem rétt á til uppsagnarfrests samkvæmt þessari grein, skal skylt að tilkynna með eins mánaðar fyrirvara, ef hann óskar að hætta störfum hjá atvinnurekanda sínum.

Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót.

2. gr.

Nú fer verkamaður fyrir tilmæli atvinnurekanda, sem hann vinnur hjá, til starfs um tíma hjá öðrum atvinnurekanda, og skal þá sá tími talinn unnar vinnustundir hjá hinum fyrrtalda atvinnurekanda, að því er réttindi þau snertir, sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 150 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.

4. gr.

Fastir starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa.

5. gr.

Nú vill launþegi neyta réttar síns samkvæmt 1. og 4. gr., og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið, er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

6. gr.

Ákvæði laga þessara hagga ekki samningum milli samtaka atvinnurekanda og launþega um greiðslu atvinnurekanda á sjúkrapeningum til starfsmanna sinna, hvort sem þeir eru greiddir til styrktarsjóða, stéttarfélaga eða beint til þeirra sjálfra.

7. gr.

Ákvæði samnings milli atvinnurekanda og launþega, sem brjóta í bág við lög þessi, eru ógild, ef þau rýra rétt launþegans.

Haldast skulu þau réttindi, sem veitt eru með sérstökum lögum, samningum eða leiðir af venju í einstökum starfsgreinum, ef þau eru launþega hagstæðari en ákvæði þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 86. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Sþ. 264. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um fastar skipaferðir milli Austfjarða og útlanda.

Flm.: Helgi Seljan Friðriksson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að freista þess að ná samningum við stærstu skipafélög landsins um, að þau haldi uppi reglubundnum siglingum milli hafna á Austfjörðum og útlanda, og að vinna auk þess að því að koma upp umskipunarhöfn á Austfjörðum.

Greinargerð.

Fyrir heimsstyrjöldina síðari voru slíkar fastar ferðir frá útlöndum til Austfjarða sem hér er ráð fyrir gert. Eimskipafélag Íslands hafði slíkar ferðir með höndum um skeið, og sama er að segja um norskt skipafélag, er hélt slíkum ferðum uppi. Þessar siglingar voru Austfirðingum til mikilla hagsbóta, þar eð þeir á þann hátt fengu ýmsar nauðsynjavörur sínar ódýrari en annars hefði verið, ef um Reykjavík hefði verið að ræða sem millilið, eins og nú er. Þeir fengu vörurnar beint, og leiddi það til þess, að þeir fengu vörurnar oft fyrr en annars mundi verið hafa. Þessi háttur hefur nú verið af lagður að öðru leyti en því, að skip koma stundum erlendis frá til Austfjarðahafna með sement, kol og timbur. Það er þó ekki samkvæmt neinni fastri áætlun, og um aðrar vörur er vart að ræða. Flestar nauðsynjavörur koma fyrst til Reykjavíkur og er skipað þar á land, en síðan sendar þaðan til Austfjarða, með þeim kostnaði og drætti á afgreiðslu, sem það hefur í för með sér. Af þessu leiðir þá einfaldlega, að vöruverð verður í mjög mörgum tilfellum hærra en annars mundi vera. Ef fært reyndist að ná samningum um þetta mál við skipa-

félögin, yrði sú skipan mála, sem hér er um rætt, til hins mesta hagræðis fyrir Austfirðinga og verður enda að teljast sanngirnismál.

Í sambandi við umskipunarhöfn á Austfjörðum má á það benda, að oft hefur Reyðarfjörður verið nefndur í því sambandi. Kemur þar bæði til góð höfn og lega fjarðarins, einkum með tilliti til dreifingar um Hérað og einnig til hinna fjarðanna. En sjálfsagt er að kanna aðstöðu hinna ýmsu staða til þessa hlutverks og staðsetja svo umhleðsluhöfnina þar, sem bezt þætti, að þeim athugunum loknum, þó að á þetta sé bent hér.

Sþ. 265. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um umferðarkennslu í söng.

Flm.: Helgi Seljan Friðriksson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna, hvort ekki muni fært að taka upp umferðarkennslu í söng við þá barnaskóla, þar sem ekki eru starfandi söngkennarar.

Greinargerð.

Mjög víða, einkum við smærri skóla landsins, er skortur á kennurum, sem kennt geta söng, og það jafnt þótt tíð kennaraskipti hafi orðið og það hverju sinni auglýst, að þörf væri á slíkum kennara. Verður þetta þá til þess, að við þá skóla er engin söngkennsla, nema þá að um utanaðfengna krafta sé að ræða. En mjög víða er því ekki heldur til að dreifa.

Þessi skortur á kennurum með söngkennarapróf stafar fyrst og fremst af því, að mjög fátítt er, að kennarar stundi söngkennaranám með venjulegu námi í kennaraskólanum, en af því leiðir, að mjög lítill hluti útskrifaðra kennara hefur slíka sérmenntun. Flestir þeirra fara þá til starfa við hina stærri skóla.

Fyrirsjáanlegt er, að á næstunni verður sami skortur á söngkennslu barna í fjölmörgum skólum og að þeim skólum muni ekki fækka, sem verða að fella söng af námsskrá sinni.

Það verður að teljast mikil vöntun í nám barna og skólalíf allt, ef söngur er þar felldur niður, og á því er brýn nauðsyn að ráða einhverja bót. Með þessari tillögu er bent á eina leið, en að öðru leyti ekkert ákveðið um nánari framkvæmd hennar. En það er markmið hennar að fá söngkennara til þess að kenna söng við hina ýmsu skóla nokkurn tíma á hverjum stað á vetri hverjum, eftir því sem henta þykir á hverjum stað og tíma. Á það má að lokum benda, að slík umferðarkennsla, þó að í öðrum óskyldum greinum hafi verið, hefur gefizt vel.

Ed. 266. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Almennar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram fjórða hvert ár, síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Kjörskrár til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í hreppum í marzmánuði á því ári, sem kosning fer fram. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrárnar gilda frá 17. maí það ár, sem þær eru samdar, til 16. maí næsta árs á eftir.

Þegar kosningar fara fram samkvæmt 5. gr., ákveður ráðherra, hvenær kjörskrár skuli samdar, ef kjörskrár, samdar samkvæmt 1. mgr., eru úr gildi fallnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 81 23. júní 1936, fara bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í kauptúnahreppum fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en í öðrum hreppum síðasta sunnudag í júnímánuði. Á þessu eru ýmsir annmarkar. Veðráttu er þannig háttað hér á landi, að í janúarmánuði má jafnan vænta þess, að veður og færð hamli kjörsókn eða kosningar farist fyrir á kjördegi af þeim sökum, svo sem átt hefur sér stað. Í annan stað er kosið í janúarmánuði eftir 11 mánaða gamalli kjörskrá. Enn má benda á það, sem ekki er veigaminnst, að ávallt eru einhverjir, sem annars fullnægja kosningarréttarskilyrðum, sem eiga hvergi rétt á að vera á kjörskrá, en aðrir hins vegar á tveim stöðum, þar sem kosningar í janúar og júní fara ekki eftir kjörskrám, sem samdar eru samtímis. Sá, sem fluttist úr sveitahreppi í kaupstað eða kauptúnahrepp á tímabilinu marz 1957 til 1. janúar s. l., átti ekki rétt á, samkvæmt gildandi lögum, að vera á kjörskrá, sem kosið var eftir í janúar s. l. Hann á heldur ekki rétt á að vera á kjörskrá, sem kosið verður eftir í hreppi þeim, sem hann fluttist frá. Hins vegar verður sá á kjörskrá á tveim stöðum, sem flyzt úr kaupstað eða kauptúnahreppi í sveitahrepp 1. marz 1957 til febr. 1958. Þetta leiðir af því, að í kaupstöðum og kauptúnahreppum var kosið eftir kjörskrám, sem samdar voru í febrúar 1957, en í sveitahreppum verður í vor kosið eftir kjörskrám, sem samdar eru í febrúarmánuði 1958, og þá eina skal á kjörskrá taka, sem auk almennra kosningarréttarskilyrða eru búsettir í þeirri kjördeild, er kjörskrá er samin.

Sá háttar er nú hafður, að Hagstofa Íslands semur kjörskrár miðað við manntal 1. des., en bæjarstjórnir og hreppsnefndir endurskoða þær og lagfæra þannig, að þær miðist við búsetu í febrúar. Hins vegar telur hagstofustjóri ekki unnt að lúka þætti hagstofunnar í samningu kjörskránna fyrr en um eða eftir febrúarlok. Er því lagt til, að þær skuli samdar í marzmánuði.

Engin þörf er á því að semja kjörskrár á hverju ári, svo sem lögákveðið er. Slíkt mun heldur ekki gert yfirleitt.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að kosningar til bæjarstjórna og hreppsnefnda fara fram samtímis um allt land og kosið verði eftir kjörskrám, sem samdar eru samtímis. Verður þá komizt hjá þeim annmörkum, sem að framan greinir. Ætla má, að síðari hluti maímánaðar sé heppilegur tími, bæði vegna veðráttu og almennra atvinnuhátta.

Nd. 267. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til laga um húsnæði fyrir félagsstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. — Ragnh. Helgadóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. febr. 1958.

Steingrímur Steinþórsson, form.	Gunnar Jóhannsson, fundaskr.	Benedikt Gröndal, frsm.

Kjartan J. Jóhannsson.

Ed. 268. Breytingartillögur [97. mál]

við frv. til l. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Nú hefur verkamaður misst atvinnu sína af ofangreindum ástæðum og honum býðst annað starf, sem hann óskar að taka, og er hann þá ekki bundinn af ákvæðum 3. málsgr. 1. gr. um uppsagnarfrest, enda tilkynni hann strax atvinnurekandanum, ef hann ræður sig hjá öðrum til frambúðar.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Nd. 269. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Gunnlaugi Þórðarsyni.

Við 50. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: og eigi að nauðsynjalausu hægar en 25 km á klukkustund.

Sþ. 270. Fyrirspurn [135. mál]

til félagsmálaráðherra um endurskoðun laga um verkamannabústaði.

Frá Eggert Þorsteinssyni.

Hvað líður endurskoðun laganna um verkamannabústaði?

Nd. 271. Frumvarp til laga [136. mál]

um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, Byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem nemi allt að 100 milljónum króna árlega næstu 10 ár. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkur, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkur, allt að 50 millj. kr. á ári, verði með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar.

2. gr.

10. gr. 1. málsgr. laganna verður svo hljóðandi:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í veðdeild Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum.

3. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Útlendingar, sem hafa landvistar- og atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir, skulu fá skyldusparnað sinn endurgreiddan, er þeir hverfa af landi brott.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skal heimilt að gefa út sparimerki, og skulu atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur þá skyldir til að greiða tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar.

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattyfirvald ákveður, á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga, um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattyfirvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi skulu renna til Byggingarsjóðs ríkisins eða veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, eftir því sem við á.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

Sett skulu í reglugerð glögg ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

5. gr.

Á eftir 24. gr. laganna komi ný grein, sem verði 25. gr., svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10000.00, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákveðið hefur verið að innheimta skyldusparnað með sölu sparimerkja frá 1. janúar 1958.

Lög nr. 42 frá 1957, um húsnæðismálastofnun o. fl., hafa hvorki að geyma ákvæði um viðurlög við vanrækslu sparimerkjakaupa, samkvæmt III. kafla laganna, né heldur um það, hver skuli bera kostnað af framkvæmd á ákvæðum téðs kafla um sparnað til íbúðabygginga.

Nauðsynlegt er að koma á ströngu eftirliti með framkvæmd skyldusparnaðar, ella má búast við, að hann verði vanræktur að meira eða minna leyti og nái því ekki tilgangi sínum. Til þess að framkvæma slíkt eftirlit er óhjákvæmilegt að heimila allströng viðurlög, ef út af er brugðið ákvæðum laga og reglugerða hér að lútandi.

Þar eð Byggingarsjóður ríkisins og veðdeild Búnaðarbankans verða að svara út öllu því fé, sem safnast með skyldusparnaði, að viðbættri verðlagsvísitölu og fullum vöxtum, verður ekkert fé fyrir hendi hjá byggingarsjóðnum eða veðdeildinni til greiðslu þess kostnaðar, sem framkvæmd skyldusparnaðarins hefur í för með sér. Er því lagt til, að sá kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Hliðstæð regla þessu gildir um framkvæmd orlofslaga. Stofnkostnaður, prentun og útgáfa sparimerkjabóka, sparimerkja o. fl. í því sambandi, mun nema um kr. 170000.00.

Skal nú vikið að einstökum greinum.

Um 1. gr.

Sú ein breyting felst í greininni, að vextir af umræddum bankavaxtabréfum skuli ekki vera vísitölubundnir, svo sem nú er fyrir mælt í 4. gr. 2. mgr. Þar eð ómögulegt er að framkvæma vísitölubundna vaxtagreiðslu af slíkum bréfum, virðist óhjákvæmilegt að breyta ákvæðum þessum eins og hér er lagt til.

Um 2. gr.

Sú ein breyting er á 10. gr. 1. mgr., að á eftir fyrstu setningu er bætt nýrri setningu, sem kveður skýrar á um skyldusparnaðartímabilið. Skoðanir voru skiptar um það, hvort greinin eins og hún hljóðar í lögunum, legði fyrir um skyldusparnað í 9 eða 10 ár. Ætlunin mun hafa verið, að skyldusparnaðartímabilið væri 10 ár. Með þessari breytingu er tekinn af allur vafi um þetta atriði.

Um 3. gr.

Nauðsyn þykir að undanþiggja útlendinga skyldusparnaði, þó aðeins á þann hátt, að þeir fái endurgreiddan skyldusparnað sinn, ef þeir hverfa af landi brott.

Um 4. gr.

Grein þessi hefur að geyma heimild til að beita viðurlögum vegna vanrækslu sparimerkjakaupa og heimild til þess að skylda þá, sem háðir eru skyldusparnaði, til þess að gera grein fyrir sparimerkjaeign sinni, að viðlögðu 200 króna gjaldi. Hvort tveggja er nauðsynlegt, svo að við verði komið fullnægjandi eftirliti með framkvæmd skyldusparnaðarins.

Loks er ákvæði um, að ríkissjóður greiði allan kostnað af framkvæmd skyldusparnaðarins.

Um 5. og 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 272. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um endurskoðun löggjafar um stjórnarráð Íslands.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu fimm menn til að endurskoða löggjöf um stjórnarráð Íslands og gera tillögur um skipun ráðuneyta og skiptingu starfa á milli þeirra.

Greinargerð.

Löggjöf um stjórnarráð Íslands er mjög í molum, og hefur skipun ráðuneyta eða stjórnardeilda orðið mjög með öðrum hætti en þar er ráðgert. Ráðuneytum hefur verið fjölgað með ákvörðun einstakra ríkisstjórna eða jafnvel ráðherra. Leikur það orð á, að stundum hafi vandi við val milli tveggja manna í eitt embætti orðið til þess, að ráðuneytum væri fjölgað, svo að forstöðumennirnir yrðu tveir í stað eins áður. Í öðrum tilfellum hafa jafnvel enn veigaminni ástæður leitt til stofnunar nýs ráðuneytis.

Þvílík lausatök á hinni æðstu stjórn landsins eru óheppileg, hvernig sem á er litið. Efnt hefur verið til aukins kostnaðar, án þess að nokkur trygging væri fyrir bættum afgreiðsluháttum. Á stundum hefur hið gagnstæða beinlínis orðið afleiðingin. Með fjölgun starfsmanna og flóknara kerfi hefur málsmeðferð orðið lakari en áður.

Af augljósri fjársóun og skriffinnsku í sjálfu stjórnarráðinu hefur leitt, að mun erfiðara hefur verið að standa á móti sams konar þróun í ríkiskerfinu að öðru leyti. Eftir höfðinu dansa limirnir. Brýn nauðsyn er því til, að nýrri skipan verði komið á starfshætti í stjórnarráði Íslands. Æskilegast er, að þær umbætur verði lögfestar með samráði og samvinnu ríkisstjórnar og stjórnarandstæðinga, svo að líkur verði fyrir meiri festu í þessum efnum en verið hefur. Þess vegna er hyggilegt, að sérstök nefnd verði kosin með þeim hætti, svo sem hér er lagt til, í því skyni að annast hina nauðsynlegu endurskoðun.

Nd. 273. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um húsnæði fyrir fæðingarheimili Reykjavíkurbæjar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, sem hefur verið afgreitt frá hv. Ed., og mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Ragnhildur Helgadóttir var ekki á fundi vegna veikinda.

Alþingi, 26. febr. 1958.

Steingr. Steinþórsson, form., frsm.
Gunnar Jóhannsson, fundaskr.
Benedikt Gröndal.
Kjartan J. Jóhannsson.

Ed. 274. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 19 13. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

1. gr.

1. 3. tölul. 1. gr. laga nr. 19 1955 orðist svo:
   Dala- og Barðastrandarumdæmi: Skógarstrandarhreppur í Snæfellsnessýslu, Dalasýsla, Austur- og Vestur-Barðastrandarsýsla.
2. 4. tölul. 1. gr. laga nr. 19 1955 orðist svo:
   Ísafjarðarumdæmi: Ísafjarðarsýslur, Ísafjarðarkaupstaður og Árneshreppur í Strandasýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að sú breyting verði gerð á umdæmum dýralækna, að Vestur-Barðastrandarsýsla verði sameinuð Dalahéraði í stað þess að vera með Ísafjarðarhéraði, eins og nú er ákveðið í lögum. Jafnframt verði nafn umdæmisins: Dala- og Barðastrandarumdæmi.

Er frumvarp þetta flutt samkvæmt ósk bænda, búnaðarfélaga og kaupfélaga, bæði í Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu. Það er álit þessara aðila, að mjög miklir erfiðleikar séu á því, að dýralæknir, búsettur við Ísafjarðardjúp, geti sinnt Barðastrandarsýslu á viðunandi hátt, vegna erfiðra samgangna. Hins vegar væri dýralæknir, búsettur í Austur-Barðastrandarsýslu og þá væntanlega í Króksfjarðarnesi, vel settur fyrir bæði sýslufélögin, Dalasýslu og Barðastrandarsýslu.

Nd. 275. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 67 17. júlí 1946, um iðnlánasjóð.

Flm.: Magnús Jónsson, Jóhann Hafstein.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum stofnlánum. Helmingur gjalds af innlendum tollvörutegundum, sem á er lagt með sérstökum lögum, rennur til sjóðsins.

2. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Iðnaðarmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn iðnlánasjóðs, en felur Iðnaðarbanka Íslands h/f stjórn hans og meðferð, svo sem lánveitingar, vörzlu, bókhald, innheimtu og útborganir. Er iðnlánasjóður sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu. Lán úr sjóðnum skal veita eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Lán veitast iðnrekendum og iðjurekendum, sem erfitt eiga um lántöku á annan hátt, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum) og til að koma upp nauðsynlegum húsum fyrir rekstur sinn.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Lánin skulu tryggð með veði í hinum keyptu munum eða fasteignum eða á annan hátt, sem sjóðsstjórnin telur tryggan.

5. gr.

Fyrir orðið „atvinnumálaráðherra“ í 9. gr. laganna komi: iðnaðarmálaráðherra.

6. gr.

12. gr. laganna falli niður.

7. gr.

Í stað síðari málsliðar 13. gr. laganna komi:

Sjóðsstjórnin skal hafa eftirlit með því, að fasteign, sem sett er að veði fyrir láni úr sjóðnum, sé jafnan vel við haldið. Ef veði er ekki haldið vel við, svo að hætta getur verið á, að það verði ekki næg trygging fyrir láni úr sjóðnum, getur sjóðsstjórnin sagt því upp fyrirvaralaust.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá því að iðnlánasjóður tók fyrst til starfa, samkvæmt lögum frá 1935, hefur sjóðurinn verið svo til eina lánsstofnun í landinu, sem veitt hefur iðju og iðnaði samningsbundin lán til langs tíma og með hagstæðum vaxtakjörum. Hefur starfsemi sjóðsins því komið mörgum að góðum notum, svo langt sem hún hefur náð. Frá byrjun hefur starfsfé sjóðsins verið allt of lítið, enda þarfir iðnaðarins fyrir aukið lánsfé vaxið með ári hverju.

Þróun iðnaðarins hefur verið sérstaklega ör undanfarin ár, og er iðnaðurinn nú mikilsverður þáttur í atvinnulífi landsmanna, þriðji höfuðatvinnuvegurinn við hlið landbúnaðar og sjávarútvegs. Með því að auka fjárráð iðnlánasjóðs eru iðju og iðnaði veittir auknir möguleikar til nauðsynlegrar fjárfestingar.

Eðlilegt virðist vera að binda starfsemi iðnlánasjóðs við fjárfestingarlán (stofnlán), þar sem það á fyrst og fremst að vera í verkahring Iðnaðarbankans og annarra bankastofnana að veita iðnaðinum nauðsynleg rekstrarlán.

Með frv. þessu er lagt til, að lögum um iðnlánasjóð verði breytt þannig, að sjóðurinn veiti framvegis eingöngu stofnlán til nýrra og eldri iðju- og iðnfyrirtækja í landinu, þ. e. a. s. til kaupa á vélum, stærri áhöldum og til þess að koma upp nauðsynlegum húsakosti. Er samtímis gert ráð fyrir því, að fjárráð sjóðsins verði aukin mjög verulega. Fellt er niður hið árlega framlag ríkissjóðs, sem er 300 þús. kr. í núgildandi lögum, en lagt til, að helmingur þess gjalds, sem lagt er á innlendar tollvörutegundir, renni í iðnlánasjóð. Ætti hlutur iðnlánasjóðs af því gjaldi að nema að minnsta kosti 5—6 millj. kr. á ári. Þá er tekin upp í frv. sú tilhögun á stjórn og starfrækslu sjóðsins, sem ákveðin er í IV. kafla laga nr. 113 frá 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f. Með frv. eru og felld niður ákvæði 12. gr. laganna um iðnlánasjóð, en eftir þeim mun ekki hafa verið farið við lánveitingar úr sjóðnum.

Nd. 276. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Flm.: Magnús Jónsson, Jóhann Hafstein.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Gjald það, sem á er lagt samkvæmt þessari grein, skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og iðnlánasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Greinargerð.

Jafnhliða þessu frumvarpi er endurflutt frv. það um breyting á lögum um iðnlánasjóð, sem sjálfstæðismenn hafa áður flutt á þremur þingum, en eigi náð fram að ganga. Er þar lagt til, að iðnlánasjóður veiti framvegis eingöngu stofnlán, enda ástæðulaust, að sjóðurinn veiti rekstrarlán, eftir að Iðnaðarbankinn er kominn til sögunnar.

Það er að vonum mikið áhugamál iðnrekenda og iðnaðarmanna, að iðja og iðnaður eignist sérstakan byggingarlánasjóð, hliðstæðan stofnlánasjóðum landbúnaðar og sjávarútvegs. Er hér auðvitað um fullkomið sanngirnismál að ræða vegna hins mikla þjóðhagslega gildis þessa atvinnuvegar. Íslenzkum iðnaði hefur flevgt fram á undanförnum árum og íslenzkar iðnaðarvörur í mörgum greinum fullkomlega samhærilegar við erlenda iðnframleiðslu. Þótt einstakar greinar iðnaðarins kunni að eiga vafasaman rétt á sér, þá er það hin mesta þjóðarnauðsyn að efla sem mest heilbrigðan iðnað í landinu og tryggja íslenzkum iðnaðarmönnum viðunandi aðstöðu til þess að inna af hendi sem flesta þá þjónustu, sem ella vrði að kaupa erlendis frá.

Iðnlánasjóður er þess nú alls ómegnugur að veita nokkur teljandi lán til stofnframkvæmda í iðnaðinum, og eins og nú standa sakir, er það nær eingöngu fiskiðja, sem á kost á stofnlánum, ef undan eru skilin einstaka stórfyrirtæki, svo sem áburðarverksmiðja og sementsverksmiðja. Hið lögboðna framlag til iðnlánasjóðs hefur að vísu verið hækkað allverulega, en þó nægir sú hækkun engan veginn til þess að leggja viðunandi grundvöll að byggingarlánasjóði. Með núverandi framlagi er sjóðnum aðeins auðveldað að hlaupa undir bagga með smálánveitingum, svo sem verið hefur, því að þótt sjóðurinn hafi ekki getað veitt stórlán, hefur hann samt með lánum sínum tryggt mörgum iðnfyrirtækjum starfsgrundvöll.

Flm. þessa frumvarps telja sjálfsagt, að Alþingi mæti sanngjörnum óskum samtaka iðnrekenda og iðnaðarmanna um stofnlánasjóð, er veitt geti lán til nauðsynlegra bygginga og vélakaupa til eflingar iðju og iðnaði í landinu. Nú er lagt hátt tollgjald á ýmsar innlendar iðnaðarvörur. Fiskveiðasjóður er fyrst og fremst byggður upp af sjávarútveginum sjálfum með útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Á sama hátt sýnist eðlilegt og sanngjarnt, að iðnaðurinn njóti sjálfur að verulegu leyti þess gjalds, sem honum er gert að greiða af framleiðslu sinni. Þar sem gjald af innlendum tollvörum er allstór tekjustofn fyrir ríkissjóð, þykir flm. ekki fært að svipta ríkissjóð þessum tekjum að öllu leyti, en leggja til, að gjaldið skiptist að hálfu milli ríkissjóðs og iðnlánasjóðs.

Með hliðsjón af því, að flm. þessa frv. hafa í frv. um breyting á lögum um iðnlánasjóð lagt til, að sá sjóður verði eingöngu stofnlánasjóður, virðist heppilegra að leysa stofnfjárþörfina á þann hátt að efla iðnlánasjóð heldur en stofna nýjan byggingarlánasjóð fyrir iðnaðinn.

Sþ. 277. Þingsályktun [12. mál]

um varnir gegn brunatjóni.

(Afgreidd frá Sþ. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 15.

Sþ. 278. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um afnám tekjuskatts.

Flm.: Emil Jónsson, Benedikt Gröndal, Pétur Pétursson, Eggert Þorsteinsson, Friðjón Skarphéðinsson, Áki Jakobsson, Gunnlaugur Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna gaumgæfilega möguleika á, að tekjuskattur verði afnuminn með öllu, svo og að innheimta önnur opinber gjöld af launum, jafnóðum og þau eru greidd.

Greinargerð.

Flokksstjórnarfundur Alþýðuflokksins, sem haldinn var í Reykjavík 15. og 16. febr. s. l., gerði m. a. svofellda ályktun:

„Flokksstjórnin telur, að stefna beri að breytingum á skattakerfi landsins í þá átt að gera það einfaldara og meira í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar. Flokkurinn hvetur ríkisstjórnina til að kanna gaumgæfilega möguleika á, að tekjuskattur verði afnuminn með öllu, og beita sér fyrir því, að önnur opinber gjöld verði innheimt af launum jafnóðum og þau eru greidd."

Þessi samþykkt markar stefnubreytingu hjá Alþýðuflokknum í skattamálum. Fyrr á árum lagði flokkurinn höfuðáherzlu á stighækkandi tekjuskatt, þar sem slíkur skattur var nær eina leiðin til að leggja byrðar þjóðfélagsins á hina tekjuhærri og efnaðri borgara og jafna tekjuskiptinguna. Nú eru þessi viðhorf gerbreytt. Komið er til sögunnar umfangsmikið tryggingakerfi, sjúkrasamlög, atvinnuleysistryggingar, lífeyrissjóðir, niðurgreiðsla á ýmsum nauðsynjavörum, öflug og viðurkennd verkalýðshreyfing og fleira, sem stuðlar að þeirri réttlátu tekjudreifingu og þeirri tryggingu efnahagslegs öryggis, sem frá öndverðu hefur verið ein meginhugsjón Alþýðuflokksins.

Þýðing tekjuskattsins er og gerbreytt. Hann er orðinn lítill hluti ríkisteknanna, en mikill meiri hluti þeirra eru óbeinir skattar. Atvinnuvegir landsmanna eru orðnir svo fjölbreyttir og tekjustofnar einstaklinga svo margbreytilegir, að það er ýmsum atvikum háð, hvaða tekjur eru gefnar upp til skatts og hverjar eru það ekki. Þannig hefur skapazt í þjóðfélaginu verulegt misrétti, sem er fastlaunafólki í óhag. Stafar þetta af þeirri staðreynd, að mikill hluti skattgreiðenda hikar ekki við að telja rangt fram, og sýnir það bezt, að skatturinn er ekki í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar. Af þessum sökum væri það veruleg bót að losna við hann.

Þá er hins að geta, að neyzla landsmanna og lífnaðarhættir eru þannig, að tvímælalaust má leggja óbeina skatta á vörur og viðskipti þannig, að réttlátlega komi niður á þegnana eftir efnum og ástæðum. Þeir, sem mest leyfa sér og ríkulegast lifa, hljóta að greiða mest í slíkum sköttum. Er þess og að minnast, að innheimta óbeinna skatta er stórum ódýrari fyrir ríkið en innheimta beinna skatta.

Alþýðuflokkurinn væntir þess, að þessi breyting á skattheimtu ríkisins reynist

framkvæmanleg og verði fyrsta skrefið í áttina til þess, að beinir skattar verði afnumdir með öllu.

Seinni liður tillögunnar, um að þeir beinu skattar, sem lagðir eru á á hverjum tíma, verði innheimtir jafnóðum og laun eru greidd, er gamalt mál, sem Alþýðuflokkurinn og ýmsir aðrir hafa hreyft. Þarf ekki frekari rökstuðning fyrir þeim lið, enda röksemdir í málinu alkunnar.

Nd. 279. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum nr. 94 27. des. 1956, um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Jóhann Hafstein, Sigurður Ágústsson, Magnús Jónsson.

Við 1. gr. laganna bætist:

Tvö af fyrstu fjórum skipunum, sem samið verður um, skulu vera tveggja þilfara af þeirri gerð, sem tekur vörpuna inn yfir skutinn.

Greinargerð.

Gerð togara hefur tiltölulega lítið breytzt, frá því að togveiðar hófust hér við land, að öðru leyti en því, að skipin hafa stækkað og vélaafl aukizt. Nokkur ár eru þó frá því að hugmyndir komu fram um tveggja þilfara togara, bæði hér á landi og í Englandi. Englendingar breyttu tundurspilli í togara eftir síðari heimsstyrjöldina og hafa síðan byggt fleiri skip af svipaðri gerð. Þá hafa Rússar látið byggja nokkur skip með líku lagi, og nú nýverið hafa Þjóðverjar látið byggja þrjú skip með þessu lagi. Ýmsir byrjunarörðugleikar voru í fyrstu við þessa aðferð togveiða, en svo er að sjá sem bæði Þjóðverjum og Englendingum hafi nú tekizt að sigrast á þeim.

Þessi nýju skip hafa svo marga kosti fram yfir eldri gerð togara, að sjálfsagt er fyrir okkur að fá eins fljótt og unnt er a. m. k. tvö skip af þessari gerð til þess að fá samanburð á útgerð þeirra og nýrra skipa af eldri gerð. Meðal kostanna má telja, að svo virðist sem slysahætta ætti að vera mun minni á þessum skipum en eldri gerð togara og vinnuskilyrði öll ólíkt betri.

Nd. 280. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til farsóttalaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 27. febr. 1958.

Steingr. Steinþórsson, form.	Gunnar Jóhannsson, fundaskr.	Kjartan J. Jóhannsson, frsm.
Ragnhildur Helgadóttir.	Benedikt Gröndal.	

Nd. 281. Frumvarp til laga [97. mál]

um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Nú hefur verkamaður, iðnlærður eða óiðnlærður, sem fær laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða lengur, og ber honum þá eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum.

Tíma- eða vikukaupsmaður telst hafa unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár, ef hann hefur unnið hjá honum samtals a. m. k. 1800 klukkustundir á síðustu 12 mánuðum, þar af a. m. k. 150 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn. Jafngildar unnum klukkustundum teljast í þessu sambandi fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla og verkbanna, allt að 8 klst. fyrir hvern fjarvistardag.

Launþega, sem rétt á til uppsagnarfrests samkvæmt þessari grein, skal skylt að tilkynna með eins mánaðar fyrirvara, ef hann óskar að hætta störfum hjá atvinnurekanda sínum.

Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót.

2. gr.

Nú fer verkamaður fyrir tilmæli atvinnurekanda, sem hann vinnur hjá, til starfs um tíma hjá öðrum atvinnurekanda, og skal þá sá tími talinn unnar vinnustundir hjá hinum fyrrtalda atvinnurekanda, að því er réttindi þau snertir, sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 150 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.

Nú hefur verkamaður misst atvinnu sína af ofangreindum ástæðum og honum býðst annað starf, sem hann óskar að taka, og er hann þá ekki bundinn af ákvæðum 3. málsgr. 1. gr. um uppsagnarfrest, enda tilkynni hann strax atvinnurekandanum, ef hann ræður sig hjá öðrum til frambúðar.

4. gr.

Fastir starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa.

5. gr.

Nú vill launþegi neyta réttar síns samkvæmt 1. og 4. gr., og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið, er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

6. gr.

Ákvæði laga þessara hagga ekki samningum milli samtaka atvinnurekanda og launþega um greiðslu atvinnurekanda á sjúkrapeningum til starfsmanna sinna, hvort sem þeir eru greiddir til styrktarsjóða, stéttarfélaga eða beint til þeirra sjálfra.

7. gr.

Ákvæði samnings milli atvinnurekanda og launþega, sem brjóta í bág við lög þessi, eru ógild, ef þau rýra rétt launþegans.

Haldast skulu þau réttindi, sem veitt eru með sérstökum lögum, samningum eða leiðir af venju í einstökum starfsgreinum, ef þau eru launþega hagstæðari en ákvæði þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 86. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Nd. 282. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á verzlunarviðskiptum við herlið Bandaríkjanna og verktaka þess á Íslandi.

Flm.: Einar Olgeirsson, Karl Guðjónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa fimm manna rannsóknarnefnd innandeildarmanna samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka:

1) hvaða sala á þeim varningi, er herlið Bandaríkjanna á Íslandi eða verktakar í þjónustu þess hafa flutt inn tollfrjálst, hefur farið fram með leyfi íslenzkra stjórnarvalda;

2) hvort farið hafi verið að lögum og settum reglum um þau viðskipti;

3) hvers vegna hluti af þeim viðskiptum sé framkvæmdur af öðrum aðilum en þeim, sem ríkisstjórnin hefur falið þessa verzlun;

4) hvaða einkaaðilar séu kaupendur og hvern ágóða þeir muni hafa haft af þeim viðskiptum.

Nefndin skal hafa það vald, sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum.

Nefndin skal að rannsókn lokinni gefa deildinni ýtarlega skýrslu um störf sín og niðurstöður.

Greinargerð.

Það hefur verið regla, að þær vörur, sem herlið Bandaríkjanna á Íslandi flytur inn tollfrjálst, megi einungis láta af hendi á Íslandi samkvæmt sérstakri heimild ríkisstjórnarinnar og þá með þeim skilyrðum, er tollyfirvöldin setja. Í framkvæmdinni hefur það samkvæmt yfirlýsingu fjármálaráðherra verið eitt þessara skilyrða, að slíkar vörur séu afhentar ríkisstjórninni til þess að selja þær aftur út innanlands.

Samkvæmt frásögn dagblaðsins Tímans 26. febr. s. l. hefur ákveðið nafngreint fyrirtæki flutt s. l. haust „út af Keflavíkurflugvelli alls konar varning, m. a. vélar og bíla, fyrir fleiri hundruð þúsund krónur". Telur blaðið, að hér muni vera um að ræða „varning, sem að matsverði er talinn a. m. k. 600000 króna virði". Eftir nánari athugun fullyrðir blaðið síðan 27. febr., að líklegt sé, að þessi varningur „hafi verið seldur aftur með milljónagróða". Krefst blaðið rannsóknar á, hvert þessar vörur hafi farið og fyrir hvaða verð, hvað nafngreind fyrirtæki hafi grætt mikið fé á þessum viðskiptum, hver hlutur einstaklinga sé í þeim gróða og hvort öll kurl komi þar til grafar samkvæmt skattalöggjöf og verðlagsákvæðum.

Samkvæmt frásögn dagblaðsins Morgunblaðsins 22. febr. s. l. er talið, að viðskipti hafi farið fram við herliðið á Keflavíkurflugvelli, er geti gefið vissum aðilum „milljóna- eða milljónatuga hagnað" og baki ríkissjóði stórtjón.

Það er því brýn þörf á, að rannsókn fari fram á þeim verzlunarviðskiptum, sem fram hafa farið við herlið Bandaríkjanna hér á landi og/eða verktaka þess, og almenningur fái að vita hið sanna í þessum efnum, en þing og stjórn fái aðstöðu til þess að grípa til þeirra aðgerða, er nauðsynlegar kunna að verða í þessu máli.

Er því lagt til, að deildin skipi rannsóknarnefnd samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að kryfja þetta mál allt til mergjar.

Nd. 283. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Gunnari Jóhannssyni.

Við 28. gr. Síðasti málsl. 1. málsgr. orðist svo:

Þeir unglingar, sem náð hafa 14 ára aldri, mega þó án ökuskírteinis aka dráttarvél, þegar hún er notuð við jarðyrkju- eða heyskaparstörf utan alfaravegar.

Nd. 284. Lög [94. mál]

um húsnæði fyrir félagsstarfsemi.

(Afgreidd frá Nd. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 180.

Ed. 285. Frumvarp til laga [144. mál]

um löggilding verzlunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Að Skriðulandi við vegamót Vesturlandsvegar og Skarðsstrandarvegar í Saurbæjarhreppi í Dalsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þá er atvinnumálaráðuneytið hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905 og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð.

Eitt af elztu samvinnufélögum á landinu, Kaupfélag Saurbæinga í Dalasýslu, er 60 ára um þessar mundir. Aðalhvatamaður að stofnun þess var Torfi heitinn Bjarnason, skólastjóri í Ólafsdal. Félagið hefur um áratuga skeið rekið verzlun við Salthólmavík hjá Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi. Þar er löggiltur verzlunarstaður frá 1895, sbr. lög nr. 41 frá 13. des. það ár. Hafnarskilyrði eru þar engin að segja má, enda Gilsfjörður grunnur og útfiri mikið. Hefur uppskipun á vörum því reynzt mjög erfið og kostnaðarsöm þrátt fyrir mikinn dugnað og atorku margra Saurbæinga, sem þar hafa lagt fram krafta sína við hin verstu skilyrði. Það varð því

að ráði að flytja verzlunarstaðinn upp í sveitina, þar sem hann liggur vel við samgöngum á landi. Keypti félagið landspildu að Máskeldu í Saurbæ við vegamót Vesturlandsvegar og Skarðsstrandarvegar. Þar hefur nú verið reist myndarlegt nýtízku verzlunarhús á skömmum tíma. Var það vígt í 60 ára afmælisfagnaði kaupfélagsins fyrir stuttu og staðnum valið nafnið Skriðuland. Er það von manna, að þar megi verzlun og viðskipti Saurbæinga njóta hagsældar á komandi árum.

Frumvarp þetta er flutt til að löggilda hinn nýja verzlunarstað.

Sþ. 286. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um vita við Ísafjarðardjúp.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta auka ljósmagn vitanna við Ísafjarðardjúp, þannig að þeir fullnægi betur þörfum sjósóknar og siglinga á þessum slóðum. Jafnframt verði sett upp ratsjá á Arnarnesi eða öðrum þeim stað, þar sem sérfróðir menn telja mest gagn að slíku öryggistæki.

Greinargerð.

Um það hafa hvað eftir annað borizt kvartanir frá sjómönnum í verstöðvunum við Ísafjarðardjúp, að landtökuvitarnir á Arnarnesi við Skutulsfjörð og Óshólum við Bolungavík hefðu allt of lítið ljósmagn, að þeim væri því engan veginn það öryggi, sem nauðsynlegt er. Fjöldi báta stundar fiskveiðar frá þessum verstöðvum, og mikil umferð er einnig af öðrum skipum á þessum slóðum. Til þess ber þess vegna brýna nauðsyn, að ljósmagn fyrrgreindra vita verði aukið verulega. Enn fremur er nauðsynlegt að auka ljósmagn vitans á Sléttu í Jökulfjörðum.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja því til, að ríkisstjórninni verði falið að framkvæma þessa umbót, að sjálfsögðu með aðstoð og í samráði við vitamálastjórnina, sem þessi mál heyra öll undir. Enn fremur leggja flutningsmenn til, að sett verði upp ratsjá á Arnarnesi eða öðrum þeim stað við Ísafjarðardjúp, þar sem sérfræðingar teldu mest gagn að slíku öryggistæki. Mundi bæði fiskibátum og flugsamgöngum við Vestfirði verða að því mikið gagn. Aðeins örfáir fiskibátar hafa fengið ratsjá. Slíkt öryggistæki á hentugum stað á landi mundi þess vegna tvímælalaust vera mjög mikils virði fyrir sjómenn og siglingar um Ísafjarðardjúp.

Um það verður ekki deilt með rökum, að lélegir og daufir vitar eru stórhættulegir öryggi sjófarenda. Flutningsmenn vænta því, að tillögu þessari verði vel tekið og hrundið í framkvæmd hið bráðasta.

Nd. 287. Frumvarp til laga [146. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aikman, John, nemandi í Reykjavík, f. í Skotlandi 13. janúar 1939.
2. Andreasen, Andreas Johannes Michael, verkamaður í Sælingsdalstungu í Dalasýslu, f. í Færeyjum 1. janúar 1886.

3. Arnet, Willi Franz Olaf, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Síberíu 18. júní 1915.
4. Berg, Ágúst, verkstjóri á Akureyri, f. í Kanada 20. ágúst 1910.
5. Bergner, Irma Johanna Karla, aðstoðarstúlka hjá tannlækni í Neskaupstað, f. í Þýzkalandi 20. júní 1914.
6. Block, Gertrud Frieda, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 8. júlí 1920.
7. Briem, Christiene, húsmóðir í Reykjavík, f. í Indónesíu 26. marz 1929.
8. Christensen, Christian Harald Hyldal, verzlunarstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 18. júlí 1910.
9. Christiansen, Niels Holm, þvottahúseigandi í Reykjavík, f. í Danmörku 26. apríl 1922.
10. Cogan, Teresa, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 18. desember 1926. (Fær réttinn 10. júlí 1958.)
11. Daugaard, Frieda Elisabeth, starfsstúlka, Ytri-Njarðvík, f. í Þýzkalandi 16. september 1901.
12. de Fontenay, Jean Robert Edouard le Sage, héraðsráðunautur, Hvanneyri í Borgarfirði, f. á Íslandi 12. júní 1929.
13. Fredriksson, Iris Gunborg, húsmóðir á Akureyri, f. í Svíþjóð 21. september 1932.
14. Graef, Martha Emma Johanna, húsmóðir að Neðra-Seli í Landmannahreppi, f. í Rúmeníu 20. febrúar 1924.
15. Hansen, Gunnar Robert, leikstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 25. júlí 1901.
16. Häfner, Ursula Elfriede, húsmóðir í Hveragerði, f. í Þýzkalandi 30. apríl 1922.
17. Hübner, Lotte Erika, húsmóðir að Hlíð í Svarfaðardal, f. í Þýzkalandi 27. júní 1921.
18. Jacobsen, Kjartan Frits, verkamaður á Álafossi, f. í Færeyjum 3. nóvember 1922.
19. Jeising, Josepha Bernardina (Maria Agnella), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. marz 1905.
20. Jónbjörn Gíslason, múrari á Akureyri, f. á Íslandi 22. júlí 1879.
21. Kivi, Vuokko Tellervo, húsmóðir í Reykjavík, f. í Finnlandi 28. desember 1925.
22. Kjerumgaard, Börge Egon, veitingamaður í Hafnarfirði, f. í Danmörku 7. desember 1914.
23. Kyvik, Arnulf Harald, trúboði, Selfossi, f. í Noregi 22. nóvember 1903.
24. Kyvik, Magny, húsmóðir á Selfossi, f. í Noregi 1. ágúst 1900.
25. Leussink, Gerda Harmina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Hollandi 11. apríl 1923.
26. Malmquist, Liesel, húsmóðir á Akureyri, f. í Þýzkalandi 7. febrúar 1929.
27. Morgalla, Anna Victoria (Maria), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 23. desember 1898.
28. Mortensen, Daniel Jacob, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 31. ágúst 1922.
29. Pampichler, Paul Ferdinand Mathias, hljómlistarmaður í Reykjavík, f. í Austurríki 9. maí 1928.
30. Petersen, Joen Peter, iðnverkamaður á Akureyri, f. í Færeyjum 18. desember 1924.
31. Polaszek, Anna (Maria Emiliana), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Póllandi 14. júlí 1906.
32. Rasmussen, Alfred Emilius, skósmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. september 1904.
33. Rasmussen, Bent, sjómaður í Reykjavík, f. í Danmörku 12. nóvember 1938.
34. Rasmussen, Hanne Cathrine, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 26. október 1914.
35. Rasmussen, John, sjómaður, Reykjavík, f. í Danmörku 25. desember 1936.
36. Rasmussen, Minne Margarethe, ráðskona í Reykjavík, f. í Danmörku 1. september 1907.
37. Rasmussen, Niels Jakob, skósmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 4. janúar 1908.
38. Rossebö, Johan, verkamaður á Akureyri, f. í Noregi 11. október 1921.

39. Schröder, Rosemarie Martha Frieda, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 7. marz 1925.
40. Schulz, Elisabeth Maria, húsmóðir í Grafarnesi í Grundarfirði, f. í Þýzkalandi 11. janúar 1923. (Fær réttinn 7. maí 1958.)
41. Schweigkofler, Theresa (Maria Elisabeth), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. á Ítalíu 10. febrúar 1915.
42. Sedlacek, Georgine, húsmóðir í Reykjavík, f. í Austurríki 25 marz 1935.
43. Sepp, Karl, lögfræðingur, Hafnarfirði, f. í Rússlandi 29. nóvember 1913.
44. Shirreffs, George, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 18. nóvember 1945.
45. Shirreffs, Mary Oliver, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 24. október 1949.
46. Shirreffs, Paul, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 22. apríl 1947.
47. Shirreffs, William, bólstrari í Reykjavík, f. í Skotlandi 25. nóvember 1921.
48. Shirreffs, William James, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 21. nóvember 1943.
49. Stieborsky, Georg, múraranemi í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 3. október 1928.
50. Suchy, Adelheid Josefine (Maria Apollonia), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 19. marz 1911.
51. Thom, Odd Kristian, sjómaður, Reykjavík, f. í Noregi 9. september 1918.
52. Valen, Bjarne Linfred, bóndi í Hjarðarnesi, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, f. í Noregi 22. marz 1913.
53. Volkmer, Margarethe Anna (Maria Lydia), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 3. júní 1908.
54. Wyrwich, Georg, verkamaður, Syðri-Reykjum í Biskupstungum, f. í Þýzkalandi 2. janúar 1930.
55. Young, Gordon Alan, rafvirki í Garðahreppi, f. í Englandi 31. marz 1920.
56. Zirke, Erna Anna Else, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 22. júní 1913. (Fær réttinn 7. apríl 1958.)
57. Þorsteinn Ásgeirsson, húsamálari í Reykjavík, f. á Íslandi 9. janúar 1888.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin hefur haft til athugunar frumvarp um veitingu ríkisborgararéttar, er dómsmálaráðherra fór fram á að nefndin flytti.

Frumvarpinu fylgdu umsóknir um ríkisborgararétt frá 49 mönnum.

Nefndinni hafa borizt allmargar umsóknir um ríkisborgararétt frá öðrum en þeim, sem eru í frumvarpi dómsmálaráðherra.

Nefndin tók því þann kost að fela sérstakri nefnd, sem skipuð var 4 þingmönnum, tveimur úr allsherjarnefnd hvorrar deildar, að athuga ásamt skrifstofustjóra Alþingis allar umsóknir um ríkisborgararétt, sem nefndinni hafa borizt.

Samvinnunefndin varð sammála um, að 57 umsækjendur fullnægðu þeim reglum, sem allsherjarnefndir beggja deilda komu sér saman um á síðasta þingi. Reglurnar eru þannig:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalið.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili 10 ár, Norðurlandabúar 5 ár.
3. Maður eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.

4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan föður eða móður, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir fimm ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem ekki hafa náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Nefndin flytur því frumvarp þetta. Í frumvarpinu er lagt til, að 57 mönnum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Nokkrir umsækjenda fullnægja ekki skilyrði um dvalartíma fyrr en síðar á árinu. Er greint aftan við nöfn þessara umsækjenda, hvenær þeir öðlist ríkisborgararéttinn. Að öðru leyti er frumvarp þetta samhljóða frumvarpi dómsmálaráðherra.

Nd. 288. Breytingartillaga [86. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá Pétri Ottesen.

Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (1. gr.) 2. málsgr. 3. gr. laganna orðist þannig:
Ríkissjóður greiðir stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs að þremur fjórðu hlutum, en stofnkostnað heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla að níu tíundu hlutum.

b. (2. gr.) 15. gr. laganna orðist þannig:
Þegar heimavistarskóli gagnfræðastigs eða húsmæðraskóli nýtur ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður níu tíundu hluta upphitunarkostnaðar.

Nd. 289. Frumvarp til laga [147. mál]

um eftirlit með happdrættum og almennum fjársöfnunum.

Flm.: Pétur Pétursson.

1. gr.

Lög þessi taka til þeirra einstaklinga eða félaga, sem efna til happdrætta, merkjasölu eða samskota, þar sem leitað er til almennings um þátttöku.

2. gr.

Þeir aðilar, sem um getur í 1. gr., skulu strax að fjáröflun lokinni birta skýrslu um árangurinn í Lögbirtingablaði. Í skýrslunni skal vera vinningaskrá, ef því er að skipta, heildarupphæð fjáröflunar, kostnaður, hvert fé hafi runnið eða eigi að renna.

Sé um skyndisöfnun að ræða, skal skýrslan birt strax að söfnun lokinni, en annars einu sinni á ári og eigi síðar en 1. apríl fyrir liðið ár.

3. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd til þess að hafa með höndum eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt.

Telji nefndin, að ekki sé gerð fullnægjandi grein fyrir hagnaði af fjáröflun samkv. 1. gr. eða að honum hafi ekki verið varið í samræmi við yfirlýstan tilgang, að öllu eða einhverju leyti, skal nefndin tilkynna það tafarlaust dómsmálaráðuneytinu. Dómsmálaráðuneytið getur svipt hlutaðeigandi aðila leyfi til þess að hafa fjársöfnun með höndum um lengri eða skemmri tíma eða fyrir fullt og allt, ef um ítrekað brot er að ræða.

4. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, og má setja í reglugerðina ákvæði um gjaldskyldu þeirra, er standa fyrir fjáröflun skv. 1. gr., til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit skv. 3. gr. og um skilyrði, er fullnægja þarf til þess að mega standa fyrir slíkri fjáröflun.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða allt að 100 000 kr. sektum.

Mál út af brotum þessum skulu rekin að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á hverju ári fá fjölmargir aðilar leyfi til þess að safna fé meðal almennings með happdrættum, merkjasölu, undanþágu frá greiðslu á sköttum o. s. frv. Þetta er vitaskuld gert til þess að styrkja þau málefni, sem þessir aðilar berjast fyrir, og er hér einkum um að ræða ýmiss konar menningar-, félags- og mannúðarstarfsemi.

Á þennan hátt er geysimiklu fé safnað árlega. Nema þær upphæðir milljónatugum. Það virðist því einsýnt, að hið opinbera hafi eftirlit með því, hvernig fé þessu sé varið, og er það raunar sjálfsögð ráðstöfun, er almenningur á heimtingu á.

Með þessu er ekki verið að tortryggja þá aðila, sem nú annast þessi mál, heldur þvert á móti verið að koma í veg fyrir hugsanlega tortryggni og slúðursögur.

Ed. 290. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. — Einn nefndarmanna, P. Z., var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 5. marz 1958.

Friðjón Skarphéðinsson, form.	Alfreð Gíslason, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.

Jón Kjartansson.

Sþ. 291. Þingsályktun [9. mál]

um fjárfestingarþörf opinberra stofnana.

(Afgreidd frá Sþ. 5. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma rannsókn á fjárfestingarþörf opinberra stofnana til byggingar nauðsynlegs húsnæðis fyrir starfsemi þeirra. Jafnframt sé athugað, hve margar opinberar stofnanir hafi þurft á s. l. 10 árum að kaupa eða leigja nauðsynlegt húsnæði af einstaklingum, félögum eða öðrum opinberum aðilum og þá með hvaða kjörum.

Niðurstaða rannsóknarinnar verði lögð fyrir Alþingi svo fljótt sem kostur er.

Sþ. 292. Breytingartillögur [132. mál]

við till. til þál. um fastar skipaferðir milli Austfjarða og útlanda.

Frá Bernharð Stefánssyni, Friðjóni Skarphéðinssyni og Birni Jónssyni.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að freista þess að ná samningum við stærstu skipafélög landsins um, að þau haldi uppi reglubundnum siglingum milli útlanda og að minnsta kosti einnar hafnar í hverjum landsfjórðungi, og vinna auk þess að því, að þessar hafnir verði umskipunarhafnir.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Till. til þál. um fastar skipaferðir milli útlanda og hafna á Íslandi.

Nd. 293. Breytingartillögur [49. mál]

við frv. til l. um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá Ingólfi Jónssyni og Jóni Pálmasyni.

1. Við 4. gr. 5. tölul. orðist svo:
   Hefur ekki s. l. 3 ár verið dæmdur fyrir brot á áfengislögum.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 23. gr. Við greinina bætist:
   Þó skal þeim, sem áður hafa haft veitingaleyfi, veitt leyfi að nýju án endurgjalds.

Nd. 294. Farsóttalög. [66. mál]

(Afgreidd frá Nd. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 111.

Ed. 295. Frumvarp til laga [148. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1955.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1955 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga ..	kr.	397 500 000.00	kr. 503 769 551.22
2.	— — 3. — A. — ..	—	110 259 264.00	— 126 192 735.57
3.	— — 3. — B. — ..	—	10 000.00	— 98 660.10
4.	— — 4. — — ..	—	1 983 000.00	— 3 151 311.79
5.	— — 5. — — ..	—	4 100 000.00	— 12 814 085.44
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	2 450 000.00	— 32 638 058.73
		Kr.	516 302 264.00	Kr. 678 664 402.85

Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt 7. gr. fjárlaga ..	kr.	4 105 311.00	kr. 2 974 042.43
2.	— — 8. — — ..	—	630 425.00	— 995 152.50
3.	— — 9. — — ..	—	4 544 797.00	— 6 002 684.48
4.	— — 10. — I. — ..	—	7 129 804.00	— 10 153 475.10
5.	— — 10. — II. — ..	—	1 076 219.00	— 1 036 388.96
6.	— — 10. — III. — ..	—	6 745 384.00	— 7 788 799.29
7.	— — 11. — A. — ..	—	28 936 469.00	— 35 480 597.85
8.	— — 11. — B. — ..	—	2 306 139.00	— 1 491 236.11
9.	— — 11. — C. — ..	—	11 753 886.00	— 13 963 815.65
10.	— — 11. — D. — ..	—	550 000.00	— 814 679.84
11.	— — 12. — — ..	—	31 893 367.00	— 35 861 397.45
12.	— — 13. — A. — ..	—	48 957 175.00	— 57 993 769.59
13.	— — 13. — B. — ..	—	8 971 500.00	— 12 091 056.07
14.	— — 13. — C. — ..	—	13 239 174.00	— 14 631 803.73
15.	— — 13. — D. — ..	—	3 866 801.00	— 6 030 344.62
16.	— — 14. — A. — ..	—	9 285 371.00	— 9 708 077.61
17.	— — 14. — B. — ..	—	66 432 420.00	— 73 747 404.38
18.	— — 15. — A. — ..	—	6 182 517.00	— 6 221 854.70
19.	— — 15. — B. — ..	—	6 762 021.00	— 7 947 412.16
20.	— — 16. — A. — ..	—	37 629 959.00	— 39 761 249.06
21.	— — 16. — B. — ..	—	9 237 026.00	— 9 941 219.92
22.	— — 16. — C. — ..	—	2 506 720.00	— 2 662 861.44
23.	— — 16. — D. — ..	—	12 628 101.00	— 12 430 362.30
24.	— — 17. — — ..	—	59 900 951.00	— 61 009 833.86
25.	— — 18. — — ..	—	13 371 627.00	— 15 121 603.17
26.	— — 19. — 1. — ..	—	49 100 000.00	— 54 286 323.47
27.	— — 19. — 2. — ..	—	6 000 000.00	
28.	— — 19. — 3. — ..	—	2 000 000.00	— 4 800 214.07
29.	Eignabreytingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	59 557 831.00	— 94 345 370.44
	Greiðslujöfnuður	—	1 001 269.00	— 79 371 372.60
		Kr.	516 302 264.00	Kr. 678 664 402.85

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1955, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1955 var tilbúinn frá ríkisbókhaldinu til endurskoðunar í septembermánuði 1956, en athugasemdir yfirskoðunarmanna bárust fjármálaráðuneytinu ekki fyrr en í nóvembermánuði s. l.

Á það skal bent, að greiðslur samkvæmt 19. gr. 2. fjárlaganna eru færðar á viðkomandi gjaldaliði ríkisreiknings.

Við samningu þessa frumvarps kom í ljós, að greiðslujöfnuður á sjóðsyfirliti fjárlaga 1955 er skakkt út reiknaður. Á hann að vera 1000 krónum hærri en talið er í fjárlögum.

Sþ. 296. Frumvarp til fjáraukalaga [149. mál]

fyrir árið 1955.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1955, eru veittar kr. 100 413 935.90 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstmál	kr.	2 392 972.10
	en tekjur fóru kr. 1 145 623.34 fram úr fjárlagaáætlun.		
2.	Síminn	—	8 054 221.07
	en tekjur fóru kr. 6 991 872.54 fram úr fjárlagaáætlun.		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	2 109 024.18
	en bruttótekjur urðu kr. 12 266 360.75 umfram fjárlagaáætlun.		
4.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	295 370.11
	en bruttótekjur urðu kr. 6 713 251.62 umfram fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisútvarpið	—	2 796 566.54
	en tekjur fóru kr. 2 742 686.97 fram úr fjárlagaáætlun.		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	440 365.61
	af kr. 894 640.99 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Grænmetisverzlun ríkisins	—	187 913.69
	af kr. 400 578.33 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8.	Landssmiðjan	—	1 831 495.53
	en tekjur fóru kr. 1 578 209.70 umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Innkaupastofnun ríkisins	—	171 889.75
	af kr. 465 763.47 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Bessastaðabú	—	74 062.96
	en tekjur fóru kr. 59 090.83 umfram fjárlagaáætlun.		
11.	Vífilsstaðabú	—	2 168.14
	af kr. 16 072.55 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
12.	Kópavogsbú	—	5 820.42
	af kr. 21 653.11 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
13.	Kleppsbú	—	151 687.24
	en tekjur fóru kr. 149 692.67 umfram fjárlagaáætlun.		
14.	Skólabúið á Hólum	—	166 901.68
	en tekjur fóru kr. 135 018.35 umfram fjárlagaáætlun.		
15.	Skólabúið á Hvanneyri	—	216 218.11
	en tekjur fóru kr. 146 534.36 umfram fjárlagaáætlun.		
		Kr.	18 896 677.13

Til viðbótar	við	gjöldin	í	8.	gr.		eru	veittar	kr.	364 727.50
—	—	—	—	- 10.	—		—	—	—	4 027 256.35
—	—	—	—	- 11.	—	A.	—	—	—	6 585 787.86
—	—	—	—	- 11.	—	B.	—	—	—	702 486.19
—	—	—	—	- 11.	—	C.	—	—	—	2 492 702.65
—	—	—	—	- 11.	—	D.	—	—	—	264 679.84
—	—	—	—	- 12.	—		—	—	—	4 016 268.45
—	—	—	—	- 13.	—	A.	—	—	—	9 036 594.59
—	—	—	—	- 13.	—	B.	—	—	—	3 219 556.07
—	—	—	—	- 13.	—	C.	—	—	—	1 392 629.73
—	—	—	—	- 13.	—	D.	—	—	—	2 163 543.62
—	—	—	—	- 14.	—	A.	—	—	—	479 873.29
—	—	—	—	- 14.	—	B.	—	—	—	7 430 615.63
—	—	—	—	- 15.	—	A.	—	—	—	309 269.15
—	—	—	—	- 15.	—	B.	—	—	—	4 255 189.76
—	—	—	—	- 16.	—	A.	—	—	—	1 185 391.16
—	—	—	—	- 16.	—	B.	—	—	—	2 390 720.83
—	—	—	—	- 16.	—	C.	—	—	—	156 141.44
—	—	—	—	- 16.	—	D.	—	—	—	341 567.39
—	—	—	—	- 17.	—		—	—	—	1 571 968.17
—	—	—	—	- 18.	—		—	—	—	1 749 976.17
—	—	—	—	- 19.	—	1.	—	—	—	5 186 323.47
—	—	—	—	- 19.	—	3.	—	—	—	5 133 470.12
									Kr.	83 353 416.56
Frá dregst til uppbóta á grunnlaun og lífeyri samkv. 19. gr. 2. fjárlaga 1955									—	6 000 000.00
									Kr.	77 353 416.56
Til eignaaukningar samkv. 20. gr. Út eru veittar									—	23 060 519.34
Inn fóru kr. 12 594 282.47 fram úr fjárlagaáætlun.										
									Samtals kr.	100 413 935.90

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1955. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1955 sýnir.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1955.

Nd. 297. Breytingartillögur [136. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við 3. gr. Framan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Á eftir b-lið 11. gr. laganna komi nýr stafl., svo hljóðandi:

Unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofnsaukningu.

Nd. 298. Lög [72. mál]

um húsnæði fyrir fæðingarheimili Reykjavíkurbæjar.

(Afgreidd frá Nd. 7. marz.)

Samhljóða þskj. 121.

Nd. 299. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Eyrarbakkahreppi land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar í Eyrarbakkahreppi með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Einnig hefur hún athugað frumvarp á þingskjali 191 um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Raufarhafnarhreppi land jarðarinnar Raufarhafnar og um heimild til eignarnáms á erfðafesturéttindum.

Nefndinni þótti rétt að fella efni þess inn í frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt:
   1. Að selja Eyrarbakkahreppi í Árnessýslu allt land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar í Eyrarbakkahreppi með hjáleigum, að undanskildum eignarlóðum, sem þegar hafa verið seldar úr landi Stóru-Háeyrar.
   2. Að selja Raufarhafnarhreppi allt land jarðarinnar Raufarhafnar.

   Náist ekki samkomulag um söluverð lands samkv. 1. tölulið, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Árnessýslu oddamann. Þó skal Eyrarbakkahreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

   Andvirði landsins skal Eyrarbakkahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

   Náist ekki samkomulag um söluverð lands samkvæmt 2. tölulið, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Þingeyjarsýslu oddamann. Þó skal Raufarhafnarhreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda á vegum hreppsfélagsins, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

   Greiðsluskilmálar skulu vera hagkvæmir, sbr. 4. gr. laga nr. 64 27. júní 1941, enda má hreppurinn ekki selja jörðina eða hluta hennar nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.

   Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Eyrarbakkahreppi eða Raufarhafnarhreppi var gert að greiða fyrir landið.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps eða Raufarhafnarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. Fyrirsögn orðist svo:
Frv. til l. um sölu nokkurra jarða í opinberri eigu og um eignarnám erfðafesturéttinda.

Alþingi, 7. marz 1958.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson, frsm.
Jón Pálmason. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 300. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til laga um veðurstofu Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Gildandi lög um veðurstofu á Íslandi eru nú rúmlega 30 ára gömul. Síðan þau lög voru sett, hefur starfsemi veðurstofunnar aukizt og stofnunin stækkað, enda ný verkefni komið til sögunnar. Má í því sambandi nefna, að veðurstofan innir nú af hendi mikilsverða þjónustu á alþjóðavettvangi vegna flugferða milli landa. Hefur því þótt þörf á að endurskoða lög þau, er nú gilda um stofnunina og starfsemi hennar. Í frv. því, sem fyrir liggur, er m. a. gert ráð fyrir, að reist verði hús fyrir hana, þegar fé verði til þess veitt í fjárlögum.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar á tveim fundum og rætt við veðurstofustjóra. Að athuguðu máli leggur hún til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 10. marz 1958.

Pétur Pétursson, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Gunnar Jóhannsson.
Bjarni Benediktsson. Ásg. Sigurðsson.

Nd. 301. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:
Sá einn hefur rétt til að vera vélstjóri á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 32. gr.

2. gr.

Upphaf 32. gr. laganna orðist svo:
Sá einn getur öðlazt vélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 34. gr.

4. gr.

1. Upphaf 34. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem:

a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 100 hestafla vél í 24 mánuði, eða vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi með yfir 15 hestafla vél í 24 mánuði.

2. Aftan við 34. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Hver sá, sem réttindi hefur til að vera undir- eða yfirvélstjóri á mótorskipi með allt að 400 hestafla vél, skal og hafa sömu réttindi til vélstjórnar við vél, sem stærri kann að vera, ef um er að ræða vélstjórn á fiskiskipi, sem er 100 rúmlestir að stærð eða minna.

5. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem um ræðir í 36. gr.

6. gr.

Upphaf 36. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

a. hefur staðizt hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands;
b. hefur siglt sem yfirvélstjóri á skipi með yfir 100 hestafla vél í 24 mánuði.

7. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 38. gr.

8. gr.

Upphaf 38. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði, eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 36. gr.

9. gr.

Fyrir „600“ í 39. gr. laganna komi: 900.

10. gr.

Fyrir „600“ í 40. gr. laganna komi: 900.

11. gr.

Fyrir „600“ í 41. gr. laganna komi: 900.

12. gr.

Fyrir „600“ í fyrsta málsl. 42. gr. laganna komi: 900.

13. gr.

Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa vélstjóraskírteini eða prófskírteini frá mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, skulu eiga rétt á að fá útgefin ný vélstjóraskírteini í samræmi við ákvæði þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð

Það er alkunna, að þróun fiskiskipaflotans hefur verið og er sú, að sífellt eru tekin í notkun stærri veiðiskip en áður tíðkuðust, og einkum og sér í lagi fer vélakostur skipanna hratt vaxandi.

Réttindi skipstjórnarmanna og vélstjóra voru á sínum tíma bundin við þá skipa- og vélastærð, sem þá tíðkaðist, og hefur öðru hverju orðið að breyta kröfum þeim og réttindum, sem lög um atvinnu við siglingar ákveða varðandi menn þessa, til samræmis við hinar breyttu aðstæður.

Þannig var t. d. á síðasta þingi ákveðið með lögum að hækka réttindi skipstjórnarmanna bátaflotans og breyta að nokkru til um kennsluskipan í sjómannafræðum.

Hins vegar liggur enn eftir sá hluturinn, sem varðar vélstjórana, en í þeim efnum hefur ekki síður myndazt breitt bil milli gildandi lagaákvæða og þeirrar framkvæmdar, sem nauðsynin kallar á. Fjöldi vélstjóra er nú að störfum á fiskiflotanum í banni gildandi laga, og enginn maður lætur sér til hugar koma, að framkvæmanlegt væri né hyggilegt að beita gildandi lagaákvæðum gegn þeim og víkja þeim frá störfum, enda mundi slíkt hafa í för með sér stórkostlegt framleiðslutap fyrir þjóðina.

Efni þessa frumvarps er það að færa réttindi þeirra vélstjóra, sem starfsmenntun sína hafa fengið á mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, en það eru langflestir vélstjóranna á fiskibátaflotanum, að sem mestu leyti til samræmis við það, sem nú er í framkvæmd og fyrirsjáanlega verður, þegar hin 12 nýju fiskiskip, sem væntanleg eru til landsins á yfirstandandi ári, koma, en aflvélar þeirra munu vera rösklega 800 hestöfl að stærð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þessum aðalbreytingum frá gildandi lögum:

1. Réttindi þeirra vélstjóra, sem nú mega stjórna 50 hestafla vélum, hækki í 100 hestöfl.
2. Réttindi þeirra vélstjóra, sem nú mega stjórna 250 hestafla vélum, hækki í 400 hestöfl og verði þó ekki fastar bundin við hestaflatölu vélarinnar en svo, að þeir megi jafnan vera vélstjórar á allt að 100 rúmlesta fiskibátum, þótt hestaflatala vélarinnar fari yfir það takmark.
3. Réttindi þeirra manna, sem lokið hafa prófi frá hinu meira mótornámskeiði Fiskifélags Íslands, verði hækkuð upp í það að ná til 900 hestafla véla, en þau réttindi eru nú bundin við 600 hestafla vélar að hámarki.
4. Að því leyti sem réttindin eru bundin við starfstíma, þá er sú krafa hér tvöfölduð, þannig að 24 mánaða starfstíma er krafizt, auk prófs, sem skilyrðis fyrir yfirvélstjóraréttindum bæði á 100—400 hestafla stiginu og 400—900 hestafla stiginu svo og að því er varðar undirvélstjóraréttindi á 400—900 hestafla stiginu. Hins vegar eru ekki gerðar tillögur um aukið nám á skólabekk sem skilyrði fyrir þeirri réttindaaukningu, sem frumvarpið felur í sér.

Varðandi vélstjóranámið almennt mun það flestum ljóst, sem til þekkja, að á það vantar allt heildarskipulag. Einkum er það tilfinnanlegur ágalli, hve hinir ýmsu þættir þess eru slitnir úr tengslum hver við annan. Sá, sem lokið hefur námi við bæði minna og meira mótornámskeið Fiskifélagsins og auk þess aflað sér reynslu í starfi, kemst ekki inn í vélstjóraskólann nema byrja til þess undirbúningsnám

frá rótum og þá helzt sem iðnnemi eða aðstoðarmaður í smiðju. Á sama hátt er leið þeirra manna, sem lokið hafa námi í vélskólanum og rafmagnsdeild hans að auki, lokuð til æðra vélfræðináms, nema þeir setjist inn í menntaskóla og reki sig þá leið til háskólanáms.

Þótt of lengi hafi dregizt að færa námskerfið í það horf, að numin fræði og fengin reynsla geti haldið óslitið áfram stig af stigi, og skapa á þann hátt viðkomandi mönnum tækifæri til að auka menntun sína og öðlast réttindi í starfinu í samræmi við þekkingu sína og dugnað, eru hér ekki gerðar tillögur um það efni. Það er líka margfalt vandasamara verk að skipuleggja svo mikilvægan þátt námskerfisins sem vélfræðimenntunin er á þeirri öld vélamenningar, sem nú er risin, en svo, að það verði gert nema af þar til kvöddum opinberum aðilum, enda mun nú að þessu unnið á þann veg.

Hitt er augljóst mál, að þeir menn, sem þegar hafa aflað sér þeirrar vélstjóramenntunar, sem þjóðfélagið hefur ætlað vélstjórum fiskibátaflotans, og búnir eru að vinna í því starfi árum saman, verða ekki með neinni sanngirni settir frá atvinnu sinni fyrir það eitt, að löggjafinn hefur orðið seinni til að breyta fræðsluháttum og réttindalögum en þróun tímanna krafðist.

Það er ekki heldur sæmandi að láta menn, sem vinna jafnþjóðnýt störf og vélstjórar fiskiflotans gera, vera sýknt og heilagt bónbjargamenn um það, hvort þeir fái að gegna eðlilegu starfi sínu, sem aðrir menn rétthærri eru ófáanlegir til að sinna.

Með frumvarpi þessu er gerð tilraun til að létta af því undanþáguflóði, sem nú er og framvegis hlýtur að verða í þessari grein að óbreyttum lögum.

Hér er því miðað að því tvennu að veita vélstjórnarmönnum varanlegt starfsöryggi við störf, sem þeir hvort eð er hljóta að leysa af hendi, og að létta af þeirri alóþörfu, en þrotlausu skriffinnsku, sem undanþágubeiðnir og undanþágur vélstjóra nú eru.

Ed. 302. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 44 3. júní 1957, um skatt á stóreignir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Tveir nefndarmenn, JJós og GTh, munu flytja breytingartillögur og áskilja sér jafnframt rétt til að fylgja öðrum breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 11. marz 1958.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson, frsm.

Gunnar Thoroddsen. Jóhann Þ. Jósefsson.

Sþ. 303. Fyrirspurn [151. mál]

til félagsmálaráðherra um verðlagningu á benzíni og olíu.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Hvers vegna hefur útsöluverð á benzíni og olíu ekki verið lækkað, þótt verðlagsreikningar sýni stórfellda lækkun?

Nd. 304. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Pétri Péturssyni, Gísla Guðmundssyni og Ásgeiri Sigurðssyni.

Við 28. gr. Síðasti málsl. 1. málsgr. orðist svo:
Til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkju- eða heyskaparstörf utan alfaravegar, þarf hæfnisskírteini.

Ed. 305. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 13. apríl 1955, um breyt. á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar yfirdýralæknis. Umsögn hans er svo hljóðandi:

„8. marz 1958.

Með bréfi, dags. 4. marz 1958, óskar háttvirt landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis eftir umsögn minni um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 19 13. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Gerir frumvarp þetta ráð fyrir, að Vestur-Barðastrandarsýsla verði sameinuð Dalaumdæmi, en sú sýsla hefur áður heyrt undir Ísafjarðarumdæmi.

Með tilliti til skepnufjölda í þessum tveimur umdæmum virðist ekki skipta miklu máli, í hvoru umdæminu Vestur-Barðastrandarsýsla verður lögfest, því að tala nautgripa og sauðfjár er svipuð í Ísafjarðar- og Dalaumdæmi, ef Vestur-Barðastrandarsýsla er ekki talin með. Eins og samgöngum er nú háttað, mun auðveldara fyrir íbúa Vestur-Barðastrandarsýslu að ná til dýralæknis, er situr í Dalaumdæmi, heldur en dýralæknis í Ísafjarðarumdæmi, sem væntanlega hefur búsetu á Ísafirði. Að minnsta kosti mun svo vera að sumri til og fram á haust, meðan vegir eru færir.

Að vetri til mun samgöngum hins vegar þann veg háttað í þessum landshluta, að mjög verður erfitt fyrir íbúa Vestur-Barðastrandarsýslu að ná til dýralæknis bæði frá Ísafirði og Króksfjarðarnesi eða öðrum stöðum í Dalaumdæmi.

Sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir, leysir því eigi erfiðleika þá, sem bændur í Vestur-Barðastrandarsýslu eiga við að etja, er þeir þurfa að leita dýralæknis, því að reynslan er sú, að kvillar ýmiss konar í búfé eru mest áberandi að vetrinum til, er samgöngur eru örðugastar.

Virðingarfyllst,

Páll A. Pálsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis, alþingishúsinu."

Eftir að hafa rætt málið allýtarlega klofnaði nefndin. Þeir FÞ og SÓÓ leggja til, að frumvarpið sé fellt, og munu skila sérstöku nefndaráliti, en við undirritaðir leggjum til, að það verði samþykkt.

Við lítum svo á, að þegar sjónarmið allra bænda í dýralæknisumdæmum Vestfjarða og Dala eru athuguð, þá sé heppilegra að skipta svæðinu milli umdæmanna

eins og gert er í frumvarpinu. Vegir hafa batnað mjög eftir Barðastrandarsýslunni, og er bílfært að sumrinu eftir henni endilangri. Og að vetrinum gengur póstur reglulega milli Patreksfjarðar og Króksfjarðarness — og notar snjóbíl, sé ekki fært öðruvísi. Hins vegar eru engar landsamgöngur milli Ísafjarðar og Vestur-Barðastrandarsýslu og ekki líkur til þess, að þær komist á næstu árin. Ísafjarðarumdæmi dýralæknis er líka það stórt og erfitt yfirferðar, að enn hefur enginn dýralæknir fengizt í það, en ætla má, að hægara verði að fá þangað dýralækni, ef frumvarp þetta verður að lögum. Hins vegar er því ekki að neita, að líkur eru til þess, að erfiðara verði fyrir bændur úr hluta af Dalasýslu að vitja dýralæknis, og fer það þó eftir því, hvar honum verður ákveðin búseta.

Annars er það svo, að enn má telja bændur í ýmsum landshlutum dýralæknislausa, enda þótt þeir séu búsettir í ákveðnu dýralæknisumdæmi. Verður þróunin því ótvírætt sú, að dýralæknisumdæmin breytast, eftir því sem samgöngur breytast, og umdæmum fjölgar, eftir því sem búféð verður arðsamara og kröfur um bætta líðan þess vaxa. Þetta er fyrsta sporið, sem stigið er í þá átt, síðan lögin frá 1955 voru sett, en mörg munu á eftir koma á komandi árum.

Reykjavík, 11. marz 1958.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Sigurvin Einarsson, fundaskr.	Finnbogi R. Valdimarsson.

Ed. 306. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 13. apríl 1955, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Tveir nefndarmenn (SE) og (PZ) vilja samþykkja frumv. óbreytt. Einn nefndarmanna (FRV) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni. Við undirritaðir leggjum til, að frumvarpið verði fellt.

Með lögum nr. 124 frá 22. des. 1947 var ákveðið, að héraðsdýralæknar skyldu vera 9 á landinu og umdæmi þeirra afmörkuð. Samkvæmt þeim lögum náði Dalasýsluumdæmi yfir Skógarstrandarhrepp í Snæfellsnessýslu, Dalasýslu alla, Austur-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu að Árneshreppi. — Ísafjarðarumdæmi náði yfir Vestur-Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur báðar, Ísafjarðarkaupstað og Árneshrepp í Strandasýslu. Með lögum nr. 19 frá 13. apríl 1955 var sú breyting gerð, að héraðsdýralæknum var fjölgað úr 9 upp í 12 og umdæmaskipun endurskoðuð.

Þau tvö umdæmi, sem nú hafa verið nefnd, breyttust ekki að öðru leyti en því, að Dalasýsluumdæmi var minnkað, Suður-Strandasýsla að Árneshreppi var skilin frá því og lögð við Húnavatnssýsluumdæmi. Þessi breyting var samþykkt einróma af báðum deildum Alþingis. Hins vegar var Ísafjarðarumdæmi látið vera óbreytt.

Hin eðlilega þróun þessara mála hefur að sjálfsögðu orðið sú að fjölga dýralæknum, en smækka umdæmin, og á sú þróun vafalaust eftir að halda áfram, einkum þegar kostur verður á nægilega mörgum sérmenntuðum mönnum til þessara starfa. Geta má þess, að nú er aðeins eitt dýralæknisumdæmi laust á landinu, en 6 ungir menn við dýralæknanám erlendis.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gengur í öfuga átt. Það miðar að því að stækka að miklum mun umdæmi, sem þótti ærið nóg að víðáttu að dómi allra alþingismanna árið 1955, að því er bezt verður séð.

Hverjum kemur frumvarp þetta til hagsbóta, ef að lögum verður? Íbúum Austur-Barðastrandarsýslu, ef bústaður dýralæknisins verður ákveðinn norðan Gilsfjarðar

og þá væntanlega í Króksfjarðarnesi, eins og gert er ráð fyrir í greinargerðinni. Dalamönnum öllum og Skógstrendingum er breyting þessi til hins mesta óhagræðis. Vestur-Barðastrandarsýsla er eftir sem áður illa sett, einkum að vetrarlagi, eða eins og segir í umsögn yfirdýralæknis: „Sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir, leysir því eigi erfiðleika þá, sem bændur í Vestur-Barðastrandarsýslu eiga við að etja, ef þeir þurfa að leita dýralæknis.“

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, táknar í raun og veru, að Dalamenn og Skógstrendingar eru sviptir dýralækni þeim, sem löggjafinn hefur heitið þeim s. l. áratug. Þeir verða eftir sem áður að leita dýralæknis til Borgarness, ef nauðsyn krefur. Liggur ekki nær að leysa þetta mál á þann hátt að reyna að gera Ísafjarðarumdæmi svo úr garði, að einhver dýralæknir fáist til að sækja um það, t. d. með því að skipta því í tvennt?

Reyndin mun vera sú, að dýralæknar hafa mest að gera, þar sem kúabú eru og mjólkursala. Í Austur-Barðastrandarsýslu er engin mjólkursala og ekki líklegt, að hún verði mikil í náinni framtíð. Hins vegar er mjólkursala hafin í allri Dalasýslu og líkur til, að hún fari vaxandi og kúm fjölgi í héraðinu á næstu árum.

Geta má þess, að hinn 1. marz s. l. var skipaður ungur dýralæknir í Dalasýsluumdæmi. Það er með öllu óvíst, að hann hefði nokkurn tíma sótt um þetta starf, ef þá hefði verið búið að stækka umdæmið, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Á hinn bóginn má ætla, að dýralæknir þessi gegni að einhverju leyti dýralæknisstörfum á Vestfjörðum, svo sem aðstæður leyfa, meðan ekki fæst dýralæknir þangað, en til þess þarf enga lagabreytingu.

Fleiri rök mætti færa gegn þessu frumvarpi, en eins og sjá má af framanrituðu, er þó höfuðatriðið, að frumvarpið gerir að okkar dómi fleiri mönnum ógagn en gagn og gengur í öfuga átt við nauðsynlega og eðlilega þróun þessara mála. Við leggjum því til, að það verði fellt.

Alþingi, 12. marz 1958.

Friðjón Þórðarson, frsm. Sigurður Ó. Ólafsson.

Sþ. 307. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um útgáfu á ritum Jóns Sigurðssonar.

Flm.: Emil Jónsson, Bernharð Stefánsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar, að gefin skuli út heildarútgáfa af ritum Jóns Sigurðssonar forseta og kostað kapps um, að fyrsta bindi útgáfunnar komi út árið 1961, á 150 ára afmæli hans. Felur Alþingi ríkisstjórninni að leita samninga við Menntamálaráð Íslands um að annast útgáfu ritanna á þeim grundvelli, að 40% kostnaðarins greiðist úr menningarsjóði, en 60% úr ríkissjóði. Hagnaður sá, sem verða kann af útgáfu þessari, renni óskiptur í sjóðinn „Gjöf Jóns Sigurðssonar“.

Greinargerð.

Það er venja með öllum þjóðum, er nokkurs meta sögu sína og bókmenntir, að gefnar eru út heildarútgáfur á ritum afburðamanna, hvort sem um er að ræða skáld og rithöfunda, stjórnmálamenn eða vísindamenn. Þetta þykir nauðsynlegt, til þess að höfð séu á einum stað öll rit slíkra manna í formi réttra texta, og eins vegna hins, að það þykir sjálfsögð ræktarskylda við minningu slíkra manna, að þeim séu gerð sem fyllst skil í heildarútgáfum.

Vér Íslendingar eigum að vonum æði mikið ógert í þessum efnum. Einn þeirra, sem liggur óbættur hjá garði, er Jón Sigurðsson forseti. Er naumast vansalaust, að svo búið standi öllu lengur.

Þess gerist ekki þörf að rekja hér afrek Jóns Sigurðssonar. Skal aðeins drepið á, að lífsverk hans er svo einstætt í sögu Íslendinga, að vér höfum fátt eða ekkert til samanburðar. Hann var fjölhæfasti stjórnmálamaður íslenzkrar sögu, markaði baráttu hennar og pólitískar bardagaaðferðir um margra áratuga skeið. Hann var auk þess merkilegur vísindamaður í íslenzkum söguvísindum og þjóðfræðum og lagði jafnvel vísindalegan grundvöll að sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Vér höfum launað honum ævistarfið með því að leggja afmælisdag hans að jöfnu við afmæli hins fullvalda íslenzka lýðveldis. En vér eigum honum enn ógoldna skuld: að gefa út rit hans öll í útgáfu, er sameinar hvort tveggja vísindalega nákvæmni og alþýðlegt form.

Rit Jóns Sigurðssonar eru geysimikil að vöxtum, prentuð og óprentuð. Hin prentuðu rit hans eru flest í mjög fárra höndum, og má þar fyrst geta hinna mörgu ritgerða hans í Nýjum félagsritum, auk ótal blaðagreina í erlendum og íslenzkum blöðum. Þótt bréf hans hafi verið gefin út í tveim bindum, er til fjöldi bréfa eftir hann óprentaður, mörg þeirra í erlendum skjalasöfnum. Þá ber og að nefna hið mikla og merka safn af bréfum til hans, sem aldrei hafa verið gefin út, en mundu að sjálfsögðu eiga heima í heildarútgáfunni, a. m. k. allstórt úrval þeirra.

Rit Jóns Sigurðssonar mundu skiptast í 5 aðalflokka:

1. Þingræður og þingskjöl, er Jón Sigurðsson hefur samið eða átt verulegan þátt í að semja.
2. Blaðagreinar á íslenzku og erlendum málum.
3. Ritgerðir, stjórnmálalegs efnis, á íslenzku og erlendum málum.
4. Vísindalegar ritgerðir.
5. Bréf frá Jóni Sigurðssyni og bréf til hans.

Gera má ráð fyrir, að heildarútgáfa á ritum Jóns Sigurðssonar verði 10 stór bindi, 50—60 arkir hvert bindi. Varla verður hægt að búast við, að útgáfan taki minna en 10—12 ár. Útgáfunni verða að fylgja textamunur, skýringar og formálar. Er þetta mikið og vandasamt verk, sem ekki má kasta til höndum. En að útgáfu þessari lokinni mundu hafa verið gefnar út einhverjar mikilvægustu heimildir, ekki aðeins um sögu Jóns Sigurðssonar, heldur og um sögu og tilveru íslenzku þjóðarinnar á einu merkilegasta skeiði hennar. Þetta er því nauðsynlegra sem vitað er, að Íslendingar nútímans eru furðu ókunnugir þessari sögu og hætt við, að þeir slitni úr tengslum við hana, nema því aðeins að þess sé vandlega gætt að halda henni á lofti. Hin fyrsta kynslóð Íslendinga, sem lifir við fullveldi og lýðveldi, getur ekki minnzt þess á annan hátt betur en með því að varðveita minninguna um lífsafrek Jóns Sigurðssonar og samtíðar hans.

Árið 1961 verða 150 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Afmælishátíð hans ætti að verða kærkomið tilefni til að ráðast í þetta verk. Væri mjög tilhlýðilegt, að á því afmæli kæmi út 1. bindið af ritsafni hans.

Menntamálaráð Íslands hefur lengi haft á döfinni að ráðast í útgáfu rita Jóns Sigurðssonar. Þær útgáfuhugmyndir hafa þó jafnan strandað sakir skorts á rekstrarfé til að festa í svo dýrri útgáfu. Enda þótt líkur bendi til, að selja megi rit Jóns Sigurðssonar fyrir öllum útgáfukostnaði, yrði hér um allverulega fjárfestingu að ræða um nokkurra ára skeið.

Þykir fara vel á því, að samvinna verði milli Alþingis og menntamálaráðs um útgáfu þessa, á þá lund, er í þingsályktunartillögunni segir.

Allur kostnaður við útgáfu þessa er áætlaður kr. 5550000.00. Er í þeirri áætlun gert ráð fyrir 5000 eintaka upplagi. Fjárfesting yrði þó miklu minni, þar eð tekjur kæmu á móti, jafnóðum og ritin seldust.

Ætlazt er til, að árlega verði veitt fé á fjárlögum til að greiða hluta ríkissjóðs

af kostnaði við verk þetta. Menntamálaráð Íslands sendi árlega menntamálaráðuneytinu reikninga útgáfunnar og kostnaðaráætlun fyrir næsta ár.

Verði hagnaður á útgáfu þessari, þegar ríkissjóður og menntamálaráð hafa fengið útlagðan kostnað endurgoldinn, þykir fara vel á því, að hann renni í sjóðinn „Gjöf Jóns Sigurðssonar". Tilgangur þess sjóðs er að verðlauna vel samin vísindarit, er lúta að sögu Íslands, bókmenntum þess, lögum, stjórn eða framförum. Er þess full þörf, að sjóður þessi, sem stofnaður var með dánargjöf Jóns Sigurðssonar, verði efldur, svo að hann geti gegnt hlutverki sínu. Sjóðurinn er nú rúmar kr. 30000.00 og ársvextir rúmar kr. 1500.00, en vöxtunum einum má verja til verðlauna.

Fylgiskjal I.

Rit Jóns Sigurðssonar.

Kostnaðaráætlun, miðuð við kaupgjald og verðlag í janúar 1958.

1.	Laun ritstjóra og aðstoðarmanna, vélritun, prófarkalestur o. fl.	kr. 1900000.00
2.	Pappír	— 600000.00
3.	Setning, prentun	— 1100000.00
4.	Kápur, myndamót	— 50000.00
5.	Hefting og bókband	— 1300000.00
6.	Forlags- og dreifingarkostnaður	— 500000.00
7.	Óviss útgjöld	— 100000.00
	Samtals	kr. 5550000.00

Fylgiskjal II.

Áætlun um sölu rita Jóns Sigurðssonar til ársloka 1970.

1.	Seld 600 eintök óbundin, 170 kr. bindið, allt verkið (10 bindi) kr. 1700.00	kr. 1020000.00
2.	Seld 1800 eint. í skinnlíki, 220 kr. bindið, allt verkið kr. 2200.00	— 3960000.00
3.	Seld 800 eint. í skinnbandi, 260 kr. bindið, allt verkið kr. 2600.00	— 2080000.00
		Kr. 7060000.00
	÷ 20% sölulaun	— 1412000.00
		Kr. 5648000.00

Nd. 308. Frumvarp til laga [153. mál]

um eftirlit til varnar gegn ofeyðslu hjá ríkinu og stofnunum þess.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Til viðbótar því verkefni, sem yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna er ætlað samkvæmt 43. gr. stjórnarskrárinnar, skal þeim falið að annast þau störf, sem ákveðin eru í lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal eigi hafa heimild til að eyða fé eða ákveða útgjöld umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum eða öðrum lögum, sem Alþingi hefur sett, nema samþykki yfirskoðunarmanna komi til. Gildir þetta um allar starfsgreinar og

stofnanir ríkisins og tekur til beinna fjárútláta, lána, ábyrgða og mannaráðninga, annarra en í þær stöður, sem ákveðnar eru með lögum.

3. gr.

Enga ríkisstofnun má setja á fót nema með lögum, og skal hafa samráð við yfirskoðunarmenn um starfsmannafjölda og ráðningar, að svo miklu leyti sem lög um stofnunina ákveða það ekki.

4. gr.

Nú vill einhver starfsgrein eða stofnun ríkisins fjölga starfsmönnum eða ráða menn í ólögbundna stöðu, auka húsnæði, kaupa bifreið eða gera aðrar ráðstafanir, sem auka kostnað frá því, sem verið hefur, og er þá skylt að bera allt slíkt undir yfirskoðunarmenn.

5. gr.

Þegar veitt er fé í fjárlögum í einu lagi til meiri háttar verka, svo sem atvinnuaukningar, skólabygginga, vegaviðhalds, hafnarbóta o. fl., þá er skylt að hafa samráð við yfirskoðunarmenn um skiptinguna.

6. gr.

Yfirskoðunarmenn velja sér formann, er kallar þá til funda og stjórnar fundum þeirra.

Verði þeir ekki sammála um eitthvert mál, geta þeir krafizt þess, að afgreiðslu á því verði frestað, þar til Alþingi gefst færi á að taka afstöðu til þess.

7. gr.

Alþingi ákveður laun yfirskoðunarmanna með tilliti til aukinna starfa. Einnig úrskurðar fjárveitinganefnd Alþingis reikninga um skrifstofukostnað þeirra.

8. gr.

Skylt er ráðuneytisstjórum og forstöðumönnum ríkisstofnana að láta yfirskoðunarmönnum í té allar upplýsingar, sem þeir óska eftir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með öllum þeim öfgum, sem ganga í þá átt að draga sem mest af fjármagni þjóðarinnar undir ríkisvaldið, verður það enn meir óþolandi, að vald og fyrirmæli Alþingis eru ekki virt eins og vera ber. Ástandið í því efni er í stuttu máli sagt á þessa leið:

Á hverju ári situr fjárveitinganefnd Alþingis yfir því mánuðum saman að afgreiða fjárlagafrumvarp í hendur þingsins. Þegar svo loks er lokið að afgreiða fjárlögin á Alþingi, eiga þau að eðlilegum hætti og samkvæmt stjórnarskrá Íslands að gilda fyrir næsta ár. Þau gera það og að formi til.

En reynslan sannar, að forstöðumenn ríkisstofnana og sjálf ríkisstjórnin virða fjárlögin ekki nema í einstökum atriðum og yfirleitt mjög takmarkað. Þetta verður sannað með þeim upplýsingum, sem hér fara á eftir.

Samkvæmt 43. gr. í stjórnarskrá lýðveldisins Ísland kýs Alþingi árlega 3 yfirskoðunarmenn til að yfirfara reikninga ríkisins og stofnana þess, eftir að hin umboðslega endurskoðun hefur farið fram.

Verkefni þessara manna er aðallega tvenns konar: Annars vegar að gæta að því, að reikningarnir séu rétt færðir og gefi sanna mynd af fjármálaástandinu. Hins vegar að skoða það, hvort fylgt hefur verið fyrirmælum fjárlaga og annarra laga, sem Alþingi hefur sett.

Um hið fyrra verkefni er það að segja, að yfirskoðunarmenn hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til athugasemda á því sviði. Þetta er af því, að frágangur allur frá hálfu ríkisbókhaldsins hefur verið í hinu bezta lagi.

Um hið síðara verkefni er mikið öðru máli að gegna, því að það hefur sannazt á mjög áberandi hátt, að fyrirmælum Alþingis er ekki hlýtt.

Á ári hverju gera yfirskoðunarmenn margvíslegar athugasemdir um eyðslu utan fjárlaga, um slælega innheimtu hjá ríkinu og stofnunum þess o. fl. Allt er þetta um garð gengið, þegar yfirskoðunarmenn fá reikninga í hendur, og þeir hafa ekkert vald og enga möguleika til að koma í veg fyrir það, sem orðið er. Hver hefur svo orðið og er árangur af öllum þeim aðfinnslum, sem yfirskoðunarmenn hafa gert? Þeim er alltaf svarað með alla vega afsökunum og vífilengjum um nauðsyn þess að fjölga starfsmönnum hér og þar, eyða í framkvæmdir og nýjan kostnað, veita lán, ganga í ábyrgðir o. s. frv.

Hvort Alþingi hafi með löglegum hætti ákveðið fjárframlögin, virðist algert aukaatriði og nánast þýðingarlaust í augum forstjóranna og fjármálaráðherrans, sem svörin sendir. Það er ekki nóg með það, að til aðfinnslanna er ekkert tillit tekið í framkvæmdinni, heldur bæta sumir aðilarnir ár eftir ár gráu ofan á svart. Þetta fer fram á þann hátt, að ýmsar þær stofnanir og starfsgreinar, sem mestu eyða umfram fjárlög, fá á næsta þingi að fyrirlagi fjármálaráðherra og fjárveitinganefndar mjög hækkaða áætlun um útgjöld. Næst eyða þær svo stundum enn meira utan fjárlaga, og þannig gengur koll af kolli. Þegar yfirskoðunarmenn sjá það og finna ár eftir ár, hvernig með er farið af hálfu framkvæmdavaldsins, þá þreytast þeir eðlilega á því, að starf þeirra er gert miklu áhrifaminna en til hefur verið ætlazt. Þetta frumvarp er flutt til þess að gera breytingu á þessu ástandi.

Yfirskoðunarmenn eru trúnaðarmenn Alþingis og starfa á ábyrgð þess. Ef starf þeirra á að koma að notum, verða þeir að hafa vald. Og þegar um er að ræða að ákveða um það, hvort það er Alþingi eða ríkisstjórn, sem hefur fjárveitingarvaldið, þá er eðlilegt, að trúnaðarmenn Alþingis séu þar til eftirlits. Og að sjálfsögðu væri þá þessum mönnum skylt að gefa Alþingi skýrslu um störf sín og gera fjárveitinganefnd grein fyrir öllu, sem hún óskar eftir, varðandi rekstur ríkisins og stofnana þess.

Þegar verksviði yfirskoðunarmanna hefur verði breytt, svo sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, þá má segja, að það starf, sem þeim er ætlað samkvæmt stjórnarskránni, verði miklu léttara, og vafalaust mætti þá breyta ákvæðunum um það, þegar stjórnarskráin verður endurbætt.

Til sönnunar því, sem hér að framan er sagt um fjárgreiðslur utan fjárlaga, fer hér á eftir yfirlit um þær á tímabilinu frá ársbyrjun 1950 til ársloka 1956.

Sú skýrsla er á þessa leið:

Árið	1950	122.7	millj. kr.
—	1951	114.1	— —
—	1952	58.8	— —
—	1953	94.1	— —
—	1954	86.1	— —
—	1955	122.2	— —
—	1956	135.9	— —
	Samtals á 7 árum	733.9	millj. kr.

Þetta gerir 104.8 milljónir króna að meðaltali á ári.

Fimm fyrri árin er talan tekin eftir útgefnum og samþykktum fjáraukalögum, en tvö síðustu árin eftir ríkissreikningunum, sem fyrir liggja, samkvæmt sjóðsyfirliti og mismun á útgjöldum ríkisstofnana samkvæmt 3. gr. fjárlaga. Þess skal getið,

að eigi er tekið með það, sem talið er ráðstöfun á tekjuafgangi, enda þótt það séu orðin útgjöld, áður en reikningunum er lokað, og voru þær upphæðir:

Árið 1955 ..... kr. 72363524.18
— 1956 ..... — 40339132.96

Ekki eru heldur tekin með útgjöld framleiðslusjóðs 1956, enda þótt þar sé um ríkisstofnun að ræða.

Um eftirlit í þessum efnum í öðrum löndum er í stuttu máli þetta að segja:

Vafasamt er, að nokkurs staðar sé jafnlítið aðhald að ríkisstjórn um greiðslur umfram heimildir löggjafarþingsins. Í Bretlandi verða allar slíkar greiðslur að hljóta samþykki nefnda, sem kjörnar eru af þinginu, hver fyrir sína grein ríkisbúskaparins. Verða nefndir þessar jafnframt að leggja blessun sína yfir skiptingu þess fjár, sem veitt er í einu lagi í fjárlögum, svo sem gert er hér t. d. með fjárveitingar til atvinnuaukningar, viðhalds vega, fjallvega o. s. frv., sem ráðherra einn ræður skiptingu á. Í Danmörku er ríkisstjórninni ekki heimilt að eyða fé umfram heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum. Er svipað ákvæði um þetta efni í stjórnarskrá Danmerkur og í stjórnarskrá Íslands. Sú venja mun þó einnig hafa skapazt í Danmörku, að greiddar séu stundum fjárhæðir úr ríkissjóði í trausti samþykkis þingsins síðar í væntanlegum fjáraukalögum, en þó því aðeins, að áður sé leitað samþykkis fjárveitinganefndar þingsins. Í Bandaríkjunum hefur ríkisstjórnin ekki heimild til neinnar fjárgreiðslu úr ríkissjóði, sem þingið hefur ekki áður samþykkt. Bandaríkjaþing hefur einnig sérstakan eftirlitsmann með framkvæmd ríkisstjórnarinnar á fjárveitingum þingsins. Fylgist eftirlitsmaður þessi jafnframt með fjárreiðum allra ríkisstofnana og gerir þinginu árlega grein fyrir niðurstöðum sínum. Er eftirlitsmaður þessi skipaður til 15 ára og verður á því tímabili því aðeins vikið frá störfum, að þingið samþykki það. Sami maður má ekki gegna starfi þessu nema eitt kjörtímabil.

Ed. 309. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um húsnæði fyrir félagsstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin fékk frv. þetta til meðferðar og sendi það félagsmálaráðuneytinu til umsagnar. Svar barst frá ráðuneytinu, og einnig kom umsögn um frv. frá húsnæðismálastjórn.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. marz 1958.

Alfreð Gíslason, form. — Karl Kristjánsson, fundaskr. — Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.

Eggert G. Þorsteinsson. — Friðjón Þórðarson.

Fylgiskjal I.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 12. marz 1958.

Ráðuneytinu hefur borizt bréf heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis, dags. 25. febr. 1958, þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins um frumvarp til laga um húsnæði fyrir félagsstarfsemi.

Húsnæðismálastjórn mun hafa haft þetta mál til athugunar og talið, að umrætt húsnæði væri ekki íbúðarhæft án verulegra endurbóta og falli því ekki undir lög nr. 10/1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

Ráðuneytið telur varhugavert að undanþiggja þetta húsnæði ákvæðum laganna á þessum forsendum, en þar sem hér er um að ræða fjölmennt landssamband, sem er brýn nauðsyn á að fá þessa eign sína til afnota fyrir starfsemi sína, vill ráðuneytið mæla með frumvarpi þessu.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

HÚSNÆÐISMÁLASTJÓRN

Reykjavík, 7. marz 1958.

Á fundi húsnæðismálastjórnar, þann 6. þ. m., var bókað eftirfarandi:

„Framkvæmdastjóri lagði fram eftirfarandi umsögn um ástand hússins nr. 3 við Fríkirkjuveg í Reykjavík:

„Til þess að gera húsið íbúðarhæft, þyrfti að fara fram málning og veggfóðrun á öllum herbergjum, lagfæring á dúkum og nokkur aðgerð á eldhúsi niðri. Í rishæð er möguleiki á öðru eldhúsi, en þar vantar eldavél og skápa og bekki. Þessar tvær íbúðir yrðu að vera saman með inngang og forstofu. Þessi aðgerð gæti kostað 30—50 þúsund krónur.

Utan er húsið með ryðbrunninni járnklæðningu, sem þyrfti að endurnýja. Hversu mikið sú aðgerð mundi kosta, er ekki hægt að áætla nema með nákvæmari athugun en ég hafði aðstöðu til að gera.“

Eggert G. Þorsteinsson bar fram eftirfarandi tillögu til ályktunar til heilbrigðis- og félagsmálanefndar Ed. Alþingis í tilefni af lagafrumvarpi varðandi umrætt hús, sem nú liggur fyrir þinginu:

Með tilliti til umsagnar framkvæmdastjóra Húsnæðismálastofnunar ríkisins um ástand hússins nr. 3 við Fríkirkjuveg, Reykjavík, ályktar húsnæðismálastjórn, að eftir atvikum sé rétt að mæla með því, að umbeðin afnot Vinnuveitendasambands Íslands af húsinu verði leyfð.“

Tillagan samþykkt samhljóða.“

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

f. h. húsnæðismálastjórnar,

Halldór Halldórsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis, c/o hr. alþingismaður Alfreð Gíslason.

Ed. 310. Breytingartillögur [100. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 3. júní 1957, um skatt á stóreignir.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Gunnari Thoroddsen.

Á eftir 1. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. (2. gr.) 2. gr. laganna breytist þannig:
   a. Í stað orðanna „20% — tuttugu af hundraði“ í 2. málsgr. 1. tölul. komi: 30% — þrjátíu af hundraði.
   b. Í stað orðanna „40% — fjörutíu af hundraði“ í 1. málsl. 1. málsgr. 2. tölul. komi: 60% — sextíu af hundraði.
   c. Í stað orðanna „25% — tuttugu og fimm af hundraði“ í 2. málsl. 1. málsgr. 2. tölul. komi: 40% — fjörutíu af hundraði.
   d. Í stað orðanna „40% — fjörutíu af hundraði“ í 2. málsgr. 2. tölul. komi: 60% — sextíu af hundraði.
2. (3. gr.) 6. gr. laganna breytist þannig:
   Í stað orðanna „10 árum og séu ársvextir af þeim 6%“ í niðurlagi 1. málsgr. komi: 20 árum án vaxta.
3. (4. gr.) 8. gr. laganna orðist svo:
   Skatt samkvæmt lögum þessum skal draga frá tekjum, áður en tekjuskattur er á þær lagður samkv. l. nr. 46/1954.

Ed. 311. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1955.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við ríkisreikninginn 1955. Nokkrum tölum á frv. ber ekki saman við reikninginn, og flytur nefndin því breytingartillögur til að leiðrétta það.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa að vanda gert nokkrar athugasemdir við reikninginn, en ekki vísa þeir neinni þeirra til aðgerða Alþingis. Virðist því ekki ástæða til að ræða um það atriði hér.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við	7. lið.	Fyrir	„35 480 597.85“	kemur:	35 522 256.86
—	8. —	—	„1 491 236.11“	—	1 512 771.11
—	9. —	—	„13 963 815.65“	—	14 246 588.65
—	11. —	—	„35 861 397.45“	—	35 909 635.45
—	16. —	—	„9 708 077.61“	—	9 765 244.29
—	17. —	—	„73 747 404.38“	—	73 863 035.63
—	18. —	—	„6 221 854.70“	—	6 491 786.15
—	20. —	—	„39 761 249.06“	—	40 020 679.83
—	21. —	—	„9 941 219.92“	—	13 492 215.76
—	24. —	—	„61 009 833.86“	—	61 472 919.17
—	25. —	—	„15 121 603.17“	—	15 122 603.17
—	28. —	—	„4 800 214.07“	—	7 133 470.12
—	greiðslujöfnuð.	Fyrir	„79 371 372.60“	kemur:	71 826 670.24

Alþingi, 13. marz 1958.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Þ. Jósefsson. Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 312. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um refsingar fyrir landhelgisbrot.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á þrem fundum og leitað um það umsagnar nokkurra aðila.

Að athuguðu máli getur n. ekki fallizt á réttmæti eða nauðsyn þess, að lögfestar verði tvenns konar refsingar fyrir landhelgisbrot, þannig að þær verði vægari gagnvart erlendum skipstjórnarmönnum en íslenzkum, svo sem gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar telur n., að ástæður séu til að endurskoða sektar- og refsiákvæði vegna brota gegn lögum nr. 33 19. júní 1922, lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, lögum nr. 83 23. júní 1936, um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, og lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, svo og gegn reglum, sem settar eru eða settar kunna að verða samkvæmt þessum lögum.

Nefndin telur rétt, að slík endurskoðun fari fram milli þinga, og leggur því til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 14. marz 1958.

Björn Jónsson, form. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Björgvin Jónsson, frsm.

Jóhann Þ. Jósefsson. Sigurður Bjarnason.

Nd. 313. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingafélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., rætt við fulltrúa frá Skipaskoðun ríkisins og fengið upplýsingar hjá atvinnumálaráðuneytinu um ýmis atriði í sambandi við málið.

Samkvæmt þessum upplýsingum hafa á undanförnum árum verið veitt lán með ríkisábyrgð út á 42 báta vegna bráðafúa, samtals að upphæð kr. 10 179 518.03. En auk þess hafði í byrjun þessa mánaðar af sömu ástæðum verið sótt um lán út á 10 báta, er upphæð þessara lána samtals áætluð kr. 4 813 896.50.

Að athuguðu máli telur nefndin rétt, að leidd verði í lög sérstök skyldutrygging fyrir bráðafúa og að jafnframt verði gerðar sérstakar ráðstafanir til að finna sem fyrst bráðafúa í skipum, þegar um hann er að ræða. Einnig fellst hún í meginatriðum á það fyrirkomulag á tryggingum, sem gert er ráð fyrir í frv. Leggur hún til, að frv. verð samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Orðið „aðra“ í 3. málsgr. falli niður.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað „gengur“ í 4. málsgr. komi: fer.
   b. 6. málsgr. orðist svo:

      Skipaskoðun ríkisins skal einu sinni á ári láta fara fram sérstaka rannsókn á hverju tréskipi til þess að leiða í ljós, hvort um sé að ræða fúa-

skemmdir þær, sem tryggt er fyrir í lögum þessum. Ber að tilkynna Samábyrgðinni, ef vart verður slíkra skemmda.

3. Við 6. gr. 2. málsgr. falli niður.

Auk þess flytur meiri hluti nefndarinnar (ÁkJ, GíslG, KGuðj) breytingartillögu við 5. gr.

Alþingi, 15. marz 1958.

Gísli Guðmundsson, form., frsm. Karl Guðjónsson, fundaskr. Áki Jakobsson.

Pétur Ottesen. Sigurður Ágústsson.

Nd. 314. Breytingartillaga [125. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingafélag fyrir fiskiskip.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (ÁkJ, GíslG, KGuðj).

Við 5. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Meðan leita þarf endurtryggingar hjá ríkissjóði, skal ákvörðun iðgjalda háð samþykki atvinnumálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins.

Nd. 315. Lög [71. mál]

um Veðurstofu Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 17. marz.)

Samhljóða þskj. 213.

Sþ. 316. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um athugun á vegakerfi landsins og áætlun um vegaframkvæmdir.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að framkvæma í samráði við vegamálastjóra heildarathugun á ástandi vegakerfis landsins og gera á grundvelli þeirrar athugunar áætlun um nauðsynlegar umbætur á vegakerfinu með hliðsjón af þeirri þýðingu, sem viðunandi vegakerfi hefur fyrir byggð landsins í heild.

Greinargerð.

Nefndin hefur haft til athugunar till. á þskj. 27 um framkvæmdaáætlun um vegagerð og breytingartillögu við þá tillögu. Hefur nefndin leitað álits vegamálastjóra um málið. Hefur hann látið nefndinni í té mjög ýtarlega greinargerð, þar sem hann tilgreinir öll þau byggðarlög, sem enn eru ekki komin í samband við akvegakerfið, og gerir jafnframt grein fyrir kostnaði við framkvæmdir. Er því í rauninni leyst það verkefni, sem umrædd þingsályktunartillaga gerði ráð fyrir.

Í greinargerð vegamálastjóra kemur hins vegar í ljós, að nauðsynlegt sé að gera heildarathugun á vegakerfi landsins, bæði þjóðvegum, sýsluvegum og hreppavegum, og gera sér jafnframt grein fyrir kostnaði við að koma vegakerfinu í viðunandi horf, miðað við mikilvægi samgangnanna með hliðsjón af umferð og atvinnuháttum. Mundu þá falla inn í þá athugun þau helztu atriði, sem á er bent í áðurnefndri þingsályktunartillögu og breytingartillögu við hana. Þar sem hér er þó um miklu umfangsmeira verkefni að ræða, telur nefndin rétt að flytja um það sérstaka tillögu, sem þá er um leið afgreiðsla nefndarinnar á þáltill. á þingskjali 27. Lætur nefndin fylgja hér með greinargerð vegamálastjóra, sem glöggt skýrir öll atriði málsins.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 20. febrúar 1958.

Framkvæmdaáætlun um vegagerð.

Fjárveitinganefnd Alþingis hefur með bréfi, dags. 26. nóvember f. á., sent mér til umsagnar till. til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun um vegagerð á þskj. 27 ásamt breytingartillögu á þskj. 45.

Báðar þessar tillögur hníga að því, að gerðar verði framtíðaráætlanir um framkvæmdir við vegagerð, en breytingartillagan er þó mun víðtækari. Ég held, að það verði tæpast bent á mörg héruð eða landshluta, sem séu vegalausir með öllu, en þau héruð og byggðarlög, sem enn hafa ekki vegasamband við akvegakerfi landsins, eru þessi:

I. Vestur-Ísafjarðarsýsla og Norður-Ísafjarðarsýsla vestan Mjóafjarðar og Kaldalóns.
II. Árneshreppur í Strandasýslu.
III. Loðmundarfjörður.
IV. Mjóifjörður í S.-Múlasýslu.
V. Öræfi í Austur-Skaftafellssýslu.

Auk þessa eru í flestum sýslum landsins fleiri eða færri einstök býli, sem ekki eru í vegasambandi við akvegakerfið.

Vegasamband ýmissa landshluta við akvegakerfið er þó enn næsta ófullkomið. Vegir þeir, sem tengja Vestfjarðakjálkann og Austurland frá Þistilfirði til Hornafjarðar, eru að miklu leyti ruddir vegir um fjöll og heiðar, sem aðeins eru færir 4—6 mánuði ársins.

Vegurinn yfir Mýrdalssand, sem tengir sveitirnar austan sands við vegakerfið, er aðeins ruddur götuslóði, sem oft teppist af sandfoki á sumrin og að jafnaði af snjó á veturna. Vegasambandið milli Suðurlands og annarra landshluta liggur um Hvalfjarðarveg, sem enn er að miklu leyti aðeins rudd gata, sem iðulega lokast af snjó, þó að þar sé raunar mjög snjólétt, eða teppist af skriðuföllum, ef óvenjulegt vatnsveður ber að höndum. Sambandið milli Suður- og Vesturlands annars vegar og Norður- og Austurlands hins vegar liggur um Hrútafjörð eftir vegarkafla, sem aðeins er ruddur og teppist iðulega af snjó mun fyrr en vegurinn um Holtavörðuheiði. Svo mætti lengi telja, en hér skal þó staðar numið. Þessi upptalning sýnir þó, að enn eru margir veikir hlekkir í þeirri keðju, sem tengir saman vegi í hinum ýmsu landshlutum.

Þar sem það tæki 1—2 sumur og mikinn mannafla að gera nauðsynlegar mælingar og athuganir á leiðum þeim, er byggja þarf vegi um, til þess að koma framangreindum byggðarlögum í akvegasamband, þá hef ég látið taka saman lauslegar kostnaðaráætlanir um þessa vegagerð, sem byggðar eru á þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru. Þessar áætlanir gefa a. m. k. góða hugmynd um það, hve stórt átak þarf til að ná þessu marki.

I. *Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur:*

a. *Vestfjarðavegur* af Barðastrandarvegi í Vatnsfirði norður yfir fjöll um Helluskarð og Dynjandisheiði í Dynjandisvog. Þessi leið er öll um 30 km, og þar af er alveg eftir að byggja um 21 km, en um 6 km eru í byggingu. Á þessari leið er eftir að byggja 10 brýr, og verða a. m. k. tvær þeirra byggðar í ár.

Kostnaður við að ljúka byggingu þessa vegar er áætlaður þannig:

Vegagerð	2.5 millj. kr.	
Brýr	1.9 — —	
		4.4 millj. kr.

Undanfarin ár hafa verið veittar 400 þús. kr. til þessa vegar á fjárl. og auk þess 200 þús. kr. árlega af benzínskatti. Miðað við þessar fjárveitingar ætti þessi vegur að verða akfær haustið 1961, ef ekkert óvænt kemur fyrir og nægjanlegt fé fæst til að byggja allar brýrnar.

b. *Djúpvegur:*

Ögurvegur: frá Arngerðareyri að Hjöllum í Skötufirði um 73 km og þaðan *Fjarðavegur* til Súðavíkur um 87 km, eða samtals 160 km.

1. Frá vegamótum Ögurvegar og Vatnsfjarðarvegar hjá Eyri í Ísafirði að Heydalsá í Mjóafirði eru 15.5 km af þessum vegi í byggingu, þaðan að Laugardalsá 21.5 km, sem eru alveg óvegaðir, en frá Laugardalsá að Ögri er bílfær vegur. Á þessari leið eru enn 6 óbrúaðar ár, en sú stærsta þeirra, Botnsá, verður brúuð í ár. Kostnaður við þessa vegagerð er áætlaður þannig:

Vegagerð	2.7 millj. kr.	
Brýr	1.1 — —	
		3.8 — —

Á þessu ári eru veittar 400 þús. kr. í fjárlögum til þessa vegar, og mun það því taka nærri 7 ár að koma þessum vegi að Laugardalsá og þar með ná vegasambandi við Ögur.

2. Frá Ögri að Hattardal í Álftafirði eru alveg óvegaðir 89 km og óbrúaðar 7 ár. Kostnaður við þennan vegarkafla áætlast þannig:

Vegagerð	8.6 millj. kr.	
Brýr	2.1 — —	
		10.7 — —

Til Fjarðavegar eru í ár veittar 130 þús. kr. í fjárlögum. Ef gert er ráð fyrir þessari upphæð árlega til vegarins, þar til Ögurvegur verður kominn að Laugardalsá, en síðan verði það fjármagn, sem til hans er veitt, áfram lagt til þessa vegar, þá ætti þessari vegagerð að verða lokið árið 1979.

Heildarkostnaður við að ljúka þessum 126 km verður því sem næst 14.5 millj. kr. að meðtöldum brúargerðarkostnaði.

c. *Snæfjallastrandarvegur:*

Leiðin frá Ármúla að Sandeyri er nú í tölu þjóðvega og er alls um 34 km. Þar af teljast um 10 km bílfærir, en þó ekki fullgerður vegur. Á þessari leið eru 9 óbrúaðar ár, og eru 4 þeirra kvíslar Kaldalóns.

Leiðin frá Sandeyri að Stað í Grunnavík er 16 km löng og er ekki í neinum vegaflokki. Á þessari leið eru 4 óbrúaðar ár. Kostnaður við að byggja veg á þessum leiðum áætlast þannig:

Vegagerð: Ármúli — Sandeyri	3.1 millj. kr.	
Brýr: — —	1.4 — —	
Vegagerð: Sandeyri — Grunnavík	1.6 — —	
Brýr: — —	0.5 — —	
		6.6 millj. kr.

Til Snæfjallastrandarvegar eru nú veittar 130 þús. kr. í fjárlögum. Með sömu fjárveitingu tekur það því 24 ár að ljúka vegagerð á þeim hluta leiðarinnar, sem nú er í tölu þjóðvega, en 12 árum betur, ef haldið yrði áfram þaðan til Grunnavíkur.

Kostnaður við vegi og brýr á I a, I b og I c samtals 25.5 millj. kr.

II. *Reykjarfjarðarvegur:*

Frá Strandavegi í Staðardal að Ásmundarnesi í Bjarnarfirði er upphleyptur góður vegur. Þaðan að Brúará er vegur í byggingu, en síðan er með öllu óvegað að Djúpuvík í Reykjarfirði, en þaðan telst bílfært í Reykjarfjarðarbotn, en síðan er óvegað að Árnesi í Trékyllisvík. Frá Trékyllisvík er bílfært til Ingólfjarðar um 8 km leið og einnig 3 km álma til Norðurfjarðar. Úr Ingólfsfirði er alveg óveguð um 14 km leið í Ófeigsfjörð. Til þess að Árneshreppur komist í vegasamband, þarf að koma veginum í Árnes, en það er um 55 km leið, og brúa þarf jafnframt 20 ár, sem flestar eru þó litlar. Kostnaður við þessa vegagerð áætlast þannig:

Vegagerð	3.9 millj. kr.
Brýr	3.1 — —
Kostnaður við vegi og brýr alls	7.0 millj. kr.

Til Reykjarfjarðarvegar og Gjögurvegar í Árneshreppi eru í ár veittar 240 þús. kr. í fjárlögum. Með sömu fjárveitingum mun það taka um 16 ár að koma Árneshreppi í vegasamband.

III. *Loðmundarfjörður:*

Leiðin frá Seyðisfirði að Brimnesi er tæpir 13 km og er í tölu þjóðvega. Leið þessi helzt sæmilega fær jeppum og vörubílum. Þaðan að Stakkahlíð í Loðmundarfirði eru um 12 km, sem eru óvegaðir með öllu, og er sú leið talin til fjallvega. Á allri leiðinni eru 5 óbrúaðar ár, en flestar smáar.

Kostnaður við að ljúka þessu verki áætlast þannig:

Vegagerð	2.9 millj. kr.
Brýr	0.8 — —
Kostnaður við vegi og brýr	3.7 millj. kr.

Til Seyðisfjarðarvegar nyrðri eru veittar 80 þús. kr. í fjárlögum þessa árs. Með sömu fjárveitingum mun það því taka 36 ár að komast til Loðmundarfjarðar með veg.

IV. *Mjóafjarðarvegur:*

Frá Fagradalsbraut að Firði í Mjóafirði er óvegað með öllu að undanskildum 2 km kafla, sem ruddur hefur verið innan við Fjörð. Öll leiðin er 20 km og er í tölu þjóðvega. Frá Firði er fært að Dalatanga, þótt ekki sé það góður vegur. Á þessari leið eru 7 óbrúaðar ár, en flestar litlar. Kostnaður við að fullgera veginn að Firði áætlast þannig:

Vegagerð	2.1	millj. kr.
Brýr	1.0	— —
Kostnaður við vegi og brýr	3.1	millj. kr.

Til þessa vegar eru veittar 80 þús. kr. í fjárlögum þessa árs, og miðað við sömu fjárveitingu mun það taka 26 ár að ljúka þessari vegagerð.

V. *Öræfi:*

Um nokkur undanfarin ár hefur þungavara verið flutt á stórum bifreiðum með drifi á öllum hjólum yfir Skeiðarársand til Öræfa í aprílmánuði, þ. e. áður en jökulvötn byrja að vaxa. Þessir flutningar eru þó næsta ótryggir, vegna þess að sumar kvíslar Skeiðarár geta verið þannig, að þær séu alls ekki færar bifreiðum. Í Skeiðarárhlaupum, sem komið hafa á nokkurra ára fresti, eru þessir flutningar yfirleitt óhugsandi, nema hlaupin komi ekki fyrr en í maí. Vegna jökulhlaupanna verður það að teljast útilokað að koma á varanlegu vegasambandi við Öræfi yfir Skeiðarársand.

Eina leiðin til þess að koma Öræfum í vegasamband er því að gera bílfært til Hornafjarðar. Á þeirri leið eru þó margar og erfiðar ár, svo sem Jökulsá á Breiðamerkursandi, Fjallsá og Steinavötn, að Hornafjarðarfljótum ógleymdum. Eftir að byggð var brú á Stemmu, sem er erfið jökulsá næst austan við Jökulsá á Breiðamerkursandi, er oftast hægt að komast á bílum frá Melatanga að Jökulsá, en yfir hana er ófært bílum með öllu, nema stöku sinnum á ís að vetrarlagi. Um 7 km vestan við Jökulsá er Fjallsá, sem einnig er ófær bifreiðum mestan hluta ársins. Við flutning á fólki þessa leið þarf því að ferja yfir báðar þessar ár, en gamall herbíll er hafður á Breiðamerkursandi til þess að flytja fólk milli ánna. Með því að brúa Fjallsá væri með hentugri ferju á Jökulsá möguleiki á vöruflutningum þessa leið, einkum ef brú kæmi á Hornafjarðarfljót. Brú á Jökulsá á Breiðamerkursandi er tæpast hugsanleg eins og er, vegna þess, hve áin hefur breytt sér ört undanfarin ár, og búast má við því, að svo verði, meðan ísjakar úr lóninu við jökulinn geta teppt farveg árinnar að meira eða minna leyti.

Frá Hólmsá á Mýrum að Hnappavöllum í Öræfum þarf að byggja upp um 28 km af vegi og brúa 10 ár, og er þá Jökulsá á Breiðamerkursandi ekki talin með, en brúa þarf Hornafjarðarfljót að auki, enda er það nauðsynlegt til þess að koma Mýrum og Suðursveit í vegasamband. Kostnaður við þessar framkvæmdir áætlast þannig, að meðtalinni brú á Hornafjarðarfljót:

Vegagerð	1.7	millj. kr.
Brýr*)	14.0	— —
Kostnaður við vegi og brýr alls	15.7	millj. kr.

Með núverandi fjárveitingum til Suðursveitar- og Öræfavega, sem er 155 þús. kr., tekur þessi vegagerð um 11 ár.

*) Hér af er brú á Hornafjarðarfljót 8.5 millj. kr.

Yfirlit yfir kostnað við að koma framangreindum 5 byggðarlögum í akvegasamband og sá tími, sem það mun taka miðað við núverandi fjárveitingar:

I. *Vestur- og Norður-Ísafj.s.*

	Kostnaður í millj. kr. Vegagerð	Brýr		Heildarkostnaður í millj. kr.		Verki lokið eftir
a. Vestfjarðavegur ..	2.5	1.9		4.4		4 ár
b. Djúpvegur	11.3	3.2		14.5		23 —
c. Snæfjallastrandarv.	4.7	1.9		6.6		36 —
	—— 18.5	——	7.0	——	25.5	
II. *Árneshreppur*	3.9		3.1		7.0	16 —
III. *Loðmundarfjörður* ...	2.9		0.8		3.7	36 —
IV. *Mjóifjörður*	2.1		1.0		3.1	26 —
V. *Öræfi*	1.7		14.0		15.7	11 —
	Samtals 29.1 millj. kr.		25.9 millj. kr.		55.0 millj. kr.	

Af þessu lauslega yfirliti sést það greinilega, hvílíkt óhemju verkefni það er að koma þessum byggðarlögum í samband við akvegakerfi landsins og hve langan tíma það mun taka með núverandi fjárveitingum.

Af framangreindum vegum eru um 250 km í þjóðvegatölu sem óakfærir vegir, og er það um fjórði hluti óakfærra vega í þjóðvegatölu. Gefur það nokkra hugmynd um það, hvert verkefni enn er óleyst í sambandi við þá vegi, sem teknir hafa verið í tölu þjóðvega á undanförnum árum, og ekki síður marga þá vegi, sem nú eru taldir akfærir, en eru það þó aðeins að mjög takmörkuðu leyti.

Þjóðvegakerfið er að mestu byggt upp á undanförnum 30 árum, sem sjá má af eftirfarandi yfirliti:

Akfærir þjóðvegir voru 1927 um 1300 km.
— — — 1937 — 3300 —
— — — 1947 — 5500 —
— — — 1957 — 7300 —

Af þessu sést, að um helmingur hinna akfæru þjóðvega er byggður fyrir stríð, meðan ekki þekktust við vegagerð hér önnur tæki en handverkfæri, hestakerrur og bifreiðar, sem flutt gátu 1—2 smálestir.

Það er því næsta eðlilegt, að þeir vegir, sem byggðir voru með þessum tækjum og miðaðir við bifreiðar, sem voru í mesta lagi 3—4 smálestir að þyngd, láti á sjá undan stöðugri umferð bifreiða, sem vega 6—14 smálestir eða enn meir. En umferðin er yfirleitt mest og þyngst á mörgum hinna elztu vega, sem lagðir voru í þéttbýlinu, en svara nú hvergi nærri þeim kröfum, sem gerðar eru til þeirra vegna umferðarmagns og þunga bifreiða. Ég tek þetta fram hér vegna þess, að mér virðist flokkun sú á vegum, sem stungið er upp á í breytingartillögunni, sé nokkuð þröng. Margir þeirra upphlöðnu vega, sem byggðir voru á mýrum fyrir 20—30 árum, eru nú sokknir svo í mýrarnar, að akbrautin, sem upphaflega var hálfum til heilum metra hærri en mýrin, er nú orðin jafnhá eða jafnvel lægri en mýrin. Afleiðing þessa er sú, að vegir þessir eru oft illfærir vegna holklaka á vorin og að jafnaði illfærir að vetrarlagi vegna snjóa. Gott dæmi um slíkan veg er Suðurlandsvegur í Flóa og Holtum.

Vegakerfið í hinum ýmsu sýslum landsins er næsta misjafnt að gæðum, enda aðstæður til vegagerðar mjög ólíkar. Þörfin fyrir upphlaðna góða vegi, sem færir eru allt árið, nema sérstök snjóalög hamli, er einnig mun brýnni í þeim héruðum, sem aðallega stunda mjólkurframleiðslu, en þeim, sem stunda sauðfjárrækt. Snjóalög eru einnig æði misjöfn í hinum ýmsu sýslum og eru æði breytileg frá ári til árs. Breyttir framleiðsluhættir gera og mjög breyttar kröfur til veganna, eins og t. d. á sér stað, þegar héruð, sem stundað hafa sauðfjárrækt eingöngu, hefja mjólkurframleiðslu í stórum stíl, eins og stöðugt verður algengara.

Vöruflutningar með bifreiðum milli héraða og landshluta fara sífellt vaxandi og jafnframt því auknar kröfur um umferðarleyfi fyrir stærri og þyngri bifreiðar til þessara flutninga. Þessari þróun verður ekki unnt að snúa við, en afleiðingin er sú, að verja verður á næstu árum miklu fé til þess að styrkja elztu vegina á aðalleiðum og auk þess endurbyggja margar gamlar brýr.

Mér er fyllilega ljós nauðsyn þess að afla glöggra upplýsinga um heildarástand vegakerfis landsins, og unnið hefur verið að því undanfarin ár, að svo miklu leyti sem starfslið hefur verið fyrir hendi. En slík heildarathugun tekur langan tíma og mikla vinnu, ef hún á að koma að tilætluðum notum, því að jafnhliða upplýsingum um ástand vegakerfisins þarf að gera sér grein fyrir væntanlegri umferð 10—20 ár fram í tímann á hinum ýmsu leiðum og miða áætlanir við það. Í slíkri áætlun verður t. d. ekki komizt hjá því að setja varanlegt slitlag, steypt eða malbikað, á þá vegi, sem nú hafa og munu fá um og yfir 1000 bíla umferð á dag.

Ég lít því svo á, að hin fram komna tillaga og breytingartillaga séu mjög æskilegar, en sameina mætti þær í einni tillögu þess efnis, að stefnt verði að því að fá sem fyrst heildaryfirsýn yfir ástand þjóðvega- og sýsluvegakerfis landsins ásamt áætlun um það, hvaða umbætur á þeim séu nauðsynlegar með hliðsjón af þeirri þýðingu, sem viðunandi vegakerfi hefur fyrir byggð landsins í heild.

Til glöggvunar á 4. lið breytingartill. á þskj. 45 sendi ég með sem fylgiskjal yfirlit yfir tekjur og gjöld sýsluvegasjóða og framlög til akfærra sýsluvega á árunum 1956 og 1957.

Í greinargerð til fjárveitinganefndar, dags. 14. þ. m., um útboð opinberra framkvæmda, hef ég gert grein fyrir 8. lið breytingartill. á þskj. 45.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson.

Fjárveitinganefnd Alþingis, Alþingi.

Nd. 317. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á l. kafla l. nr. 36/1952 o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundi. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Ragnhildur Helgadóttir taldi sig ósamþykka frumvarpinu í nokkrum atriðum og mun skila séráliti. Einn nefndarmanna (KJJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 17. marz 1958.

Steingr. Steinþórsson, form.	Gunnar Jóhannsson, fundaskr., frsm.	Benedikt Gröndal.

Sþ. 318. Tillaga til þingsályktunar [155. mál]

um endurskoðun ákvæða almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á ákvæðum almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur með það fyrir augum að bæta hlut lífeyrisþeganna. Verði sérstaklega athugað, hvort unnt sé:

1. að hækka grunnupphæðir elli-, örorku- og barnalífeyris;
2. að heimila allt að tvöföldun barnalífeyris vegna munaðarlausra barna;
3. að greiða að einhverju leyti lífeyri með barni látinnar móður;
4. að jafna að einhverju eða öllu leyti aðstöðu hjóna og einstaklinga gagnvart tryggingalögunum.

Greinargerð.

Til fjárveitinganefndar hefur verið vísað tveim tillögum um þetta efni, þ. e. tillögu á þskj. 87 frá Jóhönnu Egilsdóttur, um hækkun elli- og örorkulífeyris, og tillögu Ragnhildar Helgadóttur, Jóhönnu Egilsdóttur og Öddu Báru Sigfúsdóttur á þskj. 94, um endurskoðun á ákvæðum um barnalífeyri.

Nefndin hefur athugað tillögur þessar og leitað álits Tryggingastofnunarinnar um þær.

Þykir nefndinni augljóst, að hækkanir á lífeyrisgreiðslum, sem tillögurnar miða að, séu meiri en svo, að nefndin geti á þessu stigi mælt með þeim, en vill hins vegar taka undir það, að endurskoðun sé látin fara fram á lífeyrisgreiðsluákvæðum almannatryggingalaganna og rannsakað, hvort ekki sé unnt að koma að einhverju leyti til móts við þær óskir um bætta aðstöðu lífeyrisþega, sem fram koma í nefndum tillögum. Er tillaga þessi flutt sem afgreiðsla nefndarinnar á áðurgreindum tillögum.

Nd. 319. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (KJJ, RH).

Þegar frumvarp ríkisstjórnarinnar um húsnæðismálastofnun o. fl., sem lögfest var s. l. vor, var lagt fyrir Alþingi, duldist engum, að á því voru margvíslegir annmarkar. Í meðförum þingsins voru ýmsir þeirra sniðnir af, enda var samþykkt 31 breytingartillaga við frumvarpið. Auk ýmissa smágalla bentu þingmenn Sjálfstæðisflokksins þá þegar á ýmsa efnisgalla, sem reynslan hefur nú einnig leitt í ljós.

Snemma á þessu þingi vildu þingmenn Sjálfstæðisflokksins freista þess að lagfæra lög þessi, og báru þá Jóhann Hafstein og fleiri þingmenn flokksins fram frumvarp til breytinga á lögunum um húsnæðismálastofnun. Var frumvarpið afgreitt til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar, en meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar stjórnarflokkanna, hefur hliðrað sér hjá að taka það til umræðu og afgreiðslu.

Ekki alls fyrir löngu var hins vegar lagt fram stjórnarfrumvarp um breytingar á sömu lögum, og fékk það eftir atvikum fljóta afgreiðslu hjá nefndinni.

Vegna þess að frumvarp sjálfstæðismanna felur í sér ýmsar efnisbreytingar á sömu lögum og stjórnarfrumvarpið, m. a. ýmsar, sem ganga lengra en tillögurnar í því, hefði verið eðlilegt að afgreiða bæði frumvörpin samtímis. En fyrst svo varð

ekki, leggur minni hl. til, að á stjórnarfrumvarpinu verði gerðar breytingar, sem hafa sömu efnisatriði að geyma og frumvarp sjálfstæðismanna, sem flutt var í vetur. Um rökstuðning fyrir tillögunum má vísa til grg. með frv. á þskj. 113.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) 1. gr. laganna orðist svo:
   Húsnæðismálastjórn ríkisins skal beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum, hafa á hendi stjórn byggingarsjóðs ríkisins og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.
   Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn, fjórir kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands, seðlabankans. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann húsnæðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.
   Húsnæðismálastjórn ræður sér starfsfólk eftir þörfum, og greiðist allur kostnaður af störfum hennar úr byggingarsjóði ríkisins.
   Verði ágreiningur í húsnæðismálastjórn, ræður afl atkvæða úrslitum.
   b. (2. gr.) Í stað 2., 3. og 4. mgr. 2. gr. laganna komi:
   Setja skal á stofn tækniráð húsnæðismálastjórnar, er sé skipað fulltrúum frá eftirtöldum aðilum: húsnæðismálastjórn, iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans, húsameistara ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, byggingarvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Félagi ísl. byggingarefnakaupmanna.
   Ráðherra ákveður þóknun til meðlima tækniráðs og setur reglugerð um starfsemi þess að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.
2. Á eftir 1. gr. (sem verði 3. gr.) komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (4. gr.) Í stað stafliðar G í 1. mgr. og 2., 3. og 4. mgr. 6. gr. laganna komi einn stafliður (G), svo hljóðandi:
   Húsnæðismálastjórn skal setja almennar reglur um veitingu lána. Í samræmi við þær reglur skulu útbúin umsóknareyðublöð um lán, einföld, skýr og hentug til afnota fyrir almenning.
   b. (5. gr.) 9. gr. laganna orðist svo:
   Setja skal á stofn undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands sérstakt form spariinnlána í bönkum og sparisjóðum, er nefnist húsinnlán.
   Húsinnlán skulu vera samningsbundin spariinnlán einstaklinga, er leggja inn fé af atvinnutekjum sínum, minnst 5000 kr. á ári í að minnsta kosti 5 ár.
   Húsinnlán skulu bera 1% hærri ársvexti en almennir sparisjóðsvextir eru á hverjum tíma, og skal það fé, sem sparað er á þennan hátt, vera undanþegið tekjuskatti og útsvari, þó ekki yfir 5000 kr. á ári.
   Bankar og sparisjóðir skulu skyldir að taka við peningum til húsinnlána. Það fé, sem innborgast til húsinnlána, skal ganga til kaupa á A-bankavaxtabréfum hins almenna veðlánakerfis.
   Húsinnlán skulu færð á sérstakan reikning lánastofnana, og skulu þær gefa húsnæðismálastjórn skýrslu um þau.
   Húsinnlán fást útborguð að minnst 5 árum liðnum frá því að innlög hófust. Öðlast þá eigendur þeirra rétt til að fá íbúðarlán hjá húsnæðismálastjórn, allt að 25% hærra en venjulegt hámark er, þó aldrei yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar, og skylt er að láta þá sitja fyrir um lán.
   Um framkvæmd þessarar greinar fer að öðru leyti eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð um húsinnlán, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

3. 2. gr. (sem verði 6. gr.) orðist svo:
   10. gr. laganna falli niður.
4. 3. gr. (sem verði 7. gr.) orðist svo:
   11. gr. laganna falli niður.
5. 4. gr. (sem verði 8. gr.) orðist svo:
   12. gr. laganna falli niður.
6. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (9. gr.) Fyrir orðin „4 millj. króna“ í 16. gr. laganna komi: 12 millj. króna.
   b. (10. gr.) Á eftir 16. gr. laganna komi ný gr., er verði 17. gr., svo hljóðandi:
   Nú stofnar sveitarfélag byggingarsjóð í því skyni að veita lán til nýbygginga, svo að útrýmt verði heilsuspillandi húsnæði, og skal þá ríkissjóður leggja slíkum sjóði jafnhátt árlegt framlag og veitt er úr sveitarsjóði og með sömu kjörum, enda hafi ráðherra staðfest reglugerð byggingarsjóðsins. Sveitarfélagi ber skylda til að sjá um, að ónothæft húsnæði sé tekið úr notkun, jafnóðum og tekið er í notkun húsnæði, sem ríkissjóður hefur veitt framlag til samkvæmt þessari grein.
7. Við 5. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 17. marz 1958.

Kjartan J. Jóhannsson, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. 320. Nefndarálit [50. mál]

um till. til þál. um kostnaðaráætlun um brúar- og vegagerð.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis fellst á það sjónarmið, er fram kemur í tillögunni á þskj. 82, um rannsókn á brúarstæði á Tungnaá og kostnaðaráætlun, um akfæran sumarveg um Sprengisand að Mýri í Bárðardal. Þá hefur nefndin og athugað tillöguna á þskj. 211 um áætlun við að gera bílfæra Fjallabaksleið frá Landmannahelli austur í Skaftártungu og er henni samþykk.

Með hliðsjón af því, að samþykkt var á Alþingi tillaga um rannsókn á vegarstæði milli landsfjórðunga hinn 22. marz 1956, og með því að sú rannsókn hefur að nokkru farið fram á því svæði, er um getur í tillögunni á þskj. 82, sbr. bréf vegamálastjóra frá 7. þ. m. og bréf raforkumálastjóra frá 25. f. m., leggur nefndin til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar,** í trausti þess, að gengið verði endanlega frá umræddum athugunum og tillögur hinna sérfróðu manna samræmdar.

Alþingi, 17. marz 1958.

Benedikt Gröndal, form. Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. Ásg. Sigurðsson, frsm.

Ásgeir Bjarnason. Björn Jónsson. Jón Sigurðsson.

Steingr. Steinþórsson.

Fylgiskjal I.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 7. marz 1958.

Tillaga til þingsályktunar á þskj. 82 um kostnaðaráætlun um brúar- og vegagerð.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi, dags. 14. f. m., sent mér ofangreinda tillögu til umsagnar.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir því, að gerð verði kostnaðaráætlun um brú á Tungnaá hjá Búðarhálsi og einnig kostnaðaráætlun um að gera bílfæra um sumarmánuðina leiðina frá Galtalæk í Landsveit um Sprengisand að Mýri í Bárðardal.

Haustið 1955 kom fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar á þskj. 67 um rannsókn á vegarstæði milli landsfjórðunga, og var tillaga þessi send fyrirrennara mínum til umsagnar. Umsögn um tillöguna var síðan send fjárveitinganefnd Alþingis með bréfi, dags. 16. janúar 1956.

Hinn 22. marz 1956 var síðan samþykkt á Alþingi þingsályktun um rannsókn vegarstæða milli landsfjórðunga, og með bréfi samgöngumálaráðuneytisins, dags. 16. apríl 1956, var mér falið að koma téðri rannsókn í framkvæmd.

Síðan hafa í samvinnu við raforkumálastjórnina verið mæld þrjú brúarstæði á Tungnaá og eitt á Köldukvísl. Gerð hefur verið kostnaðaráætlun um 83 m hengibrú á Tungnaá hjá Búðarhálsi, en þar er eitt hinna mældu brúarstæða. Hin brúarstæðin á Tungnaá, sem mæld hafa verið, eru bæði í Þóristungum, skammt ofan ármóta Tungaár og Köldukvíslar. Kostnaðaráætlanir hafa ekki enn verið gerðar um brýr á þessum stöðum, en unnið er að undirbúningi þeirra.

Frekari athugun á vegarstæði um Sprengisand en fyrir hendi var, þegar umsögn var gefin um svipaða tillögu hinn 16. janúar 1956, hefur ekki verið gerð. Er það einkum tvennt, sem veldur þar mestu um. Í fyrsta lagi skiptir það verulegu máli, hvort Tungnaá verður brúuð hjá Búðarhálsi eða í Þóristungum varðandi vegagerð á nokkrum hluta leiðarinnar, en unnið er nú að því að gera samanburðaráætlanir um þessi brúarstæði, eins og að framan greinir. Í öðru lagi hefur orðið að beina takmörkuðu starfsliði fyrst og fremst að þeim verkefnum, sem fjárveitingar hafa verið veittar til á hverju ári, en láta frekar rannsóknir sem þessar sitja á hakanum.

Raforkumálastjórnin hefur undanfarin ár látið gera umfangsmiklar mælingar og rannsóknir á vatnasvæðum Þjórsár, Köldukvíslar og Tungnaár og ráðgerir að halda áfram þessum rannsóknum í vaxandi mæli næsta áratug, eins og nánar er gerð grein fyrir í bréfi raforkumálastjóra til mín, dags. 25. f. m., varðandi brúargerð á Tungnaá, sem fylgir hér með í afriti.

Af greinargerð raforkumálastjóra er ljóst, að það yrði mjög aukið hagræði að því við rannsóknir og mælingar við Þórisvatn og víðar, að Tungnaá yrði brúuð í Þóristungum frekar en við Búðarháls. Brú hjá Búðarhálsi kæmi að litlum notum fyrir þessar rannsóknir, nema jafnframt yrði byggð brú á Köldukvísl, sem auðveldast væri að byggja vestan við ós Þórisvatns. Við rannsóknir nærri Þóristungum yrði þessi leið þó um 50 km lengri en ef Tungnaá yrði brúuð þar. Við rannsóknir og mælingar má segja, að þetta skipti ekki miklu máli, en ef horfið yrði að virkjunarframkvæmdum í Þóristungum, yrði þessi krókur mjög tilfinnanlegur.

Brú sú, sem gerð hefur verið áætlun um hjá Búðarhálsi, er áætluð að kosta 2.6 millj. kr., og er brúin ætluð fyrir venjulegan vagnþunga á afskekktari leiðum, sem er 14 tonn. Ef brúin yrði byggð í Þóristungum, teldi ég sjálfsagt að byggja hana fyrir þann þunga, sem nauðsynlegur gæti talizt vegna virkjunarframkvæmda við Þórisvatn, en það yrði væntanlega 30—40 tonna vagnþungi, þar sem annars yrði e. t. v. að byggja nýja brú vegna virkjunar að 10 árum liðnum. Slík brú mundi að sjálfsögðu kosta eitthvað meira en brú fyrir venjulegan vagnþunga, en sá aukakostnaður yrði þó aldrei nema lítill hluti af verði nýrrar brúar.

Ef miðað er eingöngu við að fá sem greiðasta og auðveldasta leið frá Galtalæk

á Landi að Mýri í Bárðardal, þá er lítill vafi á því, að leiðin um Búðarháls er sú auðveldasta og ódýrast yrði að gera hana bílfæra að sumarlagi. Í greinargerðinni frá 16. janúar 1956 voru vegabætur fyrir ruðningsveg á þessari leið áætlaðar á 500 þús. kr. auk brúa á Tungnaá og Fjórðungskvísl, sem áætlaðar voru lauslega á 2.35 millj. kr. Kostnað við þessar vegabætur má nú áætla á 600 þús. kr., en brýrnar á Tungnaá og Fjórðungskvísl. á 3.0 millj. kr.

Engar kostnaðartölur eru enn fyrir hendi um brúargerð á Tungnaá hjá Þóristungum eða vegagerð þaðan á Sprengisandsveg um brú á Köldukvísl vestan Þórisvatns. Kostnaðartölur um þetta ættu að geta legið fyrir á hausti komanda, en ekki fyrr. Þegar þær áætlanir verða fyrir hendi, verður hægt að bera saman þessar tvær leiðir hvað kostnað snertir.

Það skal þó tekið fram, að ruddur sumarfær vegur um Sprengisand getur aldrei komið að neinum hagkvæmum notum til flutninga milli landsfjórðunga. Til þess þyrfti sæmilegan uppbyggðan malarveg og fyrst og fremst brýr á allar árnar, þar sem leið þessi er ekki snjólaus nema tvo mánuði ársins, þegar bezt lætur. Hins vegar mundi brúargerð á Tungnaá opna þessi víðáttumiklu öræfi fyrir skemmtiferðafólk. Í því sambandi kæmi brú á Tungnaá hjá Þóristungum og Köldukvísl að meira gagni, þar sem þá mundi opnast leið að Þórisvatni, Veiðivötnum og sunnanverðum Vatnajökli auk þess hagræðis, sem að því yrði við rannsóknir raforkumálastjórnarinnar.

Þar sem unnið er að athugunum á þessum leiðum og verið er að gera kostnaðaráætlanir um brýr á Tungnaá og Köldukvísl samkvæmt þingsályktunartillögu frá 22. marz 1956 og væntanlega verður hægt að láta niðurstöður þessara rannsókna liggja fyrir næsta reglulegu Alþingi, þá tel ég óþarft að samþykkja nýja þingsályktun um þetta mál.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 25. febrúar 1958.

Vegamálastjóri, Laugaveg 114, Reykjavík.

Um brúargerð á Tungnaá.

Með vísun til viðtals við yður, herra vegamálastjóri, og í sambandi við tillögu þá, sem fram hefur komið á Alþingi um athugun á brúargerð á Tungnaá við Búðarháls, vildi ég taka fram eftirfarandi:

Nú fara fram rannsóknir á virkjunaraðstöðu á vatnasvæði Þjórsár, Köldukvíslar og Tungnaár. Rannsóknir þessar eru enn á byrjunarstigi, en þeim verður haldið áfram um margra ára skeið, því að þar er um umfangsmikið verkefni að ræða. Athuga þarf rennsli ánna á öllum tímum árs. Gera þarf frekari landmælingar. Leitað mun verða að byggingarefni. Borað verður til athugunar á jarðlögum. Athuga þarf jarðfræði svæðanna, og verkfræðingar þurfa að athuga staðhætti fyrir orkuver og raflínur. Gera má ráð fyrir, að athuganir þessar standi yfir hinn næsta áratug eða lengur, enda er hér um að ræða orkumestu vatnasvæði landsins. Benda lauslegar athuganir til, að unnt kunni að vera að vinna á þessum svæðum tífalt orkumagn á við núverandi raforkuvinnslu á Íslandi. Þetta orkumagn er þó því aðeins hægt að vinna, að unnt sé að gera umfangsmikil miðlunarmannvirki, en til að fá úr því skorið þarf miklar rannsóknir. Þessi miðlunarmannvirki ráða einnig

miklu um skilyrði til hagnýtingar á afli Þjórsár allrar. Við suma þætti þessara rannsókna, svo sem efnisleit og jarðborun, þarf að nota þungar vélar.

Við þessar athuganir allar er Tungnaá hinn versti farartálmi. Ekki verður farið yfir hana á Hólsvaði nema á stórum og sterkum bílum, og þarf fylgd kunnugra manna. Einnig er áin oft ófær, þó að hægt sé að athafna sig á rannsóknarsvæðinu. Áin gerir og erfitt um aðdrætti og veikir mjög öryggi þeirra, sem eru að störfum norðan árinnar.

Brú á Tungnaá mundi því gera athuganir þessar auðveldari og hagkvæmari, en þar sem brú við Búðarháls mundi ekki leysa þennan vanda nema að mjög litlu leyti, vildi ég fara þess á leit, að athugað yrði, hvort ekki væri hagkvæmt fyrir alla aðila, að Tungnaá yrði brúuð við Þóristungur. Brú á öðru hvoru af þeim tveimur brúarstæðum, sem ég hef látið mæla fyrir á Tungnaá við Þóristungur, mundi liggja mjög vel við fyrir umræddar rannsóknir og síðan fyrir framkvæmd og rekstur virkjunar úr Þórisvatni.

Aðalvirkjunarrannsóknarsvæðin á þessum slóðum eru í Þóristungum, meðfram vesturströnd Þórisvatns á kafla og uppi við Þórisós. Öll leiðin frá brúarstæðunum á Tungnaá við Þóristungur og upp að Köldukvísl við Þórisós hefur reynzt mjög greiðfær hvers konar ökutækjum. Á Köldukvísl er brúarstæði rétt fyrir neðan Þórisós, sem ég hef einnig látið mæla, svo sem yður er kunnugt. Er þar um að ræða 8—10 m brú. Með þeirri brú opnast leið að rannsóknar- og virkjunarsvæðum upp við Þjórsá, og er þá um leið komið á hina þekktu leið norður Sprengisand til Norðurlands. Öll þessi leið frá Tungnaá norður fyrir Köldukvísl er, að dómi þeirra starfsmanna minna, sem kunnugir eru á þessum slóðum, tiltölulega mjög snjólétt og mjög greiðfær.

Svo sem að framan segir, mundi það vera mjög til hagræðis við margra ára virkjunarrannsóknir, sem fram undan eru, að hafa brýr á Tungnaá við Þóristungur og á Köldukvísl uppi við Þórisós, og ef til virkjunarframkvæmda kemur við Þórisvatn, verður ekki hjá því komizt að koma á brúarsambandi af þessu tagi. Að því er tekur til rannsóknanna einna saman er beinn hagnaður af brúarsambandi ekki svo mikill, að svari nema að mjög litlu leyti kostnaði af brúargerðinni. Sé hins vegar tekið tillit til þess, að með þessum brúm mundi opnast bæði bílleiðin norður yfir Sprengisand og leiðir fyrir umferð ferðamanna að Þórisvatni, Veiðivötnum, í Jökulheima og upp að Vatnajökli, og með hliðsjón af almennu hagræði, sem yrði af þessum brúm, virðist ástæða til, að athugaðir séu gaumgæfilega möguleikar þess að koma hið fyrsta á brúarsambandi því, sem hér ræðir um.

Með bréfi þessu fylgir, ásamt uppdráttum af brúarstæðunum, kort af umræddu svæði. Hef ég látið marka á það brúarstæðin við Þóristungur og á Köldukvísl og leiðina frá brúarstæði á Tungnaá að Kjalvötnum. Einnig eru þar auðkennd þau svæði, sem virkjunarathuganirnar munu einkum beinast að.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Sþ. 321. Nefndarálit [51. mál]

um till. til þál. um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir og endurskoðun hafnarlaga.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og er sammála um nauðsyn þeirrar athugunar, sem tillagan gerir ráð fyrir. Allsherjarnefnd Sþ. hefur haft samráð við nefndina um till. til þál. um endurskoðun laga um hafnarbótasjóð, er vísað var til þeirrar nefndar.

Hefur orðið samkomulag milli nefndanna um að fella meginefni þeirrar tillögu inn í þessa tillögu.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vitamálastjóra gera 10 ára áætlun um nauðsynlegustu hafnarframkvæmdir í landinu, og sé fyrst og fremst við það miðað, að framkvæmdirnar geti stuðlað að öruggri og aukinni útflutningsframleiðslu. Einnig verði endurskoðuð gildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, svo og ákvæðin um landshafnir og önnur þau atriði laga um hafnargerðir, er ástæða þykir til að breyta með hliðsjón af fenginni reynslu og til samræmis við aðrar niðurstöður athugunar þessarar.

   Jafnframt verði endurskoðuð lögin um hafnarbótasjóð og athugað, hvort ekki sé tiltækilegt að efla starfsemi hans, svo að hann geti meðal annars veitt hagkvæm lán til langs tíma til nýrra hafnarframkvæmda.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

   Till. til þál. um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir og endurskoðun hafnarlaga og laga um hafnarbótasjóð.

Alþingi, 17. marz 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Halldór E. Sigurðsson.	Karl Kristjánsson.	Pétur Ottesen.
Eggert G. Þorsteinsson.	Jón Kjartansson.	

Ed. 322. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum. Meiri hl. nefndarinnar (BSt, GTh, JJós, BjörnJ) mælir með samþykkt frv., en minni hl. (EggÞ) leggur til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar, og mun skila séráliti.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 18. marz 1958.

Bernh. Stefánsson, form.	Björn Jónsson, fundaskr., frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.
	Gunnar Thoroddsen.	

Ed. 323. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á 5 fundum og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess.

Á nefndarfundi 6. marz s. l. mættu á fundi hjá nefndinni stjórnarmenn Innflutningsskrifstofunnar. Það var einróma álit þessara stjórnarmanna, að mál þetta þyrfti meiri athugunar við, og lögðust þeir eindregið gegn frumvarpinu í núverandi mynd. Lögðu þeir fram skriflegt álit, sem fylgir hér með sem fylgiskjal.

Með tilliti til þess, að hér er um álit þeirra manna að ræða, sem gerst þekkja til framkvæmda þessara mála, þá legg ég til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. marz 1958.

Eggert G. Þorsteinsson.

Fylgiskjal.

Frá Innflutningsskrifstofunni.

1. „Innflutnings-afgreiðslur" eru hjá öllum tollstjórum, bæjarfógetum og sýslumönnum á landinu.
2. „Gjaldeyris-afgreiðslur" eru hjá tveimur bönkum: Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h.f. Þessir bankar hafa útibú víða á landinu. Hafa þau oft annazt gjaldeyrisafgreiðslu, en gera það ekki nú, heldur aðeins aðalbankarnir. Er hér um að ræða ákvarðanir aðalbankanna, en ekki annarra gjaldeyrisyfirvalda.
3. Leyfisveitingar fyrir vörum og yfirfærslum eru á einum stað: Innflutningsskrifstofunni.

   Greiðslur fyrir annað en vörur eru yfirleitt háðar leyfum. Undanskildar eru þó yfirfærslur vegna bankanna sjálfra og afborganir af opinberum lánum og lánum með ríkisábyrgð. Ca. 65% af vöruinnflutningnum er á frílista, og þarf engar gjaldeyris- og leyfisveitinga-afgreiðslur, hvorki í Reykjavík né annars staðar á landinu, í sambandi við þær.
4. Ókostirnir við að hafa fleiri en eina leyfisveitinga-afgreiðslu eru aðallega þessir:
   a. Samræmið í leyfisveitingum verður minna, ef ekki lítið.
   b. Heildaryfirlit, sem þarf að vera daglegt, verður erfitt eða lítt framkvæmanlegt í því formi, sem það er nú.
   c. Skýrslugerðir, sundurliðað eftir löndum, tegund gjaldeyris, vörutegundum og samningum við aðrar þjóðir, verða erfiðari og síðar tilbúnar til afnota.
   d. Dreifing ákvörðunarvaldsins með þessi mál mundi þýða lausari tök á þeim vanda, sem ávallt þarf við að fást.
   e. Dreifing á innheimtu leyfisgjalda og leyfisskatta dregur úr öryggi vegna erfiðleika á eftirliti. Nú er dagleg endurskoðun á slíku framkvæmd af endurskoðun ríkisins.
   f. Daglega þarf að úrskurða um námskostnaðarumsóknir, sem berast, hvort þær falli undir ákvæði um undanþágu frá skatti. Leyfisskattur af bifreiðum er ýmist enginn eða mismunandi eftir tegundum. Skattinn þarf að úrskurða, um leið og leyfi er veitt.
   g. Heimild til að ráðstafa umboðslaunum til vörukaupa og öll önnur gjaldeyrisráðstöfun utan við bankana (ýmis vörukaup o. fl.) þýðir, að inn-

heimta þarf 16% yfirfærslugjald af upphæðinni, hvort sem varan er á frílista eða ekki. Þessi innheimta er að lögum í höndum Innflutningsskrifstofunnar.

h. Frágangur leyfanna (flokkunareinkenni, textar og áritуð skilyrði) skiptir miklu máli til leiðbeiningar fyrir banka og tollafgreiðslu og skapar öryggi gegn misnotkun. Allt slíkt yrði óöruggara með fleiri leyfisveitingastöðum.

i. Kostnaður mundi aukast verulega með þrem leyfisveitingaskrifstofum.

Hvað vinnst með þremur leyfisveitingaskrifstofum:

1. Umsækjandi í námunda við einhverja af hinum þrem nýju skrifstofum á hægara með að tala persónulega við starfsmenn skrifstofunnar, sparar sér símtal og ef til vill að gera skriflega grein fyrir málinu, sem þó ætti að vera regla að allir gerðu, hvort sem þeir eru búsettir í Reykjavík eða annars staðar.
2. Þeir, sem eru fjarri hinum nýju skrifstofum, eru eins settir og nú.
3. Að því er snertir frílistavörurnar er engin breyting með fjölgun skrifstofa til að veita leyfi.
4. Mjög fáir utan Reykjavíkur hafa bein sambönd til vörukaupa frá öðrum löndum, og vafasamt er, hvort um nokkurn er að ræða að því er snertir vöruskiptalöndin, en þar eru nú mest viðskiptin. Iðnfyrirtæki og verzlanir yrðu því í flestum tilfellum að fara með leyfin til Reykjavíkur til að gera sín innkaup og velja vöruna eftir sýnishornum.
5. Því nær allar ferðir til útlanda liggja um Reykjavík. Ferðamaðurinn og námsmaðurinn, sem fer til útlanda, kemur ávallt fyrst til Reykjavíkur.

Sannleikurinn er, að hagræðið af breytingunni yrði lítið eða jafnvel ekkert. Það er annað, sem skiptir meira máli, og það er, að Innflutningsskrifstofan geri sér sérstakt far um að láta utanbæjarmenn hafa forgang um viðtöl og alla afgreiðslu mála, eftir því sem auðið er. Ef utanbæjarmönnum væri tryggt þetta og þeir fyndu það greinilega í framkvæmdinni, þá mundu þeir ekki telja sér hagstætt, þótt starfrækt væru útibú frá Innflutningsskrifstofunni með mjög takmörkuðu valdi, sem aldrei gæti orðið á annan hátt.

Ed. 324. Frumvarp til laga [148. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1955.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1955 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga — kr.	397 500 000.00	kr. 503 769 551.22
2.	— —	3. — A.	— .. —	110 259 264.00	— 126 192 735.57
3.	— —	3. — B.	— .. —	10 000.00	— 98 660.10
4.	— —	4. —	— .. —	1 983 000.00	— 3 151 311.79
5.	— —	5. —	— .. —	4 100 000.00	— 12 814 085.44
6.	Eignahreyfingar samkv.	20. gr.	fjárlaga —	2 450 000.00	— 32 638 058.73
				Kr. 516 302 264.00	Kr. 678 664 402.85

	Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga .. kr.	4 105 311.00	kr. 2 974 042.43
2.	— —	8.	— .. —	630 425.00	— 995 152.50
3.	— —	9. —	— .. —	4 544 797.00	— 6 002 684.48

4.	Gjöld samkvæmt	10. gr.	I.	fjárlaga	..	kr.	7 129 804.00	kr.	10 153 475.10
5.	— —	10. —	II	—	..	—	1 076 219.00	—	1 036 388.96
6.	— —	10. —	III.	—	..	—	6 745 384.00	—	7 788 799.29
7.	— —	11. —	A.	—	..	—	28 936 469.00	—	35 522 256.86
8.	— —	11. —	B	—	..	—	2 306 139.00	—	1 512 771.11
9.	— —	11. —	C.	—	..	—	11 753 886.00	—	14 246 588.65
10.	— —	11. —	D.	—	..	—	550 000.00	—	814 679.84
11.	— —	12. —		—	..	—	31 893 367.00	—	35 909 635.45
12.	— —	13. —	A.	—	..	—	48 957 175.00	—	57 993 769.59
13.	— —	13. —	B.	—	..	—	8 971 500.00	—	12 091 056.07
14.	— —	13. —	C.	—	..	—	13 239 174.00	—	14 631 803.73
15.	— —	13. —	D.	—	..	—	3 866 801 00	—	6 030 344.62
16.	— —	14. —	A.	—	..	—	9 285 371.00	—	9 765 244.29
17.	— —	14. —	B.	—	..	—	66 432 420.00	—	73 863 035.63
18.	— —	15. —	A.	—	..	—	6 182 517.00	—	6 491 786.15
19.	— —	15. —	B.	—	..	—	6 762 021.00	—	7 947 412.16
20.	— —	16. —	A.	—	..	—	37 629 959.00	—	40 020 679.83
21.	— —	16. —	B.	—	..	—	9 237 026.00	—	13 492 215.76
22.	— —	16. —	C.	—	..	—	2 506 720.00	—	2 662 861.44
23.	— —	16. —	D.	—	..	—	12 628 101.00	—	12 430 362.30
24.	— —	17. —		—	..	—	59 900 951.00	—	61 472 919.17
25.	— —	18. —		—	..	—	13 371 627.00	—	15 122 603.17
26.	— —	19. —	1.	—	..	—	49 100 000.00	—	54 286 323.47
27.	— —	19. —	2.	—	..	—	6 000 000.00		
28.	— —	19. —	3.	—	..	—	2 000 000.00	—	7 133 470.12
29.	Eignahreyfingar samkv.	20. gr.		fjárlaga		—	59 557 831.00	—	94 345 370.44
				Greiðslujöfnuður		—	1 001 269.00	—	71 826 670.24
							Kr. 516 302 264.00	Kr.	678 664 402.85

Nd. 325. Frumvarp til laga [125. mál]

um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Allir eigendur tréskipa, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland og hafa þilfar, eru skyldir til að vátryggja þau hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum gegn skemmdum af bráðafúa, svo sem af völdum Coniophora cerebella, Poria-tegunda og annarra sveppategunda, er slíkan fúa geta orsakað að dómi Atvinnudeildar Háskólans.

Neiti eða vanræki einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður metið og vátryggt af vátryggjanda og iðgjald innheimt, allt eftir ákvörðun laga þessara um þau efni, svo og reglugerða auk annarra fyrirmæla, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim.

Nú óskar eigandi tréskips með þilfari, sem ætlað er til annarra nota en fiskveiða, að vátryggja skip sitt fyrir skemmdum þeim, sem greinir í 1. mgr. þessarar greinar, og skal þá Samábyrgðinni skylt að veita þeim skipum tryggingu með þeim tryggingarkjörum, sem ráðherra ákveður í samráði við Samábyrgðina.

2. gr.

Skipin skulu metin til fjár eftir gildandi matsreglum bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar.

3. gr.

Ráðherra ákveður iðgjöldin í samráði við Samábyrgðina. Þau skulu ákveðin árlega og miðast við áhættu samkvæmt reynslu þriggja næstliðinna ára.

Iðgjöld falla í gjalddaga við útgáfu tryggingarskírteinis. Þau skulu tryggð með lögveði í skipinu og hafa lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29 16. des. 1885.

Með reglugerð skal ákveða lágmark bótaskyldu og hlutdeild skipseiganda í áhættunni.

4. gr.

Tjón bætast eftir mati og því aðeins, að þau hafi verið tilkynnt Samábyrgðinni, strax og skemmdar varð vart, og vátryggjandi hafi átt kost á að láta skoða tjónið, áður en viðgerð hófst.

Vátryggjandi skal láta sérfræðing dæma tegund fúans og trúnaðarmann sinn hafa eftirlit með viðgerðinni.

Eigandi sér um viðgerð skips síns, nema vátryggjandi ákveði að taka viðgerðina í sínar hendur.

Tjónbætur greiðast jafnótt og viðgerð fer fram, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð.

Séu skemmdir svo miklar og skip að öðru leyti svo lélegt og óhentugt, að vátryggða og vátryggjanda komi saman um, að skipið skuli rifið, skal tjónið bætt aðeins að tveimur þriðju hlutum tjónmatsins.

Skipaskoðun ríkisins skal einu sinni á ári láta fara fram sérstaka rannsókn á hverju tréskipi til þess að leiða í ljós, hvort um sé að ræða fúaskemmdir þær, sem tryggt er fyrir í lögum þessum. Ber að tilkynna Samábyrgðinni, ef vart verður slíkra skemmda.

5. gr.

Tryggingar þessar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með sérgreindu reikningshaldi. Stjórn Samábyrgðarinnar ákveður, hve mikinn hluta áhættunnar hún ber. Það, sem þá er eftir áhættunnar, endurtryggir Samábyrgðin hjá ríkissjóði með sama iðgjaldi og hún tekur, enda greiði endurtryggjandinn Samábyrgðinni venjuleg umboðslaun.

Meðan leita þarf endurtryggingar hjá ríkissjóði, skal ákvörðun iðgjalda háð samþykki atvinnumálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins.

Ráðherra getur þó ákveðið í samráði við Samábyrgðina, að endurtryggingin skuli fengin erlendis, ef það þykir hagkvæmara og slík endurtrygging fæst.

6. gr.

Ágreiningur milli vátryggða og vátryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1958.

Nd. 326. Frumvarp til umferðarlaga. [18. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 22 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Í hverri bifreið skal vera:

a. Stýris- og hemlabúnaður.
b. Ljósker, er lýsi fram fyrir bifreiðina, a. m. k. eitt rautt ljós, er lýsi aftur fyrir hana, og ljósker til lýsingar á aftara skráningarmerki hennar. Enn fremur rauðlitað glampagler aftan á bifreiðinni. Þó skulu vera rauð glampagler á báðum pallhornum vörubifreiðar að aftan. Sama gildir, þótt pallurinn sé yfirbyggður.
c. Tæki til þess að gefa með hljóðmerki og stefnumerki.
d. Hraðamælir.
e. Búnaður, er tryggi nauðsynlega útsýn ökumanns.
f. Gúmbarðar á hjólum.
g. Ef hált er, skal hafa snjókeðjur á hjólum eða annan búnað, sem bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.
h. Búnaður til aksturs aftur á bak, sé eigin þyngd bifreiðar yfir 400 kg.
i. Merki, er sýni framleiðsluverksmiðju og framleiðslunúmer bifreiðarinnar.
j. Á útblásturspípum hreyfla skulu vera tæki, er dragi úr hávaða.

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega yfir 30 farþega, skal vera ökuriti, er sýni farna vegalengd og hraða bifreiðarinnar á hverjum tíma. Eiganda bifreiðar ber að geyma árituð eyðublöð tækisins í eitt ár, og er skylt að sýna þau lögreglumönnum, ef óskað er. Eigi má nota aðrar tegundir ökurita en þær, er bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.

Bifhljól skal búið sömu tækjum og bifreið, þó ekki tækjum til að gefa með stefnumerki.

16. gr. hljóðar svo:

Innflytjendum skráningarskyldra, vélknúinna ökutækja er skylt að senda bifreiðaeftirliti ríkisins nákvæma lýsingu og myndir af nýjum gerðum vélknúinna ökutækja, sem þeir ætla að flytja til landisns. Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða skáningarskylt, vélknúið ökutæki, nema bifreiðaeftirlit ríkisins hafi gefið yfirlýsingar um, að sú gerð ökutækja fullnægi ákvæðum íslenzkra laga.

20. gr. hljóðar svo:

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum, eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafizt er, og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá eftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Heimilt er lögreglustjóra að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum rétthöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal þá því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

23. gr. hljóðar svo:

Erlend ökutæki, sem nota má hér á landi um stundarsakir samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, skulu fullnægja ákvæðum 5.—10. gr. Ökutæki,

sem eru skráningarskyld samkvæmt 11. gr., má nota án skráningar hér á landi, ef þau eru löglega skráð í heimalandi, enda sé á þeim þjóðernismerki, auk skráningarmerkis, sbr. þó 3. mgr.

Í reglugerð skal kveðið á um eftirlit með erlendum ökutækjum, hve lengi þau mega vera hér á landi, tilkynningu þeirra og skráningu.

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða afhenda honum skráningarmerki þess innan hálfs mánaðar, eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálfs mánaðar.

25. gr. hljóðar svo:

Enginn má neyta áfengis við akstur vélknúins ökutækis.

Enginn má aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki, ef hann vegna áfengisneyzlu verður eigi talinn geta stjórnað því örugglega.

Ef vínandamagn í blóði manns er 0.50‰ til 1.20‰ eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1.20‰ eða meira, telst hann óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórn hestvagni eða reiðhjóli, ef hann er með svo miklum áfengisáhrifum, að hann geti ekki með fullu öryggi stjórnað hestvagninum eða reiðhjólinu.

Bannað er að fela manni, sem er í því ástandi, sem um getur í 2.—5. mgr., stjórn vélknúins ökutækis, reiðhjóls eða hestvagns.

Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þessi efni.

Það leysir ekki undan sök, þótt maður ætli vínandamagn í blóði sínu vera minna en greinir í 2. og 3. mgr.

Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann, þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á, sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

Hverfi ökumaður af vettvangi, eftir að hann hefur átt hlut að umferðarslysi, og náist skömmu síðar með áfengisáhrifum, skal talið, að hann hafi verið undir þeim áhrifum við aksturinn.

Þegar maður hefur neytt áfengis á opinberum veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita, eða hafa ástæðu til að ætla, að hann muni verða brotlegur við framangreind ákvæði, ber þeim að gera það, sem unnt er, til að hindra brotið, þar á meðal að gera rögreglunni viðvart.

Bannað er að selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað, sem þarf til aksturs, ef hann er með áhrifum áfengis.

28. gr. hljóðar svo:

Enginn má stýra dráttarvél, nema hann hafi fengið skírteini til bifreiðaaksturs eða sérstakt skírteini til aksturs dráttarvéla. Slík skírteini má ekki veita yngri mönnum en 16 ára. Til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkju- eða heyskaparstörf utan alfaravegar, þarf hæfnisskírteini.

Enginn má stýra vinnuvél, fyrr en hann er orðinn 17 ára. Sé vinnuvél ekið um vegi, skal ökumaður þó hafa skírteini til bifreiðaaksturs.

Enginn má stýra reiðhjóli með hjálparvél, nema hann sé orðinn 15 ára.

Ákvæði 6. mgr. 27. gr. gilda og um stjórnendur ökutækja þeirra, sem grein þessi fjallar um.

Dómsmálaráðherra setur reglur um skilyrði til að öðlast réttindi til aksturs dráttarvéla og reiðhjóla með hjálparvél og ákveður gjald fyrir.

47. gr. hljóðar svo:

Þegar ökutæki mætast, skulu stjórnendur þeirra aka út að vinstri brún akbrautar í tæka tíð og draga úr hraða, ef nauðsyn krefur. Ef hindrun er á vegi, skal ökumaður, sem ekur á þeim vegarhelmingi, þar sem hún er, nema staðar, ef nauðsynlegt er.

Ef ökutæki mætast, þar sem vegur er svo mjór, að hvorugt kemst fram hjá öðru, áhættlaust, skal sá ökumaður, sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak.

Ökumenn skulu hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja. Eigi má aka fram úr ökutæki, nema unnt sé án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð, enda sé útsýn yfir akbraut góð. Eigi má aka fram úr ökutæki á vegamótum, beygjum, ef þær eru brattar eða þröngar, né við eða á afmörkuðum brautum fyrir gangandi fólk.

Aka skal fram fyrir ökutæki hægra megin við það. Skal sá, sem fram hjá ætlar, gefa þeim, sem á undan fer, merki, þannig að hann megi vita um þá ætlan. Sá, sem á undan er, skal þá, er hann verður var við þann, sem á eftir kemur, víkja til vinstri og draga úr hraða eða nema staðar, þannig að áhættulaust sé að aka fram hjá. Sá, sem fram fyrir hefur ekið, má ekki aka að vinstri brún akbrautar, fyrr en hann er kominn svo langt, að hinu ökutækinu geti ekki stafað hætta eða veruleg óþægindi af.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. má við vegamót, ef aðstæður leyfa, aka vinstra megin fram hjá ökutæki, sem á undan fer, ef ökumaður þess gefur greinilega merki um, að hann ætla að aka til hægri.

Þar sem akbraut er skipt í tvær eða fleiri merktar akreinar með sömu aksturstefnu, má aka vinstra megin fram úr ökutæki, en gæta skal þá sérstakrar varúðar.

Aka má fram hjá vegagerðartæki með þeim hætti, sem hagkvæmastur er, miðað við aðstæður, enda sé gætt sérstakrar varúðar.

50. gr. hljóðar svo:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km á klukkustund.

Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3.5 smálestir eða meira að heildarþyngd, má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- eða festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

73. gr. hljóðar svo:

Nú hefur viðurkennt vátryggingarfélag, sbr. 70. gr., veitt bætur samkvæmt framangreindu, og er því þá skylt að endurkrefja þann, sem tjóninu hefur valdið, um 500 krónur, ef bótaupphæðin er 500—1000 krónur, en um 1000 kr. af hverri einstakri bótagreiðslu, sem er meiri en þeirri fjárhæð nemur.

Auk þess, sem í 1. mgr. getur, á vátryggingarfélag endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má þá endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins og öðrum atvikum.

Endurkröfurétti vátryggingarfélags fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 69. gr., síðustu málsgrein, þó þannig, að veðband það, sem um ræðir í þeirri grein, gangi fyrir.

Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.

76. gr. hljóðar svo:

Vátryggingarfélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 7. gr., og landssamband bifreiðaeigenda, ef til er, skulu hvert nefna einn mann í nefnd, en dómsmálaráðherra skal skipa einn mann, og er hann formaður hennar. Nefnd þessari skulu vátryggingarfélög senda gögn, er þau hafa reist á bótagreiðslur sínar samkvæmt lögum þessum. Nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök. Þetta á þó ekki við um endurkröfur samkv. 1. mgr. 73. gr. Í meðferð hvers máls taka þátt formaður og tveir aðrir nefndarmenn, er hann kveður til. Skal annar þeirra vera sá, sem félag það, er hlut á að máli, hefur kjörið í nefndina. Hinn skal vera fulltrúi sá, er landssamband bifreiðaeigenda hefur tilnefnt. Sé slíkt landssamband ekki til, nefnir Félag íslenzkra bifreiðaeigenda mann í nefndina eða það félag bifreiðaeigenda, sem sá er félagsmaður í, er krafa beinist gegn.

Kostnað af störfum nefndarinnar greiða vátryggingarfélögin eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Hann setur og nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar.

82. gr. hljóðar svo:

Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, er stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu. Gefa skal út og útbýta ókeypis prentuðum leiðarvísi, er skýrir helztu umferðarreglur ásamt myndum af vegarmerkjum og handarmerkjum bílstjóra í umferð. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Bæjar- og sveitarstjórnum ber enn fremur að fræða almenning um umferðarmál eftir því, sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um fræðslu samkvæmt þessari grein.

89. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1958.

Sþ. 327. Fyrirspurn [156. mál]

til ríkisstjórnarinnar um félagsheimili.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Hafa þegar verið settar hömlur á byggingu félagsheimila, eða eru slíkar hömlur fyrirhugaðar?

Nd. 328. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 7. gr. Í stað „1. marz“ komi: 15. apríl.

Ed. 329. Breytingartillaga [148. mál]

við frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1955.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 13. lið. Fyrir „12 091 056.07“ kemur: 12 191 056.07.

Nd. 330. Frumvarp til laga [157. mál]

um breyting á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara um húsmæðraskóla skulu enn fremur taka til kennaralauna og rekstrarkostnaðar kvennaskóla þjóðkirkju Íslands að Löngumýri í Skagafirði, enda sé námsskrá hans samþykkt af fræðslumálastjórninni. Til rekstrarkostnaðar skólans telst hæfileg húsaleiga fyrir þær húseignir skólans, sem eru eign kirkjunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ungfrú Ingibjörg Jóhannsdóttir, eigandi og skólastjóri skólans að Löngumýri, hefur 6. marz síðastliðinn skrifað biskupi Íslands sem hér segir:

„Herra biskup Íslands.

Ég undirrituð vil gefa þjóðkirkju Íslands öll hús tilheyrandi einkaskóla mínum að Löngumýri í Skagafirði að undanskildum helmingi gamals timburhúss, en sá helmingur er eign systur minnar. Húsunum fylgir húsbúnaður allur, kennslutæki, bókasafn og annað það, sem við kemur skólahaldi, eins og það er nú. Undan gjöfinni eru þó skildir ýmsir gamlir gripir og bækur, sem haldizt hafa í ætt minni um langt árabil, en um muni þessa mun ég gera sérstaka skrá, sem afhent verður sóknarprestinum í Glaumbæ til varðveizlu. Skólahúsinu skal og fylgja skrúðgarður skólans og trjárækt, ásamt 2—3 hekturum lands, er nánar verða staðsettir, er gjöfin verður afhent, þ. e. 1. júní 1958.

Skilyrði fyrir því, að gjöf þessi sé látin af hendi, eru sem hér segir:

1. Þjóðkirkja Íslands skuldbindi sig til þess að starfrækja framvegis á Löngumýri húsmæðraskóla eða verknámsskóla gagnfræðastigsins fyrir ungar stúlkur, þar sem lögð verði aðaláherzla á að reyna að þroska kristilega siðmenningu nemendanna og vekja áhuga þeirra á fögrum bókmenntum og öðru því, er til eflingar mannkosta horfir, jafnframt því sem haldið sé þar uppi hagnýtri, verklegri fræðslu.
2. Skólahúsin verði notuð í þágu kristilegra málefna allt árið, eftir því sem við verður komið og henta þykir á hverjum tíma.
3. Þjóðkirkjan skuldbindi sig til þess að sjá um, að skrúðgarður skólans og trjárækt séu vel hirt og girðingar komi í veg fyrir ágang.

4. Þjóðkirkjan taki að sér greiðslu láns, sem 1. veðréttur er fyrir í nýjasta húsi skólans samkvæmt veðbréfi, dags. 14. janúar 1957, að upphæð kr. 120000.00. Ég mun hins vegar halda þjóðkirkjunni skaðlausri af öðrum veðböndum á húsum þeim, sem ég læt af hendi skv. framanrituðu.
5. Ég áskil mér og samkennara mínum, Björgu Jóhannesdóttur, rétt til þess að hafa með höndum kennslu við skólann, meðan við óskum og erum að lögum hæfar til þess. Enn fremur áskil ég okkur rétt til að búa í húsum skólans endurgjaldslaust, svo lengi sem við óskum þess. Loks áskil ég mér að njóta, meðan ég lifi, arðs af einu herbergi í skólahúsinu, sem leigt er Flugfélagi Íslands h/f."

Biskup telur æskilegt, að þjóðkirkja Íslands veiti gjöf þessari viðtöku og starfræki kirkjulegan skóla á Löngumýri, svo framarlega sem kirkjan getur haft til þess fjárhagslega aðstöðu, en frumvarp þetta styður að henni. Er það auðsætt, að kirkjunni, sem ríkið á samkvæmt stjórnarskránni að vernda og styrkja, getur ekki borið *minni réttur til skólahalds en einstaklingum.*

Nd. 331. Breytingartillögur [95. mál]

við brtt. á þskj. 299 [Sala þriggja jarða í Eyrarbakkahreppi].

Frá Benedikt Gröndal.

Við 1. tölul. brtt.

a. Á eftir lið 2 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Að selja Óskari Hjartarsyni á Grjóteyri í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðina Skógarkot í Andakílshreppi.
b. Aftan við tölul. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Söluverð jarðarinnar samkv. 3. tölul. skal ákveðið af dómkvöddum mönnum.

Nd. 332. Frumvarp til laga [148. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1955.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1955 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga	— kr.	397 500 000.00	kr. 503 769 551.22
2.	— — 3. — A. —	.. —	110 259 264.00	— 126 192 735.57
3.	— — 3. — B. —	.. —	10 000.00	— 98 660.10
4.	— — 4. — —	.. —	1 983 000.00	— 3 151 311.79
5.	— — 5. — —	.. —	4 100 000.00	— 12 814 085.44
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	2 450 000.00	— 32 638 058.73
		Kr.	516 302 264.00	Kr. 678 664 402.85

Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt 7. gr. fjárlaga ..	kr.	4 105 311.00	kr. 2 974 042.43
2.	— — 8. — ..	—	630 425.00	— 995 152.50
3.	— — 9. — — ..	—	4 544 797.00	— 6 002 684.48

4.	Gjöld samkvæmt	10. gr.	I.	fjárlaga	..	kr.	7 129 804.00	kr.	10 153 475.10
5.	— —	10. —	II	—	..	—	1 076 219.00	—	1 036 388.96
6.	— —	10. —	III.	—	..	—	6 745 384.00	—	7 788 799.29
7.	— —	11. —	A.	—	..	—	28 936 469.00	—	35 522 256.86
8.	— —	11. —	B	—	..	—	2 306 139.00	—	1 512 771.11
9.	— —	11. —	C.	—	..	—	11 753 886.00	—	14 246 588.65
10.	— —	11. —	D.	—	..	—	550 000.00	—	814 679.84
11.	— —	12. —		—	..	—	31 893 367.00	—	35 909 635.45
12.	— —	13. —	A.	—	..	—	48 957 175.00	—	57 993 769.59
13.	— —	13. —	B.	—	..	—	8 971 500.00	—	12 091 056.07
14.	— —	13. —	C.	—	..	—	13 239 174.00	—	14 631 803.73
15.	— —	13. —	D.	—	..	—	3 866 801 00	—	6 030 344.62
16.	— —	14. —	A.	—	..	—	9 285 371.00	—	9 765 244.29
17.	— —	14. —	B.	—	..	—	66 432 420.00	—	73 863 035.63
18.	— —	15. —	A.	—	..	—	6 182 517.00	—	6 491 786.15
19.	— —	15. —	B.	—	..	—	6 762 021.00	—	7 947 412.16
20.	— —	16. —	A.	—	..	—	37 629 959.00	—	40 020 679.83
21.	— —	16. —	B.	—	..	—	9 237 026.00	—	13 492 215.76
22.	— —	16. —	C.	—	..	—	2 506 720.00	—	2 662 861.44
23.	— —	16. —	D.	—	..	—	12 628 101.00	—	12 430 362.30
24.	— —	17. —		—	..	—	59 900 951.00	—	61 472 919.17
25.	— —	18. —		—	..	—	13 371 627.00	—	15 122 603.17
26.	— —	19. —	1.	—	..	—	49 100 000.00	—	54 286 323.47
27.	— —	19. —	2.	—	..	—	6 000 000.00		
28.	— —	19. —	3.	—	..	—	2 000 000.00	—	7 133 470.12
29.	Eignahreyfingar	samkv.	20. gr.	fjárlaga		—	59 557 831.00	—	94 345 370.44
				Greiðslujöfnuður		—	1 001 269.00	—	71 826 670.24
						Kr.	516 302 264.00	Kr.	678 664 402.85

Ed. 333. Frumvarp til laga [125. mál]

um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Allir eigendur tréskipa, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland og hafa þilfar, eru skyldir til að vátryggja þau hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum gegn skemmdum af bráðafúa, svo sem af völdum Coniophora cerebella, Poria-tegunda og annarra sveppategunda, er slíkan fúa geta orsakað að dómi Atvinnudeildar Háskólans.

Neiti eða vanræki einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður metið og vátryggt af vátryggjanda og iðgjald innheimt, allt eftir ákvörðun laga þessara um þau efni, svo og reglugerða auk annarra fyrirmæla, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim.

Nú óskar eigandi tréskips með þilfari, sem ætlað er til annarra nota en fiskveiða, að vátryggja skip sitt fyrir skemmdum þeim, sem greinir í 1. mgr. þessarar greinar, og skal þá Samábyrgðinni skylt að veita þeim skipum tryggingu með þeim tryggingarkjörum, sem ráðherra ákveður í samráði við Samábyrgðina.

2. gr.

Skipin skulu metin til fjár eftir gildandi matsreglum bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar.

3. gr.

Ráðherra ákveður iðgjöldin í samráði við Samábyrgðina. Þau skulu ákveðin árlega og miðast við áhættu samkvæmt reynslu þriggja næstliðinna ára.

Iðgjöld falla í gjalddaga við útgáfu tryggingarskírteinis. Þau skulu tryggð með lögveði í skipinu og hafa lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29 16. des. 1885.

Með reglugerð skal ákveða lágmark bótaskyldu og hlutdeild skipseiganda í áhættunni.

4. gr.

Tjón bætast eftir mati og því aðeins, að þau hafi verið tilkynnt Samábyrgðinni, strax og skemmdar varð vart, og vátryggjandi hafi átt kost á að láta skoða tjónið, áður en viðgerð hófst.

Vátryggjandi skal láta sérfræðing dæma tegund fúans og trúnaðarmann sinn hafa eftirlit með viðgerðinni.

Eigandi sér um viðgerð skips síns, nema vátryggjandi ákveði að taka viðgerðina í sínar hendur.

Tjónbætur greiðast jafnótt og viðgerð fer fram, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð.

Séu skemmdir svo miklar og skip að öðru leyti svo lélegt og óhentugt, að vátryggða og vátryggjanda komi saman um, að skipið skuli rifið, skal tjónið bætt aðeins að tveimur þriðju hlutum tjónmatsins.

Skipaskoðun ríkisins skal einu sinni á ári láta fara fram sérstaka rannsókn á hverju tréskipi til þess að leiða í sjós, hvort um sé að ræða fúaskemmdir þær, sem tryggt er fyrir í lögum þessum. Ber að tilkynna Samábyrgðinni, ef vart verður slíkra skemmda.

5. gr.

Tryggingar þessar skulu vera sérstök deildl í Samábyrgðinni með sérgreindu reikningshaldi. Stjórn Samábyrgðarinnar ákveður, hve mikinn hluta áhættunnar hún ber. Það, sem þá er eftir áhættunnar, endurtryggir Samábyrgðin hjá ríkissjóði með sama iðgjaldi og hún tekur, enda greiði endurtryggjandinn Samábyrgðinni venjuleg umboðslaun.

Meðan leita þarf endurtryggingar hjá ríkissjóði, skal ákvörðun iðgjalda háð samþykki atvinnumálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins.

Ráðherra getur þó ákveðið í samráði við Samábyrgðina, að endurtryggingin skuli fengin erlendis, ef það þykir hagkvæmara og slík endurtrygging fæst.

6. gr.

Ágreiningur milli vátryggða og vátryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. apríl 1958.

Ed. 334. Breytingartillaga [100. mál]

við brtt. á þskj. 310 [Skattur á stóreignir].

Frá Jóhanni Jósefssyni og Gunnari Thoroddsen.

Á eftir a-lið 1. tölul. komi nýr stafl., svo hljóðandi:

Á eftir 2. málsgr. 1. tölul. komi ný málsgrein, þannig:

Frá matsverði dráttarbrauta, verksmiðja og annarra húseigna, sem notaðar eru við iðnaðarframleiðslu, skal draga 30% — þrjátíu af hundraði.

Nd. 335. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1958—1961, að báðum meðtöldum, skal greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frumvarp þetta að beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við það, ef þeim þykir ástæða til.

Skortur á hentugu húsrými fyrir starfsemi Búnaðarfélags Íslands veldur nú með hverju ári sem líður meiri óþægindum og lamar á ýmsan hátt starfsemi þess, enda hefur um langt árabil verið unnið að undirbúningi byggingar, þótt hægt hafi miðað, m. a. með því að safna nokkru fé.

Búnaðarþing 1956 samþykkti einróma ályktun um húsbyggingarmálið. Í greinargerð, er þá fylgdi, er skírskotað til áhuga bændastéttarinnar í heild fyrir því, að húsið komist upp.

Bygging er nú hafin á húsi fyrir Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda sameiginlega. Verður að leggja kapp á, að húsið komist sem fyrst upp.

Sþ. 336. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á vélskipinu „Vico“ frá Noregi.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

Ríkisstjórninni er heimilt að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 60% af kaupverði vélskipsins „Vico“ frá Noregi, þó eigi hærri fjárhæð en 697 þúsund norskum krónum, gegn 1. veðrétti í skipinu og öðrum tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Fyrir skömmu fékk Jón Kr. Gunnarsson, útgerðarmaður, Hafnarfirði, gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir vélskipinu „Vico“ frá Noregi. Skipið er svo til nýtt, smíðað 1956, og er 193 brúttósmálestir að stærð. Fyrir nokkrum hluta kaupverðsins fékkst lán í Noregi, en þegar til kom, var ekki hægt að festa kaup á skipinu og notfæra sér lánið, nema ríkisábyrgð kæmi til. Eigandi þess leggur fram 40% kaupverðs.

Lán það, er ríkissjóður tæki ábyrgð á, yrði tryggt með 1. veðrétti í skipinu og þar að auki fasteignaveðum og ábyrgð Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita sér fyrir því, að ríkisábyrgð verði veitt, svo að kaup þessi geti tekizt.

Nd. 337. Frumvarp til laga [136. mál]

um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, Byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem nemi allt að 100 milljónum króna árlega næstu 10 ár. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkur, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkur, allt að 50 millj. kr. á ári, verði með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar.

2. gr.

10. gr. 1. málsgr. laganna verður svo hljóðandi:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í veðdeild Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum.

3. gr.

Á eftir b-lið 11. gr. laganna komi nýr stafl., svo hljóðandi:

Unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofnsaukningu.

Aftan við 11. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Útlendingar, sem hafa landvistar- og atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir, skulu fá skyldusparnað sinn endurgreiddan, er þeir hverfa af landi brott.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skal heimilt að gefa út sparimerki, og skulu atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur þá skyldir til að greiða tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar.

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattyfirvald ákveður, á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattyfirvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi skulu renna til Byggingarsjóðs ríkisins eða veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, eftir því sem við á.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

Sett skulu í reglugerð glögg ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

5. gr.

Á eftir 24. gr. laganna komi ný grein, sem verði 25. gr., svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10000.00, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 338. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

19. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði 19. gr. laganna um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna um það, að réttarstaða óskilgetins barns skuli fara eftir ríkisfangi móður, er í ósamræmi við þá meginreglu íslenzkra laga að miða gildi slíkra réttarreglna við heimilisfang aðila. Þar sem óheppilegt er að hafa slíka einstaka undantekningu frá meginreglunni, er hér lagt til, að hún sé felld úr gildi, og leiðir þar af, að aðalreglan verður talin eiga við í þessu tilfelli sem öðrum.

Nd. 339. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 40. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur hljóð- og ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum annarra ökutækja er skylt að aka til hliðar eða nema staðar.
2. Við 89. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958. Ákvæði 1. og 2. mgr. 70. gr. koma þó til framkvæmda 1. maí 1958.

Nd. 340. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frv. um löggildingu verzlunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu, er afgreitt hefur verið frá hv. efri deild. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt.

Vísast til greinargerðar hv. flm. um þörfina á löggildingu þessa staðar til verzlunar.

Alþingi, 25. marz 1958.

Pétur Pétursson, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Ásg. Sigurðsson, frsm.

Bjarni Benediktsson. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 341. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Pétri Péturssyni, Bjarna Benediktssyni, Gunnari Jóhannssyni og Ásgeiri Sigurðssyni.

Við 73. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Nú hefur viðurkennt vátryggingarfélag, sbr. 70. gr., veitt bætur samkvæmt framangreindu, og er því þá heimilt að endurkrefja þann, sem tjóninu hefur valdið, um 500 krónur, ef bótaupphæðin er 500—1000 krónur, en um 1000 kr. af hverri einstakri bótagreiðslu, sem er meiri en þeirri fjárhæð nemur.

Ed. 342. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyriseyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá Gunnari Thoroddsen og Jóhanni Jósefssyni.

Við 1. gr.:

1. Orðin „allt að þrjár“ og „þó ekki fleiri en ein í hverjum landsfjórðungi“ falli burt.
2. Aftan við greinina bætist:

Þær afgreiðslur, sem þannig eru settar á stofn, skulu fá sjálfstæðan rétt til úthlutunar innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Nd. 343. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að settar skuli á stofn innflutnings- og gjaldeyrisafgreiðslur utan Reykjavíkur á þeim stöðum, sem bezt teljast til þess fallnir. Ríkisstjórnin skipar forstöðumenn þessara stofnana, að fengnum tillögum innflutningsskrifstofunnar, og taka þeir ákvarðanir í umboði hennar, með þeim takmörkunum, sem ríkisstjórnin setur þeim með nánari starfsreglum.

Þær afgreiðslur, sem þannig eru settar á stofn, skulu fá sjálfstæðan rétt til úthlutunar innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 344. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt. Tveir nefndarmanna (SÓÓ og GTh) áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartill. við frumvarpið eða fylgja brtt., ef fram kynnu að koma.

Alþingi, 25. marz 1958.

Sigurvin Einarsson, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. F. R. Valdimarsson.
Gunnar Thoroddsen. Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 345. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Heilbr.- og félagsmálanefnd Nd. hefur rætt frumvarpið á fundi sínum. Nefndin er samþykk frumvarpinu og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Ragnhildur Helgadóttir, var fjarverandi við afgreiðslu málsins vegna veikinda.

Alþingi, 25. marz 1958.

Steingr. Steinþórsson, form. Gunnar Jóhannsson, fundaskr., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, með fyrirvara.
Benedikt Gröndal.

Sþ. 346. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um skýrslusöfnun um gjaldeyrisafkomu.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Landsbanka Íslands að safna eftir hver áramót skýrslum um gjaldeyrisafkomu landsins. Skal skýrslusöfnun sú ná til birgða útflutningsafurða og innfluttrar vöru, auk upplýsinga um gjaldeyrisaðstöðu bankanna, erlendar skuldir og hreyfingar þeirra s. l. ár. Enn fremur sé bankanum falið að birta ársfjórðungslega skýrslu um gjaldeyrisaðstöðu bankanna, innieign þeirra og skuldir í helztu tegundum gjaldeyris svo og ábyrgðarskuldbindingar í erlendum gjaldeyri.

Greinargerð.

Telja má æskilegt, að á hverjum tíma séu til sem gleggstar upplýsingar um þau fjárhagsmálefni, er mikilvægust má telja fyrir efnahagsafkomu þjóðarinnar. Meðal þeirra eru upplýsingar um gjaldeyrisafkomuna. Þær upplýsingar, er um þessi efni hafa verið birtar að undanförnu, eru mánaðarlegar upplýsingar um gjaldeyrisaðstöðu bankanna gagnvart útlöndum, auk upplýsinga um gjaldeyrisaðstöðuna skipt á tegundir gjaldeyris, ábyrgðarskuldbindingar og föst erlend lán, er Landsbanki Íslands hefur birt um hver áramót. Hér er lagt til, að þessi skýrslusöfnun verði gerð fyllri en nú er, með því að auk ofangreindra atriða verði einnig um hver áramót safnað skýrslum um birgðir útflutningsafurða og innfluttrar vöru, enn fremur að skýrslur um gjaldeyrisaðstöðu, skipt eftir tegundum gjaldeyris, ásamt upplýsingum um ábyrgðarskuldbindingar bankanna verði framvegis birtar ársfjórðungslega í stað þess að vera birtar einu sinni á ári, eins og nú er. Mér er það að vísu ljóst, að allmiklir tækniörðugleikar eru á því að safna heildarskýrslum um birgðir innfluttrar vöru, en ef slíkt yrði að athuguðu máli talið ókleift, væri hægt að láta það nægja, að skýrslusöfnunin næði aðeins til mikilvægustu vöruflokkanna. Niðurstöður þær, er þannig fengjust, ættu að geta verið sæmilegur mælikvarði á þá þróun, sem átt hefur sér stað, en sá mundi vera megintilgangur þessarar skýrslusöfnunar.

Nd. 347. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um húsnæði fyrir félagsstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með því óbreyttu. Ragnh. Helgadóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. marz 1958.

Steingr. Steinþórsson, form.	Gunnar Jóhannsson, fundaskr.	Kjartan J. Jóhannsson, frsm.
	Benedikt Gröndal.	

Nd. **348. Frumvarp til laga** [162. mál]

um breyting á lögum nr. 50 23. júní 1933, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 12 vetra. Útflutningur á kynbótahestum og kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi atvinnumálaráðherra hverju sinni og að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands, enda mæli sérstakar ástæður með slíkum útflutningi.

Á tímabilinu frá 15. desember til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Þó má leyfa útflutning á tömdum eldishrossum á þessu tímabili að fengnu samþykki og meðmælum þeirra aðila, er áður greinir.

3. gr.

a. 2. málsl. 3. gr. laganna falli niður.
b. Fyrir orðið „skoðunarmenn“ í upphafi 3. málsl. sömu lagagr. komi: dýralæknar.

4. gr.

Orðin „eða öðrum eftirlitsmanni, sem atvinnumálaráðherra kann að hafa falið eftirlit með hrossaútflutningi (sbr. 3. gr.)“ í 1. málsl. 4. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Orðin „(eftirlitsmanni)“ og „glaseygð“ í 5. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Orðið „(eftirlitsmanni)“ í 6. gr. laganna falli niður.

7. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknis og Dýraverndunarfélags Íslands, reglugerð um útflutning hrossa, þar sem nánar er tekið fram um útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, stærð þeirra og ganghraða, fóðurbirgðir, vatnsbirgðir, loftræstingu, hirðingu hrossa í skipinu og annað það, er máli skiptir fyrir öryggi og góða líðan hrossanna, meðan á flutningi stendur.

8. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 2000—20000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta að beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, ef fram kunna að koma.

Frv. fylgdu svofelldar athugasemdir við einstakar greinar þess:

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að atvinnumálaráðuneytið hafi samráð við Búnaðarfélag Íslands um útflutning hrossa, þar sem reyndin hefur verið sú, að hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefur undanfarin ár haft forgöngu um hrossaútflutning og öflun markaða, enda er það sérstaklega tekið fram í starfssamningi hans. Þykir því eðlilegt, að þessi skipun mála, sem tíðkazt hefur undanfarin ár, verði lögfest.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir svipuðum ákvæðum um takmörkun á flutningi hrossa á erlendan markað að vetri til og nú gilda. Þó eru sett hér ákvæði um útflutning á kynbótagripum, er ættu að veita nægilegt aðhald, til þess að eigi verði flutt úr landi verðmæt kynbótahross, þar sem bæði þarf til þess leyfi atvinnumálaráðuneytisins og meðmæli Búnaðarfélags Íslands. Sama máli gegnir um hross yngri en 3 vetra. Talið er óhætt að rýmka nokkuð um hömlur á haustflutningnum á hrossum vegna bætts skipakosts síðari ára.

Um 3. og 4. gr.

Nú eru dýralæknar skammt frá flestum þeim höfnum á landinu, þar sem útflutningur hrossa kemur helzt til greina. Er því óþarfi að velja aðra menn til að skoða útflutningshross en dýralækna, því að þeir verða hvort eð er að skoða hrossin til þess að geta gefið um þau heilbrigðisvottorð, en án þeirra er eigi unnt að flytja hross til útlanda, samkvæmt lagaákvæðum þeirra landa, er hér koma til greina.

Um 5. gr.

Hér er lagt til, að glaseygð hross verði ekki skilyrðislaust talin óhæf til útflutnings, ef þau eru vel gerð að öðru leyti, þar sem vitað er, að ýmsir kaupendur leggja áherzlu á að fá slík hross og sums staðar eru glaseygð hross ræktuð sérstaklega.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ný reglugerð um útflutning hrossa verði samin af þeim aðilum, er helzt kunna að hafa afskipti af þessum málum. Er með því reynt að girða fyrir, að ósamkomulag skapist um fyrirkomulag útflutnings yfirleitt, en nokkur gagnrýni hefur undanfarið gert vart við sig, að því er tekur til hrossaútflutnings. Þá má og geta þess, að reglur þær, sem nú gilda, eru orðnar mjög gamlar og á ýmsan hátt úreltar.

Um 8. gr.

Vegna minnkaðs verðgildis peninga hefur þótt rétt að hækka hin gömlu sektarákvæði verulega.

Nd. 349. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „glampagler“ í 2. málsl. b-liðar komi: glitauga.
   b. Í stað orðsins „glampagler“ í 3. málsl. sömu málsgr. komi: glitaugu.

2. Við 7. gr. Í stað orðsins „glampagler“ í b-lið komi: glitauga.
3. Við 8. gr. Í stað orðsins „glampagler“ í c-lið komi: glitauga.
4. Við 9. gr. Í stað orðsins „glampagler“ í 2. málsgr. komi: glitauga.
5. Við 53. gr.
   a. Í stað orðsins „glampaglerjum“ í 3. málsgr. komi: glitaugum.
   b. Í stað orðsins „glampaglerja“ í 4. málsgr. komi: glitaugna.
6. Við 54. gr.
   a. Í stað orðsins „glampagler“ í 2. málsl. 4. málsgr. komi: glitauga.
   b. Í stað orðsins „glampaglerja“ í 3. málsl. sömu málsgr. komi: glitaugna.
7. Við 66. gr. Í stað orðsins „glampagler“ í 5. málsgr. komi: glitaugu.

Sþ. 350. Þingsályktun [51. mál]

um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir og endurskoðun hafnarlaga og laga um hafnarbótasjóð.

(Afgreidd frá Sþ. 26. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vitamálastjóra gera 10 ára áætlun um nauðsynlegustu hafnarframkvæmdir í landinu, og sé fyrst og fremst við það miðað, að framkvæmdirnar geti stuðlað að öruggri og aukinni útflutningsframleiðslu. Einnig verði endurskoðuð gildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, svo og ákvæðin um landshafnir og önnur þau atriði laga um hafnargerðir, er ástæða þykir til að breyta með hliðsjón af fenginni reynslu og til samræmis við aðrar niðurstöður athugunar þessarar.

Jafnframt verði endurskoðuð lögin um hafnarbótasjóð og athugað, hvort ekki sé tiltækilegt að efla starfsemi hans, svo að hann geti meðal annars veitt hagkvæm lán til langs tíma til nýrra hafnarframkvæmda.

Sþ. 351. Þingsályktun [154. mál]

um athugun á vegakerfi landsins og áætlun um vegaframkvæmdir.

(Afgreidd frá Sþ. 26. marz.)

Samhljóða þskj. 316.

Nd. 352. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 73. gr. Í stað orðanna „sem tjóninu hefur valdið, um 500 krónur, ef bótaupphæðin er 500—1000 krónur, en um 1000 kr. af hverri einstakri bótagreiðslu, sem er meiri en þeirri fjárhæð nemur“ í 1. mgr. komi: sem slysi eða tjóni hefur valdið, um 500 krónur fyrir hvern einstakan vátryggingaratburð, ef bæturnar hafa numið 500—1000 krónum, en um 1000 krónur, ef þær hafa numið hærri fjárhæð.

2. Við 81. gr.
   a. Á eftir orðunum „Ef sérstakar málsbætur eru“ í 2. mgr. bætist: og kærði hefur eigi áður orðið sekur um sams konar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri.
   b. Í stað „1 mánuð“ í 3. mgr. komi: 3 mánuði.

Sþ. 353. Nefndarálit [128. mál]

um till. til þál. um söfnun erlendra heimilda um sögu Íslands í heimsstyrjöldinni.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um tillöguna og leitað umsagnar Háskóla Íslands og menntamálaráðs. Eru báðir aðilar samþykkir efni tillögunnar og mæla með samþykkt hennar. Rektor háskólans skrifar, að „.... hér sé um mikilsvert mál að ræða og mæli með því, að því sé fullur gaumur gefinn“. Menntamálaráð telur „.... vel til fallið, að hafizt verði handa um söfnun heimilda, er geymdar kunna að vera erlendis og varða sögu Íslands í heimsstyrjöldinni 1939—45. Gæti slík söfnun vafalaust bjargað frá glötun ýmsum gögnum, er að haldi mega koma við sagnfræðiiðkanir á komandi tímum“.

Þá bendir menntamálaráð á, að slík heimildasöfnun hafi enn ekki farið fram fyrir heimsstyrjöldina 1914—18, og telur æskilegt, að tillagan fjalli um báðar styrjaldir.

Með tilliti til þessa leggur allsherjarnefnd til, að þáltill. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna „í heimsstyrjöldinni 1939—1945“ í tillgr. komi: í heimsstyrjöldunum 1914—1918 og 1939—1945.
2. Í stað orðanna „í heimsstyrjöldinni“ í fyrirsögn komi: í tveim heimsstyrjöldum.

Alþingi, 26. marz 1958.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. Ásg. Sigurðsson.
Steingr. Steinþórsson. Ásgeir Bjarnason. Jón Sigurðsson. Björn Jónsson.

Nd. 354. Breytingartillögur [95. mál]

við brtt. á þskj. 299 [Sala þriggja jarða í Eyrarbakkahreppi].

Frá Sigurði Ágústssyni og Pétri Péturssyni.

Við 1. tölul. brtt.

a. Á eftir lið 2 komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:
   1. Að selja hreppsnefnd Eyrarsveitar jörðina Hrafnkelsstaði í Eyrarsveit.
   2. Að selja Þorvarði Einarssyni á Bakka í Stykkishólmshreppi jörðina Kiðey í Stykkishólmshreppi.
b. Aftan við tölul. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Söluverð jarðanna samkv. 3.—4. tölul. skal ákveðið af dómkvöddum mönnum.

Sþ. 355. Nefndarálit [23. mál]

um till. til þál. um skýrslu um framlag ríkissjóðs til lækkunar á vöruverði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á nokkrum fundum og er sammála um, að æskilegt sé, að jafnan liggi fyrir upplýsingar um niðurgreiðslur ríkissjóðs á vöruverði. Hins vegar hefur Hagstofa Íslands gert nákvæma grein fyrir því í 1. hefti Hagtíðinda þessa árs, hvernig greiðslum þessum er háttað, og er samþykkt tillögunnar, að því er varðar liðinn tíma og núverandi ástand, óþörf. Vill nefndin og ætla, að þegar breytingar verða á niðurgreiðslunum, verði þær einnig birtar með sama hætti.

Það er því tillaga nefndarinnar, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að í janúarhefti Hagtíðinda 1958 er birt nákvæm skýrsla um framlag ríkissjóðs til lækkunar á vöruverði, sundurliðuð á þann hátt, sem tillagan gerir ráð fyrir, og í trausti þess, að framvegis verði birtar allar breytingar á þessu framlagi, jafnóðum og þær koma til framkvæmda, telur Alþingi ekki ástæðu til að samþykkja tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. marz 1958.

Karl Guðjónsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Magnús Jónsson. Jón Kjartansson.
Halldór E. Sigurðsson. Friðjón Skarphéðinsson. Karl Kristjánsson.
Pétur Ottesen. Sveinbjörn Högnason.

Sþ. 356. Nefndarálit [77. mál]

um till. til þál. um rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og breytingartillögur þær á þingskjölum 237, 238 og 242, sem við hana hafa verið fluttar. Einnig hefur nefndin leitað upplýsinga raforkumálastjóra um þetta. Meðal þess, sem raforkumálastjóri segir í bréfi sínu til nefndarinnar hinn 22. marz s. l., er þetta:

„Samkvæmt þeirri áætlun, sem við höfum unnið eftir undanfarið, hinni svokölluðu „10 ára áætlun um rafvæðingu", eru umrædd verk fyrirhuguð sem hér segir:

1. Vestmannaeyjaveita árið 1960.
2. Veita um Norður-Þingeyjarsýslu árin 1962—1963.
3. Króksfjarðarnesveita og stækkun Þverárvirkjunar 1959—1960, og hefur enn ekki verið tekin afstaða til, hvort verkið verður framkvæmt fyrr. Telja má þó, að núverandi virkjun geti fullnægt veitunni fyrsta árið eða svo, þannig að ekki sé nauðsynlegt að stækka virkjunina fyrst.
4. Dalasýsla. Það hefur verið um það rætt að leggja veitu frá Króksfjarðarnesi til Búðardals árið 1960. Nánari athugun leiðir hins vegar í ljós, að það sé vafasamt, hvort þetta sé tímabært eða jafnvel rétt, og að réttara geti verið að leysa rafmagnsmál Dalasýslu á annan hátt. Virðist nú heppilegast að reka fyrst um sinn dieselrafstöð í Búðardal og leggja veitu um héraðið frá henni, sem síðar yrði

tengd við línu frá vatnsorkuveri. Sé þessi leið farin, verður hér fyrst í stað um svokallaða dreifiveitu í sveit að ræða, en ákvarðanir um slíkar veitur eru teknar frá ári til árs í samráði við raforkuráð."

Nefndinni er það ljóst, að annmarkar eru á, að Alþingi hlutist til um marghátt-aðar breytingar á rafvæðingaráætluninni, án þess að um heildarendurskoðun sé að ræða, og getur ekki mælt með samþykkt allra þeirra tillagna, er hér liggja fyrir.

Að því er varðar aðaltillöguna, sem fjallar um tengingu Vestmannaeyja við aðal-orkukerfi landsins, er hins vegar um þá sérstöðu að ræða, að þar á í hlut langsam-lega fjölmennasta byggðarlag landsins, þeirra sem enn eru ekki tengd inn í orku-kerfið, og jafnframt einn mesti framleiðslubær landsins.

Nefndinni þykir því hlýða að taka undir áskorun tillögunnar um, að rafmagns-sæstrengur verði lagður til Eyja, svo fljótt sem verða má, en þykir á þessu stigi ekki ástæða til að fastákveða tímatakmörk þessarar framkvæmdar og leggur því til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Orðin „þannig að sú orkuveita verði tilbúin til afnota ekki síðar en haustið 1959" í niðurlagi tillgr. falli burt.

Alþingi, 27. marz 1958.

Karl Guðjónsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Jón Kjartansson. Magnús Jónsson.
Friðjón Skarphéðinsson. Pétur Ottesen. Sveinbjörn Högnason.
Halldór E. Sigurðsson. Karl Kristjánsson.

Sþ. 357. Tillaga til þingsályktunar [163. mál]

um ríkisábyrgð vegna byggingar heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Náttúrulækninga-félag Íslands gegn tryggingum, er hún metur gildar, allt að 500000 kr. lán vegna stækkunar á heilsuhæli félagsins í Hveragerði.

Greinargerð.

Fjárveitinganefnd hafa borizt tilmæli frá Náttúrulækningafélagi Íslands um, að ríkið veiti félaginu ábyrgð fyrir allt að hálfrar milljón króna lántöku til stækkunar á heilsuhæli félagsins í Hveragerði, og eru tilmælin studd meðmælum 23 einstaklinga.

Nefndin hefur að nokkru kynnzt rekstri og framkvæmdum félagsins í þessu efni og telur starfsemina vera fullkomlega þess verða, að greitt sé fyrir henni með þeim hætti, sem í tillögunni felst.

Til frekari upplýsinga um málið skulu hér tilfærð eftirfarandi atriði, sem fram-kvæmdastjóri Náttúrulækningafélagsins, Sigurjón Danivalsson, hefur látið nefnd-inni í té:

„Heilsuhæli N.L.F.Í. í Hveragerði getur nú tekið á móti 44 sjúklingum. Aðsókn á síðastliðnu ári var svo mikil, að aðeins 1/10 af þeim, er báðu um pláss, var hægt að sinna, og nú eru á annað hundrað manns á biðlista hjá félaginu, allt sjúklingar.

Félagið hefur, eins og kunnugt er, unnið að byggingu hælisins í áföngum. Búnir eru fyrsti og annar áfangi byggingarinnar. Næsti áfangi á að vera íbúðarálma fyrir 30 sjúklinga, 250 m². Vegna hallalausrar rekstrarafkomu er félaginu mikil nauðsyn að koma þessari álmu upp hið allra fyrsta. Þá er ráðgert að byggja 30 m² sal fyrir tómstundavinnu. Í vetur tók félagið eina fjögurra manna stofu til slíkra hluta, og reyndist það mjög vel. Eftir er að ganga endanlega frá baðdeildinni, innrétta finnska baðstofu, sem komin er undir þak, einnig er eftir að byggja hvíldarsal, þar sem vistmenn geta notið sólar og útilofts, þótt veður sé misjafnt. Er ráðgert, að loft og að minnsta kosti einn veggur sé úr sérstöku gleri, sem hleypir sólarljósinu óhindrað í gegn. Þá á félagið eftir að byggja yfir starfsfólk. Öll þessi verkefni eru mjög aðkallandi, ásamt byggingu gróðurhúsa og lagfæringu á lóð heilsuhælisins.

Eignir félagsins með húsum og áhöldum eru rúmar 4 millj. kr. Áhvílandi skuldir eru 550 þús.: 100 þús. tveggja ára lán, 80 þús. til 10 ára og 370 þús. til 15 ára.

Síðastliðið haust öðlaðist heilsuhælið réttindi til að reka gigtlækningahæli. Frá þeim tíma hafa gigtarsjúklingar fengið greitt frá samlögum 80 kr. á dag í 35 daga, en heildarkostnaður á dag er 120 kr., innifalin er öll læknismeðferð, svo sem leirböð, nudd, ljós sjúkraleikfimi o. fl.

Byggingarstyrkur frá því opinbera er alls 300 þús. kr.

Síðan heilsuhælið fékk þessi takmörkuðu sjúkrahúsréttindi, sem aðeins eru miðuð við gigt, hefur landsspítalinn sent því sjúklinga, sem eru í afturbata, til þess að losa rúm handa sjúklingum, sem þarfnast tafarlausra aðgerða.“

Nd. 358. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 73. gr. Við 1. málsgr. bætist nýr málsliður, þannig:

Nú ákveður vátryggingarfélag eða félög, sem annast samanlagt meira en helming trygginganna, að nota endurkröfuheimild þessa, og er þá öðrum vátryggingarfélögum skylt að krefja um endurgreiðslur samkvæmt heimildinni.

Sþ. 359. Nefndarálit [40. mál]

um till. til þál. um efnaiðnaðarverksmiðju í Hveragerði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og er sammála um að afgreiða hana óbreytta. Umsagnir um tillöguna frá raforkumálastjóra og Iðnaðarmálastofnun Íslands eru prentaðar sem fylgiskjöl.

Alþingi, 25. marz 1958.

Benedikt Gröndal, form.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason, frsm.	Ásg. Sigurðsson.
Björn Jónsson.	Jón Sigurðsson.	Steingr. Steinþórsson.	

Fylgiskjal I.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

14. marz 1958.

Til allsherjarnefndar Alþingis, Alþingishúsinu, Reykjavík.

Með skirskotun til bréfs hæstv. allsherjarnefndar Alþingis, dags. 10. marz s. l., varðandi þingsályktun um efnaverksmiðju í Hveragerði, viljum við taka eftirfarandi fram:

Enda þótt allvíðtæk athugun hafi þegar farið hér fram á hagnýtingu jarðhita, bæði til iðnaðar og annars, hefur sú athugun yfirleitt verið gerð á víðum grundvelli hvað snertir staðarval. Aðstæður í Hveragerði eru þó mjög sérstæðar, eins og raunar kemur fram í greinargerð fyrir tillögu þessari, og má þá einkanlega nefna, að töluverð byggð er þegar fyrir hendi við jarðhitasvæðið sjálft. Auk hinna stærri fyrirtækja, sem nefnd eru í greinargerðinni, ætti þetta atriði að gefa möguleika fyrir ýmsum smærri efnaiðnaði, sem lítt hefur enn þá verið athugaður við skilyrði slík sem í Hveragerði.

Væri gerð sérstök rannsókn, sem einungis miðaðist við Hveragerði, væri því rétt að leita enn þá fleiri möguleika en enn þá hefur verið bent á í byrjun verksins, velja síðan örfáa til nánari athugunar og gera að síðustu einum möguleika góð endanleg skil.

Við leyfum okkur þó að benda á, að slík rannsókn kostar óhjákvæmilega fé, sem nemur nokkur hundruð þúsund krónum, eigi til þess að ætlast, að jákvæður árangur náist.

Allra virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Fylgiskjal II.

IÐNAÐARMÁLASTOFNUN ÍSLANDS

9. janúar 1958.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum haft til athugunar bréf yðar frá 4. des., þar sem óskað er umsagnar Iðnaðarmálastofnunar Íslands um till. til þál. um efnaverksmiðju í Hveragerði.

Það er álit vort, að stefna beri að því að rannsaka til hlítar þær leiðir, sem til greina koma í sambandi við hagnýtingu jarðhita hér á landi. Hvað snertir einstök jarðhitasvæði, þá mun vera um mismunandi leiðir að velja, og hlýtur það því að vera tilgangur áframhaldandi rannsókna meðal annars að leiða í ljós, með hvaða hætti unnt er að nýta jarðhitann á hverjum stað.

Þar sem rannsóknir sýna, að hagstæð skilyrði séu fyrir hendi til efnaiðnaðar, teljum vér, að stefna beri að því að koma slíkum iðnaði á fót, enda hafi fullnægjandi rannsóknir farið fram og fengin sé vissa fyrir því, að um hagkvæman rekstrargrundvöll sé að ræða.

Virðingarfyllst,

Iðnaðarmálastofnun Íslands,

Sveinn Björnsson
framkvstj.

Ed. 360. Breytingartillögur [100. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 3. júní 1957, um skatt á stóreignir.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Gunnari Thoroddsen.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. (2. gr.) 2. gr. laganna breytist þannig:
   a. Í stað orðanna „20% — tuttugu af hundraði“ í 2. málsgr. 1. tölul. komi: 25% — tuttugu og fimm af hundraði.
   b. Í stað orðanna „40% — fjörutíu af hundraði“ í 1. málsl. 1. málsgr. 2. tölul. komi: 55% — fimmtíu og fimm af hundraði.
   c. Í stað orðanna „25% — tuttugu og fimm af hundraði“ í 2. málsl. 1. málsgr. 2. tölul. komi: 35% — þrjátíu og fimm af hundraði.
   d. Í stað orðanna „40% — fjörutíu af hundraði“ í 2. málsgr. 2. tölul. komi: 55% — fimmtíu og fimm af hundraði.
2. (3. gr.) 6. gr. laganna breytist þannig:
   Í stað orðanna „10 árum og séu ársvextir af þeim 6%“ í niðurlagi 1. málsgr. komi: 18 árum og séu ársvextir af þeim 3%.

Ed. 361. Lög [100. mál]

um breyting á lögum nr. 44 3. júní 1957, um skatt á stóreignir.

(Afgreidd frá Ed. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 210.

Ed. 362. Frumvarp til laga [164. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi og tóbak til erlendra farþega, er fara um Keflavíkurflugvöll.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn á Keflavíkurflugvelli áfengisútsölu, er eingöngu selji áfengi til erlendra farþega og flugvélaáhafna, sem um völlinn fara.

Áfengisverzlun ríkisins rekur útsölu þessa undir yfirstjórn utanríkisráðherra. Ráðherra ákveður verð áfengis, sem selt er með þessu móti, og setur nánari reglur um eftirlit með rekstrinum og þeim farþegum, sem við verzlunina skipta.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur heimilað útsölu þeirri, sem um ræðir í 1. gr., að hafa einnig á boðstólum tóbak, og gilda um þá verzlun reglur 1. gr. eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sá háttur hefur verið upp tekinn á síðustu árum á nokkrum hinna stærri flugvalla erlendis, að erlendir farþegar og flugvélaáhafnir, sem um þá fara, eiga þess kost að kaupa áfengi, tóbak og jafnvel fleiri vörur, við vægu verði í hinum svonefndu „tollfrjálsu“ búðum, sem komið hefur verið á fót á þessum stöðum.

Mun einna mesta kveða að þessu á Shannonflugvelli í Írlandi, en um þann völl er mikill straumur farþegaflugvéla, sem fljúga milli Evrópu og Ameríku.

Er mjög sótzt eftir þessum viðskiptum af hálfu farþega og áhafna flugvélanna og er talið, að þau stuðli að auknum viðkomum véla á þessum stöðum. Skapar það meiri tekjur af lendingagjöldum, auk annarra tekna, svo sem af sölu eldsneytis o. þ. h.

Íslenzk yfirvöld hafa nú um skeið athugað, hvort eigi væri tiltækilegt að hefja á Keflavíkurflugvelli einhvern vísi að viðskiptum sem þeim, er hér að framan hefur verið lýst, ef það mætti verða til þess að auka umferð erlendra farþegaflugvéla um völlinn. Hefur jafnvel verið talið að flugvélar, sem að öðru jöfnu mundu leggja leið sína um Keflavíkurflugvöll, hafi fremur kosið að fara um Shannon til þess að farþegar og áhafnir gætu átt viðskipti í hinni „tollfrjálsu" búð þar. Hlutaðeigandi íslenzkir embættismenn hafa kynnt sér nokkuð fyrirkomulag þessara „tollfrjálsu" viðskipta erlendis, svo sem á Shannonflugvelli og Schipholflugvellinum við Amsterdam og hafa þeir eindregið lagt til, að sams konar háttur verði upp tekinn á Keflavíkurflugvelli.

Er nú fengin aðstaða í gistihúsinu á flugvellinum fyrir búð, þar sem hægt væri að hefja sölu á áfengi og tóbaki til erlendra farþega, sem um völlinn fara.

Með frv. þessu er farið fram á heimild til þess að koma á fót slíkri útsölu. Þykir rétt að Áfengsiverzlun ríkisins hafi með höndum rekstur búðarinnar, þar eð líkur benda til að einkum muni verða keypt áfengi, þótt sjálfsagt hafi verið talið að hafa tókbak einnig á boðstólum. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin setji reglur, er tryggi að misnotkun geti eigi átt sér stað. Mun þar m. a. verða stuðzt við gögn, er aflað hefur verið erlendis á þeim stöðum, sem þegar hafa komið á þessu fyrirkomulagi.

Nd. 363. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Við 82. gr. Fyrir orðið „bílstjóra" í 1. málsgr. komi: ökumanns.

Nd. 364. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Pétri Péturssyni, Bjarna Benediktssyni, Gunnari Jóhannssyni og Ásgeiri Sigurðssyni.

Við 73. gr. Fyrir orðið „skylt" í 1. málsgr. komi: heimilt.

Sþ. 365. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Gísli Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, Skúli Guðmundsson, Halldór E. Sigurðsson, Björgvin Jónsson, Sigurvin Einarsson, Eiríkur Þorsteinsson, Alfreð Gíslason, Ásgeir Bjarnason, Gunnar Jóhannsson, Friðjón Skarphéðinsson, Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur talsvert verið rætt og ritað um það, hvernig skuli fara með hið forna biskupssetur Skálholt. Maður spyr mann, en enginn getur svarað spurningunni um framtíð Skálholts. Allmargar uppástungur hafa komið fram um að setja þar á fót stofnanir, sem mönnum þykir hæfa staðnum og fornri frægð hans. Kirkja há og tíguleg er risin þar af grunni hinna fornu dómkirkna, og veglegt íbúðarhús hefur þar verið reist.

En hver á að búa í þessu húsi, og hver á á helgum stundum að standa fyrir altari hinnar tignu kirkju og láta kristinn boðskap hljóma innan veggja hennar? Þannig er hugsað, og þannig er spurt.

Gissur biskup Ísleifsson lét reisa kirkju í Skálholti, þrítuga að lengd, og vígði hana Pétri postula. Hann lagði kirkjunni til mörg gæði, bæði í löndum og lausafé, og kvað á síðan, að þar skyldi ávallt biskupsstóll vera, meðan Ísland væri byggt og kristni má haldast.

Þau verk, sem verið er að framkvæma á hinu forna biskupssetri og bráðlega verður lokið og kosta munu allmikið fé á íslenzkan mælikvarða, virðast við það miðuð, að biskupsstóll landsins verði aftur fluttur í Skálholt og þannig farið eftir fyrirmælum þeim, er fylgdu gjöf Gissurar biskups.

Það er vel farið, að svo var á málum haldið við endurreisn staðarins, að sá húsakostur, sem þar hefur verið reistur, gæti hæft hinu tigna embætti biskupsins yfir Íslandi. Öll nútímaþægindi eru fyrir hendi á staðnum: Vegir í allar áttir. Brú yfir hið mikla fljót Hvítá. Sími, raforka, jarðhiti. Læknir búsettur hið næsta. Fjölbyggt og frjósamt hérað umhverfis. Fjarlægð frá höfuðstað landsins tæplega tveggja tíma akstur í bifreið. Ró og tign íslenzkrar náttúru hvílir yfir staðnum, og sögulegar minningar vakna þar við hvert fótmál.

Hinar kirkjusögulegu minningar, sem tengdar eru Skálholti, og sú lind guðstrúar og mennta, sem þaðan streymdi, var aflvaki íslenzku þjóðarinnar um dimmar aldir ánauðar og öreigamennsku undir útlendu valdi; þar sem kirkjan var hin guðlega móðir þjóðarinnar og hennar ljós í lágu hreysi.

Við slíka háborg íslenzkrar menningar sem Skálholt var á liðnum öldum hefur þjóðin skyldur að rækja — skyldur við fortíðina og við sjálfa sig í nútíð og framtíð.

Telja má víst, að með tíð og tíma byggi þjóðin upp á hinum sögulega stað fjölþætt menntasetur, eftir því sem þörf þjóðarinnar krefur og geta leyfir. En byrjunin hlýtur að verða sú að flytja biskup hinnar íslenzku þjóðkirkju í Skálholt og gefa staðnum þannig aftur það líf og þá tign, sem hann áður hafði í vitund kynslóðanna. Konungstilskipun frá 29. apríl 1785 kvað svo á, að biskupsstóllinn skyldi færður frá Skálholti og settur niður í Reykjavík. Konungstilskipunin er í raun og veru freklegt brot gegn sögulegri hefð og grundvallarrétti kirkjunnar, eins og Gissur biskup lagði hann með góðu samþykki allra í upphafi hinar kristnu kirkju sem stofnunar hér á landi. Skylda Alþingis til að gera fyrirmæli Gissurar biskups gildandi að nýju er því augljós. Og telja má víst, að söguþjóðin, sem byggir þetta landi, mundi fagna slíkri ráðstöfun af hendi hins aldna löggjafarþings.

Skálholt er í sögu og samtíð eign allrar þjóðarinnar. Ný vegsemd Skálholts eykur frama hennar og getur orðið kirkju landsins nýr aflvaki og stutt og eflt andlegt líf og siðræna menningu komandi kynslóða.

Nú, þegar farið er að sjást fyrir endann á því, að lokið verði hinum miklu byggingum í Skálholti: kirkju og biskupssetri, þá þykir flutningsmönnum þessarar tillögu orðið meira en tímabært, að Alþingi ákveði, að biskup landsins hafi aðsetur í Skálholti.

Tillaga til þingsályktunar um flutning biskupsstólsins að Skálholti var á síðasta þingi borin fram af nokkrum þingmönnum úr öllum flokkum, en var ekki tekin fyrir, enda kom hún ekki fram fyrr en nokkuð var áliðið þings. Fylgdi henni greinargerð sú, sem hér er nú prentuð sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Það er söguleg staðreynd, að Skálholt var biskupssetur og eign stólsins frá því á dögum Gissurar biskups Ísleifssonar á ofanverðri 11. öld þangað til 1. og 3. gr. a konungstilskipunar frá hinum 29. apríl 1785 skipa svo fyrir, að færa skuli setrið til Reykjavíkur og reisa þar nýtt biskupssetur m. m.

Að vísu sat Ísleifur biskup Gissurarson í Skálholti, en það var föðurleifð hans. Er hann gerðist biskup, hinn fyrsti hérlendra, varð hann að slíta sambúð sinni við konu sína, Döllu Þorvaldsdóttur, en hún vildi búa á hálfu landi, og segir í Ísleifsþætti, að um óhægindi hafi verið að leika með mönnum og skipt fjám með þeim. Í Hungurvöku segir og, að Gissur, sonur þeirra, hafi eigi haft allt til ábúðar í Skálholti, af því að móðir hans vildi búa á sínum hluta landsins, meðan hún lifði. En eftir andlát hennar eignaðist Gissur allt landið og lagði það til kirkjunnar, er hann lét reisa og vígði Pétri postula. Þessar tvær heimildir eru því samhljóða um meginefni og brjóta ekki í bág við hina eldri heimild Ara fróða í Íslendingabók, sem segir, að Gissur hafi látið í lög leggja, að stóll biskups, er á Íslandi væri, skyldi í Skálholti vera, en áður var hvergi, og lagði hann til stólsins Skálholtsland og margs konar auðæfi önnur, bæði í löndum og lausum aurum. Af skiljanlegum ástæðum eru nærri samhljóða heimildir í Kristnisögu og Haukdælaþætti, þar sem þær munu styðjast við Íslendingabók.

Gissur Ísleifsson stofnar þannig til biskupsstóls hér á landi í eiginlegum skilningi, og til þess, að mál það nái fram að ganga, gefur hann fyrst og fremst ættaróðal sitt, svo að fullnægt verði kirkjulegu lögmáli, að biskup hafi fast aðsetur.

Um aldirnar er Skálholt hinn mikli miðdepill menningar- og athafnalífs, auk þess sem það er aðalstöðvar kirkjuhöfðingjanna. Í augum landsmanna lagði ætíð meiri ljóma af Skálholtsstað en nokkrum öðrum, að Hólastað frágengnum. Siðaskiptin ollu hér engri breytingu á, og jafnvel er ekki trútt um, að menn hafi rennt vonaraugum til Skálholts í hörmungum 18. aldarinnar og skyggnt þá merki forns frelsis og fornrar frægðar, er þjóðin var að því komin að glata sjálfri sér. Því skal ekki heldur gleymt, að í Skálholti voru fyrst prentuð öndvegisrit íslenzkrar sagnaritunar.

En hörmungar og niðurlæging 18. aldar leiddu m. a. af sér, að eftir Móðuharðindin var svo komið, að Skálholtsstaður var hálffallinn og þurfti mikillar endurreisnar við, þótt þar sætu hinir merku feðgar Finnur og Hannes biskupar. Enn fremur voru nýir tímar að færast í hönd. Reykjavík var þá þegar ákvörðuð til þess að vera aðsetur stjórnarvalda hérlendis. Og hinn mikli jarðarstóll Skálholts var um árabil til óhæginda vegna slæmrar aðstöðu almennt til búskapar.

Auk þess má og benda á skoðanir þær, sem ofarlega voru í Danmörku, um að gera sem flesta bændur að sjálfseignarbændum. Úr þessu öllu verður svo það, að stóll og skóli verða fluttir til Reykjavíkur, og hefst þá fullkominn eymdartími í sögu Skálholtsstaðar. Gripir dómkirkjunnar tvístrast og glatast flestir; sjálf er hún rifin, komin að hruni, eftir að sóknarpresturinn hefur neitað að messa í henni.

Það er þó bærilegra að koma heim að Hólum, þar sem tókst að reisa stóra og myndarlega dómkirkju úr steini, er enn stendur og tengir nútímann við liðna sögu.

Reyndar hafði Finnur biskup leitað til stjórnarvalda um það að reisa steinkirkju í Skálholti, þar sem undirstaðan væri þar öllu betri en á Hólum. Úr því varð ekki. Og því fór sem fór, að Skálholt hefur verið í hinni mestu niðurlægingu fram á síðustu ár, að stjórnarvöld hafa hafið þar mikla endurreisn fyrir fé, sem Alþingi hefur veitt til þeirra mála.

Tilskipunin hinn 29. apríl 1785 gerði í 1. gr. ráð fyrir, að biskupssetrið væri flutt til Reykjavíkur, en 3. gr. a, að biskup hefði lánsheimild allt að 1200 rd. til að reisa bústað fyrir, sem áttu svo að hvíla á embættinu. Enn fremur mátti hann kjósa eina af jörðum kóngs í Gullbringu- og Kjósarsýslu sér til hlunninda og að auki

eina af stólsjörðum handa biskupsekkju, ef væri, ella svari hann sjálfur til jarðarinnar gegn afgjaldi. Framkvæmd á þessu varð engin, því að Hannes biskup kaus að sitja í Skálholti, sem hann keypti sjálfur. Eftirmaður hans, dómkirkjupresturinn í Reykjavík, Geir Vídalín, varð eigi heldur aðnjótandi ákvæða tilskipunarinnar 1785. Sótti hann eftir á ýmsum tímum að fá Bessastaði eða Elliðavatn fyrir stólsetur, en úr því varð ekki. Hann sat á Lambastöðum til 1806, er hann fékk leigt hús það, er Petrens kaupmaður átti í Aðalstræti, þar sem nú er nýlenduvöruverzlun Silla og Valda, og var loks fenginn konungsúrskurður um kaup á því húsnæði til bráðabirgða frá 22. sept. 1822 fyrir 500 rbd. seðla. Ekki var hærra risið þá, og höfðu þó gerzt miklar breytingar enn, því að 1801 voru biskupsdæmin fornu sameinuð og Geir þannig síðastur Skálholtsbiskup, ef telja skyldi, og fyrsti biskup yfir Íslandi.

Breytingin 1801 leiddi af sér, að Norðlendingar misstu í senn stól og skóla, og komu þar engar bætur fyrir. Stóls- og skólaeignir voru allar seldar, en andvirðið hvarf í hinni almennu verðfellingu. Þá höfðu Norðlendingar haft sinn biskup samfleytt frá 1106, og reyndar fyrr, því að um daga Ísleifs biskups dvaldist Bjarnharður biskup saxlenzki um 20 ára skeið á Norðurlandi, en minningin um það knúði fram kröfuna um biskup, er var fullnægt með vígslu Jóns helga Ögmundssonar 1106.

Steingrímur biskup Jónsson vildi eðlilega ekki una við að vera hálfgildings niðursetningur í Reykjavík, og hinn 2. apríl 1825 var fenginn konungsúrskurður um, að reisa skyldi biskupssetur. Hinn 5. apríl 1826 er úrskurðað, að það skyldi reist í Laugarnesi. Hinn 28. sept. 1838 var svo úrskurðað, að Laugarneslandið skyldi allt keypt vegna biskups. Á Laugarnesi hafði þá verið reist með miklum kostnaði biskupssetur, en mörgum er kunnugt, hvernig tókst með smíð þá. Allt eyðilagðist í raka vegna þakleka, og fóru leikar svo, að hinn 8. apríl 1856 er leyft, að biskupinn flytji til Reykjavíkur og fái 200 rd. í húsaleigustyrk árlega, en Laugarnesið selt, þótt erfiðlega gengi. Upp frá því hefur biskup Íslands setið í sjálfri Reykjavík og notið húsaleigustyrks, nema þau fáu ár, sem stjórnarvöld fengu biskupnum ríkissjóðseignina Gimli til íbúðar.

Þetta ástand er ekki viðunandi til lengdar. Flutningur stólanna og sala stólseignanna á sínum tíma voru ekki sprottin af neinum illvilja. En hinn mikli sjóður, sem myndaðist við söluna, varð að engu vegna verðfalls peninga í og eftir Napóleonsstyrjaldirnar. Og bygging Laugarnesstofu tókst með eindæmum.

En þetta hefur einnig haft þau áhrif, að tign biskups hefur sett ofan, og eftir að framkvæmdavaldið færðist heim til landsins, hefur þróunin orðið sú, að biskup er fjarri því að vera fullvalda um ýmis veraldleg mál kirkjunnar.

Skálholt og Hólar eru ásamt Þingvöllum, Odda og Reykholti sennilega þeir staðir, er hæst ber í hugum innlendra sem erlendra manna.

Og nú hefur Skálholt á áþreifanlegan hátt tengt saman fortíð og nútíð. Sennilega gleymir því enginn, er viðstaddur var, er kista Páls biskups Jónssonar var opnuð. Þá gerði úrhelli rétt eins og daginn, er útför hans fór fram. Og er lokið var tekið af kistunni, sáu menn kaldan tíguleik dauðans og fundu ofurþunga sögunnar. Þá fundu menn tengsl, raunveruleg og sterk, við hina liðnu fortíð. Og orð Páls sögu biskups fengu þá áþreifanlega sönnun og staðfestingu, og beinin, er lágu í nekt sinni, töluðu sínu sterka máli. Það var og sögu ríkara að sjá og skynja, hversu feikistór kirkjan forna hafði verið. Og eins stór var og reyndar Hóladómkirkja hin forna.

Á Norðurlöndum hefur viðreisn Skálholts fengið glæsilegan byr. Kirkjur Norðurlanda hafa gefið góðar og miklar klukkur, 4 að tölu, silfurstjaka og annan altarisbúnað og font úr færeysku grjóti. Einstaklingar í Danmörku hafa gefið altaristöflu skorna, vandað pípuorgel, glermálverk í alla glugga kirkjunnar, einstaklingar í Noregi þrjávið, þilplötur og hellur á allt þak kirkjunnar. Og von er á fleiri gjöfum erlendis frá.

Það má með sönnu segja, að fá innlend málefni hafa fengið jafnvirkan stuðning erlendis frá eins og endurbygging Skálholts.

Endurreisn biskupsstóls í Skálholti gerir kleift að bæta fyrir það, sem tjón var að. Þar er hinn virðulegasti staður, sögustaður, er allir þekkja, sem er hið rétta aðsetur biskups og veitir embættinu stoð og stuðning liðinna alda.

Það var heppileg ráðstöfun, að æðsta manni þjóðarinnar skyldu fengnir Bessastaðir til ábúðar. Og hið mikla endurreisnarstarf í Skálholti gerir það kleift að búa að öðru mesta og elzta virðingarembætti þjóðarinnar þar á viðeigandi hátt. Ýmsum kann að finnast, að óhyggilegt sé að setja biskup Íslands niður í sveit. Svo er ekki. Það er einn liður í því að gera kirkjuna óháðari ríkisvaldinu (enda liggur annar liður hér fyrir í frumvarpi því um kirkjuþing og kirkjuráð, sem Alþingi fjallar um þessa dagana. Það er óhyggilegt, hættulegt og vart viðeigandi að binda allar menningarmiðstöðvar við Reykjavík. Styrkur hefur það verið Svíum að halda Uppsölum og Englendingum Kantaraborg sem höfuðstöðvum kirkna sinna. Og fyrir biskupsstólinn hér á landi mundi flutningur hans að þeim stað, er Alþingi á sínum tíma ákvað sem stólsetur, merkja aukna virðingu og aukið sjálfstæði. Með þeim flutningi er bætt fyrir fornar syndir og mistök og biskupnum sköpuð viðeigandi aðstaða og aukin virðing.

Ed. 366. Frumvarp til laga [166. mál]

um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna.

Flm.: Björn Jónsson, Finnbogi R. Valdimarsson, Alfreð Gíslason.

1. gr.

Stofna skal og halda skóla, er nefnist félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna. Skal hann starfa sex mánuði að vetrinum, frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert. Heimilt er þó að skipta þeim námstíma í tvö þriggja mánaða námskeið og sé námsskrá þá breytt í samræmi við þá tilhögun.

Einnig getur skólinn haft styttri fræðslunámskeið, og fer kennsla þá aðallega fram í fyrirlestrum og með námshópastarfi.

2. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum: Ízlenzk tunga og bókmenntir, Íslandssaga — einkum saga atvinnuveganna — og þjóðfélagsfræði. Þá skal veita ýtarlega fræðslu um sögu, stjórn og störf verkalýðsfélaga, samvinnufélaga og samtaka atvinnurekenda svo og meginatriði íslenzkrar félagsmálalöggjafar.

Kenna skal fundarreglur og fundarstjórn og leiðbeina nemendum um að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðuformi. Heimilt er að ákveða í reglugerð, að kennt skuli eitt Norðurlandamála svo og vélritun og grundvallaratriði bókfærslu. Söngur skal iðkaður í tengslum við kennslu og starf skólans. Kennsla fer fram í fyrirlestrum að því leyti, sem betur þykir henta.

Öllu starfsliði skólans ber að vinna að félagsþroska og alhliða menningu nemenda.

3. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 16 ára, hafi óflekkað mannorð, séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi og séu félagsmenn í verkalýðsfélagi.

4. gr.

Stjórn skólans er í höndum fimm manna skólanefndar. Skulu fjórir nefndarmanna tilnefndir af miðstjórn Alþýðusambands Íslands, en félagsmálaráðherra til-

nefnir hinn fimmta, og er hann formaður nefndarinnar. Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara.

Félagsmálaráðuneytið gefur út reglugerð fyrir skólann að fengnum tillögum skólanefndar.

5. gr.

Kostnaður við byggingu skólahúss greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við rekstur skólans.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda fyrir skólaárið 1958—1959.

Greinargerð.

Árið 1954 bar Hannibal Valdimarsson fyrst fram á Alþingi frumvarp um skóla verkalýðssamtakanna, og enn flutti hann frumvarp um sama efni á þingi 1955, en hvorugt hlaut endanlega afgreiðslu.

Frumvörp þessi vöktu hina mestu athygli og áhuga almennings, og gerði fjöldi verkalýðsfélaga samþykktir um að skora á Alþingi að lögfesta þau.

Frumvarp þetta er að meginefni hið sama og frv. Hannibals Valdimarssonar, en þó breytt í nokkrum atriðum. Þannig er nú í frv. heimild til að skipta námstímanum í tvö 3 mánaða námskeið, ef betur reyndist henta sú skipan en að halda skólann í 6 mánaða samfelldu starfi. Er þessi breyting að nokkru gerð til að koma til móts við skoðanir, sem fram hafa komið á Alþingi um fræðslu fyrir alþýðusamtökin. Þá eru gerðar minni háttar breytingar aðrar, svo sem um stjórn skólans og greiðslu kostnaðar við rekstur hans.

Tilgangur þessa frv. er að öllu hinn sami og áður hefur verið með frv. Hannibals Valdimarssonar, sá að skapa starfandi og verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félaga hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna.

Það er tvímælalaust skylda þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu, sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroskað. Þessi skylda hefur þegar hlotið nokkra viðurkenningu í verki víða um lönd, þ. á m. um Norðurlönd, en þar hafa um langt skeið starfað skólar, hliðstæðir þeim, sem hér er gert ráð fyrir, og þó stærri í sniðum. Þykja skólar þessir hinar gagnlegustu menningarstofnanir fyrir félagssamtök verkalýðssamtakanna og sjálfsagður þáttur í skólamálum þjóðanna.

Samningsgerðir verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um laun, kjör og vinnuskilyrði eru nú orðnar mjög vandasamt verkefni, sem krefst mikillar þekkingar jafnt á högum þeirra, sem þær snerta beint hverju sinni, sem á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, löggjöf um öryggi á vinnustöðum á sjó og landi, trygginga- og skattalöggjöf, og á rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Þetta verkefni er nú í höndum mörg hundruð stjórnarmanna í verkalýðsfélögunum um land allt og eftirlit með framkvæmdum í höndum enn fleiri trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna á nálega hverjum vinnustað í landinu.

Aðeins þessi þáttur í starfi verkalýðssamtakanna krefst því víðtækrar fræðslu. Til þessa hafa forustu- og áhugamenn aflað sér nauðsynlegustu þekkingar í þessum efnum við starf félaganna, einkum fundastarfsemi, og vissulega hefur fjöldi hæfra forustumanna vaxið með síauknum verkefnum samtakanna. Margt bendir þó til þess, að torveldara muni reynast að veita uppvaxandi kynslóð næga fræðslu og þekkingu á félagslegum málum sínum að þeirri leið, sem brautryðjendum og áhugamönnum hefur verið fær í þeim efnum. Hér verður og að setja markið hærra en verið hefur, það, að hver félagi verkalýðssamtakanna kunni góð skil á öllum helztu viðfangsefnum þeirra og hlutverkum.

Hér hefur aðeins verið drepið á takmarkað svið verkalýðsmálanna. En hafa verður einnig í huga, að verkalýðshreyfingin er félagshreyfing, sem samkvæmt eðli sínu hlýtur sífellt að sækja fram til víðtækari afskipta í atvinnulífinu og á öðrum sviðum þjóðfélagsins, sem krefjast æ vaxandi alhliða menntunar.

Öll rök virðast mæla með því, að ríkið viðurkenni og kosti að öllu leyti skóla verkalýðssamtakanna, á sama hátt og t. d. bændaskólarnir, sem að nokkru eru félagsmálaskólar bændastéttarinnar, eru kostaðir af ríkisfé svo og margir sérskólar fámennari vinnustétta, a. m. k. meðan svo er ástatt, að verkalýðssamtökin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til slíks skólahalds. Er svo ráð fyrir gert í frv.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að stjórn skólans sé að mestu í höndum verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar. Þykir þetta jafnsjálfsagt og t. d., að sérskóli samvinnuhreyfingarinnar er að öllu leyti undir hennar eigin stjórn. Verkalýðshreyfingin er óháð ríkisvaldinu og mundi því ekki una því, að það hefði eitt á hendi stjórn á skóla hennar eða á öðrum málum hennar, enda þótt ríkisvaldið sýni henni þá viðurkenningu og trúnað að veita henni fjárhagslegt fulltingi til þess menningarstarfs, sem hér ræðir um.

Ed. 367. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem samkvæmt þeim verða settar, varða sektum, frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. að beiðni samgöngumálaráðuneytisins. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir frá ráðuneytinu:

Í gildandi lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 40 29. maí 1957, eru engin refsiákvæði. Er þetta tilfinnanlegur ágalli á löggjöfinni og hefur þegar orðið til þess að torvelda framkvæmd hennar.

Samkvæmt lögunum hefur nú tala leigubifreiða til mannflutninga verið takmörkuð í þremur kaupstöðum, og fleiri staðir munu væntanlega koma á eftir. Á þessum stöðum er ákveðin hámarkstala leigubifreiða til mannflutninga og ekki öðrum heimilt að stunda akstur á fólki í atvinnuskyni en þeim, sem hafa fengið til þess sérstök atvinnuleyfi.

Hins vegar vilja ýmsir aðrir en þeir, sem leyfi hafa, stunda þessa atvinnugrein, og talsverð brögð að því, t. d. í Reykjavík, að slíkir menn taki að sér akstur á fólki án þess að hafa fast aðsetur á bifreiðastöð og án þess að hafa öðlazt atvinnuleyfi.

Meðan ekkert refsiákvæði er í lögunum, er ekki unnt að koma í veg fyrir þetta og þannig ekki hægt að veita leigubifreiðastjórum þá vernd, sem lögin ætlast til.

Því hefur frumvarp þetta verið samið í samgöngumálaráðuneytinu, samkvæmt beiðni Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, Reykjavík.

Fylgiskjal.

BIFREIÐASTJÓRAFÉLAGIÐ HREYFILL, Reykjavík.

Reykjavík, 4. febrúar 1958.

Til samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Eins og yður er kunnugt, er nú komin til framkvæmda takmörkun á leigubifreiðum til fólksflutninga, allt að 8 farþega, í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri, og er takmörkun þessi gerð samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, og er slík takmörkun nú í undirbúningi víðar á landinu, bæði hvað snertir fólksbifreiðar og vörubifreiðar, enda er frumnauðsyn að koma slíkri takmörkun á, ef bifreiðastjórum á að vera mögulegt að hafa lífsframfæri af þessari atvinnugrein.

Við framkvæmd fyrrgreindra laga hefur það komið í ljós, að reynzt hefur erfitt að koma í veg fyrir, að lög þessi og tilheyrandi reglugerðir væru brotin, þar sem refsiákvæðin vantar í lögin. Með tilvísun til þessa leyfum vér oss hér með að fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það beiti sér fyrir því, að lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, verði breytt þannig, að í þau verði sett refsiákvæði, og teljum vér rétt, að refsiákvæði þessara laga verði miðuð við refsiákvæði bifreiðalaga (umferðarlaga).

Vér leyfum oss að mega vænta þess, að ráðuneytið taki þessari málaleitan vorri með vinsemd og skilningi bifreiðastjórastéttinni til handa og það sjái sér fært að leggja frumvarp að áðurgreindri lagabreytingu fyrir Alþingi það, sem nú situr, og það geri sitt ýtrasta til þess, að það nái fram að ganga.

Óski ráðuneytið eftir frekari rökstuðningi máli þessu til framgangs af vorri hálfu, þá erum vér að sjálfsögðu reiðubúnir að láta hann í té, þegar þess yrði óskað.

Virðingarfyllst,

f. h. Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils,

Bergsteinn Guðjónsson.

Ed. 368. Lög [86. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

(Afgreidd frá Ed. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 144.

Ed. 369. Lög [97. mál]

um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

(Afgreidd frá Nd. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 281.

Nd. 370. Breytingartillaga [146. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætast í stafrófsröð:

1. Gailitis, Käthe Elise Charlotte, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 5. september 1926. (Fær réttinn 7. október 1958).
2. Jäschen, Margarete Frida, húsmóðir á Minna-Hofi, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu, f. í Þýzkalandi 28. janúar 1916.
3. Klingbeil, Gunnar, nemandi í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 18. ágúst 1939.
4. Kreutzfeldt, Vera Johanna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 12. nóvember 1928.
5. Kummer, Kristjana Gisela, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. október 1935.
6. Lillie, Bodil Matilde, matreiðslukona í Reykjavík, f. í Danmörku 30. júní 1911.
7. Lillie, Mogens, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 23. ágúst 1938.
8. Olsen, Eli, sjómaður, Akureyri, f. í Færeyjum 11. maí 1921.
9. Sulebust, Per Norvald, sjómaður, Bolungavík, f. í Noregi 11. október 1919.
10. Trauenholz, Luise, húsmóðir í Keflavík, f. í Þýzkalandi 2. apríl 1916.

Nd. 371. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi 1958.)

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Réttindi í síldveiðideild eiga öll íslenzk skip bátaflotans, sem gerð eru út á síldveiðar með herpinót eða reknet.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í viðræðum ríkisstjórnarinnar um síðustu áramót við fulltrúa útvegsmanna um starfsgrundvöll bátaútvegsins fyrir árið 1958, varð meðal annars samkomulag um að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því, að lögunum um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins yrði breytt á þann veg, að síldveiði í reknet félli undir bætur úr sjóðnum. Er ákvæði um það efni ekki óeðlilegt, þar sem greitt er framlag til sjóðsins af þeirri síld, sem veiðist í reknet, á sama hátt og af síld, sem veidd er í herpinót. Að vísu er í undirbúningi heildar-endurskoðun löggjafarinnar um hlutatryggingasjóð, en þar sem gera má ráð fyrir að sú endurskoðun taki alllangan tíma, þykir ekki hættandi á að láta þá breytingartillögu, sem hér liggur fyrir, bíða heildarendurskoðunar löggjafarinnar.

Ed. 372. Frumvarp til laga [146. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aikman, John, nemandi í Reykjavík, f. í Skotlandi 13. janúar 1939.
2. Andreasen, Andreas Johannes Michael, verkamaður í Sælingsdalstungu í Dalasýslu, f. í Færeyjum 1. janúar 1886.
3. Arnet, Willi Franz Olaf, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Síberíu 18. júní 1915.
4. Berg, Ágúst, verkstjóri á Akureyri, f. í Kanada 20. ágúst 1910.
5. Bergner, Irma Johanna Karla, aðstoðarstúlka hjá tannlækni í Neskaupstað, f. í Þýzkalandi 20. júní 1914.
6. Block, Gertrud Frieda, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 8. júlí 1920.
7. Briem, Christiene, húsmóðir í Reykjavík, f. í Indónesíu 26. marz 1929.
8. Christensen, Christian Harald Hyldal, verzlunarstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 18. júlí 1910.
9. Christiansen, Niels Holm, þvottahúseigandi í Reykjavík, f. í Danmörku 26. apríl 1922.
10. Cogan, Teresa, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 18. desember 1926. (Fær réttinn 10. júlí 1958.)
11. Daugaard, Frieda Elisabeth, starfsstúlka, Ytri-Njarðvík, f. í Þýzkalandi 16. september 1901.
12. de Fontenay, Jean Robert Edouard le Sage, héraðsráðunautur, Hvanneyri í Borgarfirði, f. á Íslandi 12. júní 1929.
13. Fredriksson, Iris Gunborg, húsmóðir á Akureyri, f. í Svíþjóð 21. september 1932.
14. Gailitis, Käthe Elise Charlotte, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 5. september 1926. (Fær réttinn 7. október 1958.)
15. Graef, Martha Emma Johanna, húsmóðir að Neðra-Seli, Landmannahreppi, f. í Rúmeníu 20. febrúar 1924.
16. Hansen, Gunnar Robert, leikstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 25. júlí 1901.
17. Häfner, Ursula Elfriede, húsmóðir í Hveragerði, f. í Þýzkalandi 30. apríl 1922.
18. Hübner, Lotte Erika, húsmóðir að Hlíð í Svarfaðardal, f. í Þýzkalandi 27. júní 1921.
19. Jacobsen, Kjartan Frits, verkamaður á Álafossi, f. í Færeyjum 3. nóvember 1922.
20. Jäschen, Margarete Frida, húsmóðir á Minna-Hofi, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu, f. í Þýzkalandi 28. janúar 1916.
21. Jeising, Josepha Bernardina (Maria Agnella), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. marz 1905.
22. Jónbjörn Gíslason, múrari á Akureyri, f. á Íslandi 22. júlí 1879.
23. Kivi, Vuokko Tellervo, húsmóðir í Reykjavík, f. í Finnlandi 28. desember 1925.
24. Kjerumgaard, Börge Egon, veitingamaður í Hafnarfirði, f. í Danmörku 7. desember 1914.
25. Klingbeil, Gunnar, nemandi í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 18. ágúst 1939.
26. Kreutzfeldt, Vera Johanna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 12. nóvember 1928.
27. Kummer, Kristjana Gisela, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. október 1935.
28. Kyvik, Arnulf Harald, trúboði, Selfossi, f. í Noregi 22. nóvember 1903.
29. Kyvik, Magny, húsmóðir á Selfossi, f. í Noregi 1. ágúst 1900.
30. Leussink, Gerda Harmina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Hollandi 11. apríl 1923.

31. Lillie, Bodil Matilde, matreiðslukona í Reykjavík, f. í Danmörku 30. júní 1911.
32. Lillie, Mogens, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 23. ágúst 1938.
33. Malmquist, Liesel, húsmóðir á Akureyri, f. í Þýzkalandi 7. febrúar 1929.
34. Morgalla, Anna Victoria (Maria), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 23. desember 1898.
35. Mortensen, Daniel Jacob, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 31. ágúst 1922.
36. Olsen, Eli, sjómaður, Akureyri, f. í Færeyjum 11. maí 1921.
37. Pampichler, Paul Ferdinand Mathias, hljómlistarmaður í Reykjavík, f. í Austurríki 9. maí 1928.
38. Petersen, Joen Peter, iðnverkamaður á Akureyri, f. í Færeyjum 18. desember 1924.
39. Polaszek, Anna (Maria Emiliana), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Póllandi 14. júlí 1906.
40. Rasmussen, Alfred Emilius, skósmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. september 1904.
41. Rasmussen, Bent, sjómaður í Reykjavík, f. í Danmörku 12. nóvember 1938.
42. Rasmussen, Hanne Cathrine, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 26. október 1914.
43. Rasmussen, John, sjómaður, Reykjavík, f. í Danmörku 25. desember 1936.
44. Rasmussen, Minne Margarethe, ráðskona í Reykjavík, f. í Danmörku 1. september 1907.
45. Rasmussen, Niels Jakob, skósmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 4. janúar 1908.
46. Rossebö, Johan, verkamaður á Akureyri, f. í Noregi 11. október 1921.
47. Schröder, Rosemarie Martha Frieda, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 7. marz 1925.
48. Schulz, Elisabeth Maria, húsmóðir í Grafarnesi í Grundarfirði, f. í Þýzkalandi 11. janúar 1923. (Fær réttinn 7. maí 1958.)
49. Schweigkofler, Theresa (Maria Elisabeth), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. á Ítalíu 10. febrúar 1915.
50. Sedlacek, Georgine, húsmóðir í Reykjavík, f. í Austurríki 25. marz 1935.
51. Sepp, Karl, lögfræðingur, Hafnarfirði, f. í Rússlandi 29. nóvember 1913.
52. Shirreffs, George, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 18. nóvember 1945.
53. Shirreffs, Mary Oliver, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 24. október 1949.
54. Shirreffs, Paul, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 22. apríl 1947.
55. Shirreffs, William, bólstrari í Reykjavík, f. í Skotlandi 25. nóvember 1921.
56. Shirreffs, William James, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 21. nóvember 1943.
57. Stieborsky, Georg, múraranemi í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 3. október 1928.
58. Suchy, Adelheid Josefine (Maria Apollonia), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 19. marz 1911.
59. Sulebust, Per Norvald, sjómaður, Bolungavík, f. í Noregi 11. október 1919.
60. Thom, Odd Kristian, sjómaður, Reykjavík, f. í Noregi 9. september 1918.
61. Trauenholz, Luise, húsmóðir í Keflavík, f. í Þýzkalandi 2. apríl 1916.
62. Valen, Bjarne Linfred, bóndi í Hjarðarnesi, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, f. í Noregi 22. marz 1913.
63. Volkmer, Margarethe Anna (Maria Lydia), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 3. júní 1908.
64. Wyrwich, Georg, verkamaður, Syðri-Reykjum í Biskupstungum, f. í Þýzkalandi 2. janúar 1930.
65. Young, Gordon Alan, rafvirki í Garðahreppi, f. í Englandi 31. marz 1920.
66. Zirke, Erna Anna Else, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 22. júní 1913. (Fær réttinn 7. apríl 1958.)
67. Þorsteinn Ásgeirsson, húsamálari í Reykjavík, f. á Íslandi 9. janúar 1888.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 373. Frumvarp til umferðarlaga. [18. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 22 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Í hverri bifreið skal vera:

a. Stýris- og hemlabúnaður.
b. Ljósker, er lýsi fram fyrir bifreiðina, a. m. k. eitt rautt ljós, er lýsi aftur fyrir hana, og ljósker til lýsingar á aftara skráningarmerki hennar. Enn fremur rauðlitað glitauga aftan á bifreiðinni. Þó skulu vera rauð glitaugu á báðum pallhornum vörubifreiðar að aftan. Sama gildir, þótt pallurinn sé yfirbyggður.
c. Tæki til þess að gefa hljóðmerki og stefnumerki.
d. Hraðamælir.
e. Búnaður, er tryggi nauðsynlega útsýn ökumanns.
f. Gúmbarðar á hjólum.
g. Ef hált er, skal hafa snjókeðjur á hjólum eða annan búnað, sem bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.
h. Búnaður til aksturs aftur á bak, sé eigin þyngd bifreiðar yfir 400 kg.
i. Merki, er sýni framleiðsluverksmiðju og framleiðslunúmer bifreiðarinnar.
j. Á útblásturspípum hreyfla skulu vera tæki, er dragi úr hávaða.

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega yfir 30 farþega, skal vera ökuriti, er sýni farna vegalengd og hraða bifreiðarinnar á hverjum tíma. Eiganda bifreiðar ber að geyma árituð eyðublöð tækisins í eitt ár, og er skylt að sýna þau lögreglumönnum, ef óskað er. Eigi má nota aðrar tegundir ökurita en þær, er bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.

Bifhjól skal búið sömu tækjum og bifreið, þó ekki tækjum til að gefa með stefnumerki.

7. gr. hljóðar svo:

Í hverri vinnuvél skal vera:

a. Stýris- og hemlabúnaður.
b. Rauðlitað glitauga aftan á vinnuvélinni og hvítt að framan, ef þar er ekki ljósker.
c. Ljósker, ef vinnuvélin er notuð á ljósatíma. Skal annað lýsa fram fyrir, en hitt aftur fyrir vélina.

8. gr. hljóðar svo:

Á hverju reiðhjóli skal vera:

a. Hæfilega traustur hemill.
b. Ljósker, er sýni hvítt eða daufgult ljós í hæfilegri fjarlægð framan frá, þegar reiðhjólið er notað á ljósatíma.
c. Rauðlitað glitauga eða ljósker aftan á reiðhjólinu.
d. Bjalla. Eigi má nota annað hljóðmerkjatæki á reiðhjóli.
e. Lás.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um reiðhjól með hjálparvél með þeirri viðbót: *Að* á þeim skulu vera tveir hemlar, sem verka sjálfstætt, hvor um sig, og rafmagnsljós, tengt við rafal. Í stað bjöllu má nota eintóna horn.

9. gr. hljóðar svo:

Við notkun hestvagna skal örugglega búið um aktygi og festingar.

Aftan á hestvögnum, sem notaðir eru á ljósatíma á vegum, skal vera rauðlitað glitauga.

16. gr. hljóðar svo:

Innflytjendum skráningarskyldra, vélknúinna ökutækja er skylt að senda bifreiðaeftirliti ríkisins nákvæma lýsingu og myndir af nýjum gerðum vélknúinna ökutækja, sem þeir ætla að flytja til landsins. Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða skráningarskylt, vélknúið ökutæki, nema bifreiðaeftirlit ríkisins hafi gefið yfirlýsingar um, að sú gerð ökutækja fullnægi ákvæðum íslenzkra laga.

20. gr. hljóðar svo:

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum, eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafizt er, og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá eftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Heimilt er lögreglustjóra að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum rétthöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal þá því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

23. gr. hljóðar svo:

Erlend ökutæki, sem nota má hér á landi um stundarsakir samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, skulu fullnægja ákvæðum 5.—10. gr. Ökutæki, sem eru skráningarskyld samkvæmt 11. gr., má nota án skráningar hér á landi, ef þau eru löglega skráð í heimalandi, enda sé á þeim þjóðernismerki, auk skráningarmerkis, sbr. þó 3. mgr.

Í reglugerð skal kveðið á um eftirlit með erlendum ökutækjum, hve lengi þau mega vera hér á landi, tilkynningu þeirra og skráningu.

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða afhenda honum skráningarmerki þess innan hálfs mánaðar, eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálfs mánaðar.

25. gr. hljóðar svo:

Enginn má neyta áfengis við akstur vélknúins ökutækis.

Enginn má aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki, ef hann vegna áfengisneyzlu verður eigi talinn geta stjórnað því örugglega.

Ef vínandamagn í blóði manns er 0.50‰ til 1.20‰ eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1.20‰ eða meira, telst hann óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna hestvagni eða reiðhjóli, ef hann er með svo miklum áfengisáhrifum, að hann geti ekki með fullu öryggi stjórnað hestvagninum eða reiðhjólinu.

Bannað er að fela manni, sem er í því ástandi, sem um getur í 2.—5. mgr., stjórn vélknúins ökutækis, reiðhjóls eða hestvagns.

Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þessi efni.

Það leysir ekki undan sök, þótt maður ætli vínandamagn í blóði sínu vera minna en greinir í 2. og 3. mgr.

Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann, þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á, sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

Hverfi ökumaður af vettvangi, eftir að hann hefur átt hlut að umferðarslysi, og náist skömmu síðar með áfengisáhrifum, skal talið, að hann hafi verið undir þeim áhrifum við aksturinn.

Þegar maður hefur neytt áfengis á opinberum veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita, eða hafa ástæðu til að ætla, að hann muni verða brotlegur við framangreind ákvæði, ber þeim að gera það, sem unnt er, til að hindra brotið, þar á meðal að gera lögreglunni viðvart.

Bannað er að selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað, sem þarf til aksturs, ef hann er með áhrifum áfengis.

27. gr. hljóðar svo:

Enginn má stýra bifreið, nema hann hafi fengið til þess ökuskírteini hjá lögreglustjóra. Bifreiðarstjóri skal ávallt hafa skírteinið meðferðis, er hann ekur bifreið, og sýna það, er löggæzlumaður krefst þess.

Skilyrði til þess að öðlast ökuskírteini eru þau, að umsækjandi sé fullra 17 ára, sé áreiðanlegur, samvizkusamur og reglusamur, hafi góða sjón og heyrn og sé nægjanlega hraustur andlega og líkamlega. Enginn má fá ökuskírteini, ef ástæða er til að ætla, að hann geti misst meðvitund snögglega vegna flogaveiki eða annars sjúkdóms. Umsækjandi skal hafa notið kennslu löggilts ökukennara og staðizt próf í umferðarlöggjöf, akstri bifreiðar og meðferð hennar. Lögreglustjóri getur neitað um ökuskírteini, ef varhugavert þykir vegna fyrri hegðunar umsækjanda að veita honum það. Ef óskað er eftir ökuskírteini hjá lögreglustjóra utan heimilissveitar umsækjanda, skal hann láta beiðninni fylgja samþykki lögreglustjóra í heimilissveit sinni.

Enginn getur fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga né vörubifreið, sem skráð er fyrir 5 smálesta farm eða meira, nema hann sé fullra 20 ára, hafi staðizt viðbótarpróf og fullnægi frekari skilyrðum, sem ákveðin eru í reglugerð. Heimilt er og að setja með reglugerð sérstök skilyrði til að öðlast ökuskírteini til aksturs fólksbifreiða, er flytja megi fleiri en 16 farþega.

Ökuskírteini til aksturs bifreiða, sem notaðar eru til farþegaflutninga í atvinnuskyni, skal eigi veita þeim, sem hafa flekkað mannorð, samkvæmt dómi.

Ef leigubifreiðastjóri brýtur af sér í starfi sínu, svo sem með því að eiga við fólk viðskipti, er varða við lög, eða gætir á annan hátt eigi fulls velsæmis, má svipta hann réttindum leigubifreiðastjóra svo og atvinnuleyfi um lengri eða skemmri tíma og ævilangt, ef um ítrekað brot er að ræða. Skal dómsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bifreiðastjórafélaga, setja í reglugerð nánari ákvæði um starf atvinnubifreiðastjóra.

Ökuskírteini gildir í 5 ár frá útgáfudegi. Gefa má þó ökuskírteini út til skemmri tíma, ef sérstakar ástæður þykja til. Ef endurnýjunar á ökuskírteini er óskað, verður hlutaðeigandi að sanna af nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskírteini. Lögreglustjóri ákveður, hvort hlutaðeigandi skuli þá af nýju ganga undir bifreiðastjórapróf.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er, svipt mann ökuskírteini, ef það vitnast, að hann fullnægi ekki settum skilyrðum. Skírteinishafa er skylt að sæta nauðsynlegum rannsóknum til úrskurðar samkvæmt þessari málsgrein.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um bifhjól, eftir því sem við á.

28. gr. hljóðar svo:

Enginn má stýra dráttarvél, nema hann hafi fengið skírteini til bifreiðaaksturs eða sérstakt skírteini til aksturs dráttarvéla. Slíkt skírteini má ekki veita yngri mönnum en 16 ára. Til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkju- eða heyskaparstörf utan alfaravegar, þarf hæfnisskírteini.

Enginn má stýra vinnuvél, fyrr en hann er orðinn 17 ára. Sé vinnuvél ekið um vegi, skal ökumaður þó hafa skírteini til bifreiðaaksturs.

Enginn má stýra reiðhjóli með hjálparvél, nema hann sé orðinn 15 ára.

Ákvæði 7. mgr. 27. gr. gilda og um stjórnendur ökutækja þeirra, sem grein þessi fjallar um.

Dómsmálaráðherra setur reglur um skilyrði til að öðlast réttindi til aksturs dráttarvéla og reiðhjóla með hjálparvél og ákveður gjald fyrir.

40. gr. hljóðar svo:

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur hljóð- og ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum annarra ökutækja er skylt að aka til hliðar eða nema staðar.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvernig merkjum sbr. 1. mgr. skuli háttað. Þau má eingöngu nota, þegar nauðsyn ber til, og er stjórnendum ökutækjanna skylt að taka fullt tillit til annarra vegfarenda.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um vélknúin ökutæki, sem í einstök skipti eru notuð í þjónustu lögreglu, slökkviliðs, eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúkra manna eða slasaðra. Þegar ökutækið er notað þannig, skal það auðkennt greinilega með hvítri veifu. Ökumaður skal tilkynna lögreglunni innan sólarhrings um aksturinn.

Framangreind ökutæki eru, þegar brýna nauðsyn ber til, undanþegin ákvæðum laga þessara um hámarkshraða og um takmarkanir, sem settar kunna að vera um akstur á ákveðnum vegum, enda séu þá notuð merki þau, er um ræðir í 1. og 3. mgr.

47. gr. hljóðar svo:

Þegar ökutæki mætast, skulu stjórnendur þeirra aka út að vinstri brún akbrautar í tæka tíð og draga úr hraða, ef nauðsyn krefur. Ef hindrun er á vegi, skal ökumaður, sem ekur á þeim vegarhelmingi, þar sem hún er, nema staðar, ef nauðsynlegt er.

Ef ökutæki mætast, þar sem vegur er svo mjór, að hvorugt kemst fram hjá öðru, áhættulaust, skal sá ökumaður, sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak.

Ökumenn skulu hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja. Eigi má aka fram úr ökutæki, nema unnt sé án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð, enda sé útsýn yfir akbraut góð. Eigi má aka fram úr ökutæki á vegamótum, beygjum, ef þær eru brattar eða þröngar, né við eða á afmörkuðum brautum fyrir gangandi fólk.

Aka skal fram fyrir ökutæki hægra megin við það. Skal sá, sem fram hjá ætlar, gefa þeim, sem á undan fer, merki, þannig að hann megi vita um þá ætlan. Sá, sem á undan er, skal þá, er hann verður var við þann, sem á eftir kemur, víkja til vinstri og draga úr hraða eða nema staðar, þannig að áhættulaust sé að aka fram hjá. Sá, sem fram fyrir hefur ekið, má ekki aka að vinstri brún akbrautar,

fyrr en hann er kominn svo langt, að hinu ökutækinu geti ekki stafað hætta eða veruleg óþægindi af.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. má við vegamót, ef aðstæður leyfa, aka vinstra megin fram hjá ökutæki, sem á undan fer, ef ökumaður þess gefur greinilega merki um, að hann ætli að aka til hægri.

Þar sem akbraut er skipt í tvær eða fleiri merktar akreinar með sömu aksturstefnu, má aka vinstra megin fram úr ökutæki, en gæta skal þá sérstakrar varúðar.

Aka má fram hjá vegagerðartæki með þeim hætti, sem hagkvæmastur er, miðað við aðstæður, enda sé gætt sérstakrar varúðar.

50. gr. hljóðar svo:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km á klukkustund.

Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3.5 smálestir eða meira að heildarþyngd, má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- eða festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

53. gr. hljóðar svo:

Þegar ekið er á ljósatíma, skulu vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Þegar ökutæki er fest eða tengt aftan í annað, nægir, að afturljós séu tendruð á því ökutæki, er síðar fer. Á ökutækjum mega ljós, sem lýsa fram, aðeins vera hvít eða daufgul.

Þegar ekið er um vel lýstan veg, skal nota lágan ljósgeisla. Þegar ekið er á móti öðru ökutæki, má ekki nota háan ljósgeisla. Skipta skal þá á lágan ljósgeisla í tæka tíð.

Ef bifreið, dráttarvél, eða annað ökutæki, sem hefur stöðuljósabúnað, er stöðvað eða lagt á dimmri akbraut á ljósatíma, skal það hafa tendruð stöðuljós. Önnur ökutæki, sem skilin eru eftir á akbraut, skulu greinilega auðkennd með glitaugum að framan og aftan.

Eigi má nota aðrar tegundir ljósa né glitaugna en boðnar eru eða heimilaðar í lögum þessum, eða reglum, settum samkvæmt þeim.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um ljósabúnað ökutækja og notkun hans.

Ákveða má í lögreglusamþykktum, að nota skuli eingöngu stöðuljós við akstur á tilgreindum, vel lýstum vegum.

54. gr. hljóðar svo:

Við hleðslu ökutækis skal þess gætt, að hvorki farþegar né farmur byrgi nauðsynlega útsýn ökumanns fram eða til hliðar eða í baksýnisspegli, né tálmi notkun stjórntækja eða valdi annarri umferð hættu eða truflun.

Ganga skal svo frá farmi, að hann raskist ekki né valdi óþrifnaði né óþarfa hávaða.

Ökutæki skal þannig hlaðið, að því megi stjórna örugglega. Eigi má farmur dragast eftir vegi, nema óhjákvæmilegt sé og eigi valdi skemmdum.

Ef farmur nær fram eða aftur fyrir eða út fyrir ökutæki, skal gæta sérstakrar varúðar. Þá skal og festa til viðvörunar á yztu brún farmsins greinilegt merki, og á ljósatíma hvítt glitauga, er snýr fram, og rautt, er snýr aftur. Í stað glitaugna má nota ljósker með sama lit.

Lögreglumaður eða eftirlitsmaður ökutækja getur stöðvað ökutæki, ef hann telur hleðslu þess varhugaverða, og bannað akstur þess, nema úr verði bætt.

66. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa og annarra merkja á vegi eða við veg til stjórnar, viðvörunar eða leiðbeiningar fyrir umferð.

Í kaupstöðum skal lögreglustjóri sjá um, að greinileg umferðarmerki séu sett á eða við veg, þar sem sérreglur eiga að gilda um umferð. Það er þó ekki nauðsynlegt, ef lögreglumaður stjórnar umferð.

Vegamálastjóri skal sjá um, að umferðarmerki séu sett á eða við veg utan kaupstaða.

Óheimilt er að setja umferðarmerki á eða við veg, nema með leyfi lögreglustjóra eða vegamálastjóra.

Lögreglustjóri getur bannað auglýsingaspjöld, ljósaauglýsingar, glitaugu og annað, sem valdið getur hættu eða óþægindum fyrir umferð.

Þar sem unnið er að vegagerð eða vegi raskað af öðrum ástæðum, þannig að hætta stafi af, er þeim, sem stjórnar verki, skylt að sjá um, að sett verði upp greinileg viðvörunarmerki.

Kostnað vegna umferðarmerkja skal sá greiða, sem kostar viðhald vegar.

73. gr. hljóðar svo:

Nú hefur viðurkennt vátryggingarfélag, sbr. 70. gr., veitt bætur samkvæmt framangreindu, og er því þá heimilt að endurkrefja þann, sem slysi eða tjóni hefur valdið, um 500 krónur fyrir hvern einstakan vátryggingaratburð, ef bæturnar hafa numið 500—1000 krónum, en um 1000 krónur, ef þær hafa numið hærri fjárhæð.

Auk þess, sem í 1. mgr. getur, á vátryggingarfélag endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má þá endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins og öðrum atvikum.

Endurkröfurétti vátryggingarfélags fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 69. gr., síðustu málsgrein, þó þannig, að veðband það, sem um ræðir í þeirri grein, gangi fyrir.

Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.

76. gr. hljóðar svo:

Vátryggingarfélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 7. gr., og landssamband bifreiðaeigenda, ef til er, skulu hvert nefna einn mann í nefnd, en dómsmálaráðherra skal skipa einn mann, og er hann formaður hennar. Nefnd þessari skulu vátryggingarfélög senda gögn, er þau hafa reist á bótagreiðslur sínar samkvæmt lögum þessum. Nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök. Þetta á þó ekki við um endurkröfur samkv. 1. mgr. 73. gr. Í meðferð hvers máls taka þátt formaður og tveir aðrir nefndarmenn, er hann kveður til. Skal annar þeirra vera sá, sem félag það, er hlut á að máli, hefur kjörið í nefndina. Hinn skal vera fulltrúi sá, er landssamband bifreiðaeigenda hefur tilnefnt. Sé slíkt landssamband ekki til, nefnir Félag íslenzkra bifreiðaeigenda mann í nefndina eða það félag bifreiðaeigenda, sem sá er félagsmaður í, er krafa beinist gegn.

Kostnað af störfum nefndarinnar greiða vátryggingarfélögin eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Hann setur og nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar.

81. gr. hljóðar svo:

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það. Ef sérstakar málsbætur eru og kærði hefur eigi áður orðið sekur um sams konar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á 1. og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr.

Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 1 mánuð, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot að ræða. Réttindasvipting vegna brota gegn ákvæðum 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. skal þó eigi skemmri en 1 ár. Ef kærði hefur verið sviptur réttindum um stundarsakir samkvæmt ákvæðum 6. mgr. hér á eftir, skal ákveðið í dómi, hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Nú hefur maður verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfi af nýju eða réttur til að öðlast það, enda sé sannað, að hann hafi ekki gerzt brotlegur við áfengislöggjöf um þriggja ára skeið að undanförnu. Umsókn um endurveitingu ökuleyfis samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna um reglusemi og góða hegðun umsækjanda í næstliðin 3 ár. Leita skal umsagnar áfengisvarnarnefndar í heimilissveit umsækjanda, áður en ökuleyfi er veitt af nýju, ef brot gegn 25. gr. hefur valdið ökuleyfissviptingu. Slíkt leyfi má þó eigi veita sama manni oftar en einu sinni, nema 6 ár séu liðin frá síðustu réttindasviptingu.

Svipting ökuleyfis eða réttar til að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og skal hann þá svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða. Ákvörðun lögreglustjóra skal borin undir úrskurð dómara svo fljótt, sem verða má, og eigi síðar en viku eftir sviptinguna. Dómari getur breytt úrskurði síðar, ef efni standa til. Aðili getur kært úrskurðinn samkvæmt XXI. kafla laga nr. 27/1951.

Hver, sem sviptur hefur verið ökuleyfi samkvæmt þessari grein eða hefur misst það samkvæmt 7. sbr. 8. mgr. 27. gr., skal afhenda lögreglunni ökuskírteini sitt.

Ef maður hefur með dómi verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það, skal dómari þegar tilkynna það öllum lögreglustjórum á landinu.

Ef íslenzkur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi hefur sætt ökuleyfissviptingu eða refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað missi ökuleyfis eða réttar til að öðlast það, má svipta hann þeim réttindum með dómi í opinberu máli, sem höfðað er gegn honum í þessu skyni, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæðin hér að framan.

82. gr. hljóðar svo:

Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, er stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu. Gefa skal út og útbýta ókeypis prentuðum leiðarvísi, er skýrir helztu umferðarreglur ásamt myndum af vegarmerkjum og handarmerkjum ökumanns í umferð. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Bæjar- og sveitarstjórnum ber enn fremur að fræða almenning um umferðarmál eftir því, sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um fræðslu samkvæmt þessari grein.

89. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958. Ákvæði 1. og 2. mgr. 70. gr. koma þó til framkvæmda 1. maí 1958.

Nd. 374. Lög [121. mál]

um húsnæði fyrir félagsstarfsemi.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 239.

Nd. 375. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1955.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. apríl 1958.

Skúli Guðmundsson, form. Emil Jónsson, fundaskr. Ólafur Björnsson, frsm.
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Ed. 376. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til laga um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á þrem fundum og mælir með samþykkt þess. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Tveir nefndarmenn, SB og JK, voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 12. apríl 1958.

Björgvin Jónsson, form., frsm. Sigurvin Einarsson, fundaskr. Friðjón Skarphéðinsson.

Ed. 377. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — Tveir nm. (SB og JJós) voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1958.

Björn Jónsson, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Björgvin Jónsson.

Ed. 378. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hlutinn telur, að jafnveigamikil breyting á skiptingu björgunarlauna eins og um getur í frv. þessu þurfi nánari athugunar við. Leggur minni hlutinn því til, að frv. þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til athugunar fyrir næsta þing.

Alþingi, 12. apríl 1958.

Björgvin Jónsson.

Ed. 379. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „Poria-tegunda og annarra sveppategunda“ komi: Poria og annarra sveppategunda.
2. Við 7. gr. Í stað „15. apríl“ komi: 1. maí.

Ed. 380. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsögn hagstofustjóra um frv. og enn fremur stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Umsagnir þessara aðila eru prentaðar sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   4. gr. laganna orðist svo:
   Almennar sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram fjórða hvert ár. Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem fullir ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fari fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag júnímánaðar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   11. gr. laganna orðist svo:
   Sveitarstjórnir annast um, að kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga séu samdar í marzmánuði á því ári, sem kosning fer fram, og miðist þær við lögheimili manna hinn 1. desember næst á undan. Kjörskrárnar gilda frá 17. maí það ár, sem þær eru samdar, til 16. maí næsta ár á eftir.

Þegar kosningar fara fram samkvæmt 5. gr., ákveður ráðherra, hvenær kjörskrár skuli samdar, ef kjörskrár, samdar samkvæmt 1. mgr., eru úr gildi fallnar.

Alþingi, 14. apríl 1958.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Alfreð Gíslason, fundaskr. Jón Kjartansson.
Páll Zóphóníasson. Friðjón Þórðarson.

Fylgiskjal I.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Reykjavík, 19. marz 1958.

Allsherjarnefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 5. þ. m., óskað umsagnar Hagstofunnar um fram komið frv. til laga um breyting á lögum nr. 81/1936, um sveitarstjórnarkosningar. Af því tilefni leyfir Hagstofan sér að taka fram eftirfarandi:

Með frv. þessu er lagt til, að sveitarstjórnarkosningar fari fram á sama tíma í kaupstöðum, kauptúnum og sveitahreppum. Af því leiðir, að kjörskrár, sem kosið er eftir, eru allar miðaðar við sama tíma, og yrði þar með bundinn endir á þann megingalla núverandi fyrirkomulags, að menn geti ýmist verið á kjörskrá í 2 sveitarfélögum á sama kosningaári eða hvergi á kjörskrá. Eru ákvæði frv. þessu viðkomandi *því mjög til bóta og raunar sjálfsögð*. Sömuleiðis munu flestir sammála um, að óheppilegt sé að hafa kosningar í janúarmánuði, þegar allra veðra er von, en hins vegar munu vera skiptar skoðanir um það, hvaða annar tími árs sé heppilegastur. — Þá er það og mjög til bóta, að í stað þess, að samkv. núgildandi tilhögun er í janúarmánuði kosið eftir 11 mánaða gamalli kjörskrá, gerir frv. ráð fyrir því, að kjörskrár, sem kosið er eftir í þéttbýli, séu ekki nema 3 mánaða gamlar, þegar kosið er. Loks er gert ráð fyrir því í frv., að kjörskrár skuli aðeins gerðar þau ár, sem kosið er. Þetta er líka mjög æskileg breyting, enda hefur svo verið í framkvæmd, og eftir að þjóðskráin kom til sögunnar, er enn minni ástæða til, að samin sé kjörskrá árlega, þar sem þjóðskráin hefur á reiðum höndum efnivið í kjörskrárstofna fyrir öll sveitarfélög landsins og getur framleitt þá svo að segja fyrirvaralaust, ef þörf krefur.

Um einstök atriði frv. skal eftirfarandi tekið fram:

1. Frv. gerir ráð fyrir, að kosningar til bæjarstjórna og hreppsnefnda fari fram á sama tíma um allt land síðasta sunnudag í maí, sem ekki ber upp á hvítasunnudag. Þar sem sennilega er talið óheppilegt að breyta núgildandi kosningadegi í sveitahreppum, sem er síðasti sunnudagur í júnímánuði, vill Hagstofan láta í ljós þá skoðun, að fátt eða ekkert mæli gegn því, að kosningadagarnir verði framvegis sem hingað til tveir og þá annar síðast í maí fyrir kaupstaði og kauptún og hinn síðast í júní fyrir sveitahreppa. Hér skiptir það að sjálfsögðu mestu máli, að kjörskrár, sem kosið er eftir, séu alls staðar miðaðar við sama tíma, eins og gert er ráð fyrir í frv.
2. Í 2. gr. frv. segir, að kjörskrár skuli samdar í marzmánuði á því ári, sem kosning fer fram. Þetta ákvæði er tekið óbreytt upp úr 11. gr. núgildandi laga um sveitarstjórnarkosningar, nema hvað marz kemur í staðinn fyrir febrúar. Samkvæmt þessu ræður lögheimili manna í febrúarmánuði því, hvar þeir eru á kjörskrá. Þessi tilhögun var eðlileg, meðan prestar tóku manntal um hver áramót og ekki var um að ræða neina samræmingu manntalsskráningar milli sveitarfélaga, en eftir að hafin er gerð íbúaskráa fyrir öll sveitarfélög landsins

miðað við 1. desember ár hvert, eru viðhorfin gerbreytt í þessu efni. Nú virðist rétt og sjálfsagt, að kjörskrár séu miðaðar við sama tíma og íbúaskrár, þ. e. 1. desember. Við það sparast mikil vinna og kostnaður, og auk þess stuðlar það að öryggi og festu við gerð kjörskráa. Þegar frá líður, má gera ráð fyrir, að þjóðskráin gangi að fullu og öllu frá kjörskrám stærri umdæma, í stað þess að láta aðeins í té kjörskrárstofna, en það getur ekki orðið með góðu móti, nema kjörskrár séu miðaðar við 1. desember eins og íbúaskrár eru. — Það skal tekið fram, að ekkert er athugavert við það ákvæði, að kjörskrár séu samdar í marzmánuði, ef aðeins er ákveðið jafnframt, að þær skuli miðaðar við staðsetningu manna 1. desember. Rétt er að benda á það, að lítið meira mundi verða um úrelt aðsetur manna í kjörskrám miðuðum við 1. desember en í kjörskrám miðuðum við marzmánuð, þar eð tiltölulega lítið er um fólksflutninga, bæði innansveitar og milli sveitarfélaga, á tímabilinu desember—marz. Hins vegar mundi muna talsvert um það í þessu sambandi, ef kosningadagur væri í maíbyrjun, en ekki í maílok, vegna þess að miklir flutningar eiga sér stað í maímánuði, en á því eru ýmsir annmarkar, sem eru þyngri á metunum en sá ávinningur, er fylgdi því að hafa kosningadaginn í maíbyrjun.

3. Í 2. gr. frv. er eftirfarandi ákvæði tekið óbreytt upp úr 11. gr. núgildandi laga: „Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild.“ Þessu ákvæði hefur yfirleitt ekki verið fullnægt af sveitarstjórnum nema að mjög takmörkuðu leyti, og raunar á það lítinn eða engan rétt á sér. Engin þörf virðist vera á því, að lögð sé fram fyrir hinn lögákveðna frest sérstök kjörskrá fyrir hverja kjördeild í kosningaumdæmi, og það er t. d. ógerlegt að koma því við í Reykjavík, enda hefur það aldrei verið gert. Sömuleiðis virðist fullkomlega nægilegt, að kjörskrá sú, sem lögð er fram á lögákveðnum tíma, sé heildarskrá fyrir kosningaumdæmið. Svo mun hafa verið í Reykjavík alla tíð þar til við alþingiskosningar 1956, en þá var kjörskrá hennar gerð í vélum í fyrsta sinn, og lá þá beint við að hafa kjörskrána, er lögð var fram, skipta eftir kjörsvæðum. Í öðrum kaupstöðum og mörgum hreppum mun það og hafa verið venja, að lögð væri fram kjörskrá fyrir kosningaumdæmið í heild, þó að kjördeildir væru fleiri en ein í umdæminu. Við þetta bætist það, að eigi að leggja fram sérstaka kjörskrá fyrir hverja kjördeild, þá fer það í bág við hina nýju tilhögun þessara mála, þá, að þjóðskráin láti í té kjörskrárstofna, er síðar verða gildar kjörskrár. Hins vegar er það vel samrýmanlegt hinni nýju skipan þessara mála, að í hverju kjörsvæði dreifbýlishreppa sé lögð fram kjörskrá fyrir allt umdæmið, og það er raunar algerlega óþarft að gera meiri kröfur í því efni. Eftir atvikum virðist réttast að leysa þetta mál þannig, að ákvæðið um, að samin skuli sérstök kjörskrá fyrir hverja kjördeild, sé fellt niður. Í þess stað sé félagsmálaráðherra falið að kveða nánar á um, hvernig framlagningu kjörskráa skuli hagað í einstökum atriðum. — Hér hefur verið greint á milli kjörskrár til framlagningar annars vegar og kjörskrár, sem kosið er eftir á kjördegi, hins vegar. Hin síðarnefnda verður samkvæmt eðli málsins að vera sérstök fyrir hverja kjördeild, og þarf ekki að kveða á um það í lögum. — Það sést af því, sem nú hefur verið rakið, að ákvæði núgildandi kosningalaga um kjörskrár í sambandi við kjördeildir eru ófullkomin og í ósamræmi við framkvæmd þessara mála um langt skeið. Kjördeild hefur upphaflega táknað það sama og hér er nefnt kjörsvæði, enda var kjörsvæði og kjördeild eitt og það sama, áður en farið var að hafa fleiri kjördeildir en eina í kaupstöðum, en við hverja endurskoðun kosningalaga á undanförnum áratugum hefur farizt fyrir að lagfæra þetta.

Hagstofan vill að lokum mæla eindregið með því, að frv. nái fram að ganga, með þeim breytingum, sem hér er lagt til, að gerðar verði á frv. Í því sambandi vill Hagstofan skírskota til þess, að tilkoma þjóðskrárinnar hlýtur að leiða til breyttrar skipunar þessara mála og að Hagstofan hefur betri aðstöðu en nokkur annar opinber aðili til að leggja á ráð um, hvernig þessum málum verði réttast og bezt fyrir

komið. Veldur því bæði reynsla Hagstofunnar af skýrslugerð um kosningar og svo nú tilkoma þjóðskrárinnar, sem breytir mjög viðhorfum til þessara mála.

Kl. Tryggvason.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 11. apríl 1958.

Háttvirt allsherjarnefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 5. marz s. l., sent stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga frumvarp til laga um breytingu á lögum um sveitarstjórnarkosningar, þingskjal nr. 266, flm. Friðjón Skarphéðinsson, þingm. Akureyrarkaupstaðar.

Stjórn Sambandsins ræddi frumvarp þetta á fundi hinn 18. marz s. l. og var sammála um, þar sem fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga ætti að koma saman eftir þrjá daga, að vísa málinu til fulltrúaráðsfundarins.

Á fulltrúaráðsfundinum var málinu vísað til sérstakrar nefndar, sem varð sammála um afgreiðslu þess, og tillaga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði, en hún er sem hér segir:

„Fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga 21.—24. marz 1958 hefur fengið til umsagnar frv. á þskj. 266, um breyting á l. 81/1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Fundurinn er því fylgjandi, að almennar kosningar til sveitar- og bæjarstjórna fari fram samtímis um land allt fjórða hvert ár.

Fundurinn er því og samþykkur, að kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga skuli samdar samtímis um land allt og stefnt að því, að kjósandi hvorki falli af skrá við almennar kosningar né sé samtímis á kjörskrá í fleiri sveitarfélögum en einu.

Hins vegar er fundurinn þeirrar skoðunar, að í frv. sé um of styttur fresturinn frá flutningsdegi kjósandans, þar til hann fær kosningarréttinn í sveitarfélaginu, sem hann flytur til.

Miðað við almennan kjördag í maí—júní þykir fulltrúaráðsfundinum því sanngjarnt, að kosningarréttur sé bundinn við búsetu 1. desember árið áður (þjóðskrárdag), enda þótt kjörskrá verði ekki formlega samin eða fram lögð fyrr en í marz árið sem kjósa skal."

Það skal tekið fram, að stjórn sambandsins er í öllu sammála ályktun þessari, og sendist hún hér með sem umsögn sambandsins um áðurnefnt frumvarp.

Velvirðingar er beðið á þeim drætti, sem orðið hefur á afgreiðslu málsins af vorri hálfu.

Virðingarfyllst,

Jónas Guðmundsson.

Allsherjarnefnd efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Ed. 381. Frumvarp til laga [169. mál]

um breyting á lögum nr. 30 24. marz 1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Prestar þjóðkirkjunnar og prestar eða löggiltir forstöðumenn annarra trúfélaga hér á landi skulu skrá á sérstök eyðublöð, er þjóðskjalasafn lætur þeim í té, alla íslenzka ríkisborgara, 15 ára og eldri, er þeir jarðsyngja. Skulu eyðublöðin útfyllt nákvæmlega og send æviskrárritara í lok hvers árs.

Nú jarðsyngur annar en hlutaðeigandi prestur lík, og skal hann þá senda sóknarpresti ásamt dánarvottorði þær upplýsingar um hinn látna, sem krafizt er samkvæmt lögum þessum. Sóknarprestur skal í árslok gefa æviskrárritara skýrslu um alla þá, er skráðir eru greftraðir í kirkjubók hans á árinu, og sé þess þar jafnan getið, hver jarðsöng.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðuneytisins. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um breytingartillögur. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Til þess að safna á hagkvæman hátt sem gleggstri vitneskju til skráningar þeirrar, sem framkvæma ber samkvæmt lögum nr. 30/1956, virðist einsætt að æfla prestum að senda æviskrárritara upplýsingar um alla þá íslenzka ríkisborgara, 15 ára og eldri, er þeir jarðsyngja. Þeir þekkja bezt til eða fá að minnsta kosti ýtarlega frásögn af lífsferli þeirra, er andast.

Prestum er heimilt lögum samkvæmt að halda prestþjónustubókum heima, stundum allt að því 50 ár. Þjóðskjalasafninu er því einatt óhægt og jafnvel ömögulegt að ná til þeirra. Margir íslenzkir prestar hafa og löngum unnað þjóðlegum fróðleik og sumir þeirra unnið mjög þýðingarmikil störf á þeim vettvangi. Virðist því eðlilegt og nauðsynlegt að kveðja þá til samstarfs í þessum efnum. Ættu á þennan hátt að fást traustar heimildir til spjaldskrárgerðarinnar, án þess að því fylgi ýkja mikil aukin fyrirhöfn.

Um frumvarp þetta hefur verið haft samráð við biskup, þjóðskjalavörð og æviskrárritara.

Ed. 382. Frumvarp til laga [170. mál]

um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Allir kirkjugarðar landsins og heimagrafreitir eru friðhelgir og skulu vígðir vera af presti. Þar má ekki hafa í náND leikvelli né önnur mannvirki, sem stafar frá ys og hávaði eða eru til lýta.

2. gr.

Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt síðast lögheimili eða óskað legs. Drukknaðir menn eiga legstað þar, er þeir eru á land

fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar, er þeir eru fluttir til byggða. Heimilt er sóknarnefnd að taka legkaup fyrir þá, er teljast til annars trúfélags en þjóðkirkjunnar eða eiga heimili utansóknar, hafi þeir eigi áður tryggt sér leg (sbr. 11. gr.). Engan má jarða í óvígðum reit.

3. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

Sóknarnefnd eða þar til kjörin nefnd hefur á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er hér á eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.

4. gr.

Skylt er sveitarfélagi því (en sveitarfélag í lögum þessum er jafnframt haft um bæjarfélög), er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði, svo og hleðslu- og steypuefni — sand og möl — í girðingu, þó þannig, að óbreyttar haldist kvaðir þær, er þegar eru á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar standa.

Þar, sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis, skal sveitarfélag kosta framræslu og uppfyllingu landsins, svo að unnt verði að taka nægilega djúpar grafir og ekki standi vatn í þeim.

Þar, sem kirkja er ekki í kirkjugarði, leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum. Enn fremur leggur sveitarfélag til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.

Í kaupstöðum eða kauptúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugarðinum, úr vatnspípum innan garðs, þar sem við verður komið, eða úr brunni í nánd, þar sem engin óhollusta getur af stafað.

Heimilt er, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi hentuga lóð undir kirkjugarð, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Rétt er kirkjugarðsstjórn, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka, er getur í 2.—4. málsgr. þessarar greinar, að taka sjálf að sér framkvæmd að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu, og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður. Greiða skal reikninginn samkvæmt úrskurði ráðuneytisins innan mánaðar frá því, er hann er felldur.

5. gr.

Kirkjugarðar skulu girtir smekklegri, fjárheldri girðingu með vönduðu sáluhliði, grind á hjörum og læsingu. Þegar girða þarf kirkjugarð, skal leita um það tillagna umsjónarmanns kirkjugarða, er kirkjumálaráðherra ræður til leiðbeiningar um það, er varðar kirkjugarða, og til eftirlits með fjárhaldi þeirra (sbr. 28. gr.). Að fengnum þessum tillögum gerir safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ályktun um gerð girðingarinnar. Náist eigi samkomulag um hana við umsjónarmann kirkjugarða, ræður úrskurður skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða. Í henni eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju, og skal þar þá vera klukka í sáluhliði eða líkhúsi.

6. gr.

Lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ákveður, hvenær taka skal upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan.

Nú er þetta vanrækt, og getur þá skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða skipað

fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, enda liggi fyrir álit héraðsprófasts um nauðsyn þess.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal liggja fyrir vottorð héraðslæknis um það, að garðsstæði sé valið í samræmi við heilbrigðisreglur. Vottorð þetta sendist síðan ásamt uppdrætti að fyrirhuguðum kirkjugarði umsjónarmanni kirkjugarða, er hann leggur ásamt umsögn sinni fyrir skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða til fullnaðarúrskurðar.

7. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu láta gera á sérstök eyðublöð uppdrætti af kirkjugörðum landsins, bæði þeim, sem í notkun eru, og hinum, sem hætt er að nota, en enn hefur eigi verið sléttað yfir. Á uppdrætti þessa sé markað fyrir legsteinum öllum og þeim leiðum, sem eru yngri en 20 ára og menn vita deili á. Lýsing fylgi á minnismerkjum og skrá yfir þau leiði, sem menn vita, hverjir hvíla undir, ásamt nöfnum þeirra og dánarári.

Að því búnu lætur umsjónarmaður kirkjugarða í samráði við skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða gera uppdrátt að skipulagi garðanna, stækkun, ef með þarf, girðingum og sáluhliði.

Umsjónarmaður kirkjugarða gerir tillögur um niðurlagða kirkjugarða, hvernig með skuli fara.

8. gr.

Kirkjugarðsstjórn heldur legstaðaskrá í því formi, sem umsjónarmaður kirkjugarða ákveður. Þar skal rita nöfn, stöðu, heimili, aldur, greftrunardag og grafarnúmer þeirra, sem jarðsettir eru, jafnóðum og greftrað er, enn fremur nöfn þeirra, er fyrr hafa verið jarðaðir í garðinum, ef leiði þeirra þekkjast. Uppdráttur af kirkjugarðinum fylgi hverri legstaðaskrá, og séu mörkuð á hann leiði allra þeirra, sem standa á skránni. Sóknarpresturinn heldur einnig sams konar legstaðaskrá. Skulu eintökin vandlega samræmd um hver áramót og það vottað á þau hverju sinni. Geta skal þess í legstaðaskrá, ef lík er jarðað í málmkistu eða eikarkistu.

9. gr.

Kirkjugarðsstjórn ber að sjá um, að grefti sé hagað skipulega og samkvæmt uppdrætti, enda óheimilt að taka gröf annars staðar en þar, sem hún leyfir eða umboðsmaður hennar.

Bannað er að taka gröf innan kirkju eða nær grunni hennar en einn metra.

10. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar, að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Sé ætlunin að tvígrafa í sömu gröf, skal grafardýpt fyrra sinn vera 2½ metri. Sá, sem gröf lætur taka, er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum svo fljótt sem við verður komið og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.

Beinum, sem upp kunna að koma, þegar gröf er tekin, skal koma fyrir í gröfinni á ný, þannig, að sem minnst beri á þeim. Sé bálstofa fyrir hendi, er heimilt að brenna allar slíkar leifar og leggja öskuna í gröf.

11. gr.

Hjón eiga, ef kostur er, rétt á allt að fjórum grafarstæðum í sóknarkirkjugarði sínum og geta fengið þau mæld út og leyfisbréf fyrir þeim hjá kirkjugarðsstjórn gegn 75 króna gjaldi á grafarstæði. Heimilt er að tvígrafa, enda sé það tekið fram í leyfisbréfi og legstaðaskrá. Réttur til grafarstæðanna gildir í 75 ár, nema hjónin flytjist bæði búferlum úr sókninni. Þá fellur niður réttur þeirra.

Rétt til grafarstæða samkvæmt framansögðu erfir eftirlifandi maki, en eftir hann börn hjónanna og kjörbörn, á meðan búsett eru í sókninni. Rétt til legs í

slíkum reit hafa auk hjóna börn þeirra og kjörbörn, foreldrar, fósturforeldrar og barnabörn, í þeirri röð, sem þau andast, nema samkomulag verði um annað.

Stærð grafarstæða í kirkjugörðum og heimagrafreitum skal vera 2.50×1.25 metrar.

12. gr.

Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun, ef þess er óskað, gegn 1 kr. gjaldi fyrir hvert ár, sem friðun á að vara. Gjaldið greiðist við afhendingu leyfisbréfs. Heimilt er og kirkjugarðsstjórn að friða leiði, ef þar eru smekkleg minnismerki og þeim vel við haldið, eða af öðrum ástæðum.

13. gr.

Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta samkvæmt staðfestum uppdrætti girða kirkjugarða, leggja þar brautir og gangstíga, gróðursetja tré og runna og slétta garðinn, ef til þess er ætlazt. Enn fremur skal kirkjugarðsstjórn halda öllu þessu vel við og láta slá garðana árlega, en þó með varúð.

14. gr.

Öll leiði í kirkjugarði, sem þekkt eru, skulu auðkennd með tölumerki, er samsvara tölu þeirra á legstaðaskrá. Sá, er setja vill minnismerki á leiði, skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar, sem ber að sjá um, að minnismerkið sé traust og fari vel. Óheimilt er að setja um leiði girðingar úr timbri eða steinsteypu. Ætlazt er til þess, að aðstandendur gróðursetji á leiðum blómjurtir og tré í samráði við kirkjugarðsstjórn.

Ágreiningi um þessi atriði má skjóta til umsjónarmanns kirkjugarða.

15. gr.

Vanræki hlutaðeigendur að hirða sómasamlega um gróður á leiði, skal kirkjugarðsstjórn láta þekja og hreinsa leiðið á kostnað þeirra, eða kirkjugarðsins. Með sama hætti er heimilt að fjarlægja af leiðum ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki, en gera skal þá aðstandendum viðvart áður, ef kostur er, og jafnan haft samráð í þessum efnum við sóknarprest. Minnismerkjum, sem fjarlægð eru, skal að jafnaði komið fyrir á vissum stað í garðinum, þar sem bezt þykir á fara að dómi héraðsprófasts. Þetta gildir og um minnismerki á þeim gröfum, sem eldri eru en 75 ára og enginn hefur óskað friðunar á.

16. gr.

Grafhýsi má því aðeins gera í kirkjugarði, að kirkjugarðsstjórn samþykki, en umsjónarmaður kirkjugarða ræður gerð og stað. Leyfisbréf fyrir grafhýsi skal kosta 100 krónur fyrir hvern fermetra grunnflatar.

17. gr.

Þegar líkbrennsla fer fram, er skylt að búa um öskuna í þar til gerðum duftkerjum. Kerin má grafa niður í leiði, enda liggi fyrir fullt samkomulag aðstandenda. Dýpt duftkersgrafar skal vera 1 metri. Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker, og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um ½ fermetri. Heimilt er bálfarafélagi eða kirkjugarðsstjórn í samráði við umsjónarmann kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða að reisa kapellu í kirkjugarði til varðveizlu duftkerja. Nöfn þeirra, sem duft er varðveitt af í kirkjugarði, skal rita á legstaðaskrá og kerin eða grafirnar tölusettar.

Óheimilt er að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði.

18. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að ráða sérstakan kirkjugarðsvörð fyrir hæfilega þóknun. Hefur hann á hendi umsjón og eftirlit, og gefur kirkjugarðsstjórn honum erindisbréf.

Kirkjugarðsstjórn getur falið kirkjugarðsverði að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi, svo og árlegt viðhald legstaða fyrir þá, er þess óska, samkvæmt gjaldskrá, er hún setur.

Lögmætur safnaðarfundur getur veitt kirkjugarðsstjórn einkaheimild til þess að nota líkvagn við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.

19. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu stuðla að því, að legstaðir séu smekklega prýddir blómjurtum og vel um þá hirt. Ber þeim að annast útvegun skrautplantna til gróðursetningar á leiðum fyrir þá, er þess óska.

20. gr.

Starfsmönnum Skógræktar ríkisins er skylt að veita kirkjugarðsstjórnum leiðbeiningar um val og hirðingu blómjurta og trjáa, er vel hæfa kirkjugörðum, svo og að láta kirkjugarðsstjórnum slíkar plöntur í té við vægu verði.

21. gr.

Nú hafa tvær sóknir eða fleiri sameiginlegan kirkjugarð eða kirkjugarða, og skulu þá sóknarnefndir hver um sig kjósa einn mann, svo og utanþjóðkirkjusöfnuðir með a. m. k. 1000 manns, úr sínum hópi í kirkjugarðsstjórn. Sé tala safnaðarnefnda jöfn, kjósa þær á sameiginlegum fundi einn mann í stjórnina.

Um kjörtíma þeirra gilda sömu reglur sem um sóknarnefndir. Kirkjugarðsstjórnir þessar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir, að því er til kirkjugarða tekur.

Utanþjóðkirkjusöfnuðir, er hafa löggiltan forstöðumann, eiga rétt á því að fá í kirkjugarði hæfilega stóran reit fyrir sig, miðað við hlutfallslegan mannfjölda.

22. gr.

Heimilt er að stofna legstaðasjóði til viðhalds einstökum legstöðum í kirkjugörðum. Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóða þessara undir yfirstjórn héraðsprófasts. Er henni skylt að ávaxta sjóðina í banka eða sparisjóði, og hafi hver sjóður sína viðskiptabók.

Stofnandi legstaðasjóðs skal í samráði við kirkjugarðsstjórn setja fyrirmæli um það, hvernig verja skuli fé sjóðsins til viðhalds og endurnýjunar legstaðarins.

Nú er friðunartími slíks legstaðar liðinn og ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum til sómasamlegs viðhalds legstaðarins að dómi héraðsprófasts, og hverfur þá sjóðurinn til kirkjugarðsins sem eign hans.

23. gr.

Ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarðs er því aðeins gild, að gerð sé með ⅔ atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, enda komi til samþykki umsjónarmanns kirkjugarða og skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða.

Niðurlagningu kirkjugarðs skal tilkynna biskupi og kirkjumálaráðuneyti. Niðurlagðir kirkjugarðar skulu taldir til fornleifa, og lætur ráðuneytið þinglýsa friðhelgi þeirra.

24. gr.

Skylt er að halda við girðingu um niðurlagðan kirkjugarð, á kostnað sóknarkirkjugarðsins, svo og að láta slá hann og hirða sómasamlega. Jarða má í niðurlögðum kirkjugarði þá, sem þar eiga nána vandamenn, enda sé þar klukka til líkhringingar.

25. gr.

Nú eru liðin tuttugu ár frá niðurlagningu kirkjugarðs eða tíu ár a. m. k. frá greftrun í kirkjugarði, og getur þá löglegur safnaðarfundur fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð með ákveðnum skilyrðum, ef umsjónarmaður kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða samþykkja og staðfest er af kirkjumálaráðuneytinu. Heimilt er og með samþykki sömu aðila að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð eða gamla grafreiti, sem löngu er hætt að jarða í, en þá skal kirkjugarðsstjórn jafnframt láta reisa þar varanlegt minnismerki með áletrun um það, að þar hafi kirkjugarður verið.

Niðurlagðan grafreit má ekki nota til neins þess, sem óviðeigandi er að dómi héraðsprófasts. Ekki má þar jarðrask gera með skurðgrefti né reisa nein mannvirki. Þó getur kirkjumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki umsjónarmanns kirkjugarða og skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða.

Vandamenn eiga rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burt þaðan.

Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann, skal það auglýst í Lögbirtingablaði og útvarpi. Gefi þá enginn sig fram innan átta vikna, er vilji varðveita minnismerki í garðinum eða taka þau í sína vörzlu, getur kirkjugarðsstjórn valið þeim annan stað í garðinum (sbr. 15. gr.).

Áður en sléttað er yfir gamlan kirkjugarð, skal hlutaðeigandi sóknarprestur semja nákvæma skrá yfir öll minnismerki í garðinum og senda biskupi.

26. gr.

Nú grandar uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði, og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða. Nefndin gerir síðan þær ráðstafanir, er þurfa þykir.

27. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt með samþykki safnaðarfundar að láta reisa líkhús í kirkjugarði á kostnað garðsins, svo og verkamannaskýli fyrir starfsmenn hans. En uppdráttur og staðsetning skulu samþykkt af umsjónarmanni kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða. Gerð líkhúsa skal ákveðin í reglugerð um kirkjugarða.

28. gr.

Kirkjugarðsstjórnir semja árlega reikning yfir tekjur og gjöld þeirra kirkjugarða, sem þær hafa í umsjá sinni, svo og skýrslu um eignir þeirra, að meðtöldum legstaðasjóðum (sbr. 22. gr.).

Tekjur kirkjugarða auk þeirra, sem áður eru nefndar, skulu vera 2% árlega af útsvörum allra útsvarsgjaldenda á því svæði, er rétt á til kirkjugarðsins.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðs fyrir nauðsynlegum útgjöldum, og er þá kirkjugarðsstjórn heimilt með samþykki safnaðarfundar að hækka hundraðsgjaldið fyrir eitt ár í senn upp í 3—5%.

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Er innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og oddvitum eða innheimtumönnum sveitarsjóða skylt að innheimta þau gegn 6% innheimtulaunum, ef kirkjugarðsstjórn óskar. Ella gerir hún það sjálf gegn sömu þóknun.

Lögtaksréttur fylgir gjöldum þeim öllum, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

29. gr.

Um reikningshald kirkjugarða gilda sömu reglur sem um reikningshald kirkna, nema að lokinni endurskoðun sendir prófastur kirkjugarðsreikninga til umsjónarmanns kirkjugarða til úrskurðar.

30. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjugarðasjóður, og er hann í umsjá skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða. Skylt er að ávaxta í honum fé kirkjugarðanna, það sem umfram er árlegar þarfir. Ríkissjóður leggur sjóðnum til stofnfé, 20 þúsund krónur á ári næstu 20 ár.

Úr sjóði þessum skal veita lán kirkjugarðsstjórnum til girðingar og fegrunar kirkjugarða, allt að ⅔ kostnaðar. Lánin skulu veitt með 5% ársvöxtum til 10—20 ára. Enn fremur skal veita styrki, allt að ⅘ kostnaðar, til þess að setja minnismerki þar, sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús að fornu.

Skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða er stjórn sjóðsins, en reikningshald og framkvæmdir annast umsjónarmaður kirkjugarða.

Reikninga skal birta árlega í Stjórnartíðindum.

31. gr.

Heimilt er kirkjumálaráðherra að veita leyfi til upptöku heimagrafreits á ættaróðulum og þar, sem mjög erfitt er að flytja lík til sóknarkirkjugarðs.

Jarðeigandi sendir biskupi beiðni um upptöku ásamt uppdrætti að reitnum og fyrirhugaðri girðingu um hann, svo og vottorð héraðslæknis um, að staðurinn sé vel valinn frá heilbrigðislegu sjónarmiði, og meðmæli sóknarprests. Biskup leggur síðan fyrir skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða og umsjónarmann kirkjugarða. Fallist þessir aðilar allir á beiðnina og fyrirkomulag reitsins, getur kirkjumálaráðherra leyft upptöku grafreitsins með þessum skilyrðum:

1. Að reiturinn verði vandlega girtur innan árs frá því er leyfið er veitt, en bráðabirgðagirðing gripheld lögð um hann, áður en lík er þar grafið.
2. Að jarðeigandi láti þinglýsa ævinlegri kvöð á jörðina að kosta sómasamlegt viðhald grafreitsins.
3. Að hann greiði leyfisgjald, 500 kr., í Kirkjugarðasjóð (sbr. 28. gr.).

Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

Í heimagrafreit má eingöngu jarða heimamenn. Undanþágu frá þessu ákvæði getur þó kirkjumálaráðuneytið veitt með samþykki biskups, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Réttur til heimagrafreits á ættaróðali fellur niður, ef óðalið gengur úr ættinni.

32. gr.

Nú hefur eigi verið jarðsungið lík í heimagrafreit í full 25 ár og eigandi jarðarinnar óskar þess að leggja grafreitinn niður, og er honum þá heimilt að taka niður girðingu um reitinn og breyta honum í grasflöt eða trjálund, ef umsjónarmaður kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða samþykkja. Séu minnismerki í garðinum, skal jarðareigandi gera aðstandendum viðvart um, að hann ætli að leggja reitinn niður. Er þeim heimilt að halda við minnismerkjum þar á sinn kostnað eða ráðstafa þeim á annan hátt.

Niðurlagðan heimagrafreit skal eigandi merkja á viðeigandi hátt, og á hann til þess rétt á styrk úr Kirkjugarðasjóði (sbr. 30. gr.).

33. gr.

Prófastum er skylt að halda nákvæma skrá um kirkjugarða og heimagrafreiti í prófastsdæminu, skoða þá á yfirreiðum sínum og senda umsjónarmanni kirkjugarða afrit af skoðunargerðum. Fyrir skoðun kirkjugarðs og heimagrafreits ber prófasti hálft kirkjuskoðunargjald, er greiðist af sjóði kirkjugarðs eða eiganda heimagrafreits.

34. gr.

Heimilt er utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem hafa löggiltan forstöðumann, að taka upp sérstakan kirkjugarð. Gilda um upptöku hans, viðhald, afnot, stjórn, fjárhag og niðurlagningu sömu reglur sem um kirkjugarða þjóðkirkjunnar.

Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaðar, er hafa sérstakan kirkjugarð, eru ekki skyldir til að greiða gjald til sóknarkirkjugarðsins, meðan þeir halda sínum kirkjugarði sómasamlega við og fylgja settum reglum. Þeir eiga þá og ekki rétt til legs í sóknarkirkjugarðinum.

35. gr.

Heimilt er kirkjumálaráðuneytinu, að fengnu samþykki biskups, að leyfa tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða grafreit. Umsókn um slíka færslu skal senda biskupi stílaða til kirkjumálaráðuneytisins. Í umsókn skal fram tekið nafn hins látna og aldur, greftrunardagur og dánarmein, ef vitað er, svo og ástæður fyrir umsókninni. Fylgja skal og vottorð héraðslæknis um, að hann telji eigi sýkingarhættu stafa af líkflutningnum.

Réttur aðili til að senda slíka umsókn er eftirlifandi maki, foreldrar, ef um barn dáið innan 18 ára aldurs er að ræða, eða systkini, ef hinn látni á hvorki foreldra né maka á lífi. Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn, ef nánir ættingjar hins látna eru ekki lífs, eða ef samþykki þeirra liggur fyrir.

Leyfi veitist með eftirfarandi skilyrðum:

1. Héraðslæknir sé viðstaddur upptöku líksins.
2. Ef um flutning úr kirkjugarði er að ræða, sé líkið í sterkri kistu, er héraðslæknir telur fullnægjandi, og hlýtt fyrirmælum hans um framkvæmd alla.
3. Ef aðeins er um tilfærslu líks innan sama kirkjugarðs að ræða, skeri héraðslæknir úr um það, hvort þörf sé sérstakrar kistu.

Sóknarprestur skal jafnan vera viðstaddur upptöku líks. Sér hann og um, að flutningsins sé getið í legstaðaskrám kirkjugarðsins. Enn fremur skal prestur vera við, þegar slíkt lík er jarðsett.

36. gr.

Kirkjumálaráðuneytið gefur út reglugerð um kirkjugarða, þar sem sett eru um þá nánari ákvæði, rekstur þeirra, tilhögun og stjórn.

Reglugerðin skal sett í samráði við umsjónarmann kirkjugarða.

37. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að setja ýmsar reglur varðandi kirkjugarða og leita staðfestingar kirkjumálaráðherra á þeim.

38. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—500 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt eldri lögum.

39. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða, svo og öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um breytingartillögur. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Gildandi lög um kirkjugarða eru l. nr. 64 23. júní 1932 með áorðnum breytingum, og eru því nær 25 ára gömul. Á þessum aldarfjórðungi hafa orðið allverulegar breytingar á skipulagi kirkjugarða, bæði hjá nágrannaþjóðum vorum og víðar.

Hér á landi er skipulagi og hirðingu kirkjugarðanna mjög ábótavant, og hefur svo lengi verið. Nú virðist vera að vakna nokkur áhugi manna víðs vegar á því að sýna kirkjugörðum meiri ræktarsemi en áður, girða þá sómasamlega, skipuleggja grafstæði og gangbrautir og prýða þá þeim gróðri, er bezt hentar. Þetta hafa nágrannaþjóðir vorar þegar gert með þeim árangri, að kirkjugarðarnir í mörgum bæjum og þorpum eru orðnir þar fegurstu reitirnir, sem unun er að ganga um og skoða.

Þær breytingar á gildandi lögum um kirkjugarða, sem hér er farið fram á, miða einkum að því, að kirkjugörðum landsins verði hér eftir meiri sómi sýndur en hingað til og skipulagi þeirra og hirðingu komið í betra horf.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er kirkjumálaráðherra skipaði árið 1955 til þess að endurskoða gildandi lög og tilskipanir um málefni kirkjunnar. En í henni eiga sæti Ásmundur Guðmundsson biskup, Gústav A. Jónasson ráðuneytisstjóri og séra Sveinn Víkingur skrifstofustjóri.

Skal nú gerð grein fyrir helztu breytingum, er í frumvarpinu felast:

Um 1. gr.

Hér eru sett ákvæði um friðun kirkjugarða og bannað að hafa í nánd við þá leikvelli eða þær byggingar, sem frá stafar mikill hávaði eða eru til lýta.

Þykir óhjákvæmilegt, að um þetta séu ákvæði í lögum.

Um 5. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að auk umsjónarmanns kirkjugarða (sbr. 42. gr. l. nr. 64 1932, um kirkjugarða) sé skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða, sem í eiga sæti biskup, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður. Auk þeirra starfa, sem nefndinni eru ætluð í lögum þessum, er ætlazt til, að nefndin hafi úrskurðarvald um gerð nýrra kirkna og endurbætur eldri kirkna, sbr. l. nr. 43 1954, um Kirkjubyggingasjóð. Þriðji maður í þá nefnd, auk biskups og húsameistara, hefur enn eigi verið skipaður og þykir vel á því fara, að það verði þjóðminjavörður, ekki sízt þegar um breytingar gamalla kirkna er að ræða, sem geyma í búnaði eða stíl einkenni horfinna tíma. Nefnd þessi er ólaunuð.

Um 10. gr.

Hér er gert ráð fyrir þeim möguleika að tvígrafa í sömu gröf, enda sé þá fyrri gröfin a. m. k. 2½ metri á dýpt. Þetta er orðið mjög algengt erlendis, enda notast þá betur hið takmarkaða rými í kirkjugörðunum. Enn fremur er hér gert að skyldu að slétta yfir gröf í stað þess að hlaða leiðin upp, svo sem tíðkazt hefur og gerir kirkjugarðana að kargaþýfðum reit með tímanum. Hins vegar á það að vera tryggt með skipulegum grefti, legstaðaskrám og tölumerkingu leiða (sbr. 8. og 14. gr.), sem nánar getur um síðar, að auðvelt sé að finna hvert leiði, þótt ekki sé upphlaðið.

Um 11. gr.

Hér eru sett nánari ákvæði um fjölskyldugrafreiti innan kirkjugarðs, en um það hafa eigi til þessa verið nein skýr fyrirmæli, og það valdið óþægindum og jafnvel deilum. Af þeim ástæðum þótti og rétt að ákveða erfðarétt til slíkra ættargrafreita og hverjir þar eigi rétt til legs.

Um 12. gr.

Hér er tekið upp það nýmæli að ákveða friðunartíma grafa og binda hann við 75 ár, nema aðstandendur, að þeim tíma liðnum, óski lengri friðunar eða rétt þyki að framlengja friðun grafar af öðrum ástæðum. Í Danmörku er friðunartími grafa aðeins 20—30 ár. Með tilliti til kaldrar veðráttu hér þótti rétt að ákveða þennan tíma rúmlega tvöfalt lengri eða 75 ár. Þessu ákvæði um gröft að nýju eftir 75 ár er ætlazt til, að beitt verði með fullri varúð og gætni. Hins vegar er eigi unnt að

dyljast þess, að ef friða á allar grafir um óákveðinn tíma, leiðir það til útþenslu kirkjugarða yfir æ stærri svæði, torveldar skipulag þeirra og hefur í för með sér meiri kostnað í viðhaldi og girðingum en söfnuðirnir geta risið undir. Með því að grafa skipulega, merkja allar grafir og skrásetja þær jafnóðum og hafa friðunartímann 75 ár, ætti að mega koma í veg fyrir, að nokkurri gröf verði raskað, fyrr en líkamsleifar eru fúnaðar, en jafnframt væri þá hægt að stilla stærð grafreitanna í hóf og reikna út fyrir fram, hve stóran grafreit þarf í hverri sókn miðað við fólkstölu, þannig að hann nægi um alla framtíð að lítt breyttum aðstæðum.

Um 14. gr.

Þar eru ákvæði um tölumerkingu leiða. Á Norðurlöndum er nú tekin upp sú regla að merkja hvert leiði með þar til gerðu tölumerki. Merki þessi eru úr málmi, mjög einföld að gerð og lítt áberandi. Slík merki mætti búa til hér á landi, og mundu þau kosta mjög lítið. Þetta þykir því sjálfsögð ráðstöfun, er mundi auðvelda að finna hvert einstakt leiði í kirkjugarðinum. Þá hefur þótt nauðsyn á að koma í veg fyrir, að sett verði ósmekkleg eða óviðeigandi minnismerki á leiði eða annar umbúnaður, sem illa þykir hæfa. Sjón er sögu ríkari um það, til hvílíkrar óprýði og vansa hálffúnar, brotnar og skældar timburgirðingar um leiði eru víðs vegar í kirkjugörðum landsins. Þá þykir og rétt, og er það í samræmi við það, sem frændþjóðir okkar hafa þegar gert, að banna steinsteyptar umgerðir um leiði. Hér hefur sá leiði síður farið mjög í vöxt, ekki sízt í höfuðstaðnum, að steypa veggi allháa utan um leiðin, og eru veggir þessir síðan húðaðir með skeljasandi eða þess háttar. Þetta er óþarft vegna þess, að kirkjugarðurinn sjálfur á að vera örugglega girtur og friðaður. Þetta hefur í för með sér óþarfan kostnað, sem betur væri varið til fegrunar leiðanna á annan hátt. Þetta gerir hirðingu garðanna erfiðari. Og þetta er til lengdar hvorki fagur umbúnaður um leiði né varanlegur. Innan skamms mun það koma ömurlega og áþreifanlega í ljós, og er raunar þegar tekið að sjá þess merki, að múrhúð flagnar af veggjunum, þeir springa og skekkjast. Ætti viðhaldsskylda að hvíla á kirkjugarðsstjórn, mundi hún verða stærri baggi en kirkjugarðarnir gætu undir risið. Hins vegar er vafasamt að eiga það undir vilja og framtaki fjarskyldra ættingja, hvort sinnt verður um þessar vanhirtu girðingar eða eigi. Við því má búast, að innan ekki langs tíma verði sumar kirkjugarðsstjórnir að verja til þess miklu fé og fyrirhöfn að fjarlægja úr kirkjugörðunum steinsteyptar girðingar um leiði, sem engir fást til að hirða um lengur og orðnar eru til stórra lýta.

Um 17. gr.

Nánari fyrirmæli en áður um meðferð duftkerja eru nauðsynleg. Bannað er að varðveita duftker annars staðar en í vígðum grafreit. Áður hefur nokkuð tíðkazt, að slík ker væru varðveitt í heimahúsum eða í kirkjum, en hvorugt þykir viðeigandi né heppilegt.

Um 20. gr.

Felld er niður, samkvæmt ósk skógræktarstjóra, skylda hans til þess að láta í té ókeypis plöntur til kirkjugarðsstjórna, þar sem hann telur slíkt óheppilegt og jafnvel hafa verið misnotað í einstökum tilfellum. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að starfsmenn Skógræktarinnar veiti leiðbeiningar um val jurta og trjáa og láti plöntur í té við vægu verði.

Um 28. gr.

Hér eru kirkjugörðum tryggðar árlegar tekjur, 2% af útsvörum. Ætti það venjulega að nægja fyrir nauðsynlegustu gjöldum, einkum ef ákvæði 30. gr. verða samþykkt. Rétt þykir að vernda gjaldendur fyrir óhóflegum álögum til kirkjugarða, að því lúta ákvæði 3. málsgr.

Um 30. gr.

Ef unnt á að vera að girða kirkjugarð sómasamlega, þarf til þess meira fé en söfnuðir eru færir um að leggja fram í eitt skipti. Þess vegna er gert ráð fyrir stofnun sérstaks sjóðs, Kirkjugarðasjóðs, er veiti kirkjugarðsstjórnum hagstæð lán til þessara framkvæmda. Fé það, sem sjóður þessi hefði til útlána, yrði aðallega eign einstakra kirkjugarða umfram árlegar þarfir, og er skylt að ávaxta í sjóðnum. Enn fremur er lagt til, að ríkissjóður leggi sjóðnum 20 þús. kr. árlega næstu 20 ár.

Þessu fé á að verja jöfnum höndum til útlána og til styrktar því, að komið verði upp minnismerkjum á þeim stöðum, þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús. En slíkir staðir falla óðum í gleymsku, ef ekkert er gert til þess að auðkenna þá. Er það ekki vansalaust söguþjóð. Niðurlagðir kirkjugarðar, fornir kirkjustaðir og bænhús skipta mörgum hundruðum.

Um 31. gr.

Talið er rétt og óhjákvæmilegt að takmarka upptöku heimagrafreita meir en gert hefur verið til þessa. Hins vegar þótti ekki rétt að banna þá með öllu. Þykir eðlilegt, að eigendur ættaróðala hafi slíkan rétt, á meðan ættin situr óðalið, svo og þeir, sem búa á þeim jörðum, sem sérstaklega er erfitt að flytja lík frá til kirkju. Heimagrafreitir eru nú taldir 155 á öllu landinu, og hefur þeim fjölgað mjög á síðari árum. Af þeim eru 110 í aðeins sex prófastsdæmum, og sýnir það, að þar er sú venja að skapast að hafa heimagrafreit að kalla má á öðrum hverjum bæ. Í einni kirkjusókn landsins, þar sem eru 19 jarðir auk nýbýla, eru heimagrafreitir 13. Er auðsætt, að þar, sem svo er komið, verður áhugi sóknarmanna tæpast mikill eða almennur um viðhald og fegrun sóknarkirkjugarðsins. Þar við bætist, að á nokkrum jörðum á landinu, þar sem upp hafa verið teknir heimagrafreitir, hafa orðið eigendaskipti, og hinir nýju eigendur vilja hvorki nota heimagrafreitinn né halda honum við, heldur telja hann sér gersamlega óviðkomandi. Horfir þetta til vandræða. Af þessum og fleiri ástæðum þykir sjálfsagt að takmarka rétt til upptöku heimagrafreita og setja fyllri ákvæði um þá en eru í gildandi lögum.

Um 35. gr.

Rétt þykir að taka inn í kirkjugarðalögin ákvæði um uppgröft og flutning líka.

Nd. 383. Frumvarp til laga [95. mál]

um sölu nokkurra jarða í opinberri eigu og um eignarnám erfðafesturéttinda.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja Eyrarbakkahreppi í Árnessýslu allt land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar í Eyrarbakkahreppi með hjáleigum, að undanskildum eignarlóðum, sem þegar hafa verið seldar úr landi Stóru-Háeyrar.
2. Að selja Raufarhafnarhreppi allt land jarðarinnar Raufarhafnar.
3. Að selja Óskari Hjartarsyni á Grjóteyri í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðina Skógarkot í Andakílshreppi.

Náist ekki samkomulag um söluverð lands samkvæmt 1. tölulið, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Árnessýslu oddamann. Þó skal Eyrarbakkahreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

Andvirði landsins skal Eyrarbakkahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Náist ekki samkomulag um söluverð lands samkvæmt 2. tölulið, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Þingeyjarsýslu oddamann. Þó skal Raufarhafnarhreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda á vegum hreppsfélagsins, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Greiðsluskilmálar skulu vera hagkvæmir, sbr. 4. gr. laga nr. 64 27. júní 1941, enda má hreppurinn ekki selja jörðina eða hluta hennar nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Eyrarbakkahreppi eða Raufarhafnarhreppi var gert að greiða fyrir landið.

Söluverð jarðanna samkv. 3.—5. tölulið skal ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps eða Raufarhafnarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 384. Lög [144. mál]

um löggilding verzlunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 285.

Nd. 385. Frumvarp til laga [171. mál]

um húsnæði fyrir félagsheimili Sambands íslenzkra barnakennara.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Sambandi íslenzkra barnakennara er heimilt að taka eignarhluta sinn í húsinu nr. 30 við Þingholtsstræti í Reykjavík til nota fyrir félagsstarfsemi sína.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Sambandi íslenzkra barnakennara eru allir barnakennarar landsins, á sjöunda hundrað að tölu. Til þessa hefur S. Í. B. ekki átt húsnæði, heldur verið á hrakhólum með aðsetur fyrir starfsemi sína. En nýlega hefur það keypt hluta af hinu nýja húsi Þingholtsstræti 30 í Reykjavík. Eignarhluti S. Í. B. er á fyrstu hæð hússins, og er hann gerður sem fjögurra herbergja íbúð. Frumvarp þetta felur í sér heimild handa S. Í. B. til að taka þetta húsnæði til nota fyrir félagsstarfsemi sína.

Húsnæði það, sem hér um ræðir, hefur aldrei verið notað til íbúðar.

Ed. 386. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi og tóbak til erlendra farþega, er fara um Keflavíkurflugvöll.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 1. mgr. greinarinnar orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn á Keflavíkurflugvelli áfengisútsölu, er eingöngu selji áfengi til farþega og flugvélaáhafna í framhaldsflugi.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin getur heimilað útsölu þeirri, sem um ræðir í 1. gr., að hafa einnig á boðstólum tóbak og hvers konar aðrar vörur, sem henta þykir, og gilda um þá verzlun reglur 1. gr., eftir því sem við á.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi.

Alþingi, 15. apríl 1958.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Alfreð Gíslason, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm.
Friðjón Þórðarson. Jón Kjartansson.

Ed. 387. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 25. gr. 10. mgr. greinarinnar falli niður.
2. Við 28. gr. 3. málsliður 1. mgr. orðist svo:
   Eigi þarf ökuskírteini til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkjustörf utan alfaravegar.
3. Við 73. gr. Greinin orðist svo:
   Nú hefur viðurkennt vátryggingarfélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og á það þá endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfuna með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins og öðrum atvikum. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.
4. Við 76. gr. 4. málsliður 1. mgr. falli niður

Nd. 388. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrsti málsl. 2. málsgr. orðist svo:
   Lögskipaðar baðanir skulu fara fram ár hvert á öllu landinu á sama vetri á tímabilinu frá 15. október til 15. marz.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Ef fjárkláða verður vart eða mikilla óþrifa í sauðfé, er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að fyrirskipa aukaskoðun fjár og útrýmingarböðun.

Nd. 389. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til laga um sölu nokkurra jarða í opinberri eigu og um eignarnám erfðafesturéttinda.

Frá Gunnari Jóhannssyni og Jóni Sigurðssyni.

Við 1. gr. Við 1. tölul. bætist:
Undanskilin við sölu landsins sé taka vikursands, nema til framkvæmda á vegum hreppsfélagsins.

Ed. 390. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til laga um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um þetta mál. Meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, vill samþykkja frv. óbreytt, en minni hlutinn telur, að vísa beri málinu til ríkisstjórnarinnar.

Fyrir samgöngumálanefnd neðri deildar, sem flutti þetta frv. f. h. ríkisstjórnarinnar, lá álit frá Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda. Var þar m. a. lýst þeirri skoðun, að frv. væri svo gallað og ófullkomið, að lögfesting þess, eins og það nú lægi fyrir, væri lítt til bóta. Fer stjórn sambandsins jafnframt fram á, að horfið verði frá því að samþykkja frumvarpið á yfirstandandi þingi, en hins vegar verði að nýju sett nefnd í málið, þar sem veitingamenn eigi að minnsta kosti einn fulltrúa. Ef ekki verður fallizt á þá ósk að fresta afgreiðslu málsins nú, leggur stjórn Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda til, að gerðar verði á því verulegar breytingar.

Minni hluti nefndarinnar telur ekki rétt, að sett verði ný löggjöf um veitingasölu og gististaðahald, sem heildarsamtök veitingamanna og gistihúsaeigenda í landinu telja óviðunandi. Minni hlutinn leggur því til, að frv. þessu verði vísað **til ríkisstjórnarinnar** til frekari undirbúnings málinu og verði þá haft samráð við Samband veitinga- og gistihúsaeigenda. Ef þessi tillaga verður hins vegar ekki samþykkt, mun minni hlutinn bera fram breytingartillögur við frv. við 3. umr. þess.

Bréf stjórnar Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis birtist hér með sem fylgiskjal.

Alþingi, 15. apríl 1958.

Sigurður Bjarnason, frsm. Jón Kjartansson.

Fylgiskjal.

SAMBAND VEITINGA- OG GISTIHÚSAEIGENDA

Reykjavík, 18. febrúar 1958.

Samgöngumálanefnd Nd. Alþingis, Alþingi.

Við leyfum okkur hér með að snúa okkur til háttvirtrar samgöngumálanefndar Nd. Alþingis með eftirfarandi erindi:

Árið 1949 var skipuð milliþinganefnd til að endurskoða lög um veitingasölu, gistihúsahald o. fl. Samdi nefndin frumvarp til laga um þetta efni, sem lagt var fyrir Alþingi 1951, en varð ekki útrætt.

Samgöngumálaráðuneytið hefur nú hlutazt til um, að samið væri frumvarp á grundvelli hins eldra frumvarps, sem nokkrar breytingar hafa verið gerðar á, og hefur það verið lagt fyrir Alþingi, án þess að samráð hafi verið haft við veitingamenn.

S. V. G. telur frumvarp þetta að ýmsu leyti gallað og ófullkomið og telur, að lögfesting þess, eins og það nú liggur fyrir, muni lítt til bóta. Þess vegna leyfum við okkur að fara þess á leit við yður, að þér hlutizt til um, að horfið verði frá því að lögfesta frumvarpið á yfirstandandi þingi, en hins vegar verði að nýju sett nefnd í málið, þar sem veitingamenn eigi a. m. k. einn fulltrúa.

Við treystum því, að nefndin fallist á þessa tillögu okkar. En ef svo kynni að fara, að frumvarpið yrði afgreitt á þessu þingi, leyfum við okkur að benda á eftirfarandi sjónarmið okkar, sem við vonum að nefndin taki tillit til og breyti frumvarpinu til samræmis við þau.

1. S. V. G. telur óæskilegt að fella niður ákvæði 1. gr. l. nr. 33 13. júní 1937 um bann við því, að veitingar og gisting sé veitt án leyfis um borð í skipum, sem komin eru á ákvörðunarstað.
2. S. V. G. telur 5. tl. 4. gr. frumvarpsins heldur ósmekklegan og leggur til, að hann verði felldur niður, enda ástæðulaust að ætla veitingamenn líklegri til lögbrota en aðra þá, sem veitt eru margháttuð atvinnuleyfi.
3. S. V. G. telur óheppilegt að lögfesta ákvæði 5. gr., sem m. a. mundi útiloka alla hugsanlega samvinnu við erlenda veitingamenn um byggingu vandaðs gistihúss á þann hátt, sem víða hefur verið gert erlendis og vel gefizt.
4. S. V. G. telur, að eftirlit lögreglustjóra og heilbrigðisnefnda með gisti- og veitingahúsarekstri hljóti að vera fullnægjandi, og leggur því til, að felld verði niður ákvæði um íhlutun Ferðaskrifstofu ríkisins.
5. S. V. G. telur takmörkun 21. gr. á leyfisveitingu til þess manns, sem rekur gistihús við gildistöku laganna, óeðlilega og telur, að slíkum manni beri að veita ótakmarkað leyfi til að halda rekstrinum áfram.

Í von um, að tillögur þessar verði teknar til velviljaðrar yfirvegunar.

Í stjórn S. V. G.

Virðingarfyllst,

Þ. Guðmundsson. Lúðvík Hjálmtýsson. H. Gröndal.
Pétur Daníelsson. Helga Marteinsdóttir. Ragnar Guðlaugsson.

Ed. 391. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram fjórða hvert ár. Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem fullir ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fari fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag júnímánaðar.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnir annast um, að kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga séu samdar í marzmánuði á því ári, sem kosning fer fram, og miðist þær við lögheimili manna hinn 1. desember næst á undan. Kjörskrárnar gilda frá 17. maí það ár, sem þær eru samdar, til 16. maí næsta ár á eftir.

Þegar kosningar fara fram samkvæmt 5. gr., ákveður ráðherra, hvenær kjörskrár skuli samdar, ef kjörskrár, samdar samkvæmt 1. mgr., eru úr gildi fallnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958.

Ed. 392. Frumvarp til laga [172. mál]

um aðstoð við vangefið fólk.

Flm.: Alfreð Gíslason, Eggert Þorsteinsson, Sigurvin Einarsson, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Af alls konar öli og gosdrykkjum, sem framleitt er hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal í næstu 5 ár greiða gjald, að upphæð 10 aura af hverri flösku, sem rennur til framkvæmdasjóðs Styrktarfélags vangefinna, sem stofnað var hinn 23. marz 1958.

2. gr.

Öl- og gosdrykkjagerðir skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr. mánaðarlega til Styrktarfélagsins. Skal gjaldið greitt fyrir lok hvers mánaðar af öli því og gosdrykkjum, sem látið var burt, selt eða sent til umboðssölu í næsta mánuði á undan.

3. gr.

Verð á öli og gosdrykkjum, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka sem gjaldinu nemur.

4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk, og skulu þær ráðstafanir háðar samþykki hlutaðeigandi ráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958.

Greinargerð.

Það liggja ekki fyrir áreiðanlegar upplýsingar um fjölda vangefinna í landinu. Með öðrum þjóðum hefur komið í ljós, að um það bil 1½ af hundraði íbúanna eru vangefnir. Ef reikna mætti með því hlutfalli hér á landi, yrði tala vangefinna hér um eða yfir 2000 menn. Þroskastig þessa fólks er ákaflega misjafnt, en talið er, að um það bil fjórðungur vangefna fólksins sé annaðhvort örvitar eða fávitar á svo háu stigi, að hælisvist sé nauðsynleg. Samkvæmt þessu mætti gera ráð fyrir, að hér á landi sé þörf á hælum fyrir allt að 500 menn. Þau hæli, sem til eru, munu rúma nokkuð á annað hundrað menn. Brýn þörf er því fyrir aukið hælisrúm.

Svo brýn sem þörfin er á auknu hælisrúmi, mun þó þörfin á kennslu eða þjálfun vangefna fólksins, sem er á hærra þroskastigi, vera enn brýnni. Fyrir þetta fólk

hefur lítið verið gert. Hið almenna fræðslukerfi hentar ekki þessu fólki. Það er því brýn nauðsyn sérstakra kennsluhátta og þjálfunar fyrir þetta fólk.

Nú fyrir skemmstu var stofnað hér Styrktarfélag vangefinna. Samþykktir félagsins eru prentaðar sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Eins og samþykktirnar bera með sér, er tilgangur félagsins að vinna að velferðarmálum vangefinna.

Hér er um að ræða mikið þjóðfélagslegt vandamál, sem ríkisvaldinu ber vissulega skylda til að leysa svo sem bezt verður á kosið. Það er ástæða til að fagna því, að einstaklingar hafa nú bundizt samtökum, sem vinna vilja að lausn þessa máls. Slík samtök einstaklinga hafa gefið mjög góða raun á ýmsum öðrum sviðum, svo að ástæða virðist til að vænta mikils árangurs af þessum samtökum. Slík samtök hafa notið beins og óbeins stuðnings ríkisvaldsins, og þykir augljóst, að þessu nýstofnaða styrktarfélagi þurfi einnig að veita einhvern slíkan stuðning.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að félaginu verði tryggð nokkur fjáröflun með sérstöku gjaldi, sem greitt verði til framkvæmdasjóðs félagsins. Gjald þetta nemi 10 aurum af hverri öl- og gosdrykkjaflösku, sem framleidd er í landinu. Gert er ráð fyrir, að gjald þetta nemi árlega 1.5—2 millj. króna. Ætla verður, að félagið geri ýmsar ráðstafanir til annarrar fjáröflunar, svo að möguleikar til verulegra framkvæmda munu fljótlega verði fyrir hendi, ef frumvarp þetta verður að lögum. Það þykir sjálfsagt að kveða svo á, að fé því, sem þannig fæst, verið varið til að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk og þær ráðstafanir háðar samþykki hlutaðeigandi ráðherra, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Lög Styrktarfélags vangefinna.

1. gr.

Félagið heitir Styrktarfélag vangefinna. Heimili þess er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að vinna að því:

a. að komið verði upp nægilegum og viðunandi hælum fyrir vangefið fólk, sem nauðsynlega þarf á hælisvist að halda.
b. að vangefnu fólki veitist ákjósanleg skilyrði til þess að ná þeim þroska, sem hæfileikar þess leyfa.
c. að starfsorka vangefins fólks verði hagnýtt.
d. að einstaklingar, sem kynnu að vilja afla sér menntunar til þess að annast vangefið fólk, njóti ríflegs styrk í því skyni.

3. gr.

Aðalfund félagsins skal halda í marzmánuði ár hvert. Hann skal boða með auglýsingu í dagblöðum bæjarins með þriggja daga fyrirvara. Greina skal dagskrá í fundarboði. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður og ekki hamla sérstök atvik fundarsókn.

4. gr.

Aðalfundur félagsins kýs fimm menn í stjórn þess og fimm til vara. Kjörtímabil stjórnarinnar er þrjú ár. Eftir eitt ár gengur einn maður úr stjórninni eftir hlutkesti, eftir tvö ár ganga tveir úr stjórn, einnig eftir hlutkesti á milli þeirra fjögurra, sem eftir eru, en síðan ganga menn úr stjórninni eftir kosningaaldri. Stjórnin skiptir með sér verkum. Endurkjósa má stjórnarnefndarmenn.

5. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir og tveir til vara. Félagsmálaráðherra tilnefnir annan endurskoðandann og varamann hans, en aðalfundur kýs hinn og varamann hans. Kjörtímabil endurskoðendanna er þrjú ár.

6. gr.

Félagsfund skal halda, þegar stjórnin ákveður eða þegar minnst 20 félagsmenn krefjast þess.

7. gr.

Stjórnarfund skal halda, þegar einhver úr félagsstjórninni æskir þess. Stjórnin getur falið einstökum félagsmönnum að inna af hendi störf í þágu félagsins og einnig skipað sérstakar nefndir í sama tilgangi.

8. gr.

Árgjald greiðir hver félagsmaður, og skal það vera kr. 50.00. Helmingur árgjalds rennur í félagssjóð og helmingur í framkvæmdasjóð. Ævifélagagjald skal vera kr. 500.00. Rennur það í framkvæmdasjóð.

9. gr.

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið. Reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár skulu fullgerðir og afhentir endurskoðendum ásamt fylgiskjölum fyrir 15. febrúar ár hvert. Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun reikninganna í tæka tíð fyrir aðalfund. Reikningar félagsins skulu árlega birtir í Lögbirtingablaðinu.

10. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, og þarf ⅔ hluta greiddra atkvæða til breytinga.

Ed. 393. Frumvarp til laga [125. mál]

um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Allir eigendur tréskipa, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland og hafa þilfar, eru skyldir til að vátryggja þau hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum gegn skemmdum af bráðafúa, svo sem af völdum Coniophora cerebella, Poria og annarra sveppategunda, er slíkan fúa geta orsakað að dómi Atvinnudeildar Háskólans.

Neiti eða vanræki einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður metið og vátryggt af vátryggjanda og iðgjald innheimt, allt eftir ákvörðun laga þessara um þau efni, svo og reglugerða auk annarra fyrirmæla, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim.

Nú óskar eigandi tréskips með þilfari, sem ætlað er til annarra nota en fiskveiða, að vátryggja skip sitt fyrir skemmdum þeim, sem greinir í 1. mgr. þessarar greinar, og skal þá Samábyrgðinni skylt að veita þeim skipum tryggingu með þeim tryggingarkjörum, sem ráðherra ákveður í samráði við Samábyrgðina.

2. gr.

Skipin skulu metin til fjár eftir gildandi matsreglum bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar.

3. gr.

Ráðherra ákveður iðgjöldin í samráði við Samábyrgðina. Þau skulu ákveðin árlega og miðast við áhættu samkvæmt reynslu þriggja næstliðinna ára.

Iðgjöld falla í gjalddaga við útgáfu tryggingarskírteinis. Þau skulu tryggð með lögveði í skipinu og hafa lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29 16. des. 1885.

Með reglugerð skal ákveða lágmark bótaskyldu og hlutdeild skipseiganda í áhættunni.

4. gr.

Tjón bætast eftir mati og því aðeins, að þau hafi verið tilkynnt Samábyrgðinni, strax og skemmdar varð vart, og vátryggjandi hafi átt kost á að láta skoða tjónið, áður en viðgerð hófst.

Vátryggjandi skal láta sérfræðing dæma tegund fúans og trúnaðarmann sinn hafa eftirlit með viðgerðinni.

Eigandi sér um viðgerð skips síns, nema vátryggjandi ákveði að taka viðgerðina í sínar hendur.

Tjónbætur greiðast jafnótt og viðgerð fer fram, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð.

Séu skemmdir svo miklar og skip að öðru leyti svo lélegt og óhentugt, að vátryggða og vátryggjanda komi saman um, að skipið skuli rifið, skal tjónið bætt aðeins að tveimur þriðju hlutum tjónmatsins.

Skipaskoðun ríkisins skal einu sinni á ári láta fara fram sérstaka rannsókn á hverju tréskipi til þess að leiða í ljós, hvort um sé að ræða fúaskemmdir þær, sem tryggt er fyrir í lögum þessum. Ber að tilkynna Samábyrgðinni, ef vart verður slíkra skemmda.

5. gr.

Tryggingar þessar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með sérgreindu reikningshaldi. Stjórn Samábyrgðarinnar ákveður, hve mikinn hluta áhættunnar hún ber. Það, sem þá er eftir áhættunnar, endurtryggir Samábyrgðin hjá ríkissjóði með sama iðgjaldi og hún tekur, enda greiði endurtryggjandinn Samábyrgðinni venjuleg umboðslaun.

Meðan leita þarf endurtryggingar hjá ríkissjóði, skal ákvörðun iðgjalda háð samþykki atvinnumálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins.

Ráðherra getur þó ákveðið í samráði við Samábyrgðina, að endurtryggingin skuli fengin erlendis, ef það þykir hagkvæmara og slík endurtrygging fæst.

6. gr.

Ágreiningur milli vátryggða og vátryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1958.

Ed. 394. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Jensen, Börge Louis Jónmundur, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 15. febrúar 1934.

2. Jensen, Finn Agnar, sjómaður, Reykjavík, f. í Danmörku 17. apríl 1941.
3. Larsen, Knud Harkild Salling, iðnaðarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 18. maí 1923. (Fær réttinn 11. ágúst 1958).

b. Orðin „Fær réttinn 7. apríl 1958“ í 66. tölulið falli niður.

Alþingi, 15. apríl 1958.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Alfreð Gíslason, fundaskr. Friðjón Þórðarson, frsm.
Jón Kjartansson. Páll Zóphóníasson.

Sþ. 395. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmark félagslegs öryggis.

(Lögð fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 102 um lágmark félagslegs öryggis, sem gerð var á 35. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 28. júní 1952, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT NR. 102 UM LÁGMARK FÉLAGSLEGS ÖRYGGIS (1952)

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar kom saman í þrítugasta og fimmta sinn 4. júní 1952 í Genf, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, og eftir að hafa ákveðið að fallast á tilteknar tillögur um lágmark félagslegs öryggis, sem fólgnar eru í fimmta dagskrárlið þingsins, og eftir að hafa ákveðið, að þessar tillögur skyldu gerðar í formi alþjóðlegrar samþykktar, gerir þingið í dag, hinn 28. júní 1952, eftirfarandi samþykkt, sem vitna má til sem Samþykktarinnar frá 1952 um félagslegt öryggi (lágmarksákvæði):

CONVENTION CONCERNING MINIMUM STANDARDS OF SOCIAL SECURITY

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Thirty-fifth Session on 4 June 1952, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to minimum standards of social security, which are included in the fifth item on the agenda of the session, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this twenty-eighth day of June of the year one thousand nine hundred and fifty-two the following Convention, which may be cited as the Social Security (Minimum Standards) Convention, 1952:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Í samþykkt þessari
(a) merkir orðið „tiltekið“ það, sem tiltekið er með eða samkvæmt landslögum eða reglugerðum;
(b) merkir orðið „heimili“ venjulegan dvalarstað í landi aðildarríkisins, og orðin „maður, sem á heimili“ þann mann, sem að staðaldri dvelur í landi aðildarríkisins;
(c) merkir orðið „eiginkona“ þá konu, sem framfærð er af manni sínum;
(d) merkir orðið „ekkja“ konu, sem var á framfæri manns síns, er hann lézt;
(e) merkir orðið „barn“ barn á skólaaldri, eða undir 15 ára aldri, eftir því, sem tiltekið kann að vera;
(f) merkir orðið „réttindavinnslutími“ iðgjaldagreiðslutíma, starfstíma, aðseturstíma eða þetta allt sameiginlega, eftir því sem tiltekið kann að vera.

2. Í greinunum 10, 34 og 49 merkir orðið „bætur“ ýmist beinar bætur í formi umönnunar, eða óbeinar bætur í því innifaldar, að endurgreiddur sé kostnaður, er hlutaðeigandi maður hefur sjálfur borið.

2. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af samþykkt þessari, skal
(a) breyta eftir:
(i) fyrsta kafla;
(ii) að minnsta kosti þremur af köflunum II, III, IV, V, VI, VII, VIII, IX og X og þar af a. m. k. einum af köflunum IV, V, VI, IX og X;
(iii) þeim ákvæðum XI., XII. og XIII. kafla, sem við eiga; og
(iv) XIV. kafla; og
(b) um leið og það fullgildir samþykktina, tilgreina hverra af köflunum II.—X. það undirgengst að láta ákvæði samþykktarinnar taka til.

3. gr.

1. Sé svo ástatt um aðildarríki, að efnahagsmál þess og heilbrigðismál séu

PART I
General Provisions

Article 1

1. In this Convention—
(a) the term "prescribed" means determined by or in virtue of national laws or regulations;
(b) the term "residence" means ordinary residence in the territory of the Member and the term "resident" means a person ordinarily resident in the territory of the Member;
(c) the term "wife" means a wife who is maintained by her husband;
(d) the term "widow" means a woman who was maintained by her husband at the time of his death;
(e) the term "child" means a child under school-leaving age or under 15 years of age, as may be prescribed;
(f) the term "qualifying period" means a period of contribution, or a period of employment, or a period of residence, or any combination thereof, as may be prescribed.

2. In Articles 10, 34 and 49 the term "benefit" means either direct benefit in the form of care or indirect benefit consisting of a reimbursement of the expenses borne by the person concerned.

Article 2

Each Member for which this Convention is in force—
(a) shall comply with—
(i) Part I;
(ii) at least three of Parts II, III, IV, V, VI, VII, VIII, IX and X, including at least one of Parts IV, V, VI, IX, and X;
(iii) the relevant provisions of Parts XI, XII and XIII;
(iv) Part XIV; and
(b) shall specify in its ratification in respect of which of Parts II to X it accepts the obligations of the Convention.

Article 3

1. A Member whose economy and medical facilities are insufficiently deve-

á lítt þroskuðu stigi, skal því heimilt, ef eða á meðan rétt stjórnvöld telja það nauðsynlegt, að færa sér í nyt með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingarskjalinu, þær undantekningar um stundarsakir, sem gert er ráð fyrir í eftirtöldum greinum: 9 *(d)*; 12 2; 15 *(d)*; 18 2; 21 *(c)*; 27 *(d)*; 33 *(b)*; 34 3; 41 *(d)*; 48 *(c)*; 55 *(d)*; og 61 *(d)*.

2. Hvert það aðildarríki, sem gert hefur yfirlýsingu samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, skal taka upp í ársskýrslu sína um framkvæmd þessarar samþykktar, þá er gefin er samkvæmt 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, yfirlýsingu varðandi hverja þá undantekningu, er það færir sér í nyt, um

(a) að ástæðan til þess, að svo er gert, sé enn fyrir hendi; eða

(b) að það afsali sér réttinum til þess að færa sér í nyt umrædda undantekningu frá tilteknum degi.

loped may, if and for so long as the competent authority considers necessary, avail itself, by a declaration appended to its ratification, of the temporary exceptions provided for in the following Articles: 9 *(d)*; 12 (2); 15 *(d)*; 18 (2); 21 *(c)*; 27 *(d)*; 33 *(b)*; 34 *(3)*; 41 *(d)*; 48 *(c)*; 55 *(d)*; and 61 *(d)*.

2. Each Member which has made a declaration under paragraph 1 of this Article shall include in the annual report upon the application of this Convention submitted under Article 22 of the Constitution of the International Labour Organisation a statement, in respect of each exception of which it avails itself—

(a) that its reson for doing so subsists; or

(b) that it renounces its right to avail itself of the exception in question as from a stated date.

4. gr.

1. Hverju því aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, skal síðar heimilt að tilkynna framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, að það taki á sig skuldbindingar samþykktarinnar, að því er varðar einn eða fleiri af öðrum til tíunda kafla, þeirra sem ekki eru þegar tilteknir í fullgildingarskjali þess.

2. Þær skuldbindingar, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, skulu teljast heildarhluti fullgildingarskjalsins, og hafa sama gildi og það, frá tilkynningardeginum að telja.

Article 4

1. Each Member which has ratified this Convention may subsequently notify the Director-General of the International Labour Office that it accepts the obligations of the Convention in respect of one or more of Parts II to X not already specified in its ratification.

2. The undertakings referred to in paragraph 1 of this Article shall be deemed to be an integral part of the ratification and to have the force of ratification as from the date of notification.

5. gr.

Þar sem þess er krafizt af aðildarríki, til þess að fullnægt sé II.—X. kafla samþykktar þessarar að svo miklu leyti sem fullgildingin nær til þeirra, að það verndi tiltekna flokka manna, svo að ekki nemi minna en ákveðinni hundraðstölu starfsfólks eða íbúa, skal aðildarríkið áður en það skuldbindur sig til að fullnægja nokkrum þeirra kafla, ganga úr skugga um það, að náð hafi verið umræddri hundraðstölu.

Article 5

Where, for the purpose of compliance with any of the Parts II to X of this Convention which are to be covered by its ratification, a Member is required to protect prescribed classes of persons constituting not less than a specified percentage of employees or residents, the Member shall satisfy itself, before undertaking to comply with any such Part, that the relevant percentage is attained.

6. gr.

Til þess að fullnægja II., III., IV., V., VIII. (að svo miklu leyti, sem hann fjallar um læknishjálp), IX. eða X. kafla samþykktar þessarar, skal aðildarríki heimilt að taka tillit til þeirrar verndar, sem með tryggingu er fengin, enda þótt þeir aðilar, sem tryggja ber, séu ekki með landslögum eða reglugerðum skyldaðir til slíkrar tryggingar, enda sé hún:

(a) undir eftirliti opinberra stjórnvalda, eða framkvæmd svo að fullnægi tilteknum kröfum, með samvinnu milli atvinnurekenda og verkafólks;

(b) svo víðtæk, að hún taki til verulegs hluta þess fólks, sem ekki hefur meiri tekjur af vinnu sinni en faglærðir karlmenn í annarra þjónustu; og

(c) ásamt annarri vernd, þar sem um slíkt er að ræða, svo að fullnægi viðeigandi ákvæðum samþykktarinnar.

Article 6

For the purpose of compliance with Parts II, III, IV, V, VIII (in so far as it relates to medical care), IX or X of this Convention, a Member may take account of protection effected by means of insurance which, although not made compulsory by national laws or regulations for the persons to be protected—

(a) is supervised by the public authorities or administered, in accordance with prescribed standards, by joint operation of employers and workers;

(b) covers a substantial part of the persons whose earnings do not exceed those of the skilled manual male employee; and

(c) complies, in conjunction with other forms of protection, where appropri ate, with the relevant provisions of the Convention.

II. KAFLI
Læknishjálp.

7. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af þessum kafla samþykktar þessarar, skal tryggja hinum tryggðu, að bætur séu veittar í hverju því tilfelli, þar sem læknishjálpar er þörf, hvort heldur til lækningar eða varnar, samkvæmt eftirfarandi greinum þessa kafla.

8. gr.

Þau tilfelli, sem undir þetta koma, skulu taka til allra veikinda, af hverju sem þau stafa, svo og meðgöngu kvenna, barnsburðar og afleiðinga þess.

9. gr.

Tryggingin skal ná til þeirra, sem hér greinir:

(a) tiltekinna flokka kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega, og sömuleiðis til eiginkvenna þeirra og barna; eða

(b) tiltekinna stétta arðbærlega starfandi manna, svo að ekki séu færri en 20% allra íbúanna og sömuleiðis eiginkvenna þeirra og barna; eða

PART II
Medical Care

Article 7

Each Member for which this Part of this Convention is in force shall secure to the persons protected the provision of benefit in respect of a condition requiring medical care of a preventive or curative nature in accordance with the following Articles of this Part.

Article 8

The contingencies covered shall include any morbid condition, whatever its cause, and pregnancy and confinement and their consequences.

Article 9

The persons protected shall comprise—

(a) prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees, and also their wives and children; or

(b) prescribed classes of the economically active population, constituting not less than 20 per cent. of all residents, and also their wives and children; or

(c) tiltekinna stétta íbúanna, svo að eigi séu færri en 50% þeirra allra; eða

(d) þar sem í gildi er yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr., tiltekinna stétta kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega á þeim vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri, og sömuleiðis eiginkvenna þeirra og barna.

10. gr.

1. Aðstoðin skal að minnsta kosti fela það í sér, sem nú greinir:

(a) Þegar um veikindi er að ræða:
- (i) aðstoð venjulegs læknis, þar með taldar heimavitjanir;
- (ii) aðstoð sérfróðs læknis í sjúkrahúsum fyrir legusjúklinga og heimangöngusjúklinga, og þá sérfræðingsaðstoð, sem kostur kann að vera á utan sjúkrahúsa;
- (iii) nauðsynleg lyf og umbúðir, eftir því sem læknir fyrirskipar; og
- (iv) sjúkrahúsvist, þegar hennar er þörf; og

(b) þegar um er að ræða meðgöngu kvenna og barnsburð og afleiðingar þess:
- (i) aðstoð annað hvort læknis eða lærðrar ljósmóður, fyrir, við og eftir barnsburð; og
- (ii) sjúkrahúsvist, þegar hennar er þörf.

2. Krefjast má þess, að bótaþegi eða fyrirvinna hans taki þátt í kostnaði vegna lækninga, sem hann nýtur vegna veikinda. Reglurnar um slíka þátttöku í kostnaðinum skulu miða að því, að afstýrt sé harðrétti.

3. Aðstoð veitt samkvæmt þessari grein skal veitt í þeim tilgangi að rétta við, viðhalda eða bæta heilsu hins tryggða og hæfileika hans til að starfa og sjá sér farborða.

4. Stofnanir þær eða stjórnardeildir, sem aðstoðinni stjórna, skulu með þeim ráðum, sem kunna að teljast henta, hvetja hina tryggðu til þess að færa sér

(c) prescribed classes of residents, constituting not less than 50 per cent. of all residents; or

(d) where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, prescribed classes of employees constituting not less than 50 per cent. of all employees in industrial workplaces employing 20 persons or more, and also their wives and children.

Article 10

1. The benefit shall include at least—

(a) in case of a morbid condition—
- (i) general practitioner care, including domiciliary visiting;
- (ii) specialist care at hospitals for in-patients and out-patients, and such specialist care as may be available outside hospitals;
- (iii) the essential pharmaceutical supplies as prescribed by medical or other qualified practitioners; and
- (iv) hospitalisation where necessary; and

(b) in case of pregnancy and confinement and their consequences—
- (i) pre-natal, confinement and post-natal care either by medical practitioners or by qualified midwives; and
- (ii) hospitalisation where necessary.

2. The beneficiary or his breadwinner may be required to share in the cost of the medical care the beneficiary receives in respect of a morbid condition; the rules concerning such cost-sharing shall be so designed as to avoid hardship.

3. The benefit provided in accordance with this Article shall be affordel with a view to maintaining, restoring or improving the health of the person protected and his ability to work and to attend to his personal needs.

4. The institutions or Government departments administering the benefit shall, by such means as may be deemed appropriate, encourage the persons pro-

í nyt hina almennu heilsuþjónustu, sem stjórnvöldin eða aðrar stofnanir viðurkenndar af stjórnvöldunum veita þeim aðgang að.

11. gr.

Sú aðstoð, sem 10. gr. tiltekur, skal í þeim tilfellum, sem undir tryggginguna falla, tryggð að minnsta kosti þeim aðila, sem hún tekur til, ef hann, eða fyrirvinna hans, hefur lokið þeim réttindavinnslutíma, er kann að teljast nauðsynlegur, til þess að girða fyrir misnotkun.

12. gr.

1. Aðstoð þá, er 10. gr. tiltekur, skal veita svo lengi sem það ástand varir, sem tryggingin tekur til, nema hvað í veikindatilfellum má takmarka tímalengdina við 26 vikur í hverju tilfelli, en eigi skal aðstoðinni hætt meðan greiðslum sjúkrabóta er haldið uppi, og gera skal ráðstafanir til þess að lengja megi tímann vegna tiltekinna sjúkdóma, sem viðurkennt er að krefjist langvarandi hjúkrunar.

2. Þegar yfirlýsing gerð samkvæmt 3. gr. er í gildi, má takmarka aðstoðartímann við 13 vikur í hverju tilfelli.

tected to avail themselves of the general health services placed at their disposal by the publicc authorities or by other bodies recognised by the public authorities.

Article 11

The benefit specified in Article 10 shall, in a contingency covered, be secured at least to a person protected who has completed, or whose breadwinner has completed, such qualifying period as may be considered necessary to preclude abuse.

Article 12

1. The benefit specified in Article 10 shall be granted throughout the contingency covered, except that, in case of a morbid condition, its duration may be limited to 26 weeks in each case, but benefit shall not be suspended while a sickness benefit continues to be paid, and provision shall be made to enable the limit to be extended for prescribed diseases recognised as entailing prolonged care.

2. Where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, the duration of the benefit may be limited to 13 weeks in each case.

III. KAFLI
Sjúkrabætur.

13. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af þessum kafla samþykktar þessarar, skal tryggja hinum tryggðu sjúkrabætur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

14. gr.

Tryggingin skal ná til þess, er maður verður vanhæfur til vinnu vegna veikinda, ef það veldur því, að hlutaðeigandi hætti í bili að geta unnið fyrir kaupi, eftir því sem landslög eða reglugerðir skýra það.

15. gr.

Tryggingin skal ná til:

(a) Tiltekinna flokka kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega; eða

PART III
Sickness Benefit

Article 13

Each Member for which this Part of this Convention is in force shall secure to the persons protected the provision of sickness benefit in accordance with the following Articles of this Part.

Article 14

The contingency covered shall include incapacity for work resulting from a morbid condition and involving suspension of earnings, as defined by national laws or regulations.

Article 15

The persons protected shall comprise—

(a) prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees; or

(b) tiltekinna stétta arðbærlega starfandi fólks, svo að ekki séu færri en 20% allra íbúanna; eða

(c) allra íbúa, sem meðan ástandið, sem tryggingin nær til, varir, hafa fjárráð undir því marki, er ákveðið sé í samræmi við ákvæði 67. gr.; eða

(d) þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, tiltekinna stétta kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega á þeim vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.

16. gr.

1. Þegar kaupþegastéttir eða arðbærlega vinnandi stéttir þjóðfélagsins eru tryggðar, skulu bæturnar vera greiðslur, inntar af hendi á ákveðnum fresti, og með þeim hætti útreiknaðar, að þær séu í samræmi við ákvæði annað hvort 65. gr. eða 66. gr.

2. Nú eru allir íbúar, sem hafa fjárráð undir ákveðnu marki meðan ástandið varir, tryggðir, og skulu bæturnar þá vera greiðslur, er inntar séu af hendi með vissu millibili og reiknaðar í samræmi við 67. gr.

17. gr.

Bætur þær, sem um ræðir í 16. gr., skulu, í þeim tilfellum, sem þær ná til, tryggðar að minnsta kosti þeim tryggðum manni, er lokið hefur þeim réttindavinnslutíma, sem teljast kann nauðsynlegur, til þess að girt sé fyrir misnotkun.

18. gr.

1. Sá styrkur, sem um ræðir í 16. gr., skal greiddur meðan ástandið varir, nema hvað takmarka má bótatímann við 26 vikur í hverju veikindatilfelli, og þarf þá ekki að greiða hann þrjá fyrstu dagana eftir að tekjur féllu niður.

2. Þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. grein er í gildi, má takmarka bótagreiðslutímann við:

(a) Það tímabil, að heildartala sjúkrabótadaga á einu og sama ári sé ekki

(b) prescribed classes of the economically active population, constituting not less than 20 per cent. of all residents; or

(c) alls residents whose means during the contingency do not exceed limits prescribed in such a manner as to comply with the requirements of Article 67; or

(d) where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees in industrial workplaces employing 20 persons or more.

Article 16

1. Where classes of employees or classes of the economically active population are protected, the benefit shall be a periodical payment calculated in such a manner as to comply either with the requirements of Article 65 or with the requirements of Article 66.

2. Where all residents whose means during the contingency do not exceed prescribed limits are protected, the benefit shall be a periodical payment calculated in such a manner as to comply with the requirements of Article 67.

Article 17

The benefit specified in Article 16 shall, in a contingency covered, be secured at least to a person protected who has completed such qualifying period as may be considered necessary to preclude abuse.

Article 18

1. The benefit specified in Article 16 shall be granted throughout the contingency, except that the benefit may be limited to 26 weeks in each case of sickness, in which event it need not be paid for the first three days of suspension of earnings.

2. Where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, the duration of the benefit may be limited—

(a) to such period that the total number of days for which the sickness bene-

lægri en tífalt meðaltal tryggðra manna á því ári; eða

(b) 13 vikur í hverju veikindatilfelli, og þarf þá ekki að greiða fyrir fyrstu þrjá dagana eftir að tekjur féllu niður.

fit is granted in any year is not less than ten times the average number of persons protected in that year; or;

(b) to 13 weeks in each case of sickness, in which event it need not be paid for the first three days of suspension of earnings.

IV. KAFLI
Atvinnuleysisbætur.

19. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli samþykktar þessarar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu atvinnuleysisbætur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

20. gr.

Tryggingin skal ná til þess, er hlutaðeigandi missir um sinn af tekjum sínum, eins og það er skilgreint í landslögum eða reglugerðum, sökum þess að hann á ekki kost þeirrar atvinnu, er honum hentar, enda sé hinn tryggði vinnufær og reiðubúinn til vinnu.

21. gr.

Þeir, sem tryggingin nær til, skulu vera:

(a) tilteknir flokkar kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega; eða

(b) allir þeir íbúar, sem meðan ástandið varir, hafa ekki fjárráð umfram það mark, sem tiltekið er í samræmi við ákvæði 67. gr.; eða

(c) þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, tilteknar stéttir kaupþega, svo að eigi séu færri en 50% allra kaupþega á þeim vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.

22. gr.

1. Þar sem stéttir kaupþega eru tryggðar, skulu bæturnar vera greiðslur, inntar af hendi með vissu millibili og reiknaðar út í samræmi við ákvæði annað hvort 65. eða 66. greinar.

PART IV
Unemployment Benefit

Article 19

Each Member for which this Part of this Convention is in force shall secure to the persons protected the provision of unemployment benefit in accordance with the following Articles of this Part.

Article 20

The contingency covered shall include suspension of earnings, as defined by national laws or regulations, due to inability to obtain suitable employment in the case of a person protected who is capable of, and available for, work.

Article 21

The persons protected shall comprise—

(a) prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees; or

(b) all residents whose means during the contingency do not exceed limits prescribed in such a manner as to comply with the requirements of Article 67; or

(c) where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees in industrial workplaces employing 20 persons or more.

Article 22

1. Where classes of employees are protected, the benefit shall be a periodical payment calculated in such a manner as to comply either with the requirements of Article 65 or with the requirements of Article 66.

2. Nú eru allir íbúar, sem hafa fjárráð undir ákveðnu marki meðan ástandið varir, tryggðir, og skal þá styrkurinn vera í samræmi við ákvæði 67. greinar.

23. gr.

Bætur þær, er um ræðir í 22. gr., skulu, í þeim tilfellum, sem þær ná til, tryggðar að minnsta kosti þeim tryggðum manni, er lokið hefur þeim réttindavinnslutíma, sem nauðsynlegur kann að teljast, til þess að girt sé fyrir misnotkun.

24. gr.

1. Styrkur sá, er um ræðir í 22. gr., skal veittur meðan ástandið varir, nema hvað takmarka má tímalengd hans:

(a) við 13 vikur á 12 mánaða tímabili, þar sem flokkar kaupþega eru tryggðir; eða
(b) við 26 vikur á 12 mánaða tímabili, þar sem allir þeir íbúar eru tryggðir, sem ekki hafa fjárráð umfram tiltekið mark.

2. Þar sem landslög eða reglugerðir mæla svo fyrir, að lengd styrktímans skuli fara eftir lengd iðgjaldatímabilsins og/eða áður mótteknum bótum á tilteknu tímabili, skal ákvæðum stafliðs a í 1. tölulið talið fullnægt, ef meðallengd styrktímans er a. m. k. 13 vikur á 12 mánaða tímabili.

3. Bæturnar þarf ekki að greiða fyrir biðtíma, er sé fyrstu sjö dagarnir í hverju því tilfelli er tekjur hafa stöðvazt, og skal þá telja atvinnuleysisdaga fyrir og eftir stundaratvinnu, er ekki varir lengur en tiltekinn tíma, sem hluta sama atvinnuleysistímabils.

4. Þegar um er að ræða árstíðavinnu, má haga lengd styrktíma og biðtíma eftir starfskjörum.

2. Where all residents whose means during the contingency do not exceed prescribed limits are protected, the benefit shall be a periodical payment calculated in such a manner as to comply with the requirements of Article 67.

Article 23

The benefit specified in Article 22 shall, in a contingency covered, be secured at least to a person protected who has completed such qualifying period as may be considered necessary to preclude abuse.

Article 24

1. The benefit specified in Article 22 shall be granted throughout the contingency, except that its duration may be limited—

(a) where classes of employees are protected, to 13 weeks within a period of 12 months, or
(b) where all residents whose means during the contingency do not exceed prescribed limits are protected, to 26 weeks within a period of 12 months.

2. Where national laws or regulations provide that the duration of the benefit shall vary with the length of the contribution period and/or the benefit previously received within a prescribed period, the provisions of subparagraph *(a)* of paragraph 1 shall be deemed to be fulfilled if the average duration of benefit is at least 13 weeks within a period of 12 months.

3. The benefit need not be paid for a waiting period of the first seven days in each case of suspension of earnings, counting days of unemployment before and after temporary employment lasting not more than a prescribed period as part of the same case of suspension of earnings.

4. In the case of seasonal workers the duration of the benefit and the waiting period may be adapted to their conditions of employment.

V. KAFLI
Ellilífeyrir.

25. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli samþykktar þessarar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu ellilífeyri í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

26. gr.

1. Tryggingin skal taka til þeirra, sem lifa fram yfir tiltekinn aldur.

2. Hið tiltekna aldursmark skal ekki vera hærra en 65 ár, eða það hærra aldursmark, sem ákveðið kann að vera af þar til bæru stjórnvaldi, með fullu tilliti til starfsgetu aldraðs fólks í hlutaðeigandi landi.

3. Með landslögum eða reglugerðum má ákveða, að lífeyrisgreiðslu manns, sem annars ætti rétt á henni, megi fresta, ef sá maður hefur eitthvert tiltekið arðbært starf, eða ef styrkur er háður iðgjaldagreiðslu, megi lækka hann, þegar tekjur styrkþega fara fram úr tiltekinni upphæð, og ef hann er ekki háður iðgjaldagreiðslu, megi lækka hann, ef vinnutekjur lífeyrisþega eða aðrar tekjur hans eða þetta hvort tveggja samanlagt fer fram úr tiltekinni upphæð.

27. gr.

Þeir, sem tryggingin nær til, skulu vera:

(a) tilteknar stéttir kaupþega, svo að eigi séu færri en 50% allra kaupþega; eða

(b) tilteknar stéttir arðbærlega starfandi fólks, svo að ekki séu færri en 20% allra íbúa; eða

(c) allir íbúar landsins, sem hafa á þeim tíma, sem um er að ræða, fjárráð, sem ekki fara yfir ákveðið mark, er sé í samræmi við ákvæði 67. gr.; eða

(d) þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, tilteknar stéttir kaupþega, svo að eigi séu færri en 50% af öllum kaupþegum á þeim vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.

PART V
Old-Age Benefit

Article 25

Each Member for which this Part of this Convention is in force shall secure to the persons protected the provision of old-age benefit in accordance with the following Articles of this Part.

Article 26

1. The contingency covered shall be survival beyond a prescribed age.

2. The prescribed age shall be not more than 65 years or such higher age as may be fixed by the competent authority with due regard to the working ability of elderly persons in the country concerned.

3. National laws or regulations may provide that the benefit of a person otherwise entitled to it may be suspended if such person is engaged in any prescribed gainful activity or that the benefit, if contributory, may be reduced where the earnings of the beneficiary exceed a prescribed amount and, if non-contributory, may be reduced where the earnings of the beneficiary or his other means or the two taken together exceed a prescribed amount.

Article 27

The persons protected shall comprise—

(a) prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees; or

(b) prescribed classes of the economically active population, constituting not less than 20 per cent. of all residents; or

(c) all residents whose means during the contingency do not exceed limits prescribed in such a manner as to comply with the requirements of Article 67; or

(d) where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees in industrial workplaces employing 20 persons or more.

28. gr.

Lífeyririnn skal vera greiðslur, er inntar séu af hendi með ákveðnu millibili og reiknaður eins og hér segir:

(a) Þar sem flokkar kaupþega eða flokkar fólks í arðberandi starfi eru tryggðir, skal það gert þannig, að í samræmi sé við ákvæði 65. gr. eða ákvæði 66. gr.;

(b) þar sem allir íbúar landsins, sem ekki hafa fjárráð umfram ákveðið hámark á tímabilinu, sem lífeyrir er greiddur fyrir, skal hann reiknaður þannig, að í samræmi sé við ákvæði 67. gr.

29. gr.

1. Lífeyrir sá, er um ræðir í 28. gr., skal, í þeim tilfellum, sem koma undir hann, vera tryggður að minnsta kosti:

(a) hverjum þeim tryggðum manni, sem áður en til þessa kom, hefur í samræmi við tilteknar reglur lokið réttindavinnslutíma, sem getur verið annað hvort þrjátíu ára iðgjaldagreiðsla eða starf eða 20 ára búseta; eða

(b) þar sem það er reglan, að allt arðbærlega starfandi fólk sé tryggt, þá þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið tilteknum réttindavinnslutíma með iðgjaldagreiðslu, enda hafi tilskilið árlegt meðaltal iðgjalda verið greitt hans vegna, eftir að hann náði starfsaldri.

2. Þar sem lífeyrir sá, er um ræðir í 1. tölulið, er bundinn við lágmarkstímabil iðgjaldagreiðslu eða starfs, skal lægri lífeyrir tryggður að minnsta kosti:

(a) hverjum þeim tryggðum manni, sem áður en til þessa kom, hefur í samræmi við tilteknar reglur lokið 15 ára réttindavinnslutíma með iðgjöldum eða starfi; eða

(b) þar sem það er reglan að allt arðbærlega starfandi fólk sé tryggt, þá þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið tilteknum réttindavinnslutíma með iðgjaldagreiðslu, enda hafi helmingur árlegra iðgjalda, þeirra sem tiltekin eru samkvæmt staflið b í 1. tölulið í þessari grein, verið

Article 28

The benefit shall be a periodical payment calculated as follows:

(a) where classes of employees or classes of the economically active population are protected, in such a manner as to comply either with the requirements of Article 65 or with the requirements of Article 66;

(b) where all residents whose means during the contingency do not exceed prescribed limits are protected, in such a manner as to comply with the requirements of Article 67.

Article 29

1. The benefit specified in Article 28 shall, in a contingency covered, be secured at least—

(a) to a person protected who has completed, prior to the contingency, in accordance with prescribed rules, a qualifying period which may be 30 years of contribution or employment, or 20 years of residence; or

(b) where, in principle, all economically active persons are protected, to a person protected who has completed a prescribed qualifying period of contribution and in respect of whom, while he was of working age, the prescribed yearly average number of contributions has bee paid.

2. Where the benefit referred to in paragraph 1 is conditional upon a minimum period of contribution or employment, a reduced benefit shall be secured at least—

(a) to a person protected who has completed, prior to the contingency, in accordance with prescribed rules, a qualifying period of 15 years of contribution or employment; or

(b) where, in principle, all economically active persons are protected, to a person protected who has completed a prescribed qualifying period of contribution and in respect of whom, while he was of working age, half the yearly average number of contributions prescribed in accord-

greiddur fyrir hann meðan hann var á starfsaldri.

3. Svo skal litið á, að skilyrðum 1. töluliðs þessarar greinar hafi verið fullnægt, þar sem lífeyrir reiknaður samkvæmt ákvæðum XI. kafla, en tíu hundraðshlutum lægri en ákveðið er í fylgiskjali með þeim kafla til handa hlutaðeigandi venjulegum lífeyrisþega, hefur verið tryggður a. m. k. þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið samkvæmt tilteknum reglum tíu ára iðgjaldagreiðslu eða starfi eða fimm ára búsetu.

4. Hlutfallslega lækkun má gera á hundraðshluta í fylgiskjali með XI. kafla, þar sem réttindavinnslutíminn, sem svarar til lækkaðs hundraðshluta, fer fram úr 10 árum iðgjaldagreiðslu eða starfs, en er undir 30 árum iðgjaldagreiðslu eða starfs; ef slíkur réttindavinnslutími fer fram úr 15 árum, skal greiða lækkaðan lífeyri í samræmi við 2. tölulið þessarar greinar.

5. Þar sem lífeyrir sá, sem um ræðir í 1., 3. eða 4. tölulið þessarar greinar, er bundinn við lágmarkstíma iðgjaldagreiðslu eða starfs, skal tryggðum aðila greiddur lækkaður lífeyrir við tiltekin skilyrði, enda sé þá svo að einungis sökum síns háa aldurs á þeim tíma, er viðeigandi ákvæði þessa kafla gengu í gildi, hafi hann ekki fullnægt skilyrðum þeim, sem tiltekin eru samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar, nema lífeyrir samkvæmt ákvæðum 1., 3. eða 4. töluliðs þessarar greinar, hafi verið tryggður þeim aðila við hærri aldur en venjulegan.

30. gr.

Lífeyrir sá, er um ræðir í 28. og 29. gr., skal greiddur meðan skilyrði lífeyrisgreiðslunnar eru fyrir hendi.

VI. KAFLI

Atvinnuslysabætur.

31. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli samþykktar þessarar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu atvinnuslysabæt-

ance with subparagraph *(b)* of paragraph 1 of this Article has been paid.

3. The requirements of paragraph 1 of this Article shall be deemed to be satisfied where a benefit calculated in conformity with the requirements of Part XI but at a percentage of ten points lower than shown in the Schedule appended to that Part for the standard beneficiary concerned is secured at least to a person protected who has completed, in accordance with prescribed rules, ten years of contribution or employment, or five years of residence.

4. A proportional reduction of the percentage indicated in the Schedule appended to Part XI may be effected where the qualifying period for the benefit corresponding to the reduced percentage exceed ten years of contribution or employment but is less than 30 years of contribution or employment; if such qualifying period exceeds 15 years, a reduced benefit shall be payable in conformity with paragraph 2 of this Article.

5. Where the benefit referred to in paragraphs 1, 3 or 4 of this Article is conditional upon a minimum period of contribution or employment, a reduced benefit shall be payable under prescribed conditions to a person protected who, by reason only of his advanced age when the provisions concerned in the application of this Part come into force, has not satisfied the conditions prescribed in accordance with paragraph 2 of this Article, unless a benefit in conformity with the provisions of paragraphs 1, 3 or 4 of this Article is secured to such person at an age higher than the normal age.

Article 30

The benefits specified in Articles 28 and 29 shall be granted throughout the contingency.

PART VI

Employment Injury Benefit

Article 31

Each Member for which this Part of this Convention is in force shall secure to the persons protected the provision

ur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

32. gr.

Tryggingin skal taka yfir það, er að neðan greinir, þegar það stafar af slysum eða tilteknum sjúkdómi, er leiðir af atvinnunni:

(a) veikindi;

(b) vanhæfi til vinnu, sem er afleiðing af slíkum veikindum og veldur því, að hlutaðeigandi maður missir af kaupi, eins og það er skilgreint í landslögum eða reglugerðum;

(c) missir starfsgetunnar allrar eða fram yfir ákveðið stig, sem er líklegur til að verða varanlegur eða tilsvarandi örorkustig; og

(d) sá framfærslumissir, sem eiginkona eða barn verður fyrir við dauða fyrirvinnunnar; þegar um ekkju er að ræða, má binda réttinn til bóta því skilyrði, að ályktað sé samkvæmt landslögum eða reglugerðum, að hún geti ekki sjálf unnið fyrir sér.

33. gr.

Þeir, sem tryggingin nær til, skulu vera:

(a) tilteknar stéttir kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega, og að því er tekur til dauða fyrirvinnu, einnig kona hans og börn; eða

(b) þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, tilteknar stéttir kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega á vinnustöðum, þar sem starfa 20 manns eða fleiri, og að því er tekur til dauða fyrirvinnu, einnig kona hans og börn.

34. gr.

1. Þegar um veikindi er að ræða, skulu bæturnar fólgnar í læknishjálp, eftir því sem segir í 2. og 3. tölulið þessarar greinar.

of employment injury benefit in accordance with the following Articles of this Part.

Article 32

The contingencies covered shall include the following where due to accident or a prescribed disease resulting from employment:

(a) a morbid condittion;

(b) incapacity for work resulting from such a condition and involving suspension of earnings, as defined by national laws or regulations;

(c) total loss of earning capacity or partial loss thereof in excess of a prescribed degree, likely to be permanent, or corresponding loss of faculty; and

(d) the loss of support suffered by the widow or child as the result of the death of the breadwinner; in the case of a widow, the right to benefit may be made conditional on her being presumed, in accordance with national laws or regluations, to be incapable of self-support.

Article 33

The persons protected shall comprise—

(a) prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees, and, for benefit in respect of death of the breadwinner, also their wives and children; or

(b) where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, prescribed classes of employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees, constituting not less than 50 per cent. of all employees in industrial workplaces employing 20 persons or more, and, for benefit in respect of death of the breadwinner, also their wives and children.

Article 34

1. In respect of a morbid condition, the benefit shall be medical care as specified in paragraphs 2 and 3 of this Article.

2. Læknishjálp skal taka til þess, er hér segir:
(a) hjálp almennra lækna og sérfræðinga innan sjúkrahúsa og utan, þar með taldar vitjanir í heimahúsum;
(b) tannlækningar;
(c) hjúkrun heima eða í sjúkrahúsi, eða öðrum lækningastofnunum;
(d) framfærsla í sjúkrahúsi, hressingarhæli, heilsuhæli eða öðrum lækningastofnunum;
(e) lyf, umbúðir og aðrar læknislegar nauðsynjar, þar á meðal til tanna svo og gervilimir og viðhald þeirra, gleraugu; og
(f) umönnun af hálfu þeirra manna af öðrum lærðum stéttum, sem á hverjum tíma kunna að vera löglega viðurkenndar og tengdar eru læknastéttinni, undir eftirliti læknis eða tannlæknis.

3. Þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, skal læknishjálp að minnsta kosti fólgin í:
(a) umönnun almenns læknis, þar með taldar vitjanir í heimahúsum;
(b) umönnun sérfræðinga í sjúkrahúsi fyrir þá, sem þar liggja eða þangað ganga og þá umönnun sérfræðinga, sem kostur kann að vera á utan sjúkrahúss;
(c) nauðsynleg lyf og hjúkrunargögn, eftir fyrirsögn læknis eða annars þar til bærs aðila; og
(d) sjúkrahúsvist, þegar hennar er þörf.

4. Sú læknishjálp, sem látin er í té samkvæmt framanrituðum málsgreinum, skal veitt í þeim tilgangi að viðhalda, endurheimta eða bæta heilsu hins tryggða og möguleika hans til að vinna og sjá sér farborða.

35. gr.

1. Stofnanir þær eða stjórnardeildir, er sjá um læknishjálpina, skulu alls staðar, þar sem það hentar, hafa samvinnu við þá aðila, sem almennt vinna að því að gera menn færa til þess að sinna starfi sínu á ný, með það fyrir augum, að fatlaðir menn komist aftur í hentuga atvinnu.

2. Landslög eða reglugerðir mega heimila slíkum stofnunum eða stjórnar-

2. The medical care shall comprise—
(a) general practitioner and specialist in-patient care and out-patient care, including domiciliary visiting;
(b) dental care;
(c) nursing care at home or in hospital or other medical institutions;
(d) maintenance in hospitals, convalescent homes, sanatoria or other medical institutions;
(e) dental, pharmaceutical and other medical or surgical supplies, including prosthetic appliances, kept in repair, and eyeglasses; and
(f) the care furnished by members of such other professions as may at any time be legally recognised as allied to the medical profession, under the supervision of a medical or dental practitioner.

3. Where a declaration made in virtue of Article 3 is in force, the medical care shall include at least—
(a) general practitioner care, including domiciliary visiting;
(b) specialist care at hospitals for in-patients and out-patients, and such specialist care as may be available outside hospitals;
(c) the essential pharmaceutical supplies as prescribed by a medical or other qualified practitioner; and
(d) hospitalisation where necessary.

4. The medical care provided in accordance with the preceding paragraphs shall be afforded with a view to maintaining, restoring or improving the health of the person protected and his ability to work and to attend to his personal needs.

Article 35

1. The institutions or Government departments administering the medical care shall co-operate, wherever appropriate, with the general vocational rehabilitation services, with a view to the re-establishment of handicapped persons in suitable work.

2. National laws or regulations may authorise such institutions or depart-

deildum að tryggja það, að ráðstafanir séu gerðar til þess að fatlaðir menn verði aftur færir til starfa.

36. gr.

1. Þegar um er að ræða vanhæfi til starfs, missi alls möguleika til þess að vinna fyrir sér, og líkindi eru til að svo verði til frambúðar eða tilsvarandi örorkustig, eða dauða fyrirvinnunnar, skulu bæturnar vera greiðslur inntar af hendi á vissum fresti, reiknaðar á þann hátt að sé í samræmi við ákvæði 65. gr. eða ákvæði 66. gr.

2. Þegar um er að ræða missi nokkurs hluta getunnar til þess að vinna fyrir sér, og líklegt er að svo verði til frambúðar, eða tilsvarandi örorkustig, skulu bæturnar, þar sem þær eiga að greiðast, inntar af hendi með greiðslum á vissu millibili og séu þær í hæfilegu hlutfalli við þann styrk, sem ákveðinn er fyrir algeran missi getunnar til þess að vinna fyrir sér eða tilsvarandi örorkustig.

3. Í stað greiðslna með tilteknu millibili má greiða heildarupphæð:

(a) þar sem vanhæfið er á lágu stigi; eða

(b) þar sem hlutaðeigandi stjórnvöld telja öruggt að heildarupphæðin verði skynsamlega notuð.

37. gr.

Bætur þær, sem tilteknar eru í 34. og 36. gr., skulu í þeim tilfellum, sem tryggging tekur til, tryggðar a. m. k. tryggðum manni, sem var í vinnu í landi aðildarríkis, er slysið varð, ef skaðinn er afleiðing slyss, eða þegar hann tekur veikina, ef skaðinn er afleiðing veikinda, og enn fremur að bæturnar séu tryggðar ekkju og eftirlifandi börnum, ef um er að ræða, greiðslur með vissu millibili vegna dauða fyrirvinnu þeirra.

38. gr.

Þær bætur, sem tilteknar eru í 34. og 36. gr., skulu veittar meðan hið bótaskylda ástand varir, með þeirri undantekningu, að vegna vanhæfis til vinnu þarf í hverju tilfelli ekki að greiða vegna þriggja fyrstu daganna frá því að kaupgreiðsla féll niður.

ments to ensure provision for the vocational rehabilitation of handicapped persons.

Article 36

1. In respect of incapacity for work, total loss or earning capacity likely to be permanent or corresponding loss of faculty, or the death of the breadwinner, the benefit shall be a periodical payment calculated in such a manner as to comply either with the requirements of Article 65 or with the requirements of Article 66.

2. Þar sem framkvæmd samþykktar þessarar er með þeim hætti, að stjórnardeild ábyrgri gagnvart löggjafarþinginu er falið að stjórna læknishjálpinni, má í stað áfrýjunarréttar samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar koma réttur til þess að fá kæru vegna synjunar um læknishjálp, eða þá umönnun, sem í té er látin, rannsakaða af viðeigandi stjórnvaldi.

3. Þar sem kröfur eru úrskurðaðar af sérstökum dómstóli, til þess settum að fjalla um félagsleg tryggingarmál, skal ekki þurfa neinn áfrýjunarrétt, enda eigi hinir tryggðu fulltrúa í dóminum.

71. gr.

1. Kostnaður sá, er leiðir af styrkjum þeim, sem veittir eru samkvæmt samþykkt þessari og sömuleiðis stjórnarkostnaðurinn, skal greiðast í heild með iðgjöldum eða sköttum eða hvoru tveggja, á þann hátt, að ekki baki efna-

(g) in appropriate cases, where the person concerned neglects to make use of the medical or rehabilitation services placed at his disposal or fails to comply with rules prescribed for verifying the occurence or continuance of the contingency or for the conduct of beneficiaries;

(h) in the case of unemployment benefit, where the person concerned has failed to make use of the employment services placed at his disposal;

(i) in the case of unemployment benefit, where the person concerned has lost his employment as a direct result of a stoppage of work due to a trade dispute, or has left it voluntarily without just cause; and

(j) in the case of survivors' benefit, as long as the widow is living with a man as his wife.

Article 70

1. Every claimant shall have a right of appeal in case of refusal of the benefit or complaint as to its quality or quantity.

2. Where in the application of this Convention a Government department responsible to a legislature is entrusted with the administration of medical care, the right of appeal provided for in paragraph 1 of this Article may be replaced by a right to have a complaint concerning the refusal of medical care or the quality of the care received investigated by the appropriate authority.

3. Where a claim is settled by a special tribunal established to deal with social security questions and on which the persons protected are represented, no right of appeal shall be required.

Article 71

1. The cost of the benefits provided in compliance with this Convention and the cost of the administration of such benefits shall be borne collectively by way of insurance contributions or taxation or both in a manner which avoids

litlu fólki harðræði og að tekið sé tillit til efnahags aðildarríkisins og þeirra stétta, sem tryggðar eru.

2. Heildarupphæð þeirra tryggingaiðgjalda, sem launþegar greiða, skal ekki fara fram úr 50% þess heildarfjár, sem varið er til tryggingar launþegum ásamt konum þeirra og börnum. Til þess að ganga úr skugga um það, hvort þessa skilyrðis er gætt, má taka saman alla styrki, sem aðildarríkið hefur veitt samkvæmt samþykkt þessari, að undanskildum fjölskyldubótum og atvinnuslysabótum, ef þær eru veittar í sérstökum flokki.

3. Aðildarríki skal taka á sig allsherjarábyrgð á því, að fyrir hendi séu styrkir þeir, sem veittir eru samkvæmt samþykkt þessari, og skal það gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að svo sé. Þar sem það hentar, skal aðildarríkið sjá um að gerðar séu við og við nauðsynlegar tryggingarfræðilegar athuganir og útreikningar á fjármálalegu jafnvægi, og að minnsta kosti áður en nokkur breyting er gerð á styrkjum, iðgjaldastiganum, eða á sköttum, sem ganga eiga til að standa straum af þeim greiðslum, sem um er að ræða.

hardship to persons of small means and takes into account the economic situation of the Member and of the classes of persons protected.

2. The total of the insurance contributions borne by the employees protected shall not exceed 50 per cent. of the total of the financial resources allocated to the protection of employees and their wives and children. For the purpose of ascertaining whether this condition is fulfilled, all the benefits provided by the Member in compliance with this Convention, except family benefit and, if provided by a special branch, employment injury benefit, may be taken together.

3. The Member shall accept general responsibility for the due provision of the benefit provided in compliance with this Convention, and shall take all measures required for this purpose; it shall ensure, where appropriate, that the necessary actuarial studies and calculations concerning financial equilibrium are made periodically and, in any event, prior to any change in benefits, the rate of insurance contributions, or the taxes allocated to covering the contingencies in question.

72 gr.

1. Þar sem stjórn tryggingannna er ekki fengin í hendur stofnun undir umsjá stjórnvalda, eða stjórnardeild sem ábyrg sé gagnvart löggjafarþinginu, skulu fulltrúar hinna tryggðu taka þátt í stjórninni, eða vera í ráðgefandi sambandi við hana með settum skilyrðum. Líka má með lögum landsins og reglugerð ákveða þátttöku fulltrúa af hálfu vinnuveitenda og opinberra stjórnvalda.

2. Aðildarríkið skal taka á sig allsherjarábyrgð á góðri stjórn þeirra stofnana og þjónustugreina, er taka þátt í framkvæmd samþykktarinnar.

Article 72

1. Where the administration is not entrusted to an institution regulated by the public authorities or to a Government department responsible to a legislature, representatives of the persons protected shall participate in the management, or be associated in a consultative capacity, under prescribed conditions; national laws or regulations may likewise decide as to the participation of representatives of employers and of the public authorities.

2. The Member shall accept general responsibility for the proper administration of the institutions and services concerned in the application of the Convention.

XIV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

73. gr.

Undir samþykkt þessa skulu ekki falla:

(a) Tilfelli, sem gerðust áður en tilsvarandi kafli samþykktarinnar gekk í gildi hjá hlutaðeigandi aðildarríki;

(b) styrkir í tilfellum, sem gerðust eftir að tilsvarandi kafli samþykktarinnar gekk í gildi hjá hlutaðeigandi aðildarríki, að svo miklu leyti, sem rétturinn til slíkra styrkja á upptök sín á þeim tíma, sem á undan fór.

74. gr.

Á þessa samþykkt ber ekki að líta sem endurskoðun neinnar eldri samþykktar.

75. gr.

Ef nokkur sú samþykkt, er þingið síðar kann að gera varðandi nokkurt það efni, sem þessi samþykkt fjallar um, kveður svo á, skulu þau ákvæði þessarar samþykktar, er tiltekin kunna að verða í nefndri samþykkt, falla úr gildi hjá hverju því aðildarríki, er fullgilt hefur nefnda samþykkt, á þeim degi, er hún gengur í gildi hjá því aðildarríki.

76. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal taka upp í ársskýrslu sína um framkvæmd hennar, sem það gefur, samkvæmt 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar:

(a) fullkomnar upplýsingar um lög þau og reglugerðir, sem gefa ákvæðum samþykktarinnar gildi; og

(b) upplýsingar, er séu svo nákvæmlega sem unnt er í samræmi við tillögur stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um sem mesta samkvæmni í frásögn, fyrir því að fylgt hafi verið þeim skilyrðum um hlutfallstölu, sem greind eru í:

PART XIV
Miscellaneous Provisions

Article 73

This Convention shall not apply to—

(a) contingencies which occurred before the coming into force of the relevant Part of the Convention for the Member concerned;

(b) benefits in contingencies occurring after the coming into force of the relevant Part of the Convention for the Member concerned in so far as the rights to such benefits are derived from periods preceding that date.

Article 74

This Convention shall not be regarded as revising any existing Convention.

Article 75

If any Convention which may be adopted subsequently by the Conference concerning any subject or subjects dealt with in this Convention so provides, such provisions of this Convention as may be specified in the said Convention shall cease to apply to any Member having ratified the said Convention as from the date at which the said Convention comes into force for that Member.

Article 76

1. Each Member which ratifies this Convention shall include in the annual report upon the application of this Convention submitted under Article 22 of the Constitution of the International Labour Organisation—

(a) full information concerning the laws and regulations by which effect is given to the provisions of the Convention; and

(b) evidence, conforming in its presentation as closely as is practicable with any suggestions for greater uniformity of presentation made by the Governing Body of the International Labour Office, of compliance with the statistical conditions specified in—

(i) greinunum 9 *(a)*, *(b)*, *(c)* eða *(d)*; 15 *(a)*, *(b)* eða *(d)*; 21 *(a)* eða *(c)*; 27 *(a)*, *(b)* eða *(d)*; 33 *(a)* eða *(b)*; 41 *(a)*, *(b)* eða *(d)*; 48 *(a)*, *(b)* eða *(c)*; 55 *(a)*, *(b)* eða *(d)*; 61 *(a)*, *(b)* eða *(d)*; að því er varðar tölu hinna tryggðu;

(ii) greinunum 44, 65, 66 eða 67, að því er varðar bótastigann;

(iii) staflið *(a)* í tölulið 2 í 18. gr., að því er varðar lengd sjúkrabótatímans;

(iv) tölulið 2 í 24. gr., að því er varðar lengd styrktíma vegna atvinnuleysis; og

(v) tölulið 2 í 71. gr., að því er varðar hlutföll fjárframlaga með iðgjöldum af hálfu tryggðra kaupþega til tryggingasjóðsins.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal með hæfilegu millibili, eftir því sem stjórnin æskir, senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skýrslu um lög sín og framkvæmdir, að því er varðar hvern sem vera kann af II. til X. kafla samþykktarinnar og ekki er tiltekinn í fullgildingu þess eða í tilkynningu, er það kann síðar að hafa sent samkvæmt 4. gr.

77. gr.

1. Samþykkt þessi skal ekki taka til sjómanna eða fiskimanna á sjó. Ákvæði um tryggingu sjómanna og fiskimanna á sjó hefur Alþjóðavinnumálaþingið sett í samþykktinni um félagslegt öryggi sjómanna frá 1946 og samþykktinni um eftirlaun sjómanna frá 1946.

2. Aðildarríki má undanskilja sjómenn og fiskimenn á sjó frá tölu kaupþega, tölu arðbærlega starfandi fólks, eða tölu landsmanna, þegar reiknaður er út hundraðshluti kaupþega eða landsmanna tryggðra samkvæmt einhverjum kaflanna II. til X., þeirra er fullgildingin tekur til.

(i) Articles 9 *(a)*, *(b)*, *(c)* or *(d)*; 15 *(a)*, *(b)* or *(d)*; 21 *(a)* or *(c)*; 27 *(a)*, *(b)* or *(d)*; 33 *(a)* or *(b)*; 41 *(a)*, *(b)* or *(d)*; 48 *(a)*, *(b)* or *(c)*; 55 *(a)*, *(b)* or *(d)*; 61 *(a)*, *(b)* or *(d)*, as regards the number of persons protected;

(ii) Articles 44, 65, 66 or 67, as regards the rates of benefit;

(iii) subparagraph *(a)* of paragraph 2 of Article 18, as regards duration of sickness benefit;

(iv) paragraph 2 of Article 24, as regards duration of unemployment benefit; and

(v) paragraph 2 of Article 71, as regards the proportion of the financial resources constituted by the insurance contributions of employees protected.

2. Each Member which ratifies this Convention shall report to the Director-General of the International Labour Office at appropriate intervals, as requested by the Governing Body, on the position of its law and practice in regard to any of Parts II to X of the Convention not specified in its ratification or in a notification made subsequently in virtue of Article 4.

Article 77

1. This Convention does not apply to seamen or seafishermen; provision for the protection of seamen and seafishermen has been made by the International Labour Conference in the Social Security (Seafarers) Convention, 1946, and the Seafarers' Pensions Convention, 1946.

2. A Member may exclude seamen and seafishermen from the number of employees, of the economically active population or of residents, when calculating the percentage of employees or residents protected in compliance with any of Parts II to X covered by its ratification.

XV. KAFLI
Lokaákvæði.

78. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

79. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir einstakt aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

80. gr.

1. Yfirlýsingar þær, sem sendar eru framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við 2. málsgrein 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu greina:

(a) landsvæði, þar sem hlutaðeigandi aðildarríki undirgengst, að ákvæðum samþykktarinnar eða einhvers hluta hennar skuli beitt án takmarkana;

(b) landsvæði, þar sem það undirgengst að beita ákvæðum samþykktarinnar með takmörkunum ásamt upplýsingum um þær takmarkanir;

(c) landsvæði, sem samþykktin tekur ekki til og ástæður til þess;

(d) landsvæði, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar að lokinni nánari athugun á aðstæðum.

2. Yfirlýsingar þær, sem nefndar eru í stafliðum *(a)* og *(b)* í 1. tölulið þessarar greinar, ber að skoða sem óskiptan

PART XV
Final Provisions

Article 78

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 79

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.

2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 80

1. Declarations communicated to the Director-General of the International Labour Office in accordance with paragraph 2 of Article 35 of the Constitution of the International Labour Organisation shall indicate—

(a) the territories in respect of which the Member concerned undertakes that the provisions of the Convention or of any Part thereof shall be applied without modification;

(b) the territories in respect of which it undertakes that the provisions of the Convention or of any Parts thereof shall be applied subject to modifications, together with details of the said modifications;

(c) the territories in respect of which the Convention is inapplicable and in such cases the grounds on which it is inapplicable;

(d) the territories in respect of which it reserves its decision pending further consideration of the position.

2. The undertakings referred to in subparagraphs *(a)* and *(b)* of paragraph 1 of this Article shall be deemed to be

hluta fullgildingarinnar og skal hafa sama gildi og hún.

3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að nokkru eða öllu leyti með síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem það hefur gert í upprunalegri yfirlýsingu sinni í samræmi við stafliðina *(b)*, *(c)* eða *(d)* í 1. tölulið þessarar greinar.

4. Í hvert skipti, sem segja má samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 82. greinar, getur sérhvert aðildarríki sent framkvæmdastjóranum yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á landsvæðum þeim, sem það kann að tiltaka.

81. gr.

1. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar samkvæmt 4. eða 5. málsgrein 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar eða hluta hennar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum á landsvæði því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsing ber með sér, að samþykktinni eða tilteknum hluta hennar skuli beitt með takmörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.

2. Aðildarríki eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem hlut eiga að máli, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu afsalað sér að nokkru eða öllu leyti áskildum réttindum til takmarkana, sem tiltekin voru í fyrri yfirlýsingu.

3. Jafnan þegar hægt er að segja samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 82. greinar geta aðildarríki eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem hlut eiga að máli, sent framkvæmdastjóranum yfirlýsingu, sem dragi að einhverju öðru leyti úr ákvæðum fyrri yfirlýsingar, enda lýsi þau jafnframt, hvernig þá er ástatt um framkvæmd samþykktarinnar.

82. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni eða hverjan integral part of the ratification and shall have the force of ratification.

3. Any Member may at any time by a subsequent declaration cancel in whole or in part any reservation made in its original declaration in virtue of subparagraphs *(b)*, *(c)* or *(d)* of paragraph 1 of this Article.

4. Any Member may, at any time at which the Convention is subject to denunciation in accordance with the provisions of Article 82, communicate to the Director-General a declaration modifying in any other respect the terms of any former declaration and stating the present position in respect of such territories as it may specify.

Article 81

1. Declarations communicated to the Director-General of the International Labour Office in accordance with paragraphs 4 or 5 of Article 35 of the Constitution of the International Labour Organisation shall indicate whether the provisions of the Convention or of the Parts thereof accepted by the Declaration will be applied in the territory concerned without modification or subject to modifications; when the Declaration indicates that the provisions of the Convention or of certain Parts thereof will be applied subject to modifications, it shall give details of the said modifications.

2. The Member, Members or international authority concerned may at any time by a subsequent declaration renounce in whole or in part the right to have recourse to any modification indicated in any former declaration.

3. The Member, Members or international authority concerned may, at any time at which this Convention is subject to denunciation in accordance with the provisions of Article 82, communicate to the director-General a declaration modifying in any other respect the terms of any former declaration and stating the present position in respect of the application of the Convention.

Article 82

1. A Member which has ratified this Convention may, after the expiration of

um sem er af II. til X. kafla hennar upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi, fyrr en ár er liðið frá skráningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt eða hverjum sem er af II. til X. kafla hennar upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

83. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

84. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein Sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

85. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar

ten years from the date on which the Convention first comes into force, denounce the Convention or any one or more of Parts II to X thereof by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce the Convention or any one of Parts II to X thereof at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

Article 83

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all ratifications, declarations and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.

2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

Article 84

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications, declarations and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

Article 85

At such times as it may consider neccessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report

samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

86. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:

(a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 82. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim degi er það gerðist;

(b) aðildarríkjunum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi;

enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

87. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

Article 86

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides—

(a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 82 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

(b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 87

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Viðauki.

Skorðuð alþjóðleg flokkun allra atvinnugreina.

Skrá yfir flokka og helztu undirflokka.

Flokkur 0. Landbúnaður, Skógrækt, Dýraveiðar, Fiskveiðar.
01. Jarðyrkja og kvikfjárrækt.
02. Skógrækt og skógarhögg.
03. Dýraveiðar, gildrulagnir og veiðidýrarækt.
04. Fiskveiðar.

Flokkur 1. Námuvinna, ofan jarðar og neðan.
11. Kolanám.
12. Málmnám.

Annex

International standard industrial classification of all economic activities

List of Divisions and Major Groups

Division 0. Agriculture, Forestry, Hunting and Fishing:
01. Agriculture and livestock production.
02. Forestry and logging.
03. Hunting, trapping and game propagation.
04. Fishing.

Division 1. Mining and Quarrying:
11. Coal mining.
12. Metal mining.
13. Crude petroleum and natural gas.

13. Óhreinsuð steinolía og jarðgas.
14. Grjótnám, leirnám og sandnám.
19. Önnur námuvinnsla en málmnám, sú er ekki er annars staðar flokkuð.

14. Stone quarrying, clay and sand pits.
19. Non-metallic mining and quarrying not elsewhere classified.

Flokkar 2—3. Verksmiðjuvinna.

20. Verksmiðjuvinna við matvæli, að drykkjarföngum undanskildum.
21. Framleiðsla drykkjarfanga.
22. Tóbaksgerð.
23. Vefnaður.
24. Skófatnaðargerð, tilbúningur fatnaðar og annars úr vefnaði.
25. Verksmiðjuvinna við tré og kork, að undanskilinni húsgagnagerð.
26. Smíði húsgagna og innanstokksmuna.
27. Pappírsgerð og vinna við muni úr pappír.
28. Prentiðn, útgáfustörf og skyldar greinar.
29. Leðurgerð og leðuriðnaður, að skófatnaði undanskildum.
30. Gúmiðnaður.
31. Framleiðsla kemiskra efna og vinna við þau.
32. Vinna við það, sem unnið er úr steinolíu og kolum.
33. Framleiðsla hluta úr steinefnum öðrum en málmum, að undanskildum steinolíu og kolum.
34. Vinna við frum-málma.
35. Vinna við hluti úr málmum, aðra en vélar og farartæki.
36. Vinna við vélaframleiðslu, að undanskildum rafmagnsvélum.
37. Vinna við framleiðslu rafmagnsvéla og rafmagnstækja hvers konar.
38. Vinna við framleiðslu farartækja.
39. Ýmis konar verksmiðjuiðnaður.

Divisions 2—3. Manufacturing:

20. Food manufacturing industries, except beverage industries.
21. Beverage industries.
22. Tobacco manufactures.
23. Manufacture of textiles.
24. Manufacture of footwear, other wearing apparel and made-up textile goods.
25. Manufacture of wood and cork, except manufacture of furniture.
26. Manufacture of furniture and fixtures.
27. Manufacture of paper and paper products.
28. Printing, publishing and allied industries.
29. Manufacture of leather and leather products, except footwear.
30. Manufacture of rubber products.
31. Manufacture of chemicals and chemical products.
32. Manufacture of products of petroleum and coal.
33. Manufacture of non-metallic mineral products, except products of petroleum and coal.
34. Basic metal industries.
35. Manufacture of metal products, except machinery and transport equipment.
36. Manufacture of machinery, except electrical machinery.
37. Manufacture of electrical machinery, apparatus, appliances and supplies.
38. Manufacture of transport equipment.
39. Miscellaneous manufacturing industries.

Flokkur 4. Byggingar.

40. Byggingar.

Division 4. Construction:

40. Construction.

Flokkur 5. Rafmagn, Gas, Vatn, Hreinlætisþjónusta.

51. Rafmagn, gas og gufu-afl.
52. Vatn og hreinlætisþjónusta.

Division 5. Electricity, Gas, Water and Sanitary Services:

51. Electricity, gas and steam.
52. Water and sanitary services.

Flokkur 6. Verzlun.
61. Heildsala og smásala.
62. Bankar og aðrar peningastofnanir.
63. Vátryggingar.
64. Fasteignasala.

Division 6. Commerce:
61. Wholesale and retail trade.
62. Banks and other financial institutions.
63. Insurance.
64. Real estate.

Flokkur 7. Flutningar, Geymsla, Samgöngur.
71. Flutningar.
72. Geymsla hvers konar.
73. Samgöngur.

Division 7. Transport, Storage and Communication:
71. Transport.
72. Storage and warehousing.
73. Communication.

Flokkur 8. Þjónusta.
81. Ríkisstjórnarþjónusta.
82. Sveitarstjórnar- og verzlunarþjónusta.
83. Hressingarþjónusta.
84. Einkaþjónusta.

Division 8. Services:
81. Government services.
82. Community and business services.
83. Recreation services.
84. Personal services.

Flokkur 9. Starfsemdir ekki nægilega skilgreindar.
90. Starfsemdir ekki nægilega skilgreindar.

Division 9. Activities not Adequately Described:
90. Activities not adequately described.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samþykkt þessi var gerð á 35. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í júní 1952, en á næsta þingi á undan hafði verið gengið frá uppkasti að henni. Því uppkasti var síðan breytt nokkuð til samræmis við tillögur frá einstökum ríkisstjórnum og það þannig breytt lagt fyrir þingið 1952. Á þinginu greindi menn mjög á um einstök atriði samþykktarinnar, og má segja, að fulltrúar atvinnurekenda og verkamanna skiptust þar í andstæðar fylkingar. Við lokaatkvæðagreiðslu um samþykktina, sem þá var allmikið breytt frá uppkastinu, greiddu fulltrúar verkamanna og allur þorri stjórnarfulltrúanna atkvæði með henni, en flestir fulltrúar atvinnurekenda sátu annað hvort hjá eða greiddu atkvæði á móti samþykktinni.

Hinn 1. janúar 1958 höfðu 8 ríki fullgilt samþykktina, þ. e. Bretland, Danmörk, Grikkland, Ísrael, Ítalía, Júgóslavía, Noregur og Svíþjóð. Hún gekk í gildi 27. apríl 1955, en þá var ár liðið frá því að önnur fullgilding hennar var tilkynnt Alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

Samþykktin fjallar um eftirtalda níu bótaflokka: læknishjálp, sjúkrabætur, atvinnuleysisbætur, ellilífeyri, atvinnuslysabætur, fjölskyldubætur, mæðrastyrki, örorkubætur og eftirlifendabætur. Til þess að geta fullgilt samþykktina þarf ríki að fullnægja kröfum hennar um a. m. k. þrjá bótaflokka, en getur síðar tekið á sig skuldbindingar um aðra bótaflokka, þegar það þykir fært. Nefnd sú, sem samdi frumvarp að núgildandi tryggingalöggjöf, hafði þessa samþykkt til athugunar og komst hún að þeirri niðurstöðu, að unnt mundi að fullgilda hana að því er tekur til ellilífeyris, örorkulífeyris og eftirlifendabóta, ef numið yrði úr lögum ákvæði, sem gerir íslenzkt ríkisfang að skilyrði fyrir bótarétti. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 24/1956, um almannatryggingar, er íslenzkur ríkisborgararéttur ekki lengur skilyrði fyrir bótarétti. Það virðist því ekki vera neitt því til fyrirstöðu að fullgilda samþykkt þessa. Þess skal að lokum getið, að samþykkt þessi er talin ein af veigamestu samþykktum Alþjóðavinnumálaþingsins, og leggur Alþjóðavinnumálastofnunin ríka áherzlu á, að sem flest aðildarríkja hennar fullgildi hana.

Ed. 396. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér við meðferð málsins, er meiri hluti nefndarinnar sammála um að mæla með eftirfarandi tillögu til

RÖKSTUDDRAR DAGSKRÁR:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi í samráði við hlutaðeigandi stéttarsamtök sjómanna frumvarp að nýrri löggjöf um skiptingu björgunarlauna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. apríl 1958.

Björn Jónsson, form. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Jóh. Þ. Jósefsson. Sigurður Bjarnason.

Sþ. 397. Þingsályktun [155. mál]

um endurskoðun ákvæða almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur.

(Afgreidd frá Sþ. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 318.

Ed. 398. Frumvarp til laga [174. mál]

um fræðslustofnun launþega.

Flm.: Eggert Þorsteinsson, Friðjón Skarphéðinsson.

1. gr.

Stofna skal og starfrækja Fræðslustofnun launþega. Hlutverk stofnunarinnar er að veita trúnaðarmönnum og öðru félagsfólki verkalýðsfélaga, félaga opinberra starfsmanna og annarra launþegasamtaka raunhæfa fræðslu um hlutverk slíkra samtaka í nútíma þjóðfélagi, sögu þeirra, skipulag og starfshætti. Einnig skal stofnunin veita almenna fræðslu um efnahagslíf, atvinnu- og félagsmál þjóðarinnar og aðrar greinar, er stjórn stofnunarinnar telur samrýmast tilgangi hennar. Aðsetur stofnunarinnar skal vera í Reykjavík, en umdæmi hennar allt landið.

2. gr.

Stofnunin skal gegna hlutverki sínu á eftirfarandi hátt:

1. Með því að reka **Félagsmálaskólann**, er starfa skal í stuttum eða löngum námskeiðum, er halda má á ýmsum stöðum í landinu, eftir því sem henta þykir. Kennsluefni skal vera í samræmi við 1. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar Fræðslustofnunar launþega hverju sinni.
2. Með því að gangast fyrir almennu fræðslustarfi, t. d. fyrirlestraferðum, öflun og sýningu myndræma, skuggamynda eða kvikmynda, útgáfu fræðslurita, blaða og bóka, stofnun og rekstri bókasafns viðkomandi verkefni stofnunarinnar, samvinnu við blöð og útvarp.

3. gr.

Stjórn Fræðslustofnunar launþega skipa fimm menn. Skulu þrír þeirra kjörnir af miðstjórn Alþýðusambands Íslands, einn kjörinn af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og einn skipaður af menntamálaráðherra. Stjórnin kýs sér formann. Stjórnin skal kjörin til fjögurra ára í senn.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, er jafnframt sé skólastjóri Félagsmálaskólans, svo og annað starfslið og setur því erindisbréf.

Stjórn stofnunarinnar semur reglugerð um starfsemi Fræðslustofnunar launþega, en staðfest skal hún af menntamálaráðherra.

4. gr.

Kostnaður við stofnunina greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til hennar á fjárlögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hefur mikið verið rætt um almenna fræðslu til aukins skilnings á högum og háttum íslenzkra verkalýðssamtaka, tilgangi þeirra og starfsháttum, m. a. til þess að auðvelda samskipti vinnuseljenda og atvinnurekenda.

Flutt hafa verið frumvörp og þingsályktunartillögur um þessi efni, og núverandi ríkisstjórn tók málið upp og hefur heitið því stuðningi. Fyrri flm. þessa frumvarps flutti ásamt tveim öðrum alþingismönnum þáltill. á þskj. 36 um þetta efni í upphafi yfirstandandi þings, en hún hefur enn ekki hlotið afgreiðslu.

Á grundvelli þessarar þáltill. er þetta frumvarp samið, og er þess nú freistað, að málið nái fram að ganga í frumvarpsformi.

Til rökstuðnings frumvarpi þessu nægir því að vitna til þeirrar greinargerðar, er fylgdi þáltill. á þskj. 36, en þar segir m. a.:

„Frumvörp um verkalýðsskóla hafa áður verið lögð fram á Alþingi, og í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar var stofnun slíks skóla heitið. Er flutningsmönnum kunnugt, að menntamálaráðuneytið hefur safnað víðtækum gögnum til undirbúnings því máli. Engin ákvörðun mun þó hafa verið tekin um framkvæmdir.

Með flutningi þáltill. er máli þessu hreyft á nokkuð öðrum grundvelli en áður hefur verið gert á Alþingi, þar sem gert er ráð fyrir almennri fræðslustofnun í stað venjulegs skóla. Þykir flutningsmönnum ólíklegt, að enn sé grundvöllur fyrir verkalýðsskóla hér á landi, og óvíst, að nemendur fáist til að setjast á skólabekk í 1—2 vetur til að búa sig undir störf, sem hljóta með fáum undantekningum að verða ólaunuð aukastörf. Þykir slík stofnun sem hér er gert ráð fyrir mun líklegri til árangurs, enda gæti hún strax og aðstæður leyfa haldið námskeið, er næðu tilgangi áðurnefndrar skólahugmyndar.

Fyrirmyndir að slíkri fræðslustofnun launþega má finna víða um heim, og er höfuðþáttur í starfi þeirra að efna til stuttra og langra námskeiða, oft í nánu samstarfi við ýmsa skóla. Hér á landi mætti halda slík námskeið að sumarlagi í skólabyggingum um land allt, bæði í sveit og bæ, og vafalaust tengja sum þeirra námskeiða við orlof. Stutt námskeið, 1—3 daga, fara mjög í vöxt erlendis. Einnig mætti halda margra vikna námskeið, t. d. í samvinnu við háskólann, er þörf reynist fyrir þau.

Þá mundi fræðslustofnun launþega senda fyrirlesara um land allt til að mæta á fundum launþegasamtaka. Þyrfti stofnunin í því sambandi að eignast myndræmur, skuggamyndir og kvikmyndir til stuðnings fyrirlestrum eða til sjálfstæðra sýninga.

Enn er hugsanlegt, að fræðslustofnunin gefi út í samvinnu við heildarsamtök launþega ýmiss konar fræðslurit, blöð og jafnvel bækur, er stuðla að takmarki

stofnunarinnar. Bókasafn þarf hún sjálf að eignast, er fram líða stundir, og safna þar sem flestum heimildum um sögu og starf launþegasamtaka hér á landi og erlendis.

Æskilegt væri, að launþegasamtökin gætu sjálf annazt þá fræðslu, sem hér ræðir um, en þau hafa ekki bolmagn til slíks starfs í nægilega stórum stíl. Hins vegar er það þjóðfélagsleg nauðsyn, að starfsemi launþegasamtaka sé sem farsælust og þau nái höfuðtilgangi sínum, að bæta kjör félagsmanna sinna, eftir því sem efni standa til og án þess að mikil vinna og verðmæti tapist í verkföllum. Öruggasta leiðin til að ná slíku marki er aukinn félagsþroski og skilningur á heilbrigðu hlutverki og starfsháttum samtakanna. Fræðslustofnun eins og sú, sem hér er lagt til að koma á fót, gæti lagt fram þýðingarmikinn skerf í þá átt."

Sþ. 399. Þingsályktun [77. mál]

um rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja.

(Afgreidd frá Sþ. 16. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða svo sem unnt er lagningu rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja samkvæmt heimild í lögum nr. 65 1956, sbr. lög nr. 53 1954 og lög nr. 5 1956.

Sþ. 400. Þingsályktun [128. mál]

um söfnun erlendra heimilda um sögu Íslands í tveim heimsstyrjöldum.

(Afgreidd frá Sþ. 16. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipuleggja þegar vandlega söfnun hvers konar heimilda, er kunna að vera geymdar í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýzkalandi eða öðrum löndum og varða sögu Íslands í heimsstyrjöldunum 1914—1918 og 1939—1945.

Sþ. 401. Þingsályktun [40. mál]

um efnaiðnaðarverksmiðju í Hveragerði.

(Afgreidd frá Sþ. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 60.

Sþ. 402. Nefndarálit [17. mál]

um till. til þál. um eftirgjöf lána.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin tók þetta mál fyrir á fundum sínum nokkrum sinnum og varð ekki einhuga um afgreiðslu þess.

Meiri hl. nefndarinnar telur tillöguna vanhugsaða og rétt, að Alþingi vísi henni frá með rökstuddri dagskrá.

Minni hlutinn, sem er sjálfstæðismennirnir í nefndinni (JK, MJ og PO), vill aftur á móti samþykkja tillöguna.

Lánsfé það, sem tillagan hljóðar um, að Alþingi feli ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til, að gefið verði eftir, er ekki lengur undir ráðstöfunarrétti Alþingis eða ríkisstjórnarinnar. Það er eign Bjargráðasjóðs Íslands, og stjórn hans ræður yfir því í samræmi við reglur hans og þau skilorð, sem ríkisstjórnin setti um þetta fé, er hún afhenti Bjargráðasjóði það til eignar, með bréfi, dags. 26. apríl 1957. Bréfið er fullgilt gjafabréf og óafturkallanlegt, séu skilyrði þess haldin af sjóðnum, enda út gefið á grundvelli heimildar Alþingis í 40. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1957.

Í bréfinu segir orðrétt: „Skuldabréf þessi eru af ráðuneytisins hálfu afhent með þeim skilyrðum, að stjórn Bjargráðasjóðs veiti lántakendum, er þess óska, ívilnanir um greiðslu vaxta og afborgana af lánum sínum, svo sem með því að lækka eða fella niður vexti, lengja lánstímann eða gefa lánin eftir að einhverju eða öllu leyti, ef sjóðsstjórnin telur þess þörf að fengnu áliti hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Það, sem endurgreiðist af ofannefndu lánsfé, skal renna til sameignarsjóðs Bjargráðasjóðs Íslands sem sérstakt framlag ríkissjóðs til styrktar Bjargráðasjóði, til þess að hann verði færari um að rækja það hlutverk sitt að vera til hjálpar, ef hallæri eða önnur óáran af náttúruvöldum verður í sveitum landsins."

Að áliti meiri hl. fjárveitinganefndar hefur þannig á eðlilegan hátt verið vel fyrir því séð, að umrædd lán verði engum lántakanda fjötur um fót. Benda má á, að sú var einnig skoðun yfirgnæfandi meiri hluta fulltrúa bændastéttarinnar á nýlega afstöðnu búnaðarþingi.

Meiri hluti fjárveitinganefndar leggur til, að Alþingi afgreiði tillöguna með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að tillaga þessi fjallar um efni, sem Alþingi afgreiddi fyrir sitt leyti með heimild til ríkisstjórnarinnar í 40. tölulið 22. gr. fjárlaga 1957, og ríkisstjórnin notaði þá heimild, eins og til var ætlazt, svo að skuldabréf óþurrka- og harðindalánanna eru nú eign Bjargráðasjóðs Íslands, en ekki ríkissjóðs, og þar sem Alþingi treystir stjórn Bjargráðasjóðs til þess að sýna lántakendunum fyllstu nærgætni, svo sem fyrir hana var lagt í bréfi ríkisstjórnarinnar, dags. 26. apríl 1957, þá telur Alþingi ekki koma til greina að samþykkja tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. apríl 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Halldór E. Sigurðsson.	Sveinbjörn Högnason.	Friðjón Skarphéðinsson.

Ed. 403. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Flm.: Karl Kristjánsson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Þar skal leggja útsvar á gjaldþegn, sem hann átti lögheimili samkvæmt þjóðskránni 1. des. næst á undan niðurjöfnun. Nú hefur gjaldþegn haft skráð aðsetur óslitið í tvö ár í öðru sveitarfélagi en lögheimilið er skráð í og það sannast með vottorði frá þjóðskránni, að svo er enn, þegar niður er jafnað útsvörum, og skal

þá aðseturssveitin fá rétt til afrits af skattframtali gjaldþegnsins og um leið rétt til útsvarsálagningarinnar á hann sem lögheimilissveit væri, hafi hann aflað að minnsta kosti ⅔ hluta tekna sinna á útsvarsárinu í aðseturssveitinni, enda ekki haft þar aðsetur vegna þess, að hann hafi verið kallaður þangað til starfa í þágu hins opinbera um stundarsakir eða sé þar við nám.

Nú á aðili hvergi heimilisfang o. s. frv.

2. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist:

Fái aðseturssveit rétt til útsvarsálagningar samkvæmt 8. gr., á lögheimilissveit kröfu á 5/12 hlutum útsvarsins fyrsta árið, sem þannig er á lagt, og ¼ hluta á ári eftir það, ef fleiri verða, enda hafi þá gjaldandinn aflað minnst ¼ hluta árstekna sinna í lögheimilissveitinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með tilkomu laga um þjóðskrána hefur skapazt nokkurn veginn fullkomin festa í manntali um land allt. Sérhver landsmaður er nú eða á örugglega að vera á skrá frá fæðingu til dánardægurs.

Lög þau, sem í gildi eru um álagningu útsvara, eru samin og sett við aðrar aðstæður að þessu leyti en nú eru fyrir hendi. Ákvæði útsvarslaganna um álagningarrétt sveitarfélaga valda miklum árekstrum og ágreiningi í framkvæmd. Einstaklingar eiga í ófriði við sveitarstjórnir og sveitarstjórnir í ófriði sín á milli um það, hvar útsvar skuli á lagt og goldið.

Þetta sanna fjölmörg útsvarsmál, sem sífellt eru að koma fyrir dómstóla.

Það er langt frá því að vera vansalaust fyrir löggjafarvaldið, að þessum málum skuli ekki vera þann veg skipað, að þau geti verið sem allra einföldust og auðveldust í framkvæmd og tryggi, svo sem framast er unnt, samræmi og réttlæti í jafnafdrifaríkum og þýðingarmiklum málum og samskipti þegnanna og sveitarfélaganna eru orðin.

Ríkisvaldið notfærir sér þegar í stað við álagningu skatta til ríkisins það hagræði og öryggi, sem fékkst með tilkomu þjóðskrárinnar. Sama gildir um iðgjöldin til almannatrygginganna, þar eð nú er skilyrðislaust mælt svo fyrir í lögum, að sérhver gjaldþegn greiði þau gjöld sín í því sveitarfélagi, þar sem hann átti lögheimili samkvæmt þjóðskránni hinn 1. des. næst á undan álagningu.

Sveitarstjórnirnar hafa hins vegar farið á mis við hliðstætt hagræði og öryggi, sökum þess að lagaákvæði um álagningu útsvara hafa ekki verið færð til samræmis við hin nýju viðhorf.

Þvert á móti hefur komið á daginn, að vandkvæði við heilladrjúga framkvæmd útsvarslaganna hafa að sumu leyti stóraukizt, eftir að hin nýja skipan komst á almannaskráningu og skattaálagningu.

Núgildandi ákvæði útsvarslaga um heimilisfang eru túlkuð þannig af fjölda sveitarstjórna, með stuðningi úrskurða og dóma, að aðsetur gjaldþegns á íbúaskrá, enda þótt hann telji sér þar ekki lögheimili, veiti viðkomandi sveitarfélagi rétt til álagningar útsvars og það alveg jafnt, þótt sveitarfélagið, þar sem gjaldþegn á lögheimili samkvæmt þjóðskránni, leggi einnig á hann útsvar, telji sig gera það með fullum rétti, hafi útgjöld af honum, svo sem lög gera heimilissveit skylt, og hann njóti þar réttinda, sem aðseturssveitin veitir ekki.

Þegar um er að ræða jafnþýðingarmikla ákvörðun um löggjöf og hér er lagt til að tekin verði, ber sérstaklega að benda á, að tímatakmarkið, sem íbúaskráin ár hvert er miðuð við, er stórum hagkvæmara fyrir viss sveitarfélög en önnur. Árstíðabundin tilfærsla fólks í atvinnuleit er í megindráttum þannig, að sveitafólk

leitar til bæjanna á vetrum, en fólk úr bæjunum leitar út í sveitirnar og síldarverin á sumrin. Þannig fer því, að margt fólk úr kaupstöðum, sem aflar hluta tekna sinna utan heimilissveitar, kemur yfirleitt aldrei inn á íbúaskrá þess sveitarfélags, sem það sækir atvinnu í, og þótt svo væri, að það tilkynnti þar aðsetur, er það komið til síns heima aftur fyrir 1. des. ár hvert. En fólk úr sveitum og smærri þorpum, sem fer í atvinnuleit í kaupstaðinn, lendir aftur á móti allajafna inn á íbúaskrá hinn 1. des., þá nýkomið í kaupstaðinn. Þó að það fari heim í átthagana með vorinu eða síðla vetrar og vinni þar fram á næsta vetur, endurtekur sagan sig, það lendir aftur á íbúaskrá 1. des. utan síns lögheimilis og þannig áfram ár eftir ár, ef verkast vill.

Hitt á sér líka stað, að fólk telur lögheimili árum saman í því sveitarfélagi, sem það er raunverulega flutt úr, og stundum til þess að komast hjá þyngri gjöldum í atvinnusveitinni. Gegn því óréttlæti þarf auðvitað að reisa einhverjar skorður í löggjöfinni ákveðnari en nú gildir, og er hér lagt til, að aðseturssveitin fái útsvarsálagningarréttinn sjálfkrafa, þegar gjaldþegninn hefur dvalizt þar óslitið í full tvö ár og aflað þar a. m. k. ⅔ tekna sinna, enda má þá líta svo á, að það sé af annarlegum ástæðum, sem viðkomandi aðili flytur ekki lögheimilið í samræmi við aðsetrið.

Ekki þykir þó fært að taka hér fram fyrir hendur fólks og skerða persónufrelsi þess til að ráða skráðu lögheimili, en þess í stað er lagt til, að um leið og lögheimilissveitin tapar álagningarréttinum, sé henni tryggður viss hluti af útsvari viðkomandi gjaldþegns til að mæta þeim útgjöldum, sem leiðir af því, að hann á þar enn lögheimili.

Til skýringar á einstökum greinum skal tekið fram eftirfarandi:

Um 1. gr.

Ákveðið er, að þjóðskráin sé heimild niðurjöfnunarnefndar um lögheimili og aðsetur.

Tveggja ára óslitið aðsetur veitir aðseturssveit rétt til afrits af skattframtali gjaldþegns til þess að athuga útsvarsskylduna. Á gjaldþegn má þá leggja sem í lögheimilissveit væri, ef hann hefur aflað ⅔ — eða meira — af árstekjum sínum á útsvarsárinu í aðseturssveitinni. Um leið missir lögheimilissveitin að sjálfsögðu álöguréttinn.

Um 2. gr.

Það ár, sem aðseturssveit leggur í fyrsta sinn útsvar á gjaldþegn, samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna, eins og hún verður, fái þetta frumvarp lagagildi, á lögheimilissveitin kröfu á 5/12 útsvarsins vegna útgjalda sinna af honum og félagslegra réttinda hans þar. Verður það að teljast sanngjarnt.

Nú má vera, að gjaldþegn breyti ekki um lögheimili þrátt fyrir það, að útsvar hans er álagt í aðseturssveitinni, þó að líklegt sé, að svo verði oftast. Ekki þykir rétt að setja stól fyrir dyr manna í þessum efnum. Hins vegar er ákveðið, að einungis ¼ útsvarsins skuli ganga til lögheimilissveitar eftir fyrsta árið, sem aðseturssveitin fær álöguréttinn, og þó því aðeins, að gjaldandinn afli ¼ ársteknanna í lögheimilissveitinni.

Um 3. gr.

Greinin þarf ekki skýringa.

Nd. 404. Lög [148. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1955.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 332.

Ed. 405. Frumvarp til laga [164. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn á Keflavíkurflugvelli áfengisútsölu, er eingöngu selji áfengi til farþega og flugvélaáhafna í framhaldsflugi.

Áfengisverzlun ríkisisins rekur útsölu þessa undir yfirstjórn utanríkisráðherra. Ráðherra ákveður verð áfengis, sem selt er með þessu móti, og setur nánari reglur um eftirlit með rekstrinum og þeim farþegum, sem við verzlunina skipta.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur heimilað útsölu þeirri, sem um ræðir í 1. gr., að hafa einnig á boðstólum tóbak og hvers konar aðrar vörur, sem henta þykir, og gilda um þá verzlun reglur 1. gr., eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 406. Frumvarp til laga [146. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aikman, John, nemandi í Reykjavík, f. í Skotlandi 13. janúar 1939.
2. Andreasen, Andreas Johannes Michael, verkamaður í Sælingsdalstungu í Dalasýslu, f. í Færeyjum 1. janúar 1886.
3. Arnet, Willi Franz Olaf, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Síberíu 18. júní 1915.
4. Berg, Ágúst, verkstjóri á Akureyri, f. í Kanada 20. ágúst 1910.
5. Bergner, Irma Johanna Karla, aðstoðarstúlka hjá tannlækni í Neskaupstað, f. í Þýzkalandi 20. júní 1914.
6. Block, Gertrud Frieda, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 8. júlí 1920.
7. Briem, Christiene, húsmóðir í Reykjavík, f. í Indónesíu 26. marz 1929.
8. Christensen, Christian Harald Hyldal, verzlunarstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 18. júlí 1910.
9. Christiansen, Niels Holm, þvottahúseigandi í Reykjavík, f. í Danmörku 26. apríl 1922.
10. Cogan, Teresa, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 18. desember 1926. (Fær réttinn 10. júlí 1958.)
11. Daugaard, Frieda Elisabeth, starfsstúlka, Ytri-Njarðvík, f. í Þýzkalandi 16. september 1901.
12. de Fontenay, Jean Robert Edouard le Sage, héraðsráðunautur, Hvanneyri í Borgarfirði, f. á Íslandi 12. júní 1929.
13. Fredriksson, Iris Gunborg, húsmóðir á Akureyri, f. í Svíþjóð 21. september 1932.
14. Gailitis, Käthe Elise Charlotte, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 5. september 1926. (Fær réttinn 7. október 1958.)

15. Graef, Martha Emma Johanna, húsmóðir að Neðra-Seli, Landmannahreppi, f. í Rúmeníu 20. febrúar 1924.
16. Hansen, Gunnar Robert, leikstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 25. júlí 1901.
17. Häfner, Ursula Elfriede, húsmóðir í Hveragerði, f. í Þýzkalandi 30. apríl 1922.
18. Hübner, Lotte Erika, húsmóðir að Hlíð í Svarfaðardal, f. í Þýzkalandi 27. júní 1921.
19. Jacobsen, Kjartan Frits, verkamaður á Álafossi, f. í Færeyjum 3. nóvember 1922.
20. Jäschen, Margarete Frida, húsmóðir á Minna-Hofi, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu, f. í Þýzkalandi 28. janúar 1916.
21. Jeising, Josepha Bernardina (Maria Agnella), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. marz 1905.
22. Jensen, Börge Louis Jónmundur, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 15. febrúar 1934.
23. Jensen, Finn Agnar, sjómaður í Reykjavík, f. í Danmörku 17. apríl 1941.
24. Jónbjörn Gíslason, múrari á Akureyri, f. á Íslandi 22. júlí 1879.
25. Kivi, Vuokko Tellervo, húsmóðir í Reykjavík, f. í Finnlandi 28. desember 1925.
26. Kjerumgaard, Börge Egon, veitingamaður í Hafnarfirði, f. í Danmörku 7. desember 1914.
27. Klingbeil, Gunnar, nemandi í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 18. ágúst 1939.
28. Kreutzfeldt, Vera Johanna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 12. nóvember 1928.
29. Kummer, Kristjana Gisela, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 29. október 1935.
30. Kyvik, Arnulf Harald, trúboði, Selfossi, f. í Noregi 22. nóvember 1903.
31. Kyvik, Magny, húsmóðir á Selfossi, f. í Noregi 1. ágúst 1900.
32. Larsen, Knud Harkild Salling, iðnaðarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 18. maí 1923. (Fær réttinn 11. ágúst 1958.)
33. Leussink, Gerda Harmina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Hollandi 11. apríl 1923.
34. Lillie, Bodil Matilde, matreiðslukona í Reykjavík, f. í Danmörku 30. júní 1911.
35. Lillie, Mogens, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 23. ágúst 1938.
36. Malmquist, Liesel, húsmóðir á Akureyri, f. í Þýzkalandi 7. febrúar 1929.
37. Morgalla, Anna Victoria (Maria), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 23. desember 1898.
38. Mortensen, Daniel Jacob, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 31. ágúst 1922.
39. Olsen, Eli, sjómaður, Akureyri, f. í Færeyjum 11. maí 1921.
40. Pampichler, Paul Ferdinand Mathias, hljómlistarmaður í Reykjavík, f. í Austurríki 9. maí 1928.
41. Petersen, Joen Peter, iðnverkamaður á Akureyri, f. í Færeyjum 18. desember 1924.
42. Polaszek, Anna (Maria Emiliana), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Póllandi 14. júlí 1906.
43. Rasmussen, Alfred Emilius, skósmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. september 1904.
44. Rasmussen, Bent, sjómaður í Reykjavík, f. í Danmörku 12. nóvember 1938.
45. Rasmussen, Hanne Cathrine, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 26. október 1914.
46. Rasmussen, John, sjómaður í Reykjavík, f. í Danmörku 25. desember 1936.
47. Rasmussen, Minne Margarethe, ráðskona í Reykjavík, f. í Danmörku 1. september 1907.
48. Rasmussen, Niels Jakob, skósmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 4. janúar 1908.
49. Rossebö, Johan, verkamaður á Akureyri, f. í Noregi 11. október 1921.
50. Schröder, Rosemarie Martha Friede, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 7. marz 1925.

51. Schulz, Elisabeth Maria, húsmóðir í Grafarnesi í Grundarfirði, f. í Þýzkalandi 11. janúar 1923. (Fær réttinn 7. maí 1958.)
52. Schweigkofler, Theresa (Maria Elisabeth), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. á Ítalíu 10. febrúar 1915.
53. Sedlacek, Georgie, húsmóðir í Reykjavík f. í Austurríki 25. marz 1935.
54. Sepp, Karl, lögfræðingur, Hafnarfirði, f. í Rússlandi 29. nóvember 1913.
55. Shirreffs, George, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 18. nóvember 1945.
56. Shirreffs, Mary Oliver, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 24. október 1949.
57. Shirreffs, Paul, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík, 22. apríl 1947.
58. Shirreffs, William, bólstrari í Reykjavík, f. í Skotlandi 25. nóvember 1921.
59. Shirreffs, William James, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 21. nóvember 1943.
60. Stieborsky, Georg múraranemi í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 3. október 1928.
61. Suchy, Adelheid Josefine (Maria Appollonia), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 19. marz 1911.
62. Sulebust, Per Norvald, sjómaður, Bolungavík, f. í Noregi 11. október 1919.
63. Thom, Odd Kristian, sjómaður, Reykjavík, f. í Noregi 9. september 1918.
64. Trauenholz, Luise, húsmóðir í Keflavík, f. í Þýzkalandi 2. apríl 1916.
65. Valen, Bjarne Linfred, bóndi í Hjarðarnesi, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, f. í Noregi 22. marz 1913.
66. Volkmar, Margarethe Anna (Maria Lydia), St. Jósefssystir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 3. júní 1908.
77. Wyrwich, Georg, verkamaður, Syðri-Reykjum í Biskupstungum, f. í Þýzkalandi 2. janúar 1930.
68. Young, Gorden Alan, rafvirki í Garðahreppi, f. í Englandi 31. marz 1920.
69. Zirke, Erna Anna Else, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 22. júní 1913.
70. Þorsteinn Ásgeirsson, húsamálari í Reykjavík, f. á Íslandi 9. janúar 1888.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 407. Frumvarp til umferðarlaga. [18. mál]

(Eftir eina umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 22 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:
Í hverri bifreið skal vera:

a. Stýris- og hemlabúnaður.
b. Ljósker, er lýsi fram fyrir bifreiðina, a. m. k. eitt rautt ljós, er lýsi aftur fyrir hana, og ljósker til lýsingar á aftara skráningarmerki hennar. Enn fremur rauðlitað glitauga aftan á bifreiðinni. Þó skulu vera rauð glitaugu á báðum pallhornum vörubifreiðar að aftan. Sama gildir, þótt pallurinn sé yfirbyggður.
c. Tæki til þess að gefa hljóðmerki og stefnumerki.
d. Hraðamælir.
e. Búnaður, er tryggi nauðsynlega útsýn ökumanns.
f. Gúmbarðar á hjólum.

g. Ef hált er, skal hafa snjókeðjur á hjólum eða annan búnað, sem bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.
h. Búnaður til aksturs aftur á bak, sé eigin þyngd bifreiðar yfir 400 kg.
i. Merki, er sýni framleiðsluverksmiðju og framleiðslunúmer bifreiðarinnar.
j. Á útblásturspípum hreyfla skulu vera tæki, er dragi úr hávaða.

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega yfir 30 farþega, skal vera ökuriti, er sýni farna vegalengd og hraða bifreiðarinnar á hverjum tíma. Eiganda bifreiðar ber að geyma árituð eyðublöð tækisins í eitt ár, og er skylt að sýna þau lögreglumönnum, ef óskað er. Eigi má nota aðrar tegundir ökurita en þær, er bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.

Bifhjól skal búið sömu tækjum og bifreið, þó ekki tækjum til að gefa með stefnumerki.

7. gr. hljóðar svo:

Í hverri vinnuvél skal vera:
a. Stýris- og hemlabúnaður.
b. Rauðlitað glitauga aftan á vinnuvélinni og hvítt að framan, ef þar er ekki ljósker.
c. Ljósker, ef vinnuvélin er notuð á ljósatíma. Skal annað lýsa fram fyrir, en hitt aftur fyrir vélina.

8. gr. hljóðar svo:

Á hverju reiðhjóli skal vera:
a. Hæfilega traustur hemill.
b. Ljósker, er sýni hvítt eða daufgult ljós í hæfilegri fjarlægð framan frá, þegar reiðhjólið er notað á ljósatíma.
c. Rauðlitað glitauga eða ljósker aftan á reiðhjólinu.
d. Bjalla. Eigi má nota annað hljóðmerkjatæki á reiðhjóli.
e. Lás.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um reiðhjól með hjálparvél með þeirri viðbót: *Að* á þeim skulu vera tveir hemlar, sem verka sjálfstætt, hvor um sig, og rafmagnsljós, tengt við rafal. Í stað bjöllu má nota eintóna horn.

9. gr. hljóðar svo:

Við notkun hestvagna skal örugglega búið um aktygi og festingar.

Aftan á hestvögnum, sem notaðir eru á ljósatíma á vegum, skal vera rauðlitað glitauga.

16. gr. hljóðar svo:

Innflytjendum skráningarskyldra, vélknúinna ökutækja er skylt að senda bifreiðaeftirliti ríkisins nákvæma lýsingu og myndir af nýjum gerðum vélknúinna ökutækja, sem þeir ætla að flytja til landsins. Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða skráningarskylt, vélknúið ökutæki, nema bifreiðaeftirlit ríkisins hafi gefið yfirlýsingar um, að sú gerð ökutækja fullnægi ákvæðum íslenzkra laga.

20. gr. hljóðar svo:

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum, eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafizt er, og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá eftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Heimilt er lögreglustjóra að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum rétthöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal þá því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

23. gr. hljóðar svo:

Erlend ökutæki, sem nota má hér á landi um stundarsakir samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, skulu fullnægja ákvæðum 5.—10. gr. Ökutæki, sem eru skráningarskyld samkvæmt 11. gr., má nota án skráningar hér á landi, ef þau eru löglega skráð í heimalandi, enda sé á þeim þjóðernismerki, auk skráningarmerkis, sbr. þó 3. mgr.

Í reglugerð skal kveðið á um eftirlit með erlendum ökutækjum, hve lengi þau mega vera hér á landi, tilkynningu þeirra og skráningu.

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða afhenda honum skráningarmerki þess innan hálfs mánaðar, eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálfs mánaðar.

25. gr. hljóðar svo:

Enginn má neyta áfengis við akstur vélknúins ökutækis.

Enginn má aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki, ef hann vegna áfengisneyzlu verður eigi talinn geta stjórnað því örugglega.

Ef vínandamagn í blóði manns er 0.50‰ til 1.20‰ eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1.20‰ eða meira, telst hann óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna hestvagni eða reiðhjóli, ef hann er með svo miklum áfengisáhrifum, að hann geti ekki með fullu öryggi stjórnað hestvagninum eða reiðhjólinu.

Bannað er að fela manni, sem er í því ástandi, sem um getur í 2.—5. mgr., stjórn vélknúins ökutækis, reiðhjóls eða hestvagns.

Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þessi efni.

Það leysir ekki undan sök, þótt maður ætli vínandamagn í blóði sínu vera minna en greinir í 2. og 3. mgr.

Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann, þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á, sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

Þegar maður hefur neytt áfengis á opinberum veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita, eða hafa ástæðu til að ætla, að hann muni verða brotlegur við framangreind ákvæði, ber þeim að gera það, sem unnt er, til að hindra brotið, þar á meðal að gera lögreglunni viðvart.

Bannað er að selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað, sem þarf til aksturs, ef hann er með áhrifum áfengis.

27. gr. hljóðar svo:

Enginn má stýra bifreið, nema hann hafi fengið til þess ökuskírteini hjá lögreglustjóra. Bifreiðarstjóri skal ávallt hafa skírteinið meðferðis, er hann ekur bifreið, og sýna það, er löggæzlumaður krefst þess.

Skilyrði til þess að öðlast ökuskírteini eru þau, að umsækjandi sé fullra 17 ára, sé áreiðanlegur, samvizkusamur og reglusamur, hafi góða sjón og heyrn og

sé nægjanlega hraustur andlega og líkamlega. Enginn má fá ökuskírteini, ef ástæða er til að ætla, að hann geti misst meðvitund snögglega vegna flogaveiki eða annars sjúkdóms. Umsækjandi skal hafa notið kennslu löggilts ökukennara og staðizt próf í umferðarlöggjöf, akstri bifreiðar og meðferð hennar. Lögreglustjóri getur neitað um ökuskírteini, ef varhugavert þykir vegna fyrri hegðunar umsækjanda að veita honum það. Ef óskað er eftir ökuskírteini hjá lögreglustjóra utan heimilissveitar umsækjanda, skal hann láta beiðninni fylgja samþykki lögreglustjóra í heimilissveit sinni.

Enginn getur fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga né vörubifreið, sem skráð er fyrir 5 smálesta farm eða meira, nema hann sé fullra 20 ára, hafi staðizt viðbótarpróf og fullnægi frekari skilyrðum, sem ákveðin eru í reglugerð. Heimilt er og að setja með reglugerð sérstök skilyrði til að öðlast ökuskírteini til aksturs fólksbifreiða, er flytja megi fleiri en 16 farþega.

Ökuskírteini til aksturs bifreiða, sem notaðar eru til farþegaflutninga í atvinnuskyni, skal eigi veita þeim, sem hafa flekkað mannorð, samkvæmt dómi.

Ef leigubifreiðastjóri brýtur af sér í starfi sínu, svo sem með því að eiga við fólk viðskipti, er varða við lög, eða gætir á annan hátt eigi fulls velsæmis, má svipta hann réttindum leigubifreiðastjóra svo og atvinnuleyfi um lengri eða skemmri tíma og ævilangt, ef um ítrekað brot er að ræða. Skal dómsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bifreiðastjórafélaga, setja í reglugerð nánari ákvæði um starf atvinnubifreiðastjóra.

Ökuskírteini gildir í 5 ár frá útgáfudegi. Gefa má þó ökuskírteini út til skemmri tíma, ef sérstakar ástæður þykja til. Ef endurnýjunar á ökuskírteini er óskað, verður hlutaðeigandi að sanna af nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskírteini. Lögreglustjóri ákveður, hvort hlutaðeigandi skuli þá af nýju ganga undir bifreiðastjórapróf.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er, svipt mann ökuskírteini, ef það vitnast, að hann fullnægi ekki settum skilyrðum. Skírteinishafa er skylt að sæta nauðsynlegum rannsóknum til úrskurðar samkvæmt þessari málsgrein.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um bifhjól, eftir því sem við á.

28. gr. hljóðar svo:

Enginn má stýra dráttarvél, nema hann hafi fengið skírteini til bifreiðaaksturs eða sérstakt skírteini til aksturs dráttarvéla. Slíkt skírteini má ekki veita yngri mönnum en 16 ára. Eigi þarf ökuskírteini til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkjustörf utan alfaravegar.

Enginn má stýra vinnuvél, fyrr en hann er orðinn 17 ára. Sé vinnuvél ekið um vegi, skal ökumaður þó hafa skírteini til bifreiðaaksturs.

Enginn má stýra reiðhjóli með hjálparvél, nema hann sé orðinn 15 ára.

Ákvæði 7. mgr. 27. gr. gilda og um stjórnendur ökutækja þeirra, sem grein þessi fjallar um.

Dómsmálaráðherra setur reglur um skilyrði til að öðlast réttindi til aksturs dráttarvéla og reiðhjóla með hjálparvél og ákveður gjald fyrir.

40. gr. hljóðar svo:

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur hljóð- og ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum annarra ökutækja er skylt að aka til hliðar eða nema staðar.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvernig merkjum sbr. 1. mgr. skuli háttað. Þau má eingöngu nota, þegar nauðsyn ber til, og er stjórnendum ökutækjanna skylt að taka fullt tillit til annarra vegfarenda.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um vélknúin ökutæki, sem í einstök skipti eru notuð í þjónustu lögreglu, slökkviliðs, eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning

sjúkra manna eða slasaðra. Þegar ökutækið er notað þannig, skal það auðkennt greinilega með hvítri veifu. Ökumaður skal tilkynna lögreglunni innan sólarhrings um aksturinn.

Framangreind ökutæki eru, þegar brýna nauðsyn ber til, undanþegin ákvæðum laga þessara um hámarkshraða og um takmarkanir, sem settar kunna að vera um akstur á ákveðnum vegum, enda séu þá notuð merki þau, er um ræðir í 1. og 3. mgr.

47. gr. hljóðar svo:

Þegar ökutæki mætast, skulu stjórnendur þeirra aka út að vinstri brún akbrautar í tæka tíð og draga úr hraða, ef nauðsyn krefur. Ef hindrun er á vegi, skal ökumaður, sem ekur á þeim vegarhelmingi, þar sem hún er, nema staðar, ef nauðsynlegt er.

Ef ökutæki mætast, þar sem vegur er svo mjór, að hvorugt kemst fram hjá öðru, áhættulaust, skal sá ökumaður, sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak.

Ökumenn skulu hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja. Eigi má aka fram úr ökutæki, nema unnt sé án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð, enda sé útsýn yfir akbraut góð. Eigi má aka fram úr ökutæki á vegamótum, beygjum, ef þær eru brattar eða þröngar, né við eða á afmörkuðum brautum fyrir gangandi fólk.

Aka skal fram fyrir ökutæki hægra megin við það. Skal sá, sem fram hjá ætlar, gefa þeim, sem á undan fer, merki, þannig að hann megi vita um þá ætlan. Sá, sem á undan er, skal þá, er hann verður var við þann, sem á eftir kemur, víkja til vinstri og draga úr hraða eða nema staðar, þannig að áhættulaust sé að aka fram hjá. Sá, sem fram fyrir hefur ekið, má ekki aka að vinstri brún akbrautar, fyrr en hann er kominn svo langt, að hinu ökutækinu geti ekki stafað hætta eða veruleg óþægindi af.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. má við vegamót, ef aðstæður leyfa, aka vinstra megin fram hjá ökutæki, sem á undan fer, ef ökumaður þess gefur greinilega merki um, að hann ætli að aka til hægri.

Þar sem akbraut er skipt í tvær eða fleiri merktar akreinar með sömu aksturstefnu, má aka vinstra megin fram úr ökutæki, en gæta skal þá sérstakrar varúðar.

Aka má fram hjá vegagerðartæki með þeim hætti, sem hagkvæmastur er, miðað við aðstæður, enda sé gætt sérstakrar varúðar.

50. gr. hljóðar svo:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km á klukkustund.

Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3.5 smálestir eða meira að heildarþyngd, má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- eða festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

53. gr. hljóðar svo:

Þegar ekið er á ljósatíma, skulu vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Þegar ökutæki er fest eða tengt aftan í annað, nægir, að afturljós séu tendruð á því ökutæki, er síðar fer. Á ökutækjum mega ljós, sem lýsa fram, aðeins vera hvít eða daufgul.

Þegar ekið er um vel lýstan veg, skal nota lágan ljósgeisla. Þegar ekið er á móti öðru ökutæki, má ekki nota háan ljósgeisla. Skipta skal þá á lágan ljósgeisla í tæka tíð.

Ef bifreið, dráttarvél, eða annað ökutæki, sem hefur stöðuljósabúnað, er stöðvað eða lagt á dimmri akbraut á ljósatíma, skal það hafa tendruð stöðuljós. Önnur

ökutæki, sem skilin eru eftir á akbraut, skulu greinilega auðkennd með glitaugum að framan og aftan.

Eigi má nota aðrar tegundir ljósa né glitaugna en boðnar eru eða heimilaðar í lögum þessum, eða reglum, settum samkvæmt þeim.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um ljósabúnað ökutækja og notkun hans.

Ákveða má í lögreglusamþykktum, að nota skuli eingöngu stöðuljós við akstur á tilgreindum, vel lýstum vegum.

54. gr. hljóðar svo:

Við hleðslu ökutækis skal þess gætt, að hvorki farþegar né farmur byrgi nauðsynlega útsýn ökumanns fram eða til hliðar eða í baksýnisspegli, né tálmi notkun stjórntækja eða valdi annarri umferð hættu eða truflun.

Ganga skal svo frá farmi, að hann raskist ekki né valdi óþrifnaði né óþarfa hávaða.

Ökutæki skal þannig hlaðið, að því megi stjórna örugglega. Eigi má farmur dragast eftir vegi, nema óhjákvæmilegt sé og eigi valdi skemmdum.

Ef farmur nær fram eða aftur fyrir eða út fyrir ökutæki, skal gæta sérstakrar varúðar. Þá skal og festa til viðvörunar á yztu brún farmsins greinilegt merki, og á ljósatíma hvítt glitauga, er snýr fram, og rautt, er snýr aftur. Í stað glitaugna má nota ljósker með sama lit.

Lögreglumaður eða eftirlitsmaður ökutækja getur stöðvað ökutæki, ef hann telur hleðslu þess varhugaverða, og bannað akstur þess, nema úr verði bætt.

66. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa og annarra merkja á vegi eða við veg til stjórnar, viðvörunar eða leiðbeiningar fyrir umferð.

Í kaupstöðum skal lögreglustjóri sjá um, að greinileg umferðarmerki séu sett á eða við veg, þar sem sérreglur eiga að gilda um umferð. Það er þó ekki nauðsynlegt, ef lögreglumaður stjórnar umferð.

Vegamálastjóri skal sjá um, að umferðarmerki séu sett á eða við veg utan kaupstaða.

Óheimilt er að setja umferðarmerki á eða við veg, nema með leyfi lögreglustjóra eða vegamálastjóra.

Lögreglustjóri getur bannað auglýsingaspjöld, ljósaauglýsingar, glitaugu og annað, sem valdið getur hættu eða óþægindum fyrir umferð.

Þar sem unnið er að vegagerð eða vegi raskað af öðrum ástæðum, þannig að hætta stafi af, er þeim, sem stjórnar verki, skylt að sjá um, að sett verði upp greinileg viðvörunarmerki.

Kostnað vegna umferðarmerkja skal sá greiða, sem kostar viðhald vegar.

73. gr. hljóðar svo:

Nú hefur viðurkennt vátryggingarfélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og á það þá endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins og öðrum atvikum. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.

76. gr. hljóðar svo:

Vátryggingarfélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 7. gr., og landssamband bifreiðaeigenda, ef til er, skulu hvert nefna einn mann í nefnd, en dómsmálaráðherra skal skipa einn mann, og er hann formaður hennar. Nefnd þessari skulu vátryggingarfélög senda gögn, er þau hafa reist á bótagreiðslur sínar samkvæmt lögum þessum. Nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök. Í meðferð hvers máls taka þátt formaður og tveir aðrir

nefndarmenn, er hann kveður til. Skal annar þeirra vera sá, sem félag það, er hlut á að máli, hefur kjörið í nefndina. Hinn skal vera fulltrúi sá, er landssamband bifreiðaeigenda hefur tilnefnt. Sé slíkt landssamband ekki til, nefnir Félag íslenzkra bifreiðaeigenda mann í nefndina eða það félag bifreiðaeigenda, sem sá er félagsmaður í, er krafa beinist gegn.

Kostnað af störfum nefndarinnar greiða vátryggingarfélögin eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Hann setur og nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar.

81. gr. hljóðar svo:

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það. Ef sérstakar málsbætur eru og kærði hefur eigi áður orðið sekur um sams konar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á 1. og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr.

Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 1 mánuð, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot að ræða. Réttindasvipting vegna brota gegn ákvæðum 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. skal þó eigi skemmri en 1 ár. Ef kærði hefur verið sviptur réttindum um stundarsakir samkvæmt ákvæðum 6. mgr. hér á eftir, skal ákveðið í dómi, hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Nú hefur maður verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfi af nýju eða réttur til að öðlast það, enda sé sannað, að hann hafi ekki gerzt brotlegur við áfengislöggjöf um þriggja ára skeið að undanförnu. Umsókn um endurveitingu ökuleyfis samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna um reglusemi og góða hegðun umsækjanda í næstliðin 3 ár. Leita skal umsagnar áfengisvarnarnefndar í heimilissveit umsækjanda, áður en ökuleyfi er veitt af nýju, ef brot gegn 25. gr. hefur valdið ökuleyfissviptingu. Slíkt leyfi má þó eigi veita sama manni oftar en einu sinni, nema 6 ár séu liðin frá síðustu réttindasviptingu.

Svipting ökuleyfis eða réttar til að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og skal hann þá svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða. Ákvörðun lögreglustjóra skal borin undir úrskurð dómara svo fljótt, sem verða má, og eigi síðar en viku eftir sviptinguna. Dómari getur breytt úrskurði síðar, ef efni standa til. Aðili getur kært úrskurðinn samkvæmt XXI. kafla laga nr. 27/1951.

Hver, sem sviptur hefur verið ökuleyfi samkvæmt þessari grein eða hefur misst það samkvæmt 7. sbr. 8. mgr. 27. gr., skal afhenda lögreglunni ökuskírteini sitt.

Ef maður hefur með dómi verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það, skal dómari þegar tilkynna það öllum lögreglustjórum á landinu.

Ef íslenzkur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi hefur sætt ökuleyfissviptingu eða refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað missi ökuleyfis eða réttar til að öðlast það, má svipta hann þeim réttindum með dómi í opinberu máli, sem höfðað er gegn honum í þessu skyni, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæðin hér að framan.

82. gr. hljóðar svo:

Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, er stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu. Gefa skal út og útbýta ókeypis prentuðum

leiðarvísi, er skýrir helztu umferðarreglur ásamt myndum af vegarmerkjum og handarmerkjum ökumanns í umferð. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Bæjar- og sveitarstjórnum ber enn fremur að fræða almenning um umferðarmál eftir því, sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um fræðslu samkvæmt þessari grein.

89. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958. Ákvæði 1. og 2. mgr. 70. gr. koma þó til framkvæmda 1. maí 1958.

Ed. 408. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á tveim fundum, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en tveir nefndarmenn (FÞ og SÓÓ) munu bera fram breytingartillögur og skila séráliti.

Alþingi, 17. apríl 1958.

Alfreð Gíslason, form., frsm.	Karl Kristjánsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 409. Frumvarp til laga [176. mál]

um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Skylt er að hafa matreiðslumenn og/eða bryta á öllum vélknúnum skipum, sem eru 800 smálestir brúttó eða stærri, annast farþega- og vöruflutninga og hafa minnst 20 manna áhöfn fyrir utan eldhús- og þjónustufólk.

Á fiskiskipum og flutningaskipum, sem eru 25 smálestir brúttó eða stærri, og á farþegaskipum, sem eru 25—800 smálestir brúttó, er skylt að hafa matsveina.

2. gr.

Til þess að öðlast *réttindi* sem matreiðslumaður samkv. 1. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 2. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi uppfylla eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a. að hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu;
b. að hafa lokið 8 mánaða námskeiði við Matsveina- og veitingaþjónaskólann og starfað sex mánuði sem aðstoðarmatreiðslumaður á skipum;
c. að hafa sótt viðurkennt matreiðslunámskeið og starfað sem matreiðslumaður á fiskiskipum samkv. 1. gr. í 18 mánuði.

3. gr.

Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum skulu haldin námskeið fyrir þá, sem ætla að verða brytar á farþega- og flutningaskipum, og skal ráðherra setja nánari ákvæði um tilhögun þeirra í reglugerð.

4. gr.

Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi uppfylla annað hvort eftirtalinna skilyrða:

a. að hafa meistararéttindi í matreiðslu og hafa starfað sem matreiðslumaður á farþega- eða flutningaskipi í sex mánuði og staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann;
b. að hafa meistararéttindi í framreiðslu og hafa unnið sem aðstoðarmatreiðslumaður í eitt ár, þar af sex mánuði á skipi, og hafa staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann.

5. gr.

Ákvæði þessara laga ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, ef þeir innan fimm ára krefjast viðurkenningar ráðuneytsins á rétti sínum til þessara starfa.

6. gr.

Samgöngumálaráðnuneytið getur veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum þessara laga, sé ekki unnt að fá menn til starfa, sem uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum, eða það er erfiðleikum bundið.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna. Gerir sambandið svofellda grein fyrir efni þess:

Samband matreiðslu- og framreiðslumanna hefur á undanförnum þingum óskað eftir því við Alþingi, að lagt verði fram og samþykkt frv. til laga um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Á síðasta þingi sendum vér til hv. iðnaðarnefndar neðri deildar bréf með ósk um flutning slíks frv., en ekki varð úr því þá, að það yrði flutt.

Frv. það, sem vér sendum í fyrra, hefur verið endurskoðað af skólanefnd Matsveina- og veitingaþjónaskólans eftir ósk sambands vors.

Umsögn skólanefndar hefur oss borizt, og segir þar m. a.:

„Mál það, sem í bréfinu er greint frá“ (bréfi voru til skólanefndar), „ásamt tilvitnuðum gögnum öllum hefur skólanefndin tekið fyrir á nokkrum fundum sínum og er samþykk því, að sett verði lög um bryta og matreiðslumenn á fiskiskipum og farskipum, og eftir að hafa yfirlitið frv., er sambandið samdi, og norsku og dönsku lögin, leggur skólanefndin til, að hv. Alþingi verði sent frv. það, sem fylgir hér með, en það er frv. til laga um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.“

Samband vort leyfir sér hér með að senda hv. iðnaðarnefnd efri deildar frv. það, sem að framan er vitnað til, og er það eins og skólanefndin samdi það. Jafnframt leyfum vér oss að vænta þess, að hv. þingnefnd sjái sér fært að flytja það fyrir oss á Alþingi.

Um einstakar greinar frv. viljum vér taka þetta fram:

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að skylt sé að hafa matreiðslumenn eða bryta á öllum vélknúnum skipum. Er hér um svipað efni að ræða og í norskum lögum, nema hvað lágmarkstala áhafnar er þar 10 manns.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar. Hvað 2. gr. viðkemur, er þar farið eftir norsku lögunum, en þó sniðið eftir íslenzkum aðstæðum.

Um 4. gr.

Það verður að telja nauðsynlegt fyrir bryta á skipi, að hann hafi starfað við matreiðslu á skipum, áður en hann fær réttindi til starfans, en slíka reynslu skortir þann matreiðslumann, sem eingöngu hefur starfað við iðn sína á veitingastöðum í landi, þó að langur starfstími sé að baki. Einnig verður að telja nauðsynlegt fyrir framreiðslumann að hafa fengið reynslu í matreiðslustörfum, áður en hann öðlast réttindi til brytastarfa, því að starf bryta útheimtir mikla þekkingu á meðferð og hagnýtingu hráefna og við innkaup varðandi fæðissölu. Gert er ráð fyrir, að við námskeið, sem stofnað verður til samkv. 3. gr., öðlist matreiðslumenn þá undirstöðuþekkingu í framreiðslu, sem bryta er nauðsynleg í starfi sínu.

Í dönskum og norskum lögum, sem höfð hafa verið til hliðsjónar, þegar frv. þetta var samið, er ekki gert ráð fyrir, að framreiðslumenn geti öðlazt réttindi til brytastarfa, en vegna reynslu í þessum efnum hér á landi verður að telja rétt að útiloka ekki þá frá starfinu, en að þeim sé veittur sá réttur að uppfylltum þeim skilyrðum, er b-liður 4. gr. segir til um.

Um 5.,6. og 7. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Ed. 410. Frumvarp til laga [177. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Hvammstangahrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi hans.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps er heimilt að taka eignarnámi öll erfðafesturéttindi í eignarlandi Hvammstangahrepps, ef nauðsyn krefur vegna skipulags.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram samkvæmt ósk hreppsnefndar Hvammstangahrepps. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd flytur það fyrir milligöngu félagsmálaráðuneytisins, sem afhenti nefndinni svo hljóðandi athugasemdir við frumvarpið:

„Þegar Hvammstangahreppur keypti lóðir og lendur þar í hreppi af ríkissjóði með afsalsbréfi, dags. 18. júlí 1955, kom í ljós, að mestöllu landinu hafði þegar verið ráðstafað af fyrri eigendum þess með erfðafestuleigum til langs tíma og yfir-

leitt með mjög lágum leigukjörum. Einnig er upplýst, að sumir erfðafestuleigutakar hafa framleigt byggingarlóðir úr erfðafestuleigulöndum sínum með þeim afleiðingum, að leiga eftir þær hefur margfaldazt.

Þá má og geta þess, að nefndir erfðafestuleigusamningar hafa mjög torveldað framkvæmd skipulags í kauptúninu.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að brýna nauðsyn beri til þess að tryggja Hvammstangahreppi rétt til að taka öll umrædd erfðafesturéttindi í nefndu eignarlandi hreppsins eignarnámi, þannig að unnt verði m. a. að gera nýja samninga við leigutaka um þau lönd, sem hreppsnefndin telur fært að leigja áfram."

Aðalatriði málsins er samkvæmt framlögðum skilríkjum, að nauðsyn krefur vegna skipulags kauptúnsins Hvammstanga, að hreppsnefndin fái heimild til eignarnámsins.

Sþ. 411. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1955.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin athugaði frumvarpið, bar það saman við ríkisreikninginn 1955 og gekk úr skugga um, að það er sett upp eftir sömu reglum og fjáraukalagafrumvörp síðustu ára, sem Alþingi hefur fallizt á og viðurkennt formlega rétt.

Við samningu frumvarpsins hafa þau mistök orðið, að leitað er aðeins aukafjárveitingar fyrir mun tekna og gjalda á 13. gr. D., en ekki fyrir allri útgjaldaaukningu 13. gr. D. frá fjárlögum, svo sem gert er — eins og vera ber — í frumvarpinu varðandi aðrar greinar fjárlaganna. Þetta þarf að leiðrétta. Aðra athugasemd gerir nefndin ekki við frumvarpið og leggur því til, að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Fyrir „kr. 100 413 935.90" í 1. gr. komi: kr. 103 803 375.65.
2. Fyrir „2 163 543.62" í 2. gr. (13. gr. D.) komi: 5 552 983.37.

Alþingi, 18. apríl 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Halldór E. Sigurðsson.	Sveinbjörn Högnason.	Friðjón Skarphéðinsson.
Magnús Jónsson.	Jón Kjartansson.	Pétur Ottesen.

Nd. 412. Lög [125. mál]

um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 393.

Sþ. 413. Nefndarálit [159. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ríkisábyrgð á láni til kaupa á vélskipinu „Vico“ frá Noregi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur kynnt sér mál þetta og rætt það. Kaupverð skips þess, sem hér ræðir um, sem er 193 brúttósmálesta stálskip, smíðað 1956, er 1 162 000 norskar krónur. Kaupandi leggur sjálfur fram 40 hundraðshluta kaupverðsins, en 60 hundraðshlutar, 697 þús. norskar krónur, fást að láni í Noregi, sem greiðist á 6 árum, 1959—1964. Fiskveiðasjóður hefur ákveðið að lána 2 millj. króna til kaupa á skipinu, og ganga 1.8 millj. króna þar af til greiðslu á hinu norska láni, jafnótt og það fellur í gjalddaga. Lánið er tryggt með 1. veðrétti í skipinu, enn fremur með fasteignarveði og sjálfskuldarábyrgð Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Er hér um að ræða, að ríkissjóður ábyrgist greiðslu hins norska láns gagnvart Landsbankanum, sem veitt hefur bankaábyrgð, enda gangi ríkissjóður inn í þær tryggingar, sem látnar eru í té fyrir láninu, ef til vanskila kemur.

Nefndin telur rétt að greiða fyrir skipakaupum þessum á þann hátt, sem þáltill. ráðgerir, og leggur því til, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 18. apríl 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Friðjón Skarphéðinsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Jón Kjartansson.	Magnús Jónsson.
Pétur Ottesen.	Sveinbjörn Högnason.	Halldór E. Sigurðsson.

Nd. 414. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Mælir meiri hl. hennar með því, að það verði samþykkt, en tveir nefndarmanna, JóhH og ÓB, greiddu ekki atkvæði um málið.

Alþingi, 18. apríl 1958.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Emil Jónsson, fundaskr.	Einar Olgeirsson, með fyrirvara.
Ólafur Björnsson, með fyrirvara.	Jóhann Hafstein, með fyrirvara.	

Nd. 415. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykkt.
Einn nefndarmanna, EOl, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 18. apríl 1958.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. | Benedikt Gröndal, fundaskr. | Kjartan J. Jóhannsson.
Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. 416. Nefndarálit [46. mál]

um till. til þál. um skipun jafnlaunanefndar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. og leitað um hana umsagnar Alþýðusambands Íslands, Sambands starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Stéttarsambands bænda. Mæla allir þessir aðilar með því, að till. nái fram að ganga. Þá hafa nefndinni og borizt nokkrar áskoranir frá samtökum kvenna till. til stuðnings. Að athugu máli leggur nefndin til, að till. verði samþykkt óbreytt. — Einn nm. (StgrSt) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 18. apríl 1958.

Benedikt Gröndal, form. | Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. | Björn Jónsson, frsm.
Ásgeir Bjarnason. | Björn Ólafsson, með fyrirvara. | Jón Sigurðsson, með fyrirvara.

Sþ. 417. Nefndarálit [133. mál]

um till. til þál. um umferðarkennslu í söng.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað till. og leitað um hana álits fræðslumálastjóra og Sambands íslenzkra barnakennara. Fylgja umsagnir þessara aðila sem fylgiskjöl með nál. Undirritaðir nm. mæla með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 18. apríl 1958.

Benedikt Gröndal, form. | Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. | Björn Jónsson, frsm.

Fylgiskjal I.

SAMBAND ÍSL. BARNAKENNARA

Reykjavík, 19. marz 1958.

Höfum móttekið bréf yðar, dags. 11. marz s. l., þar sem þér óskið umsagnar um till. til þál. um umferðarkennslu í söng.

Við teljum, að slík kennsla í söng, sem gert er ráð fyrir í þáltill., gæti verið til bóta á þeim stöðum, þar sem aðstaða til söngkennslu er verst, og væri því æskileg sem bráðabirgðalausn, meðan leitað er varanlegri úrræða, sem hljóta að miðast við það, að auknar verði kröfur um nám kennara almennt á þessu sviði.

F. h. Samb. ísl. barnakennara,

Virðingarfyllst,

Gunnar Guðmundsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs þings, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 28. marz 1958.

Vegna þingsályktunar á þingskjali 265 um umferðarkennslu í söng, sem háttvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis sendi mér til umsagnar 11. þ. m., skal þetta sagt:

1. Flutningsmanni tillögunnar er sýnilega ljóst, hve áfátt er söngkennslu í skólum. Það eru því miður mjög fáir skólar, sem hafa þjálfuðum söngkennurum á að skipa.
2. Þar eð vart er um fullt starf fyrir sérkennara í söng og hljóðfæraleik (þ. e. músíkkennslu) að ræða nema í fjölmennum kaupstöðum, verður að leggja höfuðáherzlu á, að a. m. k. barnakennarar fái nægilega undirstöðu í Kennaraskólanum til þess, að þeir verði færir um að taka að sér frumatriði þessarar kennslu. Enn fremur þarf skóla, er geti menntað söngkennara hliðstætt því, sem er t. d. um íþróttakennara, handavinnukennara og teiknikennara.
3. Meðan ekki verður völ á kennurum, er menntun fá í samræmi við það, er að framan greinir (í 2. tölul.), ætti að hafa samstarf við þá menn, er starfa í þjónustu kirkjusöngsins og söngkóra víða um landið. Það hefur verið gert á nokkrum stöðum og gefizt vel. Þakka ég það lipurð Sigurðar Birkis söngmálastjóra. En fjárskortur hefur valdið mestu um það, að eigi hefur orðið meiri árangur þessa samstarfs en raun er á.
4. Ég er því meðmæltur, að áðurgreind þingsályktunartillaga verði samþykkt.

Helgi Elíasson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Nd. 418. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1955, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar yfirdýralækni. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (GJóh) hefur sérstöðu í málinu.

Alþingi, 17. apríl 1958.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Gunnar Jóhannsson.
Ágúst Þorvaldsson. Jón Pálmason.

Nd. 419. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv., sem flutt er að tilmælum háskólaráðs. Efni frv. er tvíþætt: að hækka hámarkssektir fyrir brot á almanakslögunum og gera reglur um úthlutun úr almanakssjóði rýmri en verið hafa. Nefndin telur rétt að verða við óskum háskólaráðs og mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 18. apríl 1958.

Páll Þorsteinsson, form. Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm. Kjartan J. Jóhannsson.
Einar Olgeirsson. Ragnhildur Helgadóttir.

Ed. 420. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Snemma á yfirstandandi þingi báru sjálfstæðismenn í Nd. fram frv. til laga um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl. Var frv. þetta flutt í þeim tilgangi að freista þess að sníða nokkra helztu vankanta af húsnæðismálalöggjöf þeirri, er núverandi ríkisstjórn lét lögleiða á síðasta Alþingi. Frv. þessu fylgdi löng og ýtarleg greinargerð.

Frv. þessu var vísað til heilbrigðis- og félagsmálanefndar Nd., en hefur ekki fengið þar neina afgreiðslu.

En stuttu síðar var hins vegar lagt fram stjórnarfrumvarp í Nd., sem fól í sér nokkrar breytingar á nefndum lögum.

Frv. þetta fékk fljóta afgreiðslu í heilbrigðis- og félagsmálanefnd, en nefndin klofnaði um afgreiðslu þess. Lagði meiri hlutinn til, að frv. yrði samþykkt óbreytt, en sjálfstæðismenn í nefndinni, sem skipuðu minni hlutann, litu svo á, að rétt hefði verið að afgreiða þessi tvö frv., sem fólu í sér breytingar á sömu lögum, samtímis. En fyrst svo varð ekki, fluttu þeir breytingartillögur við stjórnarfrumvarpið, sem fólu í sér meginefni frv. þess, er sjálfstæðismenn höfðu áður flutt. En tillögur þeirra voru allar felldar og frv. afgreitt nær óbreytt til Ed.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd Ed. hefur nú haft málið til meðferðar, en nefndarmenn ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Leggur meiri hlutinn til, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir frá Nd., en við undirritaðir, sem minni hlutann skipum, leggjum til, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum breytingum.

Um rökstuðning fyrir tillögum okkar vísast til greinargerðar með frv. á þskj. 113.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) 1. gr. laganna orðist svo:

      Húsnæðismálastjórn ríkisins skal beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum, hafa á hendi stjórn byggingarsjóðs ríkisins og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

      Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn, fjórir kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands, seðlabankans. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann húsnæðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

      Húsnæðismálastjórn ræður sér starfsfólk eftir þörfum, og greiðist allur kostnaður af störfum hennar úr byggingarsjóði ríkisins.

      Verði ágreiningur í húsnæðismálastjórn, ræður afl atkvæða úrslitum.
   b. (2. gr.) 2. gr. laganna breytist þannig:
      1. Í stað orðsins „Húsnæðismálastofnun“ í 1. mgr. komi: Húsnæðismálastjórn.
      2. Í stað 2., 3. og 4. mgr. komi:

         Setja skal á stofn tækniráð húsnæðismálastjórnar, er sé skipað fulltrúum frá eftirtöldum aðilum: húsnæðismálastjórn, iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans, húsameistara ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, byggingarvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Félagi ísl. byggingarefnakaupmanna.

         Ráðherra ákveður þóknun til meðlima tækniráðs og setur reglugerð um starfsemi þess að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.
2. Á eftir 1. gr. (sem verði 3. gr.) komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (4. gr.) Í stað stafliðar G í 1. mgr. og 2., 3. og 4. mgr. 6. gr. laganna komi einn stafliður (G), svo hljóðandi:

      Húsnæðismálastjórn skal setja almennar reglur um veitingu lána. Í samræmi við þær reglur skulu útbúin umsóknareyðublöð um lán, einföld, skýr og hentug til afnota fyrir almenning.
   b. (5. gr.) 9. gr. laganna orðist svo:

      Setja skal á stofn undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands sérstakt form spariinnlána í bönkum og sparisjóðum, er nefnist húsinnlán.

      Húsinnlán skulu vera samningsbundin spariinnlán einstaklinga, er leggja inn fé af atvinnutekjum sínum, minnst 5000 kr. á ári í að minnsta kosti 5 ár.

Húsinnlán skulu bera 1% hærri ársvexti en almennir sparisjóðsvextir eru á hverjum tíma, og skal það fé, sem sparað er á þennan hátt, vera undanþegið tekjuskatti og útsvari, þó ekki yfir 5000 kr. á ári.

Bankar og sparisjóðir skulu skyldir að taka við peningum til húsinnlána. Það fé, sem innborgast til húsinnlána, skal ganga til kaupa á A-bankavaxtabréfum hins almenna veðlánakerfis.

Húsinnlán skulu færð á sérstakan reikning lánastofnana, og skulu þær gefa húsnæðismálastjórn skýrslu um þau.

Húsinnlán fást útborguð að minnst 5 árum liðnum frá því að innlög hófust. Öðlast þá eigendur þeirra rétt til að fá íbúðarlán hjá húsnæðismálastjórn, allt að 25% hærra en venjulegt hámark er, þó aldrei yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar, og skylt er að láta þá sitja fyrir um lán.

Um framkvæmd þessarar greinar fer að öðru leyti eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð um húsinnlán, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

3. 2. gr. (sem verði 6. gr.) orðist svo:
   10. gr. laganna falli niður.
4. 3. gr. (sem verði 7. gr.) orðist svo:
   11. gr. laganna falli niður.
5. 4. gr. (sem verði 8. gr.) orðist svo:
   12. gr. laganna falli niður.
6. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (9. gr.) Fyrir orðin „4 millj. króna“ í 16. gr. laganna komi: 12 millj. króna.
   b. (10. gr.) Á eftir 16. gr. laganna komi ný gr., er verði 17. gr., svo hljóðandi:
   Nú stofnar sveitarfélag byggingarsjóð í því skyni að veita lán til nýbygginga, svo að útrýmt verði heilsuspillandi húsnæði, og skal þá ríkissjóður leggja slíkum sjóði jafnhátt árlegt framlag og veitt er úr sveitarsjóði og með sömu kjörum, enda hafi ráðherra staðfest reglugerð byggingarsjóðsins. Sveitarfélagi ber skylda til að sjá um, að ónothæft húsnæði sé tekið úr notkun, jafnóðum og tekið er í notkun húsnæði, sem ríkissjóður hefur veitt framlag til samkvæmt þessari grein.
7. Við 5. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 19. apríl 1958.

Sigurður Ó. Ólafsson, frsm. Friðjón Þórðarson.

Sþ. 421. Nefndarálit [17. mál]

um till. til þál. um eftirgjöf lána.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga sú, sem hér um ræðir, er flutt af þeim Ingólfi Jónssyni, 1. þm. Rang., og Sigurði Ó. Ólafssyni, 2. þm. Árn. Var henni á öndverðu þessu þingi vísað til fjárveitinganefndar. Er ráð fyrir því gert í tillögunni, að Alþingi feli ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess, að gefin verði eftir að fullu 10½ millj. kr. lán vegna óþurrkanna á Suður- og Suðvesturlandi árið 1955 og enn fremur allt að 3 millj. kr. lán vegna harðinda og óþurrka 1949—50 á Austur- og Norðausturlandi.

Það tókst ekki að fá samstöðu um afgreiðslu tillögu þessarar í nefndinni. Meiri hlutinn, stuðningslið ríkisstjórnarinnar, lagðist gegn samþykkt hennar og vildi vísa henni frá, en við undirritaðir lögðum hins vegar til, að hún yrði samþykkt.

Tillaga um þetta efni var einnig flutt á þinginu 1956 og þá sem nú vísað til fjárveitinganefndar. Afstaða okkar undirritaðra var þá sú í fjárveitinganefnd, að við lögðum til, að óþurrkalánin á Suður- og Suðvesturlandi, 10½ millj. kr., og óþurrka- og harðindalánin á Austur- og Norðausturlandi, 8.3 millj. kr., yrðu öll að fullu eftir gefin. En um þetta vorum við ofurliði bornir í nefndinni af meiri hluta hennar, stjórnarstuðningsliðinu. Það tók aftur á móti upp á sína arma tillögur ríkisstjórnarinnar um, hver ráðstöfun skyldi hér vera á höfð. En sú ráðstöfun var á þann veg, að tekin væri upp í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1957 heimild handa ríkisstjórninni til þess að gefa eftir að fullu 5.3 millj. kr. af harðærisláni til bænda á Austur- og Norðausturlandi, eins og við höfðum lagt til, en afhenda Bjargráðasjóði Íslands til eignar 10½ millj. kr. óþurrkalánin til bænda á Suður- og Suðvesturlandi. og 3 millj. kr. af óþurrka- og harðindalánum bændanna á Austur- og Norðausturlandi. Það skilyrði fylgdi afhendingu lánanna, að lagt er í vald stjórnar Bjargráðasjóðs að veita lántakendum ívilnanir um greiðslu vaxta og afborgana og að lækka eða fella niður vexti, lengja lánstíma eða gefa þau eftir að einhverju eða öllu leyti, allt eftir mati og áliti stjórnar Bjargráðasjóðs að fenginni umsögn sveitarstjórna. Þessari ráðstöfun vorum við andvígir, eins og fyrr segir. Vildum við, að eitt og hið sama væri látið yfir alla ganga, er hér áttu hlut að máli, að lán þessi væru að fullu eftir gefin, eins og gert var um meiri hluta lánanna til bænda á Austur- og Norðausturlandi. Við litum svo á, að það hallærisástand, sem leiddi til þess stuðnings af hálfu þess opinbera, sem í lánum þessum felst, væri þess eðlis, að því væri mætt með nokkrum opinberum, beinum stuðningi, svo mjög sem af þessum sökum var teflt í tvísýnu um afkomu og framtíð bændastéttarinnar á þeim svæðum, sem þessi geigvænlega óáran gekk yfir, og fram kom í mikilli afurðarýrnun, bústofnsskerðingu og margs konar stórfelldum tilkostnaði, sem menn neyddust til að leggja í og stynja enn undir, til þess að hamla á móti varanlegum samdrætti og hrörnun í framleiðslunni.

Það má benda á það, hve forustumenn bændasamtakanna litu alvarlegum augum á ástand það, sem leiddi af óþurrkunum á Suður- og Suðvesturlandi sumarið 1955.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var í Bifröst í Borgarfirði, 5. sept., voru samþykktar áskoranir á ríkisstjórnina um margháttaðar ráðstafanir, sem miðuðu að því að afstýra þeim vandræðum, sem af óþurrkunum leiddi. Einn liður þeirra tillagna var, að ríkissjóður greiddi niður fóðurbæti á óþurrkasvæðunum um þriðjung útsöluverðs, og væri miðað við kjarnfóðurgjöf, sem næmi 800 kg á kú og 18 kg á hverja ásetta sauðkind; jafnframt skyldi ríkisstjórnin hlutast til um það, að bændur á óþurrkasvæðinu ættu kost á hagkvæmum lánum til fóðurbætiskaupa, er nemi þriðjungi útsöluverðs.

Þetta er aðeins einn liður þeirra mörgu tillagna, sem þarna voru samþykktar og að því lutu að bægja vá frá dyrum bænda á þessu svæði. Allar voru tillögur þessar samþykktar með samhljóða atkvæðum. Að lokum var skorað á stjórn Stéttarsambands bænda og stjórn Búnaðarfélags Íslands að fylgja þessu máli eftir við ríkisstjórnina.

Stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda létu engan veginn sitt eftir liggja til að sýna viðleitni til þess að sinna þeirri þörf, sem hér var fyrir hendi, og árétta þessar samþykktir. Höfðu stjórnir þessara félaga fyrr um sumarið, þegar sýnt var, að hverju dró, ritað ríkisstjórninni um málið og bent á nauðsyn þess, að hér yrði hlaupið undir bagga.

Eftir fundinn, eða 20. sept., rituðu stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda ríkisstjórninni sameiginlega bréf um málið.

Í einu þessara bréfa er svo að orði komizt:

„Í framhaldi af bréfum, sem stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda hafa ritað ríkisstjórninni að undanförnu varðandi ráðstafanir til úrbóta á óþurrkasvæðinu, og samþykktum, sem gerðar voru á nýafstöðnum aðalfundi

Stéttarsambands bænda, viljum við undirritaðir enn á ný beina því til ríkisstjórnarinnar og leggja á það áherzlu, að hún geri sitt ýtrasta til þess að mæta þeim óskum, sem í bréfum þessum og samþykktum felast.“

Eru þessi atriði svo nánar tilgreind, og einn liður þeirra, sem lögð er mikil áherzla á, er, að fóðurbætirinn verði greiddur niður í samræmi við tillögur fundar Stéttarsambandsis um það efni, þó þannig, að fóðurbætismagn sé miðað við þá tölu af mjólkurkúm og ám, sem forðagæzlumenn á hverjum stað samþykkja að sett verði á vetur.

Er síðar í bréfinu að því vikið, að stuðningi til viðnáms þessari vá sé beint að því sérstaklega að koma í veg fyrir, að hópur bænda flosni upp af jörðum sínum og að eigi þurfi að dragast mikið saman framboð á mjólkurmarkaðinum innanlands, sem bændum á þessum svæðum hefur á undanförnum árum tekizt að leggja grundvöll að. Mikinn samdrátt í mjólkursölunni á þessu og næsta ári mundi taka langan tíma að vinna upp aftur.

Eins og af þessu sést, var aðaláherzlan á það lögð, að fóðurbætirinn yrði greiddur niður og þá út frá því gengið, að sú niðurgreiðsla gengi jafnt til allra án skilgreiningar á efnahagsaðstæðum hvers og eins. Það var litið svo á, að hér væri um að ræða ráðstafanir, sem alþjóðarnauðsyn krefði að gerðar væru, eins og á stóð. Um þetta atriði voru stjórnir fyrrnefndra bændasamtaka, þegar til kastanna kom, ofurliði bornar, en í þess stað farið með málið inn á lánagrundvöllinn.

Sýnt er, að ef tillögur stéttarsambandsfundarins og stjórnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um niðurgreiðslu á fóðurbætinum hefðu náð fram að ganga, hefði það numið mun meiri fjárhæð úr ríkissjóði en lánsupphæð sú, sem við leggjum til að gefin verði að fullu eftir, en hún vex meiri hluta fjárveitinganefndar og sennilega stjórnarliðinu öllu svo í augum, að við það er ekki komandi.

Ekki er vitað, hvernig stjórn Bjargráðasjóðs hyggst fara að um innheimtu þessa fjár, að öðru leyti en því, að á síðastliðnu hausti sendi hún út kröfu um það til hvers lántakanda, að hann greiddi lánið samkvæmt ákvæðum skuldabréfs. Einnig var brýnt fyrir oddvitum, því að krafizt var í öndverðu hreppsábyrgðar, hvað til þeirra friðar heyrði, ef út af bæri um skilin.

Það virðist, eins og málum nú er komið, að andstæðingar fullrar eftirgjafar þessara hallærislána í fjárveitinganefnd leggi nokkuð upp úr því, að stjórn Bjargráðasjóðs veiti skuldunautum nokkra linkind og ívilnanir, gangi ekki hart eftir í innheimtunni. Það er engu líkara en að hlaupið hafi býsna mikill vöxtur í viðkvæmnina fyrir þessum skuldunautum Bjargráðasjóðs, — en það lýsir nokkurri vefenginu á réttmæti innheimtu lána þessara. Og þessi viðkvæmni hafði færzt það í aukana, að meiri hlutinn hafði orð á því í nefndinni, að stjórn Bjargráðasjóðs bæri ekki einast að sýna nærgætni, heldur fyllstu nærgætni í innheimtunni við hið skulduga fólk. Þetta er vissulega falleg hugsun og lofsverð.

En hitt verður ekki með sama sanni sagt, að þeir, sem að ráðstöfuninni á þessum lánum í hendur stjórnar Bjargráðasjóðs standa, hafi sýnt hreppsnefndunum hlutfallslega nærgætni. Þeim verður óefað allmikill vandi á höndum, þegar þær eiga að fara að aðgreina hreppsbúa, hverjir séu verðugir eftirgjafar og hverjir ekki, og þá er hitt ekki brotaminna, þegar til þess kemur að ákveða verðleika hvers eins til minni háttar ívilnana.

En erfiðast og torleystast mun þó það hlutverk reynast, sem fellur í skaut stjórnar Bjargráðasjóðs, að eiga að lokum að kveða upp dóma, er ráði úrslitum um það, hvernig skuli að skuldunautunum búið. Eigi þarf að efa góðan ásetning og réttdæmi stjórnar Bjargráðasjóðs. En hér verður við að etja þann glundroða, sem augljós hætta er á að leiði til handahófsniðurstöðu og misréttis. Og ef niðurstaðan af þessu öllu saman yrði nú sú, að hin fyllsta nærgætni stjórnar Bjargráðasjóðs gagnvart lántakendum í innheimtu lánanna leiddi til þess, sem langlíklegast er, að meginhluti lánanna innheimtist ekki, og það, sem Bjargráðasjóður hefði upp úr

krafsinu, gerði ekki betur en standa undir kostnaði af því „apparati", sem hleypt hefur verið af stokkunum vegna þessarar ráðstöfunar á lánunum, hvað er þá unnið við þetta allt saman? Hefði þá ekki verið hyggilegra að hafa þann háttinn á, sem félagssamtök bændanna lögðu til í öndverðu?

Því var haldið fram af meiri hluta fjárveitinganefndar í umræðum um þetta mál í nefndinni, að tillagan um eftirgjöf lána þessara væri „vanhugsuð", hún samrýmdist ekki þeirri ráðstöfun, að Bjargráðasjóði hefðu verið afhent þessi lán. Þessi ályktun meiri hluta nefndarinnar er ekki á rökum reist. Hún er byggð á misskilningi á eðli þessa máls. Bjargráðasjóður er ríkisstofnun, sem heyrir undir valdsvið Alþingis, er setur henni lög. Þótt Alþingi hafi veitt ríkisstjórninni heimild til þess að afhenda stjórn Bjargráðasjóðs þessi lán með skilyrðum um ívilnanir og eftirgjafir, þá útilokar sú ákvörðun engan veginn að því sé nú beint til ríkisstjórnarinnar, að hún óski eftir því við stjórn Bjargráðasjóðs, að lán þessi verði skilyrðislaust eftir gefin. Ef svo færi, að stjórn Bjargráðasjóðs fengist ekki til þess að framkvæma viljayfirlýsingu eins og í tillögunni felst, sem naumast þarf þó að gera ráð fyrir, getur ríkisstjórnin fengið með lögum nauðsynlega heimild til þess, að þetta skuli gert.

Með skírskotun til framanritaðs leggur minni hl. n. til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 16. apríl 1958.

Pétur Ottesen, frsm. Magnús Jónsson. Jón Kjartansson.

Sþ. 422. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um fullgildingu á sáttamála um stofnun Atómvísindastofnunar Norðurlanda til samvinnu á sviði fræðilegra atómvísinda.

(Lögð fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda sáttmála um stofnun Atómvísindastofnunar Norðurlanda til samvinnu á sviði fræðilegra atómvísinda, ásamt fjárhagssamþykkt vegna sáttmálans.

Fylgiskjal.

SÁTTMÁLI UM STOFNUN ATÓMVÍSINDASTOFNUNAR NORÐURLANDA TIL SAMVINNU Á SVIÐI FRÆÐILEGRA ATÓMVÍSINDA

RÍKI ÞAU, SEM AÐILD EIGA AÐ SÁTTMÁLA ÞESSUM,

HAFA MEÐ TILVÍSUN til tillögu þeirrar nr. 10/1957, sem samþykkt var á 5. þingi Norðurlandaráðsins hinn 21. janúar 1957 í Helsingfors (Helsinki) um að koma á fót norrænni rannsóknarstöð fyrir fræðileg atómvísindi,

ORÐIÐ Á EITT SÁTT UM ÞAÐ, sem hér fer á eftir.

KONVENTION OM OPRETTELSE AF EN NORDISK ORGANISATION FOR SAMARBEJDE INDEN FOR TEORETISK ATOMFYSIK

DE I DENNE KONVENTION deltagende stater er

UNDER HENVISNING TIL den på Nordisk Råds 5. session i Helsingfors den 21. januar 1957 vedtagne rekommendation nr. 10/1957 om oprettelsen af et nordisk institut for teoretisk atomfysik

BLEVET ENIGE OM følgende:

1. gr.

Um stofnun Atómvísindastofnunarinnar.

1. Norræn stofnun til samvinnu á sviði fræðilegra atómvísinda (framvegis nefnd „stofnunin“) er hér með stofnuð.

2. Aðsetursstaður stofnunarinnar er Kaupmannahöfn.

2. gr.

Tilgangur.

1. Það er hlutverk stofnunarinnar að skapa möguleika fyrir samvinnu Norðurlandaríkjanna um fræðilegar atómrannsóknir á hreinum vísindalegum grundvelli, svo og að stunda rannsóknir í skyldum vísindagreinum. Stofnuninni er ekki ætlað að fást við starfsemi í hernaðarlegum tilgangi. Árangurinn af starfsemi hennar skal birtur opinberlega, eða hann gerður almenningi kunnugur á annan hátt.

2. Meginþættir starfseminnar skulu vera sem hér segir:

1) Að reka norræna rannsóknarstöð í þágu fræðilegra atómvísinda í Kaupmannahöfn (framvegis nefnd „stöðin“).

Hlutverk stöðvarinnar verður sem hér segir:

a) reka skal rannsóknir á sviði fræðilegra atómvísinda, en jafnframt skal fylgzt nákvæmlega með þróun og framförum á þessu sviði vísindalegra rannsókna með því að hafa samband við aðrar eðlisfræðistofnanir,

b) að koma upp einum allsherjar samastað fyrir norræna eðlisfræðinga, sem vinna að fræðilegum rannsóknum, þar sem þeir geti með lengri eða skemmri dvöl stundað rannsóknir sínar og fyrir samvinnu og sambönd við starfsbræður sína á Norðurlöndum og í öðrum löndum fengið tækifæri til þess að efla vísindastörf sín og að fylgjast með framförum á hinum ýmsu sviðum fræðigreinarinnar,

c) að mennta og þjálfa unga eðlisfræðinga á Norðurlöndum og leiðbeina þeim við rannsóknarstörf innan fræðilegra atómvísinda;

Artikel I

Oprettelse af Organisationen

1. En nordisk organisation for samarbejde inden for teoretisk atomfysik (herefter betegnet som „Organisationen“) oprettes herved.

2. Organisationens sæde skal være i København.

Artikel II

Formål

1. Organisationen skal tilvejebringe muligheder for et samarbejde mellem de nordiske stater om teoretisk atomforskning af ren videnskabelig og grundlæggende karakter og om forskning, som i væsentlig grad er beslægtet hermed. Organisationen skal ikke befatte sig med virksomhed, som tjener militære formål, og resultaterne af dets arbejde skal offentliggøres eller på anden måde gøres almindeligt tilgængelige.

2. Hovedprogrammet skal bestå i:

1) at drive et nordisk institut for teoretisk atomfysik i København (herefter betegnet som „Instituttet“).

Instituttet skal have som opgave:

a) at gennemføre et forskningsprogram inden for teoretisk atomfysik og samtidig nøje at følge udviklingen inden for dette forskningsområde ved at opretholde kontakter med andre fysikinstitutioner,

b) at skabe et samlingssted for nordiske teoretiske fysikere, hvor disse ved kortere eller længere besøg kan drive forskning og gennem samarbejde og kontakter med kolleger fra nordiske og andre lande få øgede muligheder for at fremme deres forskningsarbejde og holde sig informeret om fremskridt inden for fagets forskellige grene,

c) at videreuddanne unge fysikere fra de nordiske lande og vejlede dem i forskningsarbejde inden for den teoretiske atomfysik;

2) að efla vísindalega samvinnu milli norrænna eðlisfræðinga, meðal annars með því
   a) að ýta undir skipti á norrænum eðlisfræðingum milli hinna einstöku landa,
   b) að gera erlendum eðlisfræðingum kleift að dveljast í lengri eða skemmri tíma við norrænar eðlisfræðistofnanir,
   c) að skipuleggja umræðufundi og ráðstefnur á Norðurlöndum.

2) at stimulere det videnskabelige samarbejde mellem nordiske fysikere, bl. a. ved
   a) at fremme udvekslingen af nordiske fysikere mellem de enkelte lande,
   b) at skabe muligheder for kortere eller længere besøg af udenlandske teoretiske fysikere ved nordiske fysikinstitutioner,
   c) at arrangere symposier og kongresser i de nordiske lande.

3. gr.

Starfsskipting innan stofnunarinnar.

Fyrir stofnuninni er stjórn og starfslið, meðal þess er framkvæmdastjóri stöðvarinnar.

Artikel III

Organer

Organisationen består af en styrelse og et personale, herunder en direktør for Instituttet.

4. gr.

Stjórnin.

1. Stjórnina skipa eigi fleiri en þrír fulltrúar frá hverju aðildarríki. Skulu þeir vera fulltrúar fyrir fræðileg atómvísindi og hafa yfirsýn yfir rannsóknir á þessu sviði. Á stjórnarfundum geta þeir haft með sér ráðgefendur.

2. Með tilliti til ákvæðanna í þessum sáttmála, skal stjórnin:
   a) ákveða starfsreglur fyrir stofnunina að því er varðar vísinda- og framkvæmdaatriði,
   b) samþykkja fjárhagsáætlun og segja fyrir um fjárhagslegar framkvæmdir stofnunarinnar,
   c) hafa umsjá með útgjöldum, samþykkja og birta opinberlega endurskoðaða árlega reikninga,
   d) ákveða, hvernig nauðsynlegt starfslið sé skipað,
   e) birta árlega skýrslu,
   f) hafa með höndum þess konar umsvif og framkvæma þess konar önnur störf, sem kynnu að vera nauðsynleg vegna tilgangs þessa sáttmála.

3. Stjórnin kemur saman til fundar að minnsta kosti einu sinni á ári á þeim stað, sem hún velur sjálf.

4. Hvert aðildarríki fer með eitt atkvæði í stjórninni.

Artikel IV

Styrelsen

1. Styrelsen består af højst tre delegerede fra hver medlemsstat. Disse bør være repræsentanter for den teoretiske atomfysik med overblik over den aktuelle forskning på dette område og kan ved styrelsens møder være ledsaget af rådgivere.

2. Styrelsen skal med forbehold af bestemmelserne i denne konvention:
   a) fastlægge retningslinier for Organisationen i videnskabelige og administrative anliggender,
   b) vedtage budgettet og bestemme Organisationens finansielle dispositioner,
   c) kontrollere udgifterne, godkende og offentliggøre Organisationens reviderede årlige regnskaber,
   d) fastsætte det nødvendige personales sammensætning,
   e) offentliggøre en årlig beretning,
   f) have sådanne øvrige beføjelser og udøve sådanne øvrige funktioner, som måtte være nødvendige for denne konventions formål.

3. Styrelsen skal træde sammen mindst een gang om året på et sted, som den selv vælger.

4. Hver medlemsstat skal have een stemme i styrelsen.

5. Samþykktir stjórnarinnar skulu, þegar ekki er öðruvísi ákveðið í sáttmála þessum, gerðar með einföldum meiri hluta fulltrúa þeirra aðildarríkja, sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

6. Með tilliti til ákvæðanna í sáttmála þessum, ákveður stjórnin sjálf dagskrá sína.

7. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur, þegar fulltrúar meiri hluta aðildarríkjanna eru mættir til fundar.

8. Stjórnin kýs sér formann og varaformann.

9. Stjórnin getur, ef nauðsyn krefur að hennar dómi, skipað framkvæmdanefnd og aðrar nefndir.

10. Stjórnin getur, að svo miklu leyti sem hún telur nauðsyn bera til, sett framkvæmdastjóra fyrirmæli, svo og þeim nefndum, sem vikið er að í tölulið 9.

5. Styrelsens beslutninger skal, hvor intet andet er bestemt i denne konvention, træffes ved simpel stemmeflerhed blandt de medlemsstater, som er repræsenteret og deltager i afstemningen.

6. Med forbehold af bestemmelserne i denne konvention fastsætter styrelsen sin egen forretningsorden.

7. Styrelsen er beslutningsdygtig, når et flertal af medlemsstaterne er repræsenteret ved delegerede på mødet.

8. Styrelsen vælger en formand og en viceformand.

9. Styrelsen kan, om den anser det for påkrævet, nedsætte et forretningsudvalg og andre komiteer.

10. Styrelsen kan, i det omfang den anser det for påkrævet, delegere beføjelser til direktøren, eller til de i punkt 9 nævnte organer.

5. gr.
Starfslið.

1. Til þess að koma í framkvæmd starfsskrá stofnunarinnar hefur hún starfslið, sem skiptist í eftirfarandi hópa:

a) Vísindalegir starfsmenn, sem starfa við stofnunina um langt bil til þess að stjórna vinnunni og að sjá um samfellt framhald hennar.

b) Vísindalegir starfsmenn, sem um styttra bil taka þátt í rannsóknarstörfum.

c) Styrkþegar frá Norðurlöndum, sem taka þátt í störfum stofnunarinnar til þess að afla sér frekari menntunar.

d) Starfslið, sem sér um almennar framkvæmdir.

2. Stjórnin setur nákvæmar reglur um skipun starfsmanna og með hverjum hætti þeir láta af störfum.

3. Ráðningarskilyrði starfsliðs og þess háttar skal nánar ákveðið í starfsmannareglugerð, sem stjórnin setur.

4. Úr hópi vísindalegs starfsliðs stöðvarinnar skipar stjórnin framkvæmdastjóra stöðvarinnar til ákveðins tíma samkvæmt nánari ákvæðum starfsmannareglugerðarinnar. Hann skal og vera ábyrgur fyrir framkvæmdaatriðum, sem snerta alla stofnunina, og löglegur fulltrúi hennar.

Artikel V
Personale

1. Til gennemførelse af Organisationens program disponerer den over et personale, der består af følgende grupper:

a) Videnskabelige medarbejdere, der er ansat ved Instituttet for længere perioder til ledelse af arbejdet og til sikring af kontinuiteten i dette,

b) Videnskabelige medarbejdere, der skal deltage i forskningsarbejdet i kortere perioder,

c) Stipendiater fra de nordiske lande, som til deres videreuddannelse deltager i arbejdet på Instituttet,

d) Administrativt personale.

2. Styrelsen fastsætter de nærmere regler for ansættelse og afskedigelse af Organisationens personale.

3. Personalets ansættelsesbetingelser m.m. fastsættes i et personalereglement, der vedtages af styrelsen.

4. Blandt Instituttets videnskabelige personale udnævner styrelsen en direktør for Instituttet for et i personalereglementet nærmere fastsat tidsrum. Denne skal også være ansvarlig for administrative spørgsmål vedrørende hele Organisationen og være dens lovlige repræsentant.

Í málum, sem varða stjórn fjármála stofnunarinnar, skal framkvæmdastjórinn starfa í samræmi við ákvæðin í fjárhagssamþykkt þeirri, sem fylgir þessum sáttmála. Hann skal og gefa ársskýrslu til stjórnarinnar og tekur hann þátt í fundum hennar, en þó án atkvæðisréttar.

6. gr.

Fjárframlög.

1. Hvert aðildarríki leggur sinn skerf til framkvæmdaútgjalda í hlutfalli við íbúatölu einstakra landa.

2. Til samþykktar á fjárhagsáætlun stofnunarinnar þarf tvo þriðju atkvæða.

3. Framlög í samræmi við ákvæði þessarar greinar skulu greiðast samkvæmt fjárhagssamþykkt þeirri, sem fylgir þessum sáttmála.

4. Danska ríkið skuldbindur sig til þess að láta í té þau húsakynni, sem nauðsynleg mega teljast fyrir starfsemi stofnunarinnar, og að greiða allan kostnað af notkun þeirra.

5. Stjórnin getur veitt viðtöku almennum gjöfum og erfðagjöfum til stofnunarinnar, en þó því aðeins, að slíkar gjafir séu ekki bundnar neinum þeim skilyrðum, sem ósamrýmanleg eru tilgangi stofnunarinnar.

7. gr.

Réttarstaða.

Stofnunin er viðurkennd réttarfarslegur aðili í öllum þeim löndum, sem lúta ríkisvaldi aðildarríkjanna. Í sambandi við þennan sáttmála skal stofnuninni og fulltrúum aðildarríkjanna í stjórninni, svo og framkvæmdastjóranum og starfsliði stofnunarinnar, tryggð eftirfarandi forréttindi og friðhelgi á öllum landssvæðum, sem lúta aðildarríkjunum og teljast verða nauðsynleg til þess, að stofnunin geti framkvæmt störf sín:

1. Stofnuninni skal veitt friðhelgi og forréttindi hin sömu og aðildarríkin veita hinum sérstöku stofnunum Sameinuðu þjóðanna, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til þess, að stofnunin geti

Direktøren skal med hensyn til Organisationens finansielle administration handle i overensstemmelse med bestemmelserne i den til denne konvention knyttede finansprotokol. Han skal tillige afgive en årlig beretning til styrelsen og deltager uden stemmeret i dens møder.

Artikel VI

Finansielle bidrag

1. Enhver af Organisationens medlemsstater bidrager til dens driftsudgifter i forhold til de enkelte landes befolkningstal.

2. Beslutninger i styrelsen angående Organisationens budget vedtages med ⅔ flertal.

3. De i henhold til denne artikels bestemmelser fastsatte bidrag betales i overensstemmelse med den til denne konvention knyttede finansprotokol.

4. Den danske stat forpligter sig til at stille de lokaliteter til rådighed, som må anses for at være nødvendige til Instituttets forsvarlige virke, og at afholde de med benyttelsen af disse forbundne udgifter.

5. Styrelsen kan modtage almindelige og testamentariske gaver til Organisationen under forudsætning af, at der ikke til sådanne gaver er knyttet betingelser, som er uforenelige med Organisationens formål.

Artikel VII

Retlig status

Organisationen anerkendes som juridisk person i alle medlemsstaternes egentlige statsområder. I medfør af denne konvention skal der i medlemsstaternes egentlige statsområder indrømmes Organisationen og medlemsstaternes repræsentanter i styrelsen samt direktøren og Organisationens personale nedennævnte privilegier og immuniteter, som må anses for nødvendige for udøvelsen af Organisationens funktioner:

1. Der indrømmes Organisationen de immuniteter og privilegier, som medlemsstaterne yder til De Forenede Nationers særorganisationer i det omfang, som er nødvendigt for, at Organisationen

framkvæmt störf sín. Forréttindi og friðindi um innflutning og tolla skulu veitt stofnuninni í samræmi við þau ákvæði, sem í gildi eru í aðildarríkjunum með tilliti til hinna sérstöku stofnana Sameinuðu þjóðanna.

2. Skjalasöfn stöðvarinnar og skjöl eru friðhelg.

3. Stofnunin skal vera undanþegin tekju- og eignarsköttum.

4. Henni er heimilt að veita viðtöku, geyma og flytja út gjaldeyri og verðbréf hverrar tegundar sem er, og getur hún ráðstafað þeim eftir þörfum innan takmarka starfsemi stofnunarinnar.

5. Starfslið það, sem um getur í 1. tölulið 5. greinar (stafliðum a til d), skal undanþegið sköttum af launum, eftirlaunum og uppbótum, sem greidd eru af stöðinni, og gilda um það sömu reglur og þær, er samþykktar voru á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 21. nóvember 1947 um forréttindi og friðhelgi sérstofnana Sameinuðu þjóðanna.

6. Starfsliði stofnunarinnar skal heimilt að flytja inn húsbúnað sinn án tolla, þegar það tekur til starfa, en þó nær þetta ákvæði ekki til áfengra drykkja, tóbaks og matvöru.

7. Þeir vísindalegir starfsmenn stofnunarinnar, sem ekki eru af dönsku þjóðerni, skulu hafa rétt til að flytja inn til Danmerkur bifreið eða skyld farartæki fimmta hvert ár, án þess að greiða af tolla eða önnur lögskipuð gjöld.

Yfirleitt verður ekki veitt leyfi til sölu á farartæki af þessu tagi, fyrr en liðin eru tvö ár frá því að það var flutt inn. Verði slíkt farartæki selt áður en liðin eru fimm ár frá því að það var flutt inn, og kaupandinn nýtur ekki sömu friðinda um undanþágu frá tollum eða öðrum lögskipuðum gjöldum, skulu tollar og önnur gjöld innheimt.

8. Þeir starfsmenn stofnunarinnar, sem ekki eru ríkisborgarar í aðildarríki, skulu undanþegnir sérhverri grein herskyldu.

9. Framkvæmdastjóri stöðvarinnar skal með hæfilegu millibili tilkynna stjórnum aðildarríkjanna nöfn þeirra manna, sem um getur í þessari grein.

kan udøve sine funktioner. Privilegier og lettelser med hensyn til indførsel og told skal tillægges Organisationen i overensstemmelse med de bestemmelser, som medlemsstaterne anvender på FN's særorganisationer.

2. Organisationens arkiver og dens dokumenter er ukrænkelige.

3. Organisationen skal være fritaget for betaling af indkomst- og formueskatter.

4. Den er berettiget til at modtage, opbevare og udføre valuta og værdipapirer af enhver art og kan frit disponere herover inden for rammerne af Organisationens virksomhed.

5. Det i artikel V punkt 1 (a—d) anførte personale skal være fritaget for skatter af lønninger, pensioner og vederlag udbetalt af Organisationen efter samme retningslinier som vedtaget af De Forenede Nationers generalforsamling den 21. november 1947 om privilegier og immuniteter for FN's særorganisationer.

6. Organisationens personale skal have ret til told- og afgiftsfrit at indføre deres bohave, når de påbegynder deres hverv, dog undtaget spiritus, tobaksvarer og fødevarer.

7. Den del af Organisationens videnskabelige medarbejdere, som ikke er af dansk nationalitet, skal have ret til hvert femte år told- og afgiftsfrit at indføre et motorkøretøj til Danmark.

Tilladelse til at sælge et således indført motorkøretøj vil normalt kun blive givet to år efter dets indførsel. Hvis motorkøretøjet inden fem år efter dets indførsel sælges til en person, som ikke har samme ret til told- og afgiftsfri indførsel, vil told og afgifter blive afkrævet.

8. Den del af Organisationens personale, som ikke er statsborgere i et medlemsland, skal være fritaget for militærpligt af enhver art.

9. Instituttets direktør skal med passende mellemrum meddele de interesserede medlemsstaters regeringer navnene på de personer, som omfattes af denne artikel.

8. gr.

Breytingar.

Stjórnin getur gert tillögur til aðildarríkjanna um breytingar á þessum sáttmála og fjárhagssamþykkt þeirri, sem honum fylgir.

9. gr.

Deilumál.

Komi upp deilur milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun á sáttmála þessum eða framkvæmd hans, og ekki tekst að leysa þær með meðalgöngu stjórnarinnar, skulu þær lagðar fyrir Alþjóðadómstólinn til úrskurðar, nema aðildarríki þau, sem hlut eiga að máli, komi sér saman um aðrar leiðir.

10. gr.

Úrsögn.

Þegar sáttmáli þessi hefur verið í gildi í 10 ár, getur aðildarríki sent formanni stjórnarinnar skriflega tilkynningu um, að það hætti aðild að stofnuninni. Slík úrsögn skal taka gildi frá lokum þess fjárhagsárs að telja, sem fer eftir því ári, sem tilkynningin um úrsögn er send.

11. gr.

Upplausn stofnunarinnar.

Stofnunina má leysa upp eftir samkomulagi aðildarríkjanna. Eignir og skuldbindingar, sem þá eru fyrir hendi, skiptast milli aðildarríkjanna í hlutfalli við aðildarframlög þeirra.

12. gr.

Fullgilding.

1. Fullgilda skal sáttmála þennan, svo og fjárhagssamþykkt þá, sem honum fylgir.

2. Öll skjöl varðandi fullgildinguna skulu varðveitt í utanríkismálaráðuneyti Svíþjóðar.

13. gr.

Gildistaka.

1. Sáttmáli þessi og fjárhagssamþykkt sú, sem honum fylgir, taka gildi þegar þrjú ríki hafa fullgilt hann, en að því tilskildu:

Artikel VIII

Ændringer

Styrelsen kan overfor medlemsstaterne afgive indstilling om ændringer i denne konvention og i den dertil knyttede finansprotokol.

Artikel IX

Tvistigheder

Eventuelle tvistigheder mellem to eller flere medlemsstater angående denne konventions fortolkning eller anvendelse, som ikke bilægges ved styrelsens mellemkomst, skal forelægges Den mellemfolkelige Domstol, medmindre vedkommende medlemsstater aftaler en anden fremgangsmåde.

Artikel X

Udmeldelse

Når konventionen har været i kraft i 10 år, kan en medlemsstat til styrelsens formand indgive skriftlig meddelelse om udmeldelse af Organisationen. En sådan udmeldelse skal have virkning fra udgangen af det regnskabsår, som følger efter det, i hvilket meddelelse derom er indgivet.

Artikel XI

Opløsning

Organisationen kan opløses efter overenskomst mellem medlemsstaterne. De i så fald eksisterende aktiver og forpligtelser fordeles blandt medlemsstaterne i forhold til deres medlemsbidrag.

Artikel XII

Ratifikation

1. Denne konvention og den dertil knyttede finansprotokol skal ratificeres.

2. Ratifikationsinstrumenterne skal deponeres hos Sveriges Utrikesdepartment.

Artikel XIII

Ikrafttræden

1. Denne konvention og den dertil knyttede finansprotokol træder i kraft, når tre stater har ratificeret den, under forudsætning af:

a) að hlutfallsleg framlög þeirra, reiknuð út samkvæmt ákvæðum 1. töluliðs 6. greinar, þegar gert er ráð fyrir því, að öll fimm Norðurlandaríkin gerist aðilar að stofnuninni, nema samtals minnst 50 hundraðshlutum, og
b) að Danmörk, sem er það land, er stofnunin skal hafa aðsetur í, sé eitt þessara þriggja ríkja.

2. Þessi sáttmáli og fjárhagssamþykktin, sem honum fylgir, skulu taka gildi gagnvart öðrum ríkjum, sem undirritað hafa eða gerast aðilar síðar, þegar þau hafa afhent fullgildingarskjöl sín til varðveizlu.

a) at summen af deres procentvise bidrag beregnet efter bestemmelsen i artikel VI punkt 1 under forudsætning af, at alle fem nordiske stater tiltræder Organisationen, udgør mindst 50 procent og
b) at Danmark, som det land i hvilket Organisationens sæde skal oprettes, er blandt disse tre stater.

2. Denne konvention og den dertil knyttede finansprotokol skal træde i kraft for andre undertegnende eller senere tiltrædende stater ved deponering af deres ratifikationsinstrumenter.

FJÁRHAGSSAMÞYKKT VEGNA SÁTTMÁLA UM STOFNUN ATÓMVÍSINDASTOFNUNAR NORÐURLANDA TIL SAMVINNU Á SVIÐI FRÆÐILEGRA ATÓMVÍSINDA

AÐILDARRÍKIN að sáttmála um að koma á fót norrænni stofnun til samvinnu á sviði fræðilegra atómvísinda, HAFA Í SAMRÆMI VIÐ ÓSK um að skapa fjárhagslegan grundvöll fyrir framkvæmdum nefndrar stofnunar,

ORÐIÐ Á EITT SÁTT um það, sem hér segir:

1. gr.
Fjárhagsáætlun.

1. Reikningsár stofnunarinnar er frá 1. júlí til 30. júní.

2. Framkvæmdastjórinn skal í síðasta lagi 1. september ár hvert leggja fram sundurliðað yfirlit yfir tekjur og gjöld fyrir komandi fjárhagsár, til umræðu og samþykktar.

3. Samþykkt um fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár skal samþykkt af stjórninni í síðasta lagi hinn 1. nóvember.

2. gr.
Greiðsla fjárframlaga.

1. Stjórnin ákveður, hver háttur skuli hafður á greiðslu fjárframlaga samkvæmt þeim reglum, sem samrýmanlegar eru hæfilegri fjáröflun fyrir stofnunina.

FINANSPROTOKOL TIL KONVENTION OM OPRETTELSE AF EN NORDISK ORGANISATION FOR SAMARBEJDE INDEN FOR TEORETISK ATOMFYSIK

DE DELTAGENDE STATER i konventionen om oprettelse af en Nordisk Organisation for Samarbejde inden for Teoretisk Atomfysik er
UDFRA ØNSKET OM at tilvejebringe gundlag for den finansielle administration af nævnte organisation
BLEVET ENIGE OM følgende:

Artikel 1
Budget

1. Organisationens regnskabsår skal være 1. juli til 30. juni.

2. Direktøren skal senest den 1. september hvert år fremlægge et detailleret overslag over indtægter og udgifter for det følgende regnskabsår til drøftelse og godkendelse.

3. Beslutning angående budgettet for det kommende regnskabsår skal vedtages af styrelsen senest den 1. november.

Artikel 2
Indbetaling af bidragene

1. Styrelsen bestemmer vilkårene for indbetaling af bidrag efter retningslinier, som er forenelige med Organisationens behørige financiering.

2. Aðildarríkjunum skal því næst tilkynnt, hversu há aðildargjöldin verða, svo og um gjalddaga þeirra.

3. gr.

Gjaldmiðill fjárframlaga.

Fjárhagsáætlun stofnunarinnar skal gerð á grundvelli gjaldeyris þess lands, er stofnunin hefur aðsetur sitt í, svo og skulu reikningar hennar gerðir á grundvelli þessa gjaldeyris. Fjárframlög aðildarríkjanna skal greiða í þeim sama gjaldeyri, nema stjórnin telji annan hátt betri.

4. gr.

Reikningar og endurskoðun.

1. Haldnir skulu nákvæmir reikningar yfir allar tekjur og gjöld.

2. Stjórnin tilnefnir endurskoðanda, sem endurskoði reikninga stofnunarinnar. Endurskoðandinn sé annaðhvort löggiltur endurskoðandi eða starfsmaður ríkisendurskoðunar einhvers aðildarlandanna.

3. Veita skal endurskoðanda allar þær upplýsingar og alla þá aðstoð, sem hann kann að þarfnast til þess að framkvæma starf sitt.

2. Medlemsstaterne skal derefter underrettes om størrelsen af deres bidrag og om datoerne for disses indbetaling.

Artikel 3

Møntfod for bidragene

Organisationens budget anlægges, og regnskabet føres i det lands valuta, hvor Organisationens sæde oprettes. Medlemsstaternes bidrag skal erlægges i denne valuta eller på anden måde, styrelsen finder formålstjenlig.

Artikel 4

Regnskaber og Revision

1. Der skal føres et nøjagtigt regnskab over samtlige indtægter og udgifter.

2. Styrelsen udpeger en revisor, som skal revidere Organisationens regnskaber. Revisoren skal enten være statsautoriseret eller ansat ved et af medlemslandenes statsrevisioner.

3. Der skal gives revisoren alle de oplysninger og al den bistand, som han måtte behøve for at kunne udøve sit hverv.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Laust eftir 1950 var farið að hreyfa því meðal eðlisfræðinga á Norðurlöndum, að þörf væri á nánara samstarfi þessara landa í atómvísindum, þar sem rannsóknir á þessu sviði sækjast mun betur, ef unnið er í stærri heildum, heldur en ef starfsemin er dreifð á marga staði. Danskir, norskir og sænskir eðlisfræðingar komu saman 1953 og ræddu þessi mál. Umræðum þessum var haldið áfram á fundi í Stokkhólmi í nóvember 1955, þar sem mættir voru eðlisfræðingar frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, og á fundi í Kaupmannahöfn í janúar 1956, þar sem mættir voru eðlisfræðingar frá öllum Norðurlöndum. Á fundi þessum var gengið frá tillögum um samvinnu á milli Norðurlandaríkjanna á sviði fræðilegra atómvísinda og að komið yrði á fót sameiginlegri rannsóknarstöð í fræðilegum atómvísindum í Kaupmannahöfn.

Tillögur þessar voru sendar Norðurlandaráði og ríkisstjórnum Norðurlanda. Hinn 21. febrúar 1957 samþykkti Norðurlandaráðið að leggja til við ríkisstjórnir Norðurlanda, að komið yrði upp í Kaupmannahöfn sameiginlegri rannsóknarstöð fyrir fræðileg atómvísindi og að stjórn rannsóknarstöðvarinnar ynni jafnframt að því að koma á frekari samvinnu milli Norðurlandanna á sviði fræðilegra atómvísinda.

Öll Norðurlöndin tjáðu sig fús að taka þátt í samvinnu þessari og hafa nú greitt fjárframlag fyrir fyrsta starfsárið í réttu hlutfalli við íbúatölu einstakra landa. Alls nam upphæð þessi s. kr. 650000.00, og kom í Íslands hlut að greiða s. kr. 5000.00.

Í stjórn stofnunarinnar eiga sæti þrír fulltrúar frá Danmörku, tveir frá Finnlandi, einn frá Íslandi, þrír frá Noregi og þrír frá Svíþjóð. Þrír stjórnarfundir hafa verið haldnir, í maí, júní og október 1957, og var þar ákveðin starfstilhögun rannsóknarstöðvarinnar fyrsta starfsárið, en hún tók til starfa s. l. haust, og auk þess gengið frá uppkasti að sáttmála þeim, sem nú er lagður fram til fullgildingar.

Sþ. 423. Nefndarálit [89. mál]

um till. til þál. um glímukennslu í skólum.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um þáltill. og sent hana til umsagnar fræðslumálastjóra og Íþróttasambands Íslands. Taka þeir aðilar báðir vel undir málið. Fræðslumálastjóri sendi með bréfi sínu álit íþróttafulltrúa, þar sem hann bendir á nokkra erfiðleika, sem eru á fullkominni framkvæmd tillögunnar, og fylgir álit hans sem fylgiskjal. Þrátt fyrir þá annmarka telur nefndin, að Alþingi eigi að láta í ljós þann vilja sinn, að ákvæði gildandi laga og reglugerða um glímukennslu í skólum verði fylgt eins og framast er unnt, og mælir því með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 21. apríl 1958.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Jón Sigurðsson.	Björn Ólafsson.	Steingr. Steinþórsson.

Fylgiskjal.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 28. marz 1958.

Ég leitaði umsagnar íþróttafulltrúa ríkisins um tillögu til þingsályktunar á þingskjali 155 um glímukennslu í skólum, sem háttv. allsherjarnefnd Nd. Alþingis óskaði umsagnar minnar um nýlega. Ég leitaði álits íþróttafulltrúans og fylgir það hér með.

Ég hef litlu við umsögn íþróttafulltrúans að bæta. Áherzlu vil ég leggja á það, sem íþróttafulltrúinn tekur fram, að íþróttakennarar og fleiri kenna piltum víðast hvar glímu, þar sem aðstaða er til þess. En húsakostur hamlar því mjög víða, að unnt sé að kenna glímu, og verður vart úr því bætt, fyrr en húsakostur til skólahalds eykst eða verður endurbættur. Þar sem ekki er völ á leikfimissal, mun verða athugað, hvort ekki er hægt að setja glímuhæft timburgólf í skólastofu.

Umferðarkennsla í íþróttum hefur gefið góða raun. Ég efast ekki um, að þar sem ekki er völ á manni — eða mönnum, er kennt geta glímu, mun umferðarkennsla í glímu geta komið að góðu haldi, og teldi ég því vel ráðið, ef íþróttafulltrúi gæti í tilraunaskyni fengið 60000 kr. til umráða skólaárið 1958—59. Teldi ég eðlilegast, að veitt yrði heimild til þess að greiða 20000 kr. um fram fjárveitingu í núgildandi fjárlögum til umferðarkennslu, en í fjárlögum fyrir 1959 yrði sami liður fjárlaga hækkaður um 60000 kr. með tilliti til umferðarkennslu í glímu allt árið 1959.

Helgi Elíasson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþings, R.

FRÆÐSLUMÁLASKRIFSTOFAN
ÍÞRÓTTAFULLTRÚINN

Reykjavík, 18. marz 1958.

Samkvæmt beiðni yðar veiti ég hér með umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um glímukennslu í skólum.

Með þessari þingsályktunartillögu er stefnt að því, að Alþingi leggi fyrir menntamálaráðherra, að ákvæði um glímukennslu í skólum, sbr. 14. gr. íþróttalaga, séu framkvæmd í öllum skólum landsins.

Samkvæmt fyrrnefndri lagagrein er tilskilið, að skólarnir gefi nemendum kost á að læra glímu. Fáir skólar hafa, bæði fyrr og síðar, gefið nemendum kosti á slíku námi, en nokkrir íþróttakennarar hafa fellt kennslu í glímu inn í íþróttakennslu sína, og hefur slíkt farið vaxandi, svo að ákvæðið hefur eigi verið tómur bókstafur, eins og segir í greinargerð þeirri, sem fylgir tillögunni.

Frumskilyrðið til þess, að hægt sé að gefa piltum í skólum kost á að læra glímu, er, að aðstaða sé fyrir hendi til þess að kenna þá íþrótt, sem krefst góðs trégólfs innanhúss.

Aðeins 40% skóla þeirra, sem ákvæðið nær til, hafa aðstöðu til þess að framkvæma glímukennslu, og þá eru taldir með þeir skólar, sem leita með íþróttaiðkanir í samkomuhús eða félagsheimili.

Þá koma til viðbótar þessu aðstöðuleysi þrengslin, sem orðin eru í skólum í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri. Til eru skólar í Reykjavík, sem eigi geta veitt nemendum sínum leikfimiiðkanir, og engir barnaskólanna í Reykjavík geta veitt nemendum leikfimi samkvæmt reglugerð.

Á þennan annmarka þykir rétt að benda, þar sem í tillögunni er rætt um, að ákvæðið nái til allra skóla.

Annað atriði varðandi framkvæmd ákvæðisins er færni kennara, sem annast íþróttakennslu í skólum, til þess að kenna glímu. Flestir kennaranna munu geta kennt glímu, enda hafa piltar þeir, sem útskrifast frá Íþróttakennaraskóla Íslands, nú um langt skeið lært til þess, að þeir geti kennt glímu í skólum.

Fyrir þá, sem eigi teldu sig hafa kunnáttu til þess að kenna glímu, mætti efna til námskeiðs.

Þá yrði nokkur hópur kennara, t. d. við „eins-kennara"-skólana, sem eigi gætu annazt þessa kennslu. Til þeirra skóla yrði að senda umferðarkennara, eins og nú er gert í knattspyrnu, skíðaíþróttum, leikfimi og dönsum, eða fá úr byggðarlaginu hæfan mann til þess að annast kennsluna.

Ég er því meðmæltur, að í skólum sé piltum gefinn kostur á að læra glímu, en tel rétt í sambandi við þingsályktunartillöguna að benda á framanskráð atriði, sem ráða verður bót á, áður en glímu er hægt að iðka sem og aðrar íþróttir, sem krefjast íþróttahúss eða góðs trégólfs í félagsheimili eða öðru viðhlítandi húsi.

Hér er því um fjárhagslegt atriði að ræða, sem ég leyfi mér að benda háttvirtu Alþingi á, og þó að ákvæðið verði látið ná til þeirra skóla, þar sem aðstaða er til íþróttaiðkana inni við, þá yrði að hækka fjárveitingu í fjárlögum til námskeiða og til umferðakennslu í íþróttum.

Samtals næmu þessar hækkanir eigi lægri upphæð en 60 þús. krónum.

Virðingarfyllst,

Þorst. Einarsson.

Til fræðslumálastjóra, Reykjavík.

Sþ. 424. Nefndarálit [30. mál]

um till. til þál. um hagnýtingu brotajárns.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þáltill. og kynnt sér skýrslu Iðnaðarmálastofnunar Íslands um hagnýtingu brotajárns á Íslandi, sem gerð var í október 1956. Í þeirri skýrslu kemur fram, að erlend fyrirtæki, sem framleiða vélar fyrir járniðjuver, eru vantrúuð á, að unnt sé að skipuleggja þann rekstur í smáum stíl, og gefa þær ráðleggingar, að reksturinn muni ekki verða hagkvæmur og því ráðlegt að hætta athugunum. Þrátt fyrir þetta telur IMSÍ líkur benda til, að slíkt fyrirtæki mundi verða þjóðhagslega hagkvæmt, og telur fulla ástæðu til, að rannsóknum verði haldið áfram, áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdir.

Af þessum sökum leggur allsherjarnefnd til, að þáltill. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta halda áfram athugunum, sem gerðar hafa verið á því, hvort tiltækilegt sé að hagnýta brotajárn hér á landi með því að koma upp járnbræðslu.

Alþingi, 18. apríl 1958.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson.
Jón Sigurðsson. Ásgeir Bjarnason. Steingr. Steinþórsson. Björn Ólafsson.

Sþ. 425. Nefndarálit [63. mál]

um till. til þál. um heymjölsverksmiðju.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin tók tillöguna fyrir á tveimur fundum og leitaði auk þess umsagnar um hana hjá Búnaðarfélagi Íslands og Iðnaðarmálastofnun Íslands. Báðir þessir aðilar mæla með samþykkt tillögunnar.

Allsherjarnefnd leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 18. apríl 1958.

Benedikt Gröndal, form. Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. Jón Sigurðsson, frsm.
Ásgeir Bjarnason. Björn Jónsson. Björn Ólafsson. Steingr. Steinþórsson.

Sþ. 426. Nefndarálit [126. mál]

um till. til þál. um endurskoðun gildandi lagaákvæða um réttindi vélstjóra á fiskiskipum.

Frá allsherjarnefnd.

Í samræmi við þær upplýsingar, sem nefndin hefur aflað sér við meðferð málsins, er hún sammála um að mæla með, að þáltill. verði afgreidd með svo hljóðandi tillögu til

RÖKSTUDDRAR DAGSKRÁR:

Þar sem sérstök nefnd hefur fjallað um endurskoðun laga um réttindi vélstjóra og hefur lokið störfum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi fljótlega fyrir Alþingi frumvarp um málið, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. apríl 1958.

Benedikt Gröndal, form. Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Björn Ólafsson.

Jón Sigurðsson. Steingr. Steinþórsson. Ásgeir Bjarnason. Björn Jónsson.

Nd. 427. Lög [146. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd fr. Nd. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 406.

Ed. 428. Frumvarp til laga [95. mál]

um sölu nokkurra jarða í opinberri eigu og um eignarnám erfðafesturéttinda.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja Eyrarbakkahreppi í Árnessýslu allt land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar í Eyrarbakkahreppi með hjáleigum, að undanskildum eignarlóðum, sem þegar hafa verið seldar úr landi Stóru-Háeyrar.
2. Að selja Raufarhafnarhreppi allt land jarðarinnar Raufarhafnar.
3. Að selja Óskari Hjartarsyni á Grjóteyri í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðina Skógarkot í Andakílshreppi.
4. Að selja hreppsnefnd Eyrarsveitar jörðina Hrafnkelsstaði í Eyrarsveit.
5. Að selja Þorvarði Einarssyni á Bakka í Stykkishólmshreppi jörðina Kiðey í Stykkishólmshreppi.

Náist ekki samkomulag um söluverð lands samkvæmt 1. tölulið, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Árnessýslu oddamann. Þó skal Eyrarbakkahreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

Andvirði landsins skal Eyrarbakkahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Náist ekki samkomulag um söluverð lands samkvæmt 2. tölulið, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Þingeyjarsýslu oddamann. Þó skal Raufarhafnarhreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda á vegum hreppsfélagsins, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Greiðsluskilmálar skulu vera hagkvæmir, sbr. 4. gr. laga nr. 64 27. júní 1941, enda má hreppurinn ekki selja jörðina eða hluta hennar nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Eyrarbakkahreppi eða Raufarhafnarhreppi var gert að greiða fyrir landið.

Söluverð jarðanna samkv. 3.—5. tölulið skal ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps eða Raufarhafnarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 429. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um styrk til útgerðarfélags flóabátsins Baldurs.

Flm.: Pétur Pétursson, Sigurvin Einarsson, Ásgeir Bjarnason, Friðjón Þórðarson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða útgerðarfélagi flóabátsins Baldurs, SH-106, kr. 150 000.00 sem viðbótarstyrk vegna sjótjóns.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hefur flóabáturinn Baldur annazt flutninga á vörum og fólksflutninga á milli Reykjavíkur og hafna við Breiðafjörð, einkum innan til, á undanförnum árum. Eigendur bátsins eru: ríkissjóður að ⅓ hluta, en aðrir aðilar Stykkishólmur og Búðardalur að ⅔ hlutum.

Í vetur hefur báturinn orðið tvisvar fyrir sjótjóni, þó þannig, að seinna tjónið verður fyrst og fremst vegna þess, að eigi var nægjanlega vel gert við bátinn, eftir að hann skemmdist í fyrra sinnið.

Fyrst var gert við bátinn í Stykkishólmi fyrir 20—30 þús. kr., og var sú viðgerð greidd af tryggingarfélaginu. Skömmu síðar var gert við hann á Akranesi fyrir 45—50 þús. kr. Sú viðgerð átti að vera fullnaðarviðgerð, enda framkvæmd í samráði við skipaskoðunarmann. Hins vegar varð reynslan sú, að í annarri ferð til Reykjavíkur eftir viðgerðina hreppti báturinn slæmt veður, og kom þá aftur leki að bátnum. Ræddi Lárus Guðmundsson skipstjóri á bátnum og framkvæmdastjóri félagsins þá við Kristján Guðmundsson skipaskoðunarmann í Stykkishólmi um málið. Kristján hafði síðan samband við Skipaskoðun ríkisins. Niðurstaðan varð sú, að ekki var talið rétt, að báturinn héldi áfram ferðum, fyrr en ástand hans hefði verið rannsakað að fullu, þar eð hann væri skráður sem farþega- og póstskip. Báturinn var síðan tekinn upp, og kom þá í ljós, að kjölurinn var siginn aftur.

Skipaskoðunarmaður telur, að kjölur bátsins sé of veikbyggður. Báturinn var upphaflega styttri og var síðan lengdur (árið 1941), svo að hlutfallið raskaðist á milli lengdar og gildleika kjalar hans.

Viðgerð báts og vélar er talin kosta harnær 400 þús. kr. Hins vegar er tjónið metið af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og tjónbætur taldar vera kr. 197640.00, en þar af hafa þegar verið greiddar kr. 20000.00 fyrir fyrstu viðgerðina í Stykkishólmi.

Það er því ljóst, að félagið verður fyrir verulegum viðbótarútgjöldum, enda nær tryggingin aðeins til sjótjóns, þ. e. ef rekja má orsakir skemmda á bátnum til

ákveðins sjótjóns, en ekki til bilana vegna eðlilegs slits á bátnum. Auk þess mun tryggingin ekki greiða tvisvar viðgerð á sama tjóni, og verður því útgerð bátsins að taka á sig kostnaðinn vegna viðgerðarinnar á Akranesi, a. m. k. þar til útkljáð er, hvernig á því stóð, að sú viðgerð kom ekki að tilætluðum notum.

Málin standa því þannig, að þrátt fyrir það, þótt tryggingin taki á sig verulegan hluta af aðalviðgerðinni, hefur félagið samt orðið fyrir verulegu tjóni og tekjumissi. Það hefur alls ekki fjárhagslega möguleika til þess að taka á sig þetta tjón, enda hefur félagið barizt í bökkum fjárhagslega. Hins vegar er bráðnauðsynlegt fyrir byggðir Breiðafjarðar, að haldið sé uppi sjóferðum á milli Reykjavíkur og hafna við Breiðafjörð, svo sem verið hefur um mörg undanfarin ár.

Flm. þessarar tillögu telja því, að eðlilegasta lausnin sé sú að heimila ríkisstjórninni að hækka styrkinn til „Baldurs“ á þessu ári vegna þeirra sérstöku aðstæðna, sem hér hafa verið raktar.

Sþ. 430. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um að láta breyta vegakerfi á Þingvöllum.

Flm.: Einar Olgeirsson, Eggert Þorsteinsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Ágúst Þorvaldsson, Sveinbjörn Högnason, Bjarni Benediktsson, Jóhann Jósefsson, Finnbogi R. Valdimarsson, Friðjón Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela Þingvallanefnd að láta hætta allri bílaumferð um veginn eftir Almannagjá og leggja nýjan bílveg, er eigi liggi gegnum gjána.

Greinargerð.

Það er nú brýn nauðsyn að láta hætta allri bílaumferð gegnum Almannagjá, ef sá staður á að vera raunverulega friðlýstur. Nú er svo komið, að illverandi er fyrir fólk í gjánni sakir bílaumferðar og þess ryks og ókyrrðar, sem af umferðinni stafar. Og ekki er ólíklegt, að umferð hinna þungu farartækja, sem sífellt verða fyrirferðarmeiri, valdi aukinni hættu á hruni úr gjárbarminum, — og með tímanum grefur rykið, sem upp er þyrlað, búðarústirnar, ef þannig er haldið áfram.

Almannagjá á að vera friðaður reitur, þar sem menn fara um fótgangandi, þar sem blóm og grös fá að vaxa í næði og þar sem fólk getur verið í friði við minjarnar um forna tíma og sérkennilega náttúrufegurð staðarins. Frekar mætti prýða gjána villtum blómum, án þess að fara samt að búa þar til nokkra blómareiti, í stað þess að ausa hana svo ryki sem nú er gert með bílaumferðinni.

Auðvelt er að tryggja betri samgöngur en nú eru í gegnum Almannagjá með vegarlagningu til Valhallar af vegum þeim, sem nú liggja niður frá þjóðveginum fyrir neðan Kárastaði.

Tilgangur þessarar þáltill. er að fela Þingvallanefnd að láta framkvæma þetta í samráði við vegagerð ríkisins. Léti nefndin þá banna allan akstur gegnum Almannagjá, en hins vegar væri nefndinni í sjálfsvald sett, að hve miklu leyti hún leyfði farlama fólki, sem ella gæti ekki borið sig yfir, undanþágu til að aka inn í gjána frá Öxarárbrú og snúa síðan við nálægt Lögbergi.

Nd. 431. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um, að rétt sé, að starfsemi hlutatryggingasjóðs taki til síldveiða í reknet, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir, en til þessa hefur ekki verið.

Sýnt er, að breyting þessi mundi raska nokkuð fjárhag hlutatryggingasjóðs, þar eð nú þegar rennur til sjóðsins gjald af útflutningi reknetasíldar, og getur breyting þessi því eingöngu haft áhrif á gjöld sjóðsins, en engin á tekjur hans. Hins vegar fer nú fram almenn endurskoðun á hlutatryggingasjóðslögunum. Að svo stöddu þykir nefndinni vert að láta mál þetta koma til 2. umræðu án þess að gera breytingartillögur við það, en vera má, að nefndin telja ástæðu til að athuga málið að nýju fyrir 3. umræðu.

Alþingi, 21. apríl 1958.

Gísli Guðmundsson, form. Karl Guðjónsson, fundaskr., frsm. Áki Jakobsson,
Pétur Ottesen. Sigurður Ágústsson.

Nd. 432. Breytingartillögur [162. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 23. júní 1933, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í staðinn fyrir „12 vetra“ í 1. málsgr. komi: 10 vetra.
   b. Á eftir orðunum „útflutningur á“ í sömu málsgr. komi: fyrstu verðlauna.
   c. Í 2. málsgr. falli niður orðið „tömdum“.
2. Við fyrirsögn frv. Í stað „1933“ komi: 1932.

Ed. 433. Breytingartillögur [136. mál]

við frv. til laga um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Á eftir 4. gr. frv. komi nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. (5. gr.) Orðin „allt að 4 millj. króna ár hvert næstu 10 ár“ í 16. gr. laganna falli burt.
   Til vara:
   Fyrir orðin „4 millj. kr.“ í 16. gr. laganna komi: 10 millj. kr.
   Til þrautavara:
   Fyrir orðin „4 millj. kr.“ í 16. gr. laganna komi: 8 millj. kr.
2. (6. gr.) Í stað orðanna „Lánveiting ríkissjóðs er þó ávallt bundin því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði hafi verið tekið úr notkun, um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert“ í 1. málsgr. 16. gr. laganna komi: Sveitarfélagi er skylt að sjá um, að tekin verði úr notkun ein ónothæf íbúð á móti hverri nýrri íbúð, sem lán er veitt til samkvæmt þessari grein.

Nd. 434. Breytingartillögur [93. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

Frá Jóhanni Hafstein og Ólafi Björnssyni.

1. Við 1. gr. Fyrsti málsliður orðist svo: Eigi má fjölga starfsliði við ríkisstofnanir eða ríkisrekstur, sem í fjárlögum greinir, nema leitað hafi verið tillagna trúnaðarmanna þeirra, er um ræðir í 3. gr.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Alþingi kýs þriggja manna nefnd, sem ber að vinna að ráðstöfunum til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.
   Einkum ber nefndinni að leggja áherzlu á eftirfarandi:
   A. að gera tillögur um og stuðla að því á annan hátt að tekin séu upp hagfelldari vinnubrögð í ríkisstofnunum til að spara mannahald og annan rekstrarkostnað;
   B. að hafa eftirlit með því, að ríkisfé sé ekki eytt umfram það, sem í fjárlögum er ákveðið eða óhjákvæmilegt reynist. Ber að leita umsagnar nefndarinnar um sérhverjar umframgreiðslur, sem ríkisstjórnin eða forstöðumenn ríkisstofnana telja ekki verða hjá komizt, þar til Alþingi getur tekið ákvörðun um málið.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:
   Þegar veitt er fé í fjárlögum í einu lagi til meiri háttar verka, svo sem atvinnuaukningar, skólabygginga, vegaviðhalds, hafnarbóta o. fl., þá er skylt að hafa samráð við nefndina samkv. 3. gr. um skiptingu fjárins.
4. Við 7. gr. Í upphafi greinarinnar komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Alþingi ákveður nefndarmönnum samkv. 3. gr. laun, og greiðast þau og annar kostnaður af störfum nefndarinnar úr ríkissjóði.
5. Fyrirsögn frv. hljóði svo: Frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins og eftirlit með greiðslum umfram fjárlagaheimild.

Nd. 435. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um eftirlit til varnar gegn ofeyðslu hjá ríkinu og stofnunum þess.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og telur efni þess athyglisvert, en málið ekki nægilega undirbúið. Telur nefndin því rétt, að ríkisstjórnin láti athuga þetta vandlega og leggi síðan tillögur sínar að athugun lokinni fyrir Alþingi.

Nefndin leggur því til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 19. apríl 1958.

Skúli Guðmundsson, form., með fyrirvara. Emil Jónsson, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.
Ólafur Björnsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 436. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að það verið samþykkt.

Hvergi mun vera að finna í íslenzkum lögum ákvæði, er skyldi félög til að leggja ákveðinn hundraðshluta af umsetningu í varasjóð, ef frá er talið ákvæði laga nr. 46/1937, sem gert er ráð fyrir að breyta með frumvarpi þessu. En þróun, vöxtur og viðgangur samvinnufélaga á undanförnum áratugum bendir ótvírætt til þess, að þeim sé ekki síður en öðrum félögum treystandi til að hafa frjálsræði um meðferð fjármuna sinna að þessu leyti.

Að sjálfsögðu felur frumvarp þetta ekki í sér bann við því, að samvinnufélög leggi fjárhæðir í varasjóð, heldur er markmið þess að veita félögunum sjálfum rétt til að ákveða varasjóðstillög eftir því, sem afkoma og aðstæður leyfa. Hins vegar er þó enn haldið þeirri reglu, að hreinn ágóði af utanfélagsviðskiptum skuli lagður í varasjóð, sé honum ekki á annan hátt varið til almenningsþarfa.

Ef skipulagshættir samvinnufélaga eru nánar athugaðir, kemur í ljós, að fjárhagsgrundvöllur þeirra er mun betur tryggður en annarra félaga. Í 26. gr. laga nr. 46/1937, um samvinnufélög, er svo ákveðið, að tekjuafgang megi ekki greiða út til félagsmanna, fyrr en allar eignir hafi verið afskrifaðar nægilega, árgjöld í sjóði hafi verið greidd og 3% af verði aðkeyptra vara, sem félagsmenn hafa keypt, verið lagt í stofnsjóð, sem er eign félagsmanna. En stofnsjóðsinnstæður félagsmanna í kaupfélögum eru til tryggingar skuldbindingum félagsins, sbr. 5. gr., 8. tl.

Samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga má úthluta arði til hluthafa, þótt tap hafi orðið á rekstri félagsins, ef arðstryggingarsjóður er fyrir hendi hjá félaginu (33. gr. laga nr. 77/1921). Svo mikið frjálsræði í meðferð fjár er samvinnufélögum ekki veitt, að þau geti úthlutað tekjuafgangi, þótt tap verði á rekstri félagsins.

Að öllu þessu athuguðu virðist rétt að veita samvinnufélögum þann sjálfsákvörðunarrétt á borð við önnur félög, sem frumvarp þetta stefnir að.

Alþingi, 21. apríl 1958.

Pétur Pétursson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Gunnar Jóhannsson.

Nd. 437. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Samkvæmt gildandi lögum eiga samvinnufélög að greiða 8% í tekjuskatt af skattskyldum tekjum, auk stríðsgróðaskatts, er þau eiga að greiða sem aðrir gjaldendur. Skattskyldar eru þær tekjur félaganna, sem lagðar eru í varasjóð. Nú verða þau samkv. 24. gr. laga um samvinnufélög að greiða minnst 1% af sölu keyptra vara og afurða í varasjóð og aðra óskiptanlega sjóði. Og nú rennur allur hagnaður af viðskiptum við utanfélagsmenn einnig í varasjóð. Það, sem á þennan hátt er lagt í varasjóð árlega, er nú skattskylt að ⅔ hlutum. Það, sem félögin leggja í stofnsjóð eða úthluta til félagsmanna, er ekki skattskylt.

Ef frumvarpið er samþykkt óbreytt, fellur niður skylda félaganna til að leggja ákveðinn hluta af tekjum sínum í varasjóð. Þeim er í sjálfsvald sett, hvers konar ákvæði þau setja um greiðslur í varasjóð, að undanteknum hagnaði af utanfélagsmannaviðskiptum. Þau geta því, ef þeim sýnist svo, lagt allar tekjur í stofnsjóð, sem er að vísu eign félagsmanna, en hann er skattfrjáls. Á þann hátt geta félögin komizt hjá því að greiða nokkurn skatt af tekjum nema þeim, sem koma af viðskiptum utanfélagsmanna. En skýrslur félaganna um þau viðskipti hafa jafnan verið taldar mjög ófullkomnar.

Ákvæðum um skattskyldu félaganna af viðskiptum utanfélgsmanna verður einnig breytt. Að vísu á þessi hagnaður að leggjast í varasjóð, en áður skulu frá honum dregin öll opinber gjöld, sem á hann leggjast. Með öðrum orðum: Félögin fá með þessu sérstaka frádráttarheimild á sköttum frá tekjum, sem engir aðrir skattþegnar hafa.

Verði frumvarpið samþykkt, er sýnilegt, að samvinnufélögin geta komið sér hjá allri skattgreiðslu til ríkissjóðs nema af þeim óverulega hagnaði, sem stafar af viðskiptum utanfélagsmanna.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, en fyrir þinginu liggur frumvarp um breytingu á skattgreiðslu félaga, sem einnig er flutt af ríkisstjórninni. Samkvæmt því frumvarpi er hlutafélögum og samvinnufélögum ætlað að greiða einn skatt, 25%, af tekjum sínum. Samvinnufélögin eiga því að greiða sama skatt og hlutafélög, ef það frumvarp verður samþykkt. En sá böggull fylgir skammrifi, eins hér hefur verið sýnt fram á, að samvinnufélögunum er að mestu leyti í sjálfsvald sett, hversu miklar tekjur þau telja fram til skatts. Yrði því ákvæðið um 25% skatt aðeins til að sýnast og skapar meira misrétti í þessum efnum en nokkru sinni áður.

Við gerum því að tillögu okkar, að frumvarpið verði fellt og samvinnufélögin telji fram tekjur sínar á sama hátt og verið hefur.

Alþingi, 21. apríl 1958.

Björn Ólafsson, frsm. Bjarni Benediktsson.

Ed. 438. Breytingartillögur [169. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 24. marz 1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi.

Frá menntamálanefnd.

a. Við fyrri málsgr. 1. gr. Í stað orðanna „er þeir jarðsyngja“ komi: er látast í söfnuðum þeirra.
b. Við síðari málsgr. 1. gr. Í stað orðsins „greftraðir“ komi: látnir.

Nd. 439. Frumvarp til laga [88. mál]

um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni sauðfjár ber skylda til að láta fram fara rækilega böðun, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, á öllu því sauðfé, sem hann hefur undir höndum, þar með talið fóðrafé tekið af öðrum og fé, sem heimtist eftir böðun.

Lögskipaðar baðanir skulu fara fram ár hvert á öllu landinu á sama vetri á tímabilinu frá 15. október til 15. marz. Skulu sauðfjáreigendur hafa nothæf tæki eða aðstöðu til böðunar eða greiða þann kostnað, er af útvegun tækjanna leiðir, ef þeir leggja þau ekki til sjálfir. Þeir skulu einnig sjá fyrir hæfum vinnukrafti, svo að böðun geti að dómi baðstjóra gengið greiðlega og þannig, að viðhlítandi sé.

2. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða mikilla óþrifa í sauðfé, er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að fyrirskipa aukaskoðun fjár og útrýmingarböðun.

3. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim héruðum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti sem þeir geta annazt slíkt eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðun, einn í hverju sýslu- eða bæjarfélagi, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefndar eða bæjarstjórnar. Skal skipa eftirlitsmenn til fjögurra ára í senn. Eftirlitsmenn skulu annast undirbúning böðunar hver í sínu umdæmi. Þeir skulu hlutast til um, að verzlanir hafi næg baðlyf, leiðbeina baðstjórum og annast skýrsluhald varðandi sauðfjárböðun. Þá skulu þeir einnig í samráði við baðstjóra ákveða, hvenær baða skuli í hverjum hreppi innan þess takmarks, sem ákveðið er í 1. gr., og tilkynna það sauðfjáreigendum.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu í samráði við hreppsnefndir útnefna baðstjóra, einn eða fleiri í hverjum hreppi, eftir því sem nauðsyn krefur. Í bæjum ráða eftirlitsmenn baðstjóra eftir þörfum í samráði við bæjarstjórn. Baðstjórar skulu skipuleggja böðunarframkvæmdir, hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, hafa gát á því að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum, og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu.

Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hverrar sýslu eða bæjarfélags greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar. Kaup baðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

5. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á, að kind hafi sýkzt af fjárkláða, skal sá, er kindina hefur undir höndum, einangra hana án tafar frá öðru fé og tilkynna hreppstjóra eða bæjarstjóra þegar í stað. Er þeim skylt að halda hinu kláðasjúka fé í einangrun á kostnað eiganda, unz úrskurður dýralæknis hefur fengizt um, hvort um fjárkláða sé að ræða.

Reynist kindin kláðasjúk, skal dýralæknir gera ráðstafanir til útrýmingar sjúkdóminum strax og fært þykir í samráði við yfirdýralækni og viðkomandi eftirlitsmann.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, veitt frest eða undanþágu frá lögboðinni sauðfjárböðun, ef heilbrigði fjárins er svo háttað að dómi héraðsdýralæknis, að hætta kunni að stafa af böðun, eða ef hann álítur hættu á, að böðun geti valdið útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við sauðfjárbaðanir.

Ef baða þarf fé oftar en einu sinni sama veturinn vegna fjárkláða, greiðir ríkissjóður andvirði baðlyfjanna að hálfu leyti, eins og þau kosta á næsta verzlunarstað. Fjáreigendur greiði annan kostnað við sauðfjárbaðanir.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd sauðfjárbaðana, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands. Er heimilt í slíkri reglugerð að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigendur hafa eigi án lögmætra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir lögskilinn tíma, og að heimilt sé að baða sauðfé á kostnað eiganda, hafi hann eigi lokið böðun á tilskildum tíma.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 1000—10000 kr., sem renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

Skal fara með þau mál að hætti opinberra mála.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 90 frá 3. maí 1935, um útrýmingu fjárkláðans, og lög um sauðfjárbaðanir, nr. 19 13. janúar 1938.

Nd. 440. Umferðarlög. [18. mál]

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 407, sbr. 22.

Sþ. 441. Fyrirspurn [181. mál]

til ríkisstjórnarinnar um innflutning landbúnaðarvéla.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Hvenær má vænta þess, að gefin verði innflutningsheimild fyrir heyvinnuvélum og öðrum nauðsynlegum landbúnaðartækjum, sem nota þarf í sumar?

Sþ. 442. Frumvarp til fjáraukalaga [149. mál]

fyrir árið 1955.

(Eftir 2. umr.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1955, eru veittar kr. 103 803 375.65 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstmál	kr.	2 392 972.10
	en tekjur fóru kr. 1 145 623.34 fram úr fjárlagaáætlun.		
2.	Síminn	—	8 054 221.07
	en tekjur fóru kr. 6 991 872.54 fram úr fjárlagaáætlun.		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	2 109 024.18
	en bruttótekjur urðu kr. 12 266 360.75 umfram fjárlagaáætlun.		
4.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	295 370.11
	en bruttótekjur urðu kr. 6 713 251.62 umfram fjárlagaáætlun.		

5.	Ríkisútvarpið	kr.	2 796 566.54
	en tekjur fóru kr. 2 742 686.97 fram úr fjárlagaáætlun.		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	440 365.61
	af kr. 894 640.99 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Grænmetisverzlun ríkisins	—	187 913.69
	af kr. 400 578.33 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8.	Landssmiðjan	—	1 831 495.53
	en tekjur fóru kr. 1 578 209.70 umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Innkaupastofnun ríkisins	—	171 889.75
	af kr. 465 763.47 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Bessastaðabú	—	74 062.96
	en tekjur fóru kr. 59 090.83 umfram fjárlagaáætlun.		
11.	Vífilsstaðabú	—	2 168.14
	af kr. 16 072.55 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
12.	Kópavogsbú	—	5 820.42
	af kr. 21 653.11 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
13.	Kleppsbú	—	151 687.24
	en tekjur fóru kr. 149 692.67 umfram fjárlagaáætlun.		
14.	Skólabúið á Hólum	—	166 901.68
	en tekjur fóru kr. 135 018.35 umfram fjárlagaáætlun.		
15.	Skólabúið á Hvanneyri	—	216 218.11
	en tekjur fóru kr. 146 534.36 umfram fjárlagaáætlun.	Kr.	18 896 677.13

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. eru veittar	kr.	364 727.50
— — — — - 10. — — —	—	4 027 256.35
— — — — - 11. — A. — —	—	6 585 787.86
— — — — - 11. — B. — —	—	702 486.19
— — — — - 11. — C. — —	—	2 492 702.65
— — — — - 11. — D. — —	—	264 679.84
— — — — - 12. — — —	—	4 016 268.45
— — — — - 13. — A. — —	—	9 036 594.59
— — — — - 13. — B. — —	—	3 219 556.07
— — — — - 13. — C. — —	—	1 392 629.73
— — — — - 13. — D. — —	—	5 552 983.37
— — — — - 14. — A. — —	—	479 873.29
— — — — - 14. — B. — —	—	7 430 615.63
— — — — - 15. — A. — —	—	309 269.15
— — — — - 15. — B. — —	—	4 255 189.76
— — — — - 16. — A. — —	—	1 185 391.16
— — — — - 16. — B. — —	—	2 390 720.83
— — — — - 16. — C. — —	—	156 141.44
— — — — - 16. — D. — —	—	341 567.39
— — — — - 17. — — —	—	1 571 968.17
— — — — - 18. — — —	—	1 749 976.17
— — — — - 19. — 1. — —	—	5 186 323.47
— — — — - 19. — 3. — —	—	5 133 470.12
	Kr.	86 742 856.31
Frá dregst til uppbóta á grunnlaun og lífeyri samkv. 19. gr. 2. fjárlaga 1955	kr.	6 000 000.00
	Kr.	80 742 856.31
Til eignaaukningar samkv. 20. gr. Út eru veittar	—	23 060 519.34
Inn fóru kr. 12 594 282.47 fram úr fjárlagaáætlun.		
Samtals	kr.	103 803 375.65

Sþ. 443. Þingsályktun [163. mál]

um ríkisábyrgð vegna byggingar heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði.

(Afgreidd frá Sþ. 23. apríl.)

Shlj. þskj. 357.

Sþ. 444. Breytingartillögur [165. mál]

við till. til þál. um, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Bernharð Stefánsson, Magnús Jónsson, Jón Sigurðsson.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um endurreisn hinna fornu biskupsstóla í Skálholti og á Hólum og leggja tillögur um það efni fyrir næsta þing.
2. Fyrirsögn verði:
   Tillaga til þingsályktunar um endurreisn hinna fornu biskupsstóla.

Nd. 445. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Það sjónarmið kom fram í nefndinni, að það orkaði tvímælis, hvort réttmætt væri að heimila takmörkun á fjölda leigubifreiða í kaupstöðum, svo sem nú er gert samkvæmt lögum nr. 40/1957. En þar sem heimild sú, sem í þeim lögum felst, mun vera framkvæmd sums staðar í kaupstöðum, getur nefndin fallizt á ákvæði þessa frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 23. apríl 1958.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.	Karl Guðjónsson, fundaskr.	Jón Pálmason.	Eiríkur Þorsteinsson.

Ingólfur Jónsson.

Ed. 446. Breytingartillögur [49. mál]

við frv. til l. um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Aftan við 3. gr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Eigi má heldur án slíks leyfis selja fæði eða láta í té gistingu á skipum í höfn til farþega, sem komnir eru á ákvörðunarstað, eða annarra óviðkomandi manna.

2. 1. málsgr. 16. gr. orðist þannig:
Ferðaskrifstofa ríkisins hefur á hendi eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða. Í kaupstöðum, þar sem sérstakir heilbrigðiseftirlitsmenn eru starfandi, skulu þeir annast daglegt eftirlit. Heimilt er ráðherra að ákveða, að í þeim kaupstöðum, er að framan greinir, skuli heilbrigðiseftirlit staðarins fara með allt það eftirlit, sem Ferðaskrifstofu ríkisins er falið samkvæmt lögum þessum, í hlutaðeigandi kaupstað, enda sé tryggt að dómi ráðherra, að slíkt eftirlit sé fullnægjandi.
3. Aftan við 23. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Þeir aðilar, sem haft hafa veitingaleyfi samkvæmt eldri lögum, skulu aðeins greiða endurnýjunargjald, samkvæmt 3. mgr. 19. gr., fyrir þau leyfi, sem þeir kunna að fá samkvæmt lögum þessum.

Ed. 447. Frumvarp til laga [182. mál]

um listamannalaun.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Veita skal tiltekinni tölu viðurkenndra listamanna föst listamannalaun eftir lögum þessum.

2. gr.

Sex mönnum skal veita 20 þús. kr. árslaun. Sameinað Alþingi ákveður með skriflegri atkvæðagreiðslu og umræðulaust, hverjir þessara launa skuli njóta.

3. gr.

Sex mönnum skal veita 15 þús. kr. árslaun, tólf mönnum 12 þús. kr. árslaun og tólf mönnum 8 þús. kr. árslaun. Menntamálaráðherra ákveður, hverjir þessara launa skuli njóta, eftir tilnefningu samkvæmt 4. gr.
Engum má veita laun eftir þessari grein, sem yngri er að árum en fertugur.

4. gr.

Heimspekideild háskólans, eða fimm menn, sem hún velur til, og menntamálaráð, hvor aðili í sínu lagi, skulu gera tillögur til ráðherra um það, hverjum veita skuli listamannalaun eftir 3. gr. Skal hvor aðili gera í fyrsta sinn tillögu um fulla tölu manna í hvern launaflokk. En síðan skal hvor aðili tilnefna tvo menn til hverra listamannalauna, sem laus verða til veitingar.
Sækja má um listamannalaun, einnig fyrir hönd annars manns. En tilnefna skal menn til launanna og veita þau án tillits til þess, hvort umsókn hefur komið fram eða eigi.

5. gr.

Meta skal þetta við veiting listamannalauna eftir 3. gr. og hafa hliðsjón af, að öðru jöfnu:
a) hversu arðbær sú listgrein er almennt, sem maður leggur stund á,
b) hvort maður gegnir föstu starfi og hversu vel launuðu,
c) hvort maður hefur eftirlaunarétt,
d) hvort maður hefur verulegar tekjur af eignum eða fjárafla utan sinnar listgreinar.

6. gr.

Veiting listamannalauna skal fylgja sami réttur og veiting embættis, eftir því sem við getur átt, en án aldurshámarks og án eftirlauna til maka, enda greiðist ekki

lífeyrissjóðsgjald af listamannalaunum. — Ráðherra getur svipt mann listamannalaunum, sem veitt eru eftir 3. gr., ef maðurinn gerist sekur um afbrot eða mjög vítavert framferði.

7. gr.

Listamannalaun eftir 3. gr. skulu falla til veitingar á ný, ef svo verður:

a) að maður hverfur úr landi, nema til þess sé að geta betur stundað list sína í íslenzka þágu, og metur ráðherra það,
b) að maður tekur við föstu starfi með árslaunum, sem svara VIII. launaflokki opinberra starfsmanna eða meira. — Þó má tilnefna mann til hinna sömu listamannalauna eða annarra og veita honum á ný.

8. gr.

Listamannalaun skal greiða hverju sinni með sömu uppbót eftir vísitölu og laun opinberra starfsmanna. Verði almenn hlutfallshækkun gerð á launum opinberra starfsmanna, skal fara eins um listamannalaun.

9. gr.

Veita skal, auk fastra listamannalauna, eigi minna en 650 þús. kr. á ári til úthlutunar handa þeim listamönnum, sem ekki njóta fastra listamannalauna. Um þetta fé gilda ákvæði 8. gr. um uppbót eftir vísitölu. Það fé, sem listamanni er veitt til utanfarar eða sem sérstök viðurkenning fyrir tilgreint listaverk, eitt eða fleiri, skal vera skattfrjálst.

10. gr.

Listamannafé, sem veitt er samkvæmt 9. gr. til úthlutunar árlega, skal úthlutað af þingkjörinni nefnd, eftir nánari ákvæðum í fjárlögum, en að fengnum tillögum menntamálaráðs og fimm manna nefndar, kosinnar af fulltrúaráði Bandalags íslenzkra listamanna, og geri hvor aðili í sínu lagi rökstuddar tillögur til úthlutunarnefndar.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1958.

Greinargerð.

Veiting listamannalauna og skipting fjárins er orðið algert vandræðamál að öllu skipulagi; þetta sætir almennri og sívaxandi gagnrýni. Það mun mega segja með sanni, að í hópi listamanna sé enginn, sem uni þessu ástandi, þó að listamenn muni að sjálfsögðu telja höfuðmeinið, að fjárveitingin í heild sé of lág. En það má heita óumflýjanleg almenn nauðsyn að koma einhverju traustara skipulagi á þessi mál en nú er.

Sjálft höfuðatriðið, sem í þessu frv. felst, er að lögfesta listamannalaun og lágmark þess fjár, sem til þeirra sé veitt, en láta ekki slíkt mál vera háð með öllu einfaldri samþykkt í fjárlögum hvert ár.

Flm. þessa frv. flutti á þingi 1956, fyrir beiðni stjórnar Rithöfundafélags Íslands og fleiri listamanna, frv., sem stefndi í sömu átt, en gekk skemmra. Það frv. náði ekki fram að ganga, og hafa ekki síðan verið bornar fram á Alþingi neinar tillögur um gagngera úrlausn þessara mála.

Í þetta frv. eru tekin upp ákvæði úr hinu fyrra frv. um föst laun ákveðinnar tölu listamanna (2. og 3. gr.). En í 9. gr. er algert nýmæli og mjög þýðingarmikið fyrir hina yngri listamenn, þar sem ætlazt er til, að sæmileg fjárhæð sé tryggð þeim til árlegrar úthlutunar. Með ákvæðum 10. gr. er leitazt við að tryggja sem bezt má verða úthlutun þessa fjár, þannig, að sem flestar stoðir renni undir endanlega ákvörðun um hverja einstaka fjárveitingu.

Listamenn og félög þeirra krefjast meira fjár til úthlutunar. Þá hefur úthlutunarnefnd sífelldlega bent á þá erfiðleika að skipta svo litlu fé. Listamenn færa

einkum þau rök fram, að listamannafé fari raunverulega sílækkandi, dragist sífellt aftur úr í hlutfalli við aðrar fjárveitingar og aðrar menningargreinar. Mun verða gerð nánari grein fyrir þessu í framsögu.

Í greinargerð stjórnar Rithöfundafélags Íslands með frv. 1956 sagði á þessa leið:

„Ekki þarf að vænta þess, að skipting listamannafjár verði með fullri eindrægni, hvernig sem að væri farið. En sú skipun, sem hér er lagt til að upp verði tekin, mundi efalaust miða til hins betra og setja niður að verulegu leyti óþarfar og árlegar erjur."

Þessi ummæli eiga enn fyllilega við. En því meiri von er um góðan árangur af þessu frv., ef það gengi fram, að í því eru tekin upp veigamikil nýmæli í viðbót frá hinu fyrra frumvarpi.

Nd. 448. Breytingartillaga [168. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Á eftir 1. gr. komi ný grein (er verði 2. gr.), svo hljóðandi:

Upphaf 9. gr. laganna orðist svo:

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

1. ¾% útflutningsgjald af síldarafurðum og ½% útflutningsgjald af öllum öðrum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum.

Sþ. 449. Nefndarálit [33. mál]

um till. til þál. um afnám áfengisveitinga á kostnað ríkis og ríkisstofnana.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á mörgum fundum. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að hvorki sé eðlilegt né viðeigandi að binda svo hendur ríkisstjórnarinnar sem tillagan gerir ráð fyrir, meðan sala og veitingar áfengra drykkja er frjáls í landinu. Hins vegar álítur nefndin, að ríkisstjórninni beri að sýna hófsemi í allri risnu, og leggur því til, að samþykkt verði svo hljóðandi

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Um leið og Alþingi beinir því til ríkisstjórnarinnar, að fullrar hófsemi sé gætt í risnu ríkisstjórnarinnar og ríkisstofnana, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. apríl 1958.

Benedikt Gröndal, form.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Björn Ólafsson, frsm.
Jón Sigurðsson.	Steingr. Steinþórsson.	Ásgeir Bjarnason.

Ed. 450. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til laga um aðstoð við vangefið fólk.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað umsagnar Félags ísl. iðnrekenda um það. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Af alls konar gosdrykkjum og öli, sem framleitt er hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal í næstu 5 ár greiða gjald, sem rennur til framkvæmdasjóðs Styrktarfélags vangefinna, er stofnað var hinn 23. marz 1958, og vera að fjárhæð 10 aurar af hverri flösku.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Gosdrykkja- og ölgerðir skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tolltekjum ríkisins.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Verð á gosdrykkjum og öli, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts og gjalds til útflutningssjóðs.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk, og skulu þær ráðstafanir gerðar í samráði við hlutaðeigandi ráðherra og með samþykki hans.

Alþingi, 29. apríl 1958.

Alfreð Gíslason, form., frsm. Karl Kristjánsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.
Eggert G. Þorsteinsson. Friðjón Þórðarson.

Nd. 451. Breytingartillögur [93. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „einn maður tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis til eins árs í senn og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni í heild til jafnlangs tíma“ komi: og tveir menn tilnefndir af fjárveitinganefnd Alþingis með hlutfallskosningu til eins árs í senn.
2. Við 4. gr. Síðasta mgr. greinarinnar orðist svo:
   Telji ráðherra eigi fært að fara að tillögunum, er hann eigi við þær bundinn, nema nefndin sé sammála um álit sitt, en skal þá senda fjárveitinganefnd Alþingis rökstudda greinargerð.

Nd. 452. Breytingartillaga [93. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

Frá Jóhanni Hafstein.

Við 7. gr. Við greinina bætist:
Trúnaðarmenn samkvæmt 3. gr. skulu ekki taka laun fyrir störf sín samkvæmt lögum þessum.

Nd. 453. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1946, um fræðslu barna.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt málið og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að ríkisstjórnin kynni sér fjárhag og rekstur þeirra barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, og athugi afleiðingar þess, ef einhverjir þeirra kynnu að neyðast til að hætta störfum af fjárhagsástæðum.

Alþingi, 29. apríl 1958.

Páll Þorsteinsson, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm.	Einar Olgeirsson.

Nd. 454. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Frá því er fasteignamat það, sem gert hefur verið samkvæmt lögum nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna, gekk í gildi, þar til í árslok 1958 skal innheimta sýsluvegasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933 á sama hátt og fyrir gildistöku fasteignamatsins. Skal þá farið eftir eldra fasteignamatinu og millimat, sem staðfest hefur verið eftir 30. apríl 1957, samræmt því.

Heimild sýslunefnda til að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta sýsluvegasjóðsgjald með allt að 70% álagi, sbr. lög nr. 41 4. apríl 1956, framlengist til 1. janúar 1959. Sé heimildin notuð, hækkar framlag ríkissjóðs til sýsluvegasjóðanna í sömu hlutföllum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni samgöngumálaráðuneytisins, og vísast um skýringar á því til bréfs vegamálastjóra til samgöngumálaráðuneytisins, dags. 31. marz 1958, sem prentað er sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 31. marz 1958.

Með lögum nr. 33/1955 um nýtt fasteignamat, er gengu í gildi hinn 1. maí 1957, voru felld úr gildi lög nr. 41/1956, um breytingu á lögum nr. 102/1933, um samþykkt um sýsluvegasjóði. Samkvæmt lögum nr. 41/1956, 1. gr., er sýslunefndum heimilt, þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með 70% álagi. Er þar að sjálfsögðu miðað við fasteignamatið frá 1942.

Að undanskildum Ísafjarðarsýslum, Stranda-, Norður-Þingeyjar- og Austur-Skaftafellssýslu hafa allar sýslur landsins komið á hjá sér sýsluvegasjóðum, og fer álagning vegaskatts til þeirra samkvæmt lögum nr. 50/1947, um breytingu á lögum nr. 102/1933, um sýsluvegasjóði. Samkvæmt þessum lögum er vegaskatturinn innheimtur sem ákveðinn hundraðshluti af fasteignamatsverði landa og húsa, og fer mótframlag ríkissjóðs eftir því, hve hár sá hundraðshluti er. Að undanskilinni Gullbringusýslu hafa allar sýslur innheimt vegaskattinn með hæsta leyfilegum hundraðshluta og flestar að viðbættu því 70% álagi, sem heimilað er samkvæmt lögum nr. 41/1956.

Í fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar 2.5 millj. kr. til sýsluvegasjóða samkvæmt lögum nr. 102/1933. Þessi upphæð mun að sjálfsögðu alls ekki hrökkva til, ef nýja fasteignamatið verður lagt til grundvallar við álagningu vegaskattsins samkvæmt lögum nr. 50/1947, þar sem nýja fasteignamatið er frá 40% og allt að 360% hærra en gamla matið. Ef halda á sér við þá upphæð til sýsluvegasjóða, sem nú er veitt í fjárlögum, yrði að breyta hundraðshlutaákvæðunum í lögum nr. 50/1947 á þann hátt, að heildarframlag ríkissjóðs yrði ekki nema 2.5 millj. kr.

Ef horfið yrði að því ráði, þá mundi skapast mjög mikið ósamræmi milli hinna ýmsu sýslna frá því, sem nú er. Sýslurnar á Suðvesturlandi mundu fá bróðurpartinn af öllu sýsluvegafénu, þar sem fasteignamat hjá þeim hefur hækkað um 200—360% á móti 40—160% hækkun í flestum öðrum sýslum.

Með skírskotun til þess, er að framan segir, þá leyfi ég mér að leggja til, að ráðuneytið hlutist til þess, að nauðsynlegar lagabreytingar verði gerðar til þess, að vegaskattur til sýsluvegasjóða verði í ár innheimtur samkvæmt gamla fasteignamatinu með heimild til 70% hækkunar, svo sem verið hefur samkvæmt lögum nr. 41/1956. Þessi lagabreyting yrði í fullu samræmi við lög frá 18. desember 1957, um breytingu á lögum nr. 33 frá 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna, en samkvæmt þeim er sveitarstjórnum gefinn frestur til 1. janúar 1959 til þess að endurskoða samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár um opinber gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat.

Ég mun síðan fara þess á leit við þær sýslunefndir, er sýsluvegasjóði hafa, að þær skili á þessu ári einnig sundurliðuðum útreikningi á vegaskatti miðað við hið nýja fasteignamat fram til 1. janúar 1958 og lög nr. 50/1947, svo að sjá megi glöggt, hvaða breytinga er þörf á lögunum til þess að hlutföllin milli hinna ýmsu sýslna raskist ekki óhóflega.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson.

Samgöngumálaráðuneytið, Reykjavík.

Sþ. **455. Fjáraukalög** [149. mál]

fyrir árið 1955.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 442.

Sþ. **456. Þingsályktun** [46. mál]

um skipun jafnlaunanefndar.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 73.

Sþ. **457. Þingsályktun** [133. mál]

um umferðarkennslu í söng.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 265.

Sþ. **458. Þingsályktun** [159. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ríkisábyrgð á láni til kaupa á vélskipinu „Vico" frá Noregi.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 336.

Nd. **459. Nefndarálit** [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar á nokkrum fundum, rætt það við fulltrúa Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands, einnig fengið bréflegar umsagnir eða álit um málið frá ofangreindum félögum og að auki frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, vélskólanum í Reykjavík og kennurum hans og einnig greinargerð frá Vélstjórafélagi Vestmannaeyja.

Fjarri fer því, að álit þessara aðila á málinu sé á einn veg, og kemur víða fram, að vélstjórastéttin óskar mjög eindregið eftir endurskoðun á vélfræðikennslunni almennt. Er nefndin því sjónarmiði sammála, þótt ekki líti hún svo á, að óhjákvæmilegt sé að láta réttindaákvæðin, sem þetta frumvarp fjallar um, bíða eftir þeirri endurskoðun.

Tillögur þeirra aðila, sem sérstakar athugasemdir hafa gert við frumvarpið, hafa verið athugaðar, og flytur nefndin breytingartillögur á sérstöku þingskjali til

að koma til móts við ábendingar og athugasemdir, sem nefndinni þóttu á rökum reistar og horfa til bóta.

Samgöngumálaráðuneytið hefur látið nefndinni í té skrá um veittar undanþágur til vélstjórnar á tveim síðustu árum. Ráðuneytið getur þess, að undanþágurnar séu jafnan veittar til 6 mánaða í senn, svo að undanþáguaðilarnir eru ekki eins margir og undanþágurnar sjálfar. Skráin er birt með áliti þessu sem fylgiskjal.

Nefndin leggur til, að frumvarpið ásamt breytingartillögum nefndarinnar verði samþykkt.

Einn nefndarmaður (Áki Jakobsson) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið, og Gísli Guðmundsson ritar undir nefndarálitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 30. apríl 1958.

Gísli Guðmundsson, form., með fyrirvara.	Karl Guðjónsson, fundaskr., frsm.	Pétur Ottesen.

Sigurður Ágústsson.

Fylgiskjal.

Vélstjóraundanþágur veittar af samgöngumálaráðuneytinu árin 1956 og 1957.

	1956	1957
Mótorvélar, undir 250 hö.	117	149
— 250—600 hö.	49	65
— yfir 600 hö.	49	30
Gufuvélar	48	50

24. apríl 1958.

Brynj. Ingólfsson.

Nd. 460. Breytingartillögur [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 4. gr.
   a. a-liður 1. töluliðar orðist svo:
      hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 100 hestafla vél eða sem vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi í 24 mánuði.
   b. Fyrir „100 rúmlestir“ í síðasta málslið komi: 115 rúmlestir.
2. Á eftir 12. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:
   1. Fyrir „50“ í b-lið 48. gr. laganna komi: 100.
   2. Fyrir „50“ í c-lið sömu greinar komi: 100.
   3. Fyrir „250“ í c-lið sömu greinar komi: 400.
   4. Fyrir „250“ í d-lið sömu greinar komi: 400.
   5. Fyrir „400“ í d-lið sömu greinar komi: 900.
   6. Fyrri málsgr. e-liðar sömu greinar orðist svo:
      Á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, einn undirvélstjóri, og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri.
3. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist:
   en í engu skulu lög þessi skerða þann rétt, sem vélstjóri átti fyrir gildistöku þeirra.

Ed. 461. Frumvarp til laga [172. mál]

um aðstoð við vangefið fólk.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Af alls konar gosdrykkjum og öli, sem framleitt er hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal í næstu 5 ár greiða gjald, sem rennur til framkvæmdasjóðs Styrktarfélags vangefinna, er stofnað var hinn 23. marz 1958, og vera að fjárhæð 10 aurar af hverri flösku.

2. gr.

Gosdrykkja- og ölgerðir skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tolltekjum ríkisins.

3. gr.

Verð á gosdrykkjum og öli, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts og gjalds til útflutningssjóðs.

4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk, og skulu þær ráðstafanir gerðar í samráði við hlutaðeigandi ráðherra og með samþykki hans.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958.

Ed. 462. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Réttindi í síldveiðideild eiga öll íslenzk skip bátaflotans, sem gerð eru út á síldveiðar með herpinót eða reknet.

2. gr.

Upphaf 9. gr. laganna orðist svo:

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

1. ¾% útflutningsgjald af síldarafurðum og ½% útflutningsgjald af öllum öðrum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 463. Lög [167. mál]

um breyting á lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 367.

Ed. 464. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um sölu nokkurra jarða í opinberri eigu og um eignarnám erfðafesturéttinda.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (FÞ) hefur þó fyrirvara um einn lið þess. FRV var ekki á fundi, þegar málið var tekið fyrir í nefndinni, en hafði tjáð sig samþykkan því.

Alþingi, 2. maí 1958.

Páll Zóphóníasson, form.
Sigurvin Einarsson, fundaskr.
Friðjón Þórðarson, með fyrirvara.
Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.

Nd. 465. Breytingartillaga [162. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna „15. desember“ komi: 15. október.

Ed. 466. Frumvarp til laga [169. mál]

um breyting á lögum nr. 30 24. marz 1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Prestar þjóðkirkjunnar og prestar eða löggiltir forstöðumenn annarra trúfélaga hér á landi skulu skrá á sérstök eyðublöð, er þjóðskjalasafn lætur þeim í té, alla íslenzka ríkisborgara, 15 ára og eldri, er látast í söfnuðum þeirra. Skulu eyðublöðin útfyllt nákvæmlega og send æviskrárritara í lok hvers árs.

Nú jarðsyngur annar en hlutaðeigandi prestur lík, og skal hann þá senda sóknarpresti ásamt dánarvottorði þær upplýsingar um hinn látna, sem krafizt er samkvæmt lögum þessum. Sóknarprestur skal í árslok gefa æviskrárritara skýrslu um alla þá, er skráðir eru látnir í kirkjubók hans á árinu, og sé þess þar jafnan getið, hver jarðsöng.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **467. Frumvarp til laga** [162. mál]

um breyting á lögum nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra. Útflutningur á fyrstu verðlauna kynbótahestum og kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi atvinnumálaráðherra hverju sinni og að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands, enda mæli sérstakar ástæður með slíkum útflutningi.

Á tímabilinu frá 15. desember til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Þó má leyfa útflutning á eldishrossum á þessu tímabili að fengnu samþykki og meðmælum þeirra aðila, er áður greinir.

3. gr.

a. 2. málsl. 3. gr. laganna falli niður.
b. Fyrir orðið „skoðunarmenn“ í upphafi 3. málsl. sömu lagagr. komi: dýralæknar.

4. gr.

Orðin „eða öðrum eftirlitsmanni, sem atvinnumálaráðherra kann að hafa falið eftirlit með hrossaútflutningi (sbr. 3. gr.)“ í 1. málsl. 4. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Orðin „(eftirlitsmanni)“ og „glaseygð“ í 5. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Orðið „(eftirlitsmanni)“ í 6. gr. laganna falli niður.

7. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknis og Dýraverndunarfélags Íslands, reglugerð um útflutning hrossa, þar sem nánar er tekið fram um útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, stærð þeirra og ganghraða, fóðurbirgðir, vatnsbirgðir, loftræstingu, hirðingu hrossa í skipinu og annað það, er máli skiptir fyrir öryggi og góða líðan hrossanna, meðan á flutningi stendur.

8. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 2000—20000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 468. Breytingartillaga [172. mál]

við frv. til laga um aðstoð við vangefið fólk.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú verður Styrktarfélag vangefinna lagt niður, og skal þá gjald það, sem um ræðir í 1. gr., renna í sérstakan sjóð, er fjármálaráðuneytið varðveitir, en eigi má veita fé úr honum til annarra þarfa en þeirra, er um getur í 4. gr.

Nd. 469. Frumvarp til laga [172. mál]

um aðstoð við vangefið fólk.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Af alls konar gosdrykkjum og öli, sem framleitt er hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal í næstu 5 ár greiða gjald, sem rennur til framkvæmdasjóðs Styrktarfélags vangefinna, er stofnað var hinn 23. marz 1958, og vera að fjárhæð 10 aurar af hverri flösku.

2. gr.

Gosdrykkja- og ölgerðir skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tolltekjum ríkisins.

3. gr.

Verð á gosdrykkjum og öli, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts og gjalds til útflutningssjóðs.

4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk, og skulu þær ráðstafanir gerðar í samráði við hlutaðeigandi ráðherra og með samþykki hans.

5. gr.

Nú verður Styrktarfélag vangefinna lagt niður, og skal þá gjald það, sem um ræðir í 1. gr., renna í sérstakan sjóð, er fjármálaráðuneytið varðveitir, en eigi má veita fé úr honum til annarra þarfa en þeirra, er um getur í 4. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958.

Ed. 470. Breytingartillögur [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1955, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

a. Á eftir 3. tölulið 1. gr. laga nr. 19/1955 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
Barðastrandarumdæmi: Vestur-Barðastrandarsýsla og Vestur-Ísafjarðarsýsla.

b. 4. töluliður (verður 5. töluliður) 1. gr. laga nr. 19/1955 orðist svo:
Ísafjarðarumdæmi: Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður og Árneshreppur í Strandasýslu.

Ed. 471. Breytingartillaga [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1955, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Við 1. gr. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
Í stað 10. töluliðar 1. gr. laga nr. 19/1955 komi tveir töluliðir, svo hljóðandi:
1. *Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi:* Vestur-Skaftafellssýsla.
2. *Rangárvallaumdæmi:* Rangárvallasýsla.

Sþ. 472. Nefndarálit [76. mál]

um till. til þál. um þang- og þaravinnslu á Íslandi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leitað umsagna um það. Að loknum þessum athugunum er nefndin sammála um að leggja til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem upplýst er, að atvinnudeild Háskóla Íslands og atvinnumálanefnd ríkisins vinna að athugun þang- og þaravinnslu og að atvinnumálanefndin mun beita sér fyrir fullnaðarathugun málsins, og í trausti þess, að slíkri fullnaðarathugun verði hraðað svo sem kostur er á, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins í nefndinni var Karl Kristjánsson.

Alþingi, 6. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson, frsm.
Magnús Jónsson.	Jón Kjartansson.	Sveinbjörn Högnason.
Halldór E. Sigurðsson.	Pétur Ottesen.	

Nd. 473. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:
Sá einn hefur rétt til að vera vélstjóri á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 32. gr.

2. gr.

Upphaf 32. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt vélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 34. gr.

4. gr.

1. Upphaf 34. gr. laganna orðist svo:

   Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem:

   a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 100 hestafla vél eða sem vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi í 24 mánuði.

2. Aftan við 34. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

   Hver sá, sem réttindi hefur til að vera undir- eða yfirvélstjóri á mótorskipi með allt að 400 hestafla vél, skal og hafa sömu réttindi til vélstjórnar við vél, sem stærri kann að vera, ef um er að ræða vélstjórn á fiskiskipi, sem er 115 rúmlestir að stærð eða minna.

5. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem um ræðir í 36. gr.

6. gr.

Upphaf 36. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

a. hefur staðizt hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands;
b. hefur siglt sem yfirvélstjóri á skipi með yfir 100 hestafla vél í 24 mánuði.

7. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 38. gr.

8. gr.

Upphaf 38. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði, eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 36. gr.

9. gr.

Fyrir „600“ í 39. gr. laganna komi: 900.

10. gr.

Fyrir „600“ í 40. gr. laganna komi: 900.

11. gr.

Fyrir „600“ í 41. gr. laganna komi: 900.

12. gr.

Fyrir „600“ í fyrsta málsl. 42. gr. laganna komi: 900.

13. gr.

1. Fyrir „50“ í b-lið 48. gr. laganna komi: 100.
2. Fyrir „50“ í c-lið sömu greinar komi: 100.
3. Fyrir „250“ í c-lið sömu greinar komi: 400.
4. Fyrir „250“ í d-lið sömu greinar komi: 400.
5. Fyrir „400“ í d-lið sömu greinar komi: 900.
6. Fyrri málsgr. e-liðar sömu greinar orðist svo:
   Á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, einn undirvélstjóri, og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri.

14. gr.

Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa vélstjóraskírteini eða prófskírteini frá mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, skulu eiga rétt á að fá útgefin ný vélstjóraskírteini í samræmi við ákvæði þessara laga, en í engu skulu lög þessi skerða þann rétt, sem vélstjóri átti fyrir gildistöku þeirra.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 474. Nefndarálit [129. mál]

um till. til þál. um rannsókn á brúargerð yfir Borgarfjörð.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað um hana álits vegamálastjóra. Í áliti hans kemur fram, að mikil nauðsyn sé að stytta landleiðirnar, því að flutningar á þeim eru dýrir og fara mjög ört vaxandi. Hins vegar bendir vegamálastjóri á það, að nauðsynlegt sé að athuga aðra möguleika, er til greina gætu komið til að stytta landleiðina til Borgarfjarðarhéraðs og Vestur- og Norðurlands. Nefndin fellst á þessi sjónarmið og leggur því til, að tillagan verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að vegagerð ríkisins láti fram fara rannsókn á því, á hvern hátt unnt sé að stytta landleiðina frá Reykjavík til Borgarfjarðarhéraðs og Vestur- og Norðurlands. Skal í því sambandi meðal annars athuga möguleika á framkvæmd og kostnaði við endurbót á veginum um framanverðan Svínadal og Geldingadraga, brúargerð yfir Borgarfjörð milli Seleyrar og Borgarness og að komið yrði á ferju yfir Hvalfjörð milli Hvalfjarðareyrar og Kataness.
2. Fyrirsögn till. verði:
   Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á möguleikum til að stytta landleiðina frá Reykjavík um Borgarfjarðarhérað til Vestur- og Norðurlands.

Karl Kristjánsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 6. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Halldór E. Sigurðsson, frsm.
Pétur Ottesen.	Magnús Jónsson.	Jón Kjartansson.
	Sveinbjörn Högnason.	

Sþ. 475. Nefndarálit [91. mál]

um till. til þál. um sjálfvirka símstöð fyrir Ísafjörð og kauptúnin við Ísafjarðardjúp.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað um hana álits póst- og símamálastjóra. Hefur hann gert nefndinni grein fyrir því, að fyrirhugað sé að setja upp sjálfvirka símstöð á Ísafirði árið 1963 og verði kauptúnin við Ísafjarðardjúp síðar tengd við þá stöð.

Póst- og símamálastjóri telur, að sjálfvirk símstöð á Ísafirði muni spara landsímanum um 400 þús. kr. árlega. Með hliðsjón af þessum sparnaði og þægindum þeim, sem sjálfvirk símstöð jafnframt veitir símnotendum, telur nefndin mikilvægt, að umrædd stöð komist upp. Hins vegar telur nefndin ekki fært að leggja til, að breytt verði niðurstöðum einstakra liða í framkvæmdaáætlun póst- og símamálastjórnarinnar, og leggur því til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem þegar hefur verið gerð kostnaðaráætlun um sjálfvirka símstöð fyrir Ísafjörð og kauptúnin við Ísafjarðardjúp, sem tiltækilegt þykir að tengja við þá stöð, og í trausti þess, að umræddri stöð verði komið upp eigi síðar en gert er ráð fyrir í áætlun póst- og símamálastjórnarinnar, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Einn nefndarmanna, Karl Kristjánsson, var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 6. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.

Pétur Ottesen. Sveinbjörn Högnason. Eggert G. Þorsteinsson.

Halldór E. Sigurðsson. Jón Kjartansson.

Nd. 476. Breytingartillaga [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Á eftir 15. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Ríkisstjórnin lætur endurskoða ákvæði laga um menntun og réttindi vélstjóra, og sé þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi. Við endurskoðunina skal hafa samráð við Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Mótorvélstjórafélag Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna.

Sþ. 477. Þingsályktun [30. mál]

um hagnýtingu brotajárns.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta halda áfram athugunum, sem gerðar hafa verið á því, hvort tiltækilegt sé að hagnýta brotajárn hér á landi með því að koma upp járnbræðslu.

Sþ. 478. Þingsályktun [63. mál]

um heymjölsverksmiðju.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 104.

Sþ. 479. Þingsályktun [89. mál]

um glímukennslu í skólum.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 155.

Sþ. 480. Nefndarálit [85. mál]

um till. til þál. um sjálfvirka símstöð í Vestmannaeyjum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað álits póst- og símamálastjóra um hana. Hefur hann sent nefndinni áætlun, sem landssíminn hefur nú gert um framkvæmd þá, er tillagan fjallar um, og fleiri hliðstæðar framkvæmdir.

Í þeirri áætlun er ráðgert, að sjálfvirk símstöð geti tekið til starfa í Vestmannaeyjum árið 1962.

Með hliðsjón af þeim framkvæmdum, sem landssíminn nú þegar hefur á döfinni, og með tilliti til þess afgreiðslufrests, sem nú er á búnaði sjálfvirkra símstöðva, telur nefndin, að efni tillögunnar sé fullnægt, ef áætlun landssímans stenzt í framkvæmd, og leggur til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að landssíminn hefur gert áætlun um að koma upp í Vestmannaeyjum sjálfvirkri símstöð, sem tekin verði í notkun á árinu 1962, og í trausti þess, að sú áætlun standist, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Einn nefndarmaður, Karl Kristjánsson, var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 7. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Pétur Ottesen.

Jón Kjartansson. Eggert G. Þorsteinsson. Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Högnason. Magnús Jónsson.

Nd. 481. Frumvarp til laga [184. mál]

um varnir gegn útbreiðslu kartöfluhnúðorms, æxlaveiki í káljurtum og útrýmingu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

I. KAFLI

1. gr.

Lög þessi taka til kartöfluhnúðorms (Heterodera rostochiensis) og æxlaveiki (Plasmodiophora brassicae) í káljurtum. Ef aðrir næmir sjúkdómar gera vart við sig í matjurtum, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að lögin taki einnig til þeirra, eftir því sem við á.

2. gr.

Markmið þessara laga er að hindra útbreiðslu jurtasjúkdóma þeirra, er nefndir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna framkvæmdanefnd (jurtasjúkdómanefnd) til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Skulu nefndarmenn tilnefndir af eftirtöldum stofnunum: Einn frá Búnaðarfélagi Íslands, einn frá Framleiðsluráði landbúnaðarins og einn frá Garðyrkjufélagi Íslands. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann og skal hann jafnframt vera framkvæmdastjóri nefndarinnar. Kostnað, er leiðir af störfum nefndarinnar, skal greiða úr ríkissjóði.

5. gr.

Sérfræðingar Búnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans skulu hafa á hendi rannsókn á útbreiðslu sjúkdóma þeirra, er hér um ræðir, og gefa jurtasjúkdómanefnd jafnóðum skýrslu þar að lútandi. Þeir skulu jafnframt vera ráðunautar nefndarinnar um framkvæmdir í þessum málum og hafa eftirlit með því, að fyrirmælum hennar verði framfylgt. Komi í ljós, að slíkt hafi verið vanrækt, skulu sérfræðingarnir tilkynna formanni nefndarinnar það tafarlaust. Formönnum búnaðarfélaga og ræktunarráðunautum er skylt að aðstoða sérfræðingana við eftirlitsstarfið.

III. KAFLI

6. gr.

Jurtasjúkdómanefnd skal árlega ákveða, hvaða landsvæði skulu talin sýkt eða grunuð um sýkingu af kartöfluhnúðormi eða æxlaveiki í kálplöntum, og gefa út tilkynningu um það.

7. gr.

Bannað er að rækta kartöflur í garðlöndum, þar sem vart hefur orðið kartöfluhnúðorms. Skal slíkum garðlöndum lokað með því að breyta þeim í tún. Bannað er að nota kartöflur úr sýktum görðum til útsæðis.

8. gr.

Bannað er að rækta eða ala upp káljurtir og aðrar jurtir af krossblómaætt í garðlöndum, þar sem æxlaveiki hefur orðið vart. Jafnframt er bannað að rækta þar aðrar jurtir til gróðursetningar eða útsæðis.

9. gr.

Bannað er að flytja kartöflur frá sýktum eða grunuðum landshlutum til ósýktra landshluta eða héraða.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal sjá um, að nægilegt magn af útsæðiskartöflum verði framleitt á ósýktum svæðum. Skylt er að geyma þær í sérstökum geymslum, algerlega aðgreindar frá öðrum kartöflum. Þurfi að flytja inn erlendar útsæðiskartöflur, skal í hvívetna fylgt fyrirmælum laga nr. 17 31. maí 1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

10. gr.

Á stöðum, þar sem kartöfluhnúðorms eða æxlaveiki í kálplöntum hefur orðið vart, skal þess gætt að sótthreinsa öll jarðyrkjuverkfæri, sem notuð hafa verið í hinu sýkta landi, svo og uppskerugeymslur. Sótthreinsunin skal framkvæmd eftir leiðbeiningum Búnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans.

Skulu formenn búnaðarfélaga eða ræktunarráðunautar hafa eftirlit með framkvæmd sótthreinsana. Kostnað við eftirlit skal greiða úr ríkissjóði eftir reikningum, sem jurtasjúkdómanefnd úrskurðar, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi framleiðandi.

11. gr.

Sérfræðingar Búnaðardeildar skulu semja leiðbeiningar um, hvernig þekkja megi sjúkdóma þá, er lög þessi fjalla um, og á hvern hátt sé unnt að koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Jurtasjúkdómanefnd skal sjá um, að þessar leiðbeiningar svo og nákvæm skýrsla eða skrá um útbreiðslu sjúkdómanna á hverjum tíma sé nægilega oft birt og send öllum framleiðendum kartaflna og káljurta.

Formenn búnaðarfélaga og ræktunarráðunautar kaupstaða skulu tilkynna jurtasjúkdómanefnd um heimilisfang þeirra, er ofannefndar matjurtir rækta, hver á sínu svæði.

12. gr.

Nú kemur í ljós, að fyrirmælum laga þessara hefur ekki verið hlýtt, t. d. að settar hafa verið kartöflur í sýkt land eða sýktu landi ekki lokað, og skal þá jurtasjúkdómanefnd snúa sér til hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra, sem þá hlutast til um, að úr verði bætt. Neiti framleiðandi að hlýða fyrirmælum laganna, skal hreppstjóri eða lögreglustjóri, með aðstoð búnaðarfélagsformanns eða ræktunarráðunauts, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fullnægja ákvæðum laganna samkvæmt fyrirmælum jurtasjúkdómanefndar. Slíkar ráðstafanir skal gera á kostnað framleiðanda.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 10000.00.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 15. febrúar 1956, fól landbúnaðarráðuneytið þeim dr. Halldóri Pálssyni, deildarstjóra Búnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans, Ingólfi Davíðssyni, grasafræðingi, og Sæmundi Friðrikssyni, framkvæmdastjóra, að gera tillögur um leiðir til að afstýra tjóni af völdum kartöfluhnúðorms (Heterodera rostochiensis) og hafa þeir samið frumvarp þetta ásamt greinargerð þeirri, sem hér fer á eftir. Frumvarpið var lagt fyrir síðasta Búnaðarþing og mælti það með því, að frumvarpið yrði lagt fyrir Alþingi. Ályktun Búnaðarþings er prentuð aftan við greinargerðina sem fylgiskjal.

„Við höfum farið þá leið að semja uppkast að frumvarpi til laga um mál þetta og álítum, að lagasetning um það sé nauðsynleg. Þótt ekki væru nefndir í bréfi ráðuneytisins aðrir jurtasjúkdómar en kartöfluhnúðormur, kom okkur saman um að taka með æxlaveiki í káljurtum, þar sem sá sjúkdómur hagar sér á svipaðan hátt í káljurtum og hnúðormur í kartöflum, þ. e. smitar einnig jarðveginn til margra ára.

Með frumvarpinu er stefnt að útrýmingu nefndra jurtasjúkdóma, sem gerir ákvæði þess nokkru róttækari en ef einungis hefði átt að draga úr útbreiðslu þeirra og draga úr tjóni. Að öðru leyti hlutu ákvæði og aðgerðir að verða mjög hliðstæðar, hvor stefnan sem tekin væri.

Fyrstu fjórar greinar frumvarpsins eru um skipulag, stjórn og framkvæmdir. Töldum við eðlilegast, að þær stofnanir (Búnaðarfélag Íslands, Framleiðsluráð landbúnaðarins og Garðyrkjufélag Íslands), sem nefndar eru í 4. gr., tilnefndu sinn manninn hver í framkvæmdanefnd (jurtasjúkdómanefnd), sem landbúnaðarráðherra skipaði, og jafnframt, að hann skipaði einn nefndarmanna framkvæmdastjóra.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir, að sérfræðingar Búnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans hafi á hendi rannsóknir á sjúkdómunum og útbreiðslu þeirra og gefi framkvæmdanefnd jafnóðum skýrslu um þær. Töldum við það hagkvæmara fyrirkomulag heldur en að sérfræðingur frá deildinni væri í framkvæmdanefndinni.

Í 6. gr. er jurtasjúkdómanefnd falið að ákveða, hvaða landsvæði skulu talin sýkt eða grunuð af kartöfluhnúðormi eða æxlaveiki í kálplöntum, og gefa út tilkynningu um það. Er það gert til þess, að hægt sé að fá í tæka tíð vitneskju um, hvaða garða beri að leggja niður og hvar óhætt sé að taka útsæði til dreifingar.

Í 7. og 8. gr. eru ákvæði um bann við ræktun kartaflna og káljurta í sýktum garðlöndum og hvernig með þau skuli fara. Þar sem kartöfluhnúðormur finnst, er nauðsynlegt að breyta garðlandi í tún til að fyrirbyggja smitun frá því. Þar sem æxlaveiki finnst, er talið nægja að hætta ræktun káljurta og hætta þar jafnframt ræktun annarra jurta til gróðursetningar og útsæðis.

Í 9. gr. er rætt um bann við flutningi kartaflna af sýktum og grunuðum svæðum til ósýktra héraða. Er þar jafnframt gert Grænmetisverzlun landbúnaðarins að skyldu að sjá til þess, að nægilegt magn af útsæðiskartöflum verði framleitt á ósýktum svæðum. Í þeirri grein eru einnig fyrirmæli um aðgreining á kartöflum í geymslurúmum.

Í 10. gr. er rætt um sótthreinsun á geymslum og jarðyrkjuverkfærum, sem notuð hafa verið í sýktu landi. Er ætlazt til, að ræktunarráðunautar hafi eftirlit með slíkum sótthreinsunum, þar sem þeir eru til staðar, en annars formenn búnaðarfélaga. Teljum við eðlilegt, að þóknun fyrir eftirlit með sótthreinsun verði greidd úr ríkissjóði, en annan kostnað, er af henni leiðir, greiði framleiðandi.

Með 11. gr. er gert ráð fyrir, að samdar verði og sendar út til framleiðenda leiðbeiningar um, hvernig þekkja megi sjúkdóma þá, er frumvarpið fjallar um, og á hvern hátt helzt megi koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Er jurtasjúkdómanefnd falið að koma þeim leiðbeiningum til framleiðenda. Þess má geta, að sérfræðingar Búnaðardeildar hafa þegar samið leiðbeiningar um útrýmingu kartöfluhnúðorms.

Í 12. gr. eru ákvæði um aðgerðir, ef fyrirmælum laganna er ekki hlýtt.

Í 13. gr. er gert ráð fyrir sektum kr. 500.00 til kr. 10000.00 fyrir brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, sem sett kynnu að verða samkvæmt þeim.

Reykjavík, 18. júní 1956.

Halldór Pálsson. Ingólfur Davíðsson. Sæm. Friðriksson.“

Fylgiskjal.

JARÐRÆKTARNEFND
Framsögum.: Ingimundur Ásgeirsson.

Búnaðarþing 1958.
Mál nr. 27. Þskj. 72.

Ályktun um varnir gegn kartöfluhnúðormi.

Búnaðarþing ályktar, að mikil nauðsyn sé, að hafizt verði handa um útrýmingu kartöfluhnúðorms, og felur því stjórn Búnaðarfélags Íslands að hlutast til um, að flutt verði á Alþingi því, er nú stendur yfir, „frumvarp það til laga um varnir gegn útbreiðslu kartöfluhnúðorms, æxlaveiki í káljurtum og útrýmingu þeirra", sem stjórnskipuð nefnd samdi árið 1956.

Ásgeir Bjarnason. Ingimundur Ásgeirsson. Eggert Ólafsson.
Kristinn Guðmundsson. Egill Jónsson. Þorsteinn Sigfússon.

Nd. 482. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [150. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Ásgeiri Sigurðssyni.

Þar sem stjórnskipuð nefnd hefur lokið endurskoðun lagaákvæða um menntun og réttindi vélstjóra, og í trausti þess, að fyrir næsta reglulegt Alþingi verði lagt frumvarp um þetta efni í samræmi við sameiginlegt álit Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 483. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir Hvammstangahrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi hans.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta er komið frá efri deild. Var samkomulag um afgreiðslu frv. þar. Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. maí 1958.

Steingrímur Steinþórsson, form., frsm. Gunnar Jóhannsson, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson.
Benedikt Gröndal.

Ed. 484. Lög [95. mál]

um sölu nokkurra jarða í opinberri eigu og um eignarnám erfðafesturéttinda.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 428.

Ed. 485. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., en einn nefndarmanna, FRV, tók ekki þátt í afgreiðslu þess. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað orðsins „Fé“ komi: Tekjum.

Alþingi, 8. maí 1958.

Sigurvin Einarsson, form., frsm.
Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.
Sigurður Ó. Ólafsson.
Gunnar Thoroddsen.

Ed. 486. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera vélstjóri á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 32. gr.

2. gr.

Upphaf 32. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt vélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 34. gr.

4. gr.

1. Upphaf 34. gr. laganna orðist svo:

   Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem:

   a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 100 hestafla vél eða sem vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi í 24 mánuði.

2. Aftan við 34. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

   Hver sá, sem réttindi hefur til að vera undir- eða yfirvélstjóri á mótorskipi með allt að 400 hestafla vél, skal og hafa sömu réttindi til vélstjórnar við vél, sem stærri kann að vera, ef um er að ræða vélstjórn á fiskiskipi, sem er 115 rúmlestir að stærð eða minna.

5. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem um ræðir í 36. gr.

6. gr.

Upphaf 36. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

a. hefur staðizt hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands;
b. hefur siglt sem yfirvélstjóri á skipi með yfir 100 hestafla vél í 24 mánuði.

7. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 38. gr.

8. gr.

Upphaf 38. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði, eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 36. gr.

9. gr.

Fyrir „600“ í 39. gr. laganna komi: 900.

10. gr.

Fyrir „600“ í 40. gr. laganna komi: 900.

11. gr.

Fyrir „600“ í 41. gr. laganna komi: 900.

12. gr.

Fyrir „600“ í fyrsta málsl. 42. gr. laganna komi: 900.

13. gr.

1. Fyrir „50“ í b-lið 48. gr. laganna komi: 100.
2. Fyrir „50“ í c-lið sömu greinar komi: 100.
3. Fyrir „250“ í c-lið sömu greinar komi: 400.
4. Fyrir „250“ í d-lið sömu greinar komi: 400.
5. Fyrir „400“ í d-lið sömu greinar komi: 900.
6. Fyrri málsgr. e-liðar sömu greinar orðist svo:

Á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, einn undirvélstjóri, og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri.

14. gr.

Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa vélstjóraskírteini eða prófskírteini frá mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, skulu eiga rétt á að fá útgefin ný vélstjóraskírteini í samræmi við ákvæði þessara laga, en í engu skulu lög þessi skerða þann rétt, sem vélstjóri átti fyrir gildistöku þeirra.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin lætur endurskoða ákvæði laga um menntun og réttindi vélstjóra, og sé þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi. Við endurskoðunina skal haft samráð við Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Mótorvélstjórafélag Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna.

Ed. 487. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt án breytinga. Tveir nm. (JJós og SB) voru fjarstaddir, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 9. maí 1958.

Björn Jónsson, form., frsm.	Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.	Björgvin Jónsson.

Ed. 488. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á fundi sínum í dag. Tveir nefndarmenn (JK og SB) voru fjarstaddir og tóku því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. maí 1958.

Björgvin Jónsson, form.	Sigurvin Einarsson, fundaskr.	Friðjón Skarphéðinsson, frsm.

Nd. 489. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt um frv. á nokkrum fundum. Undirritaðir mæla með því, að það verði samþykkt, en EOl er þó andvígur 1.—3. gr. frv., eins og þær nú eru, og mun bera fram breytingartillögu þess efnis að fella þær burt. Skrifar hann því undir nál. með fyrirvara, en er frv. að öðru leyti samþykkur.

Eftir tilmælum ríkisstjórnarinnar flytur meiri hl. brtt. við frv. varðandi skattgreiðslur hjóna, en tillögur þessar voru samdar af sérstakri nefnd, sem á s. l. ári

var falið að athuga það mál. Tillögurnar frá þeirri nefnd voru í frumvarpsformi, og fylgdi þeim greinargerð, sem er prentuð hér með nál.

Samkvæmt framansögðu er lagt til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   Framan við greinina komi tveir stafliðir, þannig:
   a. Aftan við orðin „Skattgjald einstaklinga“ í I.a. í 6. gr. laganna komi: og hjóna, sem eru skattlögð sem tveir einstaklingar.
   b. Aftan við orðin „Skattgjald hjóna“ í I.b. í sömu lagagrein komi: sem skattlögð eru sameiginlega.
2. Við 4. gr.
   a. Framan við greinina komi: a.
   b. Aftan við greinina bætist:
      b. j.-liður sömu greinar orðist svo:
         Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, og eiga þá hjónin rétt á því, að dregin séu 50% frá þeim tekjum hennar, áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna, enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin — annað hvort eða bæði — eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka, að verulegu leyti.
         Þegar gift kona gengur til verka að atvinnurekstri með manni sínum — og atvinnureksturinn er að verulegu leyti eign þeirra — annars hvors eða beggja — eða ófjárráða barna þeirra, eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna — miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna — og dregin 50% frá hlut hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna. Aldrei kemur þó hærri hlutur til greina sem frádráttarstofn en nemur tvöföldum persónufrádrætti konunnar.
         Ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, mega þeir draga frá skattskyldum tekjum upphæð, sem nemur hálfum persónufrádrætti hjóna og þriðjungi af persónufrádrætti ómaga á heimilinu.
3. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 5. og 6. gr., þannig:
   A. (5. gr.)
      a. Á eftir orðunum „enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu“ í 1. málsgr. 11. gr. laganna komi: og undirriti bæði skattframtalið.
      b. Aftan við sömu grein laganna komi:
         Nú aflar kona skattskyldra tekna með vinnu sinni utan fyrirtækis, er hjónin — annað hvort eða bæði — eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka, að verulegu leyti, og hagfelldara er fyrir hjónin, að þær tekjur séu sérstaklega skattlagðar, en að frádrátturinn, sem j-liður 10. gr. heimilar, gildi um þær, og geta þá hjónin krafizt þess, að skattgjald þeirra verði lagt á skv. 6. gr. I.a. Sé það gert, skiptist sameiginlegur ómagafrádráttur til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar og persónufrádráttur telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.
   B. (6. gr.) Í stað orðanna „Fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort)“ í 12. gr. laganna komi: Fyrir hjón kr. 13000.00 (kr. 6500.00 fyrir hvort).
4. Við 12. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist:
   Ákvæði 2. efnismálsgr. í b-lið 4. gr. kemur þó fyrst til framkvæmda árið 1959 við álagningu á tekjur ársins 1958.

Alþingi, 9. maí 1958.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Emil Jónsson, fundaskr.	Einar Olgeirsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Greinargerð

með frv. um breytingu á skattalögum, varðandi skattgreiðslu hjóna.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem fjármálaráðherra Eysteinn Jónsson skipaði með bréfi, dags. 22. júní 1957, „til þess“ — eins og segir í bréfinu — „að athuga aðstöðu hjóna til skattgreiðslu og gera tillögur um þau mál.“

Í nefndinni áttu sæti: Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur, Guðmundur Þorláksson loftskeytamaður, Karl Kristjánsson alþingismaður (formaður nefndarinnar), Magnús Guðjónsson lögfræðingur og Valborg Bentsdóttir skrifstofustjóri.

Nefndin hóf störf í júlímánuði. Hún kynnti sér fjölda tillagna, sem komið hafa á síðustu árum fram um skattamál hjóna á almennum fundum og í félagasamtökum, er látið hafa sig þau málefni varða. Þá komu og til fundar við nefndina ýmsir fulltrúar frá slíkum samtökum — einkum samtökum kvenna — og ræddu við hana um helztu annmarka, er þeir teldu vera á gildandi löggjöf um skattamál hjóna, og hvaða breytingar þeir álitu að verða mundu heppilegastar til úrbóta.

Nefndin athugaði frumvörp þau, sem komið hafa fram á Alþingi á síðustu árum um breytingar á skattlagningu hjóna. Skipta má frumvörpum þessum í tvo aðalflokka: Annars vegar eru frumvörp, sem fela í sér beina sérsköttun á sértekjum eiginkonu. Hins vegar frumvörp, sem gera ráð fyrir skiptingu á tekjum hjóna, án tillits til þess, hvort bæði hjónin vinna að öflun hinna skattskyldu tekna eða aðeins annað þeirra.

Hin síðarnefndu frumvörp fela alls ekki í sér lagfæringu á því misræmi, sem er samkvæmt gildandi löggjöf á milli skattlagningar heimila, sem njóta vinnu húsfreyjunnar að fullu skattfrjálsrar við umsýslu heimilishaldsins, og heimilanna, þar sem húsfreyjan ver vinnudeginum til þess að afla skattskyldra tekna.

Nefndin aflaði sér fyrir milligöngu skattstofunnar upplýsinga um skattlagningu hjóna í ýmsum löndum. Á Norðurlöndum öllum eru hjón skattlögð sameiginlega, en í Danmörku er þó heimilt að draga allt að helming tekna konunnar frá tekjum hjónanna, áður en skattur er á þær lagður, sé tekna hennar ekki aflað í fyrirtæki, sem er að verulegum hluta rekið af eiginmanninum eða í eign hans. Frádrátturinn má þó aldrei vera meiri en kr. 2000.00.

Í Englandi eiga hjón rétt á sérsköttun, og er þá hvor aðilinn skattskyldur af eigin tekjum. Þess ber að geta, að í Englandi gildir fárra þrepa skattstigi, nema á hátekjum. Í Bandaríkjunum er sérsköttun heimil, hafi bæði hjónin skattskyldar tekjur, en yfirleitt mun vera hagkvæmara fyrir hjón að telja fram sameiginlega. Sé talið fram sameiginlega, er skattur reiknaður af hálfum samanlögðum tekjum beggja og útkoman síðan tvöfölduð. Einnig má gift kona, sem vinnur utan heimilis, draga allt að $ 600.00 frá tekjum sínum vegna barnagæzlu, ef hún telur fram með manni sínum. Þessi frádráttarupphæð fer þó lækkandi, ef tekjur hjónanna fara fram úr $ 4500.00. Í Belgíu voru ný skattalög samin árið 1956, og er þar gert ráð fyrir sérsköttun, ef hjónin hafa ávinning af henni, þó með þeirri takmörkun, að forstöðumaður fjölskyldufyrirtækis getur ekki krafizt frádráttar fyrir vinnulaun, sem greidd eru maka hans. Um mjög háar tekjur hjóna gilda sérstakar reglur.

Nefndin telur augljóst, að mikið ósamræmi er hér á landi milli skattgreiðslu hjóna og einstaklinga og enn fremur milli skattgreiðslu hjóna, sem bæði afla skattskyldra tekna, og hjóna, þar sem vinna konunnar gengur öll til heimilishalds og er því skattfrjáls, þótt hún jafngildi oft til búdrýginda mikilli tekjuöflun. Í erlendri löggjöf virðist enga fullkomna fyrirmynd til úrbóta vera að finna.

Ósamræmi þetta er vitanlega á mörgum stigum og misjafnlega tilfinnanlegt eftir margs konar ástæðum fólks. Einna greinilegast er misræmið, ef borin er saman annars vegar skattlagning hjóna, sem bæði afla skattskyldra tekna, og hins vegar skattlagning svonefnds sambúðarfólks, þ. e. manns og konu, sem búa ógift saman og telja því tekjur sínar fram sem tveir einstaklingar.

„Samtök hjóna“ létu nefndinni í té skýrslu, sem þau höfðu á s. l. vetri fengið hjá skattstofunni, um mun á skattgreiðslum hjóna og tveggja einstaklinga jafntekjuhárra og hjónin. Er hér útdráttur úr skýrslunni:

I.

	Hreinar tekjur:	Hjón Tsk. kr.	2 einstaklingar Tsk. kr.	Munur kr.
1.	160000.00	33440.00	17620.00	15820.00
2.	140000.00	25760.00	12490.00	13270.00
3.	120000.00	18760.00	8360.00	10400.00
4.	100000.00	12530.00	5230.00	7300.00
5.	80000.00	6750.00	3000.00	3750.00

II.

	Flokkar launa hjá ríki	Laun samt. kr.	Hjón Tsk. kr.	2 einstaklingar Tsk. kr.	Munur kr.
1.	V + V	153300.00	30760.00	15814.00	14946.00
2.	VI + IX	128100.00	21595.00	10109.00	11486.00
3.	VII + X	120225.00	18830.00	8632.00	10198.00
4.	VIII + XII	107625.00	14810.00	6640.00	8170.00
5.	IX + XIII	99225.00	12290.00	5422.00	6868.00

Eins og útdráttur þessi ber með sér, er munurinn á hjónum, sem þar um ræðir, og tveim einstaklingum með jafnháar tekjur verulegar fjárhæðir. Þessi munur er með engu móti réttlætanlegur.

Frumvarpið er miðað við að koma í veg fyrir þennan mikla mun á skattlagningu hjóna og einstaklinga með því:

1. Að hækka persónufrádrátt allra hjóna, svo að hann verði jafnhár persónufrádrætti tveggja einstaklinga.
2. Að heimila, að frá skattskyldum tekjum, sem kona vinnur fyrir utan heimilis síns, megi draga 50%, áður en skattur er á lagður; eða henti það hjónunum betur, megi konan telja slíkar tekjur sérstaklega fram til skattgjalds.
3. Að heimila að meta út úr hreinum tekjum hjóna hlut konu, er vinnur með manni sínum að öflun óaðgreindra, skattskyldra tekna, og draga 50% frá þeim hlut, áður en skattur er lagður á tekjur hjónanna. Vegna örðugleika á öruggri framkvæmd matsins, er þó hámark hlutar sett, enda um tekjur að ræða, sem kostnaðarliðir hafa verið frá dregnir og sjaldan verða eins tæmandi fram taldar og t. d. launatekjur.

Um leið og framangreind ákvæði eru lögleidd, jafnast líka allverulega aðstaða hinna ýmsu hjóna til skattgreiðslu, en það er samkvæmt áður sögðu önnur meginlagfæringin, sem mest kallar að í skattamálum hjóna.

Áhrif annmarkanna, sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni í stuttu máli og nefndin leggur til að bót verði á ráðin á þann hátt, sem frumvarpið felur í sér, hafa stórlega færzt í aukana á seinni árum, af því að atvinnuhættir hafa breytzt á þá leið, að konum hafa, svo að segja með hverju ári, sem liðið hefur, boðizt fleiri og meiri tækifæri til tekjuöflunar en áður, og komið hafa jafnframt til sögunnar heimilistæki, sem gera heimilisstörfin fljótunnari, svo að konur eiga þess vegna betur heimangengt en ella.

Nefndin telur skylt, að ekki verði lengur dregið að breyta lögunum með tilliti til þessarar þróunar.

Nefndinni er vel ljóst, að tillögur hennar auka fyrirhöfn þeirra, er að skattlagningunni vinna. Hún veit, að umsvif þeirra eru ærin fyrir og kostnaður ríkisins af þessum verkum mikill, þar sem hin íslenzka skattalöggjöf er hlaðin frávikum og flókin, af því að breytingar í ýmsum efnum — einkum til ívilnunar — hafa verið

gerðar á breytingar ofan. En nefndin sér ekki, að hún geti gert tillögur, er leiði af sér minni fyrirhöfn en tillögur þessar, ef þær eiga að koma að gagni og ekki valda nýju ósamræmi.

Að vísu er það skoðun nefndarinnar, að réttast væri að hækka persónufrádrátt allra upp í það, sem telja má sómasamlegar þurftartekjur, og skattleggja svo samkvæmt fárra þrepa skattstiga þá, sem afgang hafa. Þá væri hægt að losna við mest af frávikunum og flækjunum, sem nú eru til fyrirhafnar og leiðinda í tekjuskattsmálunum, og meðal annars væri þá auðvelt að skipa skattamálum hjóna viðunanlega á fábrotnari hátt. En þetta væri skattamálabylting, sem tekur að meira leyti til þeirra atriða, sem liggja utan við verksvið nefndarinnar, og leyfir nefndin sér því aðeins að benda á það.

Við lagaákvæði um eignarskatt hjóna sér nefndin ekki ástæðu til að gera breytingartillögur, enda hefur ekki verið, svo að teljandi sé, yfir þeim kvartað.

Um einstakar greinar frumvarpsins telur nefndir ástæðu til að taka eftirfarandi fram:

Um 1. gr. (1. brtt.).

Aftan við fyrirsagnir skattstiganna í 6. gr. er bætt orðum í samræmi við efni frumvarpsins.

Um 2. gr. (2. brtt.).

Í fyrstu málsgreininni er leyft að lækka um helming við skattlagningu skattskyldar tekjur, sem gift kona aflar sérstaklega með vinnu sinni utan fyrirtækis manns síns, sjálfrar sín eða ófjárráða barna þeirra. Þessi lækkun er leyfð bæði vegna þess, að skattskyldar tekjur hjónanna eru lagðar saman og koma því hærra í skattstiga fyrir bragðið en ef þau teldu fram sem tveir einstaklingar, og svo með tilliti til þess, að konan vinnur ekki að heimilisstörfum þá tíma, sem hún aflar teknanna.

Frádráttur þessi er miklu einfaldari í framkvæmd en sérsköttun, enda tæplega hægt að beita sérsköttun, þegar um lágar sértekjur konu er að ræða, en ósanngjarnt væri, að sú kona nyti ekki svipaðs réttar og hin, sem notar aðstöðu sína til hærri sértekjuöflunar.

Niðurfærslan — 50% — leiðir til svipaðrar niðurstöðu í skatti og sérsköttun — hjá þeim, sem sérsköttun yrði við komið — nema þar sem eru tiltölulega háar tekjur beggja hjóna, en þeirra vegna eru ákvæðin í 3. gr., 2. lið (b-lið 3. brtt.), sett í frumvarpið.

Þegar leyfður hefur verið frádráttur sá, sem 1. málsgr. hljóðar um, sbr. einnig 3. gr., 2. lið (b-lið 3. brtt.), þá verður alls ekki hjá því komizt samræmis vegna og réttlætis að bæta frá því, sem nú er, hlut þeirra hjóna, sem vinna saman að öflun skattskyldra tekna.

Í 2. málsgr. er þess vegna heimilað að meta hlut giftrar konu af hreinum tekjum, sem hún hefur með vinnu sinni tekið beinan þátt í að afla með manni sínum. Frá hlut hennar má draga 50%, þegar skattgjald er á lagt, eða helming eins og frá séröfluðum tekjum kvenna þeirra, er um ræðir í 1. málsgr. Aldrei má þó koma til greina hærri hlutur en nemur tvöföldum persónufrádrætti konunnar. Hluturinn er takmarkaður af því, að hann verður ekki fundinn nema með mati, enda hluti af tekjum, sem búið er að draga tilkostnað frá og eru þess eðlis, að þær verða ógjarnan svo tæmandi fram taldar sem launatekjur.

Auðveldast mun, að því er matið snertir, að áætla annars vegar vinnustundir konunnar á skattárinu beint við öflun skattskyldu teknanna og hins vegar vinnustundir eiginmannsins og barna, ef þau vinna með að tekjuöfluninni, og skipta svo hreinu tekjunum í hlutfalli við vinnustundirnar.

Réttlátt þykir, að einstæðar mæður, ekklar og aðrir einstaklingar, sem halda heimili fyrir skylduómaga sína, beri ekki þyngri skatt en hjón, sem sambærilegar tekjur hafa. Er því lagt til, að slíkir framfærendur fái jafnháan frádrátt og hjón hafa samanlagt. En þar sem þessir einstaklingar mundu eftir sem áður greiða skatt

samkvæmt I.a., er lagt til, að þeir fái nokkurn aukafrádrátt vegna ómaga á heimilunum til að jafna metin.

Um 3. gr. (3. brtt. A.).

Með lið 1 er gerð sú breyting, að eiginkonur skuli undirrita skattframtöl ásamt mönnum sínum. Þetta má telja eðlilegt, af því að bæði hjón bera ábyrgð á skattgreiðslunum.

Kvenréttindakonur hafa lagt áherzlu á, að konur eigi að undirrita skattframtölin með mönnum sínum.

Með lið 2 (b-lið) er veittur réttur til sérsköttunar, ef hjón telja sér hana betur henta en 50% frádrátt á tekjum konunnar. Reiknast skattur þeirra þá sem tveggja einstaklinga samkvæmt 6. gr. skattalaganna I.a. Verður það að vera á valdi skattyfirvalda, hvort hjónin telja þá fram á sínu eyðublaði hvort eða á sama blaði. Til greina getur komið, að tvö framtöl verði heppilegri vegna vinnu með skýrsluvélum, þegar reikna þarf skattgjaldið í tvennu lagi.

Ekki þykir rétt að gera skipti frádráttarliða í þessu sambandi flóknari en það milli hjónanna að skipta ómagafrádrætti til helminga og færa persónuleg gjöld konunnar (tryggingargjöld o. s. frv.) hjá henni til frádráttar, svo og að sjálfsögðu persónufrádráttinn (sbr. 12. gr. skattalaganna). Allur annar frádráttur, sem heimill er hjónunum, færist hjá eiginmanninum.

Um 4. gr. (3. brtt. B.).

Rétt þykir að hækka persónufrádrátt hjóna, svo að hann verði jafnhár persónufrádrætti tveggja einhleypra.

Verður ekki séð, að sanngjarnt sé, — eins og högum háttar nú orðið, — að tveir einhleypir hafi hærri persónufrádrátt en hjón, enda frádrátturinn minni hluti en fyrrum af lífskostnaði manna.

Um 5. gr. (4. brtt.).

Vegna þess, hve nú er langt komið fram á yfirstandandi ár og skattþegnar þar af leiðandi nálega allir búnir að skila skattframtölum sínum fyrir þetta gjaldár, þá þykir ekki fært að láta ákvæði 2. málsgr. 2. gr. (b-liðar 2. brtt.) koma til framkvæmda fyrr en á næsta gjaldári. Matið, sem um ræðir í málsgreininni, verður helzt að fara fram, um leið og skattframtali er skilað, eða a. m. k. þarf grundvöllur matsins þá að vera lagður með upplýsingum, er matið verður að byggjast á hjá hverjum einstökum.

Enn fremur þarf nokkurn ráðrúmstíma til þess að setja reglugerðarákvæði um framkvæmd matsins í einstökum atriðum.

Nd. 490. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.

Nd. 491. Frumvarp til laga [185. mál]

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Dagana 13.—17. maí 1958, að báðum dögum meðtöldum, skulu tollstofnanir ekki taka við skjölum til tollafgreiðslu á aðfluttum vörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar sem gert er ráð fyrir að næstu daga verði sett lög, sem meðal annars fela í sér hækkanir á aðflutningsgjöldum, þykir með tilvísun til 19. gr. laga nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., rétt að setja ákvæði um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu, og er frumvarp þetta þess vegna borið fram.

Nd. 492. Frumvarp til laga [186. mál]

um útflutningssjóð o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

I. KAFLI

1. gr.

Hlutverk útflutningssjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 86 1956, er að styðja útflutningsatvinnuvegi landsmanna á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Útflutningssjóður greiðir útflutningsbætur samkvæmt II. kafla þessara laga, og yfirfærslubætur samkvæmt IV. kafla og greiðir niður vöruverð samkvæmt VI. kafla. Í útflutningssjóð rennur yfirfærslugjald samkvæmt IV. kafla þessara laga og önnur gjöld samkvæmt V. kafla.

Fé útflutningssjóðs skal geyma í sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar 5 menn í stjórn útflutningssjóðs og jafnmarga til vara. Skal einn stjórnarmaður skipaður eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda, annar eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna og þrír án tilnefningar. Sömu reglum skal fylgt um skipun varamanna. Ríkisstjórnin skipar formann sjóðsstjórnar.

Kostnað við stjórn og rekstur sjóðsins svo og annan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, skal greiða af fé sjóðsins.

II. KAFLI

3. gr.

Útflutningssjóður greiðir bætur á fob-verðmæti útfluttra vara, sem framleiddar eru eftir 14. maí 1958, sem hér segir:

a. Á allan fisk og fiskafurðir, að undanteknum síldarafurðum ..... 80 %
b. Á afurðir úr sumarveiddri Norður- og Austurlandssíld ..... 50 —
c. Á afurðir úr annarri síld (Faxasíld og smásíld) og loðnu ..... 70 —

d. Á útfluttar landbúnaðarvörur greiðast bætur samkvæmt 8. gr.
e. Allar aðrar útfluttar vörur skulu bættar samkvæmt einhverjum flokkanna a, b eða c hér að framan eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að fengnum tillögum stjórnar útflutningssjóðs.
f. Séu sérstakar ástæður fyrir hendi, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum stjórnar útflutningssjóðs, að flytja einstakar vörur milli bótaflokka.

Fullnaðargreiðsla bóta á útfluttar vörur er háð því skilyrði, að öllu söluandvirði þeirra í erlendum gjaldeyri hafi verið skilað til banka.

4. gr.

Sé sala útflutningsvöru miðuð við annað verð en fob-verð, greiðir útflutningssjóður bætur á fob-verðið samkvæmt 3. gr., en yfirfærslubætur á mismun söluverðs og fob-verðs greiðast samkvæmt 22. gr.

5. gr.

Sigli togari eða annað fiskiskip með afla til sölu á erlendum markaði, skal banki greiða yfirfærslubætur á þann gjaldeyri, sem skilað er til banka vegna sölunnar, í samræmi við 22. gr. Útflutningssjóður greiðir 25% bætur á fob-verðmæti aflans, eða sem svarar mismuninum á yfirfærslubótum (55%) og þeim bótum, sem ber að greiða samkvæmt 3. gr. (80%).

6. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að útflutningssjóður greiði vinnslustöðvum sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur sett það skilyrði fyrir greiðslu útflutningsbóta, að fiskvinnslustöðvar greiði útgerðarfyrirtækjum báta og togara, svo og vinnslustöðvum, er selja fiskúrgang, ákveðið lágmarksverð fyrir fisk og fiskafurðir.

Þar til nýir samningar um kaup og kjör bátasjómanna og togarasjómanna hafa verið gerðir, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða skiptaverð á fiski til bátasjómanna, svo og fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómanna miðast við. Þetta verð skal miðast við það, að hlutur og aflaverðlaun sjómanna hækki um 5% að meðaltali. Ríkisstjórninni er og heimilt að binda greiðslu útflutningsbóta skilyrðum varðandi skiptaverð til bátasjómanna og það fiskverð, er aflaverðlaun eru miðuð við.

8. gr.

Greiða skal framleiðsluráði landbúnaðarins bætur á fob-verð útfluttra landbúnaðarafurða, er séu sambærilegar við beztu kjör, sem sjávarútvegurinn fær, þ. e. heildarbætur bátaafurðanna af þorskveiðum. Hagstofan skal reikna bæturnar og framleiðsluráðið nota fé þetta til verðbóta á þær landbúnaðarvörur, sem reiknaðar eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og seljast við lægra verði á erlendum markaði en nemur söluverði þeirra innanlands. Ákvæði þessi taka til þeirra landbúnaðarvara, sem framleiddar eru eftir 14. maí 1958.

9. gr.

Veita skal eins árs greiðslufrest á afborgunum lána, er Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands og Fiskveiðasjóður Íslands hafa veitt til kaupa á togurum og fiskibátum, og lánstími lengjast samkvæmt því. Fresturinn telst frá gjalddaga hverrar afborgunar, einnig þó að um áfallnar en ógreiddar afborganir lána þessara sé að ræða. Greiðslufrestur þessi gildir aðeins fyrir þá aðila, sem hafa gert eða gera að öðru leyti full skil á gjaldföllnum afborgunum og vöxtum við þessar lánsstofnanir.

Sama gildir um afborganir af lánum, er ríkissjóður hefur veitt vegna kaupa á togurum, sem komu til landsins eftir 1949.

10. gr.

Útflutningsgjald af íslenzkum sjávarafurðum samkvæmt 1. gr. laga nr. 66 1957 skal innheimt með 55% álagi. Álag þetta skal renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.

11. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd 1.—10. gr. laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir gjaldkræfum greiðslum úr útflutningssjóði, valdsvið sjóðsstjórnar og endurskoðun reikninga sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að bótum samkvæmt 3. gr. skuli skipt á milli útvegsmanna og vinnslustöðva. Sé þessi heimild notuð, skal útflutningssjóður greiða vátryggingarfélögum vátryggingariðgjöld fiskibáta (sjóvátryggingu og bráðafúatryggingu) af bótum þeim, er sjóðnum ber að greiða útgerðarfyrirtækjum bátanna. Þá getur ríkisstjórnin falið samtökum útvegsmanna og útflytjenda að annast um ákveðna þætti í sambandi við framkvæmd laganna.

III. KAFLI

12. gr.

Um bætur á útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 14. maí 1958 gilda ákvæði 13.—17. gr. þessara laga.

13. gr.

Fastar daggreiðslur til togara, sem byggðir eru eftir 1946, skulu vera þessar fyrir hvern dag, sem skipinu er sannanlega haldið til veiða:

1. Á saltfiskveiðum 6700 kr. á dag.
2. Á ísfiskveiðum, þegar landað er innanlands, 5400 kr. á dag.
3. Á ísfiskveiðum, þegar landað er erlendis, 4000 kr. á dag.

Þessu til viðbótar skal greiða togurum þeim, er komu til landsins eftir 1949, 600 kr. fyrir hvern dag, sem skipinu er sannanlega haldið til veiða.

14. gr.

Greiða skal bátaútvegsmönnum í heild útflutningsbætur úr útflutningssjóði, sem nema 24.45% af fob-verði freðfisks, saltfisks, skreiðar og hrogna, sem framleidd voru á árinu 1957.

Á freðfisk, saltfisk, skreið og hrogn, sem framleitt er úr bátafiski, sem veiddur er frá 1. janúar til 14. maí 1958, skal greiða útvegsmönnum útflutningsbætur úr útflutningssjóði, er nema 26.85% af fob-verði varanna.

Þeir togarar, sem byggðir eru fyrir 1940, skulu á þessu tímabili njóta sömu aðstoðar og vélbátar.

Greiða skal útflutningsbætur á lýsi og mjöl úr síld, sem veidd er frá 1. janúar til 14. maí 1958, og skulu upphæðirnar vera hinar sömu og greiddar eru að meðaltali vegna þorskveiða bátanna.

15. gr.

Fyrir fisk veiddan á árinu 1957 skal greiða fiskvinnslustöðvum (hraðfrystihúsum, framleiðendum saltfisks og skreiðar, niðursuðuverksmiðjum svo og fiskimjölsverksmiðjum) bætur úr útflutningssjóði sem hér segir:

1. Á allan smáfisk af bátum, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít, undir 57 cm að stærð, mælt eftir miðlínu fisksins frá trjónu að sporðblöðkuenda, skal greiða 34 aura á hvert kg miðað við slægðan fisk með haus. Skilyrði fyrir þessari greiðslu er það, að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk.
2. Á útfluttan bátafisk, að undanskilinni ýsu og steinbít, 19.37% af fob-verði.

3. Á útfluttan togarafisk:
   a. Á karfa 22.5% af fob-verði.
   b. Á annan fisk 15.82% af fob-verði.
4. Á útflutta ýsu úr togurum og bátum 40.07% af fob-verði.
5. Á útfluttan steinbít úr togurum og bátum 34.03% af fob-verði.
6. Á útflutt þunnildi, fiskimjöl og fiskroð úr bátafiski 27.74% af fob-verði.
7. Á útflutt hrogn 20.33% af fob-verði.
8. Á saltfisk, sem togarar flytja til sölu erlendis, skal greiða úr útflutningssjóði 15.82% af fob-verði.

Það skilyrði er sett fyrir greiðslum útflutningssjóðs samkvæmt þessari gr., að fiskvinnslustöðvar greiði útvegsmönnum báta ekki lægra verð en kr. 1.15 fyrir hvert kg af þorski, slægðum með haus, og tilsvarandi fyrir aðrar fisktegundir, og útgerðarmönnum togara kr. 1.07 fyrir þorsk, slægðan með haus, kr. 0.98 fyrir karfa, óslægðan, og kr. 0.82 fyrir ufsa, slægðan með haus. Enn fremur, að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir ýsu úr togurum og bátum.

Enn fremur er það skilyrði sett fyrir greiðslum útflutningsbóta til fiskimjölsverksmiðja, að samningar hafi tekizt við fiskframleiðendur um verð á fiskúrgangi til mjölvinnslu, eða ef slíkir samningar hafa ekki tekizt, þá hliti verksmiðjurnar þeim ákvörðunum, sem stjórn útflutningssjóðs setur um verð á fiskúrgangi.

16. gr.

Á fisk veiddan frá 1. janúar til 14. maí 1958 skal greiða fiskvinnslustöðvum (hraðfrystihúsum, framleiðendum saltfisks og skreiðar, svo og fiskimjölsverksmiðjum) bætur úr útflutningssjóði sem hér segir:

1. Á allan smáfisk af bátum, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít, undir 57 cm að stærð, mælt eftir miðlínu fisksins frá trjónu að sporðblöðkuenda, skal greiða 34 aura á hvert kg miðað við slægðan fisk með haus. Skilyrði fyrir þessari greiðslu er það, að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk.
2. Á útfluttan bátafisk, að undantekinni ýsu, steinbít, flatfiski, skötu og frystum ufsa, greiðast 23.06% af fob-verði.
3. Á útfluttan togarafisk:
   a. Á karfa 25.00% af fob-verði.
   b. Á annan fisk, að undanskilinni ýsu, flatfiski og frystum ufsa, 15.82% af fob-verði.
4. Á útflutta ýsu og steinbít úr togurum og bátum 44.68% af fob-verði.
5. Á útflutt þunnildi, fiskimjöl, fiskroð, gellur, fiskúrgang og sundmaga úr bátafiski 27.74% af fob-verði.
6. Á útfluttan frystan ufsa af togurum og bátum 20.20% af fob-verði.
7. Á útfluttan flatfisk og skötu af bátum og togurum 33.0% af fob-verði.
8. Á útflutt hrogn af bátum og togurum 24.20% af fob-verði.
9. Á saltfisk, sem togarar flytja til sölu erlendis, 15.82% af fob-verði.

Það skilyrði er sett fyrir þessum greiðslum útflutningssjóðs, að fiskvinnslustöðvar greiði útvegsmönnum báta ekki lægra verð en kr. 1.21 fyrir hvert kg af þorski, slægðum með haus, og tilsvarandi fyrir aðrar fisktegundir, og útgerðarmönnum togara kr. 1.10 fyrir kg af þorski, slægðum með haus, kr. 1.01 fyrir karfa, óslægðan, og kr. 0.84 fyrir ufsa, slægðan með haus. Enn fremur, að vinnslustöðvar greiði sama verð fyrir ýsu, steinbít, flatfisk og skötu af togurum og bátum.

Um skilyrði fyrir greiðslum útflutningssjóðs til fiskimjölsverksmiðja gilda ákvæði síðustu mgr. 15. gr.

17. gr.

Landsbanki Íslands skal gefa út A-skírteini, sbr. reglugerð nr. 15 1954, um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, fyrir framleiðslu ársins 1956 og áranna þar á

undan eftir sömu reglum og gilt hafa. Útflutningssjóður kaupir síðan með venjulegu álagi B-skírteini útgefin samkvæmt slíkum A-skírteinum.

18. gr.

Frá 1. janúar til 14. maí 1958 skal greiða vátryggingariðgjöld fiskibáta úr útflutningssjóði. Þó skal sjóðurinn aldrei greiða hærri upphæð en svarar því nettóiðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno" hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.

19. gr.

Greiða skal framleiðsluráði landbúnaðarins bætur á fob-verð útfluttra landbúnaðarvara framleiddra fyrir 15. maí 1958, er séu sambærilegar við beztu kjör, sem sjávarútvegurinn fær á sama framleiðslutímabili, þ. e. heildarbætur bátaafurðanna af þorskveiðum á því tímabili. Hagstofan skal reikna bæturnar og framleiðsluráðið nota þær til verðbóta á þær landbúnaðarvörur, sem reiknaðar eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og seljast við lægra verði á erlendum markaði en nemur söluverði þeirra innanlands.

20. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að útflutningssjóður endurgreiði útvegsmönnum yfirfærslugjald samkvæmt lögum nr. 86 1956, um útflutningssjóð o. fl., af radartækjum, dýptarmælum og fisksjám. Ef rannsókn leiðir í ljós, að gjöld af innfluttum bátavélum hafi hækkað vegna ákvæða laga nr. 86 1956, getur ríkisstjórnin heimilað útflutningssjóði að endurgreiða hækkun þessa.

Útflutningssjóður skal endurgreiða yfirfærslugjald af þeim afborgunum og vöxtum af lánum til kaupa á flutningaskipum, sem greiddar hafa verið á tímabilinu 1. janúar til 14. maí 1958.

IV. KAFLI

21. gr.

Af yfirfærslum til útlanda skal innheimta yfirfærslugjald til útflutningssjóðs sem hér segir:

A. Af yfirfærslum til greiðslu á fob-verði vara, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal innheimta 30% yfirfærslugjald:

Nr. 4 og 6 í 7. kafla, nr. 1—3 í 9. kafla, nr. 2—3 í 10. kafla, nr. 1—3, 5, 7—11, 15 og 20 í 11. kafla, nr. 10 í 12. kafla, nr. 10, 14, 15 og 17 í 15. kafla, nr. 1—2 í 17. kafla, nr. 9 í 25. kafla, nr. 11 í 44. kafla, nr. 5, 7, 8 og 16—18 í 48. kafla, nr. 19, 20 og 22 í 51. kafla, nr. 40 í 52. kafla og nr. 6—8 í 54. kafla.

B. Af yfirfærslum fyrir námskostnaði og sjúkrakostnaði skal innheimta 30% yfirfærslugjald.

C. Af öllum öðrum yfirfærslum til útlanda skal innheimta 55% yfirfærslugjald.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að innflytjandi vöru með 30% yfirfærslugjaldi samkvæmt A-lið þessarar gr. skuli greiða 55% af henni við yfirfærslu, gegn því að útflutningssjóður endurgreiði honum mismun 55% og 30% yfirfærslugjalds, þegar tollafgreiðsla á sér stað.

22. gr.

Greiða skal úr útflutningssjóði yfirfærslubætur á greiðslur frá útlöndum, nema þær, sem eru sérstaklega undanskildar samkvæmt ákvæðum í þessum lögum. Bætur á andvirði útfluttra vara greiðast samkvæmt ákvæðum II. og III. kafla þessara laga. Yfirfærslubætur á aðrar greiðslur frá útlöndum skulu nema 55% og greiðast af reikningsinnstæðu útflutningssjóðs hjá viðkomandi banka um leið og greiðslur eiga sér stað.

Nú er skilað aftur til banka gjaldeyri, sem áður var látinn af hendi gegn 30% yfirfærslugjaldi, og skal þá greiða 30% yfirfærslubætur á hann við kaup.

Eigi skal greiða yfirfærslubætur á greiðslur, sem erlendir aðilar inna af hendi til lúkningar skuldbindingum í íslenzkum krónum, er stafa af öðru en vörusölu til útlanda. Þetta tekur þó ekki til útlendinga, er yfirfæra gjaldeyri til greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar hér á landi. Á slíkan gjaldeyri skal greiða 55% yfirfærslubætur.

23. gr.

Greiðsla íslenzks gjaldeyris inn á bankareikning erlends aðila í íslenzkum krónum, sem notaður er til að inna af hendi greiðslur milli Íslands og heimalands reikningseiganda, jafngildir yfirfærslu gjaldeyris til útlanda og er háð yfirfærslugjaldi samkvæmt 21. gr. Á sama hátt jafngildir greiðsla af slíkum reikningi til innlends aðila yfirfærslu gjaldeyris til Íslands, og skal greiða á hana yfirfærslubætur samkvæmt 22. gr.

24. gr.

Yfirfærsla fjár úr reikningum þeim, er um ræðir í 23. gr., í erlendan gjaldeyri, eða flutningur þess í aðra slíka reikninga, er undanþegið yfirfærslugjaldi. Á sama hátt skal eigi greiða yfirfærslubætur á andvirði erlends gjaldeyris, sem lagt er inn á slíka reikninga, og sama gildir um fé, sem flutt er milli þeirra.

25. gr.

Greiða skal yfirfærslubætur á gjaldeyri til greiðslu kostnaðar við rekstur erlendra sendiráða á Íslandi, enda sé innheimt yfirfærslugjald af yfirfærslu fjár úr bankareikningum sendiráða, sem tekið hafa við andvirði gjaldeyris með yfirfærslubótum.

26. gr.

Þóknun, gjöld, vextir og þ. u. l., er hérlendir bankar greiða erlendum viðskiptabönkum beinlínis vegna þjónustu við einstaka viðskiptamenn sína, er undanþegið yfirfærslugjaldi. Á sama hátt skal eigi greiða yfirfærslubætur á slíkar greiðslur erlendra viðskiptabanka til hérlendra banka.

Allar greiðslur hérlendra banka til útlanda til eigin þarfa, þar á meðal vextir af skuldum og hvers konar útgjöld önnur en þau, er um ræðir í 1. mgr. þessarar gr., eru háðar yfirfærslugjaldi, og á sama hátt skal greiða yfirfærslubætur á samsvarandi greiðslur erlendra banka til hérlendra banka.

27. gr.

Nú hefur bankaábyrgð (rembours) verið stofnuð fyrir gildistöku laga þessara, og skal þá innheimta yfirfærslugjald samkvæmt 21. gr. af andvirði þess gjaldeyris, sem viðkomandi banki hefur látið af hendi vegna ábyrgðarinnar, nema fullnaðarreikningsskil hafi farið fram, stofnandi ábyrgðarinnar hafi innt af hendi greiðslu samkvæmt þeim og fengið afhent öll skjöl varðandi hana, áður en lög þessi tóku gildi.

28. gr.

Ríkisstjórnin setur, í samráði við Seðlabankann, nánari ákvæði um innheimtu og reikningsskil yfirfærslugjalds svo og greiðslu yfirfærslubóta. Seðlabankinn sér um, að framkvæmd þessara mála sé svo sem fyrir er mælt í lögum þessum og þeim reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, og skal bankinn láta ríkisstjórninni í té skýrslur um gang mála eftir nánari ákvörðun hennar.

29. gr.

Engar greiðslur skal inna af hendi samkvæmt þessum lögum í sambandi við framkvæmd laga nr. 110 1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, o. fl.

30. gr.

Aðili, sem hefur endurlánað erlent fé með þeim skildaga, að greiðsla afborgana og vaxta af láninu miðist við gengi erlends gjaldeyris á hverjum tíma, skal inn-

heimta hjá lántakanda 55% yfirfærslugjald af vöxtum og afborgunum lánsins. Sama gildir, ef ríkissjóður er í ábyrgð fyrir erlendu láni og verður af þeim sökum að inna af hendi greiðslur til bráðabirgða vegna vanskila lántakanda.

31. gr.

Áhafnir skipa og flugvéla, sem eiga rétt á að fá hluta launa sinna eða ákveðnar fjárhæðir í erlendum gjaldeyri, skulu greiða 55% yfirfærslugjald af öllum gjaldeyri, sem þeim er afhentur.

32. gr.

Vinnulaun erlendra ríkisborgara hér á landi til 14. maí 1958 skulu vera undanþegin yfirfærslugjaldi samkvæmt 21. gr. Umsóknir um yfirfærslu vinnulauna án yfirfærslugjalds skulu hafa borizt Innflutningsskrifstofunni fyrir lok júnímánaðar 1958. Eftir þann tíma skal ekki veita nein gjaldeyrisleyfi fyrir vinnulaunum án yfirfærslugjalds.

33. gr.

Yfirfærslugjald samkvæmt 21. gr. skal telja með við ákvörðun verðmætis vöru til verðtollsákvörðunar, sbr. 10. gr. laga um tollskrá o. fl. nr. 90 1954. Sama gildir, þegar ákveðið er verðmæti það, sem söluskattur af innfluttum vörum er reiknaður af, sbr. III. kafla laga nr. 100 1948, sbr. og lög nr. 82 1957.

Nú koma til tollafgreiðslu vörur, sem greiddar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, og skal þá engu að síður telja yfirfærslugjald samkvæmt 21. gr. með við ákvörðun verðtolls og söluskatts af þeim, nema svo standi á sem segir í 2. málslið 37. gr.

Reglum þessarar gr. skal beita um allar vörur, sem tollafgreiddar eru eftir gildistöku þessara laga, nema vörur þær, sem tollafgreiddar eru innan 6 daga frá gildistöku laganna, sbr. 2. málslið 37. gr.

34. gr.

Nú er aðkeypt vara greidd samkvæmt leyfi Innflutningsskrifstofunnar með löglega fengnum gjaldeyri, sem hlutaðeigandi hefur þó ekki keypt í banka, og skal þá eigi innheimta yfirfærslugjald af fob-verði vörunnar. Hins vegar skal fullt yfirfærslugjald meðtalið í verðmæti vörunnar við ákvörðun verðtolls, söluskatts og innflutningsgjalds, sbr. 33. gr. og 35. gr.

Nú er flutt til landsins vara, sem hefur ekki verið greidd með þar til leyfðum gjaldeyri frá banka og án þess að um sé að ræða ráðstöfun gjaldeyris samkvæmt leyfi Innflutningsskrifstofunnar, og skal þá viðkomandi tollyfirvald innheimta 55% yfirfærslugjald af fob-verði vörunnar.

V. KAFLI

35. gr.

Af vörum þeim, sem taldar eru í A—C liðum 36. gr., skal greiða sérstakt innflutningsgjald, þegar þær eru fluttar til landsins, svo sem segir í þeirri grein. Gjaldið miðast við tollverð vöru eins og það er ákveðið samkv. 33. gr. að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu.

Innheimtumenn ríkissjóðs heimta gjaldið um leið og aðflutningsgjöld. Skal gjald þetta njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá og sömu reglur gilda um innheimtu þess, að því leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum.

36. gr.

A. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 62% innflutningsgjald:

Nr. 8 í 6. kafla, nr. 5 og 7—8 í 7. kafla, nr. 1—36 í 8. kafla, nr. 4—16 og 17 í 9. kafla, nr. 2 í 16. kafla, nr. 7 í 17. kafla, nr. 3—6 í 19. kafla, nr. 1—4 og 11—12 í

20. kafla, nr. 3—5 í 21. kafla, nr. 5 í 42. kafla, nr. 6 í 46A. kafla, nr. 7 í 46B. kafla, nr. 7—9 í 47. kafla, nr. 9—11 í 48. kafla, nr. 12—15 í 49. kafla, nr. 8 í 51. kafla, nr. 22—26 í 72. kafla, nr. 37—45, 55—58, 59—62, innanhúsljósatæki í nr. 64 og útvarpstæki í nr. 84 í 73. kafla, nr. 13—14 í 75. kafla og nr. 1, 2 og 4 í 78. kafla.

B. Af vörum þeim, sem taldar eru hér á eftir, greiðist 40% innflutningsgjald:

1. Vörum, sem taldar eru í 7. gr. reglugerðar nr. 15 1954, um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, og síðari breytingum á henni, þó ekki vörum, sem taldar eru í A-lið þessarar greinar, og ekki vélum í nr. 49 og 53 í 72. kafla tollskrár.

2. Vörum, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá:

Nr. 9 í 4. kafla, nr. 5 og 14 í 5. kafla, nr. 3 í 7. kafla, nr. 19 í 11. kafla, nr. 1 í 12. kafla, nr. 2 í 19. kafla, nr. 6—8 í 21. kafla, nr. 22, 28, 39—41 í 30. kafla, nr. 1—14 og 15a í 31. kafla, nr. 45 í 40. kafla, nr. 3 í 41. kafla, nr. 6 í 42. kafla, nr. 1, 3—6, 8, 8a, 10, 10a, 12, 13—15, 20—22, 24, 26—29, 31—32, 34—36, 37—41 og 43 í 44. kafla, nr. 14, 16 og 20—22 í 45. kafla, nr. 1—5 í 56. kafla, nr. 1—3 í 57. kafla, nr. 18—19 í 60. kafla, nr. 48, 50 og 101 í 63. kafla, nr. 15 og 20 í 64. kafla, nr. 3—5, 9—10, 16—20, 22 og 24 í 71. kafla, nr. 2 og rjómaísgerðarvélar í nr. 63 í 72. kafla, nr. 67 og 69—72 í 73. kafla, nr. 1—8, 13 og 26—27 í 77. kafla, nr. 14 í 79. kafla og nr. 1 og 3 í 85. kafla.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja tilteknar vörur, sem taldar eru undir A- og B-liðum hér að framan, á sérstakan innflutningslista. Af vöru, sem á þennan lista er sett, skal greiða 40% innflutningsgjald, ef hún fellur undir A-lið, en 22% innflutningsgjald, ef hún telst til B-liðs.

C. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 22% innflutningsgjald:

1. Búsáhöldum, sem í tollskrá teljast til nr. 58 í 40. kafla, nr. 44 í 44. kafla, nr. 29 í 58. kafla, nr. 9 og 12 í 59. kafla, nr. 20 og 21 í 60. kafla, nr. 83 í 63. kafla, nr. 23 í 64. kafla, nr. 5 í 65. kafla, nr. 9 í 66. kafla, nr. 7 í 67. kafla, nr. 6 í 68. kafla, nr. 6 í 69. kafla, nr. 3 í 70. kafla, nr. 2, 2a og 7 í 71. kafla og nr. 6—7 í 72. kafla.

2. Smíðatólum og verkfærum, sem í tollskrá teljast til nr. 33 og 35 í 40. kafla, nr. 9—13 í 58. kafla, nr. 67 og 71—80 í 63. kafla, nr. 21—22 í 64. kafla, nr. 11 í 66. kafla og nr. 6 í 71. kafla.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjald í þeim tilvikum, sem heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld samkvæmt lögum um tollskrá. Enn fremur er heimilt að endurgreiða innflutningsgjald að einhverju eða öllu leyti af pappa, er telst til nr. 8 og 10a í 44. kafla tollskrár, ef hann er notaður í umbúðir um nauðsynjavörur, sem og af umbúðum um slíkar vörur, sbr. nr. 28 og 29 í 44. kafla tollskrár. Ríkisstjórninni er einnig heimilt að fella niður innflutningsgjald af ilmefnum til sápugerðar, sem teljast til nr. 13b í 31. kafla tollskrár.

37. gr.

Innflutningsgjald samkvæmt 36. gr., sbr. og 33. gr., skal greiða af öllum þar greindum vörum, sem tollafgreiddar eru eftir gildistöku laganna. Nú stendur svo á sem segir í 1. tölul. 2. mgr. 19. gr. tollskrárlaga, og skal þá eigi innheimta gjöld samkvæmt þessum lögum, ef vara er tollafgreidd og aðflutningsgjöld greidd innan 6 virkra daga frá því að lög þessi öðlast gildi.

38. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort vara sé gjaldskyld samkvæmt ákvæðum 36. gr. eða í hvern gjaldflokk hún skuli koma, og sker þá ríkisstjórnin úr. Er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

Sama gildir, ef ágreiningur verður um greiðslu yfirfærslugjalds samkvæmt IV. kafla laganna.

39. gr.

Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu greiða 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris svo og 50% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur hverju nafni sem nefnast fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi svo sem fyrir er mælt í 1. mgr. þessarar gr.

40. gr.

Af sölu þeirri og veltu, sem skattskyld er samkvæmt b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100 1948, sbr. lög nr. 82 1957 eða önnur lög, er í stað þeirra koma, skal greiða sérstakt gjald, er nemi 6% af umræddri sölu og veltu.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær og velta, sem talið er í 23. gr. III. kafla laga nr. 100 1948. Skulu og ákvæði III. kafla laga nr. 100 1948 með síðari breytingum, sem í gildi eru, gilda um álagningu, innheimtu, greiðslu, viðurlög og öll önnur atriði gjalds þessa, þar með talin heimildin til stöðvunar atvinnurekstrar vegna vanskila.

41. gr.

Leggja skal sérstakt gjald á sölu farmiða til og frá útlöndum, sem greiddir eru í íslenzkum krónum. Skal gjald þetta vera 10% af andvirði farmiða, enda skal slík farmiðasala vera undanþegin gjaldi samkvæmt 40. gr.

Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu að öllu leyti gilda ákvæði 40. gr. hér að framan.

42. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af iðgjöldum vátryggingarsamninga þeirra, er lög nr. 20 1954, um vátryggingarsamninga, taka til. Gjaldið skal nema 10% af iðgjaldsfjárhæðinni og greiðast af iðgjöldum, er gjaldkræf verða eftir gildistöku laga þessara.

Iðgjöld af eftirtöldum tryggingum eru undanþegin gjaldi því, sem um ræðir í þessari gr.:

a. líftryggingum, sbr. III. kafla laga nr. 20 1954,
b. brunatryggingum á húsum,
c. tryggingum skipa og flugvéla ásamt venjulegum búnaði, munum skipverja og afla fiskiskipa,
d. búfjártryggingum.

Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu að öllu leyti gilda reglur 40. gr. hér að framan.

43. gr.

Gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60 1939, eins og það er nú með viðaukum, sem felast í d-lið 1. gr. laga nr. 83 1957, eða öðrum lögum, sem í stað þeirra koma, skal innheimta með 150% álagi.

44. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum. Má gjald þetta nema allt að 160% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls, og innheimtir Innflutningsskrifstofan það.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat farartækjanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

Þá skal ríkisstjórninni heimilt að innheimta jafnhátt gjald og getur í 1. mgr. af bifreiðum, sem settar hafa verið saman innanlands, og skulu slíkar bifreiðar

metnar eftir sömu reglum og innfluttar bifreiðar og er óheimilt að skrásetja þær fyrr en gjald þetta hefur verið greitt.

Ríkisstjórnin úrskurðar, hvaða bifreiðar skulu gjaldskyldar.

45. gr.

Auk þess gjalds, sem innheimt er samkvæmt a-lið 5. gr. laga nr. 112 1950, sbr. 1. gr. laga nr. 82 1957 eða önnur lög, er í stað þeirra koma, skal Innflutningsskrifstofan innheimta sérstakt gjald af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga. Gjald þetta skal nema 20% af leyfisfjárhæð.

46. gr.

Innheimta skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni til viðbótar gjaldi því, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 68 1949 og 1. tölulið 1. gr. laga nr. 92 1957. Skal gjald þetta nema 62 aurum af hverjum lítra. Þar af skulu 6 aurar renna í brúarsjóð, 6 aurar í sérstakan sjóð, sem varið skal til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga, og 50 aurar til útflutningssjóðs.

Hækkun þessi tekur til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi. Undanþegnir hækkunini skulu þó 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Innheimtumenn ríkissjóðs innheimta gjald þetta ásamt innflutningsgjaldi því, er um ræðir í lögum nr. 68 1949 og 1. gr. laga nr. 92 1957, og skal um endurgreiðslu gjalds af því benzíni, sem sönnur eru færðar á að sé notað til annars en bifreiða, fylgt sömu reglum og á hverjum tíma er farið eftir um innflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 68 1949.

47. gr.

Af vélum, sem settar eru í íslenzk skip erlendis, skal greiða jafnhá aðflutningsgjöld og af sams konar innfluttum vélum, enda sé eigi um nýbyggingu skips að ræða.

48. gr.

Útflutningssjóður greiðir ríkissjóði 20 milljónir króna árlega af tekjum sínum. Skal einn tólfti hluti þessarar upphæðar greiðast á mánuði hverjum. Á árinu 1958 skulu þessar 20 milljónir króna greiðast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum frá gildistöku laganna til áramóta.

VI. KAFLI

49. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé til niðurgreiðslu vöruverðs. Frá 1. janúar 1958 skal útflutningssjóður standa straum af slíkri niðurgreiðslu.

50. gr.

Ef vara er seld tvenns konar verði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar og hún sér um, að hæfilegt neyzlumagn vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er með í vísitölu, að viðbættum 25%, sé á boðstólum með lægra verðinu, skal vísitalan eingöngu miðuð við það.

51. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fara fram reikningsskil milli útflutningssjóðs og ríkissjóðs. Útflutningssjóður endurgreiðir ríkissjóði útgjöld hans frá 1. janúar 1958 vegna niðurgreiðslu vöruverðs. Á hinn bóginn endurgreiðir ríkissjóður útflutningssjóði þær tekjur, er hann hefur haft samkvæmt lögum um útflutningssjóð frá 1. janúar 1958 til gildistökudags þessara laga.

VII. KAFLI

52. gr.

Almenn laun skulu breytast sem hér segir frá 1. júní 1958:

Grunnlaun, sem að meðtalinni greiðslu vegna veikindadaga til tímakaupsmanna og vikukaupsmanna eru kr. 10.27 á klukkustund, kr. 492.96 á viku eða kr. 2015.00 á mánuði eða lægri, skulu hækka um kr. 0.51 á klukkustund, kr. 24.65 á viku eða kr. 100.75 á mánuði. Þó skulu engin grunnlaun hækka samkvæmt ákvæðum þessara laga meira en 7%.

Grunnlaun hærri en þau, er um ræðir í 1. mgr. þessarar gr., en þó ekki hærri en kr. 4390.00 á mánuði eða samsvarandi vikulaun eða tímalaun, skulu hækka um 5%. Grunnlaun hærri en kr. 4390.00 á mánuði skulu eigi hækka samkvæmt ákvæðum þessara laga. Grunnlaun kr. 4390.00 á mánuði eða lægri skulu aldrei hækka meira en svo, að þau verði jöfn hærri grunnlaunum í sömu stofnun eða fyrirtæki.

Hækkun sú á launum, er um ræðir í þessari gr., reiknast aðeins á aðallaun og skal ekki verða nein hækkun á hvers konar aukagreiðslum til viðbótar aðallaunum og það þó að þær séu taldar greiðsla fyrir ákveðin störf. Á hinn bóginn skulu yfirvinnugreiðslur hækka samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar gr.

Hækkun vikulauna og mánaðarlauna samkvæmt 1. mgr. þessarar gr. er miðuð við fullt starf og lækka þar greindar fjárhæðir hlutfallslega, ef ekki er unnið fullt starf.

53. gr.

Grunnupphæðir lífeyris úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld til, skulu hækka um 5% frá 1. júní 1958. Sama gildir um greiðslur til einstaklinga á 18. gr. fjárlaga.

Frá 1. júní 1958 skulu bótaupphæðir þær, sem ákveðnar eru í II. kafla laga nr. 24 1956, um almannatryggingar, svo og í 37. og 38. gr. sömu laga, hækka um 5%.

54. gr.

Launahækkun sú, er um ræðir í 52. gr., tekur ekki til launa fyrir störf í nefndum, ráðum og stjórnum stofnana og fyrirtækja, og eigi heldur til launa fyrir önnur verk, sem geta ekki talizt aðalstarf.

55. gr.

Frá gildistöku laga þessara og til ágústloka 1958 skal greiða verðlagsuppbót á laun samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu 183 stig, sem reiknuð er eftir vísitölu framfærslukostnaðar 191 hinn 1. febrúar 1958. Á tímabilinu 1. september til 30. nóvember 1958 skal einnig greiða verðlagsuppbót samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu 183, nema því aðeins að vísitala framfærslukostnaðar 1. ágúst 1958 hafi hækkað meira en 9 stig frá 1. febrúar 1958 og sé því orðin hærri en 200 stig. Þá skal á þessu tímabili greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 183 að viðbættri þeirri stigatölu, sem vísitala framfærslukostnaðar 1. ágúst 1958 er hærri en 200 stig. Frá 1. desember 1958, 1. marz, 1. júní, 1. september 1959, og framvegis, skal á sama hátt greiða verðlagsuppbót eftir vísitölu 183 að viðbættri þeirri stigatölu, sem vísitala framfærslukostnaðar 1. nóvember 1958, 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst 1959, og framvegis, kann að vera hærri en 200 stig. Sömu verðlagsuppbót skal greiða á allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu.

56. gr.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að hækka verð á mjólk til bænda frá 1. júní 1958 svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara fyrir framleiðsluárið 1957—58 hækki um 5%.

Við útreikning á verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara 1958 samkvæmt II. kafla laga nr. 94 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun

og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., skulu laun bónda og verkafólks hans ákveðin þannig, að viðkomandi fjárhæðir í verðlagsgrundvelli 1957 hækki í hlutfalli við hækkun kaupgjalds í almennri verkamannavinnu frá 1. september 1957 til 1. september 1958.

VIII. KAFLI

57. gr.

Ráðherra sá, sem fer með verðlagsmál, skipar verðlagsstjóra og skal hann leita samvinnu við verkalýðsfélög og önnur hagsmunasamtök neytenda víðs vegar um landið til að tryggja sem raunhæfast verðlagseftirlit.

Verðlagsstjóri og þeir aðrir aðilar, sem fara með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit, mega ekki hafa persónulegra hagsmuna að gæta á neinum þeim sviðum viðskipta eða þjónustu, sem háð eru verðlagseftirliti.

58. gr.

Stjórn Innflutningsskrifstofunnar fer með verðlagsákvarðanir, að fengnum tillögum verðlagsstjóra. Innflutningsskrifstofan getur fyrirskipað að verðmerkja vörur, festa upp verðskrár í verzlunum og verkstæðum og annað slíkt, sem hún telur auðvelda viðskipti og eftirlit með verðlagi.

Dómsmálaráðherra skipar meðdómendur í verðlagsdóm, að fengnum tillögum þriggja manna, tilnefndra af stjórnum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Að öðru leyti halda ákvæði laga nr. 35 1950 með áorðnum breytingum gildi sínu.

IX. KAFLI

59. gr.

Þar sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum er átt við ríkisstjórnina í heild.

60. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga með reglugerð eða á annan hátt.

61. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal vera heimil.

62. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 86 1956, um útflutningssjóð o. fl. Ákvæði þeirra laga gilda þó um vörur, sem tollafgreiddar eru samkvæmt 2. málslið 37. gr. þessara laga. Enn fremur eru úr gildi numin lög nr. 25 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarvara á vísitöluna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög um útflutningssjóð voru sett seint á árinu 1956, var þess vænzt, að ekki þyrfti fyrst um sinn að gera nýjar ráðstafanir til tekjuöflunar vegna útflutningssjóðs og ríkissjóðs. Frá því síðara hluta ársins 1957 hefur það verið ljóst, að þessar vonir myndu ekki rætast. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að gjaldeyristekjur landsins rýrnuðu verulega á árinu 1957 samanborið við það, sem verið hafði árið 1956. Þrátt fyrir aukna notkun erlends lánsfjár, leiddi lækkun gjaldeyristekna til samdráttar í innflutningi, sem fyrst og fremst bitnaði á þeim vörum, sem báru hæsta

tolla og innflutningsgjald. Þar við bættist, að fjárfesting hélzt mikil á árinu 1957, og innflutningur sumra fjárfestingarvara jókst. Enn fremur jókst innflutningur rekstrarvöru, og þetta hvort tveggja þrengdi enn að innflutningi hátollavaranna.

Samkvæmt þeim tölum, sem nú liggja fyrir, urðu gjaldeyristekjur vegna sölu á vöru og þjónustu 1 377 millj. kr. á árinu 1957, en voru 1 503 millj. kr. á árinu 1956. Lækkunin stafar að nokkru af minnkuðum útflutningi, sem hins vegar á rætur að rekja til aflabrestsins, og að nokkru af minni framkvæmdum á vegum varnarliðsins. Vegna aukinnar notkunar lánsfjár fyrst og fremst, þurfti samdráttur innflutningsins ekki að verða eins mikill og lækkun gjaldeyristekna. Þó lækkaði fob-verðmæti innflutningsins úr 1 253[1]) millj. kr. í 1 198[1]) millj. kr. 1957 (eða um 55 millj. kr.). Fyrir afkomu útflutningssjóðs og ríkissjóðs skipti það þó mestu máli, að samdrátturinn varð fyrst og fremst í hátollaflokkunum. Innflutningur vöru, sem ber 35% innflutningsgjald eða meira, lækkaði úr 254 millj. kr. árið 1956 í 174 millj. kr. árið 1957 (eða um 80 millj. kr.). Lækkun innflutnings varð hvað mest í þeim vöruflokkum, þar sem gjöldin voru hæst. Þannig lækkaði innflutningur vöru, er ber 70 og 80% innflutningsgjald, um hér um bil helming (eða úr 67 millj. kr. í 37 millj. kr.).

Minnkun innflutningsins og breytt hlutföll innan hans varð þess valdandi, að hjá ríkissjóði og útflutningssjóði varð á árinu 1957 verulegur tekjuhalli, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir, þegar lögin um útflutningssjóð voru sett í árslok 1956. Halli útflutningssjóðs nam 34 millj. kr. á árinu og halli ríkissjóðs um 45 millj. kr. samkvæmt bráðabirgðatölum.

Ekki er hægt að búast við, að úr þessum halla dragi á árinu 1958, nema því aðeins að mikil aukning verði á fiskafla og þar með á gjaldeyristekjum. Þvert á móti má búast við, að samanlagður halli útflutningssjóðs og ríkissjóðs á árinu 1958 yrði enn meiri en 1957, ef ekkert væri að hafzt. Í fyrsta lagi er ekki hægt að gera ráð fyrir, að heildarinnflutningur aukist að ráði á árinu 1958 frá því, sem var 1957. Í öðru lagi hafa útgjöld ríkissjóðs aukizt. Lögboðin útgjöld aukast ár frá ári og niðurgreiðslur hafa verið auknar. Í þriðja lagi var samið við útvegsmenn um s. l. áramót um hækkun uppbóta, einkum til að standa straum af hækkuðu kaupi sjómanna og til að mæta áhrifum aflabrestsins.

Þegar lögin um útflutningssjóð voru sett, var leitazt við að láta tekjuöflunina koma sem minnst niður á nauðsynjavörum til neyzlu og atvinnurekstrar. Með þessu móti tókst að koma í veg fyrir, að þær ráðstafanir yllu verð- og kaupsveiflu, sem eftir stuttan tíma hefði gert nýja tekjuöflun óhjákvæmilega. Á hinn bóginn reyndist ekki mögulegt að afla nægilegra tekna af hátollavörum, þegar gjaldeyristekjurnar rýrnuðu. Í þessu birtist ein hlið þess vanda, sem við hefur verið að etja í íslenzkum efnahagsmálum um langt skeið undanfarið. Séu þau gjöld lögð á, sem nauðsynleg eru til þess að geta örugglega staðið straum af óhjákvæmilegum útflutningsbótum og niðurgreiðslum, er hætt við, að það valdi slíkum verð- og kauphækkunum, að nýjar greiðslur til útflutningsins verði óhjákvæmilegar von bráðar. Sé hins vegar reynt að hlífa nauðsynjavörum við gjöldum, er hætt við, að ekki reynist mögulegt að afla nægilegra tekna, nema þá í sérstöku góðæri, þegar hægt er að flytja inn mikið af hátollavörum.

Í glímunni við þennan vanda hefur undanfarið verið reynt að takmarka sem mest greiðslu útflutningsbóta og leitazt við að komast að raun um, hver væri bótaþörf hverrar einstakrar útflutningsgreinar. Þetta hefur leitt til þess, að smám saman hefur verið tekið upp bótakerfi, þar sem upphæð bótanna hefur t. d. farið eftir því, hvort um er að ræða afla báta eða togara, afurðir þorskveiða eða síldveiða, ýsu eða þorsk, smáan fisk eða stóran, fisk veiddan á sumri eða vetri.

---

1) Í þessum tölum og þeim, sem á eftir fara, er innflutningur, sem hlaut sérstaka tollmeðferð um áramótin 1956—57, talinn til ársins 1957. Í verzlunarskýrslum er hann hins vegar talinn til ársins 1956.

Við tekjuöflun til greiðslu útflutningsbótanna hefur verið forðazt að innheimta gjöld af þeim vörum, sem mesta þýðingu hafa í rekstri útflutningsatvinnuveganna og neyzlu almennings. Þetta hefur leitt til misræmis í vöruverði, sem í vaxandi mæli hefur stuðlað að óeðlilegri notkun erlends gjaldeyris og átt sinn þátt í gjaldeyrisskortinum, sem ríkt hefur. Fyrirtæki hafa gætt minnkandi hagsýni í notkun erlendrar rekstrarvöru, vegna þess að verð hennar hefur verið miklu lægra en verðlag innanlands yfirleitt og verðlag útflutningsafurðanna, að útflutningsbótunum meðtöldum. Fyrirtæki hafa þess vegna leiðzt til þess að nota erlenda vöru fremur en innlenda vöru eða vinnu, þegar tök hafa verið á að velja þar á milli. Hin mikla og vaxandi notkun erlends fóðurbætis er glöggt dæmi þessa. Svipuðu máli gegnir um notkun veiðarfæra, og líkt má segja um ýmsar aðrar erlendar rekstrarvörur. Ekki er skeytt sem skyldi um sparnað við notkun olíu og benzíns. Ef byggingarvara er tiltölulega ódýrari en erlend vara er yfirleitt að meðaltali, ýtir það undir fjárfestingu. Þetta hefur og haft í för með sér verulega erfiðleika fyrir ýmsar innlendar atvinnugreinar, sem framleiða vöru eða inna af hendi þjónustu í samkeppni við erlenda vöru eða þjónustu, en hafa ekki fengið útflutningsbætur. Á þetta t. d. við um ýmsar greinar íslenzks iðnaðar og siglingar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, miðar að því þrennu:

1. að stuðla að hallalausum rekstri útflutningsatvinnuveganna og ríkisbúskaparins,
2. að jafna aðstöðu þeirra atvinnugreina, sem afla þjóðarbúinu gjaldeyris, frá því sem verið hefur, og gera framkvæmd nauðsynlegs stuðnings við þær einfaldari,
3. að draga úr því misræmi í verðlagi, sem skapazt hefur innanlands undanfarin ár, bæði milli erlendrar vöru og innlendrar og milli erlendra vörutegunda innbyrðis.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að allur atvinnurekstur, sem aflar gjaldeyris, skuli fá greiddar útflutnings- eða yfirfærslubætur. Skulu flokkar bóta á útfluttar afurðir vera þrír og upphæð þeirra nema 50%, 70% og 80% af fob-verðmæti útflutningsins. Enn fremur er gert ráð fyrir, að greiddar verði 55% yfirfærslubætur á gjaldeyristekjur vegna annars en útflutnings, svo sem af tekjum af siglingum, flugsamgöngum, ferðaþjónustu o. fl. Koma þessir fjórir bótaflokkar í stað bótakerfis þess, sem verið hefur í gildi. Áfram er þó gert ráð fyrir heimild til þess að greiða sömu vinnslubætur á smáfisk o. fl. eins og nú er gert. Í aðalatriðum er upphæð bótanna við það miðuð, að afkoma bátaútvegsins haldist óbreytt frá því, sem verið hefur. Hið sama á við um útfluttar landbúnaðarafurðir. Hins vegar er nú gert ráð fyrir því, að togurum verði greiddar sömu bætur og bátum og að bætur verði greiddar á þær útflutningsafurðir, sem engar bætur hafa fengið til þessa. Það er og nýmæli, að gert er ráð fyrir greiðslu yfirfærslubóta á gjaldeyristekjur af öðru en útflutningi.

Í samræmi við þá grundvallarreglu frumvarpsins, að greiddar skuli bætur á keyptan gjaldeyri, er gert ráð fyrir yfirfærslugjaldi á allan seldan gjaldeyri. Yfirfærslugjald það, sem gjaldeyrisbankarnir nú innheimta af mestum hluta innflutningsins og ýmsum duldum greiðslum, og 8% og 11% innflutningsgjald, sem tollyfirvöld innheimta af miklum hluta innflutningsins, eiga að falla niður. Í stað þeirra koma 30% eða 55% yfirfærslugjald í bönkum af öllum yfirfærslum, og innflutningsgjald, sem tollyfirvöld innheimta af nokkrum hluta innflutningsins.

Hið almenna yfirfærslugjald er jafnhátt yfirfærslubótum þeim, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eða 55%. Samkvæmt núgildandi lögum hefur hvorki yfirfærslugjald né innflutningsgjald verið greitt af rekstrarvöru útflutningsatvinnuveganna og ekki heldur af ýmsum erlendum tækjum. Útflutningsbæturnar hafa síðan verið miðaðar við hið lága verð rekstrarvöru og tækja. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að þetta breytist þannig að hið almenna yfirfærslugjald verði greitt af innflutningi rekstrarvöru og tækja, en síðan tekið tillit til þess í hæð útflutnings- og yfirfærslubótanna. Þessi breyting hefur í sjálfu sér ekki áhrif á afkomu útflutningsatvinnuveganna, og hún

snertir ekki heldur hag almennings, en hún er engu að síður mjög mikilvæg, því að hún hefur það í för með sér, að verðlag erlendrar rekstrarvöru og erlendra tækja samræmist verðlagi annarrar erlendrar vöru og verðlaginu innanlands. Ætti það að stuðla mjög að sem hagkvæmastri nýtingu þeirra framleiðsluþátta, sem kosta þjóðarbúið erlendan gjaldeyri, og þannig hafa í för með sér gjaldeyrissparnað, auk þess sem það jafnar aðstöðu þeirra innlendu og erlendu framleiðsluþátta, sem til greina kemur að hagnýta. Ekki yrði sótzt eftir því eins og hingað til að fara með báta og skip til viðgerðar erlendis, og íslenzkar skipasmíðastöðvar yrðu samkeppnishæfari við erlendar stöðvar um smíði báta. Engin hætta væri á því, að frystihús veldu þær pökkunaraðferðir, er þarfnast mikilla erlendra umbúða, á kostnað þeirra, er krefjast tiltölulega meiri innlends vinnuafls, vegna þess eins, hversu ódýrar hinar erlendu umbúðir eru. Svipuðu máli gegnir um bóndann, er á að velja á milli kaupa fóðurbætis eða meiri heyöflunar, og þannig mætti lengi telja.

Ekki er gert ráð fyrir, að hið almenna yfirfærslugjald verði greitt af innflutningi þýðingarmestu neyzluvöru almennings, heldur skal greiða lægra yfirfærslugjald af þeim innflutningi, eða 30%. Er hér haldið fast við það sjónarmið núgildandi laga að hafa sem lægst gjöld á nauðsynjavörum almennings. Innflutningur þessarar vöru er áætlaður 120 millj. kr. á ári. Sama yfirfærslugjald á að greiða af yfirfærslum vegna náms- og sjúkrakostnaðar.

Til þess að vega á móti hinu lága yfirfærslugjaldi á nauðsynjavöru er hins vegar gert ráð fyrir sérstöku innflutningsgjaldi af þeim innflutningi, sem undanfarin ár hefur verið með sérstökum háum gjöldum. Er ætlazt til, að hér verði um þrjá gjaldflokka að ræða í stað fjögurra áður.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir því, að laun hækki yfirleitt um 5%, en hins vegar haldist kaupgreiðsluvísitalan óbreytt frá því, sem nú er (183 stig), þar til vísitala framfærslukostnaðar hefur hækkað um 9 stig.

Þessi ákvæði frumvarpsins valda því, að kaupgjald hækkar fyrr en átt hefði sér stað, ef núgildandi skipan hefði verið haldið óbreyttri og kaupgjald hefði breytzt með breytingum á kaupgreiðsluvísitölu. Fram til 1. september n. k. má gera ráð fyrir, að vísitala framfærslukostnaðar hafi hækkað um 8—9 stig. Að óbreyttri skipan í kaupgjaldsmálum hefði kaupgjald fram til 1. september orðið lægra en það verður samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, en í mánuðunum september, október og nóvember hins vegar væntanlega hið sama. Á hinn bóginn munu verða frekari hækkanir á vísitölu framfærslukostnaðar á síðustu mánuðum ársins. Við ákvörðun útflutnings- og yfirfærslubóta þeirra, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, hefur verið tekið tillit til 5% hækkunar á kaupgjaldi. Í kjölfar frekari kaupgjaldshækkunar má því búast við að sigli kröfur um nýja hækkun á útflutnings- og yfirfærslubótum. Hækkun þeirra hefði í för með sér meiri hækkun á framfærsluvísitölunni, og hún ylli svo á hinn bóginn nýrri hækkun á kaupgjaldi og afurðaverði, og þannig koll af kolli. Er þetta óhjákvæmileg afleiðing þeirrar skipunar, að kaupgjald og afurðaverð breytist sjálfkrafa í kjölfar breytinga á framfærsluvísitölu.

Vegna þess, að breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar hafa áhrif á nær allt kaupgjald í landinu og verðlag á öllum innlendum landbúnaðarafurðum, hefur jafnvel hin minnsta breyting á vísitölunni mjög víðtæk áhrif á allt efnahagskerfið og getur bakað útflutningsatvinnuvegunum útgjöld, sem þeir fá ekki risið undir, nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess að auka tekjur þeirra. Á hinn bóginn er varla hægt að komast hjá því, að slíkar ráðstafanir hafi aftur áhrif á vísitöluna. Í sambandi við lausn efnahagsvandamálanna er því nauðsynlegt að taka sjálft vísitölukerfið til athugunar, þ. e. þá skipan, að allt kaupgjald og afurðaverð breytist sjálfkrafa með breytingu á framfærsluvísitölu. Ríkisstjórninni er ljóst, að slíkt mál verður að leysa í nánu samstarfi við stéttasamtökin í landinu, og mun beita sér fyrir samstarfi við þau um þetta efni. Munu mál þessi verða tekin til nánari athugunar, þegar þessi samtök halda þing sín síðari hluta þessa árs.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit um greiðslur útflutningssjóðs og tekjuöflun til þeirra.

	Millj. kr.	
Hækkun útflutningsbóta frá því, sem nú er, og tekjuþörf til að standa straum af þeim bótum, sem nú eru greiddar	382.7	
Þar frá dregst hækkun rekstrarvöru og fyrninga, er útflutningsatvinnuvegirnir greiða sjálfir, þegar rekstrarvörur og tæki eru flutt inn	202.1	
Hrein tekjuþörf vegna bóta til útflutningsatvinnuveganna		180.6
(Þar af vegna hækkunar kaupgjalds 50.6 millj. kr. og 51.8 millj. kr. vegna jöfnunar á milli útflutningsgreina og verðfalls síldarafurða.)		
Niðurgreiðslur, sem útflutningssjóður greiðir samkvæmt frumvarpinu	131.0	
Tillag útflutningssjóðs til ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu	20.0	
Frá dregst hluti ríkissjóðs af tekjum útflutningssjóðs samkvæmt núgildandi lögum	90.0	
Hrein tekjuþörf vegna niðurgreiðslna og tillags til ríkissjóðs		61.0
	Tekjuþörf alls	241.6

Teknanna væri aflað sem hér segir:

Hækkun á yfirfærslugjaldi og innflutningsgjaldi af innflutningi að frádregnum gjöldum af rekstrarvöru og framleiðslutækjum útflutningsins	162.1
Hækkun á yfirfærslugjaldi af öðru en innflutningi umfram yfirfærslubætur	39.0
Hækkun á aukatekjum útflutningssjóðs	40.5
Tekjuöflun alls	241.6

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um hlutverk og stjórn útflutningssjóðs.

Um 1. gr.

Ákvæðin um hlutverk sjóðsins breytast frá núgildandi lögum að því leyti, sem sjóðnum bætast ný verkefni varðandi greiðslu yfirfærslubóta og niðurgreiðslna.

Um 2. gr.

Ákvæðin um stjórn sjóðsins eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um II. kafla.

Þessi kafli fjallar um greiðslu bóta á útfluttar vörur.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að bætur á útfluttar vörur séu greiddar í þremur bótaflokkum: 80% á allan fisk og fiskafurðir, 50% á afurðir úr sumarveiddri Norður- og Austurlandssíld og 70% á afurðir úr almennri síld. Varðandi bætur á útfluttar landbúnaðarvörur er vísað til skýringa við 8. gr. Á allar aðrar útfluttar vörur greiðast bætur eftir einhverjum hinna þriggja bótaflokka samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Hér er sýnt, hvaða breytingar verða á útflutningsbótum sjávarútvegsins frá því, sem nú er.

	Núgildandi bætur % af fob-verðmæti. Áætlað meðaltal	Bætur samkv. frumvarpinu. % af fob-verðmæti
Bátafiskur[1])	55.7	80
Togarafiskur	42.0	80
Norðurlandssíld	19.3	50
Önnur síld	40.6	70

Aukning bótanna er fyrst og fremst við það miðuð, að útflutningsatvinnuvegirnir fái bætta þá hækkun á verði rekstrarvöru og framleiðslutækja og á kaupgjaldi, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þó er áætlað, að hinar nýju bætur muni veita togurum talsvert bætta afkomu frá því, sem verið hefur. Þess er vert að geta sérstaklega, að í hækkun bótanna er fólgin hækkun á fyrningu. Er miðað við upphæð fyrningar á nýjum atvinnutækjum, þ. e. tækjum, sem keypt verða við því verðlagi, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þetta þýðir bætta fjárhagsafkomu allra greina sjávarútvegsins á meðan gömlu tækin eru enn í notkun, enda þótt það hafi ekki áhrif á rekstrarafkomuna, þegar til lengdar lætur.

Um 4. gr.

Í þessari gr. segir, hvernig greiðslum útflutnings- og yfirfærslubóta skuli hagað, þegar söluverð útflutningsvöru er miðað við annað verð en fob-verð.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um bætur á afla, er fiskiskip sigla með til sölu á erlendum markaði.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir, að auk útflutningsbótanna sé heimilt að greiða vinnslustöðvum sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs. Þessar bætur miðist við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöðin tekur á móti. Bætur sama eðlis, sem greiddar eru samkvæmt núgildandi lögum, nema um 20 millj. kr. á ári, og er búizt við, að sú upphæð haldist að mestu óbreytt. Hins vegar breytist fyrirkomulag greiðslnanna þannig, að þær verða nú algerlega greindar frá hinum almennu útflutningsbótum og verða ekki miðaðar við útflutningsverðmæti. Svipað fyrirkomulag gildir nú um smáfiskinn, en verður einnig tekið upp, að því er snertir ýsu og sumarveiðar.

Um 7. gr.

Í þessari grein er að finna nauðsynleg heimildarákvæði um ákvörðun fiskverðs og skiptaverðs. Munu þau einkum hafa þýðingu á meðan verið er að koma hinu nýja bótakerfi á fastan grundvöll. Ákvæðið um, að hið nýja skiptaverð til sjómanna skuli við það miðast, að hlutur og aflaverðlaun þeirra hækki um 5% að meðaltali, er í samræmi við ákvæði VII. kafla frumvarpsins um kaupgjaldsmál.

Um 8. gr.

Bætur á útfluttar landbúnaðarvörur skulu vera þær sömu og heildarbætur báta af þorskveiðum, þ. e. útflutningsbætur samkvæmt 3. gr. og sérstakar bætur samkvæmt 6. gr. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði núgildandi laga.

Um 9. gr.

Þessi ákvæði eru óbreytt frá núgildandi lögum og í samræmi við það samkomulag, er gert var við útvegsmenn um s. l. áramót.

---

1) Að frádregnum sérstökum bótum á smáfisk, ýsu, steinbít o. s. frv. og á fisk veiddan eftir 15. maí.

Um 10. gr.

Þessi grein er sett til að auka tekjur Fiskveiðasjóðs Íslands og gera honum auðveldara að mæta lánaþörf sjávarútvegsins.

Um 11. gr.

Þessi grein fjallar um framkvæmdaatriði laganna og er í samræmi við núgildandi lög og framkvæmd þeirra.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um þær bætur, er greiðist á útflutningsafurðir framleiddar fyrir 14. maí 1958. Fyrir fisk veiddan á árinu 1957 eiga að gilda áfram ákvæði laga um útflutningssjóð frá 26. desember 1956, en fyrir fisk veiddan frá 1. janúar til 14. maí 1958 ákvæði þess samkomulags, er ríkisstjórnin gerði við útvegsmenn og vinnslustöðvar um síðustu áramót, og er hér með gert ráð fyrir, að verði lögfest.

Einstakar greinar þessa kafla þarfnast ekki skýringa, að undantekinni 20. gr. Í þeirri grein er ríkisstjórninni heimilað að endurgreiða útvegsmönnum yfirfærslugjald af radartækjum, dýptarmælum og fisksjám, svo og hækkun á gjöldum af bátavélum. Þetta ákvæði staðfestir eitt atriði þess samkomulags, er gert var við útvegsmenn um s. l. áramót. Þá gerir þessi grein einnig ráð fyrir, að útflutningssjóður endurgreiði yfirfærslugjald af afborgunum og vöxtum af lánum til kaupa á flutningaskipum, sem greidd hafa verið á tímabilinu 1. janúar til 14. maí 1958. Þetta ákvæði er sett til samræmis við þau ákvæði, sem samkvæmt núgildandi lögum um útflutningssjóð hafa gilt um flugvélar.

Um IV. kafla.

Um 21. gr.

Gert er ráð fyrir, að yfirfærslugjald sé greitt af öllum innfluttum vörum, 30% af nokkrum sérstaklega tilteknum vörum og 55% af öllum öðrum vörum. Vörur með 30% yfirfærslugjaldi eru allar helztu kornvörur til manneldis, enn fremur kaffi og sykur, te o. fl. matvörur, hráefni í smjörlíki o. fl. Flestar þessar vörur eru samkvæmt gildandi ákvæðum með 16% yfirfærslugjaldi án innflutningsgjalds, en sumar eru þó með 11% innflutningsgjaldi auk yfirfærslugjalds, og verður því mjög lítil verðhækkun á þeim. Enn fremur er gert ráð fyrir 30% yfirfærslugjaldi á ýmsum baðmullarvörum, bæði baðmullardúkum og fatnaðarvörum, svo og á gúmmískófatnaði. Hér er aðallega um að ræða vörur, sem nú eru með 16% yfirfærslugjaldi — auk 8% innflutningsgjalds, og hækka þær því tiltölulega lítið í verði. Af öllum öðrum vörum er gert ráð fyrir 55% yfirfærslugjaldi, miðað við fob-verð.

Samkvæmt ákvæðum frv. er fellt niður innflutningsgjald á öllum vörum, nema þeim, sem nú eru með 35% innflutningsgjaldi eða hærra (gjaldháar vörur). Er þar um vísað til athugasemda við 35. gr. og 36. gr. frumvarpsins. — Í B-lið 21. gr. er gert ráð fyrir 30% yfirfærslugjaldi af yfirfærslum fyrir námskostnaði og sjúkrakostnaði. Á allar aðrar duldar greiðslur leggst hins vegar, samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, 55% yfirfærslugjald.

Um 22. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um bætur á yfirfærslur frá útlöndum. Um bætur á útfluttar vörur eru ákvæði í II. kafla, en samkv. 22. gr. greiðast yfirfærslubætur á aðrar greiðslur frá útlöndum jafnháar hinu almenna yfirfærslugjaldi, þ. e. 55%.

Í 3. mgr. 22. gr. er sérákvæði þess efnis, að yfirfærslubætur skuli eigi greiddar, þegar um er að ræða greiðslur, sem erlendir aðilar inna af hendi til lúkningar skuldbindingum í íslenzkum krónum, sem stafa af öðru en vörusölu til útlanda. Samkvæmt þessu skal t. d. ekki greiða yfirfærslubætur á yfirfærslur erlendra skipafélaga hingað til greiðslu hafnargjalda, vistakaupa og annarra útgjalda í íslenzkum

höfnum. Þessi takmörkun á greiðslu yfirfærslubóta tekur þó ekki til gjaldeyris til greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar útlendinga hér á landi — tekið er fram í mgr., að þeir skuli njóta 55% yfirfærslubóta.

Um 23. og 24. gr.

Samkvæmt 23. gr. skal innheimta yfirfærslugjald á venjulegan hátt af greiðslum fyrir innfluttar vörur o. fl. inn á reikning erlends aðila í íslenzkum krónum, sem notaður er til að inna af hendi greiðslur milli Íslands og heimalands reikningseiganda. Hliðstætt því skal greiða yfirfærslubætur á greiðslur af slíkum reikningum fyrir útflutningsvörur o. fl. Í því sambandi má benda á, að viðskipti Íslands við sum lönd fara að nokkru eða öllu leyti fram í íslenzkum krónum um erlenda reikninga hjá Landsbankanum. Slík reikningsviðskipti eru alveg sama eðlis og viðskipti í erlendum gjaldeyri og verða sömu reglur að gilda um hvort tveggja. — Í 24. gr. er hins vegar gert ráð fyrir, að allur flutningur fjár úr þeim reikningum, sem hér um ræðir, í erlendan gjaldeyri, og flutningur fjár úr erlendum gjaldeyri inn á þá, sé án yfirfærslugjalds og yfirfærslubóta. Er þetta svo vegna viðskipta Íslands við viðkomandi lönd.

Um 25. gr.

Hér eru ákvæði um yfirfærslubætur á þann gjaldeyri, sem erlend sendiráð láta af hendi fyrir íslenzkan gjaldeyri.

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar gr. um, að þóknun, gjöld, vextir og þ. u. l., er hérlendir bankar greiða erlendum viðskiptabönkum beinlínis vegna þjónustu við einstaka viðskiptamenn, skuli vera undanþegið yfirfærslugjaldi, er sett til að forðast óþarfa skriffinnsku. Hér er yfirleitt um að ræða greiðslur, sem bankinn fær endurgreiddar frá viðskiptamönnum sínum. Í 2. mgr. þessarar gr. er kveðið svo á, að allar greiðslur bankans sjálfs til útlanda skuli háðar yfirfærslugjaldi, og að greiða skuli yfirfærslubætur á samsvarandi tekjur erlendis frá.

Um 27. og 28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um gjaldeyrisviðskipti vegna varnarliðsins.

Um 30. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru hliðstæð ákvæðum 18. gr. í lögum um útflutningssjóð.

Um 31. gr.

Skipafélög og flugfélög verða að greiða 55% yfirfærslugjald af gjaldeyri, sem þau fá í banka til greiðslu erlendra útgjalda, þ. á m. gjaldeyri handa áhöfnum, og er því óhjákvæmilegt að lögfesta það, að áhafnir skipa og flugvéla skuli greiða 55% yfirfærslugjald af erlendum gjaldeyri, sem þær fá frá vinnuveitendum sínum. Á hinn bóginn þurfa áhafnir ekki að greiða yfirfærslugjald af þeim vörum, sem þær flytja inn í landið fyrir hinn úthlutaða gjaldeyri (sbr. skýringar við 34. gr.).

Um 32. gr.

Vinnulaun útlendinga hér á landi eiga samkvæmt ákvæðum frumvarpsins að vera háð hinu almenna yfirfærslugjaldi, 55%, en þó er gert ráð fyrir því, að öll vinnulaun útlendinga hér á landi til 14. maí 1958 skuli vera undanþegin yfirfærslugjaldi.

Um 33. gr.

Yfirfærslugjald það, að upphæð 16%, er lagt var á flestar innfluttar vörur með lögum um útflutningssjóð, er meðtalið í verðmæti vöru við ákvörðun innflutnings-

gjalds (sbr. 26. gr. laga nr. 86 1956, um útflutningssjóð), en hins vegar er það ekki talið með við ákvörðun verðtolls og söluskatts. Nú er hins vegar gert ráð fyrir, að yfirfærslugjald sé meðtalið í verðmæti vöru við ákvörðun verðtolls og söluskatts, og sömuleiðis við ákvörðun innflutningsgjalds, sbr. 35. gr.

Um 34. gr.

Ef farmaður eða flugmaður flytur inn vöru, sem hann að fengnu leyfi Innflutningsskrifstofunnar greiðir með eigin gjaldeyri, eða ef innflytjandi notar á hliðstæðan hátt erlend umboðslaun til vörukaupa, þá skal eigi innheimt yfirfærslugjald af fob-verði vörunnar, enda hefur hlutaðeigandi farmaður eða flugmaður greitt tilskilið yfirfærslugjald, er hann fékk gjaldeyrinn afhentan. Innflytjandi, er notar umboðslaun til vörukaupa, gæti eins selt gjaldeyrinn banka og fengið 55% yfirfærslubætur, og er því ekki rétt að láta hann greiða yfirfærslugjald af þeim vörum, sem hann kaupir á þennan hátt. Hins vegar verður að telja yfirfærslugjaldið með í verðmæti vörunnar við ákvörðun verðtolls, söluskatts og innflutningsgjalds. — Sé hins vegar ekki um að ræða löglega ráðstöfun gjaldeyris til vörukaupa, er sjálfsagt, að hlutaðeigandi innflytjandi greiði yfirfærslugjald af vörunni, og er þetta tilgangur ákvæðisins í 2. mgr. 34. gr.

Um V. kafla.

Um 35. og 36. gr.

Samkvæmt þessum greinum er gert ráð fyrir sérstöku innflutningsgjaldi af vörum þeim, sem taldar eru í A—C-liðum 36. gr. Vörur þessar eru hinar sömu og taldar eru í A—C-liðum í 27. gr. laga nr. 86 1956, um útflutningssjóð o. fl., og svarar upptalningin í stafliðum frumvarpsins til sömu stafliða í 27. gr. laganna um útflutningssjóð. Þó eru ávextir og hnetur, sem eru í sérstökum gjaldflokki þar, hér sameinaðir A-flokknum og hækka við það lítils háttar gjöld á þeim. Á hinn bóginn breytast gjaldaupphæðirnar til lækkunar, því að gjaldið leggst nú á hærri fjárhæð en áður, þar eð yfirfærslugjaldið er hækkað og er auk þess nú talið í því verðmæti, sem aðflutningsgjöld miðast við, sbr. 33. gr. frv. Þeim vörum, sem bera sérstakt innflutningsgjald, fækkar verulega frá því, sem er í núgildandi lögum um útflutningssjóð, þar eð samkvæmt frv. er ekki gert ráð fyrir innflutningsgjaldi á vörum, sem nú eru taldar í D- og E-lið 27. gr. útflutningssjóðslaganna. — Heimild til að endurgreiða innflutningsgjald í síðustu mgr. 36. gr. svarar til heimildar um þetta efni í 2. mgr. 28. gr. núgildandi laga um útflutningssjóð.

Um 37. og 38. gr.

Þessar gr. eru samhljóða 1. mgr. 29. gr. og 32. gr. núgildandi laga um útflutningssjóð.

Um 39. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 17. gr. núgildandi laga um útflutningssjóð. Hins vegar er orðalagi breytt til þess að taka af allan vafa um það, að bankarnir skuli greiða útflutningssjóði 50% af hvers konar þóknun, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum í sambandi við yfirfærslur til útlanda, sem fara fram með ábyrgðum, þar á meðal svonefndri „áhættu-provison".

Þá er bætt við í 2. mgr. ákvæði um, að Seðlabankinn skuli hafa eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni af höndum gjald það, er um ræðir í gr.

Um 40. gr.

Greinin fjallar um sérstakt gjald, 6% af sölu og veltu samkvæmt b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100 1948, sbr. lög nr. 82 1957. Er þetta sams konar ákvæði og nú er í 20. gr. laga um útflutningssjóð.

Um 41. gr.

Í gr. er gert ráð fyrir 10% gjaldi á sölu farmiða til og frá útlöndum. Er greinin samhljóða 21. gr. núgildandi laga um útflutningssjóð.

Um 42. gr.

Gr. er samhljóða 22. gr. útflutningssjóðslaganna. Fjallar um 10% gjald af iðgjaldsfjárhæð vátryggingarsamninga.

Um 43. gr.

Í þessari gr. er lagt til, að álag á gjöld af innlendum tollvörutegundum hækki úr 80%, svo sem er nú í 23. gr. laga um útflutningssjóð, í 150%.

Um 44. gr.

Í gr. er gert ráð fyrir, að hið svonefnda leyfisgjald af bifreiðum verði 160% af fob-verði í stað 125% eins og nú er.

Þá er það nýmæli, að heimilt er að innheimta jafnhátt gjald af bifreiðum, sem settar hafa verið saman innanlands.

Um 45. gr.

Samhljóða 25. gr. núgildandi laga um útflutningssjóð að öðru en því, að gjaldið hækkar úr 15% í 20%. Með þessu hækka gjöld á ferðagjaldeyri í heild úr 57% í 101%, og er þá meðtalið 1% leyfisgjald til Innflutningsskrifstofu.

Um 46. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að lagt verði sérstakt innflutningsgjald á benzín til viðbótar því gjaldi, er innheimt er samkvæmt núgildandi lögum. Gjald þetta nemur 62 aurum af hverjum lítra. Þar af skulu 6 aurar renna í brúarsjóð, 6 aurar í sérstakan sjóð, sem varið skal til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga, og 50 aurar til útflutningssjóðs.

Um 47. gr.

Ákvæði gr. eru efnislega hin sömu og síðustu mgr. 27. gr. laga um útflutningssjóð. Þykir sanngjarnt, að jafnhá gjöld séu greidd af vélum í íslenzk skip, er vélaskipti fara fram, hvort heldur þær eru settar í skipin hér á landi eða erlendis.

Um 48. gr.

Sjá skýringar við 51. gr. um reikningsskil ríkissjóðs og útflutningssjóðs.

Um VI. kafla.

Þessi kafli gefur ríkisstjórninni heimild til að greiða niður vöruverð, ákveður, að útflutningssjóður skuli standa straum af niðurgreiðslum frá 1. janúar 1958 og kveður á um reikningsskil útflutningssjóðs og ríkissjóðs. Núgildandi lög um heimild til niðurgreiðslu vöruverðs eru felld úr gildi (sbr. 62. gr. frumvarpsins), og þau ákvæði þeirra laga, sem þurfa að haldast, tekin hér upp.

Ástæðan fyrir því, að gert er ráð fyrir, að útflutningssjóður annist framvegis niðurgreiðslur, er sú, að þær gegna svipuðu hlutverki og útflutningsbætur. Að sama skapi og vöruverð er greitt niður, verður framleiðslukostnaður lægri en ella myndi, og þar með þær bætur, sem greiða verður. Er því eðlilegt, að tekjuöflun til niðurgreiðslna verði sameinuð tekjuöflun til útflutningsbóta, en aðskilin frá tekjuöflun til ríkissjóðs.

Um 49. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 50. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 51. gr.

Hér er sagt fyrir um reikningsskil á milli útflutningssjóðs og ríkissjóðs. Útflutningssjóður tekur við niðurgreiðslum frá 1. janúar s. l. og endurgreiðir ríkissjóði niðurgreiðslur frá áramótum. Aftur á móti endurgreiðir ríkissjóður útflutningssjóði þær tekjur, sem hann hefur frá honum haft síðan um áramót. Jafnframt fellur niður sú fjárveiting, sem nú er til niðurgreiðslna í fjárlögum. Til að jafna halla hjá ríkissjóði, er gert ráð fyrir, að hann fái 20 millj. kr. árlega frá útflutningssjóði.

Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að leysa fjármál ríkissjóðs þannig á yfirstandandi ári:

	Millj. kr.
Niðurgreiðslur, sem ekki eru meðtaldar á fjárlögum	91.0
Væntanleg lækkun tekna vegna þeirra skattafrumvarpa, sem nú liggja fyrir Alþingi	11.0
Samtals	102.0
Þessi halli myndi jafnaður sem hér segir:	
Flutningur niðurgreiðslna til útflutningssjóðs	131.0
Tillag frá útflutningssjóði	20.0
Alls	151.0
Frá dragast tekjur, sem ríkissjóður hefur frá útflutningssjóði samkv. núgildandi lögum	90.0
Alls	61.0
Aukning tolltekna ríkissjóðs samkv. þessu frumvarpi að frádregnum áætluðum útgjaldahækkunum, er af því leiddi	41.0
Samtals	102.0

Um VII. kafla.

Um 52. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um 5% hækkun launa frá 1. júní 1958, og vísast í því sambandi til hins almenna hluta athugasemdanna hér að framan. Grunnlaun í almennri verkamannavinnu, sem eru kr. 10.27 á klst., að meðtöldum svonefndum veikindapeningum, skulu hækka um 5%, eða um kr. 0.51 á klst., og hliðstæð hækkun á að verða á samsvarandi vikulaunum og mánaðarlaunum. Grunnlaun, sem eru lægri en þetta, skulu hækka um sömu krónutölu, en þó er hámark hækkunar ákveðið 7%. Hærri grunnlaun skulu hækka 5%, en þó skal engin hækkun verða á mánaðarlaunum, sem eru hærri en kr. 4390.00. Hækkun þessi á grunnlaunum skal aðeins koma á aðallaun, en ekki á aukagreiðslur við aðallaun frá sama vinnuveitanda. Þó skal hún koma á yfirvinnugreiðslur.

Um 53. gr.

Gert er ráð fyrir, að grunnupphæðir lífeyris úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða stofnanir hans greiða iðgjöld til, hækki um 5% frá 1. júní 1958 á sama hátt og laun almennt eiga að hækka. Sama gildir um greiðslur til einstaklinga á 18. gr. fjárlaga.

Í 2. mgr. þessarar gr. er ákveðið, að örorkulífeyrir, mæðralaun, fæðingarstyrkur og fjölskyldubætur samkvæmt lögum um almannatryggingar skuli hækka um 5% frá 1. júní 1958.

Um 54. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 55. gr.

Fjallað er um takmörkun þá á greiðslu verðlagsuppbótar, sem hér um ræðir, í hinum almenna hluta athugasemdanna hér að framan og vísast til þess. — Gert er ráð

fyrir, að hækkun á framfærsluvísitölunni um 9 stig frá því, sem hún var 1. febrúar 1958, komi ekki fram í kaupgreiðsluvísitölunni, og sömuleiðis er gert ráð fyrir, að kaupgreiðsluvísitala mánaðanna júní—ágúst 1958 skuli vera hin sama og var á undangengnu þriggja mánaða tímabili, þ. e. 183 stig. Að öðru leyti eru ákvæði þessarar gr. hin sömu og ákvæði 36. gr. laga um útflutningssjóð.

Um 56. gr.

Í fyrri mgr. þessarar gr. er ákvæði, er heimilar hækkun á mjólkurverði til bænda frá 1. júní 1958, sem svarar til 5% hækkunar á kaupi bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara fyrir framleiðsluárið 1957—1958. Er þetta í samræmi við hina lögákveðnu hækkun grunnlauna um 5% frá 1. júní 1958. Í því sambandi er vísað til ákvæða bráðabirgðalaga nr. 73 1951, er heimiluðu hækkun á kaupi bónda og verkafólks hans í júní 1951 við sams konar aðstæður og nú eru fyrir hendi. Heimild þessi til hækkunar tekur aðeins til mjólkurverðs. Ekki er heimilt að hækka framleiðandaverð á kindakjöti og garðávöxtum, fyrr en verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara 1958 verður reiknaður út á komandi hausti, enda er það, sem er á markaði af þessum afurðum til loka framleiðsluársins, selt á verði, sem svarar til tilkostnaðar á framleiðslutíma afurðanna. Ákvæði frumvarpsins um þessar afurðir eru þannig hliðstæð því, sem ákveðið er um sjávarafurðir.

Í síðari mgr. þessarar gr. er gert ráð fyrir því, að við haustverðlagningu landbúnaðarvara 1958 samkvæmt lögum um framleiðslusjóð landbúnaðarins skuli laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli 1958—1959 hækka um þau sömu 5% og gert er ráð fyrir, að almenn laun hækki. Eru þessi ákvæði alveg hliðstæð ákvæðum 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 64 1956, um festingu verðlags og kaupgjalds.

Um VIII. kafla.

Ákvæði kaflans eru svo til samhljóða ákvæðum IV. kafla núgildandi laga um útflutningssjóð. Þó eru hér ekki tekin upp ákvæði 33. gr. þeirra laga, þar eð þau er nú óþörf vegna þess að komið hefur verið á almennu verðlagseftirliti.

Um IX. kafla.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 493. Nefndarálit [53. mál]

um till. til þál. um olíueinkasölu ríkisins.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar, og hefur meiri hluti nefndarinnar snúizt gegn málinu. Við, sem minni hlutann skipum, leggjum hins vegar til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „því þingi, sem nú situr“ í niðurlagi tillgr. komi: næsta reglulegu Alþingi.

Alþingi, 12. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson.

Nd. 494. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um frv. Ég legg til, að frv. verði samþykkt með brtt., sem ég flyt við það á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. maí 1958.

Einar Olgeirsson.

Nd. 495. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir staflið a. í 10. gr. laganna komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

Launatekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér sem tímakaupsmaður með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við verkun og útflutning sjávarafurða, að svo miklu leyti sem tekjur þessar eru ekki orlofsskyldar. Atvinnurekendum skal skylt að láta skattyfirvöldum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna þeirra falli undir þetta ákvæði. Einnig skulu launþegar gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hvort einhver hluti tekna þeirra, og þá hve mikill, eigi að falla undir þetta ákvæði.

Ráðherra ákveður í reglugerð nánar, til hverra starfa ákvæði þetta taki, og skal þá við það miðað, að einungis bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa heyri undir þetta ákvæði.

Nd. 496. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Í frv. þessu er lagt til að undanþiggja skattskyldu þær atvinnutekjur, er skattþegn aflar sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar og ekki eru orlofsskyldar.

Störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar eru margþætt, og oft verður ekki hjá því komizt að vinna að þeim að einhverju leyti á öðrum tímum en dagvinnutíma. Má hér t. d. nefna störf sjómanna á fiskiskipum. Oft eru það veðurfar og aflabrögð, sem ákvarða vinnutíma fiskimannanna að miklu leyti, og tekjum af vinnu þeirra mundi ekki unnt að skipta í dagvinnu- og yfirvinnutekjur. Af störfum við útflutningsframleiðsluna má og nefna vinnu við fiskverkun og einnig vinnu við afgreiðslu farmskipa, er flytja útflutningsvörur á erlenda markaði. Þá má og benda á, að störf við landbúnað eru að nokkrum hluta framleiðsla á útflutningsvörum, og við þau framleiðslustörf er stöðugt um yfirvinnu að ræða, en ekki

mundi reynast unnt að greina störf við útflutningsvöruframleiðslu í þeirri atvinnugrein frá störfum við vöruframleiðslu til innanlandsnotkunar.

Þá lítur meiri hl. svo á, að ekki væri sanngjarnt að setja slík sérákvæði um tekjur, sem aflað er með vinnu við útflutningsvörur. Þau störf eru að vísu mjög þýðingarmikil, en svo er einnig um fleiri, t. d. vinnu við framleiðslu á nauðsynlegum vörum til almennrar notkunar innanlands, sem spara gjaldeyri til vörukaupa frá öðrum löndum.

Að athuguðu máli leggur því meiri hl. til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem oft mundi reynast óframkvæmanlegt að greina atvinnutekjur fyrir yfirvinnu við framleiðslu á útflutningsvörum frá tekjum fyrir önnur störf og þar sem enn fremur væri óeðlilegt að gera mun á skattgreiðslum af atvinnutekjum eftir því, hvort unnið er að framleiðslu á vörum til útflutnings eða t. d. framleiðslu á nauðsynjavörum til innanlandsnotkunar og þar með til gjaldeyrissparnaðar, telur deildin ekki fært að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1958.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Emil Jónsson, fundaskr.	Björn Ólafsson.

Ólafur Björnsson.

Ed. 497. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 25 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. og 2. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:
Brot samkv. 5. gr. varðar sektum allt að 20000 krónum.

2. gr.

Lokamálsliður 10. gr. laganna orðist svo:
Tekjum sjóðsins skal verja til eflingar stærðfræðilegum vísindum á Íslandi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 498. Lög [177. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Hvammstangahrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi hans.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 410.

Nd. 499. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Aðalatriði frumvarpsins er breyting á skattgreiðslu félaga. Er lagt til, að lögin um stríðsgróðaskatt verði felld niður og horfið verði frá stighækkandi skattgjaldi, en í þess stað verði einn skattur, 25% af skattskyldum tekjum, greiddur af öllum félögum. Við teljum, að þessi breyting fari í rétta átt, þótt hún út af fyrir sig bæti ekki að neinu verulegu leyti úr hinu mikla öngþveiti, sem nú ríkir í skatta- og útsvarsmálum. Með afnámi stríðsgróðaskattsins er opnuð leið til þess, að mögulegt sé fyrir stærri rekstur að þrífast í landinu. Þess vegna getum við verið fylgjandi þessari breytingu, þótt við hefðum talið betur fara, að ríkissjóður lækkaði skattkröfur sínar á hendur atvinnurekstrinum í landinu. En samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður fái sömu tekjur með hinu nýja skattgjaldi og áður var.

Hins vegar eru ýmis atriði í frumvarpinu, sem við munum bera fram breytingartillögur við.

Í 3. gr. frv. er lagt til, að félög megi draga frá tekjum sínum 8% af innborguðu hlutafé eða stofnfé, ef arðurinn er útborgaður. Í lögum er nú heimilað að draga 5% frá tekjum, hvort sem fjárhæðin er útborguð sem arður eða lögð í félagssjóð. Það er mjög óvenjulegt og ósanngjarnt að setja slíka kvöð fyrir frádrætti á fjárhæð, sem ekki nemur meira en venjulegum bankavöxtum af hlutafé eða stofnfé.

Í 4. gr. frv. er nokkuð hækkaður skattafrádráttur sjómanna. Þessi tillaga gengur þó of skammt. Sjálfstæðismenn hafa borið fram tillögu um, að kaup skipverja, sem lögskráðir eru á íslenzk fiskiskip, sé undanþegið skatti. Sanngirni og nauðsyn mælir með, að þessi till. sé samþykkt.

Í lögum nr. 33/1955, 10. gr., er mælt svo fyrir, að endurskoða skuli gildandi lagaákvæði um eignarskatt og miðist endurskoðunin við, að skatturinn hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins. Hinn nýi skattstigi skv. 5. gr. frv. er þannig úr garði gerður, að breytingin hafi ekki í för með sér neina teljandi breytingu á heildareignarskatti félaga til ríkisins. En skatturinn, eins og lagt er til að hann verði, kemur mjög misjafnt niður og hækkar yfirleitt eignarskatt á eigendum fasteigna. Þetta er gagnstætt fyrirmælum laga nr. 33/1955.

10. gr. fjallar um skattamál hjóna. Meiri hluti nefndarinnar mun bera fram breytingartillögu við þessa grein, sem gengur lengra í sanngirnisátt, en sú breytingartillaga gengur þó of skammt, til þess að skattamál hjóna komist í viðunandi horf. Munum við því bera fram breytingartillögu um þetta efni.

Vegna langvarandi verðbólgu hefur stofnfé og hlutafé flestra félaga rýrnað stórkostlega að verðgildi síðustu árin. Auk þess hefur höfuðstóll fjöldamargra félaga gengið mjög til þurrðar vegna óeðlilegrar skattheimtu ríkis og bæjarfélaga. Er því orðið tímabært og nauðsynlegt að heimila félögunum að hækka stofnféð eða hlutaféð í hlutfalli við eignir þeirra og í samræmi við verðrýrnun þá, sem orðið hefur, síðan hlutaféð eða stofnféð var greitt. Munum við því gera tillögu þar að lútandi.

Alþingi, 12. maí 1958.

Björn Ólafsson, frsm. Ólafur Björnsson.

Ed. 500. Lög [185. mál]

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 491.

Ed. 501. Frumvarp til laga [187. mál]

um lífeyrissjóð togarasjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til þess að tryggja togarasjómönnum, ekkjum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum. Sjóðurinn nefnist lífeyrissjóður togarasjómanna. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til sem stofnfé hálfa milljón króna árið 1958 og hálfa milljón króna árið 1959.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenzka togara.

4. gr.

Réttindi þau, er togarasjómenn öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli-, örorku- eða barnalífeyris, slysa- eða dánarbóta samkvæmt lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, sbr. 22. gr. þeirra laga.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, en hinn þriðji af Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum tryggilegum hætti.

Við lánveitingar til íbúðabygginga skulu sjóðfélagar sitja fyrir. Lán úr sjóðnum skulu í engu skerða rétt sjóðfélaga til veðlána samkvæmt lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl.

Fé sjóðsins, sem ekki er ráðstafað í föstum lánum eða verðbréfum, skal ávaxtað eftir því, sem við verður komið, í tryggum lánsstofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

9. gr.

Sjóðfélagar greiði 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 35 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

10. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

11. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Ellilífeyrir:	Starfstími:	Ellilífeyrir:
10 ár	10.0 %	23 ár	29.5 %
11 —	11.5 —	24 —	31.0 —
12 —	13.0 —	25 —	32.5 —
13 —	14.5 —	26 —	34.0 —
14 —	16.0 —	27 —	35.5 —
15 —	17.5 —	28 —	37.0 —
16 —	19.0 —	29 —	38.5 —
17 —	20.5 —	30 —	40.0 —
18 —	22.0 —	31 —	42.0 —
19 —	23.5 —	32 —	44.0 —
20 —	25.0 —	33 —	46.0 —
21 —	26.5 —	34 —	48.0 —
22 —	28.0 —	35 —	50.0 —

Það telst eitt starfsár samkvæmt grein þessari, hafi sjóðfélagi tekið laun sem togarasjómaður 9 mánuði eða meira á sama almanaksári.

Upphæð ellilífeyris má aldrei nema meiru en 75% af meðallaunum togarasjómanna á hverjum tíma í sams konar starfi og því, er sjóðfélaginn lét af.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi á togara eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir metur örorkuna meiri en 35%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs þess, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 11. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar sem örorka hans er metin. Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda verði aukning örorkunnar ekki rakin til annarra starfa en á togara.

13. gr.

Nú andast sjóðfélagi, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða með vöxtum til eftirlifandi maka hans iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaunum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 0.6% af meðalárslaunum, unz hámarkinu 35% af meðalárslaunum er náð, eftir 35 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af meðaltekjum manna í sömu starfsgrein á hverjum tíma.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort hinn eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

14. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 3% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1½% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi á togara, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru leyti en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

15. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 50% af meðalmeðlagi því, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar, sem börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

16. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 10 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir til eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkvæmt 11. og 13. gr. Lífeyrir barna hans skal ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Aldrei getur sjóðfélagi fengið endurgreidd iðgjöld sín samkvæmt þessari grein, fyrr en níu mánuðir eru liðnir frá því hann var síðast afskráður af togara, nema hann eigi lögheimili erlendis.

17. gr.

Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í lífeyrissjóði togarasjómanna, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðu-

neytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris og ákveðnar eru í lögum þessum.

18. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er ráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

19. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Skipverji á togara, sem við gildistöku þessara laga er orðinn eldri en 55 ára, skal við 65 ára aldur eiga rétt til lífeyris og annarra bóta og réttinda, eins og sá, sem greitt hefur til sjóðsins í 10 ár og náð hefur 65 ára aldri. Haldi hann áfram á togara, eftir að hafa náð þeim aldri, fær hann aukin réttindi samkvæmt ákvæðum laganna.

Sá, sem við gildistöku laganna er orðinn 65 ára, er enn á togara og hefur verið það minnst 10 ár, skal strax fá réttindi þannig, að sá, sem er 65 ára, fær sömu réttindi og sá, sem greitt hefur til sjóðsins í 10 ár, 66 ára eins og sá, sem greitt hefur í 11 ár, 67 ára í 12 ár o. s. frv. Haldi hann áfram á togara, skal hann fá aukin réttindi, eins og að framan greinir. Starfsár á togara telst í þessu tilfelli það sama og ákveðið er í 11. gr. laganna.

Ríkissjóður endurgreiði sjóðnum árlega þann kostnað, sem af þessu bráðabirgðaákvæði leiðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dagsettu 10. maí 1957, skipaði sjávarútvegsmálaráðherra nefnd til þess að semja frumvarp til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna. Í nefndinni áttu sæti Ólafur Jóhannesson, prófessor, sem var skipaður formaður nefndarinnar, Eyjólfur Jónsson, lögfræðingur, sem var kjörinn ritari hennar, Guðmundur J. Guðmundsson, fjármálaritari Dagsbrúnar, Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri, og Tryggvi Helgason, sjómaður. Hefur nefndin samið frumvarp þetta. Þó hefur ríkisstjórnin gert á frumvarpi því, sem frá nefndinni kom, eftirfarandi breytingar:

1. Í frumvarpi nefndarinnar var gert ráð fyrir 6 millj. kr. stofnframlagi úr ríkissjóði, er greiðast skyldi á þremur árum. Í stað þess er ákveðið í 2. mgr. 1. gr., að stofnframlag skuli vera ein millj. kr., er greiðist á árunum 1958 og 1959.
2. Í frumvarpi nefndarinnar var gert ráð fyrir, að réttindi sjóðfélaga til ellilífeyris miðuðust við 60 ára aldur, sbr. 11., 12. og 16. gr. Þessu hefur verið breytt í 65 ára aldur. Í samræmi við þá breytingu var iðgjald lækkað úr 11% í 10% og ákveðið, að launagreiðandi skyldi greiða af því 6%, en sjómaður 4%, sbr. 3. mgr. 9. gr.
3. Á bráðabirgðaákvæði frumvarpsins voru gerðar þær breytingar, að miðað er við 65 og 55 ár í stað 60 og 50 ár.

Með frumvarpi nefndarinnar fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Hér á landi hafa verið stofnaðir allmargir lífeyrissjóðir fyrir einstakar starfsstéttir. Byggjast nokkrir þeirra á lögum, en aðrir á samningum á milli atvinnurek-

enda og launþega. Hingað til hafa sérstakir lífeyrissjóðir yfirleitt aðeins verið lögboðnir vegna starfsmanna í opinberri þjónustu og þá fyrst og fremst vegna starfsmanna ríkisins. Sérstakir lífeyrissjóðir annarra starfsstétta hafa til þessa byggzt á frjálsum samningum. Með því að lögbjóða lífeyrissjóð fyrir togarasjómenn og leggja á þá tryggingarskyldu er því í rauninni lagt inn á nýja braut í þessum efnum.

Hinir sérstöku lögboðnu lífeyrissjóðir eru: Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, Lífeyrissjóður alþingismanna og Lífeyrissjóður ljósmæðra. Skipulag allra þessara sjóða er svipað í meginatriðum, einkanlega hinna þriggja fyrstnefndu. Um Lífeyrissjóð alþingismanna og Lífeyrissjóð ljósmæðra gætir hins vegar nokkurra sérreglna.

Í öllum þessum sjóðum eru iðgjöld greidd að nokkru af sjóðfélögum og að nokkru af launagreiðendum. Í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara og Lífeyrissjóði alþingismanna greiða sjóðfélagar 4%, en launagreiðandi 6% af launum viðkomandi starfsmanns; í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna greiða sjóðfélagi og launagreiðandi hvor um sig 4% af launaupphæð í sjóðinn, en í Lífeyrissjóð ljósmæðra greiðir ljósmóðir 4% af launum, en ríkissjóður greiðir í sjóðinn fast árlegt fjárframlag. Í hinum elztu sérstöku lífeyrissjóðum stóðu sjóðfélagar fyrst einir undir iðgjöldum, greiddu 7% af launum sínum í sjóðina, sbr. l. 51/1921, um Lífeyrissjóð embættismanna, og l. 33/1921, um Lífeyrissjóð barnakennara. Þessu var breytt í núverandi horf 1943, m. a. til samræmis við reglur lífeyrissjóða starfsmanna einkafyrirtækja, sem stofnað hafði verið til með samningum. Lífeyrissjóður ljósmæðra naut þó frá öndverðu nokkurs árlegs fjártillags frá ríkinu, sbr. l. 86/1938.

Réttur til lífeyris er hvarvetna bundinn við 10 ára starfstíma, nema að því er varðar ljósmæður, þar er hann bundinn við 15 ára starfstíma. Lífeyrisréttur alþingismanna er bundinn við 10 ára þingsetu eða 3 kjörtímabil. Endurgreiðsla er almennt heimiluð á iðgjöldum, sem sjóðfélagi sjálfur hefur greitt, ef hann lætur af starfi án þess að eiga rétt á lífeyri.

Réttindi þau, sem sjóðirnir veita, eru ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir. Upphæð ellilífeyris er ákveðinn hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeiganda síðustu 10 starfsár hans (síðustu 5 árin, ef ljósmæður eiga í hlut), er fer hækkandi eftir því sem starfstíminn verður lengri allt upp í 60% af launum eftir 30 ára starfstíma (25 ára starfstíma hjúkrunarkonur og ljósmæður). Um ákvörðun á upphæð lífeyris alþingismanna gilda þó sérreglur, sbr. 8. gr. l. 84/1953. Réttur til ellilífeyris er bundinn við 65 ára aldur, þegar um ríkisstarfsmann, alþingismann og barnakennara er að ræða, en við 60 ára aldur, þegar hjúkrunarkonur og ljósmæður eiga í hlut.

Ríkissjóður hefur tekið á sig ábyrgð á öllum þessum sjóðum, þ. e. ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögunum, og hefur auk þess lagt til sumra þeirra lítilfjörlegt stofnfé.

Reglur lífeyrissjóða, sem byggjast á frjálsum samningum, eru yfirleitt svipaðar lögum framangreindra lífeyrissjóða, einkanlega lögunum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Það er eðlilegt, að lífeyrissjóður fyrir togarasjómenn veiti í meginatriðum svipuð réttindi eins og sjóðfélagar njóta í öðrum lífeyrissjóðum. Er á því byggt í þessu frumvarpi. Þó er gert ráð fyrir því, að togarasjómenn haldi öllum hlunnindum samkvæmt lögum um almannatryggingar, enda gjaldi þeir til almannatrygginga sem áður. Upphæð lífeyris er því ákveðin þeim mun lægri hér. En með lífeyri samkvæmt frumvarpi þessu, ef að lögum verður, og bótum eftir almannatryggingalögum, ætti lífeyrir togarasjómanna fyllilega að samsvara lífeyri opinberra starfsmanna.

Ákvörðun iðgjalda vegna lífeyristryggingar togarasjómanna er miklum vandkvæðum bundin, m. a. vegna þess hve starfstími margra skipverja er breytilegur.

Nefndin reyndi að afla upplýsinga um það efni með skýrslusöfnun meðal togarasjómanna, en því miður gekk sú skýrslusöfnun erfiðlega, þar sem aðeins um 230 skipverjar svöruðu fyrirspurnum nefndarinnar, en togarasjómenn munu nú vera um 1200. Þrátt fyrir allar öryggisráðstafanir og bættan aðbúnað togarasjómanna, er óefað mun meiri hætta á slysum hjá togarasjómönnum en meðal opinberra starfsmanna eða annarra þeirra launþega, sem hingað til hafa notið sérstakrar lífeyristryggingar.

Tryggingafræðingur hefur verið fenginn til að reikna út, hvað lífeyristrygging togarasjómanna mundi kosta. Fylgir álitsgerð hans hér með sem fskj. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að ef ellilífeyri eigi að miða við 60 ára aldur, 30 ára iðgjaldagreiðslutíma og 4% vexti, þurfi iðgjöld að vera 12½%, ef sjóðurinn á að veita svipuð réttindi og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, og ef lífeyrisgreiðslum er ætlað að breytast með kaupgjaldsvísitölu. Ef miðað er við 65 ára aldur og 35 ára iðgjaldagreiðslutíma, verða iðgjöld lægri, en þó telur hann, að ekki sé hyggilegt að ákveða iðgjald lægra en 11%, miðað við sömu bætur og hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Jafnframt bendir tryggingafræðingurinn þó á, að ef lögfest yrði, að lífeyrir úr sjóðnum skuli ekki skerða rétt sjóðfélaga til lífeyris almannatrygginga, mundi lækkun á bótum úr sjóðnum, og þar með á iðgjöldum til hans, geta átt sér stað. Með hliðsjón af því, að sú leið hefur verið valin, svo sem að framan greinir, hefur þótt fært að ákveða iðgjöld til að byrja með 11%, enda þótt miðað sé við 60 ára aldur.

Þegar litið er til þeirrar reglu um skiptingu á iðgjaldagreiðslu á milli sjóðfélaga og launagreiðanda, sem nú tíðkast og gerð hefur verið grein fyrir, kemur vart annað til álita en að báðir aðilar, sjómenn og útgerðarmenn, taki þátt í greiðslu iðgjalda. Ofan á varð í nefndinni, að sjómenn skyldu greiða 4%, en útgerðarmenn 7% af launum. Er ljóst, að með því er lögð kvöð á togaraútgerðina, sem svarar til 7% kauphækkunar. Finnst vafalaust mörgum, að sízt sé þó á hana bætandi útgjöldum, eins og högum hennar nú er háttað. Og sjálfsagt eru skiptar skoðanir um, hversu heppilegt sé að lögbjóða slíka kvöð. En í öllum umræðum um sjóðsstofnun þessa hefur verið lögð áherzla á, að hún ætti að fela í sér verulega kjarabót fyrir togarasjómenn, og ætti m. a. að stuðla að því, að ungir og dugandi menn sæktust eftir starfi á togurum. Er af öllu ljóst, að menn hafa ekki gert ráð fyrir, að togarasjómenn einir stæðu undir kostnaði við tryggginguna, heldur kæmi sjóðnum framlag annars staðar frá með líkum hætti og í öðrum lífeyrissjóðum. Það framlag getur naumast komið annars staðar að en frá útgerðinni. Má og á það benda, að vafalaust hefur útgerðin og reyndar þjóðfélagið í heild óbeinan hag af stofnun þessa lífeyrissjóðs. Það er líklegt, að hún leiði til þess, að menn vinni meir að staðaldri á togurum en áður, en það er alkunnugt, að afköst eru miklu meiri hjá vönum togarasjómönnum heldur en hjá óvönum mönnum. Og líklegt er einnig, að lífeyrissjóðurinn geti leitt til þess, að færri útlendinga þurfi að ráða á togaraflotann en nú. Niðurstaðan hér hefur því orðið sú, er að framan greinir, enda er sennilegast, að sá háttur hefði verið hafður á, ef stofnað hefði verið til sjóðsins með samningum. Hitt er annað mál, að úr því að farið er að lögbjóða lífeyristryggingu fyrir starfsmenn einkafyrirtækja, þá hefðu sumir nefndarmanna kosið lífeyrissjóð á almennari grundvelli í stað þess að einskorða hann við togarasjómenn eina. En verksvið nefndarinnar var hér algerlega markað af skipunarbréfi hennar.

Lífeyrisrétturinn er eftir frumvarpi þessu bundinn við 10 ára starfstíma, svo sem venjulegast er, en sjóðfélagar eiga rétt á að fá endurgreidd iðgjöld sín eftir hliðstæðum reglum og í öðrum sjóðum. Hámarkslífeyri er náð eftir 35 ára iðgjaldagreiðslutíma. Er sá tími hafður svo langur bæði af því, að togarasjómenn byrja oft ungir, og eins af hinu, að með því móti getur iðgjaldið verið lægra, sbr. meðfylgjandi fskj.

Ekki hefur þótt fært að leggja á ríkissjóð ábyrgð á lífeyrisgreiðslum, þar sem einkafyrirtæki eiga í hlut.

Annars er frumvarp þetta í megindráttum sniðið eftir lögunum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Að öðru leyti vísast til eftirfarandi athugasemda um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Meiri hluti nefndarinnar taldi rétt, að ríkissjóður legði fram nokkurt stofnfé til sjóðsins. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenzka togara, séu sjóðfélagar. Ekki er gert ráð fyrir lágmarksaldri til þátttöku í sjóðnum, enda mun það svo, að þeir menn, sem skipverjar gerast á togurum, séu að jafnaði taldir fullvinnandi menn, enda þótt þeir oft hefji sjómennsku áður en unglingsárunum er lokið. Virðist því hvorki rétt né sanngjarnt, að sjómenn séu fyrir æsku sakir útilokaðir frá því að vera sjóðfélagar.

Þá felst það í greininni, að sama er, hvert er ríkisfang þeirra, er á togurum starfa. Nú, þegar fjöldi erlendra manna starfar á íslenzkum togurum, er sérstök ástæða til að vekja athygli á þessu. Um þetta er það að segja, að engin ástæða virðist til að undanþiggja útlendinga skyldu til að vera sjóðfélagar. Sú hefur orðið reyndin, að margir útlendingar, sem komið hafa til starfa hér á landi, hafa ílenzt hér, og verður eigi fram hjá því gengið, að svo geti orðið um ýmsa þá menn, sem hefja starf sitt hérlendis á togurum. Virðist því sjálfsagt, að þeir njóti í þessu tilliti sama réttar og Íslendingar, sem að framleiðslustörfum vinna um langt árabil. Í þeim lögum, sem áður hafa verið sett um lífeyrissjóði, mun ríkisborgararéttur ekki skipta máli. Loks skal bent á, að þeir útlendingar, sem hætta störfum á togurum, áður en þeir hafa öðlazt rétt til lífeyris úr lífeyrissjóðnum, fá eins og aðrir sjóðfélagar endurgreidd iðgjöld þau, sem þeir hafa greitt í hann. Iðgjaldshluti launagreiðanda verður hins vegar áfram eign sjóðsins, og getur þátttaka útlendinga því orðið nokkur tekjuauki fyrir sjóðinn, og er upphæð iðgjaldagreiðslu til hans að nokkru við það miðuð.

Um 4. gr.

Hér er ákveðið, að sjóðfélagar njóti hlunninda samkvæmt lögum um almannatryggingar, og vísast til þess, er áður er sagt um það atriði.

Um 5. gr.

Um skipun stjórnar sjóðsins voru skiptar skoðanir í nefndinni. Tveir nefndarmanna (T. H. og G. J. G.) vildu, að formaður stjórnarinnar yrði tilnefndur af ráðherra þeim, sem fer með sjávarútvegsmál. Einn nefndarmanna (J. S.) vildi, að í stað Alþýðusambandsins tilnefndi Sjómannasamband Íslands einn stjórnarmanna. Meiri hluti nefndarinnar taldi hins vegar þá skipan, sem greinin gerir ráð fyrir, heppilegasta.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að Tryggingastofnun ríkisins annist reikningshald sjóðsins og daglega afgreiðslu hans. Gera má ráð fyrir, að þessir þættir í starfsemi sjóðsins verði allumfangsmiklir. Má þar tilgreina innheimtu iðgjalda. Og þótt úrskurðir bóta heyri beint undir stjórn sjóðsins, verður að gera ráð fyrir, að undirbúningsstarf fyrir þá sé æði mikið og vandasamt, enda er sú reynsla annarra lífeyrissjóða. Virðist því einsætt að fela þetta starf þeirri stofnun, sem um langt árabil hefur haft með höndum hliðstæða þjónustu fyrir alla þá lífeyrissjóði, sem

til þessa hafa verið stofnaðir með lögum. Verður og að ætla, að með því að fella starf þetta inn í starfsemi stórrar stofnunar, sem um sams konar mál fjallar, verði kostnaður sjóðsins af því að ráði minni en verða mundi með því að setja upp sérstaka skrifstofu fyrir starfsemi hans.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar um ávöxtun sjóðsins eru að mestu hliðstæð þeim, sem gilda um ýmsa aðra lífeyrissjóði, sem stofnaðir hafa verið með lögum. Í greininni er þó sérstaklega gert ráð fyrir, að ef um lán til íbúðabygginga eða íbúðakaupa sé að ræða, sitji sjóðfélagar fyrir, þótt stjórn sjóðsins sé að sjálfsögðu fengið vald til þess að ákveða, hver ávöxtunaraðferð er hagkvæmust sjóðnum á hverjum tíma.

Um 8. gr.

Grein þessi þarfnast tæpast skýringa. En rétt er að benda á, að lífeyristrygging á sjóðsmyndunargrundvelli þarf að byggjast upp fyrir langa framtíð. Verð- og kauplagsbreytingar hafa mikla þýðingu fyrir slíka sjóði. Er því nauðsynlegt að fylgjast með fjárhagsgrundvelli þeirra sem oftast. Hér er gert ráð fyrir því, sem mun almennast, að fjárhagsgrundvöllurinn skuli endurskoðast fimmta hvert ár. Slík endurskoðun er ekki á meðfæri annarra en sérmenntaðra tryggingafræðinga, og er stjórn sjóðsins því að nokkru bundin af tillögum tryggingafræðings um þessi efni, og er það í samræmi við fyrri lagasetningar um lífeyrissjóði.

Um 9. gr.

Um grein þessa, sem ekki þarfnast annarra skýringa, skal það tekið fram, að upphæð iðgjalda er byggð á útreikningum tryggingafræðings, og eru þau samkvæmt áliti hans lágmarksiðgjöld, þegar tekið er tillit til þeirra réttinda, sem sjóðnum er ætlað að veita. Er það álit hans, að iðgjöld til lífeyrissjóðs fyrir sjómenn þurfi að vera til muna hærri en iðgjöld til lífeyrissjóða fastráðinna starfsmanna í landi. Hér er því gert ráð fyrir nokkru hærri iðgjöldum en til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og ýmissa fleiri lífeyrissjóða. Iðgjöldin eru miðuð við, að samkv. 4. gr. skulu sjóðfélagar halda rétti sínum hjá almannatryggingum og lífeyrisupphæð þar af leiðandi ákveðin lægri úr sjóði þessum en algengast er hjá öðrum lífeyrissjóðum, en þó þannig, að hámarkslífeyrir sé ekki veittur nema sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld í 35 ár. Um þessi atriði hefur verið stuðzt við upplýsingar um starfstíma togarasjómanna, en eins og áður segir sendi nefndin í júlímánuði s. l. öllum félögum sjómanna á stöðum, þar sem togarar eiga heimahöfn, eyðublöð til útfyllingar fyrir starfandi togarasjómenn, þar sem spurzt var fyrir um aldur þeirra, hvenær þeir byrjuðu sjómennsku og hve lengi þeir hafa stundað það starf síðan á ýmsum tegundum skipa, þ. á m. togurum. Svör hafa nefndinni ekki borizt nema úr Reykjavík og Hafnarfirði, og voru þau þó ekki tæmandi og hafa því e. t. v. ekki gefið fullkomlega rétta hugmynd um þessi atriði, en hafa þó orðið til mikils stuðnings.

Um sérstöðu Tryggva Helgasonar vísast til athugasemda hans hér á eftir.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Samkvæmt greininni getur enginn fengið ellilífeyri úr sjóðnum, nema hann hafi greitt iðgjöld til hans í að minnsta kosti 10 ár og sé orðinn 60 ára að aldri. Tveir nefndarmanna (Ó. J. og E. J.) töldu þó rétt að binda rétt til ellilífeyris við 65 ára aldur, sérstaklega með tilliti til hinna rúmu ákvæða 12. gr. um örorkulífeyri, og hafa iðgjöldin lægri, en þau hefðu þá aðeins þurft að vera 10% í stað 11%.

Í greininni er ákveðið, að upphæð ellilífeyris skuli miðast við meðallaun sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans. Síðan er gerð grein fyrir, hvernig ellilífeyririnn hækkar með lengdum starfstíma.

Þar sem sjóðfélagar eru ekki fastlaunamenn, en sjómönnum hins vegar nauðsynlegt að taka sér hvíld frá störfum nokkurn tíma ár hvert, hefur þótt nauðsynlegt að ákveða, hvað teljast skuli heilt starfsár í þessu sambandi.

Loks er ákveðið, að ellilífeyrir megi aldrei vera hærri en 75% af meðallaunum á hverjum tíma í sams konar starfi og því, er sjóðfélaginn lét af. Er ákvæði þetta hliðstætt því, er gildir um flesta aðra lífeyrissjóði.

Um 12. gr.

Í greininni er ákveðið, að sjóðfélagi, sem misst hefur 35% starfsorku sinnar eða meira, eigi rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum. Annars er greinin að öllu verulegu sniðin eftir hliðstæðri grein í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Upphæð örorkulífeyris miðast við starfstíma sjóðfélaga, á sama hátt og ellilífeyrir samkvæmt 11. gr. Annars þarfnast greinin tæpast skýringa.

Um 13. gr.

Grein þessi fjallar um rétt eftirlátins maka sjóðfélaga og er í aðalatriðum samhljóða tilsvarandi grein í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Afbrigði er þó hækkun makalífeyris eftir starfsaldri sjóðfélaga, sem leiðir af því, að í lögum þessum er gert ráð fyrir 35 ára starfstíma til þess að öðlast hámarkslífeyri. En þrátt fyrir það, að hámarksbætur samkvæmt lögum þessum séu, vegna bóta almannatrygginga, lægri en algengast er í öðrum lífeyrissjóðum, hefur ekki þótt rétt að lækka lágmarksbætur til eftirlátins maka frá algengustu ákvæðum í lögum eða reglugerðum lífeyrissjóða. Þær eru hér ákveðnar 20% af meðalárslaunum hins látna sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, en afleiðingin af 35 ára greiðslutíma í stað 30 ára verður 0.6% hækkun fyrir hvert greiðsluár miðað við sömu meðallaun í stað 1%. Til álita gæti komið að ákveða lágmarkslífeyri til eftirlátins maka lægri eins og gert er um ellilífeyri. En á móti því mælir það, að greiðslur til ekkna frá almannatryggingum geta verið til muna lægri en ellilífeyrir og í öðru lagi það, að gera má ráð fyrir, að ekkjur þeirra togarasjómanna, sem eiga að baki sér tiltölulega skamman starfstíma, hafi fyrir börnum á ómagaaldri að sjá og eigi því erfitt með að taka að stunda vinnu utan heimilis.

Að öðru leyti þarfnast greinin naumast skýringa.

Um 14. gr.

Grein þessi er í aðalatriðum samhljóða ákvæðum í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og þarfnast ekki skýringa, en hækkun lífeyris vegna frestunar lífeyristöku er hér þó ákveðin nokkru meiri en þar er gert.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um lífeyrisrétt barna, kjörbarna og fósturbarna sjóðfélaga. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Samhljóða ákvæði hafa áður verið tekin í lög um lífeyrissjóði, og verður að teljast sanngjarnt, að sama gildi um lífeyrissjóð togarasjómanna. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Sams konar ákvæði er nú í lögum um aðra lögboðna lífeyrissjóði, og virðist því sjálfsagt hér.

Um bráðabirgðaákvæði.

Tillaga um bráðabirgðaákvæði þetta var flutt af einum nefndarmanna, Jóni Sigurðssyni, og samþykkt í nefndinni með 3 samhljóða atkvæðum. Gerði Jón svofellda grein fyrir tillögunni:

Eins og skýrslur sýna, er nefndin safnaði um aldur og starfsaldur manna á togurum, eru nokkrir menn enn þá á togurum á aldrinum 51—70 ára, og eiga þeir flestallir að baki langan starfsaldur á togurum, jafnvel allt að 45 ár eða vel það.

Búast má við, að margir af þessum mönnum fari nú að hætta á sjó, eftir langa og oft stranga starfsævi, í það minnsta þeir elztu, og væri hróplegt ranglæti gagnvart þeim, ef þeir fengju enga viðurkenningu fyrir sín miklu störf á togurum, um leið og lög um lífeyrissjóð togarasjómanna eru sett.

Með bráðabirgðaákvæði þessu er ætlað að koma í veg fyrir, að nokkur maður, sem á togara er, þegar lögin taka gildi, verði settur hjá um möguleika til þess að fá réttindi til lífeyris, en svo sannarlega væru elztu togaramennirnir settir hjá, ef ekkert undantekningarákvæði yrði sett þeirra vegna.

Ekki er eðlilegt, að sá kostnaður, sem af þessu leiðir, verði greiddur úr sjóðnum af iðgjöldum þeim, er sjóðfélagar greiða eða greidd eru þeirra vegna, og er því gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði kostnaðinn, og má líta svo á, að sú greiðsla sé nokkur viðurkenning af þjóðarinnar hálfu fyrir vel unnin störf þessara manna.

Að öðru leyti þarf bráðabirgðaákvæði þetta ekki skýringar við.

Athugasemdir Tryggva Helgasonar:

Skýring um afstöðu mína til einstakra atriða í frumvarpi til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna, sem ég tel, að ættu að vera á annan veg.

1. Við 5. gr. Um skipun stjórnarinnar tel ég rétt, að ráðherra sá, sem fer með sjávarútvegsmál, tilnefni einn mann í sjóðsstjórnina, en ekki hæstiréttur, þar sem ríkið hefur mikinn veg og vanda af rekstri togaranna.
2. Við 9. gr. Ég lagði til, að sjóðfélagar greiddu 2% af launum sínum í iðgjöld til sjóðsins og ríkissjóður legði fram jafnháa greiðslu á móti, þó ekki af hærri launum en sem svarar 45000 kr. grunnlaunum einstaklings.

   Ég áleit, að þótt stofnun lífeyrissjóðsins sé mikið hagsmunamál togarasjómanna og stefni að efnalegu öryggi þeirra, sem gera vilja sér sjómennsku á togurum að lífsstarfi, beri einnig og ekki síður að skoða það sem alvarlega tilraun til að leysa erfitt þjóðfélagslegt vandamál. Þ. e. að greiða fyrir því, að nægilega margir dugandi íslenzkir sjómenn vilji starfa á togurum að staðaldri. Sé því réttmætt, að þjóðfélagið styðji þessa sjóðsstofnun og starfsemi hennar.

   Togararnir hafa skilað í land um það bil þreföldum afla fyrir hvern mann, sem á þeim starfar, en önnur fiskiskip og bátar okkar að meðaltali. Þessi fáu skip með um 1200 sjómenn að starfi leggja til afla, sem gefur þjóðinni um það bil þriðja hluta af gjaldeyristekjunum. Nokkur undanfarin ár hafa ekki fengizt nægilega margir landsmenn til starfa á togurum. Hefur verið reynt að mæta þeim vanda með því að ráða útlenda sjómenn á skipin, og til þess orðið að fórna stórum fjárhæðum árlega í erlendum gjaldeyri. Er slíkt ástand hvorki hagkvæmt eða traust að byggja á til frambúðar rekstur afkastamestu framleiðslutækja landsins, og þeim sem öðrum fremur eru undirstaða þeirra lífskjara, sem þjóðin býr við og vill ekki rýra. Ég álít, að það verði varla á annan hagkvæmari hátt af ríkisins hálfu hjálp til að skapa skilyrði fyrir árangursríkum rekstri togaraflotans, — að nægilega margir duglegir sjómenn vilji leggja fyrir sig sjómennsku á þeim, — en að það leggi til nokkurn hluta af iðgjöldum til lífeyrissjóðsins á sama hátt og gert er til félags- og menningarmála á mörgum sviðum.

3. Við 9. gr. Þá taldi ég rétt, að greiðslutími sjóðfélaga yrði 30 ár, en ekki 35 eins og í frumvarpinu er. Með iðgjöldum, er nema 11% af launum, sem er 1% hærra en t. d. í Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna, en bótagreiðslur hins vegar til muna lægri, virðist, að 30 ára greiðslutími ætti að geta staðizt, en það er sami tími og í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Er líklegt, að vaxtatekjur sjóðsins (4% netto) séu óþarflega varlega áætlaðar, og einnig hugsanlegur hagnaður af úrgöngu sjóðfélaga (þ. e. þeirra, sem greiða í sjóðinn, en hætta störfum, áður en þeir fá bótarétt). Í samræmi við það, að greiðslutími yrði styttur í 30 ár, ætti þá 11. grein um ellilífeyri að breytast þannig, að hann hækki um 2% fyrir hvert starfsár frá 10% af launum eftir 10 ára starfstíma í 50% af launum eftir 30 ára starfstíma eða lengri.

Fylgiskjal.

Guðjón Hansen, cand. act.,
Ásvallagötu 56, Reykjavík.

Reykjavík, 29. september 1957.

Lífeyrissjóðsnefnd togarasjómanna, Reykjavík.

Athugun vegna stofnunar lífeyrissjóðs fyrir togarasjómenn.

Samkvæmt tilmælum yðar hef ég gert nokkra útreikninga til stuðnings við mat á því, hver iðgjöld þyrftu að verða í fyrirhuguðum lífeyrissjóði fyrir togarasjómenn.

Í töflu 1 er miðað við 60 þús. króna árslaun og iðgjaldagreiðslu í 30 ár, þó aldrei lengur en til 60 ára aldurs, enn fremur, að iðgjaldagreiðsla hefjist um leið og starf hefst á togara. Þá er gert ráð fyrir sömu bótagreiðslum og hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með þeirri undantekningu, að réttur til ellilífeyris fáist við 60 ára aldur í stað 65 ára. Ekki er gert ráð fyrir, að frestun á töku lífeyris eigi sér stað.

Stuðzt er við skýrslu um aldur og starfsaldur 170 togarasjómanna í Reykjavík, og upplýsingar um dánar- og örorkuslys togarasjómanna eru fengnar úr gögnum Tryggingastofnunar ríkisins.

Reiknað er bæði með 5% og 4% vöxtum.

Þegar frá er talinn barna- og örorkulífeyrir, hefur ekki verið tekið tillit til hinnar sérstöku áhættu, sem fylgir sjómannsstarfinu. Eru iðgjöld því að þessu leyti ofmetin, ellilífeyrir einnig, en makalífeyrir vanmetinn. Um heildaráhrif þori ég ekki að fullyrða.

Skal nú gerð grein fyrir útreikningi hverrar bótategundar fyrir sig.

1. Ellilífeyrir.

Reiknað er með dánarlíkum íslenzkra karla 1941—1950. Augljóst er af manndauðatölum síðustu ára, að dánarlíkur hafa minnkað stórlega og eiga sjálfsagt eftir að minnka enn. Ekki er ætlað fyrir auknum útgjöldum sjóðsins af þessum sökum.

2. Makalífeyrir.

Gert er ráð fyrir 3 ára aldursmun á hjónum og að 15% sjóðfélaga kvænist ekki. Notazt hefur verið við 5% karlatöflur fyrir tvö líf, og eru 5% töflurnar íslenzkar, en 4% töflurnar erlendar. Reiknað er með 10% álagi á 5% töflurnar. Mismunandi útkoma stafar því ekki einvörðungu af mismun á vaxtafæti.

3. Barnalífeyrir.

Gert er ráð fyrir, að hlutfall milli árlegrar greiðslu barnalífeyris og heildariðgjalda verði svipað og nú er í Lífeyrissjóði barnakennara, þegar undan er skilin

sjómannaáhættan. Á árunum 1947—1953 voru greiddar dánarbætur vegna 29 togarasjómanna og örorkubætur (örorka 15% eða meiri) voru greiddar 28 mönnum með samtals 823% örorku. Með sömu reynslu og núverandi verðlagi má gera ráð fyrir, að barnalífeyrir úr sjóðnum nemi ca. 250 þús. kr. á ári vegna þessarar sérstöku áhættu. Ekki hefur verið gerð tilraun til að ákveða mismunandi iðgjöld eftir aldri. Þess skal getið, að ofangreindar greiðslur eru miðaðar við, að sjóðurinn hafi starfað um árabil og aldursskipting í honum sé orðin eðlileg.

4. Örorkulífeyrir.

Meðalaldur þeirra 28 öryrkja, sem áður eru nefndir, var 36.2 ár. Reiknað er með örorkulífeyri til þeirra, þar til er réttur á ellilífeyri hefði fengizt. Ekki er gert ráð fyrir örorku af öðrum ástæðum. Reiknað er með 1200 iðgjaldsgreiðendum, og mun sú tala varlega áætluð eða laun of lágt áætluð.

Iðgjöld.

Sé gert ráð fyrir, að starf þeirra manna, sem framangreind skýrsla nær til, á togurum hafi verið samfellt, hafa þeir að meðaltali verið 24.3 ára, þegar þeir byrjuðu á togurum. Vafalaust er meðalaldur lægri, en hagnaður sjóðsins af því, að starf er ósamfellt, verður að teljast mjög vafasamur, og er því ráðlegt að miða við 24 ár. Auk þess vex kostnaður ört með hækkandi inngöngualdri, og má því gera ráð fyrir, að meðalkostnaður sé hærri en sem svarar kostnaði af manni á meðalaldri.

Þar eð meðalaldur þeirra, sem fyrstir koma í sjóðinn og þegar hafa starfað lengi, er allmiklu hærri, verða þeir sjóðnum tiltölulega dýrir, þótt þeir fái engin réttindi fyrir liðinn tíma.

Vextir o. fl.

Um vexti er að sjálfsögðu erfitt að spá svo langt fram í tímann, sem hér er um að ræða. Varla virðist koma til mála að reikna með hærri vöxtum en 5% nettó, enda er ekki gert ráð fyrir, að reksturskostnaður sé tekinn af iðgjöldum, en hann mætti áætla allt að ½% af eignum sjóðsins.

Reiknað er með óbreyttum launum, og er því hvorki reiknað með hækkun vegna stöðubreytinga, verðlagsbreytinga né framleiðsluaukningar. Jöfn árleg hækkun samsvarar nokkurn veginn því, að reiknað sé með lægri vöxtum, þ. e., að nokkur hluti vaxta étist upp af kaupbreytingum. Þegar tillit er tekið til þessa, virðist mér mjög óráðlegt að miða iðgjöld við hærri vexti en 4%.

Sjóðurinn hefur hag af úrgöngum. Sé reiknað með, að 10% iðgjalda komi frá mönnum, sem aldrei fá neitt úr sjóðnum nema endurgreiðslu eigin iðgjalda, og iðgjöld séu 4% af launum frá launþega og 6% frá atvinnurekanda, samsvarar það, að sjóðurinn fái raunverulega 6400 króna ársiðgjald af hverjum þeirra, sem eftir eru. Miðað við 4% vexti og 24 ára meðalaldur (þ. e. nauðsynlegt iðgjald kr. 7963.00) ættu þá iðgjöld til sjóðsins að nema ca. 12½% af launum. Virðist mér þetta vera alger lágmarksiðgjöld miðað við bætur og iðgjaldagreiðslutíma, sem gert er ráð fyrir í töflu 1.

Hér hefur verið gert ráð fyrir svipuðum lífeyrisréttindum og í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (sbr. þó ellilífeyri), en af töflu 1 má sjá, hver áhrif það hefði að miða lífeyri eingöngu við greidd iðgjöld. Mundu þá þeir, sem byrja gamlir, fá hlutfallslega lægri lífeyri, en hinir yngri tilsvarandi hærri, auk þess sem verðlags- og kauplagsbreytingar mundu koma öðruvísi niður.

Breyting á lífeyrisaldri og iðgjaldagreiðslutíma.

Í töflu 2 er sýnt, hver áhrif það mundi hafa á iðgjöld, ef a) réttur til ellilífeyris fengist við 65 ára aldur og b) iðgjaldagreiðslutími væri lengdur í allt að 35 árum.

Hækkun lífeyrisaldursins mundi hafa í för með sér, að þeir, sem eldri eru en 30 ára við inngöngu, mundu öðlast rétt til hærri árslífeyris og greiða iðgjöld lengur en til sextugs. Þetta hefur áhrif á tölurnar í töflu 2. Í aftasta dálki þeirrar töflu er svo sýnt, hver áhrif það hefur að lengja iðgjaldagreiðslutímann í 35 ár, en það hefur þýðingu fyrir alla þá, sem yngri eru en 35 ára við inngöngu í sjóðinn.

Miðað við sömu forsendur og að framan er gert við útreikning iðgjalds samkvæmt töflu 1 mundi iðgjald 24 ára manns lækka úr ca. 12½% í rúm 9%. Eins og áður er tekið fram, tel ég þó þetta iðgjald vera of lágt, einkum með tilliti til væntanlegra kauplagsbreytinga og breytinga á dánarlíkum. Ef ætlunin er að láta lífeyrisgreiðslur breytast með kaupgreiðsluvísitölu, tel ég hyggilegt að ákveða iðgjald 11% miðað við bætur samkvæmt töflu 2 og 35 ára iðgjaldagreiðslutíma. Jafnframt skal bent á það, sem áður er sagt um þá, sem ganga í sjóðinn við stofnun hans.

Að lokum skal vakin athygli á þeirri spurningu, hver skuli vera afstaða sjóðsins til almannatrygginga. Ef sjóðurinn hlýtur viðurkenningu Tryggingastofnunar ríkisins, verður þátttaka þeirra, sem aðeins ná lágri lífeyrisupphæð, þeim lítils eða einskis virði, en hins vegar gera núverandi skerðingarreglur almannatrygginga lífeyri þaðan einskis virði þeim, sem verulegan lífeyri hljóta úr sjóðnum. Ef lögfest yrði, að lífeyrir úr sjóðnum skuli ekki skerða rétt sjóðfélaga til lífeyris almannatrygginga, virðist mér lækkun á bótum sjóðsins og þar með iðgjöldum til hans geta átt sér stað. Slík lækkun yrði þó að fara eftir bótategundum, og einnig yrði að athuga, hvernig lækkun á bótum ætti að fara eftir aldri við inngöngu.

Virðingarfyllst,

Guðjón Hansen.

Tafla 1. Iðgjöld vegna hverrar bótategundar. Ellilífeyrir frá 60 ára aldri, iðgj. í 30 ár.

A. Vextir 5% p. a.

Aldur við inngöngu	Til ellilíf. kr.	Til makalíf. kr.	Til barnalíf. kr.	Til örorkulíf. kr.	Alls kr.
20	2928.00	1476.00	510.00	466.00	5380.00
24	3619.00	1555.00	510.00	466.00	6150.00
30	4999.00	1687.00	510.00	466.00	7662.00
40	5306.00	1969.00	510.00	466.00	8251.00
50	6000.00	2360.00	510.00	466.00	9336.00

B. Vextir 4% p. a.

20	4177.00	1862.00	530.00	510.00	7079.00
24	4971.00	1952.00	530.00	510.00	7963.00
30	6487.00	2084.00	530.00	510.00	9611.00
40	6446.00	2390.00	530.00	510.00	9876.00
50	6864.00	2736.00	530.00	510.00	10640.00

Tafla 2. Iðgjöld miðuð við ellilífeyri frá 65 ára aldri. Iðgjaldagreiðsla í 30 ár og (í aftasta dálki) í 35 ár.

A. Vextir 5% p. a.

Aldur við inngöngu	Til ellilíf. kr.	Til makalíf. kr.	Til barna- og örorkulíf. kr.	Alls kr.	Alls með iðgj. í 35 ár kr.
20	1796.00	1476.00	1014.00	4286.00	4050.00
24	2220.00	1555.00	1014.00	4789.00	4531.00
30	3065.00	1687.00	1014.00	5766.00	5472.00
40	4222.00	1927.00	1014.00	7163.00	7163.00
50	4496.00	2185.00	1014.00	7695.00	7695.00

Aldur við inngöngu	Til ellilíf. kr.	Til makalíf. kr.	Til barna- og örorkulíf. kr.	Alls kr.	Alls með iðgj. í 35 ár kr.
B. Vextir 4% p. a.					
20	2655.00	1862.00	1089.00	5606.00	5234.00
24	3161.00	1952.00	1089.00	6202.00	5799.00
30	4125.00	2084.00	1089.00	7298.00	6848.00
40	5240.00	2295.00	1089.00	8624.00	8624.00
50	5237.00	2455.00	1089.00	8781.00	8781.00

Nd. 502. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 3. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   6. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:
   Félög þau, er um ræðir í 3. gr. a, mega draga frá tekjum sínum 8% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   a. h-liður 10. gr. laganna orðist svo:
      Kaup skipverja, sem lögskráðir eru á íslenzk fiskiskip yfir lengri eða skemmri tíma á skattárinu. Skal þetta gilda jafnt um þá, er taka kaup í hluta af afla, sem hina, sem greitt er kaup í peningum.
   b. Á eftir m-lið 10. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
      n. Fjárhæð, sem skattþegn hefur gefið einhverjum eftirgreindra aðila: kirkjum svo og félögum og stofnunum, sem vinna að vísindum, menningar- og mannúðarmálum, fari hún ekki fram úr 15% af nettótekjum gefanda, enda hafi þá skattyfirvöldum borizt tilkynningar um gjafirnar frá þeim aðilum, sem þær hafa þegið.
3. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er orðist svo:
   a. (5. gr.) 1. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:
      Samanlögðum skattskyldum tekjum hjóna, sem samvistum eru, skal skipta til helminga og reikna skatt af hvorum helmingi um sig.
   b. (6. gr.) Í stað orðanna „Fyrir hjón kr. 12000 (6 þús. kr. fyrir hvort)“ í 12. gr. laganna komi: Fyrir hjón kr. 10400 (5200 kr. fyrir hvort).
4. Við 5. gr. Töluliður I. orðist svo:
   Af eign einstaklinga, sem taldir eru í 1. og 2. gr., reiknast skatturinn þannig:
   Af 100000— 500000 kr. greiðist 300 kr. af 100000 og 6‰ af afgangi.
   — 500000—1000000 — — 2700 — — 500000 — 8‰ — —
   — 1000000 og þar yfir — 6700 — — 1000000 — 10‰ — —
   — eign, sem ekki nemur 100000 kr., greiðist enginn skattur.
5. Á eftir 12. gr. komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Til ársloka 1959 er hlutafélögum og sameignarfélögum heimilt að hækka hlutafé eða stofnfé félaganna í samræmi við eignir þeirra 31. desember 1958. Þó má hækkun hlutafjár eða stofnfjár aldrei vera meiri en sem svarar vísitöluhækkun dagvinnukaups í almennri verkamannavinnu í Reykjavík, frá því að hlutaféð eða stofnféð var greitt. Ekki má hlutafé eða stofnfé á þennan hátt vera hærra en raunverulegt verðgildi eigna.

Verðgildi eigna skal fundið með því, að lagt er til grundvallar bókfært verðmæti sjóða, vörubirgða og lausafjár, en fasteignir, skip, vélar og önnur tæki til atvinnurekstrar skal metið eftir meðalvátryggingarfjárhæð síðustu þriggja ára.

Með skattframtali áranna 1959 eða 1960 skal gerð fullnægjandi grein fyrir hækkun hlutafjár eða stofnfjár samkvæmt þessari heimild.

Ný hlutabréf eða stofnfjárbréf, sem út eru gefin fyrir hækkuninni í réttu hlutfalli við eign hvers hluthafa í félaginu, skulu ekki vera skattskyld sem úthlutun til félagsmanna, þrátt fyrir ákvæði d-liðs 7. gr. þessara laga.

Nd. 503. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Flest sjúkrahús hafa nú sótt um hækkun daggjalda.

Á landsspítalanum eru daggjöld nú 100 kr.

Þá er miðað við ca. 60% af daggjaldakostnaði á landsspítalanum, en svo var, er daggjöld voru ákveðin 1956. Þá varð kostnaður 155 kr.

Nú er gert ráð fyrir, að kostnaður verði í ár a. m. k. 220—230 kr. á legudag.

Er því ljóst, að kostnaður við rekstur sjúkrahúsa hefur stóraukizt.

Virðist sanngjarnt, að ríkissjóður taki að sér að greiða hluta af þessum aukna kostnaði.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega styrkur til sjúkrahúsa sem hér segir:

1. Almennt sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða sveitarfélags svo og einkasjúkrahús, sem áður hefur notið dagstyrkja úr ríkissjóði: 10 kr. á legudag.

2. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða sveitarfélags, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 15 kr. á legudag.

3. Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 20 kr. á legudag.

Alþingi, 12. maí 1958.

Steingr. Steinþórsson, form., með fyrirvara. Gunnar Jóhannsson, fundaskr., frsm. Kjartan J. Jóhannsson.

Benedikt Gröndal. Ragnhildur Helgadóttir.

Ed. 504. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndarmenn hafa rætt frv. þetta, en ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Tveir nefndarmenn (FS og PZ) leggja til, að frv. verði samþykkt með breytingum.

Einn nefndarmanna (JK) var fjarstaddur, er málið var afgreitt. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1958.

Alfreð Gíslason, fundaskr.
Friðjón Þórðarson, frsm.

Ed. 505. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Undirritaðir telja rétt að breyta reglu 19. gr. laganna, svo sem ráðgert er í frv., á þá lund, að um þar greint efni fari eftir lögum í dvalarlandi móður, en eigi eftir lögum þess lands, þar sem hún á ríkisfang. Ekki þykir þó hæfa, að svo róttæk breyting sé í lög leidd án alls fyrirvara. Væntanlega mun og frumvarpið með núverandi orðalagi verða þannig skilið, að það gildi aðeins um börn, sem fædd eru eftir að frv. öðlast lagagildi. Hins vegar er óheppilegt og ástæðulaust, að um þetta sé nokkur vafi, enda þykir rétt, að lagabreytingin sjálf taki til, um hverja einstaklinga hún gildi. Teljum við rétt, að miðað sé við tímamarkið 1. júlí 1958 og taki breytingin til þeirra barna einna, sem fædd eru eftir þann tíma.

Leggjum við því til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 19. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisborgararéttur skiptir þó ekki máli í þessu efni um börn, fædd 1. júlí 1958 eða síðar.

Alþingi, 13. maí 1958.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.
Páll Zóphóníasson.

Nd. 506. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 1927.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta miðar að því að gera gagnkvæman þann rétt, er nú felst í 4 gr. sveitarstjórnarlaga, um stofnun nýs hrepps í sveitarfélagi, þar sem kauptún er, þegar íbúafjöldi kauptúns er 300 eða meira. Gert er ráð fyrir, að íbúar í sveit, er hafa verið með kauptúni í sveitarfélagi, geti ákveðið að skilja sig frá kauptúninu, séu þeir 100 eða fleiri.

Nefndin sendi frv. til Sambands ísl. sveitarfélaga og óskaði umsagnar þess um málið. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga tjáir sig mótfallinn þessari breytingu og ber því við, að þessi breyting muni stuðla að enn frekari skiptingu sveitarfélaganna, sem sé óheppileg þróun.

Nefndin lítur svo á, að hér sé raunverulega um réttlætismál að ræða, þ. e., að réttur til þess að skipta sveitarfélagi, þar sem kauptún og sveit heyra saman, sé gagnkvæmur, og beri því hið fyrsta að gera breytingu á þessu. Hins vegar er það skoðun nefndarinnar, að þörf sé á almennri endurskoðun sveitarstjórnarlaganna, þar sem þetta misræmi, er frv. fjallar um, ásamt ýmsum ágöllum öðrum verði lagfært.

Nefndin leyfir sér því að leggja til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um það, að sem fyrst fari fram almenn endurskoðun sveitarstjórnarlaganna til þess að bæta úr ýmsum ágöllum þeirra og að jafnframt verði ákvæðunum um skiptingu sveitarfélaga breytt í þá átt, að réttur til þess að skipta sveitarfélagi, þar sem kauptún og sveit eru í sama hreppi, sé gagnkvæmur, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1958.

Steingr. Steinþórsson, form., frsm. | Gunnar Jóhannsson, fundaskr. | Kjartan J. Jóhannsson.

Benedikt Gröndal. | Ragnhildur Helgadóttir.

Ed. 507. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu þess. Undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1958.

Friðjón Skarphéðinsson, form. | Alfreð Gíslason, fundaskr. | Páll Zóphóníasson, frsm.

Nd. 508. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli fyrir farþega í framhaldsflugi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er einnig heimilt að setja á stofn sams konar útsölu á Reykjavíkurflugvelli, eftir að þar hefur verið byggð afgreiðslustöð til sameiginlegra afnota fyrir þau flugfélög, sem völlinn nota.
2. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Ríkisstjórnin getur heimilað útsölum þeim, sem um ræðir í 1. gr. o. s. frv.

3. Við fyrirsögn frv. Á eftir orðunum „á Keflavíkurflugvelli“ komi: og Reykjavíkurflugvelli.

Alþingi, 13. maí 1958.

Pétur Pétursson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr., með fyrirvara.	Gunnar Jóhannsson, frsm.
Björn Ólafsson.	Angantýr Guðjónsson.	

Sþ. 509. Nefndarálit [165. mál]

um till. til þál. um, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti.

Frá fjárveitinganefnd.

Í lögum um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, sem sett voru á síðasta Alþingi, er svo ákveðið í 4. gr. m. a.: „Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta forsetaúrskurði.“ Fyrsta kirkjuþingið skv. nefndum lögum á að koma saman á komandi hausti, og enn er framkvæmdum í Skálholti ekki svo langt komið, að nauðsyn beri til að taka ákvörðun um afnot þess og bygginga þar fyrir þann tíma. Það er því eðlilegt og raunar sjálfsagt, að kirkjuþing fái að fjalla um þetta mál, sem kirkjuna varðar svo mjög, áður en Alþingi gerir um það fullnaðarsamþykkt. — Það er þá líka vitað, að hjá annarri þingnefnd liggur fyrir tillaga til þingsályktunar um menntaskólasetur í Skálholti og að enn fremur eru fleiri tillögur á leiðinni um skipan biskupsvaldsins í landinu, sem mjög eru í sambandi við afnot hinna fornu biskupsstóla í Skálholti og á Hólum. Er því mjög eðlilegt, að kirkjuþingið fái tækifæri til að segja álit sitt og gera tillögur sínar um þessi mál öll.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem kirkjuþing hefur lögum samkv. rétt og skyldu til að segja álit sitt og gera tillögur um þau mál, sem kirkjuna varða, og þar sem ekki er aðkallandi að afgreiða þetta mál á þessu þingi og áður en umsögn kirkjuráðs liggur fyrir, telur Alþingi ekki rétt að gera nú um það fullnaðarsamþykkt og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Sveinbjörn Högnason, frsm.
Friðjón Skarphéðinsson.	Karl Kristjánsson.	Pétur Ottesen.
Halldór E. Sigurðsson.	Magnús Jónsson.	Jón Kjartansson.

Sþ. 510. Nefndarálit [179. mál]

um till. til þál. um styrk til útgerðarfélags flóabátsins Baldurs.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna á þskj. 429 um styrk til útgerðarfélags flóabátsins Baldurs. Hefur nefndin í því sambandi kynnt sér allrækilega ástæður fyrir

því, að farið er fram á heimild handa ríkisstjórninni til að greiða útgerðarfélaginu viðbótarstyrk. Við athugun hefur komið í ljós, að framkvæmd er nú gagngerð endurbót á bátnum, sem nauðsyn bar til að gera, jafnhliða því sem gert er við hann vegna sjótjóns, er hann varð fyrir um seinustu áramót.

Þar sem fjárhagur útgerðarfélagsins er mjög örðugur og fyrir því er fordæmi, að flóabátum sé veittur sérstakur styrkur vegna viðgerða, svo sem á sér stað með m/s Fagranes í ár, mælir nefndin með, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða útgerðarfélagi flóabátsins Baldurs, SH-106, kr. 100 000.00 sem viðbótarstyrk vegna endurbóta.

Alþingi, 12. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Halldór E. Sigurðsson, frsm.
Sveinbjörn Högnason.	Karl Kristjánsson.	Friðjón Skarphéðinsson.
Jón Kjartansson.	Magnús Jónsson.	Pétur Ottesen.

Sþ. 511. Nefndarálit [54. mál]

um till. til þál. um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur tekið þessa tillögu til umræðu á nokkrum fundum. Enn fremur sendi hún stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga tillöguna til umsagnar. Stjórn sambandsins lagði hana fyrir fulltrúaráð sambandsins, sem hélt fund í Reykjavík dagana 21.—24. marz s. l.

Fulltrúaráðið ályktaði einróma að mæla með samþykkt þingsályktunartillögunnar, en óskaði þess þó, að tillögunni yrði breytt á þá leið, að Sambandi íslenzkra sveitarfélaga verði áskilinn réttur til þess að láta fulltrúa frá sér taka þátt í endurskoðun þeirri, er tillagan ræðir um. Stjórn sveitarfélagasambandsins tjáði sig samþykka ályktun fulltrúaráðsins.

Fjárveitinganefnd er á einu máli um að mæla með tillögunni, en telur rétt að breyta henni í þá átt, sem fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga mælist til. Leggur nefndin því til, að Alþingi samþykki tillöguna með eftirfarandi

BREYTINGU:

Síðari málsliður tillgr. orðist svo:

Gefa skal fulltrúum frá þingum landsfjórðunganna og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga — einum frá hverjum þessara aðila — kost á að taka þátt í endurskoðuninni.

PO var fjarverandi, er atkvæðagreiðsla fór fram.

Alþingi, 12. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Friðjón Skarphéðinsson.	Halldór E. Sigurðsson.	Sveinbjörn Högnason.
	Magnús Jónsson.	

Sþ. 512. Nefndarálit [180. mál]

um till. til þál. um að láta breyta vegakerfi á Þingvöllum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og aflað sér upplýsinga um það hjá vegamálastjóra. Það er álit nefndarinnar, að æskilegt sé að breyta vegakerfinu á Þingvöllum þannig, að þjóðvegurinn liggi ekki um Almannagjá, svo sem nú er, og ber fyrst og fremst tvennt til þess. Hið fyrra er, að sumarumferðin þar gerir hinn fornfræga og söguhelga stað mjög ónæðissaman, en hitt er einnig, að einmitt þar reynist vegurinn mjög snjóþungur, og kemur Þingvallavegurinn að minna gagni sem vetrarleið milli Faxaflóabyggða og Suðurlandsundirlendis sökum snjóalaga í Almannagjá.

Fyrirhugað er, að vegurinn, sem leysa á Almannagjárveginn af hólmi, liggi frá Brúsastaðavegamótum norðan við Almannagjá og niður á Þingvelli hjá Leirulæk. Brúa þarf Öxará á þessari leið.

Talið er, að vegur þessi mundi kosta um 900 þús. kr., en brúin um 500 þús. kr.

Með tilliti til þess, að vegagerð þessi yrði að verulegu leyti til tryggingar öruggari samgöngum milli Suðurlands- og Faxaflóabyggða, þykir nefndinni sem til mála geti komið, að fé það af benzínskatti, sem renna á til millibyggðavega á þessu svæði, verði á þessu ári að einhverjum hluta notað til þeirrar vegargerðar, sem hér um ræðir.

Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hefjast handa — í samráði við vegamálastjóra og Þingvallanefnd — um vegagerð á Þingvöllum, svo fljótt sem auðið er, þannig að unnt verði að hætta allri bílaumferð um Almannagjá.

PO var fjarverandi, er atkvæðagreiðsla fór fram.

Alþingi, 12. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Friðjón Skarphéðinsson.
Halldór E. Sigurðsson. Sveinbjörn Högnason. Jón Kjartansson.
Karl Kristjánsson. Magnús Jónsson.

Nd. 513. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og kynnt sér umsagnir hagstofustjóra og stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1958.

Pétur Pétursson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Gunnar Jóhannsson.
Björn Ólafsson. Angantýr Guðjónsson.

Ed. 514. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum. Hún hefur fengið til viðtals hr. Pál A. Pálsson yfirdýralækni, en auk þess hr. Þorbjörn Jóhannesson og hr. Þorstein Einarsson frá stjórn Dýraverndunarfélags Íslands og hr. Gunnar Bjarnason ráðunaut.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. málsgr. 2. gr. Í stað „15. desember“ komi: 1. nóvember.

Alþingi, 13. mai 1958.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurvin Einarsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.
F. R. Valdimarsson. Friðjón Þórðarson.

Ed. 515. Lög [168. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 462.

Ed. 516. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19/1955, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og í sambandi við það takmörk dýralæknaumdæmanna og möguleika búfjáreigenda til að notfæra sér dýralækna, þegar sjúkdómar steðja að búfé.

Sú athugun hefur leitt í ljós, að heita má, að ýmis héruð í landinu séu dýralæknislaus, þótt þau að nafni til liggi í umdæmi einhvers dýralæknis.

Hins vegar er á það að líta, að eitt dýralæknisumdæmi er nú læknislaust og enginn dýralæknir nú til að gegna því. Við nám eru nú nokkrir (6) menn, en sá fyrsti þeirra lýkur væntanlega námi 1959. Eru því litlar líkur til þess, að menn fáist að sinni í ný dýralæknisembætti, þótt stofnuð yrðu. Fram eru komnar brtt. við frv. um tvö ný dýralæknisumdæmi, og sýnir það, að mikil þörf er fyrir fjölgun dýralækna í landinu.

Þróunin hlýtur að ganga í þá átt að fjölga dýralæknum og breyta þeim takmörkum, er sett hafa verið milli umdæmanna.

Með hliðsjón af ofanrituðu þykir nefndinni ekki ástæða til að samþykkja frv. né þær brtt., er við það hafa verið fluttar, en leggur til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga gaumgæfilega þörf bænda fyrir fleiri dýralækna en nú eru og hvernig landinu skuli skipt í umdæmi með það fyrir augum,

að þessari þörf bænda verði sem bezt fullnægt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. maí 1958.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurvin Einarsson, fundaskr. Friðjón Þórðarson.
F. R. Valdimarsson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Sþ. 517. Fyrirspurn [188. mál]

til ríkisstjórnarinnar um endurheimt íslenzkra handrita í Danmörku.

Frá Pétri Ottesen og Sveinbirni Högnasyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að framfylgja samþykkt Alþingis um endurheimt íslenzkra handrita, sem geymd eru í dönskum söfnum, og hverjar horfur eru um lausn þess máls?

Nd. 518. Breytingartillaga [130. mál]

við brtt. á þskj. 489 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Pétri Ottesen.

Við b-lið 2. tölul. Síðasti málsl. 2. málsgr. falli niður.

Nd. 519. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:
Við útreikning eignarskatts á eignir í árslok 1957 skal verð fasteigna tekið eftir fasteignamatinu 1942.

Nd. 520. Breytingartillaga [56. mál]

við brtt. á þskj. 503 [Sjúkrahúsalög].

Frá Magnúsi Jónssyni.

3. tölul. orðist svo:
Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 25 kr. á legudag.

Nd. 521. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi.

Frá Pétri Ottesen.

Fyrir orðin „setur nánari reglur“ í 2. málsgr. 1. gr. komi: setur, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, nánari reglur.

Nd. 522. Breytingartillaga [56. mál]

við brtt. á þskj. 503 [Sjúkrahúsalög].

Frá Pétri Ottesen.

Í stað 2.—3. tölul. komi einn töluliður, svo hljóðandi:

Fjórðungssjúkrahús, svo og sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða sveitarfélags, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 20 kr. á legudag.

Nd. 523. Lög [75. mál]

um breyting á lögum nr. 25 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 497.

Ed. 524. Lög [183. mál]

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 454.

Ed. 525. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á lögum nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra. Útflutningur á fyrstu verðlauna kynbótahestum og kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi atvinnumálaráðherra hverju sinni og að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands, enda mæli sérstakar ástæður með slíkum útflutningi.

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Þó má leyfa útflutning á eldishrossum á þessu tímabili að fengnu samþykki og meðmælum þeirra aðila, er áður greinir.

3. gr.

a. 2. málsl. 3. gr. laganna falli niður.
b. Fyrir orðið „skoðunarmenn“ í upphafi 3. málsl. sömu lagagr. komi: dýralæknar.

4. gr.

Orðin „eða öðrum eftirlitsmanni, sem atvinnumálaráðherra kann að hafa falið eftirlit með hrossaútflutningi (sbr. 3. gr.)“ í 1. málsl. 4. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Orðin „(eftirlitsmanni)“ og „glaseygð“ í 5. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Orðið „(eftirlitsmanni)“ í 6. gr. laganna falli niður.

7. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknis og Dýraverndunarfélags Íslands, reglugerð um útflutning hrossa, þar sem nánar er tekið fram um útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, stærð þeirra og ganghraða, fóðurbirgðir, vatnsbirgðir, loftræstingu, hirðingu hrossa í skipinu og annað það, er máli skiptir fyrir öryggi og góða líðan hrossanna, meðan á flutningi stendur.

8. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 2000—20000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 526. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta miðar að því að fella úr gildi þau ákvæði í lögum um samvinnufélög, sem skylda félögin til að leggja árlega fé í varasjóði. Það eina, sem gert er ráð fyrir að félögin greiði framvegis í þessu skyni, er arður af viðskiptum, er utanfélagsmenn kunna að hafa gert við félagið, að frádregnum opinberum gjöldum, sem á hann eru lögð, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsþarfa.

Samkvæmt gildandi lögum eiga samvinnufélög að greiða 8% í tekjuskatt af skattskyldum tekjum. Skattskyldar eru þær tekjur félaganna, sem lagðar eru í varasjóð. Af þessu leiðir, að félögin hljóta að leggja allt kapp á það að greiða sem allra minnst fé árlega í varasjóði. Er það eðlileg sjálfsbjargarviðleitni á tímum hinnar hörðu skattheimtu. Að vísu er gert ráð fyrir því í öðru stjórnarfrumvarpi, sem fyrir þessu þingi liggur, að samvinnufélögum beri framvegis að greiða 25% skattskyldra tekna í tekjuskatt til ríkisins og verði þau að því leyti sett við sama borð og hlutafélög. Þetta jafnrétti verður þó aðeins í orði, þar sem samvinnufélög geta samkvæmt framansögðu raunverulega ráðið því sjálf, hverjar verða skattgjaldstekjur þeirra. Enn fremur mega þau skv. frumvarpinu draga opinber gjöld frá framlagi í varasjóð. Er þeim því veitt mikið hagræði og sjálfræði í þessum efnum, miðað við aðra skattþegna.

Í umræðum um samvinnufélög og einkarekstur hefur það oft verið fært samvinnufélögunum til aukins gildis og talið þeirra aðalsmerki, að sá ágóði, er þau kynnu að safna, færi aldrei út úr viðkomandi héraði eða félagssvæði. Einkaatvinnurekandi gæti hins vegar, hvenær sem er, hlaupizt á brott með allan sinn hagnað úr héraðinu fyrir fullt og allt. Ef samvinnufélag á hinn bóginn hætti störfum, verði þó a. m. k. varasjóðurinn eftir, er ávaxta beri, þar til annað samvinnufélag með sama markmiði tæki til starfa á því svæði.

Með því að draga svo mjög úr skylduframlagi samvinnufélaga í varasjóði sem frv. gerir ráð fyrir, getur þessi röksemd orðið lítils virði.

Með hliðsjón af framanrituðu teljum við, að mál þetta þurfi allt miklu nánari athugunar við, og leggjum því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 15. maí 1958.

Friðjón Þórðarson, frsm. Jón Kjartansson.

Ed. 527. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin er fylgjandi frumvarpi þessu í meginatriðum og telur stefnu þess mikilsverða: að setja ótvíræð ákvæði um, hvar leggja skuli útsvar á gjaldþegn hvern og hvaða sveit skuli fá útsvar hans.

Hins vegar álítur nefndin mjög nauðsynlegt, að útsvarslögin í heild verði tekin til endurskoðunar, og telur rétt að láta frumvarp þetta hrinda af stað slíkri endurskoðun. Leggur nefndin þess vegna til, að deildin afgreiði málið með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að nauðsynlegt er, að lögin um útsvör verði hið allra fyrsta tekin til rækilegrar endurskoðunar, og þar sem frumvarp þetta fjallar aðeins um fá atriði þeirrar löggjafar, — þótt þýðingarmikil séu að vísu, — þá telur deildin rétt að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða útsvarslögin í heild, treystir því, að stefna frumvarpsins verði til greina tekin við þá endurskoðun, — og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. maí 1958.

Alfreð Gíslason, form. Karl Kristjánsson, fundaskr., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson.

Friðjón Þórðarson. Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 528. Nefndarálit [173. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmark félagslegs öryggis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. og aflað sér frekari upplýsinga hjá viðkomandi opinberum aðilum. Gert er ráð fyrir í núgildandi tryggingalöggjöf, að þessi samþykkt verði staðfest, enda var það skoðun þeirrar nefndar, sem þá löggjöf undirbjó, að ekkert væri því til fyrirstöðu. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins hagar nú svo til um útlendinga, sem dveljast hér á landi, að stofnunin verður að innheimta hjá þeim tryggingagjöld, en getur ekki greitt þeim neinar bætur, fyrr en þessi alþjóðasamþykkt hefur verið staðfest. Er hér um að ræða nokkur hundruð manns, sem eru beittir augljósu óréttlæti.

Allsherjarnefnd mælir því með, að þáltill. verði samþykkt og alþjóðasamþykktin þar með fullgilt af Íslands hálfu.

Alþingi, 16. maí 1958.

Benedikt Gröndal, form.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Steingr. Steinþórsson, frsm.	
Ásgeir Bjarnason.	Björn Jónsson.	Jón Sigurðsson.	Björn Ólafsson.

Sþ. 529. Nefndarálit [64. mál]

um till. til þál. um uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin er sammála um nauðsyn þess, að hafizt verði sem fyrst handa um starfrækslu uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur, svo sem Alþingi samþykkti þann 4. apríl 1955. Menntamálaráðuneytið hefur hins vegar tjáð nefndinni, að það hafi 2. des. s. l. skipað nefnd, sem hefur það hlutverk að athuga um „stofnun, staðsetningu og rekstur“ slíks uppeldisskóla eða vistheimilis.

Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem sérstök nefnd vinnur nú að undirbúningi þess máls, sem tillagan fjallar um, og í trausti þess, að starfi þeirrar nefndar verði hraðað svo sem verða má, svo að hægt sé að taka endanlegar ákvarðanir um málið, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Halldór E. Sigurðsson.	Sveinbjörn Högnason.	Karl Kristjánsson.
Pétur Ottesen.	Jón Kjartansson.	Friðjón Skarphéðinsson.

Nd. 530. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um aðstoð við vangefið fólk.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. allmikið. Eru nefndarmenn samþykkir því, að umræddur skattur sé lagður á til að afla fjár til styrktar vangefnu fólki, enda knýjandi nauðsyn aðgerða á því sviði. Hins vegar vill nefndin ekki fallast á þá skipan, að félagi einstaklinga sé fenginn til umráða slíkur skattstofn, og telur þegar komið út á varhugaverða braut í þeim efnum. Þess vegna mælir nefndin með, að frv. nái fram að ganga að samþykktum eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Af alls konar gosdrykkjum og öli, sem er framleitt hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal í næstu 5 ár greiða gjald, að upphæð 10 aurar af hverri flösku, og rennur gjald þetta í Styrktarsjóð vangefinna, er vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins.
   Fé sjóðsins skal ætíð vera handbært til framkvæmda samkvæmt 4. gr. Um stjórn sjóðsins skal nánar ákveðið í reglugerð.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk.
3. Við 5. gr. Greinin fellur niður.

Alþingi, 16. maí 1958.

Steingr. Steinþórsson, form.	Gunnar Jóhannsson, fundaskr.	Benedikt Gröndal, frsm.

Kjartan J. Jóhannsson.

Nd. 531. Frumvarp til laga [189. mál]

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stöðva tollafgreiðslu á aðfluttum vörum, þar til fram komið frumvarp um útflutningssjóð o. fl. hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu á Alþingi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem sýnt þykir, að fram komið frumvarp til laga um útflutningssjóð o. fl. muni ekki ná fullnaðarafgreiðslu á Alþingi fyrir 18. þ. m., þykir nauðsynlegt að framlengja lög um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu á þann hátt, er segir í frumvarpi þessu.

Ed. 532. Lög [189. mál]

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 531.

Ed. 533. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — *Einn nm.* (FRV) var fjarstaddur og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 1958.

Sigurvin Einarsson, form., frsm.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.	Gunnar Thoroddsen.
	Sigurður Ó. Ólafsson.	

Nd. 534. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til laga um útflutningssjóð o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og tók fjárhagsnefnd efri deildar þátt í athugun málsins. Á sameiginlegum fundum kynntu nefndirnar sér efni frv. og ræddu um það. M. a. var þar rætt um að gera nokkrar breytingar á frv., og eru tillögur um það bornar fram á þessu þingskjali. Breytingartillögurnar eru fluttar í samráði við ríkisstjórnina, og á fundum fjárhagsnefndanna kom ekki fram neinn ágreiningur um þær.

Ekki hefur orðið samkomulag um afgreiðslu málsins í nefndinni. Þrír nefndarmanna, BÓ, EOl og ÓB, lýstu sig andvíga frv., og munu þeir gefa út sérstök nál. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, samkvæmt því er að framan segir, en áskiljum okkur rétt til að flytja nýjar brtt. og fylgja öðrum, er fram kunna að koma.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Í stað „II. kafla“ komi: II. og III. kafla.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina komi: sbr. þó 5. gr.
3. Við 7. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
   Grunnlaun sjómanna, eftir ákvæðum kjarasamninga um kauptryggingu, hækka frá 1. júní 1958 samkvæmt 52. gr.
4. Við 12. gr. Í stað „14. maí“ komi: 15. maí.

5. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
Útflutningssjóður skal greiða vátryggingariðgjöld fiskibáta fyrir tímabilið 1. jan. til 14. maí 1958. Skal greiða ½ ársiðgjald, svo framarlega sem bátnum hefur verið haldið úti a. m. k. 3½ mánuð á þessu tímabili, en sé úthaldstíminn styttri, lækkar greiðslan hlutfallslega.
Þá er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að útflutningssjóður greiði vátryggingariðgjöld fiskibáta fyrir tímabilið 15. maí til 31. des. 1958. Sé þessi heimild notuð, skal greiða fullt ársiðgjald samkvæmt henni og 1. mgr. þessarar greinar, ef úthaldstími bátsins á árinu 1958 er 9 mánuðir eða lengri. Sé úthaldstíminn skemmri, lækkar iðgjaldsgreiðslan hlutfallslega.
Greiðslur samkvæmt þessari grein skulu aldrei nema hærri upphæð en svarar því nettó-iðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno" hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.
6. Við 26. gr. Í stað 2. málsgr. komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:
Vextir af erlendum yfirdráttarlánum og öðrum erlendum lausaskuldum þeirra banka, er verzla með erlendan gjaldeyri, skulu vera undanþegnir yfirfærslugjaldi. Á sama hátt skal eigi greiða yfirfærslubætur á vaxtatekjur þessara banka af erlendum innstæðum og verðbréfum.
Allar greiðslur hérlendra banka til útlanda til eigin þarfa aðrar en þær, er um ræðir í 2. mgr. þessarar gr., eru háðar yfirfærslugjaldi, og á sama hátt skal greiða yfirfærslubætur á samsvarandi greiðslur erlendis frá til hérlendra banka.
7. Við 32. gr. Í stað „14. maí" komi: 1. júní.
8. Við 53. gr. Við 2. mgr. bætist: Sama gildir um bætur samkv. lögum nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar.
9. Við 56. gr. 2. málsgr. orðist svo:
Við útreikning á verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara 1958 samkvæmt II. kafla laga nr. 94 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., skulu laun bónda og verkafólks hans ákveðin 5% hærri en þau hefðu orðið, ef ekki hefði verið ákveðin 5% hækkun á grunnlaunum samkv. 52. gr.

Alþingi, 18. maí 1958.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.
Emil Jónsson, fundaskr.

Nd. 535. Breytingartillaga [186. mál]

við frv. til laga um útflutningssjóð o. fl.

Frá Áka Jakobssyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 3. gr. Í stað b- og c-liða komi einn stafliður, svo hljóðandi:
b. Á allar síldarafurðir og loðnu 70%

Ed. 536. Lög [131. mál]

um breyting á lögum nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 262.

Alþt. 1957. A. (77. löggjafarþing). 115

Nd. 537. Breytingartillögur [172. mál]

við frv. til laga um aðstoð við vangefið fólk.

Frá Birni Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „næstu 5 ár“ komi: eitt ár — og í stað „10 aurar“ komi: 5 aurar.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr., svo hljóðandi:
   Af hverri flösku áfengis, sem seld er af Áfengisverzlun ríkisins, skal greiða gjald, er nemi 3 krónum, sem renna skal í framkvæmdarsjóð félagsins „Bláa Bandið“ til rekstrar hælis fyrir drykkjusjúklinga. Verð áfengis er heimilt að hækka sem gjaldinu nemur.
   Af þeim tegundum vindlinga, sem seldir eru af Tóbakseinkasölu ríkisins og ekki eru háðir sérstöku gjaldi skv. 22. gr. fjárlaga 1958, XXI. lið, skal greiða 20 aura af hverjum vindlingapakka til barnaspítalasjóðs Hringsins til byggingar barnasjúkrahúss.
   Verð vindlinganna má hækka sem gjaldinu nemur.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um aðstoð við vangefið og sjúkt fólk.

Ed. 538. Lög [160. mál]

um breyting á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 338.

Nd. 539. Lög [162. mál]

um breyting á lögum nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 525.

Nd. 540. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Minni hl. fjárhagsnefndar verður að átelja þá meðferð, sem mál þetta hefur hlotið hjá ríkisstjórninni. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum, lofaði hún að lækna hið helsjúka efnahagslíf, eins og að orði var komizt, að lokinni allsherjarúttekt á þjóðarbúinu. Um áramótin 1956—57 taldi ríkisstjórnin sig þó ekki tilbúna með varanleg úrræði í þessum efnum, en lét sér þá nægja að samþykkja nýja, þunga skatta til þess að koma í veg fyrir stöðvun útflutningsatvinnuveganna. Þær ráðstafanir veittu útflutningsframleiðslunni þó ekki viðunandi rekstrargrundvöll, og varð að semja um nokkrar hækkanir uppbótanna um s. l. áramót. Tekjuöflun til uppbótanna var hins vegar frestað þar til nú.

Hefur ríkisstjórnin nú þannig unnið samfleytt nær 2 ár að „úttekt“ sinni á þjóðarbúinu og úrræðum sínum. Sér til aðstoðar hefur hún haft hina færustu sérfræðinga, erlenda og innlenda. Hafa þeir að sögn gert mjög víðtækar rannsóknir á þjóðarbúskapnum og athugað áhrif þeirra mismunandi leiða, er til greina koma til lausnar efnahagsvandamálunum. En öllum þessum gögnum hefur verið haldið vandlega leyndum fyrir almenningi og þingmönnum. Frumvarpinu fylgir hins vegar ófullnægjandi greinargerð og að ýmsu villandi, og var þinginu ætlað að afgreiða málið innan viku, frá því er þingmönnum fyrst var afhent frv. sem trúnaðarmál. Tími sá, er hér hefur verið gefinn, er með tilliti til þeirra ófullkomnu upplýsinga, sem gefnar hafa verið, allt of naumur til þess að átta sig til fulls á því víðtæka og viðamikla málefni, sem um er að ræða. Þetta er þeim mun ámælisverðara sem vitað er, að ríkisstjórnin hefur undanfarnar vikur og jafnvel mánuði setið á ráðstefnum með fulltrúum ýmissa stéttarsamtaka, þar sem tillögur þessar hafa verið til meðferðar. Er Alþingi að okkar áliti ekki aðeins sýnd óvirðing með þessum vinnubrögðum, heldur er þingræðinu sjálfu jafnvel stofnað í hættu, svo að ófyrirsjáanlegar afleiðingar getur haft í efnahagsmálum landsins. Ef að lögum verður, hlýtur frv. að hafa stórfelldar álögur á almenning í för með sér og víðtæka röskun á hag alls atvinnurekstrar í landinu. Sjálfstæðismönnum hefur raunar lengi verið ljóst, að engin úrræði eru til lausnar efnahagsvandamálunum, sem ekki hljóti að hafa í för með sér óþægindi og kjaraskerðingu í bili. Þeir munu sízt telja úr þjóðinni að taka á sig fórnir, ef trygging er fyrir því, að í aðra hönd komi jafnvægi í þjóðarbúskapnum, er skapi grundvöll fyrir aukna framleiðslu, framtak og bætt lífskjör almennings. En að okkar áliti er sú trygging síður en svo fyrir hendi, þótt frumvarpið verði samþykkt.

Frv. felur í sér viðurkenningu á því, að gengi íslenzku krónunnar sé fallið, þar sem engar gjaldeyrisyfirfærslur fara nú fram á skráðu gengi nema þau, er snerta viðskipti við varnarliðið. Minni munur er nú gerður á uppbótum til einstakra útflutningsgreina en verið hefur, og teljum við það atriði út af fyrir sig til bóta.

Í heild felur frv. í sér, að hið margfalda gengi, sem verið hefur hér á landi í einhverri mynd alllengi og komst í algleyming með þeim ráðstöfunum, er gerðar voru um áramótin 1956—57, sé bundið í fast kerfi, sem er nokkru einfaldara í framkvæmd en fyrr. Samkvæmt þeim skoðunum, sem við sjálfstæðismenn höfum haft á styrkja- og uppbótarkerfinu, teljum við, að slíkt kerfi sé ekki sú frambúðarlausn, sem beri að keppa að í efnahagsmálum, enda ekki gert ráð fyrir því, að svo geti orðið, af neinum þeim, sem að frv. standa. Ríkisstjórnin er sem heild einnig algerlega stefnulaus í þessum málum, og togast á innan hennar algerlega andstæð sjónarmið. Þær miklu skattaálögur, sem frv. gerir ráð fyrir, gefa því aðeins skamman gálgafrest í þessum alvarlegu vandamálum.

Þótt við álítum, að breyta þyrfti frv. í veigamiklum atriðum, flytjum við engar meiri háttar breytingartillögur. Ástæðan er sú, að slíkar tillögur mundu hafa í för með sér algera röskun á því kerfi, sem frv. byggist á, og þyrfti því að bera fram jafnframt tillögur um nýtt heildarkerfi til þess að mæta þeirri röskun. Til þess er hvorki tími né aðstaða, eins og sakir standa. Má þó deila um, hvort ekki sé æskilegt að flytja meiri háttar breytingartillögur þrátt fyrir það, með tilliti til þeirrar meðferðar, sem málið allt hefur sætt af hendi ríkistjórnarinnar.

Hins vegar birtum við hér sem fylgiskjal erindi L. Í. Ú., þar sem færð eru rök fyrir því, að frv. sé brot á samningi þeim, sem gerður var við ríkisstj. um s. l. áramót, svo og því, að uppbætur þær, sem ákveðnar eru samkvæmt því, muni ekki nægja til þess að skapa útveginum rekstrargrundvöll. Enn fremur erindi frá gjaldeyrisbönkum landsins, þar sem þeir telja, að ákvæði 39. gr. frv. brjóti í bága við lagaákvæði um skattfrelsi bankanna. Þá birtum við einnig erindi Vinnuveitendasambands Íslands með tilmælum um það, að felldur verði niður söluskattur og framleiðslusjóðsgjald af vinnu, þjónustu og efnivörum, sem iðnfyrirtæki láti í té.

Fyrir örfáum minni háttar brtt., er við flytjum, verður nánari grein gerð í

framsögu; þó er hér birt erindi Félags ísl. iðnrekenda um gjald af innlendum tollvörum.

Við teljum okkur af framangreindum ástæðum ekki fært að mæla með samþykkt frv.

Alþingi, 19. maí 1958.

Ólafur Björnsson, frsm. Björn Ólafsson.

Fylgiskjal I.

LANDSSAMBAND ÍSL. ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 13. maí 1958.

Viðvíkjandi frumvarpi til laga um útflutningssjóð o. fl., sem lagt var fyrir Alþingi í dag.

Í tilefni af framkomnu frumvarpi um útflutningssjóð og fleira óskar L. Í. Ú. að kynna yður efni hjálagðs bréfs vors, er vér afhentum hæstvirtri ríkisstjórn þann 3. maí s. l., þar sem vér gerðum það að aðalkröfu vorri, að yfirfærslugjald á rekstrarvörur útgerðar og fiskvinnslustöðva verði eigi hærra en á innfluttar vísitölunauðsynjar.

Þar sem tilgangur ofangreindra laga á að vera að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi rekstri fiskveiða Íslendinga og vinnslu fiskafurða, miðað við þær auknu álögur, sem í frumvarpinu felast, þá þykir oss rétt að gera hinu háa Alþingi og hæstvirtri ríkisstjórn aðvart um, að samkomulag hefur ekki tekizt við samtök útvegsmanna og fiskvinnslustöðva, þrátt fyrir viðræður við hæstvirta ríkisstjórn og hæstvirtan sjávarútvegsmálaráðherra að undanförnu.

Þótt svo að vér höfum ekki haft aðstöðu til að kynna oss efni frumvarpsins til hlítar, þá óskum vér þó að gera hinu háa Alþingi þegar í stað aðvart um eftirfarandi athugasemdir vorar, þar sem oss skilst, að frumvarpið eigi að afgreiða sem lög frá hinu háa Alþingi fyrir n. k. sunnudag.

L. Í. Ú. hefur samning við ríkisstjórnina um rekstrargrundvöll fyrir bátaflotann fyrir yfirstandandi ár, en að undanförnu hafa farið fram athuganir af vorri hálfu, í samráði við efnahagsmálaráðunaut ríkisstjórnarinnar, Jónas Haralz, um, hvaða útflutningsprósentu þyrfti að greiða á allar fiskafurðir bátaflotans, að undanskilinni síld, til þess að útvegsmenn og fiskframleiðendur hefðu eigi lakari kjör en þeir hafa samkvæmt núgildandi samningi. Við athuganir þessar voru oss veittar þær upplýsingar, að á rekstrarvörur útgerðar og fiskvinnslustöðva yrði lagt nýtt 55% yfirfærslugjald og að grunnkaup mundi hækka um 5%.

Með hliðsjón af þessum upplýsingum höfum vér komizt að þeirri niðurstöðu, að útflutningsprósentan á fisk og fiskafurðir bátaflotans, að undanskilinni síld, miðað við útgerð línubáts, þurfi að nema 83.34%, en miðað við útgerð báts, sem veiðir með línu og netjum, 87.13%.

Á sama hátt höfum vér komizt að þeirri niðurstöðu, að útflutningsprósentan á fisk og fiskafurðir togaraflotans, að undanskilinni síld, þurfi að nema 85.87%, miðað við áætlun ríkisstjórnarinnar um útgerð togara á árinu 1958, en miðað við áætlun F. Í. B. þurfi prósentan að nema 95.56%.

Við allar framangreindar athuganir er gengið út frá því, að þær séruppbætur, sem getið er um í athugasemdum um 6. gr. frumvarpsins, yrðu einnig greiddar útvegsmönnum og fiskvinnslustöðvum.

Höfum vér því gert þá tillögu með bréfi til ríkisstjórnarinnar, dags. 3. maí s. l., að útflutningsprósentan verði ekki lægri en 85% á allan fisk og fiskafurðir fiskiskipaflotans.

Nú hefur hins vegar komið í ljós við athuganir á frumvarpinu, að tollar skuli reiknaðir af 55% yfirfærslugjaldinu, en með því er ekki reiknað í útreikningum

vorum, og að útflutningsgjöld af sjávarafurðum skuli hækka um 55%, sbr. 10. gr. frumvarpsins, en um þessa hækkun höfðum vér engar upplýsingar fengið, er vér gerðum athuganir vorar.

Hækkun á útflutningsgjaldinu einu nemur rúmlega 1.5% í útflutningsprósentu, og ætti hækunin að sjálfsögðu að skiptast samkvæmt gildandi lögum.

Þá leyfum vér oss að geta þess, að í samningi þeim, sem í gildi er við ríkisstjórnina, hefur útflutningssjóði verið gert skylt að greiða vátryggingariðgjöld fiskibáta allt árið, en samkvæmt frumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir, að vátryggingariðgjöld fiskibáta verði greidd til 14. maí, og getum vér ekki fallizt á, að samningur vor, sem gerður er við núverandi ríkisstjórn fyrir aðeins tæpum 5 mánuðum, verði ógiltur að þessu leyti með lagasetningu.

Er það því krafa vor, að hið háa Alþingi breyti frv. þannig, að útflutningsprósenta á allan fisk og fiskafurðir, að undanskildum síldarafurðum, verði ekki lægri en 85%, en ekki 80%, eins og lagt er til í frumvarpinu, og að vátryggingariðgjöld fiskibáta verði greidd að fullu allt árið, miðað við að báturinn sé gerður út 9 mánuði, og hlutfallslega, ef úthaldstíminn er styttri, sbr. núgildandi samning við ríkisstjórnina.

Viðvíkjandi afurðum úr sumarveiddri Norður- og Austurlandssíld.

Á sama hátt og getið hefur verið um hér að framan, höfum vér og Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi gert athuganir á þörfum útgerðarmanna og söltunarstöðva, sem miðast við, að þeir hafi ekki lakari afkomu en síðastliðið sumar, og grundvallað á sama aflamagni og þá aflaðist pr. bát.

Þessar athuganir hafa verið miðaðar við síðastliðið ár, þótt svo að vitað sé, að um ⅓ hluti bátaflotans á því ári aflaði ekki fyrir kauptryggingu og söltunarstöðvar höfðu mjög slæma afkomu.

Útreikningar vorir miðast við, að bæta þurfi sjómönnum á síldveiðiflotanum kjör þeirra.

Niðurstaða vor af þessum athugunum er sú, að útflutningsprósenta b-liðs 3. gr. frumvarpsins megi eigi vera lægri en útflutningsprósenta sú, er vér höfum reiknað út fyrir annan fisk og fiskafurðir, eða 85%.

Enn fremur höfum vér gert athugun á þörfum útgerðarmanna og fiskvinnslustöðva vegna veiða og verkunar á annarri síld (Faxasíld, reknetjasíld og smásíld) á sama grundvelli og að ofan er getið um Norðurlandssíldina og komizt að raun um, að bátar og vinnslustöðvar munu ekki geta starfað að framleiðslu þessarar síldar á lægri útflutningsprósentu en 85%.

Efnahagsráðunaut ríkisstjórnarinnar, Jónasi Haralz, hafa verið afhent afrit af öllum útreikningum vorum, og enn fremur höfum vér afhent hæstvirtri ríkisstjórn yfirlitsreikninga vora.

Þá leyfum vér oss að geta þess, að fyrirsjáanlegt er, að með ráðstöfunum þeim, sem fyrirhugaðar eru með frumvarpi þessu, muni sjávarútvegur og fiskvinnsla einnig stöðvast, verði ekki jafnhliða gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að útvega sjávarútveginum aukin stofnlán og rekstrarfé, en rekstrarfjárskortur hefur hamlað útgerðinni að undanförnu og fyrirsjáanlegt, að þörfin fyrir rekstrarfé mun stóraukast við þessar ráðstafanir, sbr. greinargerð frumvarpsins.

Vér leyfum oss því að mælast til þess, að frumvarpið til laga um útflutningssjóð o. fl. verði eigi afgreitt, án þess að tekið sé tillit til fyrrgreindra athugasemda vorra, og að nefnd frá samtökum vorum fái aðstöðu til þess að ræða frumvarpið við þær nefndir Alþingis, sem koma til með að fjalla um það, svo að komizt verði hjá stöðvun fiskiskipaflotans.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,

Sverrir Júlíusson. Sigurður H. Egilsson.

Til Alþingis og ríkisstjórnar Íslands, Reykjavík.

LANDSSAMBAND ÍSL. ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 3. maí 1958.

Í tilefni af fyrirhuguðum ráðstöfunum hæstvirtrar ríkisstjórnar í efnahagsmálum og tilmælum um endurskoðun samnings milli L. Í. Ú. og hæstvirtrar ríkisstjórnar, dags. 30. desember 1957, vill viðræðunefnd fulltrúaráðs L. Í. Ú. taka fram eftirfarandi:

Ef nauðsynlegt þykir vegna fyrirhugaðra ráðstafana í efnahagsmálum að leggja yfirfærslugjald á rekstrarvörur útgerðar, leggur viðræðunefnd L. Í. Ú. áherzlu á, að það verði hið lægsta, sem lagt yrði á innfluttar vörur.

Ef af einhverjum ástæðum ekki er hægt að verða við þessari ósk L. Í. Ú., telur viðræðunefnd fulltrúaráðs L. Í. Ú. sig þó reiðubúna til að mæla með endurskoðun samningsins frá 30. desember 1957, gegn því að eftirtöldum atriðum verði fullnægt:

1. Að prósenta á útflutningsverðmætið (fob) verði 85%, sem gildi fyrir allar fiskveiðar, bæði togara og báta, enda verði smáfisk- og aðrar séruppbætur greiddar á allar afurðir togara og báta og vátryggingariðgjöld báta verði áfram greidd að fullu fyrir allt árið, miðað við 9 mánaða úthald, eins og samið hefur verið um. Ofangreint er miðað við, að yfirfærslugjald fari ekki yfir 55% og vinnulaunahækkun nemi ekki yfir 5%, enda verði tryggt, að frekari hækkun vinnulauna eigi sér ekki stað á árinu vegna hækkunar á vísitölu.
2. Ríkisstjórnin tryggi með lagasetningu, að rekstrarlán útgerðar og fiskvinnslu verði aukin í samræmi við aukinn tilkostnað og breytingar, sem leiðir af þessum ráðstöfunum ríkisvaldsins.
3. Enn fremur tryggi ríkisstjórnin nauðsynleg aukin lán vegna nýbygginga og einnig vegna erlendra skulda, sem stofnað hefur verið til vegna kaupa á skipum og öðrum framleiðslutækjum, sem þegar eru komin í notkun.
4. Þá verði það tryggt, að rekstrarvörur, sem ógreiddar eru erlendis, en þegar er búið að taka í notkun, verði undanþegnar hinu nýja yfirfærslugjaldi.
5. Sérsamningar verði teknir upp um málefni færeyskra landmanna og sjómanna.
6. Athuganir hafa sýnt, að útflutningsuppbætur á reknetjasíld þurfa samtals að vera 113.75% og á síld veidda norðanlands í hring- og herpinætur 121.83%.

   Viðræðunefndin telur fulla þörf á, að þessar uppbætur verði greiddar, en það er lágmarkskrafa, að útflutningsuppbætur á síldarafurðir, þ. e. saltsíld etc., bræðslusíldarafurðir, hraðfrysta síld, ísaða síld, niðursoðna síld eða í hverju öðru formi sem síldin er útflutt, verði eigi lægri en á þorskafurðir eða 85%, og gildi það jafnt fyrir báta og togara og sunnan- og norðanlandssíld.
7. Þá leggur viðræðunefndin áherzlu á, að útflutningsuppbæturnar á þorskafurðir verði greiddar í tvennu lagi, þ. e. til umbj. verkenda og L. Í. Ú., eins og verið hefur, samkvæmt nánara samkomulagi.

Í trausti þess, að samkomulag náist um framangreind atriði.

Virðingarfyllst,
f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,
Sverrir Júlíusson. Sigurður H. Egilsson.

Til ríkisstjórnar Íslands, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 17. maí 1958.

Framkvæmdastjórn Landsbanka Íslands, Viðskiptabankans, hefur borizt í hendur frumvarp til laga um útflutningssjóð o. fl., sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir Alþingi. Ýmis ákvæði þessa frumvarps gera ráð fyrir því, að viðskiptabönkunum, sem verzla

með erlendan gjaldeyri, verði falin ýmis verkefni varðandi framkvæmd tekjuöflunar, en jafnframt er í 39. gr. mælt svo fyrir, að bankarnir greiði 50% af gengismun og þóknun vegna gjaldeyrisviðskipta í útflutningssjóð.

Í 17. gr. laga um útflutningssjóð, frá 22. des. 1956, eru ákvæði um, að bankarnir greiði útflutningssjóði 50% af þóknun fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda. 39. gr. hins nýja frumvarps segir, að gjaldskylda bankanna gildi „jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir".

Samkvæmt þessu ákvæði ber bönkunum að greiða helming innheimtra ábyrgðarlauna og innheimtulauna auk yfirfærslugjaldsins, sem þeir hafa greitt frá því í lok desember 1956.

Með tilvísun til bréfs Landsbankans, dags. 19. des. 1956, stílaðs til Alþingis í tilefni af ákvæðum 17. gr. laga frá 22. des. 1956, viljum vér eindregið mótmæla ákvæðum 39. gr. hins nýja frumvarps um skattheimtu af bankanum. Samkvæmt 53. gr. laga um Landsbanka Íslands, dags. 21. júní 1957, er bankinn „undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annarra stofnana".

Vér viljum endurtaka það, sem segir í bréfi voru frá 19. des. 1956, að það er álit vort, að það sé með öllu óverjandi að breyta löggjöf sem þessari með ákvæði í lagabálki um tímabundnar ráðstafanir. Takmörkun á skattfrelsi bankans er mjög mikilvæg breyting á gildandi skipulagi í peningamálum, og sérstaklega virðist það óeðlileg ráðstöfun að samþykkja slíka takmörkun nú, tæpu ári eftir að reglan um skattfrelsi bankans var staðfest með lögum þeim, sem vísað er til hér að framan.

Að öðru leyti leyfum vér oss að vísa til umsagnar vorrar og mótmæla í bréfi frá 19. desember 1956 og væntum þess fastlega, að háttvirt fjárhagsnefnd taki mótmæli þessi til greina við afgreiðslu málsins á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Landsbanki Íslands, Viðskiptabankinn.

Pétur Benediktsson. S. Frímannsson.

Til fjárhagsnefndar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 17. maí 1958.

Framkvæmdastjórn Útvegsbanka Íslands hefur borizt frumvarp til laga um útflutningssjóð o. fl., sem nú er til meðferðar á Alþingi. Í 39. gr. þess er svo fyrir mælt, að bankarnir skuli greiða í útflutningssjóð 50% af gengismun og þóknun vegna gjaldeyrisviðskipta.

Í 17. gr. laga um útflutningssjóð, frá 22. des. 1956, eru ákvæði um, að bankarnir greiði útflutningssjóði 50% af þóknun fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda. 39. gr. hins nýja frumvarps segir, að gjaldskylda bankanna gildi „jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir".

Samkvæmt þessu ákvæði ber bönkunum að greiða helming innheimtra ábyrgðarlauna og innheimtulauna auk yfirfærslugjaldsins, sem þeir hafa greitt frá því í lok desember 1956.

Samkvæmt lögum er bankinn undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annarra stofnana.

Vér leyfum oss að mótmæla eindregið þeirri skattlagningu, sem felst í framangreindu ákvæði frumvarpsins, og bendum á, að með því er gengið í berhögg við þá stefnu, sem ríkjandi hefur verið í peningamálunum og undirstrikuð var í hinni nýju bankalöggjöf í fyrra, að bankarnir ættu að vera algerlega skattfrjálsir.

Væntum vér fastlega, að þessi ábending vor verði tekin til greina.

Virðingarfyllst,

Útvegsbanki Íslands.

Jóhannes Elíasson. H. Eiríksson.

Til fjárhagsnefndar Alþingis.

Fylgiskjal IV.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 16. maí 1958.

Alþingi, Reykjavík.

Vér leyfum oss hér með að tjá yður, að eftirfarandi tillaga var samþykkt á aðalfundi sambands vors í dag:

„Aðalfundur Vinnuveitendasambands Íslands, haldinn í Reykjavík dagana 12.—16. maí 1958, leyfir sér að beina þeim eindregnu tilmælum til Alþingis og ríkisstjórnarinnar að fella niður söluskatt og framleiðslusjóðsgjald af vinnu, þjónustu og efnivörum, sem iðnfyrirtæki láta í té.

Reynslan hefur sýnt, að skattheimta þessi skapar hið mesta misrétti og truflar alla samkeppnisaðstöðu fyrirtækjanna gagnvart þeim mörgu, sem taka orðið að sér alls konar iðnaðarstörf án þess að starfa hjá skráðum fyrirtækjum, auk þess geta umræddir aðilar lagt til ódýrara efni beint frá efnissölum, sem ekki eru söluskattskyldir."

Vér vonum, að hið háa Alþingi sjái sér fært að verða við tilmælum þessum við afgreiðslu þessara mála.

Allra virðingarfyllst,

Vinnuveitendasamband Íslands.

Björgvin Sigurðsson.

Fylgiskjal V.

FÉLAG ÍSLENZKRA IÐNREKENDA

Reykjavík, 16. maí 1958.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Í 43. gr. frumvarps til laga um útflutningssjóð o. fl., sem nú er til umræðu á Alþingi, er lagt til, að gjald af innlendum tollvörutegundum, eins og það var 1. febr. 1956, skuli innheimt með 150% álagi, í stað 80% álags eins og er í núgildandi lögum um útflutningssjóð o. fl., en það er um 38.8% hækkun á tollvörugjaldinu. Félag vort telur, að þessi mikla hækkun muni valda miklum samdrætti í framleiðslu innlendra tollvörutegunda, sem muni hafa í för með sér mikla erfiðleika fyrirtækjanna og minnkandi atvinnu iðnverkafólks í þessum greinum iðnaðarins.

Gjald af innlendum tollvörutegundum var óbreytt, frá því það var ákveðið með lögum nr. 60/1939, þar til í ársbyrjun 1945, en þá var það hækkað um 50%. Síðan var álagið smám saman hækkað og var í ársbyrjun 1954 560% af sælgæti, 680% af gosdrykkjum og 740% af öli. Með lögum um framleiðslusjóð, nr. 4/1956, var þáverandi gjald með viðaukum hækkað um 40%, og með lögum um útflutningssjóð,

nr. 89/1956, var þessi viðauki hækkaður um helming eða í 80%. Nam heildarálagið á grunngjaldið þá 1190% á sælgæti og 1400% á öli. Ef umrædd hækkun nær fram að ganga, nemur hækkunin 1650% á sælgæti (úr kr. 2.10 pr. kg í kr. 34.63) og 2000% á öli (úr 7 aurum á flösku í 147 aura).

Það er algilt lögmál, að eftir því sem verð vöru hækkar, minnkar salan eða söluaukning verður minni en ella. Af þessu leiðir einnig, að af ákveðinni hækkun á t. d. tollvörugjaldi getur leitt, ef boginn er spenntur of hátt, svo mikla söluminnkun, að heildarupphæð gjaldsins minnki og hækkunin hafi þannig þveröfug áhrif við tilgang sinn.

Þetta á ekki sízt við, þegar um það er að ræða, að eftirspurn getur auðveldlega beinzt inn á aðrar brautir, t. d. mjólkurís, súkkulaðikex og innfluttan ávaxtasafa, en þessar vörur eru eigi háðar tollvörugjaldi eða samsvarandi innflutningsgjöldum. Þessu til sönnunar má nefna, að sala á suðusúkkulaði hefur farið minnkandi, en kakóduft komið í þess stað, en fituinnihald þess er hverfandi litlu minna en suðusúkkulaðis. Á þetta er bent hér, vegna þess að það virðist nú vera vafalítið, að tollvörugjaldshækkun muni eigi gefa af sér samsvarandi tekjuaukningu, og reyndar fullkomin tvísýna, hvort hækkunin muni leiða til aukinna heildartekna frá því, sem nú er.

Af því, sem að framan segir, væntum vér þess eindregið, að háttvirt nefnd hlutist til um, að tollvörugjaldshækkunin verði látin niður falla með öllu.

Virðingarfyllst,

Félag íslenzkra iðnrekenda.

Pétur Sæmundsen.

Nd. 541. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 20. gr. Á eftir „flutningaskipum“ í síðari málsgr. komi: og flugvélum.
2. Við 36. gr. Aftan við greinina bætist:
   eða öðrum hráefnum til iðnaðar, ef hún telur það nauðsynlegt vegna afkomu einstakra iðngreina.
3. Við 43. gr. Í stað orðanna „með 150% álagi“ komi: með 100% álagi.

Nd. 542. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um frv. Legg ég til, að því verði vísað frá með þeim rökstuðningi, er hér fer á eftir:

Það þarf að gera vissar efnahagsaðgerðir í þjóðfélaginu til þess að tryggja góð lífskjör og til þess að geta bætt þau. Það er nauðsynlegt, að mönnum sé ljóst, hvað það er, sem er undirstaða efnahagslífs vors, og hvað gera þurfi til þess að tryggja hana og efla.

Undirstaða atvinnulífsins eru þau atvinnutæki, sem afkasta mestu fyrir þjóðarbúið í hlutfalli við vinnuafl og fjármagn, sem til þeirra fer, og — með tilliti til þess, hvílík undirstaða útflutningurinn er fyrir allt þjóðarbúið — þau atvinnutæki, sem framleiða afurðir, sem skapa mestan erlendan gjaldeyri og öruggastir og beztir markaðir eru fyrir.

Það er engum efa bundið, að sú atvinnugrein Íslendinga, er bezt uppfyllir þessi skilyrði, er sjávarútvegurinn. Kemur þar allt til, að vegna auðugra fiskimiða vorra, góðra tækja og dugandi sjómanna eru afköstin á hvern sjómann slík, að langt fer fram úr því, sem annars þekkist í veröldinni. Aflinn á hvern íslenzkan sjómann er reiknaður 70 smálestir af fiski á ári, en næsthæsti afli á sjómann í heimi (sá norski) mun vera almennt reiknaður 10 smálestir. — Við þetta bætist svo, að á sama tíma sem ýmsar nágrannaþjóðir vorar í auðvaldsheiminum eiga í markaðsvandræðum og búa við kreppur og vaxandi atvinnuleysi, höfum vér Íslendingar nægа markaði fyrir fisk vorn. Er það ekki hvað sízt því að þakka, að náðst hafa miklir og góðir viðskiptasamningar við kreppulaus lönd sósíalismans og þá fyrst og fremst Sovétríkin, sem kaupa nú af okkur 25—32 þúsund smálestir freðfisks á ári eða álíka mikið og öll freðfiskframleiðsla Íslands var 1952.

Það liggur því í augum uppi, að þýðingarmesta efnahagsaðgerð í íslenzku atvinnulífi er að stórauka togara- og bátaflotann og tryggja stöðugan rekstur hans.

Til þess að geta gert slíkt þarf að sjá um hvort tveggja: að fjárfestingu þjóðarinnar í nýjum atvinnutækjum sé fyrst og fremst einbeitt að sjávarútveginum, meðan hann enn er og verður í nánustu framtíð að vera höfuðundirstaða gjaldeyrisöflunar þjóðarbúsins, og að gjaldeyrisnotkun þjóðarinnar sé alveg sérstaklega miðuð við að tryggja rekstur sjávarútvegsins og slíkt sé látið sitja í fyrirrúmi næst nauðsynjum almennings.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að þessi frumskilyrði þess, að íslenzkur þjóðarbúskapur geti staðið undir góðum lífskjörum og bætt þau, verða ekki uppfyllt með því stjórnleysi á fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun, sem verið hefur undanfarinn áratug.

Á árunum 1949—56 var ekki gerð ráðstöfun til að bæta einum einasta nýjum togara við flota landsmanna, en á sama tíma voru keyptir inn 5000 bílar, og átti auðvitað sjávarútvegurinn að standa undir gjaldeyrisöflun til þeirra svo og vinna fyrir benzíni, varahlutum og öðru, er bílar þarfnast í útlendum gjaldeyri. Þetta er eitt áþreifanlegasta og þekktasta dæmi um óreiðuna, sem verður í þjóðfélaginu, þegar engin hugsun er um þarfir þjóðarinnar í heild.

En það er einnig fróðlegt að taka dæmi um heildarfjárfestingu í landbúnaði til samanburðar við sjávarútveg síðustu árin:

Heildarfjármunamyndun í þessum tveim höfuðatvinnugreinum vorum var þessi í milljónum króna:

	1954	1955	1956	1957
Í landbúnaði	175.9	194.1	229.1	214.1
Í sjávarútvegi	60.0	91.8	140.7	147.3

Samtals var heildarfjárfesting í landbúnaði 814 millj. kr. þessi 4 ár, en í sjávarútvegi 440 millj. kr.

Nú háttar svo til um landbúnaðinn, að það er offramleiðsla af landbúnaðarvörum og ekki hægt að selja þær út úr landinu fyrir hlutfallslega eins gott verð og fiskafurðirnar. Jafnvel mun það vera svo t. d. um ost þann, sem út er fluttur, að talið er láta nærri, að 40 aurar fáist fyrir mjólkurlítrann í honum, en ca. 70 aura þurfi aðeins í erlendum gjaldeyri til þess að framleiða hvern mjólkurlítra. Afleiðingin af þessu er tap fyrir þjóðarbúið í heild og sérstaklega fyrir bændur, sem erfiða við framleiðslu á vöru, sem máske er síðan send þeim sjálfum aftur óseld að lokum.

Það liggur því í augum uppi, hve misráðið það er að setja yfir 800 millj. kr.

af tekjum þjóðarbúsins í fjárfestingu í landbúnaðinum, þar sem offramleiðsla íþyngir bændum og þjóðarbúinu, en setja á sama tíma aðeins 440 millj. kr. í fjárfestingu í sjávarútveginum, þar sem gjaldeyrisskortur ríkir hjá þjóðinni og allur fiskur, sem hægt er að framleiða, þýðir gjaldeyri. — Og þó má ekki gleyma því, að á árunum 1954 og 1955 var fjárfestingin í sjávarútvegi til samans aðeins 152 millj. kr., en 1957 147.3 millj. kr. Þetta hafði þó miðað í rétta átt.

En þessi dæmi sýna, að eigi að tryggja hagsmuni þjóðarheildarinnar, aukna gjaldeyrisframleiðslu og í því skyni rétta hagnýtingu á því fé, sem þjóðin hefur efni á að festa í framleiðslutækjum, þá verður að vera heildarstjórn á þjóðarbúskapnum. Og sú stjórn verður með samræmdri löggjöf og fjármálaráðstöfunum að beina fjármunum þjóðarinnar fyrst og fremst að eflingu sjávarútvegsins og þá ekki sízt að togarakaupum.

Á síðastliðnum tveimur árum hafa verið tekin erlend lán að upphæð 300—400 millj. kr., en ekkert af því farið til togarakaupa. Hins vegar hefur ekki fengizt samkomulag um að nota aðra lánsmöguleika erlendis til kaupa á 15 togurum.

Allt sýnir þetta, að það, sem fyrst og fremst vantar hér á landi nú, er heildarstjórn á þjóðarbúskapnum með hag almennings fyrir augum. Og slík heildarstjórn þyrfti fyrst og fremst að miðast við að stjórna allri fjárfestingu þjóðarinnar rétt, þannig að hún beinist þangað, sem þjóðarheildinni er mest þörf á. Og það er, eins og liggur í augum uppi, hvað atvinnutækin snertir fyrst og fremst að sjávarútveginum. Af þjóðartekjum vorum, sem á árinu 1957 eru áætlaðar 4500 millj. kr., fóru líklega 1445 millj. kr. í fjárfestingu. Það skiptir því engu smáræði fyrir þjóðarbúið, hvert þetta mikla fjármagn fer og hvort það kemur heildinni og þar með einstaklingunum að gagni eða er fest í hlutum, sem þjóðarbúinu verða máske einskis nýtir og þess vegna líka einstaklingnum, sem lagt hefur máske mikið að sér við fjárfestingu, skömmu síðar ofviða og máske gagnslausir.

Það verður því að koma á heildarstjórn á íslenzkum þjóðarbúskap með hag þjóðarheildarinnar fyrir augum. Slíkt er aðeins hægt með því að semja heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil. Og þessar áætlanir þurfa að vera hnitmiðaðar við þarfir og getu þjóðarinnar, byggðar á nákvæmum rannsóknum á atvinnulífinu, afkastamöguleikum þess, markaðsskilyrðum framleiðslunnar o. s. frv.

Allt frá því 1934, að ríkið tók að skipta sér af viðskipta- og atvinnulífinu fyrir alvöru, hefur það háð íslenzku atvinnulífi, að slík heildarstjórn á atvinnulífinu — framsýn, stórhuga og raunsæ — hefur ekki verið til. Það hefur hins vegar öll þessi 25 ár verið krafa verkalýðshreyfingarinnar að skapa hana.

Það er fyrsti og stærsti galli þeirra „efnahagsaðgerða“, sem ríkisstjórnin leggur til, að það vantar öll ákvæði um að taka upp slíkt heildarskipulag á íslenzkum þjóðarbúskap og framfylgja því höfuðskilyrði, sem bætt lífskjör á Íslandi byggjast á: eflingu sjávarútvegsins.

Meðan ekki er tekin upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum í almenningsþágu, fyrst og fremst í þessu skyni, — tekin upp skapandi, jákvæð stefna í efnahagsmálunum, — verða hinar svokölluðu „efnahagsráðstafanir“ í höfuðatriðum vandræðafálm, þar sem verið er að afskrifa ýmist með gengislækkunum eða hliðstæðum ráðstöfunum afleiðingar ýmist af kyrrstöðutímabili, eins og 1949—56, eða af rangri, skipulagslausri fjárfestingu. Og þegar verr lætur, verða svo slíkar „ráðstafanir“ beinlínis árás á lífskjör almennings, til þess að velta yfir á alþýðu manna með launalækkunum og atvinnuleysi afleiðingunum af pólitík valdhafanna, eins og gert var t. d. með gengislækkun Íhalds og Framsóknar 1950.

Þær „efnahagsráðstafanir“, sem felast í þessu frumvarpi, eru engin lausn á efnahagsvandamálum þjóðarinnar. Hvorki í þeim sjálfum né samtímis þeim eru gerðar þær ráðstafanir, sem íslenzkur þjóðarbúskapur fyrst og fremst þarfnast til að tryggja lífskjör þjóðarinnar og leggja grundvöll að því að bæta þau.

Hvað þá hlið þessara mála snertir, er að tekjuöflun snýr, þá er með þessu frv.

farið langt burt frá því að ráða fram úr þeim vandamálum, sem lágu fyrir um nýár: að afla um 65—90 millj. kr. í ríkissjóð og 25—40 millj. kr. í útflutningssjóð. Slík tekjuöflun var auðveld án almennra álaga á allar vörur og almennrar verðgildisrýrnunar á peningum. Aðeins gjaldeyrisráðstafanir einar gátu farið langt með að tryggja það fé, er þurfti. Minna má á, að ef t. d. 30 millj. kr. af þeim gjaldeyri, sem nú er notaður til að kaupa fóðurbæti í Ameríku, væru notaðar til innkaupa á hátollavörum, þá gæfi það eitt 70 millj. kr. í ríkissjóð.

Vissulega hefði verið heppilegast fyrir þjóðarbúið að taka t. d. þriðjung innflutningsverzlunarinnar í ríkisrekstur, t. d. olíu, bifreiðar, vélar og varahluti. Með því hefði tvennt unnizt: nokkurt fjármagn verið knúið út úr heildverzluninni og í framleiðsluna og ríkinu og útflutningssjóði sumpart verið veittir heppilegir tekjustofnar, en sumpart hefði gróði, sem nú rennur til einstaklinga eða er eytt í vitlausa fjárfestingu (sbr. t. d. ofbyggingu benzíngeymanna), verið notaður í almenningsþágu.

Það er rétt, að alþýða manna geri sér það ljóst, að til þess að halda þeim lífskjörum, sem nú eru hér á landi, og bæta þau þarf meir og meir að grípa til ráðstafana, sem eru í anda sósíalismans.

Það er ekki nóg með, að það ræður úrslitum í atvinnulífi Íslendinga um, að atvinnuleysisbölinu er bægt frá oss, að tekizt hefur að afla svo stórfelldra markaða sem raun er á í löndum sósíalismans, þar sem kreppa og atvinnuleysi er ekki til, heldur er hitt og orðið nauðsyn til að tryggja og bæta lífskjör alþýðu: að taka upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum með hag almennings fyrir augum og koma á nokkrum ríkisrekstri um heildverzlun á innflutningnum til þess að beina einkafjármagni því, sem sækir of mikið í heildverzlunina, til framleiðslunnar, þar sem það gerir mest gagn.

Ráðstafanir þær, sem í þessu frv. felast, hafa þær afleiðingar, að verðgildi peninga rýrnar og um leið trú manna á gildi þess að spara fé. Þessar ráðstafanir verða því til að ýta undir ýmiss konar fljótræðiskennda „fjárfestingu“ einstaklinga í öllu mögulegu til þess að „bjarga“ fé sínu.

Af þessum ráðstöfunum leiðir verðhækkanir á flestum sviðum, og með þeim er því brotið í bág við þá verðstöðvunarstefnu, sem verkalýðshreyfingin hafði fylkt sér um og fagnað, er ríkisstjórnin var mynduð.

Alþýðubandalagið og ráðherrar þess höfðu barizt fyrir þessari verðstöðvunarstefnu, meðan mátti.

Það, sem hefur brotið hana niður, er gegndarlaus áróður annars vegar hinna stjórnarflokkanna og svo hins vegar Sjálfstæðisflokksins fyrir nauðsyn gengislækkunar. Jafnvel einnig þeir menn í höfuðbönkum landsins, sem frekast hefðu átt að skoða það sem verkefni sitt að vernda gengi krónunnar, hafa látlaust grafið undan möguleikanum til þess að viðhalda verðstöðvunarstefnunni, sumpart með áróðri fyrir gengislækkun, sumpart með rangri fjárfestingar- og útlánapólitík.

Það er að vísu vitað mál, að hefðu allir þessir aðilar fengið að ráða, þá stæði þjóðin nú ekki frammi fyrir þessu frv., sem gerir þó ráð fyrir 5% launahækkun til að taka sárasta broddinn úr verðhækkununum og bæta þær upp fyrstu mánuðina, heldur væri þá hér á ferðinni frv. um gengislækkun, er hækkaði erlent gengi yfir 100% og lögskipaði kaupbindingu, er þýddi a. m. k. 17% launalækkun.

En það er þjóð vorri og sízt alþýðu Íslands ekki nóg, að gert sé það, sem er skárra en hið versta.

Alþýða Íslands hefur nú möguleika meiri en alþýðustéttir nágrannalandanna til þess að tryggja lífskjör sín og bæta þau, meðan kreppa herjar í kringum okkur. Og alþýðan vill, að þeir möguleikar séu notaðir: framleiðslan og útflutningurinn aukin með stórstígri öflun nýrra framleiðslutækja og rétt fjárfesting tryggð með heildarstjórn á þjóðarbúskapnum.

Þess vegna samþykkti Alþýðusamband Íslands á 25. þingi sínu svo hljóðandi ákvörðun einróma:

„Til þess að tryggja, að fjárfestingu þjóðarinnar verði fyrst og fremst varið til þess, sem þjóðhagslega séð er nauðsynlegast, og til þess að hægt verði að bæta kjör alþýðunnar, telur þingið, að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

1. Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þannig að gerðar verði heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil.

2. Tekin verði stór lán erlendis, enda fáist þau án óeðlilegra skilmála með hagstæðum vaxtakjörum til langs tíma og helzt með tryggingu fyrir, að hægt verði að greiða þau í íslenzkum afurðum. Þess sé vandlega gætt, að slíkum lánum verði fyrst og fremst varið þannig, að þau verði til að auka hagnýta framleiðslu þjóðarinnar og þó einkum gjaldeyrisframleiðslu hennar.“

Og þess vegna lýsti 25. þing Alþýðusambands Íslands því líka yfir, að það væri „algert lágmarksskilyrði verkalýðshreyfingarinnar, að ekkert verði gert, er hafi í för með sér skerðingu á kaupmætti vinnulaunanna, og að ekki komi til mála, að auknum kröfum útflutningsframleiðslunnar verði mætt með nýjum álögum á alþýðuna, svo sem með gengislækkun eða hliðstæðum ráðstöfunum“.

Það er greinilegt, að ráðstafanir þær, sem í þessu frv. felast, mundu, ef að lögum yrðu, á mörgum sviðum hafa áhrif hliðstæð gengislækkun. Afstaða verkalýðshreyfingarinnar, einkum í Reykjavík, gagnvart slíkum ráðstöfunum er því ljós. Forustumenn verkalýðsfélaganna í Reykjavík mörkuðu afstöðu sína með því að bera fram svo hljóðandi tillögu á fundi efnahagsmálanefndar og miðstjórnar Alþýðusambandsins nýlega:

„Efnahagsmálanefnd og miðstjórn A. S. Í. hafa á fundum sínum að undanförnu kynnt sér og rætt tillögur þær í efnahagsmálum, sem ríkisstjórnin nú hyggst leggja fyrir Alþingi. Áður hafði sérstaklega verið rætt við stjórn A. S. Í. um það atriði tillagnanna, er varðar 5% grunnkaupshækkunina. Að loknum þessum athugunum ályktar efnahagsmálanefndin og miðstjórnin eftirfarandi:

25. þing A. S. Í. lýsti því yfir, að gengislækkun eða aðrar hliðstæðar ráðstafanir kæmu ekki til mála sem úrlausn efnahagsmálanna. Þær ráðstafanir, sem nú er hugsað að gera, hafa á ýmsan hátt hliðstæð áhrif og gengislækkun. Hins vegar virðist tryggt, að þær hafi ekki í för með sér almenna skerðingu á kaupmætti vinnulauna næstu mánuði.

Greinilegt er, að þessar ráðstafanir í efnahagsmálunum munu leiða til frekari verðbólguþróunar og eru því fráhvarf frá þeirri stefnu, er 25. þing A. S. Í. fagnaði og lýsti fylgi sínu við og efnahagsmálanefnd og miðstjórn A. S. Í. síðan hafa ítrekað, þ. e. að stöðva verðþensluna. Ráðstafanirnar brjóta því í bága við þá stöðvunarstefnu, er verkalýðssamtökin og ríkisstjórnin þá tóku höndum saman um.

Efnahagsmálanefnd og miðstjórn A. S. Í. vísa því frá sér þeim tillögum um ráðstafanir í efnahagsmálunum, er nú liggja fyrir, þar sem þær eru ekki í samræmi við það, er síðasta Alþýðusambandsþing heimilaði þessum aðilum að semja um.“

Þá er það og greinilegt, að ráðstafanir þessar mundu hækka allan byggingarkostnað og gera þannig íbúðarhús dýrari. Hins vegar eru ekki samtímis gerðar ráðstafanir til þess að tryggja áfram fjármagn til íbúðarhúsabygginga, a. m. k. jafnmikið og síðasta ár, né heldur gerðar ráðstafanir til þess að lækka vexti af lánum til íbúðarhúsa til þess að vinna þannig gegn hinni háu húsaleigu. Þó hafa verið möguleikar á að fá lán með 2½% vöxtum til slíks, en ekki fengizt notaðir.

Þá hefur það og úrslitagildi fyrir sjávarútveginn og aðrar atvinnugreinar, sem efla þarf, hvort gerðar yrðu ráðstafanir af hálfu seðlabankans til aukningar á rekstrarlánum til sjávarútvegsins og slíkra atvinnugreina í réttu hlutfalli við verðhækkun á rekstrarvörum og öðrum útgjöldum. Fjárhagsnefndir beggja deilda áttu tal við stjórn seðlabankans, en fjarri fór því, að nokkur vissa fengist fyrir því, að slík hlutfallsleg aukning mundi eiga sér stað. Hins vegar kom það ótvírætt fram af hálfu Landssambands ísl. útvegsmanna, að hætta væri á, að vélbátaútvegurinn stöðvaðist, ef slík rekstrarfjáraukning ætti sér ekki stað. — Það er því veruleg hætta

á, verði ekki betur samræmd stjórnin á lánsfjármálunum og atvinnumálum þjóðarinnar en hingað til, að ráðstafanir þær, sem ríkisstjórnin ætlast til að efli atvinnulífið, verði til að draga úr því og skapa kreppu, af því að meiri hluti stjórnar seðlabankans geri annað en það, sem nauðsynlegt er til að tryggja eflingu sjávarútvegsins. — Er þetta enn eitt dæmi um, hve óhjákvæmileg heildarstjórn á þjóðarbúskap Íslendinga er orðin.

Ég hef hér fyrst og fremst rætt um frv. þetta í sambandi við efnahagslíf þjóðarinnar og ráðstafanir til að efla það og bæta, sökum þess að ég álít það aðalatriðið. Um einstakar greinar þess mun rætt í framsögu, og þyki sýnt, að frv. nái fram að ganga, mun ég flytja brtt. við einstakar greinar þess.

Með tilliti til þeirra röksemda, sem ég hér hef sett fram, er það tillaga mín, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi hið bráðasta fyrir þingið frv. til laga um heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, er tryggi eflingu atvinnulífsins samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum, — og leggi fram tekjuöflunartillögur, er geri ráð fyrir að halda verðstöðvunarstefnunni, eftir því sem unnt er, og valdi sem minnstri almennri verðhækkun, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. maí 1958.

Einar Olgeirsson.

Nd. 543. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar skólanefndar Matsveina- og veitingaþjónaskólans, L. Í. Ú. og Fiskifélags Íslands. Svar barst aðeins frá skólanefndinni.

Iðnaðarnefnd leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2. mgr. orðist þannig:
   Á fiskiskipum, flutningaskipum og farþegaskipum, sem ekki koma til heimahafnar daglega, er skylt að hafa matsveina.
2. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi uppfylla annað hvort eftirtalinna skilyrða:
   a. að hafa meistararéttindi í matreiðslu, hafa starfað sem aðstoðarframreiðslumaður á skipi í sex mánuði og hafa staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann;
   b. að hafa meistararéttindi í framreiðslu, hafa starfað sem aðstoðarmatreiðslumaður á skipi í sex mánuði og hafa staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann.

Alþingi, 20. maí 1958.

Emil Jónsson, form., frsm. Ágúst Þorvaldsson, fundaskr. Pétur Pétursson.

Angantýr Guðjónsson. Ingólfur Jónsson.

Nd. 544. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

a. b-liður 1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög.

b. c-liður 1. málsgr. sömu greinar orðist svo:
Sameignarfélög og samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna. Einnig önnur sameignarfélög með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð félagsmanna, enda séu þau skrásett firmu og hafi tilkynnt til firmaskrár, að þau óski að vera skattlögð sem félög. Slík tilkynning skal hafa borizt firmaskrá í síðasta lagi innan mánaðar, eftir að lög þessi öðlast gildi, eða innan þriggja mánaða, eftir að félag hóf rekstur sinn. Að öðrum kosti skal öllum tekjum og eignum slíks félags skipt milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í félaginu og þær skattlagðar með öðrum tekjum þeirra og eignum. Félagi, sem skrásett hefur verið sem sjálfstæður skattaðili samkvæmt framansögðu, er ekki heimilt að taka síðar upp þá reglu að skipta tekjum eða eign til skatts.

c. Við 1. málsgr. 3. gr. laganna bætist nýr stafliður, þannig:
d. Sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

d. 2. málsgr. 3. gr. laganna fellur niður.

e. 3. málsgr. sömu greinar, er verður 2. málsgr., orðist svo:
Félög og stofnanir, sem um ræðir í grein þessari, þar með talin sameignarfélög þau, er um ræðir í c-lið 1. málsgr., og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu, sams konar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum samkvæmt ákvæðum II. tölul. 6. gr.

2. gr.

a. Aftan við orðin „Skattgjald einstaklinga“ í I.a. í 6. gr. laganna komi: og hjóna, sem eru skattlögð sem tveir einstaklingar.

b. Aftan við orðin „Skattgjald hjóna“ í I.b. í sömu lagagrein komi: sem skattlögð eru sameiginlega.

c. Síðasta málsgr. I. tölul. 6. gr. laganna falli niður, en í stað hennar komi:
Tekjuskatt, sem ekki nær kr. 20.00, skal fella niður við álagningu.

d. Í stað II. og III. tölul. sömu greinar komi einn tölul., II., er orðist svo:
Skattgjald þeirra, er um ræðir í a-, b-, c- og d-liðum 3. gr., skal vera 25% af skattskyldum tekjum.

3. gr.

a. 6. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:
Félög þau, er um ræðir í 3. gr. a, mega draga frá tekjum sínum útborgaðan arð, þó eigi meira en 8% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

b. Orðið „stríðsgróðaskattur“ á tveim stöðum í 7. málsgr. sömu greinar falli burt.

4. gr.

a. h-liður 10. gr. laganna orðist svo:
Fæðiskostnað sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði. Við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattyfirvalda á fæði til tekna.
Einnig skal draga frá tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, kr. 500.00 á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysa-

tryggingariðgjalda sem fiskimenn. Þá skal og sömu aðilum veittur sérstakur frádráttur, kr. 850.00 fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á þess konar skipum í a. m. k. 3 mánuði á viðkomandi skattári.

Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar samkv. 2. málsgr. þessa stafliðar, þótt þeir séu eigi lögskráðir, enda geri útgerðarmaður skattanefnd fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

b. j-liður sömu greinar orðist svo:

Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, og eiga þá hjónin rétt á því, að dregin séu 50% frá þeim tekjum hennar, áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna, enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin — annað hvort eða bæði — eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka, að verulegu leyti.

Þegar gift kona gengur til verka að atvinnurekstri með manni sínum — og atvinnureksturinn er að verulegu leyti eign þeirra — annars hvors eða beggja — eða ófjárráða barna þeirra, eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna — miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna — og dregin 50% frá hlut hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna. Aldrei kemur þó hærri hlutur til greina sem frádráttarstofn en nemur tvöföldum persónufrádrætti konunnar.

Ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, mega þeir draga frá skattskyldum tekjum upphæð, sem nemur hálfum persónufrádrætti hjóna og þriðjungi af persónufrádrætti ómaga á heimilinu.

5. gr.

a. Á eftir orðunum „enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu“ í 1. málsgr. 11. gr. laganna komi: og undirriti bæði skattframtalið.

b. Aftan við sömu grein laganna komi:

Nú aflar kona skattskyldra tekna með vinnu sinni utan fyrirtækis, er hjónin — annað hvort eða bæði — eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka, að verulegu leyti, og hagfelldara er fyrir hjónin, að þær tekjur séu sérstaklega skattlagðar, en að frádrátturinn, sem j-liður 10. gr. heimilar, gildi um þær, og geta þá hjónin krafizt þess, að skattgjald þeirra verði lagt á skv. 6. gr. I.a. Sé það gert, skiptist sameiginlegur ómagafrádráttur til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar og persónufrádráttur telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

6. gr.

Í stað orðanna „Fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort)“ í 12. gr. laganna komi: Fyrir hjón kr. 13000.00 (kr. 6500.00 fyrir hvort).

7. gr.

14. grein laganna verði þannig:

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir:

I. Af eign einstaklinga, sem taldir eru í 1. og 2. gr., reiknast skatturinn þannig:

Af	30000—	60000	kr.	greiðist	45	kr. af	30000 og	3.0‰ af afgangi.
—	60000—	80000	—	—	135	— —	60000 —	4.5‰ — —
—	80000—	100000	—	—	225	— —	80000 —	6.0‰ — —
—	100000—	150000	—	—	345	— —	100000 —	7.5‰ — —
—	150000—	200000	—	—	720	— —	150000 —	9.0‰ — —
—	200000—	500000	—	—	1170	— —	200000 —	10.5‰ — —
—	500000—	1000000	—	—	4320	— —	500000 —	12.0‰ — —
—	1000000—	2000000	—	—	10320	— —	1000000 —	13.5‰ — —
—	2000000	og þar yfir		—	23820	— —	2000000 —	15.0‰ — —

Af eign, sem ekki nemur 30000 kr., greiðist enginn skattur.

II. Af eign félaga og annarra skattskyldra aðila, sem taldir eru í 3. gr., greiðist 7‰ — sjö af þúsundi.

8. gr.

Síðari málsgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða eignarskatt af þeim eignum sínum hér á landi, sem gefa af sér tekjur þær, er um ræðir í 2. gr. Reiknast eignarskattur einstaklinga samkvæmt reglum í 14. gr. I, þó aldrei lægri en 6‰ af hinum skattskyldu eignum, en eignarskattur útlendra félaga reiknast samkvæmt 14. gr. II.

9. gr.

58. gr. laganna orðist svo:

Ríkisskattanefndin skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs, en ákvæði laga þessara gilda bæði um það fé, er greitt var í nýbyggingarsjóð árið 1941, og það fé, sem síðar er í hann lagt.

Skattanefndir skulu senda ríkisskattanefnd skýrslu um framlög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir að upplýsingar um það bárust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrirtæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári.

Nú telur ríkisskattanefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið samkvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. síðari málsgr. 56. gr., og tilkynna það skattanefnd og eiganda sjóðsins.

10. gr.

Orðið „stríðsgróðaskattur“ í 60. gr. laganna falli burt.

11. gr.

Orðin „laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 62. gr. laganna falli burt.

12. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1958 af tekjum ársins 1957 skal veita sérstaka lækkun á tekjuskatti öllum hjónum, sem hafa 2 börn á framfæri og undir 55500 kr. í hreinar tekjur. Hjá þessum hjónum, er hafa 54500 kr. hreinar tekjur eða lægri, skal lækkunin nema 50%. Nemi tekjurnar yfir 54500 kr., skal lækkunin vera 47½% á tekjuskatti af 54550 kr. hreinum tekjum og minnka þannig áfram um 2½% við hverjar 50 kr., sem tekjur fara yfir 54550 kr., og hverfa við 55500 kr. hreinar tekjur.

Eftir sömu reglu skal lækka tekjuskatt allra annarra hjóna svo og einstaklinga, sem greiða ættu sama tekjuskatt eða lægri en áðurgreind hjón, ef þau nytu ekki áðurgreindrar skattlækkunar.

Framangreind skattlækkun skal einnig gilda við ákvörðun gjaldársgjalda á árinu 1958.

13. gr.

64.—67. gr. laganna, að báðum meðtöldum, falli burt. 68. gr. laganna verður 64. gr.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu fyrst koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1957. Ákvæði 2. efnismálsgr. í b-lið 4. gr. kemur þó fyrst til framkvæmda árið 1959 við álagningu á tekjur ársins 1958.

Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 21 20. maí 1942, um stríðsgróðaskatt, og lög nr. 37 10. maí 1957, um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Nd. 545. Frumvarp til laga [164. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn á Keflavíkurflugvelli áfengisútsölu, er eingöngu selji áfengi til farþega og flugvélaáhafna í framhaldsflugi.

Áfengisverzlun ríkisins rekur útsölu þessa undir yfirstjórn utanríkisráðherra. Ráðherra ákveður verð áfengis, sem selt er með þessu móti, og setur, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, nánari reglur um eftirlit með rekstrinum og þeim farþegum, sem við verzlunina skipta.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að setja á stofn sams konar útsölu á Reykjavíkurflugvelli, eftir að þar hefur verið byggð afgreiðslustöð til sameiginlegra afnota fyrir þau flugfélög, sem völlinn nota.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur heimilað útsölum þeim, sem um ræðir í 1. gr., að hafa einnig á boðstólum tóbak og hvers konar aðrar vörur, sem henta þykir, og gilda um þá verzlun reglur 1. gr., eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 546. Frumvarp til laga [172. mál]

um aðstoð við vangefið fólk.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Af alls konar gosdrykkjum og öli, sem er framleitt hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal í næstu 5 ár greiða gjald, að upphæð 10 aurar af hverri flösku, og rennur gjald þetta í Styrktarsjóð vangefinna, er vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins.

Fé sjóðsins skal ætíð vera handbært til framkvæmda samkvæmt 4. gr. Um stjórn sjóðsins skal nánar ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Gosdrykkja- og ölgerðir skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tolltekjum ríkisins.

3. gr.

Verð á gosdrykkjum og öli, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts og gjalds til útflutningssjóðs.

4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958.

Sþ. 547. Tillaga til þingsályktunar [190. mál]

um endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Flm.: Sveinn Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, er nú gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Greinargerð.

Í 16. gr. laga nr. 63 frá 1957 segir svo: „Stjórn seðlabankans ákveður að höfðu samráði við ríkisstjórnina, eftir hvaða reglum seðlabankinn kaupir afurðavíxla af viðskiptabönkum sínum.“ Í reglugerð seðlabankans er þetta frekar skýrt, sbr. 30. gr. reglugerðarinnar.

Það er gild regla seðlabankans að endurkaupa afurðavíxla sjávarútvegs og landbúnaðar að ⅔ áætlaðs söluverðs til a. m. k. 6 mánaða. Slík regla mun einnig hafa verið tekin upp um framleiðslu áburðarverksmiðjunnar. Nauðsyn ber til, að aðrar framleiðslugreinar njóti sama réttar, m. a. sementsverksmiðjan, þegar hún tekur til starfa, svo og iðnaðurinn almennt.

Í málefnasamningi fyrrverandi ríkisstjórnar var samkomulag um það að endurskoða reglur um lán til iðnaðar. Þetta kom þó aldrei til framkvæmda, og þess vegna tel ég nauðsynlegt, að mál þetta komist nú á rekspöl.

Atvinnuþróun síðustu ára hér á landi hefur verið sú, að margháttuð iðnaðarstörf og iðnaðarvara, sem áður var keypt erlendis frá, er nú unnin í landinu sjálfu.

Með breyttri gengisskráningu og sérstaklega ef sameiginlegur Evrópumarkaður yrði að veruleika, má ganga út frá, að útflutningur iðnaðarvarnings geti hafizt.

Iðnaður er nú orðinn einn af þremur aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, og er eðlilegt, að hann sitji við sama borð sem landbúnaður og sjávarútvegur í þessu efni, enda fullvíst, að hann verði þjóðinni giftudrjúgur til bættrar lífsafkomu.

Nd. 548. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til laga um útflutningssjóð o. fl.

Frá Ásgeiri Sigurðssyni.

1. Við 21. gr. B-liður falli niður.
2. Við 31. gr. Í stað „55% yfirfærslugjald“ komi: 30% yfirfærslugjald.

Nd. 549. Lög [134. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 391.

Nd. 550. Frumvarp til laga [176. mál]

um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Skylt er að hafa matreiðslumenn og/eða bryta á öllum vélknúnum skipum, sem eru 800 smálestir brúttó eða stærri, annast farþega- og vöruflutninga og hafa minnst 20 manna áhöfn fyrir utan eldhús- og þjónustufólk.

Á fiskiskipum, flutningaskipum og farþegaskipum, sem ekki koma til heimahafnar daglega, er skylt að hafa matsveina.

2. gr.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 1. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 2. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi uppfylla eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a. að hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu;
b. að hafa lokið 8 mánaða námskeiði við Matsveina- og veitingaþjónaskólann og starfað sex mánuði sem aðstoðarmatreiðslumaður á skipum;
c. að hafa sótt viðurkennt matreiðslunámskeið og starfað sem matreiðslumaður á fiskiskipum samkv. 1. gr. í 18 mánuði.

3. gr.

Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum skulu haldin námskeið fyrir þá, sem ætla að verða brytar á farþega- og flutningaskipum, og skal ráðherra setja nánari ákvæði um tilhögun þeirra í reglugerð.

4. gr.

Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi uppfylla annað hvort eftirtalinna skilyrða:

a. að hafa meistararéttindi í matreiðslu, hafa starfað sem aðstoðarframreiðslumaður á skipi í sex mánuði og hafa staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann;
b. að hafa meistararéttindi í framreiðslu, hafa starfað sem aðstoðarmatreiðslumaður á skipi í sex mánuði og hafa staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann.

5. gr.

Ákvæði þessara laga ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, ef þeir innan fimm ára krefjast viðurkenningar ráðuneytisins á rétti sínum til þessara starfa.

6. gr.

Samgöngumálaráðuneytið getur veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum þessara laga, sé ekki unnt að fá menn til starfa, sem uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum, eða það er erfiðleikum bundið.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 551. Tillaga til þingsályktunar [191. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Greinargerð.

Fyrir Ed. Alþingis liggur frv. um hluta sveitarfélaga af söluskatti, og var því vísað til fjhn. Meiri hl. n. telur sér ekki fært að mæla með samþykkt þess á þessu þingi, en minni hl. vill samþykkja frv. Nefndarmenn allir urðu þá sammála um að flytja till. til þál. um undirbúning löggjafar um tekjustofna sveitarfélaga, og er til þess ætlazt, að þeirri athugun verði hraðað svo, að leggja megi frv. um þetta mál fyrir næsta Alþingi.

Ed. 552. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Við 4. gr. Í stað 1. og 2. málsgr. b-liðar komi:

Frá skattskyldum tekjum hjóna, sem eru samvistum, er heimilt að draga, áður en skattur er á þær lagður, fjárhæð, er nemur ¼ af samanlögðum tekjum þeirra, þó aldrei hærri upphæð en kr. 15000.00.

Ed. 553. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og ýmis erindi, sem um það hafa borizt. Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   35. gr. laganna orðist svo:
   Sá einn hefur rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku fiskiskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem um ræðir í 36. gr.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   37. gr. laganna orðist svo:
   Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 38. gr.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Upphaf 38. gr. laganna orðist svo:
   Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á fiskiskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, sem:

a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði, eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 36. gr.

4. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Fyrir „1300“ í 39. gr. laganna komi: 1800.

5. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
Fyrir „1300“ í 40. gr. laganna komi: 1800.

6. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Fyrir „1300“ í 41. gr. laganna komi: 1800.

7. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Fyrir „1300“ á tveimur stöðum í fyrsta málsl. 42. gr. laganna komi: 1800.

8. Á eftir 12. gr. frv. komi ný grein, sem verði 13. gr. og orðist svo:
Upphaf 44. gr. laganna orðist svo:
Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með yfir 1800 hestafla vél, sem:
a. hefur eftir að hafa öðlazt rétt til skírteinis þess, sem um ræðir í 42. gr., siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél í 24 mánuði, þar af annar vélstjóri í 12 mánuði, eða yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði og sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 1800 hestafla vél í 12 mánuði.

9. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa vélstjóraskírteini eða prófskírteini frá Vélskólanum í Reykjavík eða frá mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, skulu eiga rétt á að fá útgefin ný vélstjóraskírteini í samræmi við ákvæði þessara laga, en í engu skulu lög þessi skerða þann rétt, sem vélstjóri átti fyrir gildistöku þeirra.

Alþingi, 20. maí 1958.

Björn Jónsson, form., frsm. | Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. | Björgvin Jónsson.
Jóh. Þ. Jósefsson.

Ed. 554. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jóhanni Jósefssyni, Jóni Kjartanssyni og Sigurði Bjarnasyni.

Við 4. gr. Stafliður a. orðist svo:
h-liður 10. gr. laganna orðist svo:
Kaup skipverja, sem lögskráðir eru á íslenzk fiskiskip, þar með talin sel- og hvalveiðiskip, yfir lengri eða skemmri tíma á skattárinu. Skal þetta gilda jafnt um þá, er taka kaup í hluta af afla, sem hina, sem greitt er kaup í peningum.
Skal þetta einnig gilda fyrir þá, sem fastráðnir eru til starfa í landi eða á sjó við fiskiskip, þótt eigi séu þeir lögskráðir.

Ed. 555. Lög [164. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi.

(Afgreidd frá Ed. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 545.

Ed. 556. Lög [172. mál]

um aðstoð við vangefið fólk.

(Afgreidd frá Ed. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 546.

Nd. 557. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega styrkur til sjúkrahúsa sem hér segir:

1. Almennt sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða sveitarfélags svo og einkasjúkrahús, sem áður hefur notið dagstyrkja úr ríkissjóði: 10 kr. á legudag.

2. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða sveitarfélags, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 15 kr. á legudag.

3. Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 20 kr. á legudag.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 558. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á tveim fundum og fengið til viðtals formann nefndar þeirrar, er samdi frv., og fulltrúa frá nefnd þeirri, sem undirbjó ákvæði frv. um sérsköttun hjóna. Enn fremur ræddi n. málið við formann Sambands ísl. sveitarfélaga og hefur einnig fengið skriflega umsögn um frv. frá þeim samtökum.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt, en tveir nm. (GTh og SB) tóku ekki afstöðu til málsins á fundinum og munu væntanlega skila séráliti.

Alþingi, 23. maí 1958.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Björn Jónsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 559. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta, sem er stjórnarfrumvarp, var lagt fyrir neðri deild 24. febr. 22. maí var það afgreitt frá neðri deild, og síðdegis sama dag var kvaddur saman fundur í efri deild fyrirvaralítið og málið tekið á dagskrá og afgreitt til fjárhagsnefndar.

Allt of stuttur tími hefur fengizt til rækilegrar athugunar í fjárhagsnefnd á þessu vandasama máli, og verður minni hlutinn að lýsa óánægju sinni yfir því, hve örskammur tími er ætlaður efri deild til meðferðar málsins, eftir að það hefur verið til meðferðar í neðri deild um þriggja mánaða skeið.

Í s. l. 16 ár hefur verið í gildi hér á landi svokallaður stríðsgróðaskattur. Stríðsgróðaskattur og tekjuskattur til ríkisins til samans nema 90% af þeim tekjum, sem eru fram yfir 200 þús. Þessi gífurlegi skattþungi hefur staðið öllum meiri háttar atvinnurekstri hér á landi fyrir þrifum. Er brýn nauðsyn að fá þessu breytt. Að því leyti er þetta frv. því spor í rétta átt, að beinir skattar til ríkisins verði ákveðnir 25% af skattskyldum tekjum félaga.

En þótt frv. sé að sumu leyti til bóta, er það meingallað á marga lund.

Bæjar- og sveitarfélög fá nú 45% af stríðsgróðaskattinum. Með þessu frv. er þessi tekjustofn bæjar- og sveitarfélaga felldur niður.

Nú hefur það verið um margra ára skeið eindregin krafa bæjar- og sveitarfélaga að afla þeim nýrra tekjustofna, en nú eru útsvörin svo til eini tekjustofn þeirra. Með þessu stjórnarfrv. eru bæjar- og sveitarfélögin því svipt tekjustofni, án þess að séð sé fyrir nokkru öðru í staðinn.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur andmælt þessu, og fylgir bréf stjórnar þess með þessu nefndaráliti. Fjármálaráðherra hafði við undirbúning þessa máls, sem snertir svo mjög hagsmuni sveitarfélaganna, ekkert samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, né heldur sá fjárhagsnefnd neðri deildar ástæðu til að leita álits þess.

Rétt er að geta þess, að með þessu frv. er hins vegar afnumið bannið við því, að útsvör séu lögð á tekjur yfir 200 þús., en fáir aðilar hér á landi hafa slíkar tekjur.

Samkv. upplýsingum, sem fyrir liggja, ætlar ríkissjóður sjálfur einskis í að missa, heldur eiga heildartekjur ríkisins að vera ekki minni skv. þessu frv. en verið hefur áður af tekjuskatti og stríðsgróðaskatti saman. Þau hlunnindi, sem félögin fá, eiga eingöngu að vera á kostnað sveitarfélaganna.

Um leið og lækkað er skattgjald af háum tekjum fyrirtækja, þá er skatturinn til ríkissjóðs þyngdur að mun á öllum hinum tekjulægri fyrirtækjum. Á öllum sameignarfélögum og hlutafélögum, sem hafa um 145 þús. kr. skattskyldar tekjur á ári eða minna, hækka skattarnir í ríkissjóð skv. frv. frá því, sem verið hefur. En þegar tekjur félagsins eru komnar yfir 145 þús. kr., fer skatturinn ört lækkandi.

Ef félag hefur t. d. hálfa milljón í skattskyldar tekjur, mundu skattar í ríkissjóð skv. gildandi lögum verða um 230 þús., en samkv. frv. 125 þús.

Með frv. er sjómönnum á íslenzkum fiskiskipum veittur nokkuð aukinn frádráttur frá tekjuskatti. Teljum við hér of skammt gengið.

Þessar athugasemdir telur minni hlutinn rétt að láta koma fram í nefndarálitinu, en mun að öðru leyti skýra málið nánar í framsögu og umræðum og flytur á sérstöku þingskjali breytingartillögur við frv.

Alþingi, 24. maí 1958.

Gunnar Thoroddsen, frsm. Sigurður Bjarnason.

Fylgiskjal.

SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 23. maí 1958.

Hér með sendist háttvirtri fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis afrit af fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá í dag, þar sem fjallað var, að beiðni fjárhagsnefndar efri deildar, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (130. mál, þskj. Nd. 544).

Jafnframt fylgir skrá frá ríkisbókhaldinu yfir stríðsgróðaskattinn árið 1956 og skiptingu hans milli sýslu- og sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,

Jónas Guðmundsson.

Fjárhagsnefnd efri deildar, Alþingi.

Ár 1958, föstudaginn 23. maí, kl. 3 e. h., átti stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga fund með sér í skrifstofu sambandsins í Búnaðarbankahúsinu.

Mættir eru allir stjórnarmenn nema Stefán Gunnlaugsson, sem boðaði forföll.

Fyrir var tekið:

Formaður skýrði frá því, að hann hefði í morgun verið boðaður á fund fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis og við sig rætt þar um breytingu þá á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem nú liggur fyrir Alþingi, og stjórn sambandsins beðin að láta í té umsögn um málið, og einkum er beðið umsagnar um það ákvæði í 14. gr. frumvarpsins (þingskj. 544) að fella úr gildi lög um stríðsgróðaskatt, nr. 21/1942, en samkvæmt 2. og 3. gr. þeirra laga er sýslu- og sveitarsjóðum greiddur helmingur skattsins.

Sambandsstjórnin er og hefur jafnan verið þeirrar skoðunar, að stefna beri að því að sjá sveitarsjóðum fyrir nýjum tekjustofnum, og þar til það hefur verið gert, er hún andvíg því, að þeir tekjustofnar, sem fyrir eru, séu af þeim teknir.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Jónas Guðmundsson. Tómas Jónsson.
Björn Finnbogason. Magnús Sveinsson.

Sþ. 560. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ríkisábyrgð á láni fyrir Síldarbræðsluna h/f á Seyðisfirði til að ljúka endurbyggingu á verksmiðju félagsins.

Flm.: Björgvin Jónsson.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að veita ríkisábyrgð á láni fyrir Síldarbræðsluna h/f á Seyðisfirði, að upphæð allt að 1.8 milljónum króna, til að ljúka endurbyggingu á verksmiðju félagsins.

Greinargerð.

Undanfarið hefur staðið yfir alger endurbygging á verksmiðju Síldarbræðslunnar h/f á Seyðisfirði. Á s. l. sumri var þessu verki það langt komið, að unnt

var að taka við síld til vinnslu í verksmiðjunni til mikils hagræðis fyrir síldveiðiflotann fyrir Austurlandi, og voru þá unnin í verksmiðjunni um 50 þús. mál síldar. Aðstæður voru þó á margan hátt hinar erfiðustu, m. a. vegna þess, að verksmiðjuna vantar algerlega geymslu fyrir mjöl og lýsisgeymar hennar eru svo litlir, að flytja varð helming lýsismagnsins til geymslu norður á Hjalteyri. — Enn fremur eru þrær verksmiðjunnar svo litlar, að eigi verður með nokkru móti við það unað.

Óhjákvæmilegt er með öllu, að nú í vor verði að því unnið að koma upp mjölgeymslu og viðbótarlýsisgeymum fyrir verksmiðjuna, jafnframt því sem nú eða á næsta ári verði þrær verksmiðjunnar stækkaðar að mun. — Hafa forráðamenn verksmiðjunnar farið fram á, að ríkisábyrgð verði veitt fyrir 1.8 millj. kr. láni til þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir, þar eð fullnotaðar eru nú þær ábyrgðarheimildir, sem veittar voru í sambandi við endurbyggingu verksmiðjunnar með þingsályktunum 28. marz 1956 og 29. maí 1957, samtals að fjárhæð 5.3 millj. kr.

Ed. 561. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá *minni hl. fjárhagsnefndar* (GTh, SB).

1. Við 3. gr. a-liður orðist svo:
   6. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:
   Félög þau, er um ræðir í 3. gr. a, mega draga frá tekjum sínum 8% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.
2. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist nýr liður, er orðist svo:
   Á eftir m-lið 10. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
   n. Fjárhæð, sem skattþegn hefur gefið einhverjum eftirgreindra aðila: kirkjum, svo og félögum og stofnunum, sem vinna að vísindum, menningar- og mannúðarmálum, fari hún ekki fram úr 15% af nettótekjum gefanda, enda hafi þá skattyfirvöldum borizt tilkynningar um gjafirnar frá þeim aðilum, sem þær hafa þegið.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   1. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:
   Samanlögðum skattskyldum tekjum hjóna, sem samvistum eru, skal skipta til helminga og reikna skatt af hvorum helmingi um sig.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað orðanna „Fyrir hjón kr. 12000.00 (6000 kr. fyrir hvort)“ í 12. gr. laganna komi: Fyrir hjón kr. 10400.00 (5200 kr. fyrir hvort).
5. Við 7. gr.
   a. Töluliður I. orðist svo:
   Af eign einstaklinga, sem taldir eru í 1. og 2. gr., reiknast skatturinn þannig:

Af	100000— 500000 kr.	greiðist	300 kr. af	100000 og	6‰ af afgangi.
—	500000—1000000 —	—	2700 — —	500000 —	8‰ — —
—	1000000 og þar yfir	—	6700 — —	1000000 —	10‰ — —

   — eign, sem ekki nemur 100000 kr., greiðist enginn skattur.

   b. Aftan við greinina bætist:
   Við útreikning eignarskatts á eignir í árslok 1957 skal verð fasteigna tekið eftir fasteignamatinu 1942.
6. Á eftir 14. gr. komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Til ársloka 1959 er hlutafélögum og sameignarfélögum heimilt að hækka hlutafé eða stofnfé félaganna í samræmi við eignir þeirra 31. desember 1958. Þó má hækkun hlutafjár eða stofnfjár aldrei vera meiri en sem svarar vísitöluhækkun dagvinnukaups í almennri verkamannavinnu í Reykjavík, frá því að hlutaféð eða stofnféð var greitt. Ekki má hlutafé eða stofnfé á þennan hátt vera hærra en raunverulegt verðgildi eigna.

Verðgildi eigna skal fundið með því, að lagt er til grundvallar bókfært verðmæti sjóða, vörubirgða og lausafjár, en fasteignir, skip, vélar og önnur tæki til atvinnurekstrar skal metið eftir meðalvátryggingarfjárhæð síðustu þriggja ára.

Með skattframtali áranna 1959 eða 1960 skal gerð fullnægjandi grein fyrir hækkun hlutafjár eða stofnfjár samkvæmt þessari heimild.

Ný hlutabréf eða stofnfjárbréf, sem út eru gefin fyrir hækkuninni í réttu hlutfalli við eign hvers hluthafa í félaginu, skulu ekki vera skattskyld sem úthlutun til félagsmanna, þrátt fyrir ákvæði d-liðs 7. gr. þessara laga.

Ed. 562. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera vélstjóri á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 32. gr.

2. gr.

Upphaf 32. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt vélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 34. gr.

4. gr.

1. Upphaf 34. gr. laganna orðist svo:

   Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem:

   a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 100 hestafla vél eða sem vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi í 24 mánuði.

2. Aftan við 34. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

   Hver sá, sem réttindi hefur til að vera undir- eða yfirvélstjóri á mótorskipi með allt að 400 hestafla vél, skal og hafa sömu réttindi til vélstjórnar við vél, sem stærri kann að vera, ef um er að ræða vélstjórn á fiskiskipi, sem er 115 rúmlestir að stærð eða minna.

5. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku fiskiskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem um ræðir í 36. gr.

6. gr.

Upphaf 36. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

a. hefur staðizt hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands;
b. hefur siglt sem yfirvélstjóri á skipi með yfir 100 hestafla vél í 24 mánuði.

7. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 38. gr.

8. gr.

Upphaf 38. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á fiskiskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, sem:

a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði, eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 36. gr.

9. gr.

Fyrir „1300“ í 39. gr. laganna komi: 1800.

10. gr.

Fyrir „1300“ í 40. gr. laganna komi: 1800.

11. gr.

Fyrir „1300“ í 41. gr. laganna komi: 1800.

12. gr.

Fyrir „1300“ á tveimur stöðum í fyrsta málsl. 42. gr. laganna komi: 1800.

13. gr.

Upphaf 44. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með yfir 1800 hestafla vél, sem:

a. hefur eftir að hafa öðlazt rétt til skírteinis þess, sem um ræðir í 42. gr., siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél í 24 mánuði, þar af annar vélstjóri í 12 mánuði, eða yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði og sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 1800 hestafla vél í 12 mánuði.

14. gr.

1. Fyrir „50“ í b-lið 48. gr. laganna komi: 100.
2. Fyrir „50“ í c-lið sömu greinar komi: 100.
3. Fyrir „250“ í c-lið sömu greinar komi: 400.
4. Fyrir „250“ í d-lið sömu greinar komi: 400.
5. Fyrir „400“ í d-lið sömu greinar komi: 900.
6. Fyrri málsgr. e-liðar sömu greinar orðist svo:

Á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, einn undirvélstjóri, og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri.

15. gr.

Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa vélstjóraskírteini eða prófskírteini frá Vélskólanum í Reykjavík eða frá mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, skulu eiga rétt á að fá útgefin ný vélstjóraskírteini í samræmi við ákvæði þessara laga, en í engu skulu lög þessi skerða þann rétt, sem vélstjóri átti fyrir gildistöku þeirra.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin lætur endurskoða ákvæði laga um menntun og réttindi vélstjóra, og sé þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi. Við endurskoðunina skal haft samráð við Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Mótorvélstjórafélag Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna.

Ed. 563. Lög [130. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 544.

Ed. 564. Breytingartillögur [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 6. gr. Í stað orðsins „mótorskipi“ komi: fiskiskipi.
2. Á eftir 12. gr. komi ný grein, sem verði 13. gr. og orðist svo:
   Fyrir „1300“ í 43. gr. laganna komi: 1800.
3. Við 14. gr. 6. liður orðist svo:
   e-liður sömu greinar orðist svo:
   Á fiskiskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla (mótor)vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 38. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 36. gr., og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 36. gr. Sé skipið verzlunar- eða varðskip með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 42. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr., og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr.
   Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal að auki vera á því einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr.

Nd. **565. Frumvarp til laga** [186. mál]

um útflutningssjóð o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 492 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Hlutverk útflutningssjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 86 1956, er að styðja útflutningsatvinnuvegi landsmanna á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Útflutningssjóður greiðir útflutningsbætur samkvæmt II. og III. kafla þessara laga og yfirfærslubætur samkvæmt IV. kafla og greiðir niður vöruverð samkvæmt VI. kafla. Í útflutningssjóð rennur yfirfærslugjald samkvæmt IV. kafla þessara laga og önnur gjöld samkvæmt V. kafla.

Fé útflutningssjóðs skal geyma í sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands.

3. gr. hljóðar svo:

Útflutningssjóður greiðir bætur á fob-verðmæti útfluttra vara, sem framleiddar eru eftir 14. maí 1958, sem hér segir:

a. Á allan fisk og fiskafurðir, að undanteknum síldarafurðum ..... 80 %
b. Á afurðir úr sumarveiddri Norður- og Austurlandssíld ..... 50 —
c. Á afurðir úr annarri síld (Faxasíld og smásíld) og loðnu ..... 70 —
d. Á útfluttar landbúnaðarvörur greiðast bætur samkvæmt 8. gr.
e. Allar aðrar útfluttar vörur skulu bættar samkvæmt einhverjum flokkanna a, b eða c hér að framan eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að fengnum tillögum stjórnar útflutningssjóðs.
f. Séu sérstakar ástæður fyrir hendi, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum stjórnar útflutningssjóðs, að flytja einstakar vörur milli bótaflokka.

Fullnaðargreiðsla bóta á útfluttar vörur er háð því skilyrði, að öllu söluandvirði þeirra í erlendum gjaldeyri hafi verið skilað til banka.

7. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórnin getur sett það skilyrði fyrir greiðslu útflutningsbóta, að fiskvinnslustöðvar greiði útgerðarfyrirtækjum báta og togara, svo og vinnslustöðvum, er selja fiskúrgang, ákveðið lágmarksverð fyrir fisk og fiskafurðir.

Þar til nýir samningar um kaup og kjör bátasjómanna og togarasjómanna hafa verið gerðir, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða skiptaverð á fiski til bátasjómanna, svo og fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómanna miðast við. Þetta verð skal miðast við það, að hlutur og aflaverðlaun sjómanna hækki um 5% að meðaltali. Ríkisstjórninni er og heimilt að binda greiðslu útflutningsbóta skilyrðum varðandi skiptaverð til bátasjómanna og það fiskverð, er aflaverðlaun eru miðuð við.

Grunnlaun sjómanna, eftir ákvæðum kjarasamninga um kauptryggingu, hækka frá 1. júní 1958 samkvæmt 52. gr.

12. gr. hljóðar svo:

Um bætur á útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 15. maí 1958 gilda ákvæði 13.—17. gr. þessara laga.

18. gr. hljóðar svo:

Útflutningssjóður skal greiða vátryggingariðgjöld fiskibáta fyrir tímabilið 1. jan. til 14. maí 1958. Skal greiða ½ ársiðgjald, svo framarlega sem bátnum hefur verið haldið úti a. m. k. 3½ mánuð á þessu tímabili, en sé úthaldstíminn styttri, lækkar greiðslan hlutfallslega.

Þá er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að útflutningssjóður greiði vátryggingariðgjöld fiskibáta fyrir tímabilið 15. maí til 31. des. 1958. Sé þessi heimild notuð, skal greiða fullt ársiðgjald samkvæmt henni og 1. mgr. þessarar greinar, ef úthaldstími bátsins á árinu 1958 er 9 mánuðir eða lengri. Sé úthaldstíminn skemmri, lækkar iðgjaldsgreiðslan hlutfallslega.

Greiðslur samkvæmt þessari grein skulu aldrei nema hærri upphæð en svarar því nettó-iðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno" hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.

26. gr. hljóðar svo:

Þóknun, gjöld, vextir og þ. u. l., er hérlendir bankar greiða erlendum viðskiptabönkum beinlínis vegna þjónustu við einstaka viðskiptamenn sína, er undanþegið yfirfærslugjaldi. Á sama hátt skal eigi greiða yfirfærslubætur á slíkar greiðslur erlendra viðskiptabanka til hérlendra banka.

Vextir af erlendum yfirdráttarlánum og öðrum erlendum lausaskuldum þeirra banka, er verzla með erlendan gjaldeyri, skulu vera undanþegnir yfirfærslugjaldi. Á sama hátt skal eigi greiða yfirfærslubætur á vaxtatekjur þessara banka af erlendum innstæðum og verðbréfum.

Allar greiðslur hérlendra banka til útlanda til eigin þarfa aðrar en þær, er um ræðir í 2. mgr. þessarar gr., eru háðar yfirfærslugjaldi, og á sama hátt skal greiða yfirfærslubætur á samsvarandi greiðslur erlendis frá til hérlendra banka.

32. gr. hljóðar svo:

Vinnulaun erlendra ríkisborgara hér á landi til 14. maí 1958 skulu vera undanþegin yfirfærslugjaldi samkvæmt 21. gr. Umsóknir um yfirfærslu vinnulauna án yfirfærslugjalds skulu hafa borizt Innflutningsskrifstofunni fyrir lok júnímánaðar 1958. Eftir þann tíma skal ekki veita nein gjaldeyrisleyfi fyrir vinnulaunum án yfirfærslugjalds.

53. gr. hljóðar svo:

Grunnupphæðir lífeyris úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld til, skulu hækka um 5% frá 1. júní 1958. Sama gildir um greiðslur til einstaklinga á 18. gr. fjárlaga.

Frá 1. júní 1958 skulu bótaupphæðir þær, sem ákveðnar eru í II. kafla laga nr. 24 1956, um almannatryggingar, svo og í 37. og 38. gr. sömu laga, hækka um 5%. Sama gildir um bætur samkv. lögum nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar.

56. gr. hljóðar svo:

Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að hækka verð á mjólk til bænda frá 1. júní 1958 svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara fyrir framleiðsluárið 1957—58 hækki um 5%.

Við útreikning á verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara 1958 samkvæmt II. kafla laga nr. 94 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., skulu laun bónda og verkafólks hans ákveðin 5% hærri en þau hefðu orðið, ef ekki hefði verið ákveðin 5% hækkun á grunnlaunum samkv. 52. gr.

Nd. 566. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til laga um útflutningssjóð o. fl.

Frá Sigurði Ágústssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Útflutningssjóður greiðir vinnslustöðvum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum verkun og útflutning afurða, sannanlega hækkun við að fullverka og koma í skip útflutningsafurðum, sem framleiddar hafa verið á tímabilinu frá 1. janúar til 14. maí 1958, umfram það, sem slíkur kostnaður hefði numið fyrir 14. maí þ. á.
2. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Frá 1. janúar til 31. desember 1958 skal greiða vátryggingariðgjöld fiskibáta úr útflutningssjóði. Þó skal sjóðurinn aldrei greiða hærri upphæð en svarar því nettó-iðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno" hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.

Nd. 567. Breytingartillaga [186. mál]

við frv. til laga um útflutningssjóð o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 13. gr.

1. Í stað orðanna „á saltfiskveiðum" í 1. tölulið komi: við fiskveiðar í salt.
2. Í stað orðanna „á ísfiskveiðum" í 2. tölulið komi: við fiskveiðar í ís.
3. Í stað orðanna „á ísfiskveiðum" í 3. tölulið komi: við fiskveiðar í ís.

Nd. 568. Breytingartillaga [186. mál]

við frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá Sveini Guðmundssyni og Áka Jakobssyni.

Við 40. gr. Á eftir 1. málslið síðari málsgreinar komi:
Enn fremur er undanþegin gjaldi þessu:

a. Efnivara, sem iðnaðarmenn og iðnfyrirtæki selja í sambandi við iðn sína.
b. Vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum.

Nd. 569. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 30 24. marz 1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með frv.

Alþingi, 27. maí 1958.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson.
Sveinn Guðmundsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 570. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá Pétri Ottesen.

Við 32. gr.

a. Á eftir 1. málsl. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Sama gildir til 1. nóv. 1958 um vinnulaun erlendra ríkisborgara, sem fyrir gildistöku laga þessara hafa verið ráðnir til landbúnaðarstarfa.
b. Aftan við síðasta málsl. bætist: sbr. þó 2. málsl. þessarar greinar.

Nd. 571. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (SkG, EmJ).

1. Við 3. gr. b.-liður orðist svo:
   Á afurðir úr sumarveiddri Norður- og Austurlandssíld 55%.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Útflutningsgjald af íslenzkum sjávarafurðum samkv. 1. gr. laga nr. 66 1957 skal innheimt með 65% álagi. Álag þetta renni til Fiskveiðasjóðs Íslands að 11/13 hlutum, til Fiskimálasjóðs að 1/13 hluta og að 1/13 hluta til haf- og fiskirannsóknaskips, er ríkisstjórnin lætur byggja í samráði við fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands.

Nd. 572. Lög [93. mál]

um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 174.

Sþ. 573. Nefndarálit [141. mál]

um till. til þál. um afnám tekjuskatts.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur haft mál þetta til meðferðar, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir telja, að hér sé á ferðinni mál, sem fullkomin ástæða sé til að gefa frekari gaum. Leggjum við því til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 28. maí 1958.

Friðjón Skarphéðinsson, frsm. Magnús Jónsson. Jón Kjartansson.

Pétur Ottesen.

Ed. **574. Frumvarp til laga** [186. mál]

um útflutningssjóð o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 492 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Hlutverk útflutningssjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 86 1956, er að styðja útflutningsatvinnuvegi landsmanna á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Útflutningssjóður greiðir útflutningsbætur samkvæmt II. og III. kafla þessara laga og yfirfærslubætur samkvæmt IV. kafla og greiðir niður vöruverð samkvæmt VI. kafla. Í útflutningssjóð rennur yfirfærslugjald samkvæmt IV. kafla þessara laga og önnur gjöld samkvæmt V. kafla.

Fé útflutningssjóðs skal geyma í sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands.

3. gr. hljóðar svo:

Útflutningssjóður greiðir bætur á fob-verðmæti útfluttra vara, sem framleiddar eru eftir 14. maí 1958, sem hér segir:

a. Á allan fisk og fiskafurðir, að undanteknum síldarafurðum ..... 80 %
b. Á afurðir úr sumarveiddri Norður- og Austurlandssíld ..... 55 —
c. Á afurðir úr annarri síld (Faxasíld og smásíld) og loðnu ..... 70 —
d. Á útfluttar landbúnaðarafurðir greiðast bætur samkvæmt 8. gr.
e. Allar aðrar útfluttar vörur skulu bættar samkvæmt einhverjum flokkanna a, b eða c hér að framan eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að fengnum tillögum stjórnar útflutningssjóðs.
f. Séu sérstakar ástæður fyrir hendi, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum stjórnar útflutningssjóðs, að flytja einstakar vörur milli bótaflokka.

Fullnaðargreiðsla bóta á útfluttar vörur er háð því skilyrði, að öllu söluandvirði þeirra í erlendum gjaldeyri hafi verið skilað til banka, sbr. þó 5. gr.

7. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórnin getur sett það skilyrði fyrir greiðslu útflutningsbóta, að fiskvinnslustöðvar greiði útgerðarfyrirtækjum báta og togara, svo og vinnslustöðvum, er selja fiskúrgang, ákveðið lágmarksverð fyrir fisk og fiskafurðir.

Þar til nýir samningar um kaup og kjör bátasjómanna og togarasjómanna hafa verið gerðir, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða skiptaverð á fiski til bátasjómanna, svo og fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómanna miðast við. Þetta verð skal miðast við það, að hlutur og aflaverðlaun sjómanna hækki um 5% að meðaltali. Ríkisstjórninni er og heimilt að binda greiðslu útflutningsbóta skilyrðum varðandi skiptaverð til bátasjómanna og það fiskverð, er aflaverðlaun eru miðuð við.

Grunnlaun sjómanna, eftir ákvæðum kjarasamninga um kauptryggingu, hækka frá 1. júní 1958 samkvæmt 52. gr.

10. gr. hljóðar svo:

Útflutningsgjald af íslenzkum sjávarafurðum samkv. 1. gr. laga nr. 66 1957 skal innheimt með 65% álagi. Álag þetta renni til Fiskveiðasjóðs Íslands að $^{11}/_{13}$ hlutum, til Fiskimálasjóðs að $^{1}/_{13}$ hluta og að $^{1}/_{13}$ hluta til haf- og fiskirannsóknaskips, er ríkisstjórnin lætur byggja í samráði við fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands.

12. gr. hljóðar svo:

Um bætur á útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 15. maí 1958 gilda ákvæði 13.—17. gr. þessara laga.

13. gr. hljóðar svo:

Fastar daggreiðslur til togara, sem byggðir eru eftir 1946, skulu vera þessar fyrir hvern dag, sem skipinu er sannanlega haldið til veiða:

1. Við fiskveiðar í salt 6700 kr. á dag.
2. Við fiskveiðar í ís, þegar landað er innanlands, 5400 kr. á dag.
3. Við fiskveiðar í ís, þegar landað er erlendis, 4000 kr. á dag.

Þessu til viðbótar skal greiða togurum þeim, er komu til landsins eftir 1949, 600 kr. fyrir hvern dag, sem skipinu er sannanlega haldið til veiða.

18. gr. hljóðar svo:

Útflutningssjóður skal greiða vátryggingariðgjöld fiskibáta fyrir tímabilið 1. jan. til 14. maí 1958. Skal greiða ½ ársiðgjald, svo framarlega sem bátnum hefur verið haldið úti a. m. k. 3½ mánuð á þessu tímabili, en sé úthaldstíminn styttri, lækkar greiðslan hlutfallslega.

Þá er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að útflutningssjóður greiði vátryggingariðgjöld fiskibáta fyrir tímabilið 15. maí til 31. des. 1958. Sé þessi heimild notuð, skal greiða fullt ársiðgjald samkvæmt henni og 1. mgr. þessarar greinar, ef úthaldstími bátsins á árinu 1958 er 9 mánuðir eða lengri. Sé úthaldstíminn skemmri, lækkar iðgjaldsgreiðslan hlutfallslega.

Greiðslur samkvæmt þessari grein skulu aldrei nema hærri upphæð en svarar því nettó-iðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno“ hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.

26. gr. hljóðar svo:

Þóknun, gjöld, vextir og þ. u. l., er hérlendir bankar greiða erlendum viðskiptabönkum beinlínis vegna þjónustu við einstaka viðskiptamenn sína, er undanþegið yfirfærslugjaldi. Á sama hátt skal eigi greiða yfirfærslubætur á slíkar greiðslur erlendra viðskiptabanka til hérlendra banka.

Vextir af erlendum yfirdráttarlánum og öðrum erlendum lausaskuldum þeirra banka, er verzla með erlendan gjaldeyri, skulu vera undanþegnir yfirfærslugjaldi. Á sama hátt skal eigi greiða yfirfærslubætur á vaxtatekjur þessara banka af erlendum innstæðum og verðbréfum.

Allar greiðslur hérlendra banka til útlanda til eigin þarfa aðrar en þær, er um ræðir í 2. mgr. þessarar gr., eru háðar yfirfærslugjaldi, og á sama hátt skal greiða yfirfærslubætur á samsvarandi greiðslur erlendis frá til hérlendra banka.

32. gr. hljóðar svo:

Vinnulaun erlendra ríkisborgara hér á landi til 1. júní 1958 skulu vera undanþegin yfirfærslugjaldi samkvæmt 21. gr. Umsóknir um yfirfærslu vinnulauna án yfirfærslugjalds skulu hafa borizt Innflutningsskrifstofunni fyrir lok júnímánaðar 1958. Eftir þann tíma skal ekki veita nein gjaldeyrisleyfi fyrir vinnulaunum án yfirfærslugjalds.

53. gr. hljóðar svo:

Grunnupphæðir lífeyris úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld til, skulu hækka um 5% frá 1. júní 1958. Sama gildir um greiðslur til einstaklinga á 18. gr. fjárlaga.

Frá 1. júní 1958 skulu bótaupphæðir þær, sem ákveðnar eru í II. kafla laga nr. 24 1956, um almannatryggingar, svo og í 37. og 38. gr. sömu laga, hækka um 5%. Sama gildir um bætur samkv. lögum nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar.

56. gr. hljóðar svo:

Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að hækka verð á mjólk til bænda frá 1. júní 1958 svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara fyrir framleiðsluárið 1957—58 hækki um 5%.

Við útreikning á verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara 1958 samkvæmt II. kafla laga nr. 94 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., skulu laun bónda og verkafólks hans ákveðin 5% hærri en þau hefðu orðið, ef ekki hefði verið ákveðin 5% hækkun á grunnlaunum samkv. 52. gr.

Nd. 575. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera vélstjóri á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 32. gr.

2. gr.

Upphaf 32. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt vélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 34. gr.

4. gr.

1. Upphaf 34. gr. laganna orðist svo:

   Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem:

   a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 100 hestafla vél eða sem vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi í 24 mánuði.

2. Aftan við 34. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

   Hver sá, sem réttindi hefur til að vera undir- eða yfirvélstjóri á mótorskipi með allt að 400 hestafla vél, skal og hafa sömu réttindi til vélstjórnar við vél, sem stærri kann að vera, ef um er að ræða vélstjórn á fiskiskipi, sem er 115 rúmlestir að stærð eða minna.

5. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku fiskiskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem um ræðir í 36. gr.

6. gr.

Upphaf 36. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt undirvélstjóraskírteini á fiskiskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

a. hefur staðizt hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands;
b. hefur siglt sem yfirvélstjóri á skipi með yfir 100 hestafla vél í 24 mánuði.

7. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 38. gr.

8. gr.

Upphaf 38. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á fiskiskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, sem:

a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði, eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 36. gr.

9. gr.

Fyrir „1300“ í 39. gr. laganna komi: 1800.

10. gr.

Fyrir „1300“ í 40. gr. laganna komi: 1800.

11. gr.

Fyrir „1300“ í 41. gr. laganna komi: 1800.

12. gr.

Fyrir „1300“ á tveimur stöðum í fyrsta málsl. 42. gr. laganna komi: 1800.

13. gr.

Fyrir „1300“ í 43. gr. laganna komi: 1800.

14. gr.

Upphaf 44. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með yfir 1800 hestafla vél, sem:

a. hefur eftir að hafa öðlazt rétt til skírteinis þess, sem um ræðir í 42. gr., siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél í 24 mánuði, þar af annar vélstjóri í 12 mánuði, eða yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði og sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 1800 hestafla vél í 12 mánuði.

15. gr.

1. Fyrir „50“ í b-lið 48. gr. laganna komi: 100.
2. Fyrir „50“ í c-lið sömu greinar komi: 100.
3. Fyrir „250“ í c-lið sömu greinar komi: 400.
4. Fyrir „250“ í d-lið sömu greinar komi: 400.
5. Fyrir „400“ í d-lið sömu greinar komi: 900.
6. e-liður sömu greinar orðist svo:

Á fiskiskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla (mótor)vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 38. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 36. gr., og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 36. gr. Sé skipið verzlunar- eða varðskip með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla mótorvél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 42. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr., og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr.

Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal að auki vera á því einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr.

16. gr.

Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa vélstjóraskírteini eða prófskírteini frá Vélskólanum í Reykjavík eða frá mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, skulu eiga rétt á að fá útgefin ný vélstjóraskírteini í samræmi við ákvæði þessara laga, en í engu skulu lög þessi skerða þann rétt, sem vélstjóri átti fyrir gildistöku þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin lætur endurskoða ákvæði laga um menntun og réttindi vélstjóra, og sé þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi. Við endurskoðunina skal hafa samráð við Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Mótorvélstjórafélag Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna.

Ed. 576. Þingsályktun [191. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 551.

Sþ. 577. Skýrsla

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A. **Skýrsla um tekjur og gjöld frá 1. jan. 1955 til 31. des. 1956.**

Tekjur:

1. Eign 1. janúar 1955:			
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands	kr.	14000.00	
Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
Verðbréf með ríkisábyrgð	—	5000.00	
Sparisjóðsinnstæða	—	6213.79	
			kr. 28213.79
2. Vextir:			
Af veðdeildarbréfum	kr.	1400.00	
— ríkisskuldabréfum	—	300.00	
— verðbréfum með ríkisábyrgð	—	650.00	
— sparisjóðsinnstæðu	—	680.46	
			— 3030.46
			Kr. 31244.25

Gjöld:

1. Auglýsingakostnaður	kr.	427.20
2. Eign í árslok 1956:		
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands	—	14000.00
Ríkisskuldabréf	—	3000.00

Verðbréf með ríkisábyrgð	kr.	5000.00
Sparisjóðsinnstæða	—	8817.05
	Kr.	31244.25

Í menntamálaráðuneytinu, 23. október 1957.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

B. **Skýrsla frá verðlaunanefnd.**

Um störf verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar árin 1955 og 1956 er í stuttu máli það að segja, að hún auglýsti, svo sem venja hefur verið, eftir ritgerðum, er til greina gætu komið við úthlutun verðlauna úr gjafasjóðnum, sbr. meðfylgjandi auglýsingu, dags. 27. febr. 1956. Engin ritgerð eða umsókn barst nefndinni á tilskildum tíma, enda voru engin verðlaun veitt.

Reykjavík, 28. maí 1958.

F. h. nefndarinnar,
Þorkell Jóhannesson.

Nd. 578. Breytingartillögur [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Ásgeiri Sigurðssyni.

1. Við 4. gr. a-liður orðist svo:
   a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 100 hestafla vél í 24 mánuði eða sem vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi yfir 12 smálestir í 24 mánuði.
2. Við 6. gr. a-liður orðist svo:
   a. hefur staðizt próf frá yngri deild vélskólans í Reykjavík eða staðizt hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands.

Ed. 579. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd Ed. vann að athugun frumvarpsins með fjárhagsnefnd Nd. og átti þátt í breytingartillögum, sem við það voru gerðar í Nd.

Að aflokinni 1. umr. um málið í Ed. tók fjárhagsnefnd Ed. frumvarpið, eins og Nd. hafði afgreitt það, til sérstakrar athugunar.

Bernharð Stefánsson, form. nefndarinnar, var fjarstaddur vegna veikinda, en í hans stað mætti Karl Kristjánsson.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins, og klofnaði nefndin í þrennt. Munu þrjú minni hluta nefndarálit verða lögð fram.

Undirritaðir leggja til, að frumvarpið verði samþykkt, m. a. af eftirfarandi ástæðum:

Frumvarpið miðar að því að stuðla að hallalausum rekstri útflutningsatvinnuveganna og ríkisbúskaparins. Óhjákvæmilegt er að gera nýjar ráðsafanir í þeim efnum, til þess að unnt sé að halda framleiðslustarfseminni áfram með eðlilegum hætti. Tekjur útflutningssjóðs, sem ákveðnar voru með lögum, er sett voru seint á árinu 1956, reyndust ekki nægar til þess að mæta þörfinni fyrir útflutningsuppbætur á s. l. ári, og þá varð einnig greiðsluhalli hjá ríkissjóði. Þá kom enn fremur fram fyrir síðustu áramót, að ekki varð hjá því komizt að auka aðstoðina við útflutningsframleiðsluna, t. d. togaraútgerðina og síldarútveginn, og meiri tekjuöflun því óhjákvæmileg.

Með ákvæðum frv. er stuðningurinn við atvinnuvegina gerður einfaldari og auðveldari í framkvæmd og aðstaða þeirra atvinnugreina, er afla gjaldeyris í þjóðarbúið, gerð jafnari en áður var. Gert er ráð fyrir, að allur atvinnurekstur, sem aflar gjaldeyris, fái greiddar útflutnings- eða yfirfærslubætur. Getur þetta orðið til þess að stuðla að fjölbreyttari framleiðslu til útflutnings og aukinni gjaldeyrisöflun, sem er mikil nauðsyn. Þá er og með ákvæðum frv. dregið úr því misræmi í verðlagi, sem hér hefur skapazt undanfarin ár, bæði milli erlendrar vöru og innlendrar og milli erlendra vörutegunda innbyrðis. En ráðstafanir til að minnka þetta ósamræmi munu verða til þess að bæta verulega aðstöðu ýmiss konar iðnaðar og annarra innlendra atvinnugreina í samkeppninni við erlenda vöru og þjónustu.

Alþingi, 28. maí 1958.

Karl Kristjánsson, form., frsm.
Björn Jónsson, fundaskr.

Ed. 580. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 21. gr. B-liður falli niður.
2. Við 31. gr. Í stað „55% yfirfærslugjald“ komi: 30% yfirfærslugjald.

Ed. 581. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Útflutningssjóður greiðir vinnslustöðvum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum verkun og útflutning afurða, sannanlega hækkun við að fullverka og koma í skip útflutningsafurðum, sem framleiddar hafa verið á tímabilinu frá 1. janúar til 14. maí 1958, umfram það, sem slíkur kostnaður hefði numið fyrir 14. maí þ. á.

2. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
Frá 1. janúar til 31. desember 1958 skal greiða vátryggingariðgjöld fiskibáta úr útflutningssjóði. Þó skal sjóðurinn aldrei greiða hærri upphæð en svarar því nettó-iðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno“ hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.

Ed. 582. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur rætt og yfirfarið frumvarp þetta, fyrst ásamt fjárhagsnefnd Nd. og síðan á fundi sínum, eftir að málinu hafði verið vísað til þessarar hv. deildar. Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður hafði sérstöðu til höfuðstefnu frv., sem nú skal nánar tilgreind:

Á undanförnum tveim árum hafa fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar átt þess kost að ræða fyrirætlanir hv. núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum, þegar slík frumvörp hafa verið á frumstigi. Við þær aðstæður telja verkalýðssamtökin, að þau hafi fengið ýmsu þokað í rétta átt fyrir hag og heill launþega.

Við samningu þessa frumvarps var þessu allt annan veg farið. Þegar þar til kjörnir fulltrúar síðasta þings Alþýðusambandsins komu saman til þess að ræða málið, reyndist það fullfrágengið og þess því ekki kostur að fá þar nokkrar breytingar á. Við umræður hér á hv. Alþingi hefur reynslan orðið sú sama, þegar frá eru teknar örfáar minni háttar breytingar, sem nánast eru leiðréttingar.

Enn fremur hefur reynzt ógerlegt að fá nokkur fullnægjandi svör við því, hvernig fyrirhugað er að mæta þeirri stórlega auknu rekstrarfjárþörf til handverks og verksmiðjuiðnaðar, sem af samþykkt þessa frumvarps leiðir. Hið sama gildir um aukið lánsfé til íbúðarhúsabygginga, svo að nokkuð sé nefnt.

Við fyrrnefnda athugun í fulltrúahópi verkalýðssamtakanna leyndi sér ekki, að velflestir fulltrúar fjölmennustu verkalýðsfélaganna voru andvígir framgangi þessa frumvarps í núverandi mynd og vitnuðu þar til áður samþykktrar stefnu síðasta þings Alþýðusambandsins, sem gerð var þar í einu hljóði.

Þing þetta lýsti því m. a. yfir, að gengislækkun eða aðrar hliðstæðar ráðstafanir kæmu ekki til mála sem úrlausn efnahagsmálanna. Fram hjá þeirri staðreynd verður og vart komizt, að þær ráðstafanir, sem í frumvarpi þessu felast, hljóta að hafa á ýmsan hátt hliðstæð áhrif og gengislækkun.

Víxlun sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir á næstu 9 vísitölustigum og 5% grunnkaupshækkun, virðist hins vegar munu koma í veg fyrir almenna kjaraskerðingu næstu mánuði, en fljótlega þar á eftir munu merkin sjást.

Persónulega tel ég þessa aðferð um lögboðna kauphækkun varhugaverða. En um það atriði hafði miðstjórn Alþýðusambandsins sérstaklega fjallað, áður en fyrrnefndur fulltrúafundur var kvaddur saman, og samþykkt þá ráðstöfun án tillits til annarra ákvæða frumvarpsins.

Alvarlegast verður þó að telja þá grundvallarstefnubreytingu, sem frumvarp þetta felur í sér, þ. e. að horfið er frá þeirri stöðvunarstefnu, sem verkalýðssamtökin höfðu fagnað og lýst fylgi sínu við allt frá vinnudeilunni 1952 og síðasta Alþýðusambandsþing lagði sérstaka áherzlu á að farin yrði.

Það er því augljóst, að þrátt fyrir nauman meiri hluta í áðurnefndum fulltrúahóp verkalýðssamtakanna fyrir þeirri stefnu, að á móti ráðstöfunum þessa frumvarps skyldi ekki unnið, þá eru þær ekki í samræmi við það, er síðasta þing alþýðusamtakanna fól þessum aðilum að semja um.

Með því, sem ég hér hef sagt, ætla ég það vera ljóst, að ég er andvígur frv. og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 28. maí 1958.

Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 583. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar.

Enda þótt Íslendinga greini á um margt, mun það þó naumast valda ágreiningi, að hallarekstur íslenzkra framleiðslutækja sé mesta meinsemd efnahagslífs þjóðarinnar í dag. Orsakir þessa hallarekstrar eru að sjálfsögðu fleiri en ein. En meginástæða hans er of hár framleiðslukostnaður, sem aftur sprettur af því, að of mikils hefur verið krafizt af atvinnuvegum þjóðarinnar. Þjóðin hefur ekki gætt þess sem skyldi að miða lífskjör sín við raunverulegan arð af atvinnutækjum sínum til lands og sjávar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur jafnan lagt megináherzlu á að gera þjóðinni þetta ljóst. Það kom í hans hlut haustið 1949 að mynda minnihlutastjórn í landinu, þegar hallarekstur atvinnutækjanna og styrkja- og uppbótastefnan var komin á það stig, að augljóst var orðið, að ókleift var að halda áfram á sömu braut. Þessi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins fól færustu hagfræðingum að kryfja allt ástand efnahagsmálanna til mergjar, gera samanburð á þeim leiðum, sem til greina kæmu til úrbóta, og leggja að lokum fram tillögur um þau úrræði, sem skynsamlegust væri talin og auðveldust í framkvæmd.

Þegar tillögur hinna sérfróðu manna lágu fyrir, lagði ríkisstjórnin þær fyrir Alþingi, og samkomulag tókst um þær meðal mikils meiri hluta þingmanna. Var síðan mynduð ný ríkisstjórn, sem framkvæmdi þessar efnahagsmálatillögur, er miðuðu að því að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum, um leið og rekstur bjargræðisvega þjóðarinnar var tryggður. Árangurinn af þessum viðreisnarráðstöfunum varð í stuttu máli sá, að unnt reyndist að útrýma greiðsluhallabúskap ríkissjóðs, tryggja þróttmikinn rekstur atvinnutækjanna, auka útflutningsframleiðsluna og halda uppi fjölþættum framkvæmdum í landinu. Jafnhliða jókst sparnaður verulega meðal almennings, og aukin sparifjármyndun í bönkum og sparisjóðum gerði mögulegt að ráðast í ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir í landinu.

Allt fram til ársins 1955 tókst að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum í skjóli viðreisnarráðstafananna frá 1950. Eftir að áhrifum Kóreustríðsins linnti, tókst að halda dýrtíðinni nokkurn veginn í skefjum. Þannig var til dæmis vísitalan óbreytt allt frá október 1952 til maímánaðar 1955.

En á öndverðu ári 1955 urðu þáttaskil í íslenzkum efnahagsmálum. Þá voru undir forustu kommúnista hafin pólitísk verkföll, sem fyrst og fremst stefndu að því að eyðileggja jafnvægisstefnu ríkisstjórnarinnar og ryðja kommúnistaflokknum braut til valda. Árangur hinna pólitísku verkfalla varð m. a. rúmlega 20% almenn kauphækkun á árinu 1955. Hafði það í för með sér stóraukinn hallarekstur hjá útflutningsframleiðslunni og raunar öllum atvinnurekstri í landinu. Um áramótin 1955—56 neyddist því þáverandi ríkisstjórn til þess að gera nýjar ráðstafanir til þess að tryggja rekstur fiskiskipaflotans og lagði í því skyni á nýja skatta og tolla, sem talið var að næmu um 150 millj. kr. á árinu 1956.

Af þessu er auðsætt, að viðnámsstefnan gegn dýrtíð og verðbólgu var brotin á bak aftur af hálfu kommúnista og bandamanna þeirra á árinu 1955.

Næsti áfangi var svo sá, að ný ríkisstjórn var mynduð á miðju ári 1956. Hét hún því að leysa vandamál efnahagslífsins að „nýjum leiðum“ og með „varanlegum úrræðum“.

Síðan þetta fyrirheit var gefið eru nú liðin nær tvö ár. Engar tillögur um ný og varanleg úrræði hafa komið frá ríkisstjórninni. Eina úrræði hennar var 300 millj. kr. nýjar skattaálögur um áramótin 1956—57. Var því þá lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar, að hér væri um algerar bráðabirgðaráðstafanir að ræða.

En allt árið 1957 og rúmlega fjórðungur ársins 1958 leið, án þess að nokkrar nýjar tillögur kæmu frá ríkisstjórninni um varanleg úrræði í efnahagsmálunum. Málgögn stjórnarflokkanna lýstu því aðeins yfir, að uppbóta- og styrkjastefnan hefði gengið sér gersamlega til húðar og óhjákvæmilegt væri að hverfa frá henni hið fyrsta. Eitt af málgögnum ríkisstjórnarinnar lýsti því yfir sem greinilegu dæmi um fánýti þeirrar stefnu, sem ríkisstjórnin hafði fylgt í efnahagsmálum, að góð síldveiði eða hagstæð grasspretta mundu gera íslenzka ríkið gjaldþrota, ef fylgt yrði óbreyttri stefnu í efnahagsmálunum.

Nú hefur ríkisstjórnin hins vegar lagt fram frumvarp það, sem hér liggur fyrir, um útflutningssjóð o. fl. Af því er augljóst, að ríkisstjórnin hefur gefizt upp á að finna nýjar leiðir og varanleg úrræði í efnahagsmálunum, eins og hún þó hafði lofað þjóðinni við valdatöku sína.

Í frumvarpi þessu felst fyrst og fremst þetta:

1) Gert er ráð fyrir, að núgildandi styrkja- og uppbótakerfi verði haldið áfram.

2) Viðurkennt er, að gengi íslenzku krónunnar sé fallið og dulbúin gengislækkun framkvæmd, þar sem engar gjaldeyrisyfirfærslur mega í framtíðinni fara fram á skráðu gengi nema þær, er snerta viðskipti við varnarliðið.

3) Lagðar eru á þjóðina stórfelldar nýjar álögur, sem ætla má að muni nema allt að 790 millj. kr. á ári.

4) Lögfest er nýtt kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags, þar sem ákveðið er, að allt almennt kaupgjald skuli hækka um ákveðinn hundraðshluta og jafnframt skuli tilteknar innlendar afurðir hækka í verði frá 1. júní.

Af frumvarpi þessu er auðsætt, að enda þótt niðurstaðan hafi orðið sú, að ríkisstjórnin hafi hallazt að uppbótaleiðinni áfram, er hún þó í raun og veru stefnulaus gagnvart vandamálum efnahagslífsins. Frumvarp hennar felur í sér greinilega viðurkenningu á því, að gengi íslenzkrar krónu sé fallið. Viðurkenningu sína á þessu kýs stjórnin þó að dulbúa. Úr frumvarpi hennar verður því hreinn óskapnaður, sambland af uppbótakerfi og gengislækkun.

Sjálfstæðismenn telja því, að í frumvarpi þessu felist síður en svo nokkur lausn á efnahagsvandamálum þjóðarinnar. Af samþykkt þess hlýtur að leiða stóraukna dýrtíð og verðbólgu á næstu mánuðum, eins og viðurkennt hefur verið af sjálfum málsvörum ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Hallarekstri atvinnutækjanna, sem er höfuðmeinsemd efnahagslífs okkar, verður ekki útrýmt með því að auka eyðslu og lögbjóða nýtt kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags, eins og er gert í frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þvert á móti verður það aðeins gert með því, að þjóðin geri sér ljóst, hvar hún stendur, og miði kröfur sínar og eyðslu við raunverulega greiðslugetu framleiðslutækja sinna. Án þess að gera sér þessa meginstaðreynd ljósa, getur engin ríkisstjórn haft forustu um skynsamlegar tillögur til lausnar íslenzkum efnahagsvandamálum.

Af undirtektum fjölda verkalýðsfélaga við frumvarp ríkisstjórnarinnar er auðsætt, að verkalýðshreyfingin er yfirleitt mjög andvíg úrræðum þess. Hafði þó ríkisstjórnin lýst því yfir, að það væri höfuðáhugamál hennar að leysa efnahagsvandamálin í samráði við verkalýðssamtökin.

Hér fer á eftir skrá yfir þau verkalýðsfélög í Reykjavík og nágrenni, sem þegar hafa mótmælt frumvarpinu:

1. Félag járniðnaðarmanna, Rvík.
2. Iðja, félag verksmiðjufólks, Rvík.

3. Félag íslenzkra rafvirkja.
4. Múrarafélag Reykjavíkur.
5. Bifreiðastjórafélagið Hreyfill.
6. Vörubílstjórafélagið Þróttur.
7. Trésmiðafélag Reykjavíkur.
8. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur.
9. Landssamband íslenzkra verzlunarmanna.
10. Hið íslenzka prentarafélag.
11. Félag íslenzkra prentmyndasmiða.
12. Sveinafélag skipasmiða.
13. Landssamband vörubifreiðastjóra.
14. Bifreiðastjórafélagið Neisti, Hafnarfirði.
15. Bifreiðastjórafélagið Fylkir, Keflavík.
16. Samband matreiðslu- og framreiðslumanna.

Frá mörgum öðrum hagsmunasamtökum og samtökum framleiðenda hafa Alþingi einnig borizt mótmæli gegn frumvarpinu. Má meðal þeirra nefna Landssamband ísl. útvegsmanna, sem lýsir því yfir í bréfi til Alþingis, að stöðvun fiskiskipaflotans liggi við borð, ef frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt í aðalatriðum; ekkert samkomulag við samtökin hafi verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar, áður en málið var flutt.

Enda þótt 3. minni hl. fjárhagsnefndar telji, að breyta þyrfti þessu frumvarpi í þýðingarmiklum atriðum, flytjum við engar breytingartillögur varðandi meginefni og stefnu frv., enda hefur enginn tími gefizt til þess að undirbúa flutning þeirra á þeim örskamma tíma, sem nefndin hefur haft málið til meðferðar.

Fyrir nokkrum breytingartillögum, er við flytjum, verður gerð nánari grein í framsögu.

Minni hlutinn telur sig af framangreindum ástæðum ekki geta mælt með samþykkt frv. þessa.

Alþingi, 28. maí 1958.

Sigurður Bjarnason, frsm. Gunnar Thoroddsen.

Ed. 584. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar (SB, GTh).

1. Við 21. gr.
   a. B-liður falli niður.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Yfirfærslur fyrir námskostnaði og sjúkrakostnaði skulu undanþegnar yfirfærslugjaldi.
2. Við 36. gr. Aftan við greinina bætist:
   eða öðrum hráefnum til iðnaðar, ef hún telur það nauðsynlegt vegna afkomu einstakra iðngreina.
3. Við 40. gr. Á eftir 1. málslið síðari málsgreinar komi:
   Enn fremur er undanþegin gjaldi þessu:
   a. Efnivara, sem iðnaðarmenn og iðnfyrirtæki selja í sambandi við iðn sína.
   b. Vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum.
4. Við 43. gr. Í stað orðanna „með 150% álagi“ komi: með 100% álagi.

Ed. 585. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá Friðjóni Þórðarsyni og Sigurði Ó. Ólafssyni.

Við 32. gr.

a. Á eftir 1. málsl. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Sama gildir til 1. nóv. 1958 um vinnulaun erlendra ríkisborgara, sem fyrir gildistöku laga þessara hafa verið ráðnir til landbúnaðarstarfa.
b. Aftan við síðasta málsl. bætist: sbr. þó 2. málsl. þessarar greinar.

Sþ. 586. Nefndarálit [137. mál]

um till. til þál. um endurskoðun löggjafar um stjórnarráð Íslands.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og er sammála um nauðsyn þess, að endurskoðuð verði gildandi löggjöf um stjórnarráðið. Hins vegar telur nefndin ekki ástæðu til að kjósa sérstaka nefnd til þess að annast endurskoðun þessa. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á löggjöf um stjórnarráð Íslands og leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp um þetta efni, svo fljótt sem verða má.

Einn nefndarmanna (SvbH) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 29. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Jón Kjartansson.	Karl Kristjánsson.	Halldór E. Sigurðsson.
Friðjón Skarphéðinsson.	Pétur Ottesen.	

Nd. 587. Lög [169. mál]

um breyting á lögum nr. 30 24. marz 1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi.

(Afgreidd frá Nd. 29. maí.)

Samhljóða þskj. 466.

Nd. 588. Lög [150. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Nd. 29. maí.)

Samhljóða þskj. 575.

Sþ. 589. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ríkisábyrgð á láni til kaupa og stækkunar á Hótel Borg í Reykjavík.

(Lögð fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

Ríkisstjórninni er heimilt gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita hlutafélagi, sem fyrirhugað er að stofna til að kaupa og reka Hótel Borg í Reykjavík, ríkisábyrgð á láni, allt að 10 millj. króna, til kaupanna og stækkunar á hótelinu.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Fyrir nokkru mun núverandi eigandi að Hótel Borg hafa ákveðið að hætta hótelrekstri og selja hótelið. Mun hafa komið til mála, að húsið yrði selt til annarrar notkunar en hótelrekstrar, ef ekki fengjust kaupendur, sem teldu sér fært að reka þar gistihús.

Er augljóst, eins og gistihúsamálum er nú háttað í höfuðstaðnum, að af slíku mundi leiða hið mesta vandræðaástand. Verður því að telja það þjóðfélagslega nauðsyn, að Hótel Borg verði áfram rekið sem gistihús.

Tveir reyndir menn í hótelrekstri, þeir Pétur Daníelsson hótelstjóri og Ragnar Guðlaugsson veitingamaður, hafa nú fyrirætlanir um kaup á hótelinu í því skyni að stækka það nokkuð og reka það áfram sem gistihús, og munu þeir ætla að stofna hlutafélag um það. Þeim mun ókleift að ráðast í þessi kaup og stækkun á hótelinu nema fá til þess lán, sem þeir telja ekki fáanlegt, nema ábyrgð ríkissjóðs komi til.

Ríkisstjórnin vill fyrir sitt leyti greiða fyrir þessu máli og leggur því til, að veitt sé af hálfu ríkisins sú aðstoð, sem felst í þessari þingsályktunartillögu.

Sþ. 590. Nefndarálit [141. mál]

um till. til þál. um afnám tekjuskatts.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin tók þetta mál fyrir á nokkrum fundum. Skattstjórinn í Reykjavík mætti á fundi hjá nefndinni til viðræðna um málið. Nefndin hefur ekki orðið einhuga um afgreiðslu málsins. Minni hlutinn, Friðjón Skarphéðinsson, Pétur Ottesen, Magnús Jónsson og Jón Kjartansson, leggur til að tillagan verði samþykkt, en undirritaðir, sem eru meiri hluti nefndarinnar, leggja til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Enda þótt í tillögunni felist ekki ákvörðun um niðurfellingu tekjuskatts, heldur aðeins athugun á því, teljum við ekki rétt, að Alþingi samþykki tillöguna, þar sem ekki felst í henni nein ábending um það, á hvern hátt ríkissjóði yrði bættur tekjumissir sá, er af því mundi leiða að fella tekjuskattinn alveg niður.

Meiri hlutinn telur eðlilegt, að hver ríkisstjórn marki stefnu um það, á hvern hátt þess fjár verði aflað, sem ríkissjóður þarfnast; vegna þessa eigi ríkisstjórnin að fjalla um þetta mál og hafa forustu um það, ef æskilegt og fært er talið að hverfa frá þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið um tekjuöflun ríkisins.

Alþingi, 29. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Halldór E. Sigurðsson, frsm.

Karl Kristjánsson. Sveinbj. Högnason.

Ed. 591. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um lífeyrissjóð togarasjómanna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frv. á tveim fundum. Á síðari fundinum mætti Guðjón Hansen tryggingafræðingur. Mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Í stað „23. gr. þeirra laga“ í lok greinarinnar komi: 22. gr. þeirra laga.
2. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Ellilífeyrir:	Starfstími:	Ellilífeyrir:
10 ár	10 %	21 ár	32 %
11 —	12 —	22 —	34 —
12 —	14 —	23 —	36 —
13 —	16 —	24 —	38 —
14 —	18 —	25 —	40 —
15 —	20 —	26 —	42 —
16 —	22 —	27 —	44 —
17 —	24 —	28 —	46 —
18 —	26 —	29 —	48 —
19 —	28 —	30 — eða lengur	50 —
20 —	30 —		

Það telst eitt starfsár samkvæmt grein þessari, hafi sjóðfélagi tekið laun sem togarasjómaður 9 mánuði eða meira á sama almanaksári.

Upphæð ellilífeyris má aldrei nema meiru en 75% af meðallaunum togarasjómanna á hverjum tíma í sams konar starfi og því, er sjóðfélaginn lét af.

3. Við 13. gr. 3. málsgr. greinarinnar orðist þannig:

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaunum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 0.75% af meðalárslaunum, unz hámarkinu 35% af meðalárslaunum er náð, eftir 30 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af meðaltekjum manna í sömu starfsgrein á hverjum tíma.

Alþingi, 29. maí 1958.

Alfreð Gíslason, form., frsm. Karl Kristjánsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.
Sigurður Ó. Ólafsson. Friðjón Þórðarson.

Ed. 592. Lög [186. mál]

um útflutningssjóð o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 29. maí.)

Samhljóða þskj. 574 (sbr. 492).

Sþ. 593. Þingsályktun [173. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmark félagslegs öryggis.

(Afgreidd frá Sþ. 30. maí.)

Samhljóða þskj. 395.

Sþ. 594. Þingsályktun [42. mál]

um, að myndastytta af Ingólfi Arnarsyni verði reist í Rivedal í Noregi.

(Afgreidd frá Sþ. 30. maí.)

Samhljóða þskj. 63.

Sþ. 595. Þingsályktun [60. mál]

um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs.

(Afgreidd frá Sþ. 30. maí.)

Samhljóða þskj. 97.

Sþ. 596. Þingsályktun [180. mál]

um að láta breyta vegakerfi á Þingvöllum.

(Afgreidd frá Sþ. 30. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hefjast handa — í samráði við vegamálastjóra og Þingvallanefnd — um vegagerð á Þingvöllum, svo fljótt sem auðið er, þannig að unnt verði að hætta allri bílaumferð um Almannagjá.

Sþ. 597. Þingsályktun [54. mál]

um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna.

(Afgreidd frá Sþ. 30. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lagaákvæðum og stjórnarákvörðunum um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna og leggja fyrir Alþingi tillögur til breytinga, eftir því sem ástæða þykir til, að endurskoðun lokinni. Gefa skal fulltrúum frá þingum landsfjórðunganna og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga — einum frá hverjum þessara aðila — kost á að taka þátt í endurskoðuninni.

Ed. 598. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 3. töluliður greinarinnar orðist svo:
   Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 25 kr. á legudag.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Alþingi, 30. maí 1958.

Alfreð Gíslason, form., frsm. Karl Kristjánsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.
Eggert G. Þorsteinsson. Friðjón Þórðarson.

Ed. 599. Breytingartillaga [136. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá félagsmálaráðherra.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

4. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Félagsmálaráðherra skipar húsnæðismálastofnun ríkisins framkvæmdarstjóra, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, og ákveður honum laun. Einnig ákveður ráðherrann þóknun til húsnæðismálastjórnar. Framkvæmdarstjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar. Hann ræður starfsmenn stofnunarinnar með samþykki ráðherra.

Sþ. 600. Þingsályktun [141. mál]

um afnám tekjuskatts.

(Afgreidd frá Sþ. 30. maí.)

Samhljóða þskj. 278.

Sþ. 601. Þingsályktun [129. mál]

um rannsókn á möguleikum til að stytta landleiðina frá Reykjavík um Borgarfjarðarhérað til Vestur- og Norðurlands.

(Afgreidd frá Sþ. 30. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að vegagerð ríkisins láti fram fara rannsókn á því, á hvern hátt unnt sé að stytta landleiðina frá Reykja-

vík til Borgarfjarðarhéraðs og Vestur- og Norðurlands. Skal í því sambandi meðal annars athuga möguleika á framkvæmd og kostnaði við endurbót á veginum um framanverðan Svínadal og Geldingadraga, brúargerð yfir Borgarfjörð milli Seleyrar og Borgarness og að komið yrði á ferju yfir Hvalfjörð milli Hvalfjarðareyrar og Kataness.

Sþ. 602. Þingsályktun [137. mál]

um endurskoðun löggjafar um stjórnarráð Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 30. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á löggjöf um stjórnarráð Íslands og leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp um þetta efni, svo fljótt sem verða má.

Sþ. 603. Þingsályktun [179. mál]

um styrk til útgerðarfélags flóabátsins Baldurs.

(Afgreidd frá Sþ. 30. maí.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða útgerðarfélagi flóabátsins Baldurs, SH-106, kr. 100 000.00 sem viðbótarstyrk vegna endurbóta.

Ed. 604. Frumvarp til laga [187. mál]

um lífeyrissjóð togarasjómanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 501 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:
Réttindi þau, er togarasjómenn öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli-, örorku- eða barnalífeyris, slysa- eða dánarbóta samkvæmt lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, sbr. 22. gr. þeirra laga.

11. gr. hljóðar svo:
Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.
Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Ellilífeyrir:	Starfstími:	Ellilífeyrir:
10 ár	10 %	14 —	18 —
11 —	12 —	15 —	20 —
12 —	14 —	16 —	22 —
13 —	16 —	17 —	24 —

Starfstími:	Ellilífeyrir:	Starfstími:	Ellilífeyrir:
18 ár	26 %	25 ár	40 %
19 —	28 —	26 —	42 —
20 —	30 —	27 —	44 —
21 —	32 —	28 —	46 —
22 —	34 —	29 —	48 —
23 —	36 —	30 — eða lengur	50 —
24 —	38 —		

Það telst eitt starfsár samkvæmt grein þessari, hafi sjóðfélagi tekið laun sem togarasjómaður 9 mánuði eða meira á sama almanaksári.

Upphæð ellilífeyris má aldrei nema meiru en 75% af meðallaunum togarasjómanna á hverjum tíma í sams konar starfi og því, er sjóðfélaginn lét af.

13. gr. hljóðar svo:

Nú andast sjóðfélagi, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða með vöxtum til eftirlifandi maka hans iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaunum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 0.75% af meðalárslaunum, unz hámarkinu 35% af meðalárslaunum er náð, eftir 30 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af meðaltekjum manna í sömu starfsgrein á hverjum tíma.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort hinn eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

Ed. 605. Breytingartillaga [56. mál]

við frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Við 1. gr. Í stað „sveitarfélags“ í 1. og 2. tölulið komi á báðum stöðum: hreppsfélags.

Ed. 606. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega styrkur til sjúkrahúsa sem hér segir:

1. Almennt sjúkrahús bæjar-, sýslu eða hreppsfélags svo og einkasjúkrahús, sem áður hefur notið dagstyrkja úr ríkissjóði: 10 kr. á legudag.

2. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélags, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 15 kr. á legudag.

3. Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 25 kr. á legudag.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Sþ. 607. Nefndarálit [192. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ríkisábyrgð á láni fyrir Síldarbræðsluna h/f á Seyðisfirði til að ljúka endurbyggingu á verksmiðju félagsins.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundi sínum og mælir einróma með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 31. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr., frsm.	Pétur Ottesen.
Halldór E. Sigurðsson.	Karl Kristjánsson.	Jón Kjartansson.
Sveinbjörn Högnason.	Magnús Jónsson.	Friðjón Skarphéðinsson.

Sþ. 608. Nefndarálit [193. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ríkisábyrgð á láni til kaupa og stækkunar á Hótel Borg í Reykjavík.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hafði um málið tvær umræður og kynnti sér, eftir því sem hún taldi ástæðu til, ýmis atriði þess. Leggur hún að þeirri athugun lokinni ágreiningslaust til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 31. maí 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Sveinbjörn Högnason.	Jón Kjartansson.	Halldór E. Sigurðsson.
Magnús Jónsson.	Friðjón Skarphéðinsson.	Pétur Ottesen.

Ed. 609. Frumvarp til laga [194. mál]

um fræðslumyndasafn ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Yfirstjórn fræðslumyndasafns ríkisins er í höndum menntamálaráðuneytisins. Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn safnsins til fjögurra ára í senn, samkvæmt tillögum stjórna Sambands íslenzkra barnakennara, Landssambands framhaldsskólakennara, Menntamálaráðs Íslands og útvarpsráðs, en ráðherra skipar formann safnstjórnar án tilnefningar. Ef stjórnarmaður forfallast eða lætur af störfum, skal skipa mann í stjórnina á sama hátt.

Forstöðumaður fræðslumyndasafns á sæti á fundum safnstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt. Getur hann skotið þeim ákvörðunum stjórnarinnar, er mjög varða fjárhag safnsins, undir úrskurð ráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk fræðslumyndasafns ríkisins er, eftir því sem við verður komið:

a. Að festa kaup á erlendum og innlendum kvikmyndum og kyrrmyndum í þágu fræðslumála og annarra menningarmála.
b. Að eignast tæki til fræðslumyndagerðar, svo og sýningartæki eftir þörfum, og leiðbeina fræðslustofnunum, er þess æskja, um val og útvegun sýningartækja.
c. Að lána skólum og öðrum fræðslustofnunum myndir og tæki til notkunar við kennslu. Enn fremur að lána þessum aðilum, svo og félögum, er hafa menningarmál á stefnuskrá sinni og standa öllum opin án tillits til stjórnmálaskoðana, myndir og tæki til afnota í sambandi við félags- og skemmtanalíf.
d. Að láta þýða eða gera íslenzkar skýringar við erlendar fræðslumyndir.
e. Að verja hluta af tekjum safnsins til útvegunar á hljómplötum og tónböndum til notkunar við fræðslu og félagslíf í skólum. Skal um þetta höfð samvinna við Ríkisútvarpið.
f. Að hafa samráð við Menntamálaráð Íslands um gerð fræðslu- og menningarmynda. Enn fremur getur safnið ráðizt í töku kynningarmynda um einstaka þætti atvinnulífs og félagslífs og er heimilt að semja við stofnanir og samtök um fjárhagslega þátttöku slíkra aðila í myndagerðinni.
g. Að efla íslenzka fræðslumyndagerð á annan hátt — svo sem með því að styrkja efnilega menn til þess að afla sér þekkingar í þeim efnum, er safninu megi síðar að gagni verða.

3. gr.

Alþingi veitir í fjárlögum ár hvert fé til rekstrar safninu, og skal sú fjárveiting eigi vera lægri en sem svarar 4% af skemmtanaskatti umliðins árs. Stjórn safnsins gerir árlega áætlun um tekjur þess og gjöld, og skal fjárhagsáætlunin háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Enn fremur getur safnið aflað sér tekna með kvikmyndasýningum, og skulu þær sýningar undanþegnar skemmtanaskatti.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar forstöðumann safnsins, að fengnum tillögum safnstjórnar, og setur ráðuneytið honum erindisbréf og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Skal hann annast daglega stjórn safnsins. Hann skal árlega semja skýrslu um rekstur og hag safnsins og senda hana menntamálaráðu-

neytinu í lok hvers starfsárs. Reikningar safnsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Safnstjórnin ræður annað starfsfólk safnsins í samráði við forstöðumann, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett fyllri ákvæði um starfsemi og rekstur safnsins, meðal annars kveðið á um meðferð, vörzlu og útlán mynda og tækja og um myndasýningar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 1 21. janúar 1944, að svo miklu leyti sem þau fjalla um kennslukvikmyndir.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðuneytisins. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Einn nefndarmanna (FRV) var fjarverandi, er ákvörðun var tekin um flutning frumvarpsins.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Fyrstu lög, sem sett voru hér á landi um kennslukvikmyndir, eru frá árinu 1937, en nú gilda um þau efni lög nr. 1/1944, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir. Var kennslukvikmyndasafninu þar ákveðinn viss hluti skemmtanaskatts. Hlutdeild kennslukvikmyndasafns í skemmtanaskatti var breytt með lögum nr. 115/1951 og með lögum nr. 57/1957 er breytt til og kennslukvikmyndasafni eigi lengur ætlaðar tekjur af skemmtanaskatti. Í fjárlögum fyrir árið 1958 eru safninu ætlaðar kr. 250 000.00.

Fer hér á eftir yfirlit um tekjur og gjöld safnsins á árunum 1938—1955:

Ár	Tekjur	Kvikm. keyptar	Kvikm.-taka	Áhöld	Önnur gjöld	Samtals
1938—1939	8 625.69	264.03	„	1 364.48	684.00	2 312.53
1940	7 946.85	3 960.90	984.42	1 744.98	389.92	7 080.22
1941	11 892.48	3 110.41	964.20	2 027.14	444.95	6 546.80
1942	18 120.83	438.27	6 942.60	533.75	807.00	8 721.62
1943	36 162.41	1 115.93	2 046.54	627.30	652.50	4 442.27
1944	74 893.27	249.17	9 521.64	10 998.15	37.50	20 806.46
1945	162 991.62	19 897.75	948.65	2 700.00	12 857.18	36 403.58
1946	161 282.96	22 801.62	4 410.00	18 559.52	60 767.13	106 538.27
1947	174 818.69	15 903.57	„	11 320.51	33 505.62	60 729.70
1948	8 534.19	31 558.82	5 225.24	6 233.77	145 502.74	188 520.57
1949	373 001.83	121 505.88	2 038.00	21 026.86	138 308.64	282 879.38
1950	384 784.20	105 463.26	3 851.20	14 627.56	372 123.25	496 065.27
1951	271 404.51	86 236.08	5 765.37	65 634.93	96 960.79	254 597.17
1952	383 094.96	72 491.07	23 790.58	122 754.48	233 627.59	452 663.82
1953	243 119.35	34 696.37	41 725.62	42 295.74	150 957.11	269 674.84
1954	307 225.46	160 291.40	„	„	49 329.25	209 620.65
1955	188 587.12	117 118.49	„	11 332.30	82 198.69	210 694.48
Samtals kr.	2 816 486.42	797 103.04	108 214.06	333 780.57	1 379 153.86	2 618 251.53

Rétt er að geta þess, að í liðnum önnur gjöld eru fólgin öll starfslaun við safnið frá 1954, en fyrir þann tíma var slíkur kostnaður greiddur af skrifstofufé fræðslu-

málaskrifstofunnar. Árið 1956 voru tekjur safnsins kr. 186 590.53 (hluti af skemmtanask. ársins 1955), en gjöldin námu kr. 178 505.48. Gjöldin skiptust þannig:

Vinnulaun	kr. 77 471.26
Keyptar kvikmyndir	— 87 646.60
Flutningsgjöld	— 1 850.80
Tryggingar	— 5 377.25
Ýmis gjöld	— 6 159.57

Í safninu eru nú alls um 1070 kvikmyndir, þar af 27 íslenzkar. Flestar íslenzku myndanna eru í 2—3 eintökum, en flestar erlendu myndanna aðeins í einu eintaki. Verulegur hluti myndanna er orðinn svo slitinn, að þær þarf að endurnýja. Á það einkum við um skemmtimyndir.

Myndir safnsins skiptast þannig eftir efni:

Dýrafræði	127 myndir
Eðlisfræði	16 —
Félagsmál	113 —
Fréttamyndir	22 —
Grasafræði	21 —
Heilsufræði og líkamsfræði	95 —
Iðnaður og námugröftur	59 —
Íþróttir	63 —
Landafræði	250 —
Landbúnaður	36 —
Listir	29 —
Saga	37 —
Samgöngur	19 —
Skemmtimyndir	111 —
Trúmál	32 —
Tækni	32 —
Veiði	18 —

Notendur safnsins eru einkum skólar af öllum stigum. Um 120 skólar og 30 félög og stofnanir fá myndir lánaðar að staðaldri. Árið 1956 lánaði safnið alls 3273 myndir. Skiptust þær þannig eftir efni:

1955 skemmtimyndir,
1132 myndir um annað efni og
186 kyrrmyndir.

Kvikmyndasafnið hefur frá upphafi haft aðsetur í húsakynnum fræðslumálaskrifstofunnar. Er mjög þröngt um safnið í núverandi húsnæði, og stendur hið ófullnægjandi húsrými safninu fyrir þrifum, og ef sinna á að gagni þeim verkefnum, er safninu eru falin með þessu frumvarpi, verður að ráða bót á því.

Kennslutækni hefur fleygt fram á ýmsan hátt á undanförnum árum. Einn þáttur þeirrar þróunar er fólginn í því, að kvikmyndir og svonefndar myndræmur hafa á síðari árum í æ ríkari mæli verið teknar í þjónustu kennslutækninnar. Slíkar myndir stuðla að því að gera námsefnið lifandi og aðlaðandi fyrir nemendur og gera kleift að lýsa atburðum, náttúrufyrirbærum, vinnubrögðum og fleiru, sem erfitt eða ógerlegt væri að skýra nægilega vel með öðrum hætti.

Hljómplötur og tónbönd eru nú talin nauðsynleg hjálpargögn við kennslu, og nær ómissandi við kennslu tungumála og tónlistarfræðslu. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að fræðslumyndasafnið efli þenna þátt skólastarfsins eftir föngum, og er enn fremur nauðsynlegt, að notkun þessara kennslugagna verði skipulögð og samræmd.

Með þessu frumvarpi er fræðslumyndasafnið ekki einskorðað við skóla og kennslumál, enda þótt því sé ætlað að gegna mikilvægu og sívaxandi hlutverki í

þeim efnum. Eitt af því, sem torveldað hefur, að fræðslumyndasafnið gæti gegnt hlutverki sínu, er skortur á íslenzkum fræðslumyndum. Ýmsir einstaklingar hafa lítillega og af vanefnum fengizt við gerð slíkra mynda, en engin föst og skipuleg starfsemi af því tagi hefur náð að festa rætur. Fræðslumyndasafninu er nauðsyn, að íslenzk kvikmyndagerð verði efld á ákveðinn og skipulegan hátt. Eru með þessu frumvarpi lögð drög að því, að svo megi verða. Fræðslumyndasafnið ræður yfir nokkurri tækja- og áhaldaeign til kvikmyndagerðar, og stefna ber að því, að safninu bætist fullkomnari tækni og að því vaxi svo fiskur um hrygg, að því verði kleift að ráða í þjónustu sína hæfa kvikmyndagerðarmenn. Ýmsir íslenzkir áhugamenn hafa þegar náð býsna langt á þessu sviði, þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Hæfileika og reynslu þessara manna gæti fræðslumyndasafnið fært sér í nyt og stuðlað að því, að störf þessa dreifða hóps færist í skipulegra og markvissara horf.

Hinu má ekki gleyma, að kvikmyndagerð er margþætt og vandasöm listiðn og eigi verður til lengdar stuðzt við áhugamenn eingöngu. Því er gert ráð fyrir, að safnið geti styrkt efnilega menn til sérmenntunar í þessum efnum.

Efni í íslenzkar kvikmyndir mega heita ótæmandi. Nauðsynlegt er að kvikmynda ýmsa þjóðlífshætti og vinnubrögð, sem eru að hverfa með þjóðinni. Varðveita þarf lifandi myndir af brautryðjendum og öðrum merkum mönnum. Lítið sem ekkert hefur verið gert að því að taka kynningarmyndir vegna helztu framleiðsluvara okkar, og ætti að geta tekizt góð samvinna við framleiðendur og útflytjendur um gerð slíkra mynda, því að ekki mun fé, er þannig væri varið, á glæ kastað, svo mikið er auglýsinga- og áróðursgildi kvikmynda. Að sjálfsögðu þarf að gera fleiri landkynningarmyndir, og svo mætti lengi telja.

Einu atriði enn er rétt að vekja athygli á. Sjónvarp mun væntanlega halda hér innreið sína innan tíðar, svo sem raun hefur á orðið í mörgum öðrum löndum. Íslenzkt sjónvarp hlýtur að vísu að styðjast að miklu leyti við erlendar kvikmyndir á dagskrá sinni, en mikilsvert er, að hér skapist vísir að skipulegri íslenzkri kvikmyndagerð, og reyndar má telja það eitt af grundvallarskilyrðum fyrir rekstri íslenzks sjónvarps. Af kostnaðarsökum er fyrirsjáanlegt, að kvikmyndir verða megindagskrárefni íslenzka sjónvarpsins, og ódýrasta og heppilegasta innlenda sýningarefnið mundi þá væntanlega verða sýning 16 mm kvikmynda, einkum fréttamynda alls konar.

Hinn 8. júní 1955 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, nefnd til þess að semja frv. til laga um fræðslumyndasafn ríkisins. Í nefndinni áttu sæti: Ásgeir Pétursson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Einar Pálsson, leikari, og Pálmi Jósefsson, skólastjóri. Auk þess tók Aðalsteinn Eiríksson, námsstjóri, þátt í störfum nefndarinnar. Nefndin skilaði frv., ásamt grg., til ráðuneytisins hinn 18. sept. 1956.

Ráðuneytið hefur gert nokkrar breytingar á frv. nefndarinnar. Í stjórn safnsins hefur verið bætt fulltrúum tilnefndum af Menntamálaráði Íslands og útvarpsráði með tilliti til fyrirhugaðs samstarfs safnsins og þessara aðila. Svo er og bætt við ákvæði um aðstöðu forstöðumanns á safnstjórnarfundum. Þá er hlutverk safnsins ítarlegar rakið en gert var í frv. nefndarinnar, m. a. er nú tekið fram í frv., að kvikmyndagerð skuli vera meðal verkefna safnsins, en nefndin lét nægja að víkja að því efni í grg. Er safnstjórn heimilað að semja við stofnanir og samtök um fjárhagslega þátttöku slíkra aðila í þeirri starfsemi. Enn fremur er heimilað að styrkja menn til náms, sem safninu má að gagni verða. Nefndin gerði ráð fyrir, að fé til safnsins skyldi fengið af skemmtanaskattstekjum, en síðan frv. nefndarinnar var samið, hafa verið sett lög, er ráðstafa tekjum af skemmtanaskatti á annan veg, og bar því nauðsyn til að breyta þessu ákvæði. Samkvæmt frv., eins og það nú liggur fyrir, ákveður Alþingi í fjárlögum fjárveitingar til safnsins. — Aðalbreytingar ráðuneytisins eru m. ö. o. fólgnar í því, að hlutverk safnsins er gert víðtækara og verkefni þess fjölbreyttari, stjórn safnsins breytt og gert ráð fyrir framlagi í fjárlögum til

safnsins í stað tekna af skemmtanaskatti. Þá hefur grg. með frv. verið aukin og henni breytt í samræmi við breytingar ráðuneytisins og viðauka við frv.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Æskilegt er, að fulltrúar kennarasamtaka eigi sæti í stjórn safnsins. Þá er svo ráð fyrir gert, að menntamálaráð og ríkisútvarp eigi fulltrúa í safnstjórninni. Í lögum nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, er gert ráð fyrir, að tekjum menningarsjóðs skuli m. a. varið til stuðnings gerð íslenzkra menningar- og fræðslukvikmynda. Samvinna þyrfti því að takast milli fræðslumyndasafnsins og menntamálaráðs í þessu efni, og ætti seta fulltrúa af hálfu menntamálaráðs í stjórn safnsins að stuðla að því, að slík samvinna megi takast.

Um 2. gr.

Í greininni eru talin helztu viðfangsefni, sem safninu er ætlað að sinna. Er safninu að sjálfsögðu ætlað, svo sem verið hefur, að sjá skólum fyrir kennslukvikmyndum, enn fremur kyrrmyndum alls konar, en notkun slíkra mynda við kennslu hefur farið mikið í vöxt, og eru tæki til sýninga á slíkum myndum í vörzlu margra skóla.

Þá er lögð áherzla á, að safnið láti gera eða stuðli að gerð íslenzkra fræðslumynda, og er ætlazt til, að safnið eignist sjálft hæfileg tæki til kvikmyndagerðar, bæði til afnota fyrir fasta starfsmenn safnsins og kvikmyndagerðarmenn, er kynni að verða falin gerð einstakra kvikmynda. Einnig þarf að bæta húsnæðisaðstöðu safnsins, svo að því verði kleift að sinna kvikmyndagerð.

Safninu er enn fremur ætlað að verða til eflingar heilbrigðu félags- og skemmtanalífi í skólum og æskulýðsfélögum.

Um ⅔ hlutar af myndlánum safnsins hafa verið skemmtimyndir alls konar, og sýnir það ljóslega þörfina í þessum efnum. Þá er og gert ráð fyrir, að safnið láni skólum hljómplötur og tónbönd í sama skyni. Þá skal safnið eftir megni sjá skólum fyrir hljómplötum og tónböndum vegna tungumálanáms, svo og vegna tónlistarfræðslu, og virðist heppilegt að hafa samvinnu við Ríkisútvarpið. Er útvarpsráði ætlað að nefna einn fulltrúa í stjórn safnsins.

